Holy Bible

Aionian Edition®

Opna Lifandi Orð

Icelandic Open Living Word

Holy Bible Aionian Edition ®
Opna Lifandi Orð
Icelandic Open Living Word

Creative Commons Attribution ShareAlike 4.0 International, 2018-2025
Source text: eBible.org
Source version: 5/2/2025
Source copyright: Creative Commons Attribution ShareAlike 4.0, International
Biblica, Inc., 1979, 1995
Original work available for free at www.biblica.com and open.bible

Formatted by Speedata Publisher 5.1.9 (Pro) on 6/3/2025
100% Free to Copy and Print
TOR Anonymously
https://AionianBible.org

Published by Nainoia Inc, https://Nainoia-Inc.signedon.net
All profits are given to https://CoolCup.org

We pray for a modern Creative Commons translation in every language
Translator resources at https://AionianBible.org/Third-Party-Publisher-Resources
Report content and format concerns to Nainoia Inc
Volunteer help is welcome and appreciated!

Celebrate Jesus Christ's victory of grace!

Preface

Íslenska at AionianBible.org/Preface

The *Holy Bible Aionian Edition* ® is the world's first Bible *un-translation*! What is an *un-translation*? Bibles are translated into each of our languages from the original Hebrew, Aramaic, and Koine Greek. Occasionally, the best word translation cannot be found and these words are transliterated letter by letter. Four well known transliterations are *Christ*, *baptism*, *angel*, and *apostle*. The meaning is then preserved more accurately through context and a dictionary. The Aionian Bible un-translates and instead transliterates eleven additional Aionian Glossary words to help us better understand God's love for individuals and all mankind, and the nature of afterlife destinies.

The first three words are *aiōn*, *aiōnios*, and *aïdios*, typically translated as *eternal* and also *world* or *eon*. The Aionian Bible is named after an alternative spelling of *aiōnios*. Consider that researchers question if *aiōn* and *aiōnios* actually mean *eternal*. Translating *aiōn* as *eternal* in Matthew 28:20 makes no sense, as all agree. The Greek word for *eternal* is *aïdios*, used in Romans 1:20 about God and in Jude 6 about demon imprisonment. Yet what about *aiōnios* in John 3:16? Certainly we do not question whether salvation is eternal! However, *aiōnios* means something much more wonderful than infinite time! Ancient Greeks used *aiōn* to mean *eon* or *age*. They also used the adjective *aiōnios* to mean *entirety*, such as *complete* or even *consummate*, but never infinite time. Read Dr. Heleen Keizer and Ramelli and Konstan for proofs. So *aiōnios* is the perfect description of God's Word which has *everything* we need for life and godliness! And the *aiōnios* life promised in John 3:16 is not simply a ticket to eternal life in the future, but the invitation through faith to the *consummate* life beginning now!

The next seven words are *Sheol*, *Hadēs*, *Geenna*, *Tartaroō*, *Abyssos*, and *Limnē Pyr*. These words are often translated as *Hell*, the place of eternal punishment. However, *Hell* is ill-defined when compared with the Hebrew and Greek. For example, *Sheol* is the abode of deceased believers and unbelievers and should never be translated as *Hell*. *Hadēs* is a temporary place of punishment, Revelation 20:13-14. *Geenna* is the Valley of Hinnom, Jerusalem's refuse dump, a temporal judgment for sin. *Tartaroō* is a prison for demons, mentioned once in 2 Peter 2:4. *Abyssos* is a temporary prison for the Beast and Satan. Translators are also inconsistent because *Hell* is used by the King James Version 54 times, the New International Version 14 times, and the World English Bible zero times. Finally, *Limnē Pyr* is the Lake of Fire, yet Matthew 25:41 explains that these fires are prepared for the Devil and his angels. So there is reason to review our conclusions about the destinies of redeemed mankind and fallen angels.

The eleventh word, *eleēsē*, reveals the grand conclusion of grace in Romans 11:32. Please understand these eleven words. The original translation is unaltered and a highlighted note is added to 64 Old Testament and 200 New Testament verses. To help parallel study and Strong's Concordance use, apocryphal text is removed and most variant verse numbering is mapped to the English standard. We thank our sources at eBible.org, Crosswire.org, unbound.Biola.edu, Bible4u.net, and NHEB.net. The Aionian Bible is copyrighted with creativecommons.org/licenses/by/4.0, allowing 100% freedom to copy and print, if respecting source copyrights. Check the Reader's Guide and read at AionianBible.org, with Android, and with TOR network. Why purple? King Jesus' Word is royal and purple is the color of royalty! All profits are given to CoolCup.org.

History

Íslenska at AionianBible.org/History

06/21/75 - Two boys, P. and J., wonder if Jesus saves all and pray.
04/15/85 - Aionian Bible conceived as B. and J. pray.
12/18/13 - Aionian Bible announced as J. and J. pray.
06/21/15 - Aionian Bible birthed as G. and J. pray.
01/11/16 - AionianBible.org domain registered.
06/21/16 - 30 translations available in 12 languages.
12/07/16 - Nainoia Inc established as non-profit corporation.
01/01/17 - Creative Commons Attribution No Derivatives 4.0 license added.
01/16/17 - Aionian Bible Google Play Store App published.
07/01/17 - 'The Purple Bible' nickname begins.
07/30/17 - 42 translations now available in 22 languages.
02/01/18 - Holy Bible Aionian Edition® trademark registered.
03/06/18 - Aionian Bibles available in print at Amazon.com.
09/15/18 - Aionian Bible dedicated as J. and J. pray again.
10/20/18 - 70 translations now available in 33 languages.
11/17/18 - 104 translations now available in 57 languages.
03/24/19 - 135 translations now available in 67 languages.
10/28/19 - Aionian Bible nursed as another J. and J. pray.
10/31/19 - 174 translations now available in 74 languages.
02/22/20 - Aionian Bibles available in print at Lulu.com.
05/25/20 - Illustrations by Gustave Doré, La Grande Bible de Tours, Felix Just.
08/29/20 - Aionian Bibles now available in ePub format.
12/01/20 - Right to left and Hindic languages now available in PDF format.
03/31/21 - 214 translations now available in 99 languages.
11/17/21 - Aionian Bible Branded Leather Bible Covers now available.
12/20/21 - Social media presence on Facebook, Twitter, LinkedIn, YouTube, etc.
01/01/22 - 216 translations now available in 99 languages.
01/09/22 - StudyPack resources for Bible translation study.
01/23/22 - Volunteers celebrate with pie and prayer.
02/14/22 - Strong's Concordance from Open Scriptures and STEPBible.
02/14/23 - Aionian Bible published on the TOR Network.
12/04/23 - Eleēsē added to the Aionian Glossary.
02/04/24 - 352 translations now available in 142 languages.
05/01/24 - 370 translations now available in 164 languages.
08/05/24 - 378 translations now available in 165 languages.
08/18/24 - Creative Commons Attribution 4.0 International, if source allows.
10/20/24 - Gospel Primer handout format.
11/24/24 - Progressive Web Application off-line format.
01/28/25 - All profits are given to CoolCup.org.
03/12/25 - 382 translations now available in 166 languages.
05/04/25 - 393 translations now available in 175 languages.
05/27/25 - 462 translations now available in 229 languages.

Table of Contents

OLD TESTAMENT

Sálmarnir 1

NEW TESTAMENT

Matteus 49
Markús 75
Lúkas 93
Jóhannes 122
Postulasagan 144
Rómverjabréfið 173
1 Korintubréf 188
2 Korintubréf 202
Galatabréfið 212
Efesusbréfið 218
Filippíbréfið 223
Kólossubréfið 227
1 Þessaloníkubréf 230
2 Þessaloníkubréf 233
1 Tímóteusarbréf 235
2 Tímóteusarbréf 239
Títusarbréfið 242
Fílemonsbréfið 244
Hebreabréfið 245
Jakobsbréf 256
1 Pétursbréf 260
2 Pétursbréf 264
1 Jóhannesarbréf 267
2 Jóhannesarbréf 271
3 Jóhannesarbréf 272
Júdasarbréf 273
Opinberun Jóhannesar 274

APPENDIX

Reader's Guide
Glossary
Maps
Destiny
Illustrations, Doré

OLD TESTAMENT



Adam and Eve Driven Out of the Garden of Eden

"So he drove out the man; and he placed cherubim at the east of the garden of Eden, and a flaming sword which turned every way, to guard the way to the tree of life."

Genesis 3:24

Sálmarnir

1 Mikil er gæfa þess manns sem ekki fer
að ráðum óguðlegra, ekki á félagsskap við
syndara sem hæða Guð, **2** heldur hefur unun af
því að hlýða Drottni og íhuga orð hans dag og
nótt, og þannig nálgast hann sífellt meira. **3**
Hann líkist tré sem stendur við rennandi læk
og ber sætan ávöxt sinn á réttum tíma og blöð
þess visna ekki. Slíkum manni tekst allt vel. **4**
En hvað með syndarana? Það er önnur saga!
Þeir fjúka burt eins og hismi undan vindi. **5** Þeir
munu ekki standast á degi dómsins né heldur í
söfnuði réttlátra. **6** Drottinn vakir yfir lífi og
áformum hinna trúuðu, en vegur óguðlegra
endar í vegleysu.

2 Hvílík heimska að þjóðirnar skuli ráðast gegn
Drottni! Furðulegt að menn láti sér detta
í hug að þeir séu vitrari en Guð! **2** Leiðtogar
heimsins hittast og ráðgera samsæri gegn
Drottni og Kristi konungi. **3** „Komum, "segja
þeir, „og vörpum af okkur oki hans. Slítum
okkur lausa frá Guði!" **4** En á himnum hlær
Guð að slíkum mönnum! Honum er skemmt
með þeirra fánýtu ráðagerðum. **5** Hann ávítar
þá í reiði sinni og skýtur þeim skelk í bringu.
Drottinn lýsir yfir: **6** „Þennan konung hef ég
útvalið og krýnt í Jerúsalem, minni helgu borg".
Hans útvaldi svarar: **7** „Ég mun kunngera áform
Guðs, því að Drottinn sagði við mig: „Þú ert
sonur minn. Í dag verður þú krýndur. Í dag geri
ég þig dýrlegan"." **8** „Bið þú mig og ég mun
leggja undir þig öll ríki heimsins. **9** Stjórnaðu
þeim með harðri hendi og mölvaðu þau eins
og leirkrukku!" **10** Þið, konungar jarðarinnar!
Hlustið meðan tími er til! **11** Þjónið Drottni með
óttablandinni lotningu og fagnið með auðmýkt.
12 Fallið á kné fyrir syni hans og kyssið fætur
hans svo að hann reiðist ekki og tortími ykkur!
Gætið ykkar, því að senn mun blossa reiði hans.
En munið þetta: Sæll er hver sá sem leitar ásjár
hjá honum.

3 Sálmur eftir Davíð þegar hann flúði frá
Absalon, syni sínum. Ó, Drottinn, það eru
svo margir á móti mér, svo margir sem gera
uppreisn gegn mér. **2** Menn segja að Guð muni
alls ekki hjálpa mér. **3** En, Drottinn, þú ert
skjöldur minn, sæmd mín og von. Þú lætur mig
bera höfuðið hátt, þrátt fyrir allt. **4** Ég hrópaði
til Drottins og hann svaraði mér frá musteri
sínu í Jerúsalem. **5** Þá lagðist ég fyrir og sofnaði
í friði. Síðar vaknaði ég öruggur, því að Drottinn
gætir mín. **6** Nú er ég óhræddur, jafnvel þótt tíu
þúsund óvinir umkringi mig! **7** Ég mun hrópa
til Drottins: „Drottinn, rís þú upp! Bjargaðu
mér, þú Guð minn!"Og hann mun slá óvini mína
og brjóta tennur illvirkjanna. **8** Hjálpin kemur
frá Guði. Blessun hans hvílir yfir þjóð hans.

4 Þú, Guð réttlætis míns, þú sem hefur annast
mig í öllum mínum erfiðleikum. Hlusta
nú þegar ég kalla á nýjan leik. Miskunna þú
mér. Heyr bæn mína. **2** Drottinn Guð spyr:
„Þið mannanna börn, ætlið þið endalaust að
vanhelga nafn mitt með því að tilbiðja þessa
heimskulegu hjáguði? Vitið þið ekki að heiður
þeirra er bull og hégómi?" **3** Takið eftir: Drottinn
hefur sýnt mér mikla náð og hann mun hlusta
og svara mér þegar ég kalla. **4** Sýnið Drottni
óttablandna lotningu og syndgið ekki gegn
honum. Hugsið um þetta í hvílum ykkar og
verið þögul. **5** Setjið traust ykkar á Drottin,
og færið honum þóknanlegar fórnir. **6** Margir
spyrja hvar hjálp sé að fá. Drottinn, þú ert sá
sem hjálpar. Láttu ljós þitt lýsa okkur. **7** Gleðin
sem þú hefur veitt mér er mun meiri en þeirra
sem gleðjast yfir ríkulegri uppskeru. **8** Nú leggst
ég til hvíldar í friði og sofna, því þú, Drottinn
verndar mig gegn öllu illu.

5 Drottinn, hlustaðu á orð mín. Heyr þú mína
einlægu bæn. **2** Hlustaðu á kveinstafi mína,
þú Guð, konungur minn, því að ég mun aldrei
biðja til neins nema þín. **3** Á hverjum morgni
horfi ég til himins, já til þín, og legg bænir
mínar fram fyrir þig. **4** Ég veit að þú fyrirlítur
óguðleika og að þeir sem iðka hið illa fá ekki að
dveljast hjá þér. **5** Hrokafullir syndarar standast
augnaráð þitt ekki, því að þú hatar illgjörðir
þeirra. **6** Þú munt eyða þeim sem tala lygi og
þú hefur andstyggð á morðum og svikum. **7**
En hvað um mig? Af náð þinni fæ ég að ganga
inn í musteri þitt, umvafinn vernd þinni og ást.
Ég vil tilbiðja þig í djúpri lotningu. **8** Drottinn,
leiddu mig eins og þú lofaðir mér, annars munu
óvinir mínir sigra mig. Segðu mér skýrt hvað
ég á að gera, og hvert ég á að fara, **9** því að þeir
reyna að blekkja mig. Hjörtu þeirra eru full af
illsku. Tortíming og dauði býr í ráðum þeirra og
þeir nota svik og pretti sér til framdráttar. **10** Ó,
Guð láttu þá fá makleg málagjöld. Þeir lendi

í eigin gildru. Hrintu þeim burt vegna hinna
mörgu afbrota þeirra, því að þeir storka þér. 11
En þeir sem treysta þér gleðjast og kætast. Þeir
hrópa af gleði því þú verndar þá. Þeir sem elska
þig gleðjast yfir þér. 12 Því að þú, ó Guð, blessar
hinn trúaða, þú verndar hann með skildi elsku
þinnar.

6 Æ, Drottinn! Ekki refsa mér í reiði þinni!
2 Miskunnaðu mér því að ég örmagnast.
Lækna mig, því að líkami minn er sjúkur. 3
Ég er hræddur, veit ekki mitt rjúkandi ráð. Ó,
Drottinn, reistu mig á fætur, og það fljótt! 4
Komdu Drottinn og læknaðu mig. Bjargaðu mér
í kærleika þínum. 5 Því að ef ég dey, þá get ég
ekki lengur lofað þig meðal vina minna. (Sheol
h7585) 6 Ég er aðframkominn af kvöl. Hverja
nótt væti ég koddann með tárum. 7 Augu mín
daprast af hryggð vegna illráða óvina minna.
8 Farið! Látið mig í friði, þið illmenni, því að
Drottinn hefur séð tár mín 9 og heyrt grátbeiðni
mína. Hann mun svara öllum mínum bænum.
10 Óvinir mínir munu verða til skammar og
skelfingin mun steypast yfir þá. Guð mun reka
þá sneypta burtu.

7 Ég treysti þér, Drottinn, Guð minn, að þú
frelsir mig frá þeim sem ofsækja mig. 2 Þeir
vilja ráðast á mig úr launsátri eins og ljón, særa
mig og draga burt hálfdauðan. Láttu það ekki
takast! 3 En Drottinn, ef ég hefði illt fyrir stafni 4
– ef ég launaði gott með illu eða beitti nágranna
mína órétti, 5 þá væri réttlátt að þú létir óvini
mína eyða mér, fella mig og fótum troða. 6
En Drottinn! Rís þú upp í reiði gegn ofstopa
óvina minna. Vakna þú Drottinn! Láttu mig ná
rétti mínum! 7 Safnaðu saman öllum þjóðum.
Taktu þér sæti hátt uppi yfir þeim og dæmdu
syndir þeirra. 8 En mig, Drottinn, lýstu mig
réttlátan svo allir heyri, auglýstu réttlæti mitt
og ráðvendni. 9 Stöðvaðu alla illsku, Drottinn,
og blessa þá sem í einlægni tilbiðja þig. Því að
þú, réttláti Guð, kannar hugarfylgsni mannanna
og rannsakar viðhorf þeirra og tilgang. 10
Guð er skjöldur minn. Hann mun vernda mig.
Hann frelsar þá sem hjartahreinir eru. 11 Guð
er fullkomlega réttlátur dómari og dag hvern
gremst honum illska hinna vondu. 12 Ef þeir
iðrast ekki mun hann bregða sverði og eyða
þeim. Hann hefur spennt boga sinn 13 og lagt
eldlegar örvar á streng, – banvænar örvar. 14
Hinn illi bruggar launráð og íhugar vélabrögð
sín. Hann lætur til skarar skríða með lygum og
svikum. 15 Hann falli á eigin bragði. 16 Ofbeldið
sem hann ætlaði öðrum, verði honum sjálfum
að fjörtjóni. 17 Ég lofa og vegsama Drottinn, því
hann er góður. Ég vil lofsyngja nafni Drottins,
honum sem er öllum drottnum æðri.

8 Ó, Drottinn Guð, mikið er nafn þitt! Jörðin er
full af dýrð þinni og himnarnir endurspegla
mikilleik þinn. 2 Þú hefur kennt börnum að
lofsyngja þér. Fyrirmynd þeirra og vitnisburður
þaggi niður í óvinum þínum og valdi þeim
skömm. 3 Þegar ég horfi á himininn og skoða
verk handa þinna, tunglið og stjörnurnar sem
þú hefur skapað – 4 þá undrast ég að þú
skulir minnast mannsins, láta þér umhugað um
mannanna börn. 5 Og líka, að þú lést manninn
verða litlu minni en Guð! Krýndir hann sæmd
og heiðri! 6 Þú hefur sett hann yfir allt sem
þú hefur skapað, allt er honum undirgefið: 7
Uxar og allur annar fénaður, villidýrin 8 fuglar
og fiskar, já, allt sem í sjónum syndir. 9 Ó,
Drottinn Guð, hversu dýrlegt er nafn þitt um
alla jörðina!

9 Drottinn, ég vil lofa þig af öllu hjarta og segja
öllum frá þínum dásamlegu verkum! 2 Ég vil
fagna, já, kætast þín vegna! Ég vil lofsyngja þér,
Drottinn Guð, þú ert öllum guðum æðri. 3 Óvinir
mínir hörfuðu undan, já, hrösuðu og fórust
fyrir augliti þínu. 4 Þú hefur látið mig ná rétti
mínum, ábyrgst verk mín og sagt frá hásæti
þínu að þau séu góð. 5 Þú hefur ávítað þjóðirnar
og eytt illvirkjunum, þurrkað út nöfn þeirra að
eilífu. 6 Þið, óvinir mínir, eruð búnir að vera, og
eigið ykkur ekki viðreisnar von. Drottinn mun
eyða borgum ykkar og minning þeirra mun
gleymast. 7 En Drottinn lifir að eilífu. Hann
situr í hásæti sínu, 8 sker úr málum þjóðanna
og dæmir þær með réttvísi. 9 Allir kúgaðir
komi til hans. Hann er skjól þeirra og athvarf á
neyðarstundu. 10 Allir þeir sem þekkja miskunn
þína, Drottinn, treysta á hjálp þína. Þú hefur
aldrei yfirgefið þá sem treysta þér. 11 Lofsyngið
Guði, honum sem býr í Jerúsalem! Víðfrægið
dáðir hans um allan heiminn! 12 Hann sem
refsar morðingjum. Hann hlustar eftir þeim
sem hrópa á réttlæti. Hann daufheyrist ekki við
hrópum þeirra sem eru í nauðum staddir. 13 Og
nú, Drottinn, miskunna þú mér, þú sérð hvernig
óvinir mínir kvelja mig. Hríf mig úr þessari
dauðans hættu. 14 Frelsa mig að ég geti lofað

þig í allra áheyrn í hliðum Jerúsalem og glaðst
yfir því að þú bjargaðir mér. 15 Þjóðirnar falla
sjálfar í gryfjuna sem þær hafa grafið öðrum,
þær hafa lent í eigin gildru. 16 Drottinn lætur
svikráð þeirra koma þeim sjálfum í koll! 17
Illmennin munu hrapa til heljar og eins verða
örlög þeirra þjóða sem gleyma Drottni. (Sheol
h7585) 18 Því að ekki verður skortur hinna snauðu
umborinn endalaust og né hjálp fátæklinganna
látin dragast lengur. 19 Ó, Drottinn, rís þú upp,
dæm þjóðirnar og refsa þeim. Lát þær ekki
hrósa sigri yfir þér! 20 Lát þá skjálfa af ótta og
skilja að þeir eru aðeins dauðlegir menn.

10 Drottinn, hvers vegna ert þú víðs fjarri
og gerir ekkert í málinu?! Hvers vegna
felur þú þig þegar ég þarfnast þín svo mjög? 2
Komdu og lækkaðu rostann í hinum hrokafullu
og illgjörnu sem ofsækja lítilmagnann. Láttu
illskubrögð þeirra koma þeim sjálfum í koll!
3 Því að þessir menn stæra sig af illsku sinni,
hæða Guð og hrósa þeim sem Drottinn fyrirlítur.
Að safna auði er þeirra hjartans mál. 4 Þessir
vondu og sjálfumglöðu menn virðast halda að
Guð sé ekki til. Að leita Guðs, það dettur þeim
ekki í hug! 5 En samt ná þeir árangri og óvinir
þeirra lúta í lægra haldi fyrir þeim. Þeir vita
ekki að refsing þín bíður þeirra. 6 Sá hrokafulli
segir: „Hvorki Guð né menn geta stöðvað mig,
ég mun finna einhverja leið!“ 7 Munnur hans
er fullur af formælingum, lygi og ofbeldi. Hann
hrósar sér af illum áformum. 8 Slíkir menn
læðast í skúmaskotum borgarinnar og myrða
þann sem fram hjá gengur. 9 Eins og ljón sitja
fyrir bráð sinni, sitja þeir fyrir fátæklingnum,
tilbúnir að hremma hann. Þeir leggja snörur
fyrir fórnarlömb sín, veiða þau í net. 10 Hinir
ólánssömu undrast mátt þeirra og falla fyrir
skeytum þeirra. 11 Þeir segja við sjálfa sig: „Guð
sér þetta ekki, og hann mun aldrei komast að
því.“ 12 Drottinn, rís þú upp! Refsa þeim, ó Guð!
Gleymdu ekki fátæklingunum né öðrum sem
eiga bágt. 13 Hvers vegna lætur þú illmennin
sem spotta þig, ganga laus? Þeir halda að þú
munir aldrei refsa þeim. 14 Drottinn, þú sérð
verk þeirra. Þú þekkir öll þeirra brögð. Allt
það böl og hryggðina sem þeir hafa valdið,
gjörþekkir þú! Refsaðu þeim Drottinn, og
það strax! Drottinn, hinn bágstaddi treystir
á þig og þú ert kallaður stoð lítilmagnans.
15 Brjóttu armlegg illgjörðamannanna. Veittu
þeim eftirför uns enginn er eftir orðinn. 16
Drottinn er konungur um aldir alda! Þeim sem
elta aðra guði verður útrýmt úr landi hans.
17 Drottinn, þú þekkir vonir hinna hógværu.
Vissulega munt þú heyra hróp þeirra og hugga
hjörtu þeirra. 18 Þú munt láta munaðarlausa og
alla kúgaða ná rétti sínum, svo að mennirnir –
þeir eru bara mold – beiti ekki lengur ofbeldi.

11 Hvernig getið þið sagt: „Flýðu til fjallanna
og leitaðu skjóls!?“Vitið þið ekki að ég
treysti því að Drottinn muni hjálpa mér. 2
Óguðlegir leggja ör á streng, spenna boga sína
og miða úr launsátri á lýð Guðs. 3 Menn segja:
„Lögin hafa verið afnumin! Hinir réttlátu verða
að forða sér.“ 4 En, Drottinn er enn í sínu
heilaga musteri. Hann ríkir enn frá himnum.
Hann fylgist grannt með öllu sem gerist á jörðu.
5 Hann prófar bæði trúaða og vantrúaða. Hann
fyrirlítur þá sem elska ofbeldi. 6 Hann mun
senda eld og brennistein yfir illgjörðamennina
og svíða þá með glóheitum vindi. 7 Því að Guð
er réttlátur og hefur mætur á góðum verkum.
Hinir hjartahreinu munu sjá auglit hans.

12 Drottinn! Hjálpa þú! Hinum trúuðu fækkar
óðum. Hvar eru þeir sem hægt er að
treysta? 2 Allir ljúga og iðka svik og pretti, en
einlægnin virðist fokin út í veður og vind. 3
En Drottinn mun ekki fara mjúkum höndum
um þá sem iðka ranglæti. 4 Hann mun útrýma
þessum lygurum sem segja: „Við skulum ljúga
til um áform okkar, enda ráðum við sjálfir hvað
við segjum!“ 5 Þessu svarar Drottinn: „Ég mun
rísa upp og verja þá kúguðu, fátæku og hrjáðu.
Ég mun frelsa þá samkvæmt bænum þeirra.“
6 Loforð Drottins eru áreiðanleg. Hvert orð á
vörum hans er satt og rétt eins og marghreinsað
skíragull. 7 Drottinn, við vitum að þú munt
varðveita þitt fólk frá verkum illra manna, 8 þó
svo þeir vaði alls staðar uppi og njóti heiðurs í
landinu.

13 Hversu lengi ætlar þú Drottinn að gleyma
mér – að eilífu, eða hvað? Ætlar þú sífellt
að horfa í aðra átt þegar ég er í nauðum staddur?
2 Hve lengi verð ég að byrgja inni angist mína?
Hve lengi eiga óvinir mínir að hreykja sér upp
yfir mig? 3 Svara mér Drottinn, Guð minn, og
sendu mér ljós þitt, annars er úti um mig! 4
Þaggaðu niður í óvinum mínum sem segja: „Við
höfum sigrað hann!“Láttu þá ekki hlakka yfir

því að ógæfa hendi mig. 5 En, – ég mun treysta
þér og miskunn þinni hvað sem á gengur og
fagna yfir hjálp þinni! 6 Ég vil lofsyngja Drottni,
því að ríkulega blessaði hann mig.

14 En sá heimskingi sem segir: „Guð er ekki
til!“Sá er líka bæði illur og spilltur og
einskis góðs af honum að vænta. 2 Drottinn
horfir niður af himnum og virðir fyrir sér
mennina, hvort einhver sé skynsamur og geri
vilja hans. 3 Nei, það gerir enginn þeirra. Allir
eru þeir viknir af leið, allir spilltir af synd.
Enginn er raunverulega góður, ekki einn einasti!
4 Þeir kúga og kvelja þjóð mína og dettur ekki
í hug að ákalla mig! Skyldu þeir ekki fá að
kenna á því illgjörðamennirnir? 5 Þeir munu
óttast þegar þeir sjá að Guð er með þeim sem
elska hann. 6 Hann er skjól hinna hrjáðu og
hógværu þegar illgjörðamenn ofsækja þá. 7 Ó,
að lausnardagur þeirra væri nú þegar kominn!
Að Guð kæmi frá bústað sínum á Síon til bjargar
þjóð sinni. En sá gleðidagur þegar Drottinn
frelsar Ísrael!

15 Drottinn, hver fær að leita skjóls og hælis
í tjaldi þínu á fjallinu þínu helga? 2 Sá
sem er hógvær og lifir réttlátu lífi. 3 Sá sem
ekki baktalar náungann, leggur sig ekki eftir
slúðri né gerir meðbróður sínum mein. 4 Sá
sem andmælir illverkum og fyrirlítur þau. Sá
sem heiðrar þá er fylgja Drottni í trúfesti og
stendur við orð sín hvað sem það kostar.

16 Bjarga mér, ó Guð, því að hjá þér leita
ég skjóls. 2 Ég sagði við Drottin: „Þú ert
minn Drottinn, þú ert mín eina hjálp.“ 3 Ég
þrái samfélag við trúaða fólkið í landinu, á því
hef ég alla mína velþóknun. 4 Þeir sem kjósa
sér annan guð uppskera þrengingu og tár. Ekki
vil ég snerta við fórnum þeirra né nefna guði
þeirra á nafn. 5 Drottinn er arfleifð mín. Hann
er fjársjóður minn og fögnuður alla daga! Hann
verndar allar eigur mínar. 6 Hann hefur gefið
mér unaðsreit að erfð. 7 Ég lofa Drottin sem
gefur mér góð ráð. Á nóttunni leiðbeinir hann
mér og segir mér hvað gera skuli. 8 Drottinn
hverfur mér aldrei úr huga. Af því að hann er
með mér hrasa ég hvorki né fell. 9 Nú fagnar
andi minn, líkami og sál 10 því að þú munt ekki
skilja mig eftir meðal hinna dánu né leyfa að
þinn elskaði rotni í gröfinni. (Sheol h7585) 11 Þú
hefur leyft mér að lifa og fagna. Ég mun njóta
þeirrar miklu gleði að lifa með þér að eilífu!

17 Drottinn, ó hjálpa þú mér, því að ég er
heiðvirður og breytni mín réttlát. Hlustaðu
þegar ég hrópa til þín! 2 Úrskurða mig réttlátan
svo að allir heyri, þú réttvísi Drottinn. 3 Þú
hefur prófað mig, já jafnvel um nætur, en engar
illar hugsanir fundið hjá mér, né vond orð mér
á vörum. 4 Boðorðum þínum hef ég hlýtt og
forðast félagsskap við illmenni og rudda. 5
Ég hef fylgt leiðsögn þinni og ekki farið villur
vegar. 6 Ég ákalla þig því að ég veit að þú
svarar mér! Já, hlustaðu á bæn mína. 7 Sýndu
mér kærleika þinn og náð, þú sem frelsar hina
ofsóttu. 8 Vernda mig eins og sjáaldur augans.
Hyl mig í skjóli vængja þinna. 9 Óvinir mínir
umkringja mig með morðsvip í augum. 10 Þeir
eru óguðlegir og beita mig ofbeldi. Hlustaðu
á tal þeirra! Hvílíkur hroki! 11 Þeir koma nær
og nær, ákveðnir í að troða mig undir. 12 Þeir
líkjast gráðugum ljónum sem vilja rífa mig á
hol – ungum ljónum sem liggja í leyni og bíða
eftir bráð. 13 Drottinn, rís þú upp og hastaðu
á þá! Rektu þá frá! 14 Komdu og frelsaðu mig
frá hinum óguðlegu sem aðeins leita jarðnesks
ávinnings, þeim sem þú hefur gefið auð og
völd og ótal afkomendur. 15 En ég sækist ekki
eftir veraldlegum auði, heldur því að þekkja þig
og lifa réttvíslega – vera sáttur við þig. Ég vil
hugsa um þig jafnt á degi sem nóttu og þegar
ég vakna mun ég sjá auglit þitt og gleðjast!

18 Þennan sálm orti Davíð eftir að Drottinn
hafði frelsað hann undan óvinum hans,
þeirra á meðal Sál konungi. Drottinn – ég elska
þig! Þú hefur gert stórkostlega hluti fyrir mig!
2 Drottinn er vígi mitt, þar er ég öruggur.
Enginn getur veitt mér eftirför og unnið á mér.
Hann er felustaður minn, frelsari og varðborg,
kletturinn þar sem enginn getur náð mér!
Hann er skjöldur minn. Styrkur hans er eins
og uxans sem mundar horn sín í vígahug! 3
Mér nægir að ákalla hann – lof sé Guði! – og
ég frelsast undan öllum óvinum mínum. 4 Ég
var bundinn hlekkjum dauðans og holskeflur
óguðlegra risu ógnandi gegn mér. 5 Umkringdur
og hjálparvana barðist ég um í netinu sem
dró mig niður í djúp dauðans. (Sheol h7585) 6 Þá
hrópaði ég til Drottins. – Hróp mitt náði eyrum
hans á himnum! 7 Þá lyftist jörðin og nötraði
og undirstöður fjallanna skulfu vegna bræði

hans. Hvílíkur landskjálfti! Já, Drottinn reiddist.
8 Eldsblossar gengu út af munni hans svo að
jörðin sviðnaði og reykur streymdi um nasir
hans. 9 Hann sveigði himininn og steig niður
mér til bjargar! Skýjasorti var undir fótum hans.
10 Hann steig á bak kerúbi og sveif til mín með
hraða vindsins. 11 Hann skýldi sér með myrkri,
leyndi komu sinni með regnsorta og dimmu
skýi. 12 En svo birtist hann í skýjunum! Hvílík
hátign! Eldingar leiftruðu og haglið dundi!
13 Himnarnir nötruðu í þrumugný Drottins.
Guð allra guða hafði talað! 14 Hann sendi út
eldingar sínar sem örvar og tvístraði óvinum
mínum. Sjá, hvernig þeir flýðu! 15 Þá hljómaði
skipun Drottins – og hafið hopaði og það sá í
mararbotn! 16 Þá seildist Drottinn niður frá
himnum, greip mig og frelsaði mig úr neyðinni.
Hann bjargaði mér úr hyldýpi dauðans. 17 Hann
frelsaði mig frá ofurafli óvinarins, úr höndum
þeirra sem hötuðu mig, því í greipum þeirra
mátti ég mín einskis. 18 Þeir réðust á mig þegar
ég mátti mín einskis, en Drottinn studdi mig.
19 Hann leiddi mig í öruggt skjól, því að hann
hefur velþóknun á mér. 20 Drottinn launaði
mér réttlæti mitt og hreinleika. 21 Því að ég hef
hlýtt boðorðum hans og ekki syndgað með því
að snúa í hann baki. 22 Ég gætti lögmáls hans
í hvívetna og lítilsvirti enga grein þess. 23 Ég
lagði mig fram við að halda það og forðaðist
ranglæti. 24 Þess vegna hefur Drottinn launað
mér með blessun, því að ég gerði það sem rétt
var og gætti hreinleika hjarta míns. Allt þetta
þekkti hann, enda vakir hann yfir hverju skrefi
mínu. 25 Drottinn, þú miskunnar þeim sem
auðsýna miskunn og ert góður við ráðvanda. 26
Þú blessar hjartahreina en snýrð þér frá þeim
sem yfirgefa þig. 27 Þú hlífir hinum hógværu,
en ávítar stolta og hrokafulla. 28 Já, þú lætur
lampa minn skína. Drottinn, Guð minn, hefur
lýst upp myrkrið sem umlukti mig. 29 Með
þinni hjálp stekk ég yfir múra og brýt niður
borgarveggi óvinarins. 30 Drottinn, hann er
mikill Guð! Fullkominn í öllum hlutum! Orð
hans standast öll. Skjöldur er hann öllum þeim
sem til hans leita. 31 Því hver er hinn sanni
Guð nema Drottinn? Og hver er bjargið nema
hann? 32 Hann styrkir mig og verndar hvar
sem ég fer. 33 Hann gerir fætur mína fima
sem geitanna á fjöllunum. Hann tryggir mér
fótfestu á hæstu tindum. 34 Hann æfir hendur
mínar til hernaðar og gerir mér kleift að spenna
eirbogann. 35 Þú fékkst mér skjöld hjálpræðis
þíns. Hægri hönd þín, Drottinn, styður mig,
mildi þín hefur gert mig mikinn. 36 Þú lagðir
veg fyrir fætur mína og þar mun ég ekki hrasa.
37 Ég veitti óvinum mínum eftirför, elti þá uppi
og eyddi þeim. 38 Ég tók þá einn af öðrum
– þeir gátu enga vörn sér veitt – allir lágu í
valnum að lokum. 39 Hjálpin frá þér var eins
og brynja í bardaganum. Óvini mína beygðir
þú undir mig. 40 Þú stökktir þeim á flótta og
ég eyddi öllum þeim sem ofsóttu mig. 41 Þeir
hrópuðu á hjálp, en fengu enga. Þeir æptu til
Drottins, en hann ansaði ekki, 42 en ég muldi þá
mélinu smærra og dreifði þeim upp í vindinn.
Ég fleygði þeim burt eins og rusli á haug. 43 Þú
veittir mér sigur í sérhverri orustu. Þjóðirnar
komu og þjónuðu mér. Jafnvel þær sem ég
þekkti ekki komu nú og veittu mér lotningu. 44
Útlendingar sem aldrei höfðu mig augum litið
lýstu sig reiðubúna til þjónustu. 45 Skjálfandi
stigu þeir niður úr virkjum sínum. 46 Guð lifir!
Lofaður sé hann, klettur hjálpræðis míns. 47
Hann er sá Guð sem endurgeldur þeim sem
ofsækja mig og auðmýkir þjóðir fyrir augum
mér. 48 Hann frelsar mig frá óvinum mínum.
Hann sér til þess að þeir ná ekki til mín og
bjargar mér undan öflugum andstæðingum. 49
Fyrir þetta, Drottinn minn, lofa ég þig í áheyrn
þjóðanna. 50 Oftsinnis hefur þú frelsað mig –
það var kraftaverk í öll skiptin! Þú gerðir mig
að konungi, þú hefur elskað mig og auðsýnt
mér gæsku og eins muntu gera við afkomendur
mína.

19 Himnarnir sýna okkur dýrð Guðs. Þeir eru
þögull vitnisburður um mikilleik verka
hans. 2 Dagur og nótt vitna um vísdóm Drottins.
3 Hljóðlaust og án orða bera þau boðin um
gervalla jörðina. 4 Sólin fer sína braut um loftin
– einmitt þá sem Drottinn setti henni í upphafi.
5 Hnarreist siglir hún yfir hvolfið, geislandi
eins og brúður í brúðkaupi eða hlaupari sem
hlakkar til að renna sitt skeið. 6 Sólin fer um
himininn frá austri til vesturs, ekkert fær dulist
við geislaflóð hennar og yl. 7 Lög Guðs eru
fullkomin. 8 Þau vernda og auka skilning, gleðja
og lýsa. 9 Lög Guðs eru eilíf, réttlát og hrein. 10
Þau eru dýrmætari en gull. Þau eru sætari en
hunang. 11 Því að þau vara okkur við hættum og
efla velgengni þeirra sem hlýða þeim. 12 Hver
verður var við syndina sem loðir við hjarta

mitt? Hreinsa mig af leyndum syndum. 13 Forða
mér frá vondum mönnum, og stöðva hönd mína
að ég geri ekkert ljótt. Sýknaðu mig af syndum
mínum svo að ég lifi hreinu lífi. 14 Ó, að orðin á
vörum mér og hugsanir mínar geðjist þér, þú
Guð, klettur minn og frelsari.

20 Drottinn sé með þér og bænheyri þig á
degi neyðarinnar! Guð Jakobs frelsi þig
frá allri ógæfu. 2 Hann sendi þér hjálp frá
helgidómi sínum, styðji þig frá Síon. 3 Hann
minnist með gleði gjafa þinna og brennifórna.
4 Hann veiti þér það sem hjarta þitt þráir og
láti öll þín áform ná fram að ganga. 5 Þegar
við fréttum um sigur þinn, munum við hrópa
fagnaðaróp og veifa fánanum Guði til dýrðar,
því að mikla hluti hefur hann gert fyrir þig.
Hann veiti svör við öllum þínum bænum! 6 Guð
blessi konunginn! – Já, það mun hann vissulega
gera! í himinhæðum heyrir hann bæn mína og
veitir mér mikinn sigur. 7 Hinir stæra sig af
herstyrk og vopnavaldi, en við af Drottni, Guði.
8 Þjóðir þessar munu hrasa og farast, en við rísa
og standa traustum fótum. 9 Drottinn, sendu
konungi okkar sigur! Drottinn, heyr þú bænir
okkar.

21 Drottinn! Yfir valdi þínu og mætti fagnar
konungurinn. Hann gleðst stórlega yfir
hjálp þinni! 2 Því að þú hefur veitt honum
það sem hjarta hans þráir, allt sem hann bað
þig um! 3 Þú leiddir hann til valda og veittir
honum velgengni og blessun. Þú krýndir hann
kórónu úr gulli. 4 Hann bað um langa ævi og
góða daga og þú heyrðir bænir hans. Ævidagar
hans munu aldrei taka enda! 5 Frægð og frama
gafst þú honum, íklæddir hann vegsemd og
dýrð. 6 Þú veitir honum eilífa blessun og gleður
hann með nærveru þinni meira en orð fá lýst.
7 Konungurinn treystir Drottni og því mun
hann aldrei hrasa né falla. Hann reiðir sig á
elsku og trúfesti þess Guðs sem er æðri öllum
guðum. 8 Drottinn, hönd þín mun ná öllum
óvinum þínum og hatursmönnum. 9 Þegar
þú stígur fram eyðast þeir í eldinum sem út
frá þér gengur. 10 Drottinn mun afmá þá og
afkomendur þeirra. 11 Samsæri hafa þeir gert
gegn þér Drottinn, en það mun ekki takast. 12
Þegar þeir sjá boga þinn spenntan, flýja þeir sem
fætur toga. 13 Drottinn, þinn er mátturinn og
dýrðin! Heyr þú lofgjörð okkar! Um máttarverk
þín syngjum við og kveðum!

22 Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið
mig? Hví ert þú þögull og hjálpar ekki
þegar ég hrópa til þín í neyð minni? 2 Daga og
nætur grræt ég og ákalla þig, en fæ ekkert svar!
3 – En samt ert þú hinn heilagi og lofsöngvar
Ísraels óma umhverfis hásæti þitt. 4 Feðurnir
treystu þér og þú frelsaðir þá. 5 Þú heyrðir
er þeir hrópuðu til þín, brást við og bjargaðir
þeim. Vonir þeirra brugðust ekki þegar þeir
leituðu til þín. 6 En ég er maðkur en ekki maður!
Hræddur og fyrirlitinn af minni eigin þjóð –
já öllum mönnum. 7 Þeir sem sjá mig hrista
höfuðið og senda mér tóninn. 8 „Er þetta sá
sem treysti Drottni fyrir málum sínum?“segja
þeir og hlæja. „Sá sem taldi sig öruggan um
velþóknun Guðs? Því trúum við ekki fyrr en
við sjáum Drottin hjálpa honum.“ 9 Drottinn,
oft hefur þú hjálpað mér. Móðir mín fæddi mig
heilbrigðan í heiminn og þar varst þú til staðar
og gættir mín, eins og öll mín bernskuár. 10 Frá
fæðingu hef ég átt allt undir þér. Þú varst minn
Guð allt frá fyrstu stundu. 11 Yfirgef mig ekki
nú, nei ekki núna á neyðarstundu þegar enginn
getur hjálpað nema þú! 12 Ég er umkringdur
illmennum. Þeir líkjast sterkum basan – uxum.
13 Þeir æða að mér með opinn skoltinn, eins
og öskrandi ljón sem ræðst á bráðina. 14 Þrek
mitt fjaraði út, rann út í sandinn og bein mín
gliðnuðu sundur. Hjartað er bráðnað í brjósti
mér 15 og tungan þurr eins og brenndur leir. Þú
lætur mig horfast í augu við dauðann. 16 Hópur
illvirkja hefur umkringt mig. Eins og hundar slá
þeir hring um mig. Hendur mínar og fætur hafa
þeir gegnumstungið. 17 Ég get talið öll mín bein.
Þeir stara á mig og senda mér háðsglósur. 18
Þeir skipta á milli sín klæðum mínum og varpa
hlutkesti um kyrtil minn. 19 Ó, Drottinn, vertu
ekki fjarri! Drottinn, styrkur minn, skunda mér
til hjálpar! 20 Bjargaðu mér frá dauða, frá því að
falla fyrir hendi kúgarans. 21 Frelsaðu mig úr
gini þessara varga, undan hornum uxanna! 22
Ég vil lofa þig meðal bræðra minna, standa upp
í söfnuðinum og vitna um þín undursamlegu
verk. 23 Ég segi: „Lofið Drottin, allir þið sem
óttist hann, hver og einn ykkar heiðri hann
og tigni. Allur Ísrael lofsyngi honum, 24 því að
hann hefur ekki fyrirlitið ákall mitt um hjálp,
ekki snúið við mér baki í eymd minni. Hann

heyrði hróp mitt og kom!“ 25 Ég vil rísa á fætur
og vegsama þig fyrir augum þjóðar minnar.
Heit mín vil ég efna í áheyrn allra þeirra sem
elska þig og heiðra. 26 Fátæklingurinn mun eta
sig saddan og allir þeir sem leita Drottins munu
finna hann og vegsama nafn hans. Hjörtu þeirra
munu fagna að eilífu. 27 Öll jörðin mun sjá það
og snúa sér til Drottins, og fólk af öllum þjóðum
mun vegsama hann. 28 Því að Drottinn er
konungur yfir öllum þjóðum. 29 Jafnt háir sem
lágir, allir dauðlegir menn, lúti honum og lofi
hann. 30 Og börnin okkar, – einnig þau munu
þjóna honum því þau hafa heyrt vitnisburð
okkar um hann. 31 Ófæddar kynslóðir munu
heyra um máttarverk hans okkar á meðal.

23 Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert
skorta. 2 Hann lætur mig hvílast á grænum
grundum og njóta næðis hjá lygnum vötnum.
3 Hann hressir mig og styrkir og leiðir mig
réttan veg. Hann hjálpar mér, nafni sínu til
vegsemdar. 4 Og jafnvel þótt ég fari um dimman
dal, óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér
og hughreystir mig! 5 Já, og þú heldur mér
veislu frammi fyrir fjendum mínum og þeir
geta ekkert við því gert! Þú smyrð höfuð mitt
með blessun og annast ríkulega allar mínar
þarfir. 6 Gæska þín og velþóknun fylgja mér
alla ævidaga mína og síðan fæ ég að búa hjá þér
að eilífu!

24 Jörðin er eign Drottins og allt sem á henni
er, – heimurinn og þeir sem í honum búa.
2 Það var hann sem safnaði vötnunum saman
svo að hafið varð til og þurrlendið birtist. 3
Hver fær að stíga upp á fjall Drottins og ganga
inn í bústað hans? Hver fær staðist frammi fyrir
honum? 4 Aðeins þeir sem hafa hreint hjarta
og óflekkaðar hendur, heiðarlegt fólk sem segir
sannleikann. 5 Þeir munu njóta gæsku Guðs, og
hann, frelsari þeirra, mun lýsa þá réttláta. 6 Það
eru þeir sem fá að standa frammi fyrir Drottni
og tilbiðja hann, Guð Jakobs. 7 Opnist þið fornu
dyr! Konungur dýrðarinnar vill ganga inn. 8
Hver er konungur dýrðarinnar? Það er Drottinn,
hinn voldugi og sterki, sigurhetjan. 9 Já, opnist
þið ævafornu dyr fyrir konungi dýrðarinnar! 10
Hver er þessi konungur dýrðarinnar? Drottinn,
sá er ræður öllum hersveitum himnanna, hann
er konungur dýrðarinnar!

25 Drottinn, ég sendi bæn mína upp til þín.
2 Hafnaðu mér ekki, Drottinn, því að ég
treysti þér. Láttu ekki óvini mína yfirbuga mig.
Láttu þá ekki vinna sigur. 3 Sá sem treystir
Drottni, mun ekki verða til skammar en hinir
ótrúu verða það. 4 Drottinn, sýndu mér þann
veg sem ég á að ganga, bentu mér á réttu leiðina.
5 Leiddu mig og kenndu mér því að þú ert sá eini
Guð sem getur hjálpað. Á þig einan vona ég. 6
Drottinn, minnstu ekki æskusynda minna. Líttu
til mín miskunnaraugum og veittu mér náð. 7
Minnstu mín í elsku þinni og gæsku, Drottinn
minn. 8 Drottinn er góður og fús að vísa þeim
rétta leið, sem villst hafa. 9 Hann sýnir þeim
rétta leið sem leita hans með auðmjúku hjarta.
10 Þeir sem hlýða Drottni fá að ganga á hans
vegum og upplifa elsku hans og trúfesti. 11
En Drottinn, hvað um syndir mínar? Æ, þær
eru svo margar! Fyrirgef þú mér vegna elsku
þinnar og nafni þínu til dýrðar. 12 Sá maður
sem óttast Drottin – heiðrar hann og hlýðir
honum – mun njóta leiðsagnar Guðs í lífinu.
13 Hann verður gæfumaður og börn hans erfa
landið. 14 Drottinn sýnir trúnað og vináttu
þeim sem óttast hann. Hann trúir þeim fyrir
leyndarmálum sínum! 15 Ég mæni á Drottin í
von um hjálp, því að hann einn getur frelsað mig
frá dauða. 16 Kom þú, Drottinn, og miskunna
mér, því að ég er hrjáður og hjálparlaus og 17
vandi minn fer stöðugt vaxandi. Ó, frelsaðu mig
úr neyð minni! 18 Líttu á eymd mína og sársauka
og fyrirgefðu mér syndir mínar! 19 Sjáðu óvini
mína og hve þeir hata mig! 20 Frelsaðu mig frá
þessu öllu! Bjargaðu mér úr klóm þeirra! Láttu
engan segja að ég hafi treyst þér án árangurs. 21
Láttu hreinskilni og heiðarleika vernda mig – já
vera lífverði mína! Ég reiði mig á vernd þína. 22
Ó, Guð, frelsa þú Ísrael úr öllum nauðum hans.

26 Drottinn, láttu mig ná rétti mínum, því
að ég hef kappkostað að halda boð þín
og treyst þér af öllu hjarta. 2 Rannsakaðu mig
yst sem innst, Drottinn, og prófaðu viðhorf
mín og einlægni. 3 Afstaða mín til lífsins og
allra hluta mótaðist hjá þér. Þú kenndir mér
elsku og sannleika. 4 Ég forðast félagsskap
hræsnara og þeirra sem tala lygi. 5 Ég hef
andstyggð á samkundum syndaranna og stíg
ekki fæti þar inn. 6 Ég þvæ hendur mínar,
gef til kynna sakleysi mitt og geng að altari
þínu 7 með þakkargjörð á vörum, minnugur

máttarverka þinna. 8 Drottinn, ég elska hús
þitt – helgidóminn þar sem dýrð þín birtist! 9
Láttu mér ekki farnast eins og syndurum og
morðingjum 10 eða þeim sem beita saklausa
menn vélráðum og heimta mútur. 11 Nei, með
slíkum á ég enga samleið. Ég geng hinn beina,
en bratta veg sannleikans. Miskunna mér og
frelsa mig. 12 Opinskátt og í áheyrn allra lofa ég
Drottin, hann sem ver mig hrösun og falli.

27 Drottinn er ljós mitt og frelsari, hvern
ætti ég að óttast? Hann er skjól mitt og
vígi, og því hræðist ég ekki. 2 Þegar illmenni
reyna að uppræta mig, þá hrasa þeir sjálfir og
falla. 3 Þótt voldugur her umkringi mig á alla
vegu, þá óttast ég ekki hót! Ég er öruggur og
veit að Guð mun frelsa mig. 4 Drottinn, þetta
þrái ég mest af öllu: Að hugleiða í helgidómi
þínum, og vera frammi fyrir þér alla mína
ævidaga. Þar vil ég gleðjast yfir dýrð hans og
fullkomnun, hún er engu lík! 5 Þar verð ég
öruggur á óheilladeginum – öruggur í skjóli
Drottins. Hann lyftir mér upp á háan klett 6 þar
sem óvinirnir ná ekki til mín. Þá mun ég færa
honum fórnir og lofa hann fagnandi. 7 Drottinn,
heyrðu hróp mitt! Ég kalla hátt! Sendu mér
miskunn þína og hjálp! 8 Drottinn, ég minnist
þess sem þú sagðir: „Þú þjóð mín, kom þú og
leitaðu mín.“„Já, Drottinn! Ég kem!“svara ég. 9
Drottinn, hyl þig ekki fyrir mér. Hafnaðu ekki
þjóni þínum í reiði. Þú varst mér skjól þegar
á móti blés, yfirgefðu mig ekki. Hafnaðu mér
ekki, þú Guð hjálpræðis míns. 10 Þótt faðir
minn og móðir vísuðu mér á bug, þá tækir
þú mér tveim höndum og huggaðir mig. 11
Drottinn, hvað á ég til bragðs að taka? Svaraðu
mér fljótt! Óvinir umkringja mig! 12 Láttu þá
ekki ná mér, Drottinn! Láttu mig ekki falla þeim
í hendur! Þeir ásaka mig að ástæðulausu og
sitja á svikráðum við mig. 13 En ég treysti því
að Drottinn frelsi mig og að ég sjái hjálp hans,
því að enn er von, – enn er ég á lífi! 14 Þú, hver
sem þú ert, misstu ekki vonina! Treystu Drottni
og hann mun frelsa þig! Vertu hugrakkur og
djarfur og óttastu ekki. Bíddu um stund og hann
mun senda þér hjálp!

28 Ég hrópa til þín um hjálp, Drottinn, því
að þú ert klettur hjálpræðis míns. Ef þú
hjálpaðir ekki væri úti um mig. Framundan
væri ekkert nema dauðinn. 2 Drottinn, ég lyfti
höndum til himins og ákalla þig um hjálp. Ó,
heyr þú grátbeiðni mína! 3 Drottinn, refsaðu
mér ekki ásamt illgjörðamönnunum, þeim sem
sitja á svikráðum við nágranna sína. 4 Refsaðu
þeim eins og rétt er. Illvirki þeirra eiga skilið
réttlátan dóm. 5 Þeir hugsa ekkert um Guð,
sköpun hans og verk. Þess vegna mun Guð ryðja
þeim úr vegi, rífa þá eins og ónýtt hús sem ekki
verður endurreist. 6 Lofaður sé Drottinn! Hann
heyrði grátbeiðni mína! 7 Hann er styrkur minn,
skjól mitt gegn öllum árásum. Honum treysti
ég og hann hjálpaði mér. Gleðin svellur í brjósti
mér og brýst út í lofgjörð til hans! 8 Drottinn
verndar sitt fólk og veitir konungi sínum sigur.
9 Stattu vörð um þjóð þína, Drottinn! Vernda og
blessa þitt útvalda fólk. Eins og fjárhirðir leiðir
sauði sína, þá leið og vernda þjóð þína að eilífu.

29 Þið englar Drottins, lofið hann í mætti
hans og dýrð! 2 Lofið hann í mikilleik
dýrðar hans, þeirri dýrð er stafar af nafni hans.
Tilbiðjið hann í helgum skrúða. 3 Raust Drottins
fyllir himininn, hún kveður við eins og þruma!
4 Rödd hans hljómar kröftuglega, hún hljómar
af mikilleik og tign. 5 Hún fellir sedrustrén til
jarðar og klýfur hin hávöxnu tré í Líbanon.
Raust Drottins skekur fjöllin í Líbanon og hristir
Hermonfjall. 6 Hans vegna hoppa þau um eins
og ungir kálfar! 7 Rödd Drottins kveður við
í eldingunni 8 og endurómar í eyðimörkinni
sem nötrar endanna á milli. 9 Raust Drottins
skekur skógartrén, feykir burt laufi þeirra og
lætur hindirnar bera fyrir tímann. Allir þeir
sem standa í helgidómi hans segja: „Dýrð! Já,
dýrð sé Drottni!“ 10 Flóðið mikla var ógurlegt,
en Drottinn er enn meiri! Og enn birtir hann
mátt sinn og kraft. 11 Hann mun veita lýð sínum
styrkleik og blessa hann með friði og velgengni.

30 Ég vil lofa þig Drottinn, því að þú hefur
frelsað mig frá óvinum mínum. Þú leyfðir
þeim ekki að yfirbuga mig. 2 Ó, Drottinn Guð
minn, ég hrópaði til þín og þú læknaðir mig. 3
Þú hreifst mig burt frá barmi grafarinnar, já úr
dauðans greipum, og gafst mér líf og framtíð!
(Sheol h7585) 4 Syngið Drottni lof og þökk, þið
sem á hann trúið. 5 Reiði hans stendur stutta
stund, en náð hans varir að eilífu! Hans vegna
stend ég stöðugur, fastur fyrir eins og fjöllin.
Gráturinn sækir að um nætur, en gleðisöngur
þegar dagur rís. 6 Þegar allt gekk mér í hag,
hugsaði ég: „Svona verður það alla tíð, nú getur
ekkert stöðvað mig framar! Drottinn hefur

velþóknun á mér. Hans vegna stend ég stöðugur,
fastur fyrir eins og fjöllin!“ 7 Þá snerir þú þér,
Drottinn, burt frá mér og hélst aftur af blessun
þinni. Skyndilega var kjarkur minn brostinn.
Ég varð skelkaður og örvænti um minn hag. 8
Ég hrópaði til þín Drottinn. Já, svo sannarlega
ákallaði ég þig! 9 Ég sagði: „Hvers vegna vilt
þú Drottinn, koma mér á kné? – leiða mig í
dauðann? Þar verður lofsöngur minn til lítils
gagns. Hvernig á ég þá, liðið lík, að lofa þig,
og vegsama trúfesti þína?! 10 Heyr þú ákall
mitt, Drottinn! Miskunna þú mér og sendu mér
hjálp þína.“ 11 Þá breytti hann grát mínum
í gleðidans! Hann dró af mér sorgarklæðin
og færði mig í veisluskrúða! 12 Og þá gat ég
lofsungið honum og gleymt ógnum grafarinnar!
Ó, Drottinn, minn Guð, hvernig fæ ég fullþakkað
þér?

31 Drottinn, þér einum treysti ég. Láttu ekki
óvini mína yfirbuga mig. Bjargaðu mér,
því að þú ert réttlátur í öllum hlutum. 2 Svara
mér í skyndi, nú þegar ég hrópa til þín. Beygðu
þig niður að mér og hlustaðu á bæn mína. Vertu
mér verndarbjarg, skjól fyrir óvinum. 3 Já, þú
ert klettur minn og vígi, sýndu mátt þinn og
gerðu nafn þitt dýrlegt og bjargaðu mér. 4 Forða
fæti mínum frá snörunni sem óvinir mínir hafa
lagt fyrir mig. Þú einn getur frelsað mig. 5 Í
þínar hendur fel ég anda minn. Þú, Guð, sem
stendur við öll þín orð, þú hefur bjargað mér.
Þig einan lofa ég. 6 Ég hata alla þá sem dýrka
fánýt falsgoð en Drottni treysti ég. 7 Ég gleðst
mjög, því að þú hefur miskunnað mér, þú gafst
gaum að þrengingum mínum og sálarneyð. 8
Þú framseldir mig ekki óvinum mínum, heldur
rýmkaðir um mig á alla vegu. 9 Ó, Drottinn,
miskunna mér í neyð minni. 10 Augu mín eru
grátbólgin, heilsa mín brostin af sorg. 11 Ár
mín líða í harmi, hryggðin styttir ævi mína.
Syndirnar draga úr mér allan þrótt. Hokinn
stend ég – sneyptur af skömm. Óvinirnir spotta
mig og nágrannarnir hæða mig. Óhug slær að
vinum mínum. Þeir, jafnvel þeir, forðast að
mæta mér og líta undan þegar ég geng hjá.
12 Ég er gleymdur eins og líkið í gröf sinni –
eins og brotið ker sem fleygt hefur verið á
haug. 13 Ég frétti hvað um mig var sagt – um
baktal óvina minna. Ógn og skelfing var hvert
sem ég leit, svik og prettir í öllum hornum!
14 En Drottinn, þér treysti ég! Ég sagði: „Þú
einn ert minn Guð, “ 15 þú ákveður ævilengd
mína. Frelsaðu mig Drottinn, undan þeim sem
ofsækja mig. 16 Láttu velþóknun þína aftur
verða augljósa á þjóni þínum. Frelsa mig því
að þú ert góður! 17 Drottinn, láttu mig ekki
verða til skammar þegar ég ákalla þig um hjálp.
Láttu illmennin blygðast sín fyrir það sem þau
treysta á. Já, sendu þá sneypta og þegjandi
í gröfina (Sheol h7585) 18 lygarana sem ásaka
réttláta með hroka og fyrirlitningu. 19 Mikil er
miskunn þín við þá sem treysta þér og vitna
um trúfesti þína, þá sem elska þig og heiðra
í augsýn annarra. 20 Vertu ástvinum þínum
skjól gegn svikráðum manna, verndaðu þá fyrir
illum tungum. 21 Lofaður sé Drottinn, því að
hann hefur sýnt mér dásamlega náð og verndað
mig gegn illu. 22 Í fljótfærni sagði ég: „Drottinn
hefur yfirgefið mig.“En hann heyrði samt bæn
mína og svaraði mér! 23 Elskið Drottin, öll þið
sem honum treystið, því að Drottinn verndar
trúfasta, en refsar harðlega þeim sem hafna
honum í hroka. 24 Verið því glöð og hughraust,
öll þið sem vonið á Drottin!

32 Hvílík náð að fá syndir sínar fyrirgefnar!
Það er dásamlegt þegar afbrotin eru strikuð
út! 2 En sá léttir hverjum játandi syndara
að heyra Drottin segja: „Ég sýkna þig.“ 3 Sú
var tíðin að ég þrjóskaðist við og neitaði að
iðrast. En synd mín kvaldi mig og nagaði öllum
stundum. 4 Ég var friðlaus bæði nætur og
daga og fann að Drottinn áminnti mig. Styrkur
minn þvarr eins og lækur sem þornar á heitu
sumri. 5 Að lokum játaði ég synd mína fyrir þér,
viðurkenndi afbrotin. Ég sagði: „Ég vil játa það
allt fyrir Drottni, “og þá fyrirgafstu mér! Sekt
mín var strikuð út! 6 Þess vegna segi ég: Þú
sem trúir, játaðu synd þína strax fyrir Guði, já,
strax og samviskan angrar þig. Notaðu tímann
meðan fyrirgefning Guðs stendur þér til boða.
Annars vofir dómurinn yfir þér. 7 Þú ert skjól
mitt í andstreymi lífsins og lausn í nauðum og
vanda. Með frelsisfögnuði umlykur þú mig. 8
Drottinn segir: „Ég vil fræða þig og vísa þér
veginn gegnum lífið. Ég vil gefa þér ráð og
fylgjast með framför þinni. 9 Vertu ekki eins og
þrjóskur hestur! Með taum og beisli verður að
temja hann.“ 10 Miklar eru þjáningar syndugs
manns, en þá sem treysta Drottni umlykur
hann elsku. 11 Gleðjist yfir Guði, þið sem á hann

trúið, og rekið upp fagnaðaróp, þið sem honum
hlýðið!

33 Gleðjist og fagnið fyrir Drottni, þið hans
trúuðu, því að lofsöngur hæfir réttlátum!
2 Leikið af þrótti á alls konar hljóðfæri og
lofið Drottin. **3** Lofsyngið honum með nýjum
söngvum. Sláið strengina ákaft og hrópið
fagnaðaróp! **4** Því að orð Drottins er áreiðanlegt
– því má treysta. Öll hans verk eru í trúfesti
gjörð. **5** Hann elskar allt sem rétt er og gott,
kærleikur hans umvefur heiminn. **6** Það var
orð Drottins sem skapaði himininn og alla
hans stjörnumergð. **7** Og höfunum safnaði
hann saman og bjó þeim sinn rétta stað. **8**
Allir heimsbúar – bæði háir og lágir – óttist
Drottin, og nálgist hann með lotningu. **9** Því
að hann talaði og þá stóð heimurinn þar! Orð
hans hljómaði og veröldin varð til! **10** Drottinn
ónýtir áform þjóða sem gegn honum rísa **11** en
fyrirætlanir hans standa að eilífu, frá kynslóð
til kynslóðar. **12** Sæl er sú þjóð sem á Drottin að
Guði, það fólk sem hann hefur kosið eignarlýð
sinn. **13** Drottinn lítur niður af himni, **14** horfir á
mannanna börn. **15** Hann hefur myndað hjörtu
þeirra og gefur gætur að öllum athöfnum þeirra.
16 Velbúinn her tryggir konungi ekki sigur og
ofurafl eitt stoðar lítið. **17** Stríðshestur er ekki
til að reiða sig á, styrkur hans einn frelsar
engan. **18** En, – augu Drottins vaka yfir þeim
sem óttast hann, þeim sem reiða sig á elsku
hans. **19** Hann frelsar þá frá dauða, varðveitir líf
þeirra á neyðarstund. **20** Ég hef sett traust mitt á
Drottin. Enginn getur hjálpað nema hann, hann
er skjöldur og vígi! **21** Hans vegna gleðjumst
við og fögnum. Hans heilaga nafni treystum
við. **22** Miskunn þín Drottinn umvefji okkur. Við
vonum á þig.

34 Ég vil lofa Drottin öllum stundum, vegsama
hann seint og snemma. **2** Ég hrósa mér af
Drottni. Hinir hógværu hlusta og öðlast nýjan
kjark. **3** Lofið Drottin ásamt mér, tignum í
sameiningu nafn hans. **4** Ég hrópaði til hans og
hann svaraði mér, frelsaði mig frá öllu því sem
ég hræddist. **5** Lítið til hans og gleðjist og þið
munuð ekki verða til skammar. **6** Ég var vesæll
og aumur, en ég hrópaði til Drottins. Drottinn
heyrði hróp mitt og frelsaði frá öllu því sem ég
hræddist. **7** Engill Drottins stendur vörð um
þá sem óttast hann, og hann bjargar þeim. **8**
Finndu og sjáðu hve Guð er góður! Sæll er sá
sem leitar hælis hjá honum. **9** Treystið Drottni
og sýnið honum lotningu – óttist hann – því að
þeir sem óttast hann líða engan skort. **10** Ung
ljón búa við skort en þeir sem leita Drottins
fara einskis góðs á mis. **11** Börnin góð, komið og
ég mun kenna ykkur að óttast Drottin. Það er
mikilvægt. **12** Viljið þið lifa langa og góða ævi?
13 Gætið þá tungu ykkar! Segið aldrei ósatt orð.
14 Haldið ykkur frá öllu illu og ástundið það sem
gott er. Reynið að lifa í sátt við aðra menn og
keppið eftir friði. **15** Því að augu Drottins hvíla
á hinum réttlátu og hann hlustar eftir bænum
þeirra. **16** En öllum óguðlegum mun Drottinn
eyða og afmá minningu þeirra af jörðinni.
17 Þegar réttlátir hrópa, þá heyrir Drottinn
og frelsar þá úr nauðum. **18** Já, Drottinn er
nálægur öllum þeim sem hafa auðmjúkt hjarta.
Hann frelsar þá sem í einlægni og auðmýkt
iðrast synda sinna. **19** Góður maður kemst oft
í vanda – fær sinn skammt af mótlæti – en
Drottinn á lausn við öllu slíku. **20** Jafnvel gegn
slysum verndar Drottinn hann. **21** Ógæfan eltir
og drepur óguðlegan mann og þeir sem hata
réttláta bíða síns dóms. **22** En Drottinn frelsar líf
þjóna sinna. Enginn sem leitar hælis hjá honum
verður dæmdur sekur.

35 Drottinn, farðu gegn þeim sem ásækja
mig. Berst þú við þá sem berjast gegn
mér. **2** Klæddu þig brynju, taktu fram skjöld
og verndaðu mig. **3** Lyftu spjóti mér til varnar,
því að óvinir mínir nálgast. Segðu við mig: „Ég
bjarga þér!“ **4** Láttu þá verða til skammar sem
ofsækja mig. Snúðu þeim frá og ruglaðu þá í
ríminu! **5** Feyktu þeim burt eins og laufum í
vindi. Engill þinn varpi þeim um koll. **6** Gerðu
veg þeirra myrkan og hálan er engill þinn
eltir þá. **7** Því að þótt ég gerði þeim ekkert
illt, lögðu þeir fyrir mig gildru og grófu mér
gröf. **8** Láttu eyðingu koma yfir þá þegar þeir
eiga þess síst von. Þeir falli á eigin bragði og
tortímist. **9** En ég mun fagna í Drottni. Hann
mun frelsa mig! **10** Ég lofa hann af öllu hjarta.
Hver er vörn lítilmagnans nema hann? Hver
annar en hann verndar hinn veika og þurfandi
gegn ofbeldismönnunum sem ræna og rupla.
11 Slíkir menn eru ljúgvottar. Þeir ásaka mig
um hluti sem ég hef aldrei heyrt. **12** Ég gerði
þeim gott eitt, en þeir launa mér með illu. Ég
er að dauða kominn. **13** Þegar þeir lágu sjúkir
klæddist ég sorgarbúningi og var dapur. Ég

fastaði – neitaði mér um mat – og bað í einlægni
fyrir heilsu þeirra. 14 Ég var harmandi, eins og
móðir mín, vinur eða bróðir væru sjúk og að
dauða komin. 15 En nú gleðjast þeir yfir óförum
mínum. Þeir koma saman til að baktala mig –
jafnvel ókunnugir og útlendingar eru í þeirra
hópi. 16 Þeir ala á illsku, formæla mér og hæða
mig. 17 Drottinn, hve lengi ætlar þú að horfa á
aðgerðalaus? Gríptu inn í og bjargaðu mér, því
að ég er einmana og þessir vargar bíða færis. 18
Frelsaðu mig og þá mun ég þakka þér í áheyrn
alls safnaðarins, vegsama þig meðal fjölda fólks.
19 Láttu þá ekki fá sigur sem ráðast gegn mér án
minnsta tilefnis. Láttu mig ekki falla, því það
mundi gleðja þá mjög. 20 Þeir tala hvorki um
frið, né það að gera gott, nei, heldur brugga
þeir saklausum mönnum launráð. 21 Þeir hafa
hátt og segja mig beita ranglæti. „Já!“segja
þeir, „við sáum það með eigin augum!“ 22 En
Drottinn þekkir málið betur en nokkur annar.
Gríptu inn í! Skildu mig ekki eftir einan og
yfirgefinn! 23 Stígðu fram, Drottinn, Guð minn!
Láttu mig ná rétti mínum. 24 Þú ert réttlátur og
þekkir málið. Lýstu yfir sakleysi mínu. Láttu
ekki óvini mína hlakka yfir ógæfu minni. 25
Láttu þá ekki segja: „Gott! Það fór eins og við
óskuðum! Loksins tókst okkur að gera út af við
hann!“ 26 Láttu þá blygðast sín. Láttu þá sem
sýna mér hroka og fagna yfir óförum mínum,
sjálfa þola skömm og svívirðing. 27 Láttu þá
sem óska mér blessunar sjá góða daga. Þeir
hrópi: „Mikill er Drottinn sem gerir vel við þjón
sinn!“ 28 Ég vil segja öllum frá réttlæti Drottins
og lofa hann liðlangan daginn.

36 Rödd syndarinnar talar í huga
guðleysingjans og hvetur hann til vondra
verka. Enginn guðsótti býr í hjarta hans. 2
Syndin dregur hann á tálar, mistök hans verða
augljós og menn hata hann. 3 Svik og tál eru
á vörum hans og hann er hættur að vera
hygginn og breyta vel. 4 Á nóttunni liggur
hann í rúmi sínu og upphugsar svik, forðast
ekki hið illa. 5 Drottinn, miskunn þín er mikil
eins og himinninn og trúfesti þín takmarkalaus.
6 Réttlæti þitt er stöðugt eins og fjöllin. Dómar
þínir hvíla á vísdómi, þeir vitna um mikilleik
þinn líkt og úthöfin. Þú berð umhyggju fyrir
mönnum og skepnum. 7 Hversu dýrmæt er
miskunn þín ó, Guð! Mennirnir leita skjóls
í skugga vængja þinna. 8 Þú nærir þá með
krásum af borði þínu og lætur þá drekka úr
lækjum unaðssemda þinna. 9 Þú, Drottinn, ert
uppspretta lífsins! í þínu ljósi sjáum við ljós. 10
Lát miskunn þína haldast við þá sem þekkja þig
og réttlæti þitt við þá sem hlýða þér og elska.
11 Lát ekki fót hins hrokafulla troða á mér né
hendur óguðlegra hrekja mig burt. 12 Líttu á!
Illgjörðamennirnir eru fallnir! Þeim hefur verið
varpað um koll og þeir megna ekki að rísa upp
aftur.

37 Öfundaðu aldrei vonda menn, 2 því að fyrr
en varir eru þeir fallnir og visna eins og
grasið. 3 Treystu heldur Drottni, vertu góðgjarn
og sýndu kærleika. Þá muntu búa öruggur í
landinu og farnast vel. 4 Þú skalt gleðjast í
Drottni – og hann mun veita þér það sem hjarta
þitt þráir. 5 Fel Drottni framtíð þína, áform þín
og verk, og treystu honum. Hann mun vel fyrir
öllu sjá. 6 Heiðarleiki þinn og hreinskilni verða
öllum augljós, og Drottinn mun láta þig ná rétti
þínum. 7 Hvíldu í Drottni og treystu honum. Bíð
þess í þolinmæði að hann hefjist handa. Öfunda
ekki vonda menn sem vegnar vel. 8 Láttu af
reiðinni! Slepptu heiftinni. Vertu ekki svekktur
og áhyggjufullur – slíkt leiðir ekki til góðs.
9 Þeir sem illt fremja verða þurrkaðir út, en
þeir sem treysta Drottni eignast landið og gæði
þess. 10 Innan skamms verða guðleysingjarnir
á bak og burt. Þegar þú leitar þeirra eru þeir
horfnir. 11 En hinir hógværu fá landið til eignar,
þeir munu hljóta blessun og frið. 12 Drottinn
hlær að þeim sem brugga launráð gegn hans
trúuðu. 13 Hann hefur þegar ákveðið daginn er
þeir verða dæmdir. 14 Óguðlegir hyggja á illt
gegn réttlátum, undirbúa blóðbað. 15 En þeir
munu farast fyrir eigin sverði og bogar þeirra
verða brotnir. 16 Betra er að eiga lítið og vera
guðrækinn, en óguðlegur og hafa allsnægtir,
17 því að óguðlegir munu falla, en Drottinn
annast sína trúuðu. 18 Daglega skoðar Drottinn
réttlætisverk trúaðra og reiknar þeim eilíf laun.
19 Hann styður þá í kreppunni og heldur lífinu í
þeim í hallæri. 20 Vantrúaðir farast og óvinir
Guðs visna eins og grasið. Eins og sinu verður
þeim brennt, þeir líða burt eins og reykur. 21
Guðlaus maður tekur lán og borgar ekki, en
hinn guðrækni er ónískur og gefur með gleði.
22 Þeir sem Drottinn blessar eignast landið, en
bannfærðum verður útrýmt. 23 Drottinn stýrir
skrefum hins guðrækna og gleðst yfir breytni

hans. 24 Þótt hann falli þá liggur hann ekki
flatur því að Drottinn reisir hann á fætur. 25
Ungur var ég og nú er ég gamall orðinn, en
aldrei sá ég Drottin snúa baki við guðhræddum
manni né heldur börn hans biðja sér matar. 26
Nei, guðræknir menn eru mildir og lána og börn
þeirra verða öðrum til blessunar. 27 Viljir þú búa
við frið og lifa lengi, þá forðastu illt en gerðu
gott, 28 því að Drottinn hefur mætur á góðum
verkum og yfirgefur ekki sína trúuðu, hann
mun varðveita þá, en uppræta niðja óguðlegra.
29 Hinir réttlátu fá landið til eignar og búa þar
mann fram af manni. 30 Guðrækinn maður talar
speki, enda réttsýnn og sanngjarn. 31 Lögmál
Guðs er í hjarta hans og hann kann að greina
gott frá illu. 32 Ranglátir menn njósna um
réttláta, vilja þá feiga. 33 En Drottinn stöðvar
áform illvirkjanna og sýknar réttláta fyrir dómi.
34 Óttastu ekki, því að Drottinn mun svara bæn
þinni! Gakktu hiklaust á hans vegum. Á réttum
tíma mun hann veita þér velgengni og uppreisn
æru. Þá muntu sjá illvirkjunum útrýmt. 35
Ég sá vondan mann og hrokafullan – hann
þandi sig út eins og laufmikið tré – 36 en svo
var hann horfinn! Ég leitaði eftir honum, en
fann hann ekki framar. 37 En hvað um hinn
ráðvanda og hreinskilna? Það er önnur saga!
Því að góðir menn og friðsamir eiga framtíð
fyrir höndum. 38 Illum mönnum verður útrýmt
og þeir eiga enga framtíðarvon. 39 Drottinn
bjargar hinum guðræknu. Hann er þeim hjálp
og skjól á neyðartímum. 40 Þeir treysta honum
og því hjálpar hann þeim og frelsar þá frá
vélráðum óguðlegra.

38 Drottinn, ekki refsa mér, þótt þú sért
reiður. 2 Örvar þínar standa í mér og hönd
þín liggur þungt á mér. 3 Vegna reiði þinnar
er ég sjúkur maður, heilsa mín er farin vegna
synda minna. 4 Syndir mínar líkjast flóði sem
færir mig í kaf, eins og byrði sem ég kikna
undan. 5 Ólykt leggur af sárum mínum – það
er drep í þeim. 6 Ég er ráðþrota vegna synda
minna. Ég ráfa um í angist liðlangan daginn. 7
Lendar mínar brenna af sviða og líkami minn
er helsjúkur. 8 Máttur minn er þrotinn og ég
er örvæntingu nær. 9 Drottinn, ég þrái bót á
meini mínu! Þú heyrir kvein mín og andvörp.
10 Hjartað hamast í brjósti mér, kraftar mínir
búnir og sjónin dvín. 11 Ástvinir mínir og
góðir grannar forðast sjúkdóm minn og böl og
frændur mínir eru á bak og burt. 12 Óvinir mínir
sæta færis að drepa mig. Liðlangan daginn sitja
þeir á svikráðum, brugga mér banaráð. 13 En
illráð þeirra verka ekki á mig! 14 Ég virði þá
ekki viðlits. Áform þeirra rætast ekki, 15 því
að ég vona á þig, Drottinn, Guð minn. Kom
þú og vernda mig. 16 Þaggaðu niður í þeim
sem hlæja að óförum mínum. 17 Ég er að falli
kominn og angist mín er enn hin sama. 18 Ég
játa syndir mínar og iðrast þess sem ég hef gert.
19 En ofsóknum óvina minna linnir ekki og heift
þeirra minnkar ekki. Þeir hata mig án ástæðu.
20 Þeir launa mér gott með illu, hata mig fyrir
góðverk mín. 21 Yfirgefðu mig ekki, Drottinn.
Vík ekki frá mér! 22 Komdu skjótt og hjálpaðu
mér, þú frelsari minn!

39 Ég hugsaði: „Ég ætla ekki að kvarta, né
segja neitt ljótt meðan óguðlegir heyra til.“
2 Og ég þagði. En hið innra leið mér verr og verr.
3 Ég hélt aftur af mér, en gremjan magnaðist
í mér. Að lokum gat ég ekki orða bundist: 4
„Drottinn, fæ ég aðeins að lifa örfá ár í viðbót?
5 Ævi mín er lítið lengri en höndin á mér!
Og í þínum augum er hún nánast ekki neitt!
Maðurinn, hvað er hann? Vindblær, flöktandi
skuggi! 6 Ys hans og amstur kemur engu til
leiðar. Hann rakar saman fé sem svo aðrir
eyða!“ 7 En á hvern vona ég þá? Drottinn, ég
vona á þig! 8 Frelsa mig frá syndum mínum
svo að heimskingjarnir hafi mig ekki að spotti.
9 Drottinn, ég þegi því að þú hefur talað. Ég
vil ekki kvarta, því að þú hefur refsað mér. 10
Drottinn láttu refsingu þína taka enda – ég þoli
ekki meira! 11 Þegar þú hirtir manninn vegna
synda hans, þá er nánast úti um hann. Hann
er sem mölétin flík, já, hann líður burt eins og
gufa. 12 Heyr þú bæn mína, Drottinn, hlustaðu á
hróp mitt! Vertu ekki hljóður við tárum mínum.
Mundu að ég er gestur hér, förumaður á þessari
jörð eins og forfeður mínir. 13 Miskunna þú
mér, Drottinn og læknaðu mig. Lofaðu mér
aftur að sjá glaðan dag áður en ég dey.

40 Ég setti alla mína von á Drottin.
Hann heyrði kvein mitt og að lokum
bjargaði hann mér. 2 Hann dró mig upp úr
glötunargröfinni, hinni botnlausu leðju, og lyfti
mér upp á klett. Hann gerði mig styrkan í gangi.
3 Þá fylltist munnur minn lofsöng – lofgjörð um
Guð. Margir hlustuðu er ég söng um velgjörðir
hans við mig. Þeir munu einnig lúta honum og

lofa hann, setja traust sitt á hann. 4 Þeir sem
treysta Drottni verða lánsamir, þeir sem forðast
ráð dramblátra og halda sér frá lygi. 5 Drottinn,
Guð minn, mörg dásemdarverk hefur þú gert
og mikillar umhyggju höfum við notið. Ekkert
kemst í samjöfnuð við þig! Mér endist ekki tími
til að rifja upp öll þín undraverk! 6 Sláturfórnir
og matfórnir þráir þú ekki frá lýð þínum, og
brennifórnir heimtar þú ekki. Nei, þú þráir að
ég þjóni þér alla ævi. 7 Ég sagði: „Sjá, ég kem,
rétt eins og orð þitt býður mér. 8 Það að gera
vilja þinn, Drottinn minn, þrái ég því að lögmál
þitt er ritað á hjarta mitt!“ 9 Ég hef vitnað um
það fyrir öllum, aftur og aftur, að þú fyrirgefur
syndir. Það veistu Drottinn. 10 Ég hef ekki þagað
yfir réttlæti þínu heldur boðað það öllum. Allur
söfnuðurinn hefur heyrt mig tala um elsku þína
og trúfesti. 11 Þess vegna, Drottinn minn, taktu
ekki miskunn þína frá mér! Ég á allt mitt undir
kærleika þínum og náð. 12 Sért þú ekki með
mér, er úti um mig. Vandamál mín eru mér
ofvaxin, og syndir mínar – sem eru fleiri en
hárin á höfði mér – hafa lamað mig. Ég veit ekki
mitt rjúkandi ráð. 13 Ó, Drottinn, ég hrópa til
þín! Frelsa þú mig! Komdu fljótt og hjálpaðu
mér. 14 Ruglaðu þá í ríminu; sem sækjast eftir
lífi mínu. 15 Sendu þá burt með skömm! 16
Allir þeir sem elska Drottin og leita hans, skulu
gleðjast yfir hjálpræði hans. Þeir segi án afláts:
„Mikill er Drottinn!“ 17 Ég er aumur og fátækur,
en þó ber Drottinn umhyggju fyrir mér. Þú, Guð
minn, ert hjálp mín, og frelsari; Ó, komdu og
bjargaðu mér! Láttu það ekki dragast!

41 Guð blessar þann sem hjálpar bágstöddum.
Á mæðudeginum bjargar Drottinn honum.
2 Drottinn verndar hann og heldur í honum
lífinu. Hann lætur hann njóta sæmdar og frelsar
hann frá óvinum hans. 3 Drottinn annast hann á
sóttarsæng, veitir honum hvíld og hressing. 4 Ég
bað: „Drottinn, miskunnaðu mér. Læknaðu sál
mína því að ég hef syndgað gegn þér.“ 5 Óvinir
mínir biðja mér bölbæna og segja: „Bara að
hann deyi sem fyrst svo að allir gleymi honum!“
6 Sumir sem heimsækja mig í veikindunum eru
að þykjast. Innst inni hata þeir mig og líkar vel
að ég er sjúkur. Þegar út er komið baktala þeir
mig. 7 Hatursmenn mínir hæða mig og spotta.
Þeir skrafa og pískra hvað gera skuli þegar ég
er allur 8 „Þetta er banvænt, hvað sem það
er, “segja þeir, „honum mun aldrei batna.“ 9
Og besti vinur minn, hann snerist líka gegn
mér, maðurinn sem ég treysti svo vel, hann
sem át við borð mitt. 10 En, Drottinn, yfirgef
mig ekki! Miskunnaðu mér og læknaðu mig svo
að ég geti endurgoldið þeim! 11 Ég veit að þú
elskar mig og að þú munt ekki láta óvini mína
hlakka yfir mér. 12 Vegna sakleysis míns hefur
þú varðveitt mig og lætur mig lifa með þér að
eilífu. 13 Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels, frá
eilífð til eilífðar. Amen. Amen.

42 Eins og hindin þráir vatnslindir, þrái ég
þig, ó Guð. 2 Mig þyrstir eftir Guði, hinum
lifandi Guði. Hvenær fæ ég að koma og standa
frammi fyrir honum? 3 Daga og nætur leita ég
hans grátandi, en óvinir mínir spotta mig og
segja: „Hvar skyldi Guð þinn vera?!“ 4 Hresstu
þig nú, sál mín! Minnstu þess er þú á hátíðum
leiddir skrúðgönguna til musterisins, og söngst
lofsöng um Drottin? Það var ógleymanlegt! 5 Til
hvers þá að vera hnugginn? Hvers vegna að súta
og syrgja? Treystu Drottni! Já, svo sannarlega
vil ég lofa hann á ný. Aftur vil ég þakka honum
hjálp hans. 6 Ég er dapur og stúrinn, en samt vil
ég hugsa um þig hér við fjöllin Misar og Hermon
þar sem Jórdan streymir fram. 7 Bylgjur þínar
hafa brotnað á mér og fossar þínir baðað mig
í sorg. 8 En þó streymir náð Drottins til mín
dag eftir dag og um nætur lofa ég hann og
bið til Guðs sem gaf mér lífið. 9 Ég bið og
segi: „Ó, þú Guð, klettur minn.“„Hvers vegna
hefur þú yfirgefið mig? Hvers vegna verð ég að
þola árásir óvina minna?“ 10 Mig svíður undan
ögrunum þeirra og aftur og aftur gera þeir gys
að mér. „Hvar er þessi Guð þinn?!“segja þeir. 11
En sál mín, misstu ekki móðinn. Láttu þér ekki
gremjast það. Vonaðu á Guð. Já ég veit að hann
mun hjálpa mér og þá mun ég lofa hann fyrir
allt það sem hann gerir. Hann er björgun mín!
Hann er minn Guð!

43 Ó, Guð, láttu mig ná rétti mínum gegn
svikulum og vondum mönnum sem ásaka
mig. 2 Þú einn ert Guð, skjól mitt og vígi.
Hvers vegna hefur þú vísað mér frá? Hví
verð ég að ganga um harmandi, kúgaður af
óvinum? 3 Sendu ljós þitt og sannleika til
að vísa mér veginn að musteri þínu á Síon,
fjallinu þínu helga. 4 Þar vil ég ganga að altari
Guðs, uppsprettu gleðinnar, og lofa hann með
hörpuleik. Ó, Guð, – minn Guð! 5 Sál mín hvers
vegna ertu döpur og kjarklaus? Treystu Guði!

Víst mun ég fá að lofa hann á ný, því hann mun
hjálpa mér og aftur mun auglit mitt gleðjast!

44 Guð, við höfum heyrt um máttarverk þín
á dögum forfeðra okkar. Þeir hafa sagt:
2 Hann rak heiðnu þjóðirnar úr landinu og
gaf okkur það, lét Ísrael setjast hér að. **3** Ekki
sigruðu þeir af eigin krafti, heldur vegna máttar
þíns og velþóknunar þinnar á þeim. **4** Þú ert
konungur minn og Guð. Láttu þjóð þína vinna
sigur! **5** Aðeins í þínum krafti og nafni sigrum
við óvininn. **6** Vopnin duga skammt, þau tryggja
ekki sigur. **7** Aðeins með þinni hjálp getum við
sigrað. **8** Guð, aftur og aftur hrósa ég mér af þér.
Hvernig get ég þakkað þér sem skyldi! **9** En þó
hefur þú, Drottinn, nú um stund yfirgefið okkur
og ekki stutt í orustum. **10** Já, þú hefur barist
gegn okkur og við höfum flúið. Óvinir okkar
gerðu árás. Þeir rændu og rupluðu. **11** Þú hefur
farið með okkur eins og sláturfé, tvístrað okkur
meðal þjóðanna. **12** Þú selur þjóð þína fyrir lítið,
metur hana einskis virði. **13** Nágrannarnir hæða
okkur og spotta vegna alls sem þú lætur á okkur
dynja. **14** Þín vegna er „Gyðingur!“háðsyrði
og hneyksli meðal þjóðanna, öllum til ama.
15 Ég verð fyrir stöðugum skömmum, **16** mér
er formælt og ég fyrirlitinn af hefnigjörnum
óvinum. **17** Og þetta hefur gerst, Drottinn,
þrátt fyrir tryggð okkar við þig. Sáttmála þinn
höfum við ekki rofið. **18** Ekki höfum við snúið
okkur gegn þér, ekki vikið eitt skref af vegi
þínum! **19** Væri svo, gætum við skilið refsingu
þína, landauðn og niðdimmu dauðans. **20** Ef við
hefðum hætt að tilbiðja Guð og snúið okkur að
hjáguðadýrkun, **21** hefði honum þá ekki verið
kunnugt um það? Hann sem þekkir alla hluti og
leyndarmál mannanna. **22** En það höfum við
ekki gert. Við erum í dauðans hættu fyrir það
eitt að þjóna þér! Við erum eins og lömb leidd
til slátrunar! **23** Vakna þú! Rís þú á fætur! Hvers
vegna sefur þú, Drottinn? Hefur þú hafnað
okkur fyrir fullt og allt? **24** Hvers vegna horfir
þú í aðra átt? Af hverju er þér sama um sorg
okkar og neyð? **25** Við erum fallnir og liggjum
hér endilangir. **26** Rís þú upp, Drottinn, komdu
og hjálpaðu okkur! Frelsaðu okkur vegna eilífrar
elsku þinnar.

45 Hjarta mitt svellur af fögrum orðum.
Ég vil flytja konungi ljóð. Tunga mín er
penni hraðritarans, hún flytur langa sögu á
augabragði: **2** Þú ert fegurri en mannanna börn.
Blessun streymir um varir þínar. Velþóknun
Guðs er yfir þér að eilífu. **3** Þú hetja, tak
herklæði þín, máttugur ertu og krýndur ljóma
4 Sæktu fram! Sigursæll ertu, vörður tryggðar
og réttlætis. Gakk fram – máttarverk þín verði á
allra vörum! **5** Örvar þínar eru hvesstar, óvinir
falla að fótum þér. **6** Hásæti þitt, ó Guð, stendur
um eilífð. Réttlætið er sproti þinn. **7** Þú elskar
hið góða hefur andstyggð á illsku. Því hefur
Guð, þinn Guð, sveipað þig gleði sem engan
annan. **8** Skikkja þín ilmar af myrru, alóe og
kassíu. Hallir þínar eru skreyttar fílabeini og
fyllast af ljúfum tónum. **9** Konungadætur eru
í hópi vinkvenna þinna. Drottningin stendur
þér við hlið, fagurlega klædd og skreytt skíra
gulli frá Ófír! **10** „Dóttir mín, hlustaðu. Ég vil
gefa þér ráð: Gleymdu heimþránni, vertu ekki
döpur. **11** Konungurinn elskar þig og gleðst
yfir fegurð þinni. Sýndu honum lotningu því
hann er herra þinn. **12** Íbúar Týrus, baða þig
í gjöfum og auðmenn þjóðarinnar leita hylli
þinnar.“ **13** Brúðurin – konungsdóttir – bíður
í skrauthýsi sínu, íklædd fegursta djásni, kjól
skreyttum gulli og perlum. **14** Fögur er hún!
Meyjarnar leiða hana á fund konungs. **15** Þær
fara í skrúðgöngu gegnum hliðið. Þarna er
höllin! **16** „Synir þínir verða allir konungar
og feta í fótspor föður síns. Þeir munu sitja á
hásætum víðs vegar um heim!“ **17** „Ég mun
gera nafn þitt kunnugt meðal allra kynslóða og
þjóðir jarðarinnar munu hylla þig að eilífu.“

46 Guð er mér hæli og styrkur, örugg hjálp
í nauðum. **2** Þess vegna óttumst við ekki,
þótt heimurinn farist og fjöllin steypist í hafið.
3 Hafið æði og freyði, fjöllin nötri og skjálfi! **4**
Lækir gleðinnar streyma frá borg Guðs – frá
heilögum bústað Guðs hins hæsta. **5** Hér býr Guð,
hún mun ekki haggast. Þegar þörf er á, kemur
Guð henni til hjálpar. **6** Þjóðir risu upp og létu
ófriðlega en þegar Guð talaði varð heimurinn
að þagna og jörðin nötraði. **7** Drottinn, hann
sem ræður hersveitum himinsins, er hér! Hann
er á meðal okkar! Hann, Guð Jakobs, er kominn
til að hjálpa. **8** Komið og sjáið máttarverk hans
á jörðinni. **9** Hann stöðvar styrjaldir um víða
veröld, brýtur vopnin og kastar á eld. **10** „Þögn!
Standið kyrr! Vitið að ég er Guð! Allar þjóðir
heims syni mér lotningu.“ **11** Drottinn hersveita
himinsins er hér, hann er á meðal okkar! Hann,
Guð Jakobs, er hér til að frelsa!

47 Komið allar þjóðir! Klappið saman höndum
af gleði! Hrópið af fögnuði fyrir Guði!
2 Drottinn er æðri öllum guðum. Hann er
ógurlegur. Honum verður ekki með orðum lýst.
Hann er konungur til endimarka jarðarinnar. 3
Hann hefur beygt þjóðir undir sig 4 og valið
úr yndislegt land og gefið okkur, þjóð sinni,
Ísrael. 5 Guð er stiginn upp með miklu hrópi og
hvellum lúðurhljómi. 6 Lofsyngið Guði, konungi
okkar. Já, syngið lofgjörðarsöng fyrir konunginn,
7 konung allrar jarðarinnar. Lofsyngið Guði!
8 Hann ríkir yfir þjóðunum. Hann situr á
hásæti sínu. 9 Leiðtogar heimsins koma og
taka undir lofgjörðina með lýð Guðs Abrahams.
Skjaldarmerki þjóðanna eru sigurtákn hans.
Hann er mjög upphafinn. Hann er konungur
alls heimsins.

48 Mikill er Drottinn! Vegsömum hann, já
lofum hann! Hann býr á sínu helga fjalli í
Jerúsalem. 2 Fallegt er Síonfjall í norðri. Fjallið
sem þjóðin elskar, þar sem konungurinn mikli
býr. 3 Drottinn sjálfur er verndari Jerúsalem.
4 Konungar jarðarinnar sátu þar ráðstefnu.
Þeir skoðuðu borgina. 5 Þeir urðu agndofa,
hræddir og flýðu. 6 Hátign Jerúsalem skelfdi þá.
Þeir urðu magnþrota eins og kona sem fæðir
barn! 7 Því að með austanvindinum einum
tortímir þú heilum her! 8 Dýrð þín, Jerúsalem,
er á allra vörum. Þú ert borgin þar sem Guð
býr, hann sem ríkir yfir hersveitum himinsins.
Við höfum séð hana eigin augum! Guð hefur
reist Jerúsalem. Hún mun standa að eilífu. 9
Drottinn, í musterinu hugleiðum við kærleika
þinn. 10 Nafn þitt er þekkt um alla jörðina. Þú
ert lofaður um víða veröld vegna hjálpræðis
þíns. Vegsemd þín breiðist um allan heim því
alls staðar framkvæmir þú réttlætisverk. 11 Gleð
þig, Jerúsalem! Gleð þig Júdaættkvísl! Því að
Guð mun vissulega láta þig ná rétti þínum. 12
Komið og skoðið borgina! Gangið um og teljið
turnana! 13 Lítið á múrinn og sjáið hallirnar
og segið komandi kynslóð frá því að slíkur sé
Drottinn! 14 Hann mun leiða okkur um aldur og
ævi.

49 Hlustið nú háir og lágir, ríkir og fátækir. 2
Allir heimsbúar hlýðið á. 3 Ég tala til ykkar
vísdómsorð. 4 Með undirleik hörpu kveð ég um
hyggindi, veiti svör við spurningum lífsins: 5
Láttu ekki ógæfuna hræða þig, né óvini sem
umkringja þig með illsku! 6 Auðæfum sínum
treysta þeir og stæra sig af miklu ríkidæmi 7 en
þó gæti enginn þeirra greitt Guði lausnargjald
fyrir bróður sinn, keypt hann lausan. 8 Sál
mannsins er dýrmætari en svo að hún verði
keypt fyrir fé. 9 Auður alls heimsins hrekkur
ekki til að kaupa einum manni líf og forða
honum frá gröfinni. 10 Þið auðmenn og vitringar
og aðrir sem hreykið ykkur hátt, þið munuð
farast eins og aðrir menn. Þið hafið enga kröfu
til lífsins fremur en fífl og fáráðlingar. Þið
verðið að eftirláta öðrum auð ykkar. 11 Hús og
eignir bera nöfn ykkar rétt eins og þið ætlið
að búa þar að eilífu! 12 Nei, maðurinn verður
að deyja. Hann er eins og skepnurnar, þrátt
fyrir frægð sína og frama. 13 Slík verða afdrif
hinna hrokafullu en samt mun þeirra getið með
virðingu þegar þeir eru dauðir. 14 En þeir fá ekki
umflúið dauðann. Þegar upp er staðið verða
hinir vondu að þjóna hinum góðu. Vald auðsins
er þeim gagnslaust í dauðanum og ekki taka
þeir auðæfi sín með sér. (Sheol h7585) 15 En hvað
um mig? Guð mun leysa sál mína frá dauða og
frelsa mig úr helju. (Sheol h7585) 16 Vertu ekki
gramur þótt einhver verði ríkur og reisi sér
glæsihöll. 17 Ekkert af því mun hann taka með
sér í gröfina, ekki einu sinni frægð sína! 18 Í
lifanda lífi telur hann sig heppinn og heimurinn
klappar honum lof í lófa, 19 en þó deyr hann
eins og aðrir og hverfur inn í myrkrið. 20 Sá
sem elskar eigin lofstír deyr eins og skepnan,
þrátt fyrir frægð sína og frama.

50 Drottinn er alvaldur Guð. Hann kallar þjóð
sína saman úr austri og vestri. 2 Dýrð Guðs
ljómar frá musteri hans á Síonfjalli. 3 Hann
birtist í þrumugný, umlukinn eyðandi eldi og
stormviðri. 4 Hann er kominn til að dæma lýð
sinn. Hróp hans heyrist á himni og jörðu: 5
„Safnið saman þjóð minni sem með fórnunum á
altari mínu hefur gert sáttmála við mig.“ 6 Guð
mun dæma réttláta dóma. Himinninn vitnar um
réttlæti hans. 7 Hlusta þú, þjóð mín! Ég er þinn
Guð! Taktu eftir úrskurði mínum: 8 Fórnir þínar
tek ég gildar. Þar hefur þú sýnt trúfesti. 9 En ég
girnist þó ekki uxa þína og geitur, 10 því að öll
dýr jarðarinnar tilheyra mér! 11 Hjarðirnar á
fjöllunum og fuglar loftsins – allt er það mitt.
12 Væri ég hungraður, segði ég þér ekki frá því
– allt á jörðu er mitt, ekkert er undan skilið. 13
Nei, ég þrái ekki kjötfórnir þínar og blóðfórnir,
14 heldur þakklæti og orðheldni. 15 Ákallaðu

mig á degi neyðarinnar og þá mun ég frelsa þig.
Og þú skalt vegsama mig. Já, þetta skaltu gera.
16 En við hina óguðlegu segir Drottinn: „Hættið
að þylja upp lögmál mitt og heimta af mér, 17
þið sem hafnið aga og lítilsvirðið boðorð mín. 18
Þið aðstoðið þjófinn og samneytið hórkörlum.
19 Þið bölvið og ljúgið 20 og baktalið bróður
ykkar. 21 Þannig ferst ykkur og svo á ég að
þegja?! Er ég þá eins og þið? Nei, ég mun hegna
ykkur svo ekki verður um villst. 22 En þið sem
gleymduð Guði, fáið eitt tækifæri enn, síðan læt
ég eyðinguna koma og þá er allt um seinan. 23
Sá sem færir þakkargjörð að fórn, heiðrar mig.
Og þeir sem breyta eftir orðum mínum fá að sjá
hjálpræði mitt.“

51 Þennan sálm orti Davíð eftir að Natan
spámaður hafði birt honum dóm Guðs
vegna hórdóms hans með Batsebu og morðsins
á Úría eiginmanni hennar. Þú góði og
miskunnsami Guð, ó, fyrirgefðu mér! Vertu mér
náðugur! Taktu burt synd mína og skömm!
2 Þvoðu mig hreinan af syndasekt minni.
Hreinsaðu hjarta mitt 3 því að ég játa synd mína
– daga og nætur minnir hún á sig! 4 Gegn þér, já
þér einum, hef ég brotið. Drýgt hræðilega synd.
Þú varst vitni að öllu þessu og dómur þinn er
réttlátur. 5 Syndugur var ég þegar móðir mín
fæddi mig, sekur þegar ég varð til. 6 Þú vilt að
menn séu hreinskilnir við sjálfa sig, einlægir
og segi satt. Gefðu mér náð til að gera það! 7
Þvoðu mig að ég verði hreinn, hreinsaðu mig
svo ég verði hvítari en snjór. 8 Og þegar þú
hefur refsað mér, þá gefðu mér gleði mína á
ný. 9 Einblíndu ekki á syndir mínar, heldur
afmáðu þær allar. 10 Skapaðu í mér nýtt og
hreint hjarta, ó Guð! Gefðu mér þinn heilaga
anda svo að ég hugsi rétt og þrái það sem gott
er. 11 Varpaðu mér ekki burt frá þér og taktu
ekki þinn heilaga anda frá mér. 12 Fylltu mig
aftur gleði þíns hjálpræðis og löngun til að
hlýða þér! 13 Þá get ég leitt aðra syndara inn á
veg þinn svo að þeir – sekir eins og ég – játi
syndir sínar og snúi sér til þín. 14 Frelsaðu mig
frá dauðans háska, ó Guð minn. Þú einn getur
frelsað mig! 15 Leyf mér að syngja um miskunn
þína, Drottinn. Opnaðu varir mínar svo að ég
megi vegsama þig! 16 Þú hefur ekki þóknun
á dýrafórnum, annars myndi ég láta þær í té.
Og brennifórnir eru ekki í uppáhaldi hjá þér.
17 Þetta vilt þú: Auðmjúkan anda og iðrandi
samvisku. Þann sem iðrast af öllu hjarta, munt
þú ó Guð, ekki fyrirlíta. 18 Drottinn, lát Ísrael
ekki gjalda syndar minnar. Hjálpaðu þjóð þinni
og vernda Jerúsalem. 19 Þegar hjarta mitt er
rétt gagnvart þér, þá gleðst þú yfir verkum
mínum og því sem ég fórna á altari þínu.

52 Þennan sálm orti Davíð til að andmæla
óvini sínum Dóeg sem síðar tók af lífi
áttatíu og fimm presta og fjölskyldur þeirra (sjá:
1. Sam. 22.). Kallar þú þig hetju?! Þú sem hreykir
þér af ódæði gegn þjóð Guðs og herðir þig gegn
miskunn hans. 2 Þú ert eins og skeinuhættur
hnífur, þú svikahrappur! 3 Þú elskar illt meir en
gott, lygi umfram sannleika. 4 Rógburð elskar
þú og annað skaðræðistal! 5 En Guð mun koma
þér á kné, draga þig út úr húsi þínu og uppræta
af landi lifenda. 6 Hinir réttlátu munu sjá það
og óttast Guð, síðan hlægja og segja: 7 „Svo
fer fyrir þeim sem fyrirlíta Guð og treysta á
mátt sinn og megin, þeim sem þrjóskast í illsku
sinni.“ 8 Ég er sem grænt olífutré í garði Guðs.
Ég treysti á miskunn hans meðan ég lifi. 9
Drottinn, ég vil vegsama þig að eilífu og þakka
það sem þú hefur gert. Ég segi hinum trúuðu:
Góður er Guð!

53 En sú heimska að segja: „Guð er ekki
til.“Hvers vegna segja menn slíkt? Vegna
þess að hjörtu þeirra eru spillt og verk þeirra
vond. 2 Guð lítur niður af himni. Hann rennir
augum yfir mannanna börn. Skyldi nokkur vera
hygginn og leita vilja Guðs? 3 Nei, allir hafa
þeir snúið í hann baki. Þeir eru spilltir. Enginn
þeirra gerir vilja Guðs, ekki einn einasti! 4
Þeir munu fá sinn dóm, illgjörðamennirnir sem
ofsækja lýð Guðs. 5 Þeir munu þjást af ótta,
jafnvel þegar engin hætta er! Guð mun á sínum
tíma tvístra þeim. Hann hefur fellt sinn dóm
og hafnað þeim. 6 Ó, að Guð kæmi frá Síon og
frelsaði Ísrael! Þá munum við taka gleði okkar á
ný.

54 Sálmur eftir Davíð, ortur þegar menn frá
Síf reyndu að svíkja hann í hendur Sál
konungs. Komdu í mætti þínum, ó Guð, og
bjargaðu mér! Verndaðu mig með krafti þínum!
2 Bænheyrðu mig, 3 því að ofbeldismenn hafa
risið gegn mér – heiðingjar sem ekki trúa á
þig, sækjast eftir lífi mínu. 4 En Guð er minn
hjálpari. Hann er vinur minn! 5 Fyrir hans
tilverknað mun illska þeirra koma þeim sjálfum

í koll. Efndu loforð þitt, Guð, og þurrkaðu út
þessa illvirkja. 6 Glaður kem ég fram fyrir þig
með fórn mína. Ég lofa nafn þitt, Drottinn, því
það er gott. 7 Guð hefur frelsað mig frá dauða
og yfirbugað óvini mína.

55 Heyr bæn mína, ó Guð! Snú þér ekki frá
þegar ég ákalla þig. 2 Hlustaðu á ákall mitt.
Ég andvarpa og græt í sorg minni. 3 Óvinir mínir
æpa á mig, hóta að drepa mig. Þeir umkringja
mig og brugga mér banaráð, öskra á mig í
hamslausri reiði. 4 Ég er lamaður af ótta, fullur
örvæntingar. 5 Hvílík skelfing! 6 Ó, að ég hefði
vængi eins og fuglinn! Þá mundi ég fljúga burt
og leita skjóls. 7 Ég mundi svífa langt og leita
skjóls í eyðimörkinni, 8 flýja á öruggan stað,
laus úr allri hættu. 9 Ó, Drottinn, ruglaðu þá í
ríminu! Sérðu ekki kúgunina sem viðgengst?
10 Þeir vakta borgina daga og nætur, ganga
múrana og skima eftir óvinum. En neyðin er
innandyra, því að ofbeldi og svik eru í borginni,
11 morð og gripdeildir. 12 Ekki var það óvinur
minn sem ofsótti mig – það gæti ég þolað. Þá
hefði ég falið mig um stund. 13 En það varst
þú, vinur minn og félagi. 14 Við sem vorum
alúðarvinir og gengum saman í Guðs hús. 15
Dauðinn taki þá og dragi þá til heljar, því að
illska er í húsum þeirra, synd í hjörtum þeirra.
(Sheol h7585) 16 En ég hrópa til Guðs, og hann
mun frelsa mig! 17 Kvölds og morgna og um
miðjan dag sárbæni ég Guð. Ég veit að hann
heyrir til mín og mun svara mér. 18 Þótt óvinir
mínir séu margir, mun hann samt frelsa mig
og gefa mér frið. 19 Sjálfur Guð – sem er frá
eilífð – mun svara mér, en óvinir mínir, breytast
ekki og óttast ekki Guð. 20 En vinur minn,
sveik mig og ofsótti – rauf heit sitt. 21 Orðin á
tungu hans voru ljúf og blíð en hjartað fullt af
hatri. 22 Varpaðu áhyggjum þínum á Drottin,
hann ber umhyggju fyrir þér. Hann mun aldrei
láta trúaðan mann verða valtan á fótum. 23
Guð mun varpa óvinum mínum til heljar, til
dánarheima. Morðingjar og svikarar munu ekki
ná háum aldri. En ég treysti þér, að þú leyfir
mér að lifa. (questioned)

56 Drottinn, miskunna þú mér, því að
liðlangan daginn sækja óvinir mínir að. 2
Fjandmennirnir ryðjast fram, fjölmennt lið, þeir
ætla að drepa mig. 3 Þegar ég er hræddur, set
ég traust mitt á þig. 4 Ég treysti loforðum Guðs
og veit því að þessir óvinir munu ekki ná mér,
þeir eru aðeins dauðlegir menn! 5 Þeir vinna
gegn mér með öllum ráðum og hugsa um það
eitt að fella mig. 6 Þeir áreita mig, sitja um mig.
Þeir liggja í leyni eins og stigamenn, hlusta eftir
fótataki mínu og leggja ör á streng. 7 Þeir halda
sig sleppa við refsingu, og komast undan, en
Drottinn, láttu þá fá makleg málagjöld, annað
er ekki réttlátt. 8 Þú þekkir alla hrakninga mína
og tár, já, þekkir þau með tölu! 9 Þegar ég hrópa
til þín um hjálp, breytist bardaginn. Óvinir
mínir flýja! Þá veit ég að Guð er með mér! Hann
liðsinnir mér! 10 Með hjálp Guðs mun ég lofa
orð hans, já vissulega mun ég lofa orð hans. 11
Ég treysti Guði. Loforð hans eru dásamleg! Ég
óttast ekki svikráð mannanna – hvað geta þeir
gert mér?! 12 Drottinn, ég vil standa við orð
mín og þakka þér hjálpina! 13 Þú hefur frelsað
mig frá dauða og forðað frá hrösun og þess
vegna fæ ég að njóta ljóss og lífs með þér.

57 Þennan sálm orti Davíð þegar hann flýði
inn í hellinn undan Sál. (Sjá 1. Sam. 22:1-2
og 24:1-9). Ó Guð, vertu mér náðugur, því að ég
treysti þér. Ég vil leita skjóls undir vængjum
þínum uns storminn hefur lægt. 2 Ég hrópa til
Guðs hins hæsta, hans sem leysir öll mín mál. 3
Hann sendir mér hjálp frá himnum og frelsar
mig vegna elsku sinnar og trúfesti. Hann mun
bjarga mér frá lygurum sem sitja um líf mitt. 4
Ég er umkringdur ofstopamönnum – glefsandi
úlfum. Tennur þeirra eru hvassari en örvar og
spjót og tungurnar beittari en sverð! 5 Drottinn,
lofað sé nafn þitt á himnum! Láttu dýrð þína
líka birtast á jörðu! 6 Óvinir mínir hafa lagt
gildru fyrir mig. Þeir hafa grafið mér gryfju.
Ég er mæddur og kvíðinn. En! Eitt veit ég: Þeir
munu sjálfir falla í hana! 7 Guð minn, nú er
hjarta mitt rótt og ég treysti þér. Ég vil lofa
þig! 8 Rís þú nú upp, sál mín! Vakna þú harpa
og gígja! Bjóddu morgunroðann velkominn
með söng! 9 Allir landsbúar heyra þakkargjörð
mína. Ég vil syngja þér lof meðal þjóðanna. 10
Miskunn þín er há eins og himinninn og trúfesti
þín nær til skýjanna. 11 Þú ert hærri en hæstu
himnar, ó, Guð. Láttu dýrð þína breiðast yfir
gjörvalla jörðina.

58 Þið konungar og leiðtogar þjóðanna, talið
þið sannleika? Er réttlæti í dómum ykkar
og úrskurðum? 2 Nei, svo er ekki. Þið eruð
allir svikarar sem seljið „réttlæti“fyrir mútur. 3
Slíkir menn hafa allt frá fæðingu vikið af réttum

vegi. Þeir hafa talað lygi frá því þeir fengu málið. 4 Eiturnöðrur eru þeir, slöngur sem
daufheyrast við skipunum særingamannsins. 5
Drottinn, slíttu úr þeim eiturbroddinn! 6 Dragðu
vígtennurnar úr þessum vörgum, ó Guð. 7 Láttu
þá hverfa eins og jörðin hafi gleypt þá. Sláðu
vopnin úr höndum þeirra. 8 Láttu þá þorna
upp eins og snigla og ekki sjá sólina frekar en
þeir sem andvana eru fæddir. 9 Guð mun svipta
þeim burt, eyða þeim skjótar en pottur hitnar
yfir eldi. 10 Þá munu hinir guðhræddu fagna,
þegar réttlætið sigrar og þeir fá að ganga um
blóðidrifin stræti fallinna óvina. 11 Þá munu
menn sjá að réttlætið sigrar og að Guð dæmir
jörðina með réttvísi.

59 Þennan sálm orti Davíð þegar Sál konungur
sendi menn heim til hans til að handsama
hann og drepa (sjá: 1. Sam. 19:11). Ó, Guð minn,
frelsaðu mig frá óvinum mínum! Verndaðu
mig gegn þeim sem vilja drepa mig! 2 Forðaðu
mér frá þessum glæpalýð, þessum morðingjum.
3 Þeir sitja um líf mitt. Sterkir menn bíða
útifyrir. Drottinn, þeir eru ekki hér af því að
ég hafi gert þeim rangt. 4 Samt vilja þeir
drepa mig! Drottinn, vaknaðu! Sjáðu hvað er
að gerast! Hjálpaðu mér! 5 Þú Drottinn, Guð
hinna himnesku hersveita, Guð Ísraels, rís þú
upp og refsa heiðnu þjóðunum sem umhverfis
okkur búa. Miskunna ekki illgjörðamönnum.
6 Að kvöldi koma þeir og njósna. Þeir snuðra
eins og hundar og ráfa um borgina. 7 Ég heyri
háðsglósur þeirra og hvernig þeir formæla Guði.
„Enginn heyrir til okkar, “segja þeir. 8 En þú
Drottinn, hlærð að þeim, gerir einnig gys að
heiðingjunum sem umhverfis okkur búa. 9 Guð,
þú ert styrkur minn! Ég vil syngja þér lof, því
að þú ert skjól mitt og hlíf. 10 Guð mætir mér
með náð sinni. Hann lætur mig sjá þegar óvinir
mínir verða auðmýktir. 11 Ekki lífláta þá, þeirri
ráðningu gleymir þjóð mín fljótt. Steyptu þeim
heldur af stóli. Varpa þeim til jarðar, Drottinn,
þú skjöldur minn. 12 Þeir eru hrokafullir. Þeir
formæla og ljúga. 13 Sviptu þeim burt með reiði
þinni svo að þeir verði ekki framar til. Láttu þá
kenna á því og sjá að þú, Drottinn, ert við völd
í Ísrael og um allan heim. 14 Á hverju kvöldi
koma þeir aftur, ýlfra eins og hundar og ráfa
um borgina, 15 urra og leita að æti. 16 En ég? –
Á hverjum morgni vil ég syngja um miskunn
þína og mátt, því að á degi neyðarinnar varstu
mér vígi. 17 Þú styrkur minn, um þig vil ég
syngja ljóðin mín. Þú háborg mín! Þú minn
miskunnsami Guð!

60 Þennan sálm orti Davíð þegar hann átti
í ófriði við Sýrlendinga og óvíst var um
úrslit. Þetta gerðist á sama tíma og Jóab,
hershöfðingi Ísraels, vann sigur á 12.000
Edomítum í Saltdalnum. Þú Guð, hefur útskúfað
okkur og brotið niður varnirnar. Þú hefur
reiðst okkur og tvístrað. Drottinn sýndu aftur
miskunn þína. 2 Þú lést landið skjálfa, sprungur
opnuðust. Drottinn læknaðu það og græddu
sárin. 3 Þú lést lýð þinn kenna á hörðu, við
reikuðum eins og drukknir menn. 4 En nú hefur
þú reist okkur herfána! Þangað stefnum við
allir sem elskum þig. 5 Réttu út þína sterku
hönd og frelsaðu okkur! Bjargaðu ástvinum
þínum. 6 Guð hefur heitið hjálp. Hann hefur
svarið það við heilagleika sinn! Er að undra
þótt ég sé glaður?! 7 „Síkem, Súkkót, Gíleað,
Manasse – allt er þetta mitt, “segir hann. „Júda
gefur konung og Efraím varðmenn. 8 Móab
er þjónn minn og Edóm þræll. Og yfir Filisteu
æpi ég siguróp!“ 9 Hver fer með til Edóms,
inn í víggirtar borgir hans? 10 Guð! Hann sem
áður útskúfaði og yfirgaf hersveitir okkar! 11
Drottinn, styð okkur gegn óvinunum, því að
ekki hjálpa menn. 12 Með Guðs hjálp vinnum
við stórvirki, hann mun fótum troða óvinina.

61 Ó, Guð, heyrðu hróp mitt! Hlustaðu á bæn
mína. 2 Því að hvar sem ég fer, jafnvel um
endimörk jarðar, þá hrópa ég eftir hjálp þinni.
Þegar hjarta mitt örmagnast og ég get ekki
meir, þá lyftu mér á klett, hjálpræðisbjargið
þitt góða, mitt örugga skjól. 3 Þú ert skjól
mitt, háreist borg, ókleif óvinum. 4 Í helgidómi
þínum mun ég búa að eilífu, öruggur í skjóli
vængja þinna, 5 Því að þú, ó Guð, hefur heyrt
heit mín og uppfyllt óskir þeirra sem óttast þig
og heiðra nafn þitt. 6 Þú munt lengja lífdaga
mína og láta ævi konungsins vara frá kyni til
kyns. 7 Ég mun lifa frammi fyrir Drottni að
eilífu! Lát elsku þína og trúfesti gæta mín, 8 þá
mun ég lofa nafn þitt um aldur og ævi og efna
heit mín dag eftir dag.

62 Ég bíð rólegur og þögull eftir hjálp Drottins.
2 Hann einn er bjarg mitt og lausnari, vörn
mín og vígi. Ég hef ekkert að óttast. 3 En hvað
um þessa menn sem ásaka mig þegar veldi

mitt stendur höllum fæti, vilja mig feigan og
ljúga og pretta til að steypa mér af stóli. 4
Þeir tala fagurgala, satt er það, en hata mig í
hjörtum sínum! 5 En ég stend þögull frammi
fyrir fyrir Drottni og vænti hjálpar hans. Hann
einn getur hjálpað. 6 Já, hann einn er bjarg mitt,
og lausnari, vörn mín og vígi. Ég hef ekkert
að óttast. 7 Öryggi mitt og farsæld er í hendi
Drottins. Hann einn er skjól mitt og klettur –
þangað kemst óvinurinn ekki! 8 Þú þjóð mín,
treystu Drottni. Segið honum óskir ykkar, hann
getur uppfyllt þær! 9 Mennirnir miklast og
hrokast í hégóma sínum. Einn þykist öðrum
meiri, en hann metur alla jafnt. 10 Safnið ekki
auði með svikum og ránum og treystið ekki
illa fengnu fé. 11 Treystið Drottni! Minnist þess
aftur og aftur að Drottins er styrkurinn. 12
Já, hjá þér Drottinn, er miskunn og þú launar
sérhverjum eftir verkum hans.

63 Þennan sálm orti Davíð þegar hann leitaði
skjóls í Júdeueyðimörkinni. Ó, þú Guð
minn, ég leita þín! Mig þyrstir eftir þér í þessari
skrælnuðu eyðimörk. Ó, hve ég þrái þig! 2 Þegar
ég gekk um í helgidómi þínum þá leitaði ég þín,
þráði að sjá veldi þitt og dýrð. 3 Miskunn þín er
betri en lífið sjálft! Með vörum mínum lofa ég
þig. 4 Ég vil lofa þig svo lengi sem ég lifi, lyfta
höndum mínum í bæn til þín. 5 Þá mun sál mín
mettast og verða glöð, og munnur minn lofa
þig með fögnuði. 6 Ég ligg andvaka um nætur
og hugsa um þig, rifja upp öll þau skipti sem
þú hefur hjálpað. 7 Þá fyllist ég gleði, finn mig
öruggan hjá þér. 8 Ég vil halda mér fast við
þig, og styðjast við þína sterku hönd. 9 Þeir
munu sjálfir deyja sem brugga mér banaráð, og
hverfa niður til heljar. (questioned) 10 Þeir munu
falla fyrir sverði, verða sjakölum að bráð. 11 Ég
vil gleðjast í Guði! Og þeir sem honum treysta
skulu fagna sigri því að munni lygaranna hefur
verið lokað.

64 Ó, Drottinn, hlustaðu á neyðaróp mitt,
verndaðu mig! 2 því að hópur af þorpurum
og bófum hafa gert samsæri gegn mér. 3 Orð
þeirra eru eins og rýtingur í bakið. Þeir hvæsa á
mig og nísta hjarta mitt. 4 Þeir senda mér kaldar
kveðjur úr launsátri, vinna verk sín í skyndi,
eru hvergi smeykir. 5 Þeir sitja á svikráðum.
Hittast á laun og leggja gildrur fyrir aðra. „Þetta
sér enginn, “segja þeir. 6 Þeir upphugsa ill verk
og segja „Nú er allt klappað og klárt!“Hjörtu
þeirra fyllast illsku og svikum. 7 En Guð mun
slá þá til jarðar. Eins og hendi sé veifað hittir
örin þá 8 Tunga þeirra verður þeim að falli.
Menn hrista höfuðið yfir þeim og 9 ótta slær á
alla. Þeir játa mikilleik Guðs og hans voldugu
verk, gefa gætur að því sem hann gerir. 10 En
hinir trúuðu munu fagna í Drottni, leita hjálpar
hans og hrósa sigri með honum.

65 Ó, þú Guð á Síon, við lofum þig og
vegsömum og efnum heit okkar við þig. 2
Þú heyrir bænir og því leita allir menn til þín. 3
Margar freistingar urðu mér að falli, ég gerði
margt rangt, en þú fyrirgafst mér allar þessar
syndir. 4 Sá er heppinn sem þú hefur útvalið, sá
sem fær að búa hjá þér í forgörðum helgidóms
þíns og njóta allsnægta í musteri þínu. 5 Með
krafti þínum sýnir þú réttlæti þitt, þú Guð,
frelsari okkar. Þú ert skjól öllum mönnum, allt
að endimörkum jarðar. 6 Þú reistir fjöllin í mætti
þínum, 7 þú stöðvar brimgný hafsins og háreysti
þjóðanna. 8 Þeir sem búa við ysta haf óttast
tákn þín og austrið og vestrið kætast yfir þér! 9
Þú vökvar jörðina og eykur frjósemi hennar.
Ár þínar og uppsprettur munu ekki þorna. Þú
gerir jörðina hæfa til sáningar og gefur þjóð
þinni ríkulega uppskeru. 10 Með steypiregni
vökvar þú plógförin og mýkir jarðveginn –
útsæðið spírar og vex! 11 Landið klæðist grænni
kápu. 12 Heiðarnar blómstra og hlíðarnar brosa,
allt er loðið af gróðri! 13 Hjarðirnar liðast um
hagana og dalirnir fyllast af korni. Allt fagnar
og syngur!

66 Allur heimurinn gleðjist með Guði! 2 Lofið
nafn hans, það er undursamlegt! Segið
öllum frá máttarverkum hans! 3 Guð, hversu
undursamleg eru verk þín! Máttur þinn er
stórkostlegur! Ekki er að furða þótt óvinir þínir
smjaðri fyrir þér. 4 Lofaður sért þú um víða
veröld! 5 Komið og sjáið máttarverk Guðs! Mikil
eru þau undur sem fólk hans fær að sjá og reyna.
6 Hann opnaði þeim veg í gegnum hafið! Þar
gengu þeir yfir þurrum fótum. Hvílík gleði og
fögnuður ríkti þann dag! 7 Drottinn mun ríkja að
eilífu vegna máttar síns. Hann virðir vandlega
fyrir sér mennina. Engir uppreisnarmenn þora
að láta á sér bæra. 8 Sérhver maður lofi Drottin
og vegsami nafn hans. 9 Hann gaf okkur lífið
og hann verndar frá hrösun. 10 Þú, ó Guð,
hreinsaðir okkur í eldi eins og silfur er hreinsað.

11 Þú hefur fjötrað okkur og lokað inni og lagt á
okkur byrðar. 12 Þú lést hersveitir troða okkur
fótum og við urðum að fara gegnum eld og
vatn, en að lokum leiddir þú okkur út og inn í
yndislegt land. 13 Nú kem ég í helgidóm þinn,
fórna og efni þannig heit mitt. 14 Manstu, þegar
ég var í nauðum staddur, þá gaf ég þér heit?
15 Nú ber ég fram fórn mína: Hrúta, naut og
kiðling. Megi reykurinn af fórnum þessum stíga
upp til þín. 16 Komið og hlustið, þið sem óttist
Drottin, og ég skal segja ykkur hvað hann hefur
gert fyrir mig!: 17 Ég hrópaði til hans um hjálp,
– og víst bjó lofgjörðin undir! 18 En fyrst játaði
ég synd mína, annars hefði ég ekki fengið svar.
19 En hann heyrði bæn mína og hlustaði, gaf
gaum að því sem ég sagði. 20 Lof sé Guði! Hann
vísaði ekki bæn minni á bug né tók miskunn
sína frá mér.

67 Ó, veittu okkur miskunn þína og náð!
Leyfðu okkur að sjá þig og kærleika þinn.
2 Leyfðu öllum mönnum að fá að kynnast þér
og þekkja hjálpræði þitt. 3 Allar þjóðir skulu
lofa Drottin. 4 Þær skulu fagna og gleðjast, því
að þú færir þeim réttlæti, og leiðir þær um
réttan veg. 5 Allur heimurinn lofi þig, ó Guð! Já,
allar þjóðir í heiminum flytji þér þakkargjörð! 6
Því að uppskera jarðarinnar varð mikil og Guð,
hefur blessað okkur ríkulega. 7 Og hann blessi
okkur áfram svo að allar þjóðir megi óttast
hann og elska.

68 Þegar Guð rís á fætur þá tvístrast óvinir
hans! Þeir sem hata hann flýja sem mest
þeir mega. 2 Blástu þeim burt eins og reyk í
vindi! Bræddu þá eins og vax í eldi! Þannig
munu óguðlegir tortímast fyrir Guði. 3 En hinir
trúuðu skulu fagna. Þeir kætist og gleðjist 4
og lofsyngi Guði! Hefjið lofsöng til hans sem
ekur um á skýjunum. Nafn hans er Drottinn!
Gleðjist og fagnið í nærveru hans. 5 Hann er
faðir föðurlausra og verndari ekkna, hann er
heilagur. 6 Hann lætur hinn einmana komast
heim aftur og leiðir fanga út í frelsið á ný. Þar
verður sungið og fagnað! En uppreisnarmenn
skulu búa við sult og seyru. 7 Guð, þegar þú
leiddir þjóð þína gegnum öræfin, 8 þá skalf
jörðin og himnarnir nötruðu. Sínaífjall hneigði
sig fyrir þér af virðingu og ótta – þér Guði
Ísraels. 9 Þú, Guð, sendir regnskúrir yfir land
þitt, hresstir það og endurnærðir. 10 Þar settist
þjóð þín að. Þú gafst hinum hrjáðu heimili og
skjól. 11 Drottinn lætur orð sín rætast og þegar
hann talar flýja óvinirnir. 12 Konurnar sem
heima eru flytja gleðifrétt: „Óvinaherinn er
flúinn, þeir sem vildu eyða öllu og umturna!“Og
konur í Ísrael skipta herfanginu. 13 Þær hylja sig
með gulli og silfri, rétt eins og dúfan vængjum
sínum! 14 Þegar Guð stökkti óvinunum á flótta
þá snjóaði á Salmonsfjalli. 15 Þið voldugu
Basanfjöll, þið illkleifu tindar! 16 Hvers vegna
horfið þið með öfund til Síonar – fjallsins sem
Drottinn hefur kosið sér til bústaðar? 17 Með
þúsundum vagna lagði Drottinn upp frá Sínaí
og kom til síns heilaga musteris á Síon. 18
Hann kleif fjöllin, tók með sér fjölda bandingja
og veitti viðtöku gjöfum frá mönnum, jafnvel
uppreisnarmönnum. Og nú býr hann hér! 19
Lofaður sé Drottinn! Hann leiðir okkur dag
eftir dag og hjálpar í öllum vanda. 20 Guð er
hjálpræðisguð. Hann er alvaldur og bjargar frá
dauða. 21 En óvinum sínum eyðir hann, þeim
sem þrjóskast og halda áfram á glæpabraut. 22
Hann segir: „Komið!“við óvini þjóðar sinnar, þá
sem fela sig til fjalla eða í hafdjúpunum. 23 Þjóð
hans vill troða þá undir, ganga í blóði þeirra
og gefa hundum hræ þeirra. 24 Guð, konungur
minn, gengur inn til musteris síns. 25 Fremst
fara söngvarar, þá hljóðfæraleikarar og stúlkur
sem slá taktinn. 26 Allur Ísrael gleðjist með
Guði, uppsprettu Ísraels á þessum hátíðardegi.
27 Fremst fer Benjamínsætt, hún er minnst.
Þá koma prinsar og öldungar Júda og síðan
höfðingjar Sebúlons og Naftalí. 28 Sýn þú,
Guð, mátt þinn og styrk, því að mikla hluti
hefur þú gert. 29 Konungar jarðarinnar gefa
gjafir til musteris þíns í Jerúsalem. 30 Ávíta
þú óvini okkar, Drottinn. Færðu þá hingað,
sneypta og berandi skattinn! Tvístraðu þeim
sem efna til ófriðar. 31 Egyptar sendi gull og
Bláland fórni höndum í lotningu til Guðs. 32
Syngið frammi fyrir Drottni, þið konungsríki
jarðarinnar, syngið honum lofgjörðarsöng, 33
honum, Guði eilífðar, sem ekur um himininn og
talar með þrumuraust svo að undir tekur. 34
Drottinn hefur máttinn! Dýrð hans ljómar yfir
Ísrael og hans voldugu verk birtast á himninum.
35 Við krjúpum fyrir honum í lotningu og ótta í
musteri hans. Ísraels Guð veitir þjóð sinni mátt
og megin. Lofaður sé Guð!

69 Frelsaðu mig, ó Guð, því að vatnið hækkar
sífellt 2 og ég sekk æ dýpra í þessa

botnlausu leðju. 3 Ég er útgrátinn og örmagna,
hálsinn þurr og sár og augun þrútin. Góði Guð,
bjargaðu mér! 4 Þeir eru margir sem hata mig
að ástæðulausu, fjöldi manna sem brugga mér
banaráð. Þó er ég saklaus. Þeir heimta að ég
bæti það sem ég hef ekki brotið! 5 Ó, Guð, þú
þekkir heimsku mína og syndir. 6 Drottinn Guð,
þú sem ræður hersveitum himnanna, láttu mig
ekki verða til hneykslunar þeim sem treysta
þér. Þú Guð Ísraels, forðaðu mér frá því að
valda þeim vonbrigðum, 7 þó svo að þín vegna
sé ég hæddur og smáður. 8 Jafnvel bræður
mínir sniðganga mig! 9 Guð, þú ert í huga mér
öllum stundum og um musteri þitt hugsa ég.
Og vegna þess að ég held uppi málstað þínum,
hata þeir mig, rétt eins og þig. 10 Ég hef fastað
og iðrast frammi fyrir þér, en þeir hæddu mig
engu að síður. 11 Ég klæddist hærusekk – tákni
auðmýktar og iðrunar – og þá ortu þeir um mig
níðvísu! 12 Ég er nýjasta fréttin í bænum og
jafnvel rónarnir spotta mig! 13 En ég held áfram
að biðja til þín, Drottinn, og gefst ekki upp, því
að þú hlustar! Svaraðu mér með blessun þinni
og miskunnaðu mér. 14 Dragðu mig upp úr
leðjunni, Drottinn, ég finn að ég er að sökkva!
Forðaðu mér frá óvinum mínum, úr þessum
hræðilega pytti! 15 Láttu ekki flóðið taka mig,
hringiðuna svelgja mig! 16 Ó, Drottinn, svaraðu
bænum mínum, vegna gæsku þinnar og náðar
við mig. 17 Snúðu ekki við mér bakinu, því að
ég er í nauðum staddur! Flýttu þér! Komdu og
frelsaðu mig! 18 Drottinn, komdu og bjargaðu
mér! Leystu mig undan ofríki óvina minna. 19
Þú sérð þá og þekkir háðsglósur þeirra, hvernig
þeir níða mig niður. 20 Háðsyrði þeirra hafa sært
mig djúpu sári og andi minn örmagnast. Ó, ef
einhver hefði sýnt mér samúð og einhver viljað
hugga mig! 21 Þeir færðu mér eitraðan mat –
malurt – og edik við þorstanum. 22 Verði gleði
þeirra að sorg og friður þeirra að skelfingu. 23
Myrkur komi yfir þá, blinda og ringulreið. 24
Reiði þín upptendrist gegn þeim og eldur þinn
tortími þeim. 25 Leggðu hús þeirra í rúst svo að
þar búi enginn framar. 26 Því að þeir ofsækja
þann sem þú hefur slegið og hlæja að kvöl þess
sem þú hefur gegnumstungið. 27 Skráðu hjá
þér allar syndir þeirra, já láttu enga gleymast.
28 Strikaðu þá út af listanum yfir þá sem fá
að lifa, leyfðu þeim ekki að njóta lífsins með
réttlátum. 29 Ó, Guð, frelsaðu mig úr þessari
neyð! Ég veit að þú munt bjarga mér! 30 Ég lofa
Guð í ljóði, mikla hann með lofsöng. 31 Það mun
gleðja hann meira en margs konar fórnir. 32
Hinir auðmjúku munu sjá að Drottinn hjálpar
mér og þeir munu gleðjast. Já, gleðjist, þið sem
leitið Guðs! 33 Því að Drottinn heyrir hróp
hinna snauðu, og snýr ekki við þeim bakinu. 34
Himinn og jörð, lofið Drottin, og hafið og allt
sem í því er! 35 Því að Guð mun frelsa Jerúsalem
og endurreisa borgirnar í Júda og þjóð hans
mun búa við öryggi. 36 Börnin munu erfa landið
og þeir sem elska Drottin njóta þar friðar og
velgengni.

70 Bjargaðu mér, ó Guð! Flýttu þér Drottinn,
að hjálpa mér! 2 Óvinir mínir sækjast eftir
lífi mínu og njóta þess að kvelja mig. 3 Rektu
þá burt með skömm! Stöðvaðu þá! Láttu þá
ekki hæða mig og spotta. 4 Allir þeir sem leita
Guðs skulu fagna og gleðjast. Þeir sem elska
hjálpræði þitt hrópi: „Lofaður sé Guð!“ 5 En ég
er í miklum vanda ó, Guð! Flýttu þér að hjálpa
mér! Þú ert sá eini sem getur bjargað. Drottinn
minn, láttu það ekki dragast!

71 Drottinn, þú ert skjól mitt! Ekki yfirgefa
mig! 2 Frelsaðu mig frá óvinum mínum,
því að þú er réttlátur. Bjargaðu mér! Snúðu
eyra þínu að mér og hlustaðu á mína einlægu
bæn. 3 Vertu mér vígi og skjól gegn öllum
árásum. 4 Já, bjargaðu mér ó Guð, frá svikum
þessara illmenna. 5 Drottinn, þú ert mín síðasta
von. Allt frá barnsaldri treysti ég á þig. 6 Frá
fæðingu hefur þú vakað yfir mér og verndað
mig – skyldi ég ekki vegsama þig?! 7 Velgengni
mína, sem margir undrast, á ég vernd þinni
að þakka. 8 Ég vil lofa þig liðlangan daginn,
ó Guð, því að alls góðs hef ég notið úr hendi
þinni. 9 Nú þegar aldurinn færist yfir, þá vísa
mér ekki frá. Hafnaðu mér ekki þegar þrekið
minnkar. 10 Óvinir mínir hvísla: 11 „Guð hefur
yfirgefið hann! Nú er hann auðveld bráð. Hann
hefur engan sér til hjálpar!“ 12 Guð minn, farðu
ekki frá mér! Komdu fljótt og hjálpaðu mér!
13 Útrýmdu þeim. Láttu þá verða til skammar
sem óska mér óhamingju. 14 En ég mun áfram
treysta þér og ekki draga úr lofgjörð minni!
15 Oftsinnis frelsaðir þú mig úr bráðri hættu.
Ég vitna og rifja upp gæsku þína og daglega
umhyggju. 16 Drottinn, styrkur þinn heldur
mér uppi. Það skulu allir vita að þú einn ert
góður og réttlátur. 17 Guð minn, allt frá æsku
hjálpaðir þú mér – um dásemdarverk þín hef ég

ekki þagað. 18 Nú er ég orðinn gamall og hárin
grá, en Drottinn yfirgefðu mig ekki! Láttu mig
lifa enn um stund, svo að unga kynslóðin fái
að heyra um máttarverk þín. 19 Kraftur þinn
og kærleikur, Drottinn, nær til himna. Ó, hve
það er dásamlegt! Hvar er slíkan Guð að finna
sem þig?! 20 Þú hefur sent okkur margvíslegt
mótlæti – en ég veit að þú munt frelsa á ný og
leyfa okkur að lifa! 21 Þú munt auka við heiður
minn og hugga mig að nýju. 22 Ég leik á hörpu
mína og lofa þig, því að öll þín orð og fyrirheit
hafa staðist, þú hinn heilagi í Ísrael. 23 Ég vil
lofa þig hárri röddu, því að þú hefur frelsað
mig! 24 Liðlangan daginn vitna ég um ást þína
og réttlæti, því að óvinir mínir sem óskuðu mér
ógæfu, voru auðmýktir og roðnuðu af skömm.

72 Guð, hjálpa þú konunginum, að hann fái
skorið úr málum manna eftir vilja þínum
og hjálpaðu syni hans til að gera rétt. 2 Gefðu
að hann dæmi þjóð þína með sanngirni og láti
hina snauðu ná rétti sínum. 3 Stjórnspeki hans
leiði af sér velferð og grósku. 4 Styrktu hann að
vernda fátæklinga og þurfandi og eyða kúgurum
þeirra. 5 Þá mun hann lifa meðan sólin skín
og tunglið gefur birtu. Já, að eilífu! 6 Stjórn
hans verður mild og góð eins og gróðrarskúr á
sprettutíma. 7 Á ríkisárum hans mun réttlætið
blómgast og friður eflast, já, meðan veröldin
er til. 8 Ríki hans mun ná frá hafi til hafs, frá
Evfrat-fljóti til endimarka jarðar. 9 Óvinir hans
munu lúta honum og leggjast flatir á jörðina
við fætur hans. 10 Konungarnir frá Tarsus og
eylöndunum munu færa honum gjafir, og skatt
þeir frá Saba og Seba. 11 Allir konungar munu
lúta honum og þjóðir þeirra þjóna honum.
12 Hann mun bjarga hinum snauða er hrópar
á hjálp, og hinum þjáða sem enginn réttir
hjáparhönd. 13 Hann aumkast yfir bágstadda og
þá sem ekkert eiga og liðsinnir fátæklingum. 14
Hann verndar þá og leysir frá ofríki og kúgun
því að líf þeirra er dýrmætt í augum hans. 15
Lífið blasir við honum og menn munu gefa
honum gull frá Saba. Hann mun njóta fyrirbæna
margra og fólk mun blessa hann liðlangan
daginn. 16 Landið mun gefa góða uppskeru,
einnig til fjalla eins og í Líbanon. Fólki mun
fjölga í borgunum eins og gras vex á engi! 17
Nafn hans mun lofað að eilífu og meðan sólin
skín mun orðstír hans aukast. Allir munu óska
sér blessunar hans og þjóðirnar segja hann
sælan. 18 Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels, hann
einn gerir furðuverk. 19 Lofað sé hans dýrlega
nafn að eilífu! Öll jörðin fyllist dýrð hans! Amen,
já amen! 20 (Hér enda sálmar Davíðs Ísaísonar.)

73 Guð er góður við Ísrael! Hann er góður
þeim sem hreinlyndir eru. 2 En hvað um
mig? Ég var kominn á ystu nöf. Það munaði
engu að mér skrikaði fótur og ég félli! 3 Ég hafði
fyllst gremju út af velgengni hinna hrokafullu.
4 Þeim virtist ganga allt í haginn. Þeir eru
hraustir og sterkir. 5 Þeir virðast lausir við alla
erfiðleika og áföll sem henda aðra. 6 Hrokinn
er eins og glitrandi festi um háls þeirra og
þeir eru sveipaðir ofríki eins og skikkju. 7
Þeir belgjast út af offitu og augu þeirra tútna
af ágirnd. 8 Þeir hæðast að Guði og hafa í
hótunum við fólk hans. Hroki er í hverju orði.
9 Þeir stæra sig gegn himninum og blaðrið í
þeim heyrist um allar jarðir. 10 Þjóð Guðs er
orðlaus og gleypir í sig boðskap þeirra. 11 „Guð
virðist láta þá í friði, “segir fólk, 12 „já, þessir
guðleysingjar lifa áhyggjulausu lífi og verða
ríkari með hverjum degi.“ 13 Hef ég eytt tíma
mínum til einskis? Er til nokkurs að kappkosta
að lifa heiðvirðu lífi? 14 Allt sem ég hef upp
úr því er erfiði og strit – alla daga, sí og æ!
15 Ef ég talaði með þessum hætti, væri ég að
bregðast lýð þínum. 16 En þetta er samt svo
torskilið – velgengni þeirra sem hata Drottin.
17 En dag einn fór ég í helgidóm Drottins til að
íhuga, og þá hugleiddi ég framtíð þessara vondu
manna. 18 Sá vegur sem þeir ganga mun enda í
skelfingu. Skyndilega mun þeim skrika fótur og
þeir hrasa og steypast fram af brúninni, niður í
hyldýpið. 19 Það verður snöggur endir á allri
„gæfunni“, skyndileg tortíming. 20 Líf þeirra
líkist draumi. Þeir munu vakna til veruleikans,
eins og þegar menn vakna af draumsvefni og
sjá að allt var ímyndun ein! 21 Þegar ég skyldi
þetta, fylltist ég hryggð og leið illa. 22 Ég sá
hve heimskur og fávís ég var. Ég hlýt að vera
eins og skynlaus skepna í þínum augum, Guð!
23 En samt elskar þú mig! Þú heldur í hægri
hönd mína og varðveitir mig. 24 Og áfram munt
þú leiða mig með vísdómi þínum og speki. 25
Hvern á ég að á himnum nema þig? Og þú ert
sá sem ég þrái mest á jörðu! 26 Heilsu minni
hrakar og hjarta mitt þreytist, en Guð lifir!
Hann er styrkur minn, ég fæ að tilheyra honum
að eilífu. 27 Drottinn, þeir sem hafna þér munu

farast, því að þú eyðir þeim sem þjóna öðrum
guðum. 28 En hvað um mig? Ég vil komast eins
nálægt Guði og ég get! Ég hef kosið að trúa á
Drottin. Hann er skjól mitt. Ég vil vitna um það
í allra áheyrn að margsinnis hefur hann bjargað
mér á undursamlega hátt.

74 Guð, hvers vegna hefur þú hafnað okkur
fyrir fullt og allt? Af hverju ertu reiður?
Við erum þó þín eigin hjörð? 2 Mundu, að við
erum þjóðin þín – fólkið sem þú forðum leystir
úr útlegð og valdir þér til eignar og gleði. Þú
útvaldir Jerúsalem sem bústað þinn á jörðu. 3
Fáðu þér göngu og skoðaðu rústirnar! Sjáðu,
óvinirnir hafa eyðilagt borgina og musteri
þitt. 4 Þar, já, inni í helgidómnum, æptu þeir
heróp, reistu stríðsfána sína og guðamyndir
og fögnuðu sigri! 5 Allt er eins og rjúkandi
rúst, eins og brunninn skógur. 6 Með öxum
sínum og sleggjum hjuggu þeir og brutu allan
útskurðinn. 7 Þeir kveiktu í musterinu og
gjöreyddu helgidóm þinn, Drottinn. 8 „Þurrkum
út allt sem minnir á Drottin!“öskruðu þeir og
brenndu síðan öll samkomuhús Guðs í landinu.
9 Ekkert er nú eftir sem sýnir að við séum
þín útvalda þjóð. Spámennirnir eru horfnir
og hver getur þá sagt okkur hvenær þessi
ósköp munu enda? 10 Hve lengi ætlar þú Guð
að leyfa óvinum þínum að óvirða nafn þitt?
Ætlar þú að láta þá komast upp með þetta að
eilífu? 11 Eftir hverju ertu að bíða? Af hverju
gerir þú ekkert? Ó, rektu þá burt með þinni
sterku hendi! 12 Guð, þú ert konungur minn
frá alda öðli. Hjálpar þinnar hef ég notið á
öllum mínum ferðum. 13 Þú klaufst hafið með
mætti þínum, 14 molaðir haus sjávarguðsins! 15
Eftir skipun þinni opnuðust lindir og þar gat
þjóð þín svalað þorstanum. Og þú þurrkaðir
fyrir þau farveg Jórdanar, sem annars streymir
endalaust. 16 Þú stjórnar bæði nóttu og degi
og sólina og stjörnurnar hefur þú skapað. 17
Öll náttúran er á valdi þínu og vetur og sumar
eru þín verk. 18 Drottinn líttu á, óvinir þínir
spotta þig, ofstopalýður óvirðir nafn þitt! 19 Ó,
Drottinn, frelsaðu mig! Verndaðu turtildúfuna
þína fyrir ránfuglunum. Bjargaðu eignarlýð
þínum úr klóm varganna. 20 Minnstu loforða
þinna! Landið er hulið myrkri og ofbeldismenn
út um allt. 21 Drottinn, þjóð þín er kúguð, en
láttu hana ekki þurfa að þola þessa svívirðing
endalaust. Leyfðu hinum fátæku og hrjáðu að
lofa nafn þitt! 22 Komdu, ó Guð, og ákærðu
óvini okkar. Hlustaðu á óþverrann sem þessi
illmenni ausa yfir þig alla daga! 23 Gleymdu
ekki formælingum óvina þinna, þær glymja
hærra og hærra.

75 Þökk sé þér Drottinn! Máttarverk þín
staðfesta umhyggju þína. 2 „Já, “svarar
Drottinn, „og þegar stundin er komin mun ég
refsa öllum illgjörðamönnum! 3 Þótt jörðin nötri
og íbúar hennar skjálfi af ótta, eru undirstöður
hennar traustar, enda verk handa minna!“ 4
Ég sagði hinum hrokafullu að láta af drambi
sínu og illmennunum að hætta sínum ögrandi
augnagotum, 5 að láta af þrjósku og hroka.
6 Velgengni og völd getur enginn þakkað sér
sjálfum, 7 allt eru það gjafir frá Guði. Hann
upphefur einn, en niðurlægir annan. 8 Drottinn
heldur á bikar fullum af freyðandi víni – það er
dómurinn gegn illmennum heimsins. Þau skulu
drekka hann í botn! 9 En ég mun vegsama Guð
um aldur og ævi. 10 Styrkur hinna óguðlegu
verður að engu, en réttlátir skulu ríkja með
reisn.

76 Orðstír Drottins er mikill í Júda og Ísrael.
2 Bústaður hans er í Jerúsalem. Hann situr
á Síonfjalli. 3 Þar sundurbraut hann vopn óvina
okkar. 4 Öll háreist fjöll blikna í ljóma dýrðar
hans! 5 Úrvalslið óvinanna er gjörsigrað! Þeir
liggja flatir, sofnaðir svefninum langa. Enginn
þeirra getur framar lyft hendi. 6 Þegar þú,
Guð Jakobs, hastaðir á þá, féllu bæði hestar og
riddarar. 7 Ekki er að undra þótt menn óttist
þig! Hver fær staðist reiði Guðs?! 8 Þegar þú
birtir þeim dóminn frá himnum, þá nötraði
jörðin og þagnaði fyrir þér. 9 Þú stígur fram
til að refsa illgjörðamönnunum, en verndar
hina auðmjúku. 10 Þegar við sjáum heimsku og
reiði mannanna, þá skiljum við enn betur hve
dýrð þín er mikil. 11 Efnið heitin sem þið gáfuð
Drottni, Guði ykkar. Allir sem umhverfis hann
eru færa honum gjafir. Þeir nálgast hann með
óttablandinni virðingu. 12 Hann er sá sem lægir
ofstopa höfðingjanna og kemur konungum
jarðarinnar á kné!

77 Ég ákalla Drottin. Ég hrópa og kalla til
hans. Ó, að hann vildi hlusta! 2 Ég er í
miklum vanda og þarfnast mjög hjálpar hans.
Alla nóttina er ég á bæn, ég lyfti höndum til
himins, – ég bið og bið. Ég mun ekki eiga glaðan

dag fyrr en Drottinn hefur hjálpað mér. 3 Ég
hugsa um Guð, mikið þrái ég hjálp hans! 4
Drottinn, mér mun ekki koma dúr á auga fyrr
en þú hefur hjálpað mér. Ég er við það að
gefast upp, jafnvel bænin er mér erfið. 5 Góðar
minningar liðinna ára leita sífellt á huga minn.
6 Þá sungum við gleðiljóð langt fram á kvöld!
Ég velti þessu fyrir mér, íhuga hve allt hefur
breyst. 7 Hefur Drottinn hafnað mér fyrir fullt
og allt? Mun hann ekki miskunna mér framar?
8 Elskar hann mig ekki lengur og er umhyggja
hans búin fyrir fullt og allt? Gekk hann á bak
orða sinna? 9 Gleymdi hann miskunn sinni við
mig, vesalinginn? Hefur hann í reiðikasti lokað
dyrum kærleika síns? 10 „Þetta eru örlög mín,
“sagði ég, „blessun Guðs hefur snúist í bölvun.“
11 Ég renni huganum yfir alla þá blessun sem ég
hef notið frá Guði. 12 Sú gæfa gleymist seint!
– Já, hún líður mér aldrei úr minni! 13 Guð
minn, þínir vegir eru heilagir. Hvar skyldi aðra
eins að finna? 14 Þú ert Guð undra og tákna.
Stórvirki þín blasa við augum. 15 Með þinni
voldugu hendi bjargaðir þú sonum Jakobs og
Jósefs. 16 Þegar Rauðahafið sá þig, ókyrrðist
það! Jafnvel djúpið skalf af ótta! 17 Það varð
skýfall og þrumur bergmáluðu um himininn.
Elding leiftraði. 18 Þrumurnar tjáðu reiði þína
og eldingarnar lýstu upp jörðina! 19 Þú lagðir
veg gegnum hafið – veg sem enginn þekkti
áður! 20 Þú leiddir fólk þitt þessa leið eins og
fjárhóp, undir leiðsögn Móse og Arons.

78 Þjóð mín, hlustaðu á kenningu mína. Gefðu
gaum að því sem ég hef að segja. 2 Nú ætla
ég að rifja upp fyrir þér liðna atburði, 3 frásagnir
sem varðveist hafa frá kynslóð til kynslóðar. 4
Ég birti ykkur sannleikann, svo að þið getið sagt
börnum ykkar frá dásemdarverkum Drottins,
öllum þeim undrum sem hann vann. 5 Lögmál
sitt gaf hann Ísrael og bauð forfeðrunum að
kenna það börnum sínum 6 sem síðan skyldu
kenna það sínum afkomendum. Þannig skyldi
lögmál hans berast frá einni kynslóðinni til
annarrar. 7 Því hefur sérhver kynslóð getað
haldið lög Guðs, treyst honum og heyrt um
hans dásemdarverk. 8 Ný kynslóð skyldi ekki
þurfa að fara að fordæmi feðra sinna sem voru
þrjóskir, óhlýðnir og ótrúir og forhertu sig gegn
Guði. 9 Þótt íbúar Efraím væru alvopnaðir, þá
flúðu þeir þegar að orustunni kom. 10 Þannig
rufu þeir sáttmálann við Guð og fóru sína eigin
leið. 11 Þeir gleymdu máttarverkum Drottins,
12 sem hann hafði fyrir þá gert og forfeður
þeirra í Egyptalandi, 13 þegar hann klauf hafið
og leiddi þá yfir þurrum fótum. Vatnið stóð
eins og veggur til beggja handa! 14 Að degi til
leiddi hann þá með skýi, en eldstólpa um nætur.
15 Hann rauf gat á klettinn í eyðimörkinni.
Vatnið streymdi fram og þeir svöluðu þorsta
sínum. 16 Já, það flæddi frá klettinum, líkast
rennandi á! 17 Samt héldu þeir fast við þrjósku
sína og syndguðu gegn hinum hæsta Guði. 18
Þeir kvörtuðu og kveinuðu og heimtuðu annað
að borða en það sem Guð gaf þeim. 19 Þeir
ásökuðu jafnvel sjálfan Guð og sögðu: 20 „Hann
gaf okkur vatn, en hvers vegna fáum við ekki
brauð eða kjöt?!“ 21 Drottinn hlustaði og honum
rann í skap, reiði hans upptendraðist gegn
Ísrael. 22 Enda treystu þeir honum ekki, né
trúðu forsjá hans. 23 Jafnvel þótt hann lyki upp
himninum – eins og glugga! – 24 og léti manna
rigna niður. 25 Já, þeir átu englabrauð! – og
urðu mettir. 26 Þá lét hann austanvind blása
og stýrði vestanvindinum með krafti sínum.
27 Og viti menn, fuglum rigndi af himni, –
þeir voru eins og sandur á sjávarströnd! 28
Af hans völdum féllu þeir til jarðar um allar
tjaldbúðirnar. 29 Og fólkið át nægju sína. Hann
mettaði hungur þeirra. 30 En varla höfðu þeir
lokið matnum – fæðan var enn í munni þeirra,
31 þá reiddist Drottinn þeim og lagði að velli
æskumenn Ísraels. 32 En þeir sáu sig ekki
um hönd, en héldu áfram að syndga og vildu
ekki trúa kraftaverkum Drottins. 33 Þess vegna
stytti hann ævi þeirra og sendi þeim miklar
hörmungar. 34 En þegar neyðin var stærst, tóku
þeir að leita Guðs. Þeir iðruðust og snéru sér
til hans. 35 Þeir viðurkenndu að Guð er eini
grundvöllur lífsins – að hinn hæsti Guð væri
frelsari þeirra. 36 En því miður fylgdu þeir
honum aðeins í orði kveðnu, en ekki af heilum
hug, 37 hjarta þeirra var langt frá honum.
Þeir stóðu ekki við orð sín. 38 Samt var hann
þeim miskunnsamur, fyrirgaf syndir þeirra og
tortímdi þeim ekki. Margoft hélt hann aftur
af reiði sinni. 39 Hann minntist þess að þeir
voru dauðlegir menn, eins og andblær sem
kemur og fer. 40 Já, oft risu þeir gegn Guði í
eyðimörkinni og ollu honum vonbrigðum. 41
Aftur og aftur sneru þeir við honum baki og
freistuðu hans. 42 Þeir gleymdu krafti hans
og kærleika og hvernig hann hafði frelsað þá

frá óvinum þeirra. 43 Þeir gleymdu plágunum
sem hann sendi Egyptum í Sóan 44 þegar hann
breytti fljótum þeirra í blóð, svo að enginn
gat drukkið. 45 Eða þegar hann fyllti landið
af flugum og froskum! 46 Lirfurnar spilltu
uppskerunni og engispretturnar átu allt, hvort
tveggja var frá honum komið. 47 Hann eyddi
vínviði þeirra með hagléli og mórberjatrjánum
með frosti. 48 Búpeningurinn hrundi niður
í haganum, haglið rotaði hann og sauðirnir
drápust í eldingum. 49 Hann úthellti reiði sinni
yfir þá, sendi þeim ógn og skelfingu. Hann
leysti út sendiboða ógæfunnar – engla sem létu
þá kenna á því! 50 Hann gaf reiðinni lausan
tauminn. Og ekki hlífði hann Egyptunum. Þeir
fengu vænan skerf af plágum og sjúkdómum. 51
Þá deyddi hann frumburði Egypta, efnilegan
ungviðinn, sem vonirnar voru bundnar við. 52
Sinn eigin lýð leiddi hann styrkri hendi gegnum
eyðimörkina. 53 Hann var skjól þeirra og vörn.
Þeir þurftu ekkert að óttast, en hafið gleypti
óvini þeirra. 54 Hann greiddi för þeirra til
fyrirheitna landsins, til hæðanna sem hann
hafði skapað. 55 Íbúum landsins stökkti hann á
flótta en gaf þar ættkvíslum Ísraels erfðahlut
og skjól. 56 En þótt þeir nytu gæsku Guðs, risu
þeir gegn hinum hæsta og fyrirlitu boðorð
hans. 57 Þeir sneru af leið og rufu trúnað rétt
eins og feður þeirra. Eins og bogin ör misstu
þeir marksins sem Guð hafði sett þeim. 58 Þeir
tóku aðra guði, reistu þeim ölturu og egndu
Drottin á móti sér. 59 Guð sá verk þeirra og
reiddist – fékk viðbjóð á Ísrael. 60 Hann yfirgaf
helgidóm sinn í Síló, bústað sinn meðal manna.
61 Örk sína lét hann falla í hendur óvinanna
og vegsemd hans var óvirt af heiðingjum. 62
Hann reiddist lýð sínum og lét hann falla fyrir
sverði óvinanna. 63 Æskumenn Ísraels fórust
í eldi og ungu stúlkurnar upplifðu ekki sinn
brúðkaupsdag. 64 Prestunum var slátrað og
ekkjur þeirra dóu áður en þær gátu harmað þá.
65 Þá var sem Drottinn vaknaði af svefni, eins
og hetja sem rís upp úr vímu, 66 og hann gaf
þeim vænt spark í bakhlutann og sendi þá burt
með skömm, sömu leið og þeir komu. 67 Hann
hafnaði fjölskyldu Jósefs, ætt Efraíms, 68 en
kaus Júdaættkvísl og Síonfjall, sem hann elskar.
69 Þar reisti hann musteri sitt – voldugt og
traust rétt eins og himin og jörð. 70 Hann kaus
Davíð sem þjón sinn, tók hann frá sauðunum,
71 úr smalamennskunni, til að verða leiðtogi og
hirðir þjóðar sinnar. 72 Og hann gætti hennar
af öryggi og með hreinu hjarta.

79 Guð, – hefur þú ekki heyrt: Heiðingjarnir
hafa ráðist inn í land þitt! Musterið hefur
verið saurgað og Jerúsalem er rjúkandi rúst!
2 Lík þinna manna liggja á bersvæði og eru
fæða hræfugla og villidýra! 3 Óvinirnir hafa
stráfellt íbúa Jerúsalem, svo að allt flýtur í
blóði. Enginn er eftir til að grafa hina föllnu. 4
Nágrannaþjóðirnar hæða okkur og spotta og
ausa svívirðingum. 5 Drottinn, hversu lengi
ætlar þú að vera okkur reiður? Að eilífu? Á
vandlæti þitt að brenna þar til öll von er úti?!
6 Úthelltu heldur reiði þinni yfir guðlausu
þjóðirnar, ekki okkur! Já, yfir konungsríkin sem
ekki ákalla nafn þitt. 7 Það eru þau sem hafa
útrýmt þjóð þinni og ráðist inn á hvert heimili.
8 Við biðjum þig: Láttu okkur ekki gjalda löngu
drýgðra synda forfeðranna! Miskunnaðu þig
yfir eymd okkar, því að við höfum verið troðnir
niður í svaðið! 9 Hjálpaðu okkur, því að þú ert
frelsari okkar! Hjálpaðu okkur, vegna þíns eigin
orðstírs! Frelsaðu okkur og fyrirgefðu okkur
syndirnar. 10 Hvers vegna fá heiðnu þjóðirnar
að hæða okkur og segja: „Hvar er þessi Guð
ykkar?!“Hefndu ófara lýðs þíns svo að eftir verði
tekið! 11 Hlustaðu á stunur fanganna og hinna
dauðadæmdu. Sýndu mátt þinn og frelsaðu þá.
12 Drottinn, láttu þá fá sjöfalt endurgjald, þessar
þjóðir sem hæða þig og spotta! 13 Þá munum
við, þjóð þín og gæsluhjörð, lofa þig að eilífu og
þakka mikilleika þinn frá kynslóð til kynslóðar.

80 Þú hirðir Ísraels sem leiðir þjóð þína eins og
hjörð. Þú Guð sem situr á hásæti uppi yfir
verndarenglunum, beygðu þig niður og hlustaðu
á bæn mína. Láttu veldi þitt birtast í geisladýrð!
2 Leyfðu ættkvíslum Efraíms, Benjamíns og
Manasse að verða vitni að því er þú frelsar
okkur með mætti þínum. 3 Dragðu okkur til þín
á ný, ó Guð. Líttu til okkar með velþóknun og
kærleika, það er okkar eina von. 4 Ó, Drottinn,
þú Guð sem stjórnar hersveitum himnanna,
hve lengi ætlar þú að draga bænheyrsluna og
láta reiði þína haldast? 5 Þú hefur alið okkur
á sorg og sút 6 og gert okkur að andstyggð í
augum nágrannaþjóðanna sem hæða okkur og
spotta. 7 Drottinn hersveitanna, dragðu okkur
til þín á ný. Líttu til okkar með velþóknun og
kærleika, annars er úti um okkur. 8 Þú fluttir
okkur frá Egyptalandi eins og gæðavínvið,

upprættir heiðingjana og gróðursettir okkur í
landinu. 9 Þú plægðir jörðina og braust landið,
við skutum rótum og klæddum hæðirnar. 10
Við skyggðum á fjöllin og breiddum úr okkur
eins og greinar sedrustrésins, 11 þöktum landið
frá Miðjarðarhafi og allt til Evfrat. 12 En nú
hefur þú brotið niður múra okkar og eftir
stöndum við varnarlausir. 13 Landið hefur verið
eytt og er nú orðið að bústað villidýra. 14 Við
biðjum þig, þú Guð hinna himnesku hersveita,
komdu og blessaðu okkur. Líttu niður af himni,
sjáðu þjáningar okkar og hlúðu að þessum
vínviði þínum! 15 Vernda það sem þú sjálfur
gróðursettir, einkasoninn þinn! 16 Óvinirnir
lögðu okkur að velli og kveiktu í borgunum. Þeir
farast fyrir augliti þínu! 17 Styrktu manninn
sem þú elskar, soninn sem þú valdir 18 og við
munum aldrei snúa við þér baki. Lífgaðu okkur
á nýjan leik og þá skulum við ákalla þig. 19
Drottinn, Guð hersveitanna, dragðu okkur til
þín á ný. Líttu niður til okkar og láttu okkur sjá
velþóknun þína.

81 Guð er okkar styrkur! Syngið lofsöng og
fagnið fyrir Guði Ísraels! 2 Syngið lofsöng
og berjið bumbur, sláið strengi hörpunnar og
látið gígjurnar hljóma! 3 Lúðurinn hvelli! Komið
til fagnaðar þegar tunglið er fullt og fjölmennið
á hátíðir Drottins. 4 Þetta er regla í Ísrael;
boðorð frá Guði Jakobs. 5 Við höldum hátíð og
minnumst sigurs Drottins á Egyptum þegar við
vorum þrælar þar í landi. Ég heyrði ókunna
rödd sem sagði: 6 „Ég vil varpa af þér byrðinni,
losa af þér ánauðarfjötrana.“ 7 Og hann hélt
áfram: „Þú hrópaðir í neyðinni og ég frelsaði
þig. Ég svaraði þér úr þrumuskýi. Ég reyndi
trú þína hjá Meríba, þar sem þorstinn var
sár. 8 Hlustaðu nú á mig, þjóð mín, þegar ég
áminni þig. Ísrael, ó, að þú vildir hlýða mér. 9
Engum öðrum guðum mátt þú þjóna og ekki
tilbiðja neina útlenda guði. 10 Því að það var ég,
Drottinn, Drottinn Guð þinn sem leiddi þig út
úr Egyptalandi. Prófa þú mig einu sinni enn.
Opnaðu munninn og sjáðu hvort ég muni ekki
fylla hann. Þú munt vissulega fá hjá mér hverja
þá blessun sem þú þarft! 11 Nei, annars – þjóð
mín vill ekki hlusta á mig. Ísrael kærir sig ekki
um mig. 12 Þess vegna leyfi ég þeim að ráfa
í blindni á vegum þrjósku sinnar og lifa eftir
sínum eigin girndum. 13 Aðeins ef þjóð mín
vildi hlusta á mig! Ó, að Ísrael kysi nú að fylgja
mér, ganga á mínum vegum! 14 Þá mundi ég
skjótlega brjóta óvini þeirra á bak aftur – reiða
hnefann gegn kúgurum þeirra. 15 Þá mundu
hatursmenn Drottins skríða fyrir honum og
ógæfa þeirra vara við. 16 En ykkur mundi hann
ala vel! Já, gefa ykkur hunang úr klettaskoru!“

82 Guð stígur fram á himnum. Hann segir:
„Réttur er settur!“Síðan birtir hann
úrskurð sinn gegn dómurum á jörðu. 2 Hve lengi
ætlið þið, dómarar, að sniðganga réttlætið? Hve
lengi ætlið þið að draga taum hinna ranglátu? 3
Kveðið upp réttláta dóma í málum hinna fátæku
og föðurlausu, bágstöddu og þjáðu, 4 Losið
fátæklingana úr klóm hinna guðlausu! 5 Þið
eruð sljóir og fáfróðir og blindir. Þess vegna
riðar þjóðfélagið til falls. 6 Ég hef kallað ykkur
„guði“og „syni hins hæsta“, 7 en í raun og veru
eruð þið aðeins dauðlegir menn. Þið munuð
falla rétt eins og aðrir af höfðingjunum. 8 Rís þú
upp, ó Guð, og dæmdu jörðina. Þú hefur hana á
valdi þínu og þjóðirnar eru í þinni hendi.

83 Guð, vertu ekki þögull og afskiptalaus
þegar við biðjum til þín. Svaraðu okkur!
Já, bjargaðu okkur! 2 Heyrirðu ekki skarkalann
og ysinn í hópi óvina þinna? Sérðu ekki hvað
þeir aðhafast, þessir hatursmenn þínir? 3 Þeir
eru með ráðagerðir um að tortíma þeim sem
þú elskar! 4 „Komum!“segja þeir, „þurrkum út
Ísrael, svo að þeir hætti að vera til og gleymist.“
5 Þetta var samþykkt af leiðtogum þeirra.
Þessir undirrituðu sáttmála um að fylkja liði
gegn almáttugum Guði: 6 Ísmaelítar, Edomítar,
Móabítar og Hagrítar. 7 Einnig Gebalmenn,
Ammon, Amalek, Filistear og Týrusbúar. 8
Assýría hefur líka slegist í hópinn og gjört
bandalag við afkomendur Lots. 9 Farðu með
þá eins og Midíansmenn forðum, já eins og þú
fórst með Sísera og Jabín við Kíshonlæk 10 og
með óvini þína við Endór, en lík þeirra urðu að
áburði á jörðina. 11 Láttu höfðingja þeirra falla
eins og Óreb og Seeb, foringja þeirra deyja líkt
og Seba og Salmúna 12 sem sögðu: „Leggjum
undir okkur haglendi Drottins!“ 13 Þú, Guð
minn, feyktu þeim burt eins og ryki, eins og
hismi fyrir vindi 14 – eins og skógi sem brennur
til ösku. 15 Flæmdu þá burt í óveðri, skelfdu þá
með fellibyl þínum. 16 Drottinn, láttu þá kenna
á andúð þinni uns þeir viðurkenna mátt þinn
og vald. 17 Láttu öll þeirra verk mistakast, svo
að þeir skelfist og blygðist sín 18 og viðurkenni

að þú einn, Drottinn, ert Guð yfir öllum guðum
og að jörðin öll er á þínu valdi.

84 Ó, hve musteri þitt er yndislegt, þú
Drottinn hersveitanna. 2 Mig langar svo
mjög, já ég þrái, að nálgast þig, hinn lifandi Guð.
3 Jafnvel spörvum og svölum leyfist að búa sér
hreiður innan um ölturu þín og eiga þar unga
sína. Þú Drottinn hinna himnesku hersveita,
konungur minn og Guð minn! 4 Sælir eru þeir
sem fá að búa í musteri þínu og syngja þér lof. 5
Sælir eru þeir sem fá styrk frá þér og þrá það eitt
að ganga veg þinn. 6 Þegar þeir ganga gegnum
táradalinn, þá breytir þú honum í vatnsríka
vin og haustregrúð færir þeim blessun. 7 Þeir
styrkjast á göngunni og fá að lokum að ganga
fram fyrir Drottin í musteri hans á Síon. 8
Drottinn, Guð hersveitanna, heyrðu bæn mína!
Hlusta þú Guð Ísraels. 9 Guð, þú ert vörn okkar,
miskunna honum sem þú smurðir til konungs.
10 Einn dagur í musteri þínu er betri en þúsund
aðrir sem eytt er á öðrum stað! Frekar vildi ég
vera dyravörður í musteri Guðs míns, en búa í
höllum óguðlegra. 11 Því að Drottinn er okkur
ljós og skjöldur. Vegsemd og náð veitir hann.
Hann neitar þeim ekki um nein gæði sem hlýða
honum. 12 Drottinn hersveitanna, sæll er sá
maður sem treystir þér.

85 Drottinn, þú hefur baðað land þetta
blessun! Þú hefur snúið hlutunum Ísrael
í hag 2 og fyrirgefið syndir þjóðar þinnar, já,
hulið þær allar! 3 Reiði þína hefur þú líka
dregið í hlé. 4 Dragðu okkur nær þér svo að við
getum elskað þig heitar, að þú þurfir ekki að
reiðast okkur á ný. 5 (Eða mun reiði þín vara
að eilífu, frá kynslóð til kynslóðar?) 6 Lífgaðu
okkur við, þjóð þína, svo að við getum aftur
lofað þig. 7 Leyfðu okkur að njóta elsku þinnar
og gæsku, ó Guð, og veittu okkur hjálp þína. 8
Þegar Drottinn talar til þjóðar sinnar, hlusta ég
vel, þegar hann ávarpar sinn útvalda lýð. Hann
flytur okkur frið og velgengni þegar við snúum
hjörtum okkar til hans. 9 Vissulega njóta þeir
hjálpar hans þeir sem hlýða honum og heiðra
hann. Velgengni og blessun hans mun breiðast
yfir allt landið. 10 Miskunn og sannleikur munu
mætast, réttlæti og friður kyssast! 11 Trúfestin
eflist á jörðu og réttlætið brosir frá himni! 12
Drottinn blessar landið og það ber margfalda
uppskeru. 13 Réttlæti og friður fylgir Drottni.

86 Drottinn, líttu til mín! Hlustaðu á bæn
mína! Svaraðu mér því að ég er í nauðum
staddur. 2 Bjargaðu mér frá dauða, því að ég
tilheyri þér. Frelsaðu mig, því að ég treysti
þér og hlýði. 3 Miskunna mér, Drottinn. Ég
mæni til þín og vona á þig liðlangan daginn.
4 Drottinn, leyfðu mér að gleðjast því að ég
tilbið þig einan. 5 Drottinn, þú ert mildur og
góður og fús að fyrirgefa, gæskuríkur við alla
sem ákalla þig. 6 Heyr þú bæn mína Drottinn,
því að ég ákalla þig í neyð minni. 7 Þegar ég
er í vanda staddur hrópa ég til þín því að þú
hjálpar mér. 8 Enginn hinna heiðnu guða stenst
samjöfnuð við þig! Þín verk eru engu lík! 9
Þjóðirnar – þú skapaðir þær allar – munu koma
og lúta þér. Þær munu lofa þitt háa og heilaga
nafn 10 því að þú ert mikill og gerir furðuverk.
Þú einn ert Guð! 11 Sýndu mér, Drottinn, hvert
þú vilt senda mig og þangað mun ég fara, því
það er vegur sannleikans. Ó, að ég gæti tignað
þig af heilu hjarta og hreinni samvisku! 12 Ég
lofa þig Drottinn Guð minn af öllu hjarta. Ég
vil vegsama nafn þitt að eilífu. 13 Mikill er
kærleikur þinn! Þú ert mér alltaf svo góður!
Þú frelsaðir mig úr djúpi heljar. (Sheol h7585) 14
Ofstopamenn rísa gegn mér. Guðlaus illmenni
vilja ryðja mér burt. 15 En þú, Drottinn, ert
miskunnsamur Guð, seinn til reiði, langlyndur
og trúr. 16 Líttu til mín í náð og styrktu mig. Ég
er þjónn þinn, frelsaðu mig. 17 Gefðu mér tákn
um að þú elskir mig. Þegar óvinir mínir sjá það,
munu þeir blygðast sín því að þú hjálpar mér
og huggar mig.

87 Hátt á hinu heilaga fjalli, stendur
Jerúsalem, borg Guðs – 2 borgin sem hann
elskar öllum borgum framar. 3 Vel er um þig
talað, þú borg Guðs! 4 Ef ég í vinahópi minnist
á Egyptaland eða Babýlon, Filisteu eða Týrus
eða hið fjarlæga Bláland, þá hrósa þeir sér
sem fæddir eru á þessum stöðum. 5 En mestur
heiður fylgir Jerúsalem! Hún er móðirin og gott
er að vera fæddur þar! Hann, hinn hæsti Guð,
mun sjálfur vernda hana. 6 Þegar Drottinn lítur
yfir þjóðskrárnar, mun hann merkja við þá sem
hér eru fæddir! 7 Á hátíðum og tyllidögum
munu menn syngja: „Jerúsalem, uppsprettur
lífs míns eru í þér!“

88 Drottinn, þú Guð minn og hjálpari minn,
ég ákalla þig um daga og nætur. 2 Svaraðu
bænum mínum! Hlustaðu á hróp mitt, 3 því að

ég er altekinn ótta og finn dauðann nálgast.
(Sheol h7585) 4 „Líf hans er að fjara út, “segja
sumir, „það er vonlaust með hann.“ 5 Ég er
einn og yfirgefinn og bíð þess eins að deyja,
rétt eins og þeir sem falla á vígvellinum. 6
Þú hefur varpað mér niður í myrkradjúp. 7
Reiði þín hefur þrýst mér niður, hver holskeflan
á fætur annarri kaffærir mig. 8 Vinir mínir
sneru við mér bakinu og eru horfnir – það
var af þínum völdum. Ég er innikróaður, sé
enga undankomuleið. 9 Augu mín eru blinduð
af tárum. Daglega kalla ég eftir hjálp þinni.
Ó, Drottinn, ég lyfti höndum í bæn um náð!
10 Gerðu kraftaverk svo að ég deyi ekki, því
hvað gagnar mér hjálp þín ef ég ligg kaldur í
gröfinni? Þá get ég ekki lofað þig! 11 Geta hinir
látnu vegsamað gæsku þína? Syngja þeir um
trúfesti þína?! 12 Getur myrkrið borið vitni um
máttarverk þín? Hvernig eiga þeir sem búa í
landi gleymskunnar að tala um hjálp þína? 13
Ó, Drottinn, dag eftir dag bið ég fyrir lífi mínu.
14 Drottinn, hvers vegna hefur þú útskúfað
mér? Af hverju hefur þú snúið þér burt frá mér
og litið í aðra átt? 15 Allt frá æsku hef ég átt
erfiða ævi og oft staðið andspænis dauðanum.
Ég er magnþrota gagnvart örlögum þeim sem
þú hefur búið mér. 16 Heift þín og reiði hefur
lamað mig. Þessi skelfing þín hefur næstum
gert út af við mig. 17 Alla daga hvolfist hún yfir
mig. 18 Ástvinir, félagar og kunningjar – öll eru
þau farin. Ég sit hér einn í myrkri.

89 Ég vil syngja um miskunn Drottins að
eilífu! Ungir sem gamlir skulu fá að heyra
um trúfesti þína. 2 Elska þín og náð vara að
eilífu og trúfesti þín stendur óhögguð eins og
himinninn. 3 Svo segir Drottinn Guð: „Ég hef
gert sáttmála við Davíð, minn útvalda þjón. 4 Ég
hef unnið þann eið, að afkomendur hans skuli
sitja á konungsstóli héðan í frá og að eilífu!“
5 Himinninn lofi máttarverk þín, Drottinn og
herskarar englanna vegsami trúfesti þína. 6
Því að hver á himnum kemst í samjöfnuð
við Guð? Hinn mesti meðal englanna, hver
er hann við hlið Drottins?! 7 Hinir voldugu
englar nálgast hann með ótta og virðingu. Hann
er ægilegur í þeirra augum. 8 Drottinn, þú
konungur hinna himnesku hersveita, enginn
kemst í samjöfnuð við þig! Trúfestin er einkenni
þitt! 9 Þú hefur hemil á ofstopa hafsins, stöðvar
óveðursöldur. Með einu orði lægir þú þær. 10 Þú
rotaðir skrímslið, það lá marflatt – og tvístraðir
óvinum þínum með undramætti. 11 Himinninn
og jörðin, allt er það þitt. Þú skapaðir það. 12
Þú skapaðir norðrið og suðrið líka. Tabor og
Hermon kætast, hin háu fjöll, sem hönd þín
gjörði. 13 Mikill er máttur þinn! Hægri hönd
þín er upphafin í mætti og dýrð! 14 Tvær eru
undirstöður hásætis þíns: Réttvísi og réttlæti,
og miskunn og trúfesti eru fylgdarsveinar þínir.
15 Sælir eru þeir sem heyra fagnaðarópið – þeir
sem ganga í ljósinu sem stafar frá Drottni. 16
Þín vegna gleðjast þeir alla daga og fagna yfir
þínum réttlátu verkum. 17 Þú ert styrkur þeirra.
Þetta er undursamlegt! Já, við hressumst og
gleðjumst því við vitum að þú hefur velþóknun
á okkur! 18 Sjálfur Drottinn er okkar vörn
og hann, hinn heilagi í Ísrael – sjálfur Guð –
hefur gefið okkur konung. 19 Þú talaðir við
spámann þinn í sýn og sagðir: „Ég hef fundið
rétta manninn meðal fólksins, hann skal verða
konungur! 20 Það er Davíð, þjónn minn! Ég hef
smurt hann minni heilögu olíu. 21 Ég vil veita
honum kraft og styrkja hann á göngunni. 22
Óvinir hans skulu ekki fella hann, né illmennin
kúga hann. 23 Ég mun láta hann sjá er ég eyði
óvinum hans og þurrka út hatursmenn hans.
24 Ég mun stöðugt vernda hann og blessa og
umvefja hann elsku minni. Mín vegna mun
hann verða mikill. 25 Ríki hans mun ná frá
Miðjarðarhafi til Evfratfljóts. 26 Hann mun segja
við mig: „Þú ert faðir minn, Guð minn, klettur
hjálpræðis míns.“ 27 Ég mun líta á hann sem
frumgetinn son minn og gera hann fremstan
meðal konunga jarðarinnar. 28 Ég mun elska
hann að eilífu og vera honum góður. Ég mun
halda sáttmála minn við hann að eilífu. 29
Hann mun aldrei skorta erfingja og hásæti hans
mun standa um eilífð eins og himinninn. 30
Ef afkomendur hans hafna lögmáli mínu og
óhlýðnast mér, 31 þá mun ég hegna þeim, 32 en
aldrei mun ég þó hætta að miskunna þeim, 33
né bregðast loforði mínu. 34 Nei, sáttmála minn
mun ég alls ekki rjúfa. Ekkert orða minna tek ég
aftur. 35 Ég hef heitið Davíð því (og hinn heilagi
Guð talar sannleika) 36 að konungsætt hans
mun vara um aldir alda, já rétt eins og sólin! 37
Konungdómur hans skal standa að eilífu eins og
tunglið, – trúfasta vitnið á himninum!“ 38 En, –
hvers vegna hefur þú þá útskúfað mér?! Hafnað
þeim sem þú valdir til konungs? 39 Hefur þú
rofið sáttmálann við hann? Þú sem kastaðir

kórónu hans í skítinn! 40 Múra hans hefur
þú brotið og rifið niður varnarvirkin. 41 Allir
vegfarendur ræna hann. Hann er til háðungar
nágrönnum sínum. 42 Þú magnaðir óvini hans
gegn honum, og nú kætast þeir! 43 Þú slóst
sverð hans til jarðar og neitaðir honum um
hjálp í bardaganum. 44 Þú hefur bundið enda á
vegsemd hans og hrint hásæti hans um koll. 45
Hann lítur út sem öldungur þótt ungur sé, og
það er af þínum völdum. Þú hefur hulið hann
skömm. 46 Ó, Drottinn, hve lengi á þetta ástand
að vara? Ætlar þú að fela þig fyrir mér að eilífu?
Hve lengi á reiði þín að brenna? 47 Mundu hve
mannsævin er stutt og að verk okkar flestra
eru hégómleg og smá. 48 Enginn maður lifir
endalaust. Öll deyjum við að lokum. Og hver
getur stigið upp úr gröf sinni? (Sheol h7585) 49
Drottinn, hvar er nú kærleikur þinn til mín?
Hvar er gæskan sem þú lofaðir Davíð með eiði?
50 Veistu það, Drottinn, að öll þjóðin hæðist að
mér! 51 Óvinir þínir spotta mig, manninn sem
þú útvaldir til konungs. 52 En þrátt fyrir allt og
allt, sé Drottinn lofaður um eilífð! Amen, amen.

90 Bæn guðsmannsins Móse. Drottinn, þú
hefur verið okkur athvarf frá kynslóð til
kynslóðar. 2 Áður en þú skapaðir fjöllin og
jörðin varð til, varst þú, ó Guð – þú átt þér
hvorki upphaf né endi! 3 Þú talar – og maðurinn
verður aftur að dufti. 4 Þúsund ár eru eins og
einn dagur fyrir þér, eins og klukkustund! 5 Við
berumst með straumi tímans og hverfum líkt
og í draumi. 6 Við erum eins og grasið sem grær
að morgni en skrælnar að kvöldi, visnar og
deyr. 7 Við föllum fyrir reiði þinni og hnígum
fyrir bræði þinni. 8 Þú hefur breitt úr syndum
okkar frammi fyrir þér – einnig hinum leyndu
syndum – engin þeirra er þér hulin. 9 Reiði
þín er enginn leikur. Er að undra þótt ævin sé
erfið og dagarnir líði sem andvarp. 10 Ævi okkar
er sjötíu ár og þegar best lætur áttatíu ár. En
jafnvel bestu árin eru full af mæðu og hégóma.
Þau eru horfin áður en varir og við á bak og
burt! 11 Hver þekkir ógnir reiði þinnar, og hvert
okkar óttast þig eins og ber? 12 Kenndu okkur
að telja alla okkar daga og skilja hve ævin er
stutt. Gefðu að við fáum notað hana til góðs.
13 Ó, Drottinn, hve lengi er þess að bíða að þú
dragir reiði þína í hlé og blessir okkur á nýjan
leik? 14 Miskunna okkur á hverjum morgni að
við megum gleðjast hvern einasta dag. 15 Já,
gefðu okkur gleði í stað armæðu liðinna daga.
16 Leyfðu okkur aftur að reyna máttarverk þín
svo að börn okkar sjái dýrð þína eins og við
forðum. 17 Náð Drottins Guðs sé með okkur.
Hann veiti okkur gæfu og gengi.

91 Sæll er sá sem nýtur verndar hins hæsta
og hvílir í skjóli hins almáttuga, 2 sá sem
getur sagt við Drottin: „Þú ert skjól mitt og
vörn! Þú ert minn Guð, ég treysti þér!“ 3 Hann
frelsar þig úr snörunni og bjargar þér undan
plágunni. 4 Hann mun skýla þér undir vængjum
sínum. Þar muntu finna öruggt skjól! Hann
hefur lofað að vernda þig og frelsa. 5 Nú þarftu
ekki lengur að óttast ógnir myrkursins, né örina
sem þýtur að morgni. 6 Heldur ekki drepsótt
næturinnar né skelfingu um hábjartan dag. 7
Þótt þúsund falli mér við hlið og tíu þúsund
mér til hægri handar, þá mun hið illa ekki ná
til mín. 8 Ég mun horfa á þegar óguðlegum er
refsað en sjálfur vera óhultur, 9 því að Drottinn
er skjól mitt! Ég hef valið hinn hæsta Guð mér
til varnar. 10 Hvernig ætti þá ógæfa að yfirbuga
mig eða plága að nálgast hús mitt? 11 Eins
skipar hann englum sínum að vernda þig, hvar
sem þú ert. 12 Þeir munu styðja þig á göngunni
og forða þér frá hrösun. 13 Þótt þú mætir ljóni
eða snák, þá er ekkert að óttast – þú munt
jafnvel troða þau fótum! 14 Hefur Drottinn ekki
sagt: „Vegna þess að þú elskar mig, mun ég
frelsa þig. Ég bjarga þér af því að þú þekkir mig
og veist að mér er óhætt að treysta. 15 Þegar
þú kallar á mig, svara ég þér. Ég er með þér
á hættustund, frelsa þig og held uppi heiðri
þínum. 16 Ég mun gefa þér langa og góða ævi
og láta þig sjá hjálpræði mitt.“

92 Gott er að þakka Drottni og lofsyngja Guði
hinum hæsta. 2 Á hverjum morgni segi
ég við Drottin: „Þökk sé þér fyrir miskunn
þína!“Og á kvöldin fagna ég yfir trúfesti hans.
3 Syngið honum lof og leikið undir á hörpu
og gígju. 4 Drottinn, mikið ertu mér góður.
Ég syng af gleði! – Er nokkur hissa á því? 5
Ó, Drottinn, mikil eru máttarverk þín! 6 Þeir
einir sem ekki nenna að hugsa, fara þeirra
á mis. Heimskingjarnir skilja ekki 7 að hinir
óguðlegu – sem í bili virðast hafa það gott –
munu afmáðir að eilífu. 8 En Drottinn, þú lifir
að eilífu, hátt upphafinn á himnum, 9 meðan
óvinir þínir – illgjörðamennirnir – tvístrast.
10 Ég finn styrk og kraft, en Drottinn, allt er

það þér að þakka! Blessun þín hefur endurnært
mig. 11 Ég heyrði dóminn yfir óvinum mínum
og sá þegar þeim var eytt. 12 En hinir réttlátu
munu blómgast líkt og ávaxtatré, já vaxa eins
og sedrustrén í Líbanon. 13 Því að þeir eru
gróðursettir í garði Drottins og njóta umhyggju
hans. 14 Jafnvel á elliárunum bera þeir ávöxt
og eru sem laufguð tré. 15 Þeir bera vitni um
réttlæti Drottins, að hann er skjól og vernd og
allt sem hann gerir er gott!

93 Drottinn er konungur! Hann er íklæddur
mætti og dýrð. Heimurinn allur er hásæti
hans. 2 Ó, Drottinn, þú hefur ríkt frá örófi alda.
3 Brimöldur hafsins boða dýrð þína. 4 En þú
ert meiri en voldugar öldur sem brotna við
strendur úthafanna! 5 Skipunum þínum fær
enginn breytt og heilagleiki er einkenni húss
þíns að eilífu.

94 Drottinn, þú ert Guð hefndarinnar – sá
Guð sem réttir hlut þeirra sem ranglæti
eru beittir. Láttu dýrð þína birtast. 2 Rís upp,
þú dómari jarðar. Refsaðu ofstopamönnum
fyrir illverk þeirra. 3 Drottinn, hve lengi eiga
óguðlegir að hrósa sigri? 4 Þeir eru að springa
af monti! Hlustaðu á grobbið í þeim! 5 Drottinn,
líttu á hvernig þeir kúga þjóð þína og kvelja
fólkið sem þú elskar. 6 Þeir myrða ekkjur
og munaðarleysingja og líka útlendinga sem
hér hafa sest að. 7 „Drottinn sér þetta ekki,
“segja þeir, „hann lætur sér fátt um finnast.“ 8
Heimskingjar! 9 Haldið þið að Guð sé blindur
og heyrnarlaus, hann sem skapar bæði augu og
eyru! 10 Hann refsar þjóðunum – og nú er komið
að ykkur. Enginn hlutur er honum hulinn. Eins
og hann viti ekki hvað þið hafið gert! 11 Drottinn
þekkir skammsýni og hégómleika mannanna 12
og því agar hann okkur til góðs. 13 Það gerir
hann til þess að við göngum á hans vegum
og gefumst ekki upp í mótlæti. 14 Drottinn
afneitar ekki lýð sínum né yfirgefur þjóð sína.
15 Dómar hans eru réttlátir og fylgjendur hans
fagna af hreinu hjarta. 16 Hver vill vernda mig
fyrir illgjörðamönnum? Hver vill vera skjöldur
minn? 17 Án Drottins væri ég dauðans matur. 18
Ég æpti: „Drottinn, ég er að hrapa!“og af gæsku
sinni frelsaði hann mig. 19 Drottinn, þegar
efasemdir ásækja mig og hjarta mitt er fullt af
angist, þá gefðu mér frið þinn og endurnýjaðu
gleði mína. 20 Vilt þú vernda og viðhalda spilltri
valdsstjórn sem hallar réttlætinu? Leyfir þú
slíkt? 21 Hefur þú þóknun á þeim sem dæma
saklausa til dauða? 22 Nei! Drottinn, Guð minn,
er vígi mitt, kletturinn þar sem ég leita skjóls. 23
Guð lætur syndir óguðlegra koma þeim sjálfum
í koll. Illverk þeirra verða þeim að falli.

95 Komið! Við skulum lofsyngja Drottni!
Hrópum gleðióp til heiðurs kletti
hjálpræðisins! 2 Komum fram fyrir hann með
þakkargjörð, syngjum honum lofgjörðarsálm.
3 Því að Drottinn er mikill Guð og æðri öllum
sem menn kalla guði. 4 Hann hefur upphugsað
djúp jarðar og hannað hin hæstu fjöll. 5 Hann
gerði hafið og myndaði þurrlendið, allt er hans!
6 Komið! Föllum fram fyrir Drottni, skapara
okkar, 7 því að hann er okkar Guð. Við erum
hjörðin hans og hann er hirðir okkar. Ó, að þið
vilduð heyra kall hans í dag og koma til hans. 8
Forherðið ekki hjörtu ykkar eins og Ísraelsmenn
gerðu hjá Meriba og Massa í eyðimörkinni. 9
Þar drógu feður ykkar orð mín í efa – sömu
menn og sáu mig gera mörg kraftaverk. Þeir
freistuðu mín, kvörtuðu og reyndu á þolinmæði
mína. 10 „Í fjörutíu ár hafði ég viðbjóð á þessari
kynslóð, “segir Drottinn Guð. „Hjörtu þeirra
allra voru langt í burtu frá mér og ekki vildu
þeir halda lög mín. 11 Þá hét ég því að þeir
skyldu aldrei komast inn í fyrirheitna landið,
staðinn sem ég hafði ætlað þeim til hvíldar.“

96 Syngið Drottni nýjan söng! Syngið þann
söng um alla jörðina! 2 Syngið um
velgjörðir hans, lofið nafn hans. Kunngerið
hjálpráð hans dag eftir dag. 3 Segið frá dýrð
hans meðal þjóðanna, – allra þjóða. Kunngerið
öllum dásemdarverk hans. 4 Því að Drottinn
er mikill og mjög vegsamlegur. Hann einn er
sá Guð sem rétt er að tilbiðja. 5 Þjóðirnar
tilbiðja falsguði eina, en okkar Guð hefur skapað
himininn! 6 Hann er umvafinn heiðri og dýrð,
styrkur og fegurð fylla musteri hans. 7 Þið
kynkvíslir jarðar, játið Drottni heiður og dýrð.
8 Heiðrið hann eins og skyldugt er! Berið fram
fórnina og tilbiðjið hann. 9 Tilbiðjið Drottin
í heilagleik og heiðri. Allur heimurinn skjálfi
fyrir augliti hans. 10 Kunngjörið þjóðunum að
Drottinn er konungur. Hann ríkir yfir alheimi.
Hann er skapari jarðar og mun dæma allar
þjóðir með réttvísi. 11 Himnarnir gleðjist og
jörðin kætist og brimgnýr hafsins boði tign

hans og mátt. 12 Ávöxtur jarðar vitnar um dýrð
hans og þytur trjánna lofar hann. 13 Því að
Drottinn mun dæma heiminn með réttvísi og
þjóðirnar eftir trúfesti sinni!

97 Drottinn er konungur! Allur heimurinn
gleðjist! Fagnið þið eyjar við ysta haf! 2
Tignarleg ský umlykja hann. Réttlæti og réttvísi
eru undirstöður hásætis hans. 3 Eldur gengur
út frá honum og eyðir öllum óvinum hans.
4 Elding hans leiftrar og lýsir upp jörðina.
Heimurinn skelfur af ótta. 5 Fjöllin bráðna eins
og vax fyrir Drottni. 6 Himnarnir kunngera
réttlæti hans og allar þjóðir sjá dýrð hans. 7
Allir skurðgoðadýrkendur verða til skammar –
þeir sem stæra sig af falsguðum – því að allir
slíkir guðir verða að beygja sig fyrir Drottni.
8 Jerúsalem og borgirnar í Júda hafa heyrt af
réttvísi þinni, Drottinn, 9 og fagna, því að þú
ríkir með reisn yfir allri jörðinni og ert hátt yfir
alla aðra guði hafinn. 10 Drottinn elskar þá sem
hata hið illa. Hann verndar líf fylgjenda sinna
og frelsar þá undan óguðlegum. 11 Ljós skal lýsa
hinum réttlátu og gleði hlotnast hinum góðu.
12 Allir réttlátir fagni fyrir Drottni og vegsami
hans heilaga nafn.

98 Syngið nýjan söng fyrir Drottin því að
hann hefur unnið dásamlegt verk! Hann
er sigursæll í mætti sínum og heilagleika. 2
Hann hefur tilkynnt sigur sinn – birt þjóðunum
réttlæti sitt. 3 Hann hefur miskunnað lýð sínum,
haldið loforð sín til Ísrael. Allur heimurinn sá
er Guð bjargaði þjóð sinni. 4 Þess vegna hefja
löndin fagnaðarsöng, syngja og lofa hann af öllu
hjarta. 5 Syngið Drottni við undirleik hörpu. 6
Blásið í lúðra og básúnur gjalli! Hljómsveitin
spili lofgjörðarlag. Hyllið Drottin, konunginn!
7 Hafið drynji og lofi Drottin! Jörðin og íbúar
hennar reki upp fagnaðaróp! 8 Fossarnir klappi
lof í lófa og klettarnir syngi gleðisöng, 9 því að
Drottinn mun dæma heiminn í réttlæti sínu og
af réttvísi.

99 Drottinn er konungur! Þjóðirnar skjálfi!
Hásæti hans stendur miklu ofar englunum.
Jörðin nötri í óttablandinni virðingu. 2 Drottinn
ríkir með hátign á Síon, æðri öllum konungum
á jörðu. 3 Þeir tigni hans háa og heilaga
nafn! 4 Drottinn er voldugur konungur. Hann
elskar réttlæti. Réttvísi og heiðarleiki einkenna
stjórnarfar hans. Þannig ríkir hann í Ísrael. 5
Vegsamið Drottin, hinn heilaga Guð! Föllum
fram við fótskör hans. 6 Móse og Aron voru
prestar hans og Samúel spámaður hans. Þeir
báðu til Drottins og hann bænheyrði þá. 7 Úr
skýstólpa talaði hann við þá, þeir hlustuðu og
hlýddu fyrirmælum hans. 8 Ó, Drottinn, þú ert
okkar Guð! Þú svaraðir þeim og fyrirgafst syndir
þeirra. 9 Tignið Drottin Guð! Tilbiðjið hann í
Jerúsalem á fjallinu helga. Hann er heilagur.

100 Öll veröldin fagni fyrir Drottni! 2 Þjónið
Drottni með gleði, gangið fram fyrir
hann með fagnaðarsöng! 3 Reynið að skilja
hvað í því felst að Drottinn er Guð. Við erum
handaverk hans! Fólkið sem hann leiðir. 4
Gangið inn um hlið hans með þakkargjörð, í
forgarða hans með lofsöng. Þakkið honum, lofið
nafn hans. 5 Því að Drottinn er góður! Miskunn
hans varir að eilífu og trúfesti hans frá kynslóð
til kynslóðar.

101 Ég vil syngja um réttlætið og
miskunnsemina. Ég vil lofsyngja þér,
ó Guð! 2 Ég, konungurinn, vil kappkosta að
lifa heiðarlega og ganga um heimili mitt í
grandvarleik – hjálpaðu mér til þess! 3 Gefðu
mér að forðast allt sem er gróft og ljótt – að
fyrirlíta hið illa. 4 Já, ég vil ekki vera sjálfselskur
og vondur. 5 Ég umber ekki þá sem baktala
nágranna sinn, og hroka og dramb mun ég ekki
þola. 6 Ég leita uppi réttláta menn í landinu og
kalla þá til starfa, að þeir búi hjá mér, – þeir
einir sem grandvarir eru. 7 Svikara og lygara
þoli ég ekki í mínum húsum. 8 Ég þagga niður í
illmennunum í landinu og útrými úr borginni
öllum óguðlegum.

102 Drottinn, heyrðu bæn mína! Hlustaðu
á ákall mitt! 2 Snúðu ekki baki við mér
á ógæfutímum. Hneigðu eyra þitt að mér og
svaraðu mér fljótt. 3 Ævi mín líður svo hratt,
dagarnir fljúga hver af öðrum. 4 Heilsan er
búin, hjartað er sjúkt – ég er eins og visið strá.
Maturinn er bragðlaus, ég er hættur að finna
bragð. 5 Ég er ekkert nema skinn og bein. 6 Ég er
líkastur pelikan í eyðimörk eða uglu í húsarúst.
7 Ég ligg andvaka og styn eins og einmana fugl
á þaki. 8 Óvinir mínir hæða mig og spotta dag
eftir dag. 9 Fæða mín er aska, ekki brauð, og
drykkur minn blandast tárum mínum. 10 Þú ert
mér reiður Drottinn og hefur varpað mér burt
frá þér. 11 Líf mitt líður burt eins og kvöldskuggi.

Ég visna eins og gras 12 en þú Drottinn ríkir í
dýrð þinni að eilífu. Þinn orðstír mun lifa frá
kynslóð til kynslóðar. 13 Ég veit að þú munt
koma og vægja Jerúsalem. – Gerðu það núna! –
Efndu loforð þitt um hjálp. 14 Því að þjóð þín
elskar hvern stein í múr hennar og jafnvel rykið
á strætum hennar. 15 Þjóðirnar og konungar
þeirra skjálfi fyrir Drottni og hans miklu dýrð,
16 því að Drottinn mun endurreisa Jerúsalem
og birtast þar í dýrð! 17 Hann hlustar á bænir
fátæklinganna, gefur gaum að beiðni þeirra. 18
Þetta hef ég skráð til þess að komandi kynslóðir
lofi Drottin fyrir öll hans verk. Fólk sem enn
hefur ekki séð dagsins ljós mun vegsama hann.
19 Segið þeim að Drottinn leit niður frá musteri
sínu á himnum. 20 Hann heyrði stunur þjóðar
sinnar í ánauðinni – hún var dauðans matur –
og hann frelsaði hana! 21 Þess vegna streyma
þúsundir til musteris hans í Jerúsalem og lofa
hann og vegsama um alla borgina. 22 Konungar
jarðarinnar eru í þeim hópi. 23 Hann hefur
tekið frá mér lífskraftinn og stytt ævi mína. 24
En ég hrópaði til hans: „Þú, Guð sem lifir að
eilífu, láttu mig ekki deyja fyrir aldur fram!
25 Í upphafi lagðir þú undirstöður jarðarinnar
og himnarnir eru verk handa þinna. 26 Þau
munu hverfa en þú ert að eilífu. Þau fyrnast,
líkt og slitin föt sem lögð eru til hliðar. 27 En
þú ert hinn sami og ár þín taka aldrei enda. 28
En afkomendur okkar munu lifa og þú munt
varðveita þá, kynslóð fram af kynslóð.“

103 Ég vil lofa Guð af öllu hjarta. 2 Ég
vil vegsama Drottin og minnast allra
velgjörða hans við mig. 3 Hann fyrirgefur syndir
mínar. Hann læknar mig. 4 Hann frelsar mig frá
dauða. Hann umlykur mig náð og miskunn. 5
Hann hleður á mig gjöfum! Hann endurnýjar
lífsþrótt minn og gerir mig sterkan sem örn.
6 Hann réttir hlut þeirra sem misrétti þola. 7
Hann opinberaði Móse vilja sinn og hver hann
væri og einnig þjóð sinni Ísrael. 8 Hann er
miskunnsamur og mildur við þá sem eiga það
ekki skilið. Hann er seinn til reiði og fullur
náðar og kærleika. 9 Hann er ekki langrækinn
né eilíflega reiður. 10 Hann hefur ekki refsað
okkur fyrir syndir okkar eins og sanngjarnt
var 11 því að miskunn hans við þá sem óttast
hann og heiðra, er eins há og himinninn er yfir
jörðinni. 12 Hann fleygði burt syndum okkar
og það langt, já, eins langt og austrið er frá
vestrinu! 13 Eins og faðir miskunnar börnum
sínum, eins hefur Drottinn miskunnað þeim
sem óttast hann, 14 því hann veit að við erum
bara dauðlegir menn 15 og að ævi okkar er
stutt og líður hratt. Við erum eins og jurt sem
vex og blómgast 16 en skrælnar fyrr en varir í
brennheitum vindinum, deyr og gleymist. 17
En miskunn Drottins endist að eilífu fyrir þá
sem reiða sig á orð hans og óttast hann. 18 Og
hjálpræði hans nær til barnabarnanna ef við
höldum sáttmála hans og hlýðum boðum hans.
19 Drottinn hefur reist sér hásæti á himnum
og þaðan stjórnar hann heiminum. 20 Lofið
Drottin, þið voldugu englar sem framkvæmið
skipanir hans og takið við fyrirmælum hans.
21 Lofið Drottin, þið hersveitir englanna sem
framfylgið vilja hans. 22 Öll verk Drottins, um
víða veröld, lofa hann! Einnig ég vil lofa hann!

104 Ég lofa Drottin! Drottinn, þú Guð minn,
þú ert undursamlegur! Þú ert íklæddur
hátign og dýrð og umlukinn ljósi! 2 Þú þandir
út himininn eins og dúk og dreifðir um hann
stjörnunum. 3 Þú mótaðir þurrlendið og rýmdir
fyrir hafinu. Þú gerðir ský að vagni þínum
og ferð um á vængjum vindarins. 4 Englarnir
eru erindrekar þínir og eldslogar þjóna þér. 5
Undirstöður heimsins eru traustar, þær eru þitt
verk, og þess vegna haggast hann ekki. 6 Þú
lést vatnsflóð ganga yfir jörðina og hylja fjöllin.
7 Og þegar þú bauðst, safnaðist vatnið saman í
höfunum, 8 fjöllin risu og dalirnir urðu til. 9 Þú
settir sjónum sín ákveðnu mörk svo að hann
skyldi aldrei aftur flæða yfir þurrlendið. 10 Þú
settir lindir í dalina og lækir renna um fjöllin.
11 Þeir eru dýrunum til drykkjar og þar svalar
villiasninn þorsta sínum. 12 Þar gera fuglar sér
hreiður og söngur þeirra ómar frá trjánum. 13
Hann sendir regn yfir fjöllin svo að jörðin ber
sinn ávöxt. 14 Safaríkt grasið vex að boði hans og
er búfénu til fæðu. En maðurinn yrkir jörðina,
ræktar ávexti, grænmeti og korn, 15 einnig vín
sér til gleði, olíu sem gerir andlitið gljáandi og
brauð sem gefur kraft. 16 Drottinn gróðursetti
sedrustrén í Líbanon, há og tignarleg, 17 og
þar byggja fuglarnir sér hreiður, en storkurinn
velur kýprustréð til bústaðar. 18 Steingeiturnar
kjósa hin háu fjöll, en stökkhérarnir finna
sér stað í klettum. 19 Tunglið settir þú til að
afmarka mánuði, en sólina til að skína um daga.
20 Myrkur og nótt eru frá þér komin, þá fara

skógardýrin á kreik. 21 Þá öskra ljónin eftir
bráð og heimta æti sitt af Guði. 22 Þegar sólin
rís draga þau sig í hlé og leggjast í fylgsni sín,
23 en mennirnir ganga út til starfa og vinna
allt til kvölds. 24 Drottinn, hvílík fjölbreytni í
öllu því sem þú hefur skapað! Allt á það upphaf
sitt í vísdómi þínum! Jörðin er full af því sem
þú hefur gert! 25 Framundan mér teygir sig
blikandi haf, iðandi af alls konar lífi! 26 Og sjá!
Þarna eru skipin! Og þarna hvalirnir! – þeir
leika á alls oddi! 27 Allar skepnur vona á þig, að
þú gefir þeim fæðu þeirra á réttum tíma. 28 Þú
mætir þörfum þeirra og þau mettast ríkulega af
gæðum þínum. 29 En snúir þú við þeim bakinu
er úti um þau. Þegar þú ákveður, deyja þau og
verða að mold, 30 en þú sendir líka út anda
þinn og vekur nýtt líf á jörðinni. 31 Lof sé Guði
að eilífu! Drottinn gleðst yfir verkum sínum!
32 Þegar hann lítur á jörðina, skelfur hún og
eldfjöllin gjósa við snertingu fingra hans. 33
Ég vil lofsyngja Drottni svo lengi sem ég lifi,
vegsama Guð á meðan ég er til! 34 Ó, að ljóð
þetta mætti gleðja hann, því að Drottinn er
gleði mín og fögnuður. 35 Ó, að misgjörðarmenn
hyrfu af jörðinni og að óguðlegir yrðu ekki
framar til. En Drottin vil ég vegsama að eilífu!
Hallelúja!

105 Þakkið Drottni fyrir öll hans
undursamlegu verk og segið frá þeim
meðal þjóðanna. 2 Syngið fyrir hann, leikið
fyrir hann og segið öllum frá máttarverkum
hans. 3 Lofið og vegsamið hans heilaga nafn.
Þið sem tilbiðjið Drottin, fagnið! 4 Leitið hans
og máttar hans, og keppið eftir að kynnast
honum! 5 Minnist dásemdarverkanna sem
hann vann fyrir okkur, sína útvöldu þjóð, 6
afkomendur Abrahams og Jakobs, þjóna hans.
Munið þið hvernig hann útrýmdi óvinum
okkar? 7 Hann er Drottinn, Guð okkar. Elska
hans blasir við hvar sem er í landinu. 8 Þótt
þúsund kynslóðir líði, þá gleymir hann ekki
loforði sínu, 9 sáttmála sínum við Abraham
og Ísak. 10 Þennan sáttmála endurnýjaði hann
við Jakob. Þetta er hans eilífi sáttmáli við
Ísrael: 11 „Ég mun gefa ykkur Kanaansland
að erfð.“ 12 Þetta sagði hann meðan þeir
voru enn fámennir, já mjög fáir, og bjuggu
sem útlendingar í landinu. 13 Síðar dreifðust
þeir meðal þjóðanna og hröktust úr einu
landinu í annað. 14 Samt leyfði hann engum
að kúga þá og refsaði konungum sem það
reyndu. 15 „Snertið ekki við mínum útvöldu og
gerið spámönnum mínum ekkert mein.“sagði
hann. 16 Og hann lét hungursneyð koma yfir
Kanaansland og allur matur gekk til þurrðar. 17
Þá sendi hann Jósef í ánauð til Egyptalands,
þjóð sinni til bjargar. 18 Þeir hlekkjuðu hann
og þjáðu, 19 en Guð lét hann þola eldraunina
og batt að lokum enda á fangavist hans. 20
Og faraó sendi eftir Jósef og lét hann lausan,
21 og setti hann svo yfir allar eigur sínar. 22
Þá hafði Jósef vald til að fangelsa höfðingja
og segja ráðgjöfum konungs til. 23 Síðar kom
Jakob (Ísrael) til Egyptalands og settist þar að
með sonum sínum. 24 Þau ár fjölgaði Ísrael
mjög, já svo mjög að þeir urðu fjölmennari en
Egyptar, sem réðu landinu. 25 En Guð sneri
hjörtum Egypta gegn Ísrael, þeir hötuðu þá og
hnepptu í þrældóm. 26 Þá útvaldi Guð Móse
sem fulltrúa sinn og Aron honum til hjálpar.
27 Hann gjörði tákn meðal Egypta og vakti
þannig ótta hjá þeim. 28 Þeir fóru að skipun
Drottins og hann sendi myrkur yfir landið, 29
breytti ám og vötnum í blóð svo að fiskurinn
dó. 30 Þá kom flóðbylgja af froskum – þeir
voru um allt, jafnvel í svefnherbergi konungs!
31 Að skipun Móse fylltist landið af mývargi
og flugum. 32 Í stað regns dundi banvænt
hagl yfir landið og eldingar skelfdu íbúana. 33
Vínviður þeirra og fíkjutré drápust, féllu brotin
til jarðar. 34 Þá bauð hann engisprettum að
naga allan grænan gróður 35 og eyðileggja
uppskeruna, – hvílík plága! 36 Þá deyddi hann
frumburðina, – elsta barn í hverri egypskri
fjölskyldu – þar fór framtíðarvonin. 37 Og
Drottinn leiddi sitt fólk heilu og höldnu út úr
Egyptalandi, hlaðið gulli og silfri. Ekkert þeirra
var veikt eða vanmáttugt. 38 Og Egyptar voru
því fegnastir þegar Ísraelsmenn héldu á brott,
því að þeir óttuðust þá. 39 Um daga breiddi
Guð út ský og hlífði þeim gegn brennheitri
sólinni og um nætur lýsti hann þeim leiðina
með eldstólpa. 40 Þeir báðu um kjöt og hann
sendi þeim lynghænsni og brauð gaf hann þeim
– manna, brauð frá himni. 41 Hann opnaði
klettinn og vatnið spratt fram og varð að
læk í eyðimörkinni. 42 Hann minntist loforðs
síns til Abrahams, þjóns síns, 43 og leiddi sitt
útvalda fólk fagnandi út úr Egyptalandi. 44 Og
hann gaf þeim lönd heiðingjanna, sem stóðu í
fullum blóma með þroskaða uppskeru og þeir

átu það sem aðrir höfðu sáð til. 45 Allt skyldi
þetta hvetja Ísrael til trúfesti og hlýðni við lög
Drottins. Hallelúja!

106 Hallelúja! Drottinn, þökk sé þér því að
þú ert góður! Elska þín varir að eilífu.
2 Hver getur talið upp öll máttarverk Guðs
og hver getur lofað hann eins og rétt er og
skylt? Enginn! 3 Sæll er sá réttláti sem gerir
nágrönnum sínum gott. 4 Drottinn, þegar
þú blessar og bjargar fólki þínu, minnstu þá
einnig mín. 5 Gefðu mér hlut í velgengni þinna
útvöldu, að fá að gleðjast með þeim og deila
með þeim hjálp þinni. 6 Bæði við og feður okkar
höfum margvíslega syndgað. 7 Máttarverk þín í
Egyptalandi mátu þeir lítils og fljótlega gleymdu
þeir góðverkum þínum og risu gegn þér við
hafið hið rauða. 8 En samt frelsaðir þú þá, hélst
uppi heiðri nafns þíns og sýndir mátt þinn. 9
Þú klaufst hafið, lagðir þurran veg um botn
þess og leiddir þá þar í gegn. 10 Þannig frelsaðir
þú þá frá óvinum þeirra. 11 Síðan féll sjórinn
aftur í farveg sinn og óvinir þeirra fórust – ekki
einn komst af! 12 Þá loks trúðu þeir Drottni og
sungu honum lofsöng. 13 En þeir voru fljótir að
gleyma honum á ný! Þeir treystu ekki orðum
hans 14 en heimtuðu sífellt meira og meira og
reyndu eins og þeir gátu á þolinmæði Guðs.
15 Og hann lét að vilja þeirra, en þó ekki að
öllu leyti. 16 Þeir gerðu uppreisn gegn Móse
og líka Aron, manninn sem Guð hafði valið til
prests. 17 Þá opnaðist jörðin og gleypti Datan
og flokk Abírams. 18 Eldur féll af himni og eyddi
illmennum þessum. 19 Þeir gerðu sér líkneski
af nauti, sem étur gras, 20 og tilbáðu það í
stað hins dýrlega Guðs! 21 Þannig óvirtu þeir
Guð, frelsara sinn, 22 sem gert hafði undur og
tákn í Egyptalandi og við hafið rauða. 23 Þess
vegna áformaði Guð að eyða þeim öllum. En
Móse, hans útvaldi þjónn, tók sér stöðu milli
fólksins og Guðs og bað hann að láta af reiði
sinni og tortíma þeim ekki. 24 Og ekki vildu
þeir inn í fyrirheitna landið, þeir treystu ekki
að Guð mundi vernda þá. 25 Þeir kvörtuðu í
tjöldum sínum og fyrirlitu skipun hans. 26 Þá
ákvað hann að láta þá deyja í eyðimörkinni, 27
tvístra afkomendum þeirra meðal þjóðanna og
herleiða þá til annarra landa. 28 Og hjá Peór
gengu forfeður okkar í lið með fylgjendum Baals
og báru fram fórnir til dauðra skurðgoða. 29 Það
reitti Drottin til reiði og þess vegna braust út
plága meðal þeirra. 30 Hún hélst þar til Pínehas
gekk fram og refsaði þeim sem henni höfðu
valdið. 31 Hans verður ætíð minnst fyrir það
réttlætisverk. 32 Hjá Meríba reitti Ísrael Drottin
aftur til reiði og olli Móse miklum vanda, 33
– hann reiddist og talaði ógætileg orð. 34 Og
ekki útrýmdi Ísrael þjóðunum sem fyrir voru
í landinu, eins og Guð hafði skipað þeim, 35
heldur blönduðust þeir heiðingjunum og tóku
upp ósiði þeirra. 36 Þeir færðu skurðgoðum
þeirra fórnir og leiddust burt frá Guði. 37 Þeir
fórnuðu jafnvel börnum sínum til illra anda
– 38 til hjáguða Kanverja – úthelltu saklausu
blóði og vanhelguðu landið með morðum. 39
Þeir saurguðust af illverkum þessum, því að
með hjáguðadýrkun sinni rufu þeir trúnað við
Guð. 40 Vegna alls þessa reiddist Drottinn Ísrael,
lýð sínum, og fékk viðbjóð á honum, 41 og lét
hann heiðnar þjóðir drottna yfir honum. 42
Ísrael var stjórnað af óvinum sínum og þeir
kúguðu hann. 43 Aftur og aftur leysti hann þá
undan okinu, en þeir héldu áfram að óhlýðnast
honum, uns syndir þeirra komu þeim á kné. 44
Samt bænheyrði hann þá og linaði þjáningar
þeirra. 45 Hann minntist loforðsins sem hann
gaf þeim og aumkaðist yfir þá í elsku sinni, 46
svo að jafnvel þeir sem kúguðu þá, sýndu þeim
miskunn. 47 Ó, frelsaðu okkur, Drottinn Guð!
Safnaðu okkur saman frá þjóðunum svo að við
getum sameiginlega þakkað þér og lofað nafn
þitt. 48 Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels, frá eilífð
til eilífðar. Og allt fólkið segi: „Amen!“Hallelúja.

107 Þakkið Drottni, því að hann er góður
og miskunn hans varir að eilífu. 2 Hafi
Drottinn frelsað þig, þá segðu frá því! Segðu
öðrum frá því að hann hafi frelsað þig frá
óvinum þínum. 3 Hann leiddi hina útlægu heim
frá ystu endimörkum jarðarinnar. 4 Þeir ráfuðu
heimilislausir um eyðimörkina, 5 hungraðir og
þyrstir og að niðurlotum komnir. 6 „Drottinn,
hjálpaðu okkur!“hrópuðu þeir, og hann svaraði
bæn þeirra! 7 Hann leiddi þá í öruggt skjól,
til byggilegrar borgar. 8 Ó, að þetta fólk vildi
nú lofa Drottin fyrir miskunn hans og öll hans
dásamlegu verk, 9 því að hann svalar þyrstri sál
og mettar hungraðan gæðum. 10 Hverjir eru
þessir sem sitja í myrkri og skugga dauðans,
þjáðir af eymd og volæði? 11 Þeir gerðu uppreisn
gegn Drottni, fyrirlitu hann, hinn hæsta Guð.
12 Þess vegna beygði hann þá með mæðu. Þeir

hrösuðu og enginn gat hjálpað þeim á fætur.
13 Þá hrópuðu þeir til Drottins í neyð sinni
og hann bjargaði þeim! 14 Hann leiddi þá út
úr myrkri og skugga dauðans og braut fjötra
þeirra. 15 Þeir skulu lofa Drottin fyrir elsku
hans og öll hans miskunnarverk! 16 Því að
hann mölvaði hlið dýflissunnar og braut sundur
rimlana. 17 Sumir kölluðu yfir sig ógæfu með
heimsku sinni. 18 Loks bauð þeim við öllum
mat. Þeir sáu ekkert framundan nema dauðann.
19 Þá kölluðu þeir til Drottins í neyð sinni og
hann bjargaði þeim úr angist þeirra, kom þeim
á réttan veg. 20 Hann sendi út orð sitt og
læknaði þá, hreif þá frá dyrum dauðans. 21 Ó,
að menn þessir vildu lofa Drottin fyrir elsku
hans og öll hans dásemdarverk! 22 Þeir þakki
honum heilshugar og kunngjöri verk hans með
gleði. 23 Og svo eru þeir sem sigla um höfin,
kaupmenn sem flytja vörur milli landa. 24
Einnig þeir fá að reyna máttarverk Drottins. 25
Hann kallar á storminn og lætur öldurnar rísa.
26 Skipin sveiflast til himins og hverfa í öldudali
– öllum um borð fellst hugur í neyðinni. 27
Þeir ramba og skjögra eins og drukknir menn
og vita ekki sitt rjúkandi ráð. 28 Þá hrópa þeir
til Drottins í neyð sinni og hann frelsar þá. 29
Hann kyrrir bæði sjó og vind. 30 Hvílík blessun
að ná höfn og njóta lognsins! 31 Ó, að þessir
menn vildu þakka Drottni miskunn hans og öll
hans dásemdarverk. 32 Þeir lofi hann upphátt í
söfnuðinum og í áheyrn leiðtoga Ísraels. 33 Hann
þurrkar upp fljótin 34 og gerir land óguðlegra
að skorpinni saltsléttu. 35 En hann kann líka að
breyta auðninni í frjósama og vatnsríka vin. 36
Þangað leiðir hann hungraða sem setjast þar að
og byggja sér borgir, 37 sá í akra, gróðursetja
víngarða og afla afurða. 38 Þannig blessar hann!
Og þeir margfaldast stórum og fénaði þeirra
fjölgar. 39 Sumir missa allt í ofsókn, þjáningu og
sorg, 40 því að Guð sendir hrokafullum skömm
og lætur tignarmenn ráfa um í rústum, 41 en
hann bjargar fátæklingum sem honum treysta,
gefur þeim fjölda afkomenda og mikla hagsæld.
42 Þetta sjá hinir guðhræddu og þeir gleðjast,
meðan óguðlegir þegja í skömm. 43 Þú sem ert
vitur, hugleiddu þetta! Hugsaðu um miskunn
og kærleika Drottins.

108 Ó, Guð, nú vil ég lofa þig! Ég vil syngja
og fagna frammi fyrir þér. 2 Vaknaðu,
harpa og gígja! Við viljum bjóða morgunroðann
velkominn með söng! 3 Ég vil lofa þig um víða
veröld, Drottinn, vegsama þig hjá hverri þjóð. 4
Því að miskunn þín nær til skýjanna og trúfesti
þín er ómælanleg! 5 Láttu tign þína og mátt
birtast og dýrð þína breiðast yfir jörðina. 6
Hlustaðu á ákall vina þinna og bjargaðu þeim
með krafti þínum, já, bænheyrðu þá. 7 Fögnum
og gleðjumst því að við höfum fengið loforð frá
Guði! Hann hefur lofað að gefa okkur Síkemland
og Súkkótdal. 8 „Ég á Gíleað, ég á Manasse og
Efraím er hjálmurinn á höfði mínu. Júda er
veldissproti minn 9 en Móab og Edóm fyrirlít
ég og yfir Filisteu æpi ég siguróp.“ 10 Hver
nema Guð getur veitt mér styrk til að sigrast
á víggirtum borgum? Hver nema hann getur
opnað mér leið inn í Edóm? 11 Drottinn, hefur
þú útskúfað okkur? Hefur þú gert her okkar
óvígan? 12 Ó, veittu okkur lið gegn óvinum
okkar, því að mannahjálp er gagnslaus. 13 Með
hjálp Guðs munum við vinna hetjudáð og hann
mun gjörsigra óvini okkar.

109 Þú Guð sem ég lofa, vertu ekki þögull
2 því að óguðlegir baktala mig og ljúga á
mig sökum. 3 Án saka hata þeir mig og ráðast á
mig. 4 Ég elska þá, en jafnvel meðan ég bið fyrir
þeim, ofsækja þeir mig. 5 Þeir gjalda gott með
illu og ást mína með hatri. 6 Leyfðu þeim að
finna hvernig mér líður! Leyfðu óvini mínum
að þola sama óréttlæti og hann beitir mig –
vera dæmdur af ranglátum dómara. 7 Og þegar
úrskurður fellur, lát hann þá verða honum til
tjóns. Líttu á bænir hans eins og innantómt
raus. 8 Styttu æviár hans. Skipaðu annan í
embætti hans. 9 Börn hans verði föðurlaus
og kona hans ekkja 10 og rektu þau burt úr
rústum heimilis þeirra. 11 Lánardrottnarnir taki
landareign hans og ókunnugir fái allt sem hann
hafði aflað. 12 Enginn sýni honum miskunn
né aumki sig yfir föðurlausu börnin hans. 13
Afkomendur hans verði afmáðir og ætt hans
eins og hún leggur sig. 14 Refsaðu fyrir syndir
föður hans og móður og dragðu ekki af. 15
Láttu misgjörðir hans aldrei falla í gleymsku,
en minningu ættarinnar að engu verða. 16
Hann sýndi engum manni miskunn, en ofsótti
nauðstadda og steypti aðþrengdum í dauðann.
17 Hann formælti öðrum, bölvunin komi honum
sjálfum í koll. Að blessa lét hann ógert, blessun
sé því fjarri honum. 18 Að bölva, það átti við
hann, það var honum eðlilegt eins og að éta

og drekka. 19 Formælingar hans bitni á honum
sjálfum, hylji hann, eins og fötin sem hann er
í og beltið um mitti hans. 20 Þetta séu laun
andstæðinga minna frá Drottni – þeirra sem
ljúga á mig og hóta mér dauða. 21 En Drottinn,
farðu með mig eins og barnið þitt! Eins og þann
sem ber þitt eigið nafn. Frelsaðu mig Drottinn,
vegna elsku þinnar. 22 Það hallar undan fæti,
ég finn að dauðinn nálgast. 23 Ég er hristur
til jarðar eins og padda af ermi! 24 Ég skelf í
hnjánum – fastan var erfið, ég er ekkert nema
skinn og bein. 25 Ég er eins og minnisvarði
um mistök og þegar menn sjá mig hrista þeir
höfuðið. 26 Hjálpaðu mér Drottinn Guð minn!
Frelsaðu mig sakir elsku þinnar og kærleika.
27 Gerðu það svo að allir sjái, svo að enginn
efist um að það var þitt verk, 28 – þá mega þeir
formæla mér ef þeir vilja, sama er mér, aðeins
að þú blessir mig. Þá munu illráð þeirra gegn
mér mistakast og ég ganga mína leið, glaður
í bragði. 29 Ónýttu áform þeirra! Sveipaðu þá
skömm! 30 Þá mun ég ekki láta af að þakka
Drottni, lofa hann í allra áheyrn. 31 Því að hann
er athvarf fátækra og þeirra sem líða skort.
Hann frelsar þá undan óvinum þeirra.

110 Guð sagði við minn Drottin – við Krist:
„Þú skalt ráða og ríkja mér við hlið. Ég
mun sigra óvini þína og láta þá þjóna þér.“
2 Guð hefur reist þér hásæti í Jerúsalem og
þaðan muntu drottna yfir óvinum þínum. 3
Þegar konungsvald þitt verður lýðum ljóst,
mun þjóð þín flýta sér á þinn fund og æskufólk
þitt íklæðast helgum skrúða. Eins og döggin er
ný á hverjum morgni, eins mun styrkur minn
endurnýjast dag eftir dag. 4 Guð hefur unnið
mér eið – og hann iðrast þess ekki – að þú ert
prestur að eilífu að hætti Melkísedeks. 5 Guð er
þér til hægri handar til að vernda þig. Þegar
reiðidómur hans verður birtur mun hann fella
marga konunga til jarðar. 6 Hann mun refsa
þjóðunum, lík þeirra munu liggja út um allt.
Hann mun mölva höfuð þeirra. 7 Á leiðinni
drekkur hann úr lindinni við veginn og ber
höfuðið hátt.

111 Hallelúja! Ég þakka Guði máttarverk
hans, já, í áheyrn og augsýn allrar
þjóðarinnar. 2 Allir sem vilja, íhugi þetta ásamt
mér. 3 Því að máttarverkin lýsa mikilleika hans,
hátign og eilífum kærleika. 4 Hver getur gleymt
dásemdarverkum hans, miskunn hans? 5 Hann
annast þarfir þeirra sem honum treysta og
gleymir ekki loforðum sínum. 6 Hann sýndi
mátt sinn er hann gaf þjóð sinni landið Ísrael
– land sem margar þjóðir byggðu. 7 Allt gerir
hann af trúfesti og réttlæti og öll fyrirmæli
hans eru áreiðanleg og góð, 8 gefin í kærleika
og af réttvísi – þau munu standa að eilífu. 9
Hann hefur frelsað þjóð sína og gert við hana
eilífan sáttmála. Heilagt og óttalegt er nafn
Drottins. 10 Hvernig öðlast menn visku? Með
því fyrst að óttast og heiðra Guð og síðan með
því að halda lög hans. Lofað sé nafn hans að
eilífu.

112 Dýrð sé Guði! Að trúa á Guð og treysta
honum veitir ómælda blessun. Sæll er sá
maður sem hefur unun af boðorðum hans. 2
Börn hans njóta hvarvetna heiðurs, því að góður
arfur eflir göfugan mann. 3 Sjálfur býr hann
við auðlegð og góðverk hans gleymast ekki. 4
Réttlátum er hann ljós í myrkri – miskunn hans
og gæska eru augljós. 5 Sá mun blessun hljóta
sem er góðgjarn og fús að lána og framkvæmir
verk sín með réttvísi. 6 Slíkur maður verður
ekki fórnarlamb illra atvika. Umhyggja Guðs
fyrir honum verður umræðuefni þeirra sem
þekkja hann. 7 Hann óttast ekki vondar fréttir,
né kvíðir því sem koma skal. Hann er öruggur
og veit að Drottinn annast hann. 8 Þess vegna
óttast hann ekkert og horfir á óvini sína með
stakri ró. 9 Hann hefur miðlað mildilega og gefið
fátækum. Góðverk hans munu ekki gleymast.
Hann mun njóta vinsælda og hafa áhrif. 10 Þetta
sjá óguðlegir og þeim gremst. Þeir munu gnísta
tönnum og tortímast og óskir þeirra rætast
ekki.

113 Hallelúja! Þið þjónar Drottins, lofið nafn
hans. 2 Lofað sé nafn hans um aldur
og ævi! 3 Vegsamið hann frá sólarupprás til
sólarlags! 4 Því að hann er hátt upphafinn yfir
þjóðirnar og dýrð hans er himnunum hærri. 5
Hver kemst í samjöfnuð við Guð hinn hæsta? 6
Hann situr hátt og horfir niður á himin og jörð.
7 Hann reisir hinn fátæka úr skítnum, leiðir
hinn hungraða frá sorphaugnum 8 og fær þeim
sæti með tignarmönnum! 9 Fyrir hans hjálp
verður hún hamingjusöm móðir – konan sem
ekki gat fætt manni sínum börn. Hallelúja! Lof
sé Drottni!

114 Í árdaga, þegar Ísraelsmenn flúðu
Egyptaland, land hinnar framandi tungu,
2 varð Júda og Ísrael bústaður Guðs og ríki
hans. 3 Hafið rauða sá þá koma og hopaði. Og
áin Jórdan, hún stöðvaðist svo að þeir gátu
gengið yfir. 4 Fjöllin hoppuðu eins og hrútar og
hæðirnar sem lömb! 5 Hvað olli því, þú rauða
haf, að þú hopaðir til beggja hliða? Og hvers
vegna, áin Jórdan, stöðvaðist rennsli þitt? 6
Og þið fjöll, hvers vegna hoppið þið eins og
hrútar og þið hæðir sem lömb? 7 Nötra þú jörð
frammi fyrir augliti Drottins, Guðs Jakobs, 8 því
að hann lét uppsprettu opnast á klettinum.

115 Drottinn, gefðu ekki okkur, heldur þínu
nafni dýrðina. Gefðu að allir vegsami þig
vegna miskunnar þinnar og trúfesti. 2 Hvers
vegna leyfir þú heiðingjunum að segja: „Guð
þeirra er ekki til!“ 3 Guð er á himnum og hann
gerir það sem hann vill. 4 Guðir heiðingjanna
eru mannaverk, smíðisgripir úr silfri og gulli. 5
Þeir hvorki tala né sjá, en hafa þó bæði munn
og augu! 6 Þeir heyra ekki, finna enga lykt 7
og hreyfa hvorki legg né lið! Þeir geta ekki
sagt eitt einasta orð! 8 Smiðirnir sem þau gera
og tilbiðja, eru engu gáfaðri en þau! 9 Ísrael,
treystu Drottni! Hann er hjálpari þinn, hann
er skjöldur þinn. 10 Þið prestar af Aronsætt,
treystið Drottni! Hann er ykkar hjálp og hlíf. 11
Þú lýður hans, þið öll, yngri sem eldri, treystið
honum. Hann er hjálp og skjöldur. 12 Drottinn
mun ekki gleyma okkur og hann blessar okkur
öll. Hann blessar Ísraels fólk og prestana af
Arons ætt, 13 já, alla, bæði háa og lága – þá sem
óttast hann. 14 Drottinn blessi þig og börnin þín.
15 Drottinn, hann sem skapaði himin og jörð,
mun blessa þig – já, þig! 16 Himinninn tilheyrir
Drottni, en jörðina gaf hann mönnunum. 17
Ekki geta andaðir menn lofað Drottin hér á
jörðu, 18 en það getum við! Við lofum hann að
eilífu! Hallelúja! Lof sé Drottni!

116 Ég elska Drottin, því að hann heyrir
bænir mínar – og svarar þeim. 2 Meðan
ég dreg andann mun ég biðja til hans, því
að hann lítur niður og hlustar á mig. 3 Ég
horfðist í augu við dauðann – var hræddur og
hnípinn. (Sheol h7585) 4 Þá hvíslaði ég: „Drottinn,
frelsaðu mig!“ 5 Náðugur er Drottinn og góður
er hann! 6 Drottinn hlífir vondaufum og styrkir
hjálparvana. 7 Nú get ég slakað á og verið rór,
því að Drottinn hefur gert mikla hluti fyrir
mig. 8 Hann hefur bjargað mér frá dauða,
augum mínum frá gráti og fótum mínum frá
hrösun. 9 Ég fæ að lifa! Já, lifa með honum hér
á jörðu! 10 Þegar ég átti erfitt hugsaði ég: 11
Þeir segja ósatt, að allt muni snúast mér í hag.
12 En nú, hvernig get ég nú endurgoldið Drottni
góðverk hans við mig? 13 Ég vil lyfta bikarnum
og vínberjalegi að fórn, þakka honum lífið. 14
Fórnina sem ég lofaði Drottni, færi ég nú í allra
augsýn. 15 Hann elskar vini sína og lætur þá
ekki deyja án gildrar ástæðu. 16 Drottinn, þú
hefur leyst fjötra mína, því vil ég þjóna þér
af öllu hjarta. 17 Ég vil lofa þig og færa þér
þakkarfórn. 18 Í forgörðum musteris Drottins í
Jerúsalem vil ég – 19 og það í augsýn allra –
færa honum allt sem ég hafði lofað. Dýrð sé
Drottni!

117 Lofið Drottin allar þjóðir. Vegsamið hann
allir lýðir. 2 Miskunn hans er mikil og
trúfesti hans varir að eilífu. Lofaður sé Drottinn!

118 Þakkið Drottni því að hann er góður!
Elska hans varir að eilífu. 2 Söfnuður
Ísraels lofi hann og segi: „Elska hans varir að
eilífu!“ 3 Og prestar Arons taki undir og syngi:
„Elska hans varir að eilífu!“ 4 Og heiðingjarnir
sem trú hafa tekið segi: „Elska hans varir að
eilífu.“ 5 Í angist minni bað ég til Drottins.
Hann svaraði mér og frelsaði mig. 6 Ég er hans!
Hvað skyldi ég þá óttast? Hvað geta dauðlegir
menn gert mér? 7 Ég er vinur Drottins og hann
hjálpar mér. Óvinir mínir skulu vara sig! 8 Betra
er að treysta Drottni, en að reiða sig á menn. 9
Öruggara er að leita hjálpar hans en stuðnings
frá voldugum konungi! 10 Þó óvinaþjóðirnar
ráðist gegn mér, allar sem ein, þá mun ég ganga
fram undir gunnfána hans og gjöreyða þeim.
11 Já, þær umkringja mig og gera árás, en ég
útrými þeim undir sigurmerki hans. 12 Þær
þyrpast að mér eins og flugnager, blossa gegn
mér sem eyðandi eldur. En undir fána hans
gjörsigra ég þá! 13 Þú, óvinur minn, gerðir allt til
að útrýma mér, en Drottinn kom mér til hjálpar.
14 Þegar orustan stóð sem hæst var hann styrkur
minn og lofsöngur og að endingu veitti hann
mér sigur. 15 Á heimilum réttlátra syngja menn
fagnaðarljóð, 16 enda nýkomnar fréttir af sigri!
17 Ekki mun ég deyja, heldur lifa og segja öllum
frá máttarverkum hans. 18 Drottinn refsaði
mér, en ofurseldi mig ekki dauðanum. 19 Ljúkið
upp hliðum musterisins – ég ætla að ganga

inn og þakka Drottni. 20 Um þessi hlið liggur
leiðin til Drottins og réttlátir ganga þar inn. 21
Ó, Drottinn, þökk sé þér að þú bænheyrðir og
bjargaðir mér. 22 Steinninn sem smiðirnir höfðu
hafnað var gerður að hornsteini hússins! 23 Það
var að vilja og fyrir tilstilli Drottins og er í einu
orði sagt stórkostlegt! 24 Þetta er dagurinn sem
Drottinn hefur gert. Fögnum og verum glöð í
dag! 25 Ó, Drottinn, hjálpa þú. Frelsa þú okkur.
Láttu okkur ná árangri. 26 Blessaður sé sá sem
er að koma, sá sem sendur er af Drottni. Við
blessum þig frá helgidóminum. 27 Drottinn er
ljósið sem lýsir okkur. Dansið fyrir honum, já,
alla leiðina að altari hans. 28 Hann er minn
Guð, ég þakka honum og lofa hann. 29 Þakkið
Drottni, því að hann er góður! Miskunn hans
varir að eilífu!

119 Sælir eru þeir sem breyta í öllu eftir
lögum Guðs. 2 Sælir eru þeir sem leita
Guðs og gera vilja hans í hvívetna, 3 þeir
sem hafna málamiðlun við hið illa og ganga
heilshugar á Guðs vegum. 4 Þú, Drottinn, gafst
okkur lög þín til þess að við hlýddum þeim 5
– ó, hve ég þrái að breyta grandvarlega eftir
þeim. 6 Þá verð ég ekki til skammar, heldur hef
hreinan skjöld. 7 Ég vil þakka þér leiðsögn þína
og réttláta ögun, það hefur kennt mér að lifa
lífinu rétt! 8 Ég vil vera þér hlýðinn! Og þá veit
ég að þú munt alls ekki yfirgefa mig. 9 Hvernig
getur ungt fólk lifað hreinu lífi? Með því að
hlusta á orð þín og fara eftir þeim. 10 Ég leitaði
þín af öllu hjarta – láttu mig ekki villast burt
frá boðum þínum. 11 Ég hef íhugað orð þín af
kostgæfni og varðveitt þau í hjarta mínu svo að
þau verndi mig frá því að syndga. 12 Lof sé þér
Drottinn, kenndu mér lög þín. 13 Ég fer með lög
þín upphátt 14 – þau veita mér meiri gleði en
mikil auðæfi. 15 Ég vil íhuga þau og hafa þau í
heiðri. 16 Ég gleðst yfir þeim og gleymi þeim
ekki. 17 Leyfðu mér að lifa langa ævi, og læra að
hlýða þér meir og meir. 18 Opnaðu augu mín
svo að ég sjái dásemdirnar í orði þínu. 19 Ég
er pílagrímur hér á jörðu – mikið vantar mig
leiðsögn! Boðorð þín eru mér bæði leiðsögn og
kort! 20 Ég þrái fyrirmæli þín meira en orð fá
lýst! 21 Ávítaðu þá sem hafna boðum þínum.
Þeir hafa kallað bölvun yfir sig. 22 Láttu það
ekki viðgangast að þeir spotti mig fyrir að hlýða
þér. 23 Jafnvel þjóðhöfðingjar hallmæla mér, en
samt vil ég halda lög þín. 24 Lögmál þitt er mér
bæði ljós og leiðsögn. 25 Ég er bugaður maður,
alveg kominn á kné. Lífgaðu mig með orði þínu!
26 Ég sagði þér áform mín og þú svaraðir mér.
Skýrðu nú fyrir mér leiðsögn þína, 27 svo að ég
skilji hvað þú vilt og upplifi dásemdir þínar. 28
Ég græt af hryggð, hjarta mitt er bugað af sorg.
Uppörvaðu mig og lífga með orðum þínum.
29 Leiddu mig burt frá öllu illu. Hjálpaðu mér,
óverðugum, að hlýða lögum þínum, 30 því að
ég hef valið að gera rétt. 31 Ég held mér við
boðorð þín og hlýði þeim vandlega. Drottinn,
forðaðu mér frá öllu rugli. 32 Ég vil kappkosta
að fara eftir lögum þínum, því að þú hefur gert
mig glaðan í sinni. 33 Segðu mér, Drottinn, hvað
mér ber að gera og þá mun ég gera það. 34 Ég
vil hlýða þér af heilum hug svo lengi sem ég
lifi. 35 Ó, leiddu mig um réttan veg, – því hvað
er betra en það?! 36 Gefðu að ég hlýði reglum
þínum, en leiti ekki eftir rangfengnum gróða.
37 Snúðu huga mínum frá öllu öðru en því að
fylgja þér. Lífgaðu mig, hresstu mig, svo að ég
geti horft til þín. 38 Minntu mig á það aftur
og aftur að fyrirheit þín gilda fyrir mig! Já, ég
treysti þér, heiðra þig og óttast! 39 Þaggaðu
niður háðið og spottið sem beint er að mér, því
að lög þín eru góð og þeim fylgi ég. 40 Ég þrái
að hlýða þeim. Þess vegna, Drottinn, lífgaðu
mig við! 41 Þú lofaðir að frelsa mig! Miskunna
mér nú í kærleika þínum, 42 og þá mun ég
geta svarað þeim sem spotta mig, því að orðum
þínum treysti ég. 43 Gef að ég gleymi aldrei
orðum þínum og treysti alltaf þínum réttláta
úrskurði. 44 Þess vegna vil ég hlýða þér um
aldur 45 og ævi og njóta þess frelsis sem lög þín
veita. 46 Ég mun fræða konunga um gildi þeirra
og þeir munu hlusta af áhuga og virðingu. 47 Ég
elska lög þín! Ég gleðst yfir boðum þínum! 48
„Komið, komið til mín!“segi ég við þau; því að
ég elska þau og þrái að íhuga þau. 49 Drottinn,
gleymdu ekki fyrirheitum þeim sem þú gafst
mér, þjóni þínum, – þau eru það sem ég treysti
á. 50 Þau eru styrkur minn þegar á móti blæs –
þau hressa mig og lífga! 51 Ofstopamenn spotta
mig fyrir hlýðni mína við Guð, en ég læt ekki
haggast. 52 Allt frá því ég var barn hef ég leitast
við að hlýða þér, orð þín hafa verið mér huggun.
53 Ég reiðist hinum óguðlegu, þeim sem hafna
og fyrirlíta lög þín. 54 Því að þessi lög hafa verið
uppspretta gleði minnar alla ævi. 55 Um nætur
hugsa ég til þín Drottinn og minnist laga þinna.
56 Það hefur veitt mér mikla blessun að halda

fyrirmæli þín. **57** Drottinn, þú ert minn og ég
hef ákveðið að hlýða orðum þínum. **58** Ég þrái
blessun þína af öllu hjarta. Miskunna mér eins
og þú lofaðir mér. **59** Þegar ég sá að ég var á
rangri leið, **60** snéri ég við og flýtti mér aftur til
þín. **61** Óguðlegir menn hafa reynt að tæla mig
til syndar, en ég er staðráðinn í að hlýða lögum
þínum. **62** Um miðnætti rís ég upp og þakka
þér þín réttlátu ákvæði. **63** Sá er bróðir minn
sem óttast og treystir Drottni og hlýðir orðum
hans. **64** Ó, Drottinn, jörðin er full af miskunn
þinni! Kenndu mér lög þín! **65** Drottinn, blessun
þín umlykur mig, eins og þú hafðir lofað mér.
66 Kenndu mér góð hyggindi og þekkingu, því
að lög þín vísa mér veginn. **67** Áður var ég
reikull, þar til þú refsaðir mér, en nú hlýði ég
þér með glöðu geði. **68** Þú ert góður og gerir
aðeins gott, hjálpaðu mér að fylgja leiðsögn
þinni. **69** Ofstopamenn hafa spunnið upp lygar
um mig, en málið er, að ég hlýði lögum þínum
af öllu hjarta. **70** Þeir eru tilfinningalausir, skilja
ekkert, en ég elska þig og fylgi orðum þínum.
71 Hirting þín var það besta sem fyrir mig gat
komið, því að hún beindi augum mínum að
lögum þínum. **72** Lög þín eru mér meira virði
en hrúgur af gulli og silfri! **73** Þú, Drottinn, ert
skapari minn, gefðu mér vit til að halda lög þín.
74 Allir þeir sem óttast og elska þig, taka mér
vel, þeir sjá að einnig ég treysti orðum þínum.
75 Ég veit, Drottinn, að ákvarðanir þínar eru
réttar og að úrskurðir þínir gerðu mér gott.
76 Huggaðu mig með miskunn þinni, eins og
þú lofaðir mér. **77** Umvef mig náð þinni svo
að ég haldi lífi. Lög þín eru unun mín. **78** Lát
hina stoltu verða til skammar, þá sem beita
mig brögðum. En ég vil íhuga fyrirmæli þín. **79**
Láttu þá sem treysta þér, þá sem heiðra þig,
koma til mín og við munum ræða lög þín. **80**
Gefðu mér náð til að þóknast vilja þínum svo
að ég verði aldrei til skammar. **81** Ég þrái hjálp
þína af öllu hjarta! Þú lofaðir að hjálpa mér!
82 Ég einblíni á þig, bíð eftir því að sjá loforð
þitt rætast. Hvenær ætlar þú að hugga mig
með hjálp þinni? **83** Ég er eins og hrukkóttur
vínbelgur, skorpinn af reyk, uppgefinn af að
bíða. Samt held ég fast við lög þín og hlýði
þeim. **84** Hve lengi verð ég að bíða þess að þú
refsir ofsækjendum mínum? **85** Ofstopamenn
sem hata sannleika þinn og lög hafa grafið mér
gryfju. **86** Lygi þeirra hefur komið mér í mikinn
vanda. Þú elskar sannleikann, hjálpaðu mér!
87 Þeir höfðu næstum gert út af við mig, en
ég neitaði að láta undan og óhlýðnast lögum
þínum. **88** Láttu mig halda lífi sakir miskunnar
þinnar og ég mun halda áfram að fara eftir
boðum þínum. **89** Drottinn, á himnum stendur
orð þitt óhaggað um eilífð. **90** Trúfesti þín
nær frá kynslóð til kynslóðar, hún stendur
óhögguð eins og jörðin sem þú hefur skapað.
91 Hún varir samkvæmt orðum þínum. Allir
hlutir lúta þér. **92** Ég hefði örvænt og farist
ef lögmál þitt hefði ekki verið unun mín. **93**
Ég mun aldrei yfirgefa lög þín, í þeim fann
ég lífsgleði og góða heilsu. **94** Ég tilheyri þér!
Ég bið þig, varðveittu mig! Ég vil breyta eftir
orðum þínum. **95** Óguðlegir bíða færis til að
drepa, en ég íhuga loforð þín og reglur. **96**
Ekkert er fullkomið í þessum heimi nema eitt –
orð þín. **97** Ég elska þau! Ég íhuga þau liðlangan
daginn. **98** Þau hafa gert mig vitrari en óvini
mína, veitt mér leiðsögn gegnum lífið. **99** Ég er
orðinn hyggnari en allir kennarar mínir, því
að ég íhuga reglur þínar, **100** skynsamari en
öldungar, því að ég held fyrirmæli þín. **101** Ég
hef hafnað vegum illskunnar, því að ég vil vera
hlýðinn orðum þínum. **102** Ekki hef ég snúið
baki við fyrirmælum þínum; **103** orð þín eru
sætari en hunang! **104** Orð þín ein veita mér
skilning og vísdóm, er þá nokkur hissa þótt ég
hati lygina? **105** Þitt orð er lampi fóta minna,
ljós á vegum mínum. Það forðar mér frá hrösun.
106 Ég hef sagt það áður og segi enn: „Ég vil
hlýða lögum þínum, þau eru yndisleg!“ **107**
Óvinum mínum hefur næstum tekist að koma
mér á kné, frelsaðu mig eins og þú lofaðir mér!
108 Hlustaðu á þakkargjörð mína og kenndu
mér vilja þinn. **109** Líf mitt hangir á bláþræði,
samt vil ég ekki óhlýðnast boðum þínum. **110**
Illmenni hafa lagt gildrur fyrir mig, en ég mun
ekki víkja af þínum vegi. **111** Lög þín eru það
besta sem ég á! – Þau eru fjársjóður minn og
endast mér að eilífu! **112** Ég er ákveðinn í að
hlýða þér allt þar til ég dey. **113** Þeir finnst mér
andstyggilegir sem haltra til beggja hliða – þeir
sem ófúsir eru að hlýða þér. Mitt val er klárt:
Ég elska boðorð þín. **114** Þú ert skjól mitt og
skjöldur og ég treysti orðum þínum. **115** Burt frá
mér, þið illgjörðamenn! Reynið ekki að fá mig
til að óhlýðnast boðorðum Guðs. **116** Drottinn,
þú lofaðir að halda í mér lífinu. Láttu engan
geta sagt að þú hafir brugðist mér. **117** Hjálpaðu
mér svo að ég megi frelsast og halda áfram að

íhuga orðin þín. **118** Þú snýrð þér frá þeim sem
afneita lögum þínum. Þeir verða sjálfum sér
til skammar. **119** Illgjörðamennirnir eru eins
og sorp í þínum augum. Ég vil ekki vera einn
af þeim, og þess vegna elska ég þig og hlýði
lögum þínum. **120** Ég skelf af hræðslu við þig;
óttast að þú dæmir mig sekan. **121** Ofursel mig
ekki duttlungum óvina minna, því að ég hef
iðkað réttlæti og verið heiðarlegur í öllu. **122**
Lofaðu mér einu: Að blessa mig! Láttu ekki hina
hrokafullu kúga mig. **123** Ó, Drottinn, hvenær
ætlar þú að efna loforð þitt og frelsa mig? **124**
Drottinn, gerðu við mig eftir gæsku þinni og
kenndu mér, þjóni þínum, hlýðni. **125** Ég er
þjónn þinn, gefðu mér því vit til að fara eftir
reglum þínum í öllu sem ég geri. **126** Drottinn,
láttu nú til skarar skríða! Þessi illmenni hafa
brotið lög þín. **127** Ég elska boðorð þín meira en
skíra gull! **128** Öll eru þau réttlát, boðorð Guðs,
sama um hvað þau fjalla. Aðrar reglur vil ég
ekki sjá. **129** Lögmál þitt er yndislegt! Er einhver
hissa á að ég vilji hlýða því? **130** Þú útskýrir
fyrir okkur orð þín og jafnvel einfeldningurinn
skilur þau. **131** Orð þín vekja áhuga minn, ég
hlusta á þau með opnum munni! **132** Komdu og
miskunnaðu mér, eins og öðrum þeim sem elska
þig. **133** Leiðbeindu mér með lögum þínum, svo
að hið illa nái ekki tökum á mér. **134** Bjargaðu
mér úr klóm vondra manna svo að ég geti farið
eftir fyrirmælum þínum. **135** Líttu til mín í náð
þinni og kenndu mér lög þín. **136** Ég græt því að
lög þín eru fótum troðin. **137** Drottinn, þú ert
réttvís og refsing þín sanngjörn. **138** Skipanir
þínar góðar og réttlátar. **139** Ég er í uppnámi
og reiðin sýður í mér, því að óvinir mínir hafa
forsmáð lög þín. **140** Ég hef séð að orð þín eru
sönn og hrein, og þess vegna elska ég þau! **141**
Ég er lítilmótlegur og fyrirlitinn en boðorðum
þínum hef ég ekki gleymt. **142** Réttlæti þitt varir
að eilífu, og lög þín eru byggð á trúfesti. **143**
Boðorð þín eru huggun mín í andstreymi og
neyð. **144** Lög þín eru réttlát í öllum greinum.
Hjálpaðu mér að skilja þau svo að ég haldi lífi.
145 Ég ákalla þig af öllu hjarta! Bænheyrðu mig,
Drottinn! Þá mun ég hlýða lögum þínum. **146**
„Bjargaðu mér!“hrópa ég, „svo að ég geti hlýtt
þér.“ **147** Fyrir sólarupprás var ég á fótum, ég
bað til þín og beið svars. **148** Já, ég vaki um
nætur og íhuga fyrirheit þín. **149** Hlustaðu á bæn
mína og miskunna mér, bjargaðu lífi mínu eins
og þú hefur heitið mér. **150** Nú koma illmennin,
nú gera þau árás! Orð þitt þekkja þeir ekki, nei
alls ekki. **151** En þú Drottinn ert mér nærri, í
trúfesti eru orð þín sögð. **152** Ég heyrði orð
þín í bernsku og veit að þau breytast ekki.
153 Líttu á sorg mína og bjargaðu mér, því að
boðum þínum hef ég hlýtt. **154** Já, frelsaðu mig
frá dauða samkvæmt orði þínu. **155** Óguðlegir
munu ekki frelsast því að þeim er sama um
boðorð þín. **156** Drottinn, mikil er miskunn
þín, bjargaðu lífi mínu! **157** Margir eru óvinir
mínir og fjendur, en frá reglum þínum hvika
ég ekki. **158** Þarna eru svikararnir – mér býður
við þeim! Þeim er alveg sama um orð þitt. **159**
Drottinn, það skaltu vita, að ég elska boðorð
þín. Miskunnaðu mér og leyfðu mér að halda
lífi og heilsu. **160** Trúfestin er rauði þráðurinn í
orðum þínum og reglur þínar vara að eilífu. **161**
Höfðingjar ofsækja mig án saka, hvað geri ég? –
skoða lög þín með lotningu! **162** Ég fagna yfir
lögum þínum eins fundnum fjársjóði. **163** Ég
hata lygi og fals, en elska lög þín. **164** Sjö sinnum
á dag lofa ég þig vegna þinna réttlátu ákvæða.
165 Þeir sem elska lögmál þitt eiga frið í hjarta
og er ekki hætt við hrösun. **166** Drottinn, ég þrái
hjálp þína og þess vegna hlýði ég boðum þínum.
167 Ég hef leitað og gætt boðorða þinna og elska
þau af öllu hjarta. **168** Þetta veistu, því að allt
sem ég geri þekkir þú til fulls. **169** Drottinn,
heyr þú hróp mitt og gefðu mér skilning á orði
þínu. **170** Hlusta á bænir mínar og frelsaðu mig
eins og þú lofaðir mér. **171** Ég vegsama þig því
að þú kenndir mér boðorð þín. **172** Efni þeirra
er lofgjörð mín, öll eru þau réttlát. **173** Veittu
mér lið þegar ég þarfnast hjálpar, því að ég
hef kosið að hlýða þér. **174** Ó, Drottinn, ég þrái
hjálpræði þitt og lög þín elska ég! **175** Láttu sál
mína lifa svo að ég geti lofað þig og orð þín
styðja mig á göngu lífsins. **176** Ég villist eins og
týndur sauður, leitaðu mín, því að boðorðum
þínum hef ég ekki gleymt.

120 Ég ákalla Guð í neyð minni og hann
hjálpar mér. **2** Drottinn, frelsaðu mig frá
svikum og prettum. **3** Þú lygatunga, hver verða
örlög þín? **4** Oddhvassar örvar munu stinga þig
og glóandi kol brenna þig! **5** Hvílík mæða að
búa með óguðlegum! **6** Ég er þreyttur á þeim
sem hata friðinn. **7** Ég þrái frið, en þeir elska
stríð og láta ráð mín sem vind um eyrun þjóta.

121 Ég horfi til fjallanna, þar sem Jerúsalem
rís. Hvaðan skyldi ég fá hjálp? **2** Hjálp
mín kemur frá Drottni, skapara himins og
jarðar! **3** Hann mun aldrei láta mig hrasa eða
falla. **4** Hann gætir mín öllum stundum og sefur
ekki á verðinum. **5** Sjálfur Drottinn gætir þín!
Hugleiddu það! Hann verndar þig gegn öllu
illu og er þér alltaf nær. **6** Hann verndar þig
jafnt daga sem nætur. **7** Hann frelsar þig frá illu
og heldur í þér lífinu. **8** Hann hefur augun á
þér hvort sem þú gengur út eða inn, já hann
varðveitir þig alla daga og að eilífu.

122 Ég varð glaður þegar sagt var við
mig: „Komdu! Förum í musterið, hús
Drottins!“ **2** Við erum stödd í Jerúsalem **3** og
borgin er full af fólki. **4** Allur Ísrael – þjóð
Drottins – er kominn til að tilbiðja og lofa
Drottin samkvæmt reglu lögmálsins. **5** Sjáið!
Þarna eru dómararnir í borgarhliðinu, þeir
skera úr deilumálum fólksins. **6** Biðjið þess
að friður haldist í Jerúsalem og að þeir sem
hana elska njóti heilla og hamingju. **7** Ég bið að
friður ríki umhverfis þig og hagsæld sé í höllum
þínum, **8** já, vegna bræðra minna og vina sem
hér búa. **9** Ég bið um hamingju þér til handa,
Jerúsalem, vegna musteris Drottins sem í þér
er.

123 Ó, Guð, þú sem ríkir á himnum, ég
hef augu mín til þín. **2** Við horfum til
Drottins Guðs, þráum miskunn hans og náð,
rétt eins og þjónninn mænir á húsbónda sinn
og þernan á húsmóður sína. **3** Miskunna okkur,
Drottinn, miskunna okkur. **4** Við höfum fengið
nóg af háði og spotti hinna hrokafullu.

124 Hefði það ekki verið Drottinn sem með
okkur var þetta skulu allir í Ísrael játa
– hefði það ekki verið Drottinn, **2** þá hefðu
óvinirnir gleypt okkur lifandi, **3** útrýmt okkur í
heiftarreiði sinni. **4** Við hefðum skolast burt á
augabragði, **5** horfið í strauminn. **6** Lofaður sé
Drottinn, hann bjargaði okkur úr klóm þeirra. **7**
Við sluppum eins og fugl úr snöru veiðimanns.
Snaran gaf sig og við flugum burt! **8** Hjálp okkar
kemur frá Drottni sem skapaði himin og jörð.

125 Þeir sem treysta Drottni eru eins og
Síonfjall, þeir haggast ekki. **2** Fjöllin
umhverfis Jerúsalem eru henni til verndar,
eins er Drottinn, hann umlykur og verndar
sitt fólk. **3** Ekki skulu óguðlegir drottna yfir
trúuðum, né réttlátir þvingaðir til illverka. **4** Ó,
Drottinn, gerðu vel við þá sem góðir eru, þá
sem leitast við að gera vilja þinn, **5** en útrýmdu
illgjörðamönnum. Láttu frið og velgengni ríkja
í Ísrael.

126 Þegar Drottinn flutti þjóð sína aftur til
Jerúsalem, heim úr herleiðingunni, þá
héldum við að okkur væri að dreyma! **2** Við
sungum og hlógum af gleði. Þá sögðu heiðnu
þjóðirnar: „Drottinn hefur gert ótrúlega hluti
fyrir þá!“ **3** Já, undursamlega hluti! Hvílíkt
undur! Hvílík gleði! **4** Hresstu okkur nú Drottinn,
já gefðu okkur kröftuga gróðrarskúr! **5** Þeir sem
sá með tárum skulu uppskera með gleðisöng.
6 Grátandi bera þeir sæðið til sáningar, en
syngjandi koma þeir aftur og bera kornbindin
heim!

127 Ef hús er ekki byggt að ráði Drottins,
erfiða smiðirnir til ónýtis. Ef Drottinn
verndar ekki borgina, vaka verðirnir til einskis.
2 Hvers vegna þrælar þú myrkranna á milli af
ótta við skort? Veistu ekki að Guð vill að vinir
hans fái þá hvíld sem þeir þarfnast? Á meðan
þeir sofa, blessar hann þá með gjöfum. **3** Börnin
eru gjöf frá Guði, ávöxtur móðurkviðar og laun
frá Drottni. **4** Börn sem maður eignast ungur,
eru eins og beittar örvar – þau koma síðar
að gagni! **5** Sæll er sá maður sem hefur fyllt
örvamæli sinn með þeim! Hann mun ekki verða
til skammar þegar hann þarf að útkljá deilumál
við óvini sína!

128 Sæll er hver sá sem heiðrar Drottin,
treystir honum og hlýðir. **2** Honum mun
launað með velgengni og hamingju. **3** Kona hans
hugsar vel um heimilið – og ekki mun þau skorta
börn! Þarna sitja þau að matnum, þróttmikil
og frísk eins og ung olífutré! **4** Þannig launar
Guð þeim sem elska hann og treysta honum. **5**
Drottinn blessi þig frá musterinu á Síon. Alla
þína ævidaga muntu gleðjast yfir velgengni
Jerúsalem **6** og eignast marga afkomendur.
Friður Guðs sé yfir Ísrael!

129 Allt frá bernsku var ég ofsóttur (það er
Ísrael sem talar) **2** og misréttinu linnti
ekki – en aldrei var ég þurrkaður út. Aldrei
hefur óvinum mínum tekist að uppræta mig! **3**
Þótt þeir húðstrýktu mig og tættu bak mitt, þá
segi ég samt: **4** „Drottinn er góður!“Því að hann
braut hlekkina sem illmennin höfðu fjötrað mig

með. 5 Þeir sem hata Jerúsalem skulu verða til
skammar og flýja. 6 Þeir skulu vera eins og gras
á þaki – það skrælnar áður en það hefur vaxið
og myndað fræ. 7 Sláttumaðurinn mun grípa í
tómt og sá sem bindur fær ekki neitt. 8 Þeir
sem framhjá fara skulu ekki óska þér blessunar.
En við ykkur segjum við: „Drottinn blessi þig!“

130 Ó, Drottinn, ég er í nauðum staddur,
heyrðu hróp mitt! 2 Hlustaðu á mig!
Svaraðu og hjálpaðu mér! 3 Drottinn, ef þú
rifjaðir sífellt upp syndir okkar, hver fengi þá
staðist? 4 En þú fyrirgefur! Getum við annað en
óttast þig og elskað? 5 Og þess vegna bið ég og
vona og treysti hjálp Guðs, því að hann hefur
lofað að hjálpa. 6 Næturverðirnir þrá nýjan dag,
en ég þrái Drottin enn meira! 7 Ísrael, treystu
Drottni því að hann er góður og miskunnsamur
og veitir gnægð lausnar. 8 Hann mun sjálfur
leysa Ísrael frá öllum misgjörðum hans.

131 Drottinn, ég er hvorki stoltur né
hrokafullur. Ég álít sjálfan mig ekki betri
en aðra. Ég læt ekki sem ég viti alla hluti. 2 Ég
er hljóður fyrir Drottni, eins og barn sem vanið
hefur verið af brjósti. Ég er hættur að suða
og nauða. 3 Ísrael, ver þú hljóður og treystu
Drottni, nú og ævinlega.

132 Manst þú, Drottinn, allar þjáningar
Davíðs? 2 Hann náði ekki að hvílast,
kom ekki dúr á auga. 3 Þá kom honum í hug
að reisa hús yfir örk þína, 4 musteri fyrir hinn
volduga í Ísrael. 5 Og hann hét því að svo skyldi
verða og sór hátíðlegan eið fyrir Drottni. 6
Fyrst var örkin í Síló í Efrata og síðan í Jaar. 7
Nú fær hún stað í musterinu, bústað Guðs hér
á jörð. Þar munum við falla fram og tilbiðja
hann. 8 Rís þú upp, Drottinn! Gakktu inn í
musteri þitt ásamt örk þinni, tákni máttar
þíns! 9 Við munum íklæða prestana hvítum
skrúða, klæðum hreinleikans. Og þjóðin mun
hrópa fagnaðaróp! 10 Vísaðu Davíð þjóni þínum
ekki frá – konunginum sem þú útvaldir handa
þjóð þinni. 11 Þú lofaðir Davíð því að sonur
hans yrði eftirmaður hans, skyldi erfa hásætið.
Vissulega munt þú aldrei ganga á bak orða
þinna! 12 Og annað fyrirheit gafstu Davíð líka:
Ef afkomendur hans héldu ákvæði sáttmála þíns
við þig, þá mundi konungdómurinn haldast í
ætt Davíðs að eilífu. 13 Ó, Drottinn, þú hefur
útvalið Jerúsalem að bústað þínum. 14 „Þetta er
hvíldarstaður minn um aldur og ævi, “sagðir
þú, „staðurinn sem ég hef þráð. 15 Borg þessa
vil ég blessa og auðga og fátæklingar hennar fá
nóg að borða. 16 Presta hennar mun ég íklæða
hjálpræði, og hinir trúuðu er þar búa munu
hrópa fagnaðaróp. 17 Veldi Davíðs mun aukast,
og ég mun gefa honum son, eftirmann í hásæti
hans. 18 Ég hyl óvini hans skömm, en á honum
skal kóróna hans ljóma.“

133 Sjáið hve yndislegt það er þegar systkini
búa saman í sátt og samlyndi! Vináttan
er dýrmæt! 2 Hún er eins og ilmolían sem hellt
var yfir höfuð Arons, rann niður skeggið og
draup á kyrtil hans, 3 eins og áin Jórdan sem
sprettur upp við Hermonfjall og vökvar Ísrael.
Guð mun blessa Jerúsalem og veita þar líf að
eilífu.

134 Já, lofið Drottin, þið sem vakið yfir
musteri hans um nætur. 2 Lyftið höndum
til helgidómsins og lofið Drottin. 3 Drottinn
blessi þig frá Síon, hann sem skapaði himin og
jörð.

135 Hallelúja! 2 Lýður Drottins lofi hann
í forgörðum musteris hans. 3 Lofið
Drottin því að hann er góður, vegsamið hans
dýrlega nafn. 4 Því að Drottinn hefur kosið
Ísrael sér að eignarlýð. 5 Ég þekki mikilleik
Drottins – að hann er öllum guðum æðri. 6
Það sem honum þóknast, það gerir hann á
himni, á jörðu og einnig í hafdjúpunum! 7
Hann lætur skýin stíga upp af jörðinni og
eldinguna leiftra svo að rigni; og vindana lætur
hann blása úr forðabúrum sínum. 8 Hann laust
frumburði Egyptalands, bæði menn og dýr. 9
Undur og tákn gerði hann í augsýn Faraó og
þjóna hans. 10 Fjölmennar þjóðir lagði hann
að velli, felldi volduga konunga 11 – Síhon,
Amoríta-konung og Óg, konung í Basan og
konunga Kanaanslands 12 og gaf Ísrael lönd
þeirra til eilífrar eignar. 13 Ó, Drottinn, nafn
þitt varir að eilífu! Frægð Drottins er kunn frá
kynslóð til kynslóðar, 14 því að hann réttir hlut
þjóðar sinnar og miskunnar þjónum sínum. 15
Heiðingjarnir tilbiðja skurðgoð úr gulli og silfri,
handaverk manna 16 – mállaus og sjónlaus
skurðgoð, 17 sem hvorki heyra né draga andann.
18 Smiðir þeirra líkjast þeim og þeir sem tilbiðja
þau. 19 Ísrael, lofa þú Drottin! Æðstuprestar
Arons, vegsamið nafn hans, 20 og einnig þið

prestar af Levíætt. Já, lofið nafn hans, öll þið
sem treystið honum og óttist hann. 21 Þið
íbúar Jerúsalem, lofið Drottin, hann sem býr í
Jerúsalem! Hallelúja!

136 Þakkið Drottni, því að hann er góður,
miskunn hans varir að eilífu! 2 Þakkið
Guði guðanna, því að miskunn hans varir að
eilífu. 3 Þakkið Drottni drottnanna, því að
miskunn hans varir að eilífu. 4 Lofið hann
sem einn gjörir furðuverk, því að miskunn
hans varir að eilífu. 5 Lofið hann sem skapaði
himininn, því að miskunn hans varir að eilífu.
6 Lofið hann sem aðskildi höf og lönd, því að
miskunn hans varir að eilífu. 7 Lofið hann sem
skapaði ljósgjafa himinsins, því að miskunn
hans varir að eilífu. 8 Sólina til að ráða deginum,
því að miskunn hans varir að eilífu 9 og tunglið
og stjörnurnar til að ráða um nætur, því að
miskunn hans varir að eilífu. 10 Lofið Guð sem
laust frumburði Egypta, því að miskunn hans
við Ísrael varir að eilífu. 11 Hann leiddi þá út
með mætti sínum og sinni voldugu hendi, 12
því að miskunn hans við Ísrael varir að eilífu.
13 Lofið Drottin sem opnaði þeim leið gegnum
Rauðahafið, 14 því að miskunn hans – varir að
eilífu, 15 en drekkti í hafinu hersveitum faraós,
því að miskunn hans við Ísrael varir að eilífu.
16 Lofið hann sem leiddi lýð sinn yfir auðnina,
því að miskunn hans varir að eilífu. 17 Lofið
hann sem frelsaði lýð sinn undan voldugum
konungum, því að miskunn hans varir að eilífu
18 og laust þá til dauða, þessa óvini Ísraels, því
að miskunn hans við Ísrael varir að eilífu: 19
Síhon, Amoríta-konung, því að miskunn Guðs
við Ísrael varir að eilífu 20 – og Óg, konung í
Basan – því að miskunn hans við Ísrael varir að
eilífu. 21 Guð gaf Ísrael lönd þessara konunga
til eilífrar eignar, því að miskunn hans varir að
eilífu. 22 Já, þau skyldu verða varanleg gjöf til
Ísrael, þjóns hans, því að miskunn hans varir að
eilífu. 23 Hann minntist okkar í eymd okkar, því
að miskunn hans varir að eilífu 24 og frelsaði
okkur frá óvinum okkar, því að miskunn hans
varir að eilífu. 25 Hann gefur fæðu öllu því sem
lifir, því að miskunn hans varir að eilífu. 26 Já,
færið Guði himnanna þakkir, því að miskunn
hans varir að eilífu!

137 Við sátum á bökkum Babylonsfljóts og
minntumst Jerúsalem – og grétum. 2
Gígjurnar höfum við lagt til hliðar, hengt þær á
greinar pílviðarins. 3 Hvernig eigum við að geta
sungið? 4 Samt heimta kúgarar okkar söng, vilja
að við syngjum gleðiljóð frá Síon! 5 Ef ég gleymi
þér Jerúsalem, þá visni mín hægri hönd! 6 Ef
ég elska annað umfram Jerúsalem, þá sé mér
mátulegt að missa málið og tapa röddinni. 7 Ó,
Drottinn, gleymdu ekki orðum Edómíta, daginn
þegar Babyloníumenn hernámu Jerúsalem.
„Rífið allt til grunna!“æptu þeir. 8 Þú Babýlon,
ófreskja eyðingarinnar, þú munt sjálf verða
lögð í rúst. Lengi lifi þeir sem eyða þig – þig
sem eyddir okkur. 9 Og heill þeim sem tekur
ungbörn þín og slær þeim við stein!

138 Drottinn, ég þakka þér af öllu hjarta!
Ég vil lofsyngja þér í áheyrn englanna á
himnum. 2 Ég vil falla fram fyrir þínu heilaga
musteri, þakka þér elsku þína og trúfesti, og
loforð þín sem þú hefur innsiglað með þínu
mikilfenglega nafni. 3 Þegar ég bið, þá heyrir
þú bænir mínar, styrkir mig og hughreystir. 4
Konungar jarðarinnar skulu þakka þér, Drottinn,
því að allir heyra þeir rödd þína. 5 Já, þeir skulu
syngja um verk Drottins, því að mikil er dýrð
hans. 6 En þótt Drottinn sé mikill, þá lýtur hann
að hinum lítilmótlegu, en hrokafullir halda sig
fjarri. 7 Þótt ég sé umvafinn erfiðleikum, muntu
sjá um að allt fari vel. Þú réttir fram hnefann
gegn óvinum mínum. Kraftur þinn mun frelsa
mig. 8 Drottinn mun leysa úr öllum mínum
málum – því að Drottinn, miskunn þín varir að
eilífu. Yfirgef mig ekki, því að ég er verk handa
þinna.

139 Drottinn, þú rannsakar mig út og inn
og veist allt um mig. 2 Hvort ég sit
eða stend, það veist þú. Og þú lest hugsanir
mínar úr fjarlægð! 3 Þú veist hvert ég stefni og
þekkir langanir mínar. Og hvort sem ég geng
eða ligg, þá athugar þú það. Þú veist öllum
stundum hvar ég er. 4 Þú þekkir orðin á tungu
minni áður en ég opna munninn! 5 Þú bæði
fylgir mér og ferð á undan mér, leggur hönd
þína á höfuð mitt og blessar mig. 6 Þetta er
stórkostlegt! Já, næstum of gott til að vera satt!
7 Hvert get ég farið frá anda þínum eða flúið frá
augliti þínu? 8 Fari ég til himna, þá ertu þar,
til dánarheima, þá ertu líka þar! (Sheol h7585) 9
Ef ég svifi á skýjum morgunroðans og settist
við fjarlæga strönd, 10 einnig þar mundi hönd
þín leiða mig og ég finna styrk þinn og vernd.
11 Og þótt ég reyndi að læðast frá þér inn í

myrkrið, þá myndi nóttin lýsa eins og dagur! 12
Því að myrkrið hylur ekkert fyrir Guði, dagur
og nótt eru jöfn fyrir þér. 13 Öll líffæri mín
hefur þú skapað, ofið þau í kviði móður minnar.
14 Þökk, að þú skapaðir mig eins undursamlega
og raun ber vitni! Þetta er dásamlegt um að
hugsa! Handaverk þín eru stórkostleg – það
er mér alveg ljóst. 15 Þú varst til staðar þegar
ég var myndaður í leyni. 16 Þú þekktir mig
þegar ég var fóstur í móðurkviði og áður en
ég sá dagsins ljós hafðir þú ákvarðað alla mína
ævidaga – sérhver dagur var skráður í bók þína!
17 Hugsanir þínar, ó Guð, eru mér torskildar, en
samt eru þær stórkostlegar! 18 Ef ég reyndi að
telja þær, þá yrði það mér ofviða því að þær eru
fleiri en sandkorn á sjávarströnd! Já, ég mundi
vakna eins og af draumi, en hugur minn, hann
væri enn hjá þér! 19 Vissulega munt þú, Guð,
útrýma níðingunum. Já, burt með ykkur, þið
morðingjar! 20 Þeir guðlasta og hreykja sér upp
gegn þér – hvílík heimska! 21 Drottinn, ætti ég
ekki að hata þá sem þig hata? Og ætti ég ekki
að hafa viðbjóð á þeim? 22 Jú, ég hata þá, því að
þínir óvinir eru mínir óvinir. 23 Prófaðu mig
Guð. Rannsakaðu hjarta mitt og hugsanir mínar.
24 Sýndu mér það í fari mínu sem hryggir þig
og leiddu mig svo áfram veginn til eilífs lífs.

140 Ó, Drottinn, frelsaðu mig frá vondum
mönnum. Verndaðu mig gegn
ofbeldismönnunum 2 sem sitja á svikráðum
alla daga og vekja ófrið. 3 Orð þeirra eru
eins og eitruð höggormsbit. 4 Varðveittu mig
gegn ofbeldi þeirra og svikráðum. 5 Þessir
ofríkismenn hafa lagt gildru fyrir mig, sett út
snöru sína. Þeir bíða þess að geta kastað yfir mig
neti, flækja mig í möskva sína. 6 Ó, Drottinn,
þú ert minn Guð! Hlustaðu á grátbeiðni mína!
7 Láttu ekki svikráð níðinganna heppnast. 8
Láttu þá ekki ná árangri eða hreykja sér hátt.
9 Svikráð þeirra komi þeim sjálfum í koll! 10
Eldsglóðum rigni yfir þá. Steyptu þeim í gjár
sem þeir komast ekki úr. 11 Láttu lygara einskis
ávinnings njóta í landi okkar, en refsaðu þeim
í skyndi. 12 Drottinn mun örugglega rétta
hlut fólks sem þolað hefur ofsóknir þeirra,
hann mun flytja mál hinna snauðu. 13 Hinir
guðhræddu þakka þér. Þeir fá að lifa í nálægð
þinni.

141 Drottinn, þú hefur hlustað á bæn mína,
svaraðu mér fljótt! Heyr þegar ég hrópa
til þín eftir hjálp. 2 Líttu á bæn mína sem
kvöldfórn, eins og reykelsi sem stígur upp til
þín. 3 Hjálpaðu mér, Drottinn, að gæta munns
míns – innsiglaðu varir mínar! 4 Frelsaðu mig
frá löngun í hið illa. Forðaðu mér frá félagsskap
við syndara og þeirra vondu verkum. Láttu mig
sneiða hjá svallveislum þeirra. 5 Hirting frá
guðhræddum manni er mér til góðs – hún er
áhrifaríkt læknislyf! Ég vil ekki hlusta á hrós
vondra manna. Ég bið gegn illsku þeirra og
svikum. 6 Þegar foringjar þeirra fá sinn dóm,
þegar þeim verður hrint fram af kletti, 7 þá
munu menn þessir hlusta á viðvörun mína og
skilja að ég vildi þeim vel. (Sheol h7585) 8 Drottinn,
ég horfi til þín í von um hjálp. Þú ert skjól mitt.
Láttu þá ekki tortíma mér. 9 Forðaðu mér frá
gildrum þeirra. 10 Hinir óguðlegu falli í eigin
net, en ég sleppi heill á húfi.

142 Ég bið og bið til Drottins, 2 stöðugt
grátbæni ég hann. 3 Ég er hræddur
og ráðvilltur. Þú einn þekkir leiðina framhjá
gildrum óvina minna. 4 Enginn maður hugsar
hlýtt til mín. Hvergi er góð ráð að fá. Öllum
er sama um mig. 5 Því bið ég til Drottins og
segi: „Drottinn, þú einn ert skjól mitt á jörðu,
ég er hvergi öruggur nema hjá þér. 6 Heyrðu
hróp mitt því að ég er mjög þjakaður. Frelsaðu
mig frá þeim sem ofsækja mig, því að þeir eru
mér yfirsterkari. 7 Leiddu mig úr þessum mikla
vanda og þá mun ég lofa þig. Hinir guðhræddu
munu þyrpast til mín og fagna með mér yfir
hjálp þinni.“

143 Drottinn, heyrðu bæn mína. Svaraðu
ákalli mínu, því að þú ert réttlátur og
stendur við orð þín. 2 Leiddu mig ekki fyrir
dóm, því að enginn er réttlátur frammi fyrir
þér. 3 Óvinir mínir eltu mig og náðu mér. Þeir
slógu mig til jarðar og drógu mig inn í myrkrið
– ég er eins og þeir sem gengnir eru til grafar. 4
Ég eygi enga von, er lamaður af ótta. 5 Ég hugsa
um máttarverk þau sem þú vannst fyrir langa
löngu. 6 Ég leita þín. Mig þyrstir eftir þér eins
og örþrota land, skrælnað af þurrki. 7 Komdu
skjótt, Drottinn og bjargaðu mér, því að ég er
að örmagnast! Snúðu ekki við mér bakinu, því
að þá væri úti um mig. 8 Sýndu mér miskunn
þína að morgni, því að þér treysti ég. Sýndu
mér þann veg er ég á að ganga, því að bæn

mín er beðin í einlægni. 9 Frelsaðu mig undan
óvinum mínum, Drottinn minn, ég vil flýja í
skjól þitt. 10 Hjálpaðu mér að gera vilja þinn,
því að þú ert minn Guð. Þinn góði andi leiði mig
um réttan veg. 11 Drottinn, láttu mig lífi halda
og leystu mig úr öllum þessum nauðum, því að
þú ert réttlátur og veist að ég hef ekkert til saka
unnið. 12 Ég er þjónn þinn. Þú elskar mig og ert
mér svo góður! Ryð þú burt þessum óvinum
mínum og láttu þá hverfa sem ofsækja mig.

144 Lofaður sé Drottinn! Hann er bjargið
sem líf mitt er byggt á! Hann gefur mér
kraft og leikni í bardaga. 2 Hann er miskunn
mín. Hann er vígi mitt, borg mín og hjálpari,
skjöldur minn og athvarf. Hann leggur þjóðir
undir mig. 3 Drottinn, hvers virði er maðurinn
að þú ómakir þig og minnist hans? Hvers vegna
skyldir þú yfirleitt skipta þér af fólki? 4 Því
að maðurinn er eins og vindblær, dagar hans
eins og hverfandi skuggi. 5 Drottinn, sveigðu
himininn og stígðu niður! Þegar þú tyllir þér
á fjöllin þá rýkur úr þeim. 6 Láttu eldingar
leiftra, – skjóttu örvum þínum og tvístraðu
óvinunum! 7 Réttu hönd þína niður og frelsaðu
mig, dragðu mig upp úr hinum djúpu vötnum,
undan ofurvaldi óvinanna. 8 Munnur þeirra
er fullur af svikum og með hægri hönd sinni
innsigla þeir lygi. 9 Ég vil syngja þér nýjan
söng, ó Guð, og leika undir á tístrengjaða hörpu,
10 því að þú veitir konungum okkar sigur. Þú
frelsar þjón þinn Davíð undan sverði dauðans.
11 Bjargaðu mér! Frelsaðu mig undan óvinum
þessum, þeir bæði ljúga og svíkja. 12 Nú vil
ég lýsa landinu þar sem Drottinn er Guð –
hamingjulandinu! 13 Þar eru synirnir hraustir og
stæltir eins og þróttmikil tré. Dæturnar fagrar
og prúðar eins og úthöggnar hallarsúlur. 14
Hlöðurnar fullar af alls konar afurðum. Hjarðir
þúsunda sauða liðast um hagana. Uxarnir eru
klyfjaðir og ekkert skarð í múrnum. 15 Friður
hvert sem litið er, enginn maður í útlegð og
glæpir horfnir af strætunum. Já, sæl er sú þjóð
sem á Drottin að Guði.

145 Ég vil lofa þig, þú Guð minn og konungur,
2 og vegsama nafn þitt hvern einasta
dag, já að eilífu! 3 Mikill er Drottinn! Lofið
hann án afláts! Dýrð hans er meiri en við
fáum skilið! 4 Sérhver kynslóð fræðir börn
sín um hans mörgu dásemdarverk. 5 Ég vil
íhuga dýrð þína og vegsemd, glæsileik þinn og
kraftaverk. 6 Undur þín eru á allra vörum, ég
vil tala um stórvirki þín. 7 Öllum er ljúft að
segja frá kærleika þínum, syngja um réttlæti
þitt. 8 Náðugur og miskunnsamur er Drottinn,
seinn til reiði og fullur góðvildar. 9 Drottinn
er öllum góður og miskunn hans hvílir yfir
öllu sem hann hefur skapað. 10 Öll sköpunin
þakkar þér Drottinn, og þjóð þín lofar þig. 11
Þau segja frá dýrð ríkis þíns, og tala um kraft
þinn og mátt. 12 Þau víðfrægja mikilleik þinn
og máttarverk – dýrð konungdóms þíns. 13 Því
að á ríki þínu er enginn endir, veldi þitt nær
frá kynslóð til kynslóðar. 14 Drottinn reisir við
hina föllnu og styður þá sem ætla að hníga. 15
Allra augu mæna á þig eftir hjálp, því að þú
gefur þeim fæðu þeirra á réttum tíma. 16 Þú
uppfyllir þarfir þeirra og blessar þá. 17 Drottinn
er réttlátur og miskunnsamur í öllu sem hann
gerir. 18 Hann er nálægur öllum sem ákalla
hann í einlægni. 19 Hann uppfyllir þarfir þeirra
sem óttast hann og elska. Hann heyrir hróp
þeirra og hjálpar þeim. 20 Hann verndar alla þá
sem elska hann, en útrýmir öllum óguðlegum.
21 Ég vil lofa Drottin! Og þið öll, vegsamið hans
heilaga nafn á meðan ævi ykkar endist.

146 Dýrð sé Guði! Já, ég vil vegsama hann! 2
Ég vil lofa hann á meðan ég lifi, vegsama
hann fram á síðustu stund. 3 Reiddu þig ekki á
hjálp valdsmanna, því að þeir falla og ekkert
verður úr aðstoð þeirra. 4 Þeir munu deyja og
andi þeirra líður burt, áform þeirra verða að
engu. 5 En sæll er sá maður sem reiðir sig á hjálp
Guðs, Guðs Jakobs, sem vonar á Drottin, Guð
sinn 6 – þann Guð sem skapaði himin og jörð og
hafið og allt sem í því er. Hann er sá Guð sem
óhætt er að treysta! 7 Hann leitar réttar fátækra
og kúgaðra og gefur hungruðum brauð. Hann
frelsar fanga, 8 opnar augu blindra, lyftir okinu
af þeim sem eru að bugast. Drottinn elskar þá
sem gera rétt. 9 Hann verndar útlendingana
sem sest hafa að í landinu og gætir réttinda
ekkna og einstæðinga, en ónýtir ráðabrugg
vondra manna. 10 Drottinn mun ríkja að eilífu.
Jerúsalem, veistu að Drottinn er konungur að
eilífu?! Hallelúja!

147 Hallelúja! Já, lofið Drottin! Það er gott að
lofa Drottin! Indælt og rétt! 2 Hann er að
endurreisa Jerúsalem og flytja hina herleiddu
heim. 3 Hann reisir upp hina niðurbeygðu og
bindur um sár þeirra. 4 Hann þekkir fjölda

stjarnanna, já og hverja fyrir sig með nafni! 5
Mikill er Drottinn! Vald hans er stórkostlegt!
Þekking hans er takmarkalaus. 6 Drottinn
styður auðmjúka, en varpar illmennum til
jarðar. 7 Syngið honum þakkarljóð, lofið Guð
með hörpuleik. 8 Hann fyllir himininn skýjum,
gefur steypiregn og klæðir fjöllin grænu grasi. 9
Hann fæðir hin villtu dýr og hrafnarnir krunka
til hans eftir æti. 10 Í hans augum kemst
sprettharður foli varla úr sporunum og máttur
mannsins má sín lítils. 11 En hann gleðst yfir
þeim sem elska hann og reiða sig á kærleika
hans og gæsku. 12 Lofa þú hann, Jerúsalem!
Vegsama Guð þinn, Síon! 13 Því að hann hefur
gert múra þína öfluga og blessað börnin þín.
14 Hann lætur frið haldast í landinu og fyllir
hlöður þínar af úrvals hveiti. 15 Hann sendir
boð sín til jarðar, skipanir hans berast hratt
eins og vindurinn. 16 Skjannahvít mjöllin er frá
honum komin og hrímið sem glitrar á jörðinni.
17 Haglélið er líka hans verk og frostið sem bítur
í kinnarnar. 18 En síðan sendir hann hlýjan
vorvind, snjórinn þiðnar og árnar ryðja sig. 19
Hann kunngjörði Ísrael lögmál sitt og ákvæði
20 – það hefur hann ekki gert við neina aðra
þjóð, nei, þeim kennir hann ekki fyrirmæli sín.
Hallelúja! Dýrð sé Drottni!

148 Þið sem búið á himnum, lofið Drottin!
Lofið hann í upphæðum! 2 Lofið hann
allir englar, allar hersveitir himnanna. 3 Lofið
hann sól og tungl og allar lýsandi stjörnur. 4
Lofið hann hæstu himnar og þú dögg er svífur
um háloftin. 5 Allt sem hann hefur skapað
lofi nafn hans, því að þegar hann talaði, þá
varð það allt til, 6 hann fékk þeim stað um
aldur og ævi, setti þeim lögmál sem þau fá
ekki brotið. 7 Lofið Drottin einnig á jörðu, líka
þið skepnur í hafdjúpunum. 8 Eldur og hagl,
snjór, regn, vindur og veður öll, – allt hlýði
það Drottni. 9 Allt skal þetta lofa Drottin: fjöll
og hæðir, ávaxtatré sem önnur tré, 10 villidýr
og búfé, höggormar og fuglar 11 konungar og
allar þjóðir, höfðingjar og dómarar, 12 piltar
og stúlkur, aldraðir og börn. 13 Sameiginlega
skulu þau lofa Drottin, því að hann einn er
þess verður og dýrð hans er ofar himni og
jörðu. 14 Hann hefur gert þjóð sína volduga.
Heldur uppi heiðri hinna guðhræddu – lýðs
Ísraels, þjóðarinnar sem honum stendur næst.
Hallelúja! Dýrð sé Drottni!

149 Hallelúja! Lofið Drottin! Syngið honum
nýjan söng. Lofsyngið honum öll þjóðin.
2 Ó, Ísrael, gleð þig yfir skapara þínum. Þið sem
búið í Jerúsalem, fagnið yfir konungi ykkar!
3 Lofið nafn hans með gleðidansi og leikið
fyrir hann á bumbur og gígjur. 4 Drottinn
hefur unun af lýð sínum. Hann frelsar hina
auðmjúku. 5 Hinir trúuðu gleðjist með sæmd
og syngi fagnandi í hvílum sínum. 6 Lofið hann,
þið fólk hans! 7 Framkvæmið refsingu hans
á þjóðunum með tvíeggjuðu sverði. 8 Setjið
konunga þeirra og fyrirmenn í járn og fullnægið
á þeim skráðum dómi. 9 Drottinn er vegsemd
þjóðar sinnar. Hallelúja!

150 Hallelúja! Lofið Drottin! Lofið hann í
musteri hans, lofið hann á himnum. 2
Lofið hann fyrir máttarverk hans. Lofið hann
fyrir mikilleik hátignar hans. 3 Lofið hann með
lúðrablæstri, hörpu og gígju. 4 Lofið hann með
strengjaleik og hjarðpípum. 5 Lofið hann með
hljómandi skálabumbum, já og með hvellum
skálabumbum! 6 Allt sem andardrátt hefur lofi
Drottin! Einnig þú! Hallelúja!

NEW TESTAMENT



Þá sagði Jesús: „Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gera.“
Hermennirnir köstuðu nú hlutkesti um föt Jesú, eina flík í senn.
Lúkas 23:34

Matteus

1 Þessir eru forfeður Jesú Krists, afkomanda
Davíðs konungs og Abrahams: **2** Abraham
var faðir Ísaks. Ísak var faðir Jakobs. Jakob var
faðir Júda og bræðra hans. **3** Júda var faðir
Peresar og Sera (móðir þeirra hét Tamar). Peres
var faðir Esroms. Esrom var faðir Rams, **4** en
Ram var faðir Ammínadabs og sonur hans var
Nakson. Nakson var faðir Salmons. **5** Salmon var
faðir Bóasar (kona hans var Rut). Óbeð var faðir
Ísaís, **6** en Ísaí faðir Davíðs konungs og Davíð
faðir Salómons (móðir hans var ekkja Úría).
7 Salómon var faðir Róbóams og sonur hans
var Abía. Abía var faðir Asafs. **8** Asaf var faðir
Jósafats. Jósafat var faðir Jórams og Jóram faðir
Ússía. **9** Ússía var faðir Jótams, en sonur hans
var Akas og Esekía var sonur hans. **10** Esekía
var faðir Manasse, en hann var faðir Amoss og
Amos faðir Jósía. **11** Jósía var faðir Jekonja og
bræðra hans (þeir fæddust í herleiðingunni til
Babýlon). **12** Eftir herleiðinguna: Jekonja var
faðir Sealtíels, Sealtíel var faðir Serúbabels, **13**
Serúbabel faðir Abíúds og Abíúd faðir Eljakíms.
Eljakím var faðir Asórs, **14** en sonur hans var
Sadók. Og Sadók var faðir Akíms, Akím faðir
Elíúds **15** og Elíúd faðir Eleasars. Eleasar var faðir
Mattans, Mattan faðir Jakobs og **16** Jakob faðir
Jósefs en hann var eiginmaður Maríu, móður
Jesú Krists. **17** Þetta eru fjórtán ættliðir frá
Abraham til Davíðs konungs, fjórtán ættliðir frá
Davíð fram að herleiðingunni og einnig fjórtán
ættliðir frá herleiðingunni fram til Krists. **18**
Aðdragandinn að fæðingu Jesú var á þessa leið:
María móðir hans var trúlofuð Jósef. Hún varð
þunguð af völdum heilags anda meðan hún var
enn ósnortin mey. **19** Jósef, unnusti hennar,
sem var mjög sómakær maður, ákvað þá að slíta
trúlofuninni í kyrrþey, því að hann vildi ekki
valda henni opinberri smán. **20** Eitt sinn er hann
var að íhuga þetta á andvökunóttu, sofnaði
hann og dreymdi að engill stóð hjá honum og
sagði: „Jósef, sonur Davíðs, hikaðu ekki við að
kvænast Maríu, því að barnið sem hún gengur
með, er getið af heilögum anda. **21** Hún mun
eignast son, og þú skalt láta hann heita Jesú
(sem þýðir Guð frelsar), því að hann mun frelsa
þjóð sína frá syndum hennar. **22** Þannig mun
rætast það sem spámaður Guðs sagði: **23** „Takið
eftir! Meyjan mun þunguð verða! Hún mun fæða
son og hann verða kallaður „Immanúel“(en
það þýðir Guð er með okkur)“.“ **24** Þegar Jósef
vaknaði, ákvað hann að gera eins og engillinn
hafði sagt honum og ganga að eiga Maríu, **25**
þau höfðu þó ekki kynmök fyrr en eftir að
sonurinn var fæddur. Og Jósef gaf drengnum
nafnið Jesús.

2 Jesús fæddist í bænum Betlehem í Júdeu á
valdatímum Heródesar konungs. Um það
leyti komu stjörnufræðingar til Jerúsalem
frá Austurlöndum og spurðu: **2** „Hvar er
nýfæddi Gyðingakonungurinn? Við höfum séð
stjörnu hans austur í löndum og nú erum við
komnir til þess að sýna honum lotningu.“ **3**
Heródes konungur varð óttasleginn er hann
heyrði þetta, og alls kyns sögusagnir komust
á kreik í Jerúsalem. **4** Heródes kallaði því
saman trúarleiðtoga Gyðinga og spurði: „Hafa
spámennirnir sagt hvar Kristur eigi að fæðast?“
5 „Já, “svöruðu leiðtogarnir, „í Betlehem, því að
þannig skrifaði Míka spámaður: **6** „Þú Betlehem
litla, þú ert ekki einhver þýðingarlaus smábær
í Júdeu, því frá þér mun koma höfðingi sem
annast þjóð mína, Ísrael“.“ **7** Heródes sendi þá
stjörnufræðingunum leynileg boð um að finna
sig, og á þeim fundi fékk hann að vita hvenær
þeir hefðu fyrst séð stjörnuna. Síðan sagði
hann: **8** „Farið til Betlehem og leitið að barninu,
og þegar þið hafið fundið það, skuluð þið koma
aftur og láta mig vita hvar það er, svo að ég
geti einnig veitt því lotningu!“ **9** Að þessum
viðræðum loknum héldu stjörnufræðingarnir
aftur af stað. Og sjá! Stjarnan birtist þeim á ný
og fór fyrir þeim uns hún staðnæmdist loks yfir
Betlehem. **10** Gleði þeirra var takmarkalaus!
11 Þeir gengu inn í húsið þar sem María og
barnið voru, krupu á kné frammi fyrir því og
tilbáðu það. Síðan tóku þeir upp farangur sinn
og gáfu barninu gull, reykelsi og myrru. **12** Á
heimleiðinni komu þeir ekki við í Jerúsalem til
þess að hitta Heródes, því að Guð hafði sagt
þeim í draumi að fara aðra leið. **13** Þegar þeir
voru farnir, dreymdi Jósef að hann sæi engil
frá Drottni sem sagði: „Flýðu til Egyptalands
og taktu með þér barnið og móður þess, því
að Heródes konungur sækist eftir lífi barnsins.
Vertu síðan um kyrrt í Egyptalandi þar til ég segi
þér að snúa heim aftur.“ **14** Jósef lagði af stað til
Egyptalands með barnið og Maríu þessa sömu
nótt. **15** Þar dvöldust þau uns Heródes konungur

lést, en þá rættust orð spámannsins: „Ég kallaði
son minn frá Egyptalandi.“ 16 Heródes varð
æfur af reiði þegar hann komst að því að
stjörnufræðingarnir höfðu brugðist honum og
sendi þegar í stað alla hermenn til Betlehem.
Hann gaf þeim skipun um að drepa alla drengi,
tveggja ára og yngri, sem ættu heima þar í
nágrenninu. Þetta gerði Heródes vegna þess að
stjörnufræðingarnir höfðu sagt honum að þeir
hefðu fyrst séð stjörnuna tveimur árum áður.
17 Jeremía spámaður hafði sagt fyrir um þennan
hryllilega verknað Heródesar með þessum
orðum: 18 „Í Rama kveður við angistarvein og
óstöðvandi grátur. Rakel grætur börnin sín.
Hún er óhuggandi því þau eru ekki lengur lífs.“
19 Eftir dauða Heródesar birtist engill Drottins
Jósef í draumi í Egyptalandi og sagði: 20 „Rís
þú á fætur og farðu aftur til Ísraels með Jesú
og móður hans.“ 21 Hann sneri því þegar í
stað aftur til Ísraels með Jesú og móður hans.
22 Á leiðinni frétti hann sér til mikils ótta að
nýi konungurinn í Júdeu væri Areklás, sonur
Heródesar. Þá var hann varaður við í öðrum
draumi, að fara til Júdeu, og því héldu þau
til Galíleu 23 og settust að í Nasaret. Þar með
rættist þessi spádómur um Krist: „Hann mun
kallaður Nasarei.“

3 Meðan þau bjuggu í Nasaret tók Jóhannes
skírari að predika í óbyggðum Júdeu.
Kjarninn í boðskap hans var þessi: 2 „Snúið
ykkur frá syndinni og til Guðs, því ríki himnanna
er nálægt.“ 3 Jesaja spámaður sagði þannig
fyrir um starf Jóhannesar mörgum öldum áður:
„Ég heyri hrópað í auðninni: Ryðjið Drottni
veg – gjörið beinar brautir hans.“ 4 Klæðnaður
Jóhannesar var ofinn úr úlfaldahári, og hann
notaði leðurbelti. Hann lifði á engisprettum og
villihunangi. 5 Fólk streymdi frá Jerúsalem, allri
Júdeu og úr Jórdandalnum til þess að hlusta á
hann. 6 Þá sem játuðu syndir sínar skírði hann
í ánni Jórdan. 7 Margir farísear og saddúkear
komu til að láta skírast hjá Jóhannesi. Þegar
hann sá þá koma ásakaði hann þá opinberlega
og sagði: „Þið höggormssynir! Hver hefur sagt
að þið gætuð umflúið reiði Guðs? 8 Áður en þið
látið skírast verðið þið að sýna í verki að þið
hafið snúið ykkur frá syndinni. 9 Þið skuluð
ekki halda að þið getið sloppið með því að
segja: „Það er allt í lagi með okkur, við erum
Gyðingar – afkomendur Abrahams“það er engin
trygging í því. Guð gæti breytt grjótinu hérna í
Gyðinga, ef hann vildi. 10 Nú þegar hefur öxi
Guðs verið reidd til höggs, því að dómurinn er
skammt undan og hvert það tré sem ekki ber
ávöxt verður upp höggvið og brennt í eldi. 11
Þá sem iðrast synda sinna skíri ég í vatni, en sá
sem kemur á eftir mér er mér svo miklu æðri
að ég er ekki einu sinni verður þess að halda
á skónum hans! 12 Hann mun skilja hismið
frá kjarnanum og safna korninu í hlöðuna en
brenna hismið í óslökkvandi eldi.“ 13 Þá kom
Jesús frá Galíleu til árinnar Jórdan til þess að
skírast hjá Jóhannesi, 14 en Jóhannes færðist
undan að skíra hann og sagði: „Kemur þú til að
skírast hjá mér?! Ég þyrfti fremur að fá skírn
hjá þér.“ 15 „Láttu þetta samt eftir mér því
þá gerum við það sem rétt er, “sagði Jesús.
Þá skírði Jóhannes hann. 16 Þegar Jesús steig
upp úr vatninu að skírninni lokinni, opnuðust
himnarnir yfir honum og hann sá anda Guðs
koma niður yfir sig, í dúfulíki, 17 og rödd af
himni sagði: „Þessi er minn elskaði sonur sem
ég hef velþóknun á.“

4 Eftir þetta leiddi heilagur andi Jesú út í
óbyggðina, til þess að hans yrði freistað af
Satan. 2 Þegar Jesús hafði verið þar matarlaus í
fjörutíu sólarhringa var hungrið farið að sverfa
að. 3 Þá reyndi Satan að fá hann til að breyta
steinum í brauð og sagði: „Ef þú ert sonur
Guðs, þá breyttu þessum steinum í brauð.“ 4
„Nei!“svaraði Jesús. „Biblían segir að fæðan sé
manninum ekki hið eina nauðsynlega heldur
það að fara eftir orði Guðs.“ 5 Satan fór þá með
hann til Jerúsalem, upp á þak musterisins, og
sagði: 6 „Ef þú ert sonur Guðs þá kastaðu þér
fram af þakbrúninni, því að Biblían segir: „Guð
mun senda engla sína til að gæta þín, þeir munu
vernda þig svo þú slasist ekki á steinunum
fyrir neðan.““ 7 „Já, en hún segir einnig að
enginn skuli leggja heimskulegar þrautir fyrir
Drottin, Guð sinn!“svaraði Jesús byrstur. 8 Því
næst fór Satan með Jesú upp á hátt fjall og
sýndi honum þaðan þjóðir heimsins og alla
dýrð þeirra. 9 „Allt þetta mun ég gefa þér, ef
þú krýpur fyrir mér og tilbiður mig.“ 10 „Burt
með þig Satan!“skipaði Jesús. „Guðs orð segir:
„Drottin Guð þinn átt þú að tilbiðja og hlýða
honum einum.““ 11 Þá fór Satan burt, en englar
komu og þjónuðu Jesú. 12 Þegar Jesús frétti
að Jóhannes hefði verið handtekinn, fór hann

norður í Galíleu. Hann fluttist frá Nasaret og
settist að í Kapernaum, sem er við Galíleuvatnið
í héraði Sebúlóns og Naftalí. 14 Þá rættist þessi
spádómur Jesaja: 15 „Í landi Sebúlons og landi
Naftalí við vatnið – héraðinu handan Jórdan og
í Efri-Galíleu þar sem margir útlendingar búa –
var fólkið í myrkri, en dag einn braust ljósið
fram og skein á meðal þess.“ 17 Upp frá þessu
tók Jesús að predika: „Snúið ykkur frá syndinni
og til Guðs, því að ríki himnanna er nálægt.“ 18
Dag einn var hann á gangi við Galíleuvatnið.
Þá hitti hann tvo menn á báti við ströndina.
Þetta voru Símon, sem kallaður var Pétur, og
Andrés bróðir hans. Þeir voru fiskimenn og
voru að kasta neti í vatnið. 19 Jesús kallaði
til þeirra: „Komið og fylgið mér, og ég skal
kenna ykkur að veiða menn!“ 20 Þá yfirgáfu þeir
netin og fóru með honum. 21 Spölkorn þaðan
sá hann tvo aðra menn við vatnið, Jakob og
Jóhannes, sem einnig voru bræður. Þeir sátu þar
í báti ásamt Sebedeusi föður sínum og bættu
net. Jesús kallaði einnig á þá og 22 þeir stóðu
samstundis upp frá vinnunni, skildu föður sinn
eftir og fylgdu Jesú. 23 Jesús ferðaðist um alla
Galíleu og talaði í samkomuhúsum Gyðinga (en
þar fóru guðþjónustur fram). Hann predikaði
gleðiboðskapinn um guðsríki og læknaði hvers
konar sjúkdóma og meinsemdir. 24 Fregnir af
kraftaverkum hans bárust langt út fyrir Galíleu.
Sjúkt fólk kom jafnvel alla leið frá Sýrlandi til að
fá lækningu hjá honum. Hann læknaði alla sjúka
(sama hver sjúkdómurinn var), einnig geðveika
og lamaða, og þá sem haldnir voru illum
öndum. 25 Mikill mannfjöldi fylgdi honum hvert
sem hann fór – fólk frá Galíleu, bæjunum tíu
austanvert við Galíleuvatnið, Jerúsalem, Júdeu
og jafnvel frá landsvæðinu handan Jórdanar.

5 Dag nokkurn þegar fólkið þyrptist að honum
fór hann upp á fjallið ásamt lærisveinum
sínum, 2 settist þar niður og kenndi: 3 „Sælir
eru auðmjúkir, því að þeirra er himnaríki.
4 Sælir eru sorgmæddir, því að þeir munu
huggaðir verða. 5 Sælir eru hógværir, því að
þeir munu eignast landið. 6 Sælir eru þeir sem
þrá réttlætið, því að það mun falla þeim í skaut.
7 Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun
miskunnað verða. 8 Sælir eru hjartahreinir, því
að þeir munu sjá Guð. 9 Sælir eru þeir sem
vinna að friði, því að þeir munu kallaðir verða
synir Guðs. 10 Sælir eru þeir sem ofsóttir eru
fyrir trú sína á mig, því að þeirra er himnaríki.
11 Gleðjist og fagnið þegar fólk talar illa um
ykkur, ofsækir ykkur eða ber lognar sakir á
ykkur vegna þess að þið fylgið mér, 12 því að
mikil laun bíða ykkar á himnum! Minnist þess
að hinir fornu spámenn þoldu einnig ofsóknir.
13 Þið eruð salt jarðarinnar, þið eigið að bæta
heiminn! Hvernig færi ef þið misstuð seltuna?
Þið yrðuð einskis nýt eins og rusl sem fleygt er
út og fótum troðið. 14 Þið eruð ljós heimsins.
Allir sjá borg sem reist er á fjalli. 15 Felið því
ekki ljósið ykkar heldur látið það skína til að
allir sjái það! Leyfið öllum að sjá góðverk ykkar,
svo að þeir þakki föður ykkar á himnum. 17
Misskiljið mig ekki. Ég kom ekki til að afnema
lög Móse og viðvaranir spámannanna. Nei, ég
kom til að uppfylla hvort tveggja og staðfesta
það. 18 Ég segi ykkur satt: Hver einasta grein
lögbókarinnar mun standa óhögguð uns tilgangi
hennar hefur verið náð. 19 Þar af leiðir að sá
sem brýtur hið minnsta boðorð og hvetur aðra
til þess að gera hið sama verður minnstur í
himnaríki. En sá sem kennir lög Guðs og fer
eftir þeim mun verða mikill í himnaríki. 20 Ég
vil benda ykkur á eitt: Ef góðverk ykkar verða
ekki fremri góðverkum faríseanna og annarra
leiðtoga þjóðarinnar, þá komist þið alls ekki
inn í guðsríkið. 21 Þannig segir í lögum Móse:
„Drepir þú mann, verður þú sjálfur að deyja.“
22 En ég bæti við: Ef þú reiðist – jafnvel þótt það
sé aðeins við bróður þinn á þínu eigin heimili –
vofir dómurinn yfir þér! Ef þú kallar vin þinn
fífl, átt þú á hættu að þér verði stefnt fyrir
réttinn! Og bölvir þú honum áttu eld helvítis
yfir höfði þér. (Geenna g1067) 23 Ef þú stendur
frammi fyrir altarinu í musterinu og ert að færa
Guði fórn, og minnist þess þá allt í einu að vinur
þinn hefur eitthvað á móti þér, 24 skaltu skilja
fórn þína eftir hjá altarinu, fara og biðja hann
fyrirgefningar og sættast við hann. Komdu
síðan aftur og berðu fram fórnina. 25 Flýttu þér
að sættast við óvin þinn áður en það er um
seinan, því að annars mun hann draga þig fyrir
rétt. Þá verður þér varpað í skuldafangelsi, 26
þar sem þú verður að dúsa uns þú hefur greitt
þinn síðasta eyri. 27 Boðorðið segir: „Þú skalt
ekki drýgja hór.“ 28 En ég segi: Sá sem horfir á
konu með girndarhug, hefur þegar drýgt hór
með henni í huga sínum. 29 Ef það sem þú sérð
með auga þínu verður til þess að þú fellur í
synd, skaltu stinga augað úr þér og fleygja því.

Betra er að hluti af þér eyðileggist en að þér
verði öllum kastað í víti. (Geenna g1067) 30 Ef hönd
þín – jafnvel sú hægri – kemur þér til að syndga,
þá er betra að höggva hana af og fleygja henni
en að lenda í helvíti. (Geenna g1067) 31 Í lögum
Móse segir svo: „Sá sem vill skilja við konu sína
verður að fá henni skilnaðarbréf.“ 32 En ég segi:
Skilji maður við konu sína af annarri ástæðu
en þeirri að hún hafi verið honum ótrú, veldur
hann því að hún drýgir hór, og sá sem síðar
kvænist henni drýgir einnig hór. 33 Þið þekkið
líka þessa gömlu reglu: „Þú skalt ekki sverja
rangan eið, og haltu þau heit sem þú hefur
gefið Guði.“ 34 Ég segi: Sverjið ekki, hvorki við
himininn, því að hann er hásæti Guðs, 35 né
jörðina, því hún er fótskör hans. Sverjið ekki við
Jerúsalem, því hún er borg hins mikla konungs.
36 Þú mátt ekki heldur sverja við höfuð þitt, því
þú getur ekki einu sinni breytt háralit þínum,
hvað þá meira. 37 Látið nægja að segja: Já, ég
vil... eða: Nei, ég vil ekki! Það á að vera hægt að
treysta því sem þú segir. Þurfir þú að staðfesta
orð þín með eiði er ekki allt með felldu. 38 Í
lögum Móse stendur: „Stingi maður auga úr
öðrum manni, skal hann sjálfur gjalda fyrir það
með eigin auga. Brjóti einhver tönn úr þér,
skaltu brjóta tönn úr honum í staðinn.“ 39 Ég
segi hins vegar: Launið ekki ofbeldi með ofbeldi!
Slái einhver þig á aðra kinnina, snúðu þá einnig
hinni að honum. 40 Höfði einhver mál gegn þér
þannig að þú tapar skyrtunni þinni, skaltu líka
láta yfirhöfn þína af hendi. 41 Ef hermenn skipa
þér að bera varning sinn eina mílu, þá skaltu
bera hann tvær. 42 Gefðu þeim sem biðja þig, og
snúðu ekki bakinu við þeim sem vilja fá lán hjá
þér. 43 Sagt hefur verið: „Elskaðu vini þína og
hataðu óvini þína.“ 44 En ég segi: Elskið óvini
ykkar og biðjið fyrir þeim sem ofsækja ykkur. 45
Ef þið gerið það, komið þið fram eins og hæfir
sonum hins himneska föður. Hann lætur sólina
skína jafnt á vonda sem góða. Hann lætur einnig
rigna jafnt hjá réttlátum sem ranglátum. 46
Hvaða góðverk er það að elska þá eina sem elska
ykkur? Jafnvel skattheimtumennirnir gera það.
47 Eruð þið nokkuð frábrugðin heiðingjunum,
ef þið eruð einungis vinir vina ykkar? Nei! 48
Verið því fullkomin eins og ykkar himneski
faðir er fullkominn.

6 Gætið þess að vinna ekki góðverk til þess
eins að fá hrós hjá mönnum, því að þá farið
þið á mis við launin frá föður ykkar á himnum.
2 Látið ekki á því bera, eins og hræsnararnir
gera, ef þið gefið einhverjum eitthvað. Þeir láta
blása í lúður fyrir sig í samkomuhúsunum og á
götuhornunum til þess að fá hrós fyrir góðverk
sín! Ég segi ykkur satt: Þeir hafa þegar fengið
laun sín. 3 Gætið þess að ekki beri mikið á því
þegar þið réttið einhverjum hjálparhönd. Segið
vinstri hendinni ekki hvað sú hægri gerir! 4
Faðir ykkar á himnum veit leyndarmálið og mun
launa ykkur. 5 Verið ekki eins og hræsnararnir
þegar þið biðjið. Þeir biðja á áberandi hátt á
götuhornum og í samkomuhúsunum, þar sem
allir sjá þá. Ég segi ykkur satt. Allt og sumt sem
þeir fá fyrir þetta er athygli annarra! 6 Vertu
í einrúmi þegar þú biður. Lokaðu dyrunum
og bið til föður þíns þannig að enginn viti.
Faðir þinn, sem þekkir leyndar hugsanir þínar,
mun bænheyra þig. 7 Þyljið ekki bænir ykkar í
belg og biðu eins og heiðingjarnir. Þeir halda
að bænin verði heyrð ef hún er nógu löng og
fagurlega orðuð. Minnist þess að faðir ykkar
veit nákvæmlega hvers þið þarfnist, jafnvel
áður en þið biðjið. 9 Biðjið þannig: „Kæri Faðir,
þú sem ert á himnum, helgist þitt nafn. 10
Komi ríki þitt. Verði þinn vilji á jörðu eins og
á himnum. 11 Gefðu okkur fæðu í dag eins og
aðra daga. 12 Fyrirgefðu okkur syndirnar, eins
og við fyrirgefum þeim sem syndga gegn okkur.
13 Leiddu okkur ekki í þyngri prófraunir en þær
sem við fáum staðist og frelsaðu okkur frá illu.
Amen.“ 14 Faðirinn á himnum mun fyrirgefa
ykkur ef þið fyrirgefið þeim sem hafa brotið
gegn ykkur, en ef þið fyrirgefið þeim ekki, mun
hann ekki heldur fyrirgefa ykkur. 16 Fastið
ekki þannig að á því beri eins og hræsnararnir.
Þeir reyna að sýnast aðframkomnir, svo að fólk
finni til með þeim en það eru einu launin sem
þeir fá. 17 Verið heldur vel til fara, hreinir
og snyrtilegir, 18 svo að engan gruni að þið
séuð hungraðir. Faðir ykkar á himnum veit
leyndarmálið og hann mun launa ykkur. 19
Safnið ekki auðæfum á jörðu, því að þar eyðast
þau og þeim kynni að verða stolið. 20 Safnið
heldur verðmætum á himnum! Þar munu þau
aldrei rýrna og þar stafar engin hætta af þjófum.
21 Séu auðæfi þín á himnum, mun einnig hugur
þinn og hjarta vera þar, því að hugurinn er
bundinn við það sem þér finnst verðmætast.
22 Augað er lampi líkamans. Ef augu þín eru
heilbrigð, þá verður allur líkami þinn bjartur.

En ef þau eru sjúk, þá verður allur líkaminn
dimmur. 23 Ef nú ljósið í þér er myrkur, hvílíkt
verður þá myrkrið. 24 Ekki er hægt að þjóna
tveimur guðum, því að þið munuð hata annan
en elska hinn. Enginn getur þjónað bæði Guði
og peningum. 25 Ráðlegging mín er þessi: Hafið
engar áhyggjur af mat, drykk, fatnaði eða því
um líku. Þið eigið nú þegar líf og líkama, og það
er miklu dýrmætara en fæðan og fatnaðurinn.
26 Takið eftir fuglunum. Þeir hafa ekki áhyggjur
af því hvað þeir eiga að borða, þeir þurfa hvorki
að sá né uppskera né safna í forðabúr, því að
faðir ykkar á himnum sér fyrir þeim. Þið eruð
miklu dýrmætari en fuglarnir, í hans augum. 27
Haldið þið ef til vill að áhyggjurnar lengi lífið?
28 Hvers vegna hafið þið áhyggjur af fatnaði?
Virðið fyrir ykkur blómin sem vaxa á jörðinni.
Þau kvíða engu. 29 Salómon, í allri sinni dýrð
var þó ekki klæddur slíku skarti sem þau! 30
Skyldi Guð ekki miklu fremur vilja annast ykkur
fyrst honum er svona umhugað um blómin,
sem standa í dag en eru fallin á morgun! Æ, þið
lítiltrúaðir! 31 Hafið því engar áhyggjur af fæðu
eða fötum! Verið ekki eins og heiðingjarnir sem
hugsa ekki um annað. Ykkar himneski faðir veit
vel að þið þarfnist alls þessa. 33 Sækist fyrst
eftir að tilheyra honum og gera vilja hans, þá
mun allt þetta veitast ykkur að auki. 34 Kvíðið
ekki morgundeginum því hann er einnig í hendi
Guðs. Lifið einn dag í senn.

7 Verið ekki aðfinnslusamir, og þá munu aðrir
ekki heldur finna að við ykkur. 2 Eins og þú
ert við aðra, munu þeir verða gagnvart þér.
3 Hvers vegna hefur þú áhyggjur af flísinni í
auga bróður þíns? Þú ert sjálfur með planka
í auganu! – Já, heilan bjálka! 4 Er rétt af þér
að segja: „Vinur, leyfðu mér að hjálpa þér að
fjarlægja þessa flís úr auganu á þér, “meðan
þú sérð alls ekki til vegna plankans sem er í
þínu eigin auga? 5 Hræsnari! Losaðu þig fyrst
við plankann, og eftir það muntu sjá vel til að
hjálpa bróður þínum. 6 Láttu ekkert heilagt í
hendur spilltra manna. Kastaðu ekki perlum
fyrir svín, því þau munu troða þær niður í
svaðið og ráðast að því búnu gegn þér. 7 Biðjið
og þið munuð öðlast. Leitið og þið munuð finna.
Knýið á og þá mun verða lokið upp. 8 Því
sá öðlast sem biður. Sá finnur sem leitar og
fyrir þeim, sem á knýr, mun opnað verða. 9
Hvaða maður gæfi barni sínu stein, ef það bæði
um brauð? 10 Eða höggorm, ef það bæði um
fisk? Enginn! 11 Fyrst þið sem eruð vondir og
syndugir menn, hafið vit á að gefa börnunum
ykkar góðar gjafir, hversu miklu fremur mun
þá faðir ykkar á himnum gefa þeim góðar gjafir
sem biðja hann? 12 Vertu við aðra eins og þú
vilt að þeir séu við þig – þetta er kjarninn í
lögum Móse. 13 Eina leiðin til himins liggur um
þrönga hliðið. Vegurinn til glötunar er breiður
og hlið hans vítt – greiðfær leið öllum sem hana
velja. 14 Vegurinn til lífsins er mjór og hlið hans
þröngt, fáir eru þeir sem finna hann. 15 Gætið
ykkar á falskennendum sem dulbúa sig sem
saklaus lömb, en eru hið innra sem gráðugir
úlfar. 16 Þið getið þekkt þá á afleiðingum orða
þeirra og verka – á sama hátt og þið þekkið tré
af ávöxtum þess. Það er óþarfi fyrir ykkur að
ruglast á vínviði og þyrnirunna, eða á fíkjutré
og þistlum. 17 Tré þekkist af ávöxtunum. 18 Tré
sem ber ljúffenga ávexti, ber ekki óæta ávexti,
og tré sem ber vonda ávexti, ber ekki góða á
sama tíma. 19 Tré það, sem ber eintómt óæti,
er rifið upp og notað í eldinn. 20 Leiðin til að
þekkja tré eða mann er að kanna ávextina. 21
Ekki eru allir guðræknir, sem tala guðrækilega.
Þeir ávarpa mig: „Herra“– en munu samt ekki
komast til himins, heldur aðeins þeir sem gera
það sem faðir minn á himnum vill að þeir
geri. 22 Margir munu segja við mig á dómsdegi:
„Herra, herra, við sögðum fólkinu frá þér, við
rákum út illa anda með þínu nafni og unnum
mörg önnur mikil kraftaverk.“ 23 Ég mun svara
þeim: „Ég hef aldrei þekkt ykkur né þið haft
samfélag við mig. Farið burt, því verk ykkar eru
vond.“ 24 Þeir sem hlusta á orð mín og fara
eftir þeim, líkjast hyggnum manni sem byggir
húsið sitt á klöpp. 25 Þó að rigni og vatnavextir
verði, stormurinn æði og lemji húsið, mun
það ekki haggast, því það er byggt á traustum
grunni. 26 Þeir sem heyrt hafa orð mín, en fara
samt ekki eftir þeim, eru heimskir. Þeir eru
eins og maður sem byggir húsið sitt á sandi.
27 Og þegar stormurinn blæs og flóðbylgjan
kemur æðandi og skellur á því, hrynur það með
braki og brestum.“ 28 Mannfjöldinn undraðist
predikun Jesú, því að hann talaði af miklum
myndugleika, eins og sá sem valdið hefur, en
ekki eins og fræðimennirnir.

8 Mikill mannfjöldi fylgdi Jesú þegar hann
gekk niður fjallshlíðina að ræðunni lokinni.

2 Og viti menn! Þá kom holdsveikur maður
til hans. Hann kraup við fætur hans og sagði:
„Herra, ef þú vilt getur þú læknað mig.“ 3 Jesús
snerti manninn og sagði: „Ég vil að þú verðir
heilbrigður!“Og samstundis hvarf holdsveikin! 4
Jesús sagði þá við hann: „Segðu engum frá þessu
strax, en farðu rakleitt til prestsins og láttu hann
skoða þig. Taktu með þér fórn þá sem lög Móse
gera ráð fyrir að holdsveikir beri fram, þegar
þeir læknast, sem opinbera staðfestingu þess
að þú sért orðinn heilbrigður.“ 5 Þegar Jesús
kom til Kapernaum mætti hann rómverskum
liðsforingja. Liðsforinginn skýrði frá því að
þjónn hans lægi lamaður heima og honum liði
illa. 7 „A ég að koma og lækna hann?“spurði
Jesús. 8 „Herra, “sagði liðsforinginn, „ég er ekki
verður þess að þú komir inn á heimili mitt (og
það er reyndar ekki nauðsynlegt). Segðu aðeins
núna: „Læknist þú!“og þá mun þjónn minn
verða heilbrigður! 9 Þetta segi ég vegna þess að
ég er settur undir vald æðri liðsforingja, en hef
jafnframt sjálfur vald yfir mínum hermönnum.
Ég segi við einn þeirra: „Farðu!“og hann fer, og
við annan: „Komdu!“og hann kemur. Við þjón
minn segi ég: „Gerðu þetta!“og hann hlýðir
skilyrðislaust. Þess vegna veit ég að þú hefur
vald til að skipa þessum sjúkdómi að fara og
hann mun fara!“ 10 Jesús varð undrandi! Hann
sneri sér að mannfjöldanum og sagði: „Hvergi
í Ísrael hef ég fundið svo mikla trú! 11 Og
ég skal segja ykkur eitt: Margir útlendingar
(eins og þessi rómverski liðsforingi) munu
koma hvaðanæva að og sitja með Abraham,
Ísak og Jakobi í konungsríki himnanna. 12
Mörgum Ísraelsmönnum – já, einmitt þeim sem
konungsríkið var ætlað – mun verða kastað út
í myrkrið og þar verður grátið og kveinað.“
13 Síðan sagði Jesús við liðsforingjann: „Farðu
heim til þín. Verði þér að trú þinni.“Samstundis
varð þjónninn heilbrigður! 14 Eftir þetta fór
Jesús heim til Péturs. Tengdamóðir Péturs lá þar
með mikinn hita. 15 Jesús snerti hönd hennar
og við það hvarf hitinn. Hún reis á fætur og
gaf þeim að borða. 16 Um kvöldið voru færðir
til Jesú menn sem höfðu illa anda. Hann rak
illu andana út með einu orði og læknaði þá
sem sjúkir voru. 17 Þarna rættist spádómur
Jesaja: „Sjúkdóma okkar og þjáningar tók hann
á sig.“ 18 Þegar Jesús sá að fólk dreif stöðugt
að, sagði hann lærisveinunum að þeir skyldu
búa sig undir að sigla yfir vatnið. 19 Í sama
mund sagði einn af fræðimönnum Gyðinga við
hann: „Meistari, ég vil fylgja þér hvert sem
þú ferð!“ 20 Jesús svaraði: „Refir eiga greni
og fuglarnir hreiður, en ég, Kristur, á ekkert
heimili – engan stað til að hvílast.“ 21 Þá sagði
annar úr hópi lærisveinanna: „Herra, þegar
faðir minn er dáinn, skal ég fylgja þér.“ 22
„Fylgdu mér núna!“sagði Jesús. „Láttu hina
andlega dauðu annast sína dauðu.“ 23 Síðan
steig Jesús út í bátinn og hélt yfir vatnið ásamt
lærisveinum sínum. 24 Þá hvessti skyndilega
svo að öldurnar gengu yfir bátinn, en Jesús
svaf. 25 Lærisveinarnir vöktu hann og hrópuðu:
„Drottinn! Bjargaðu okkur Við erum að farast!“
26 „Lítil er trú ykkar, “svaraði Jesús. „Hvers
vegna eruð þið hræddir?“Síðan reis hann á
fætur og hastaði á vindinn og öldurnar. Þá lægði
vindinn og allt varð kyrrt! 27 Lærisveinarnir
voru orðlausir af undrun og ótta. „Hver er hann
eiginlega?“spurðu þeir hver annan, „vindurinn
og vatnið hlýða honum!“ 28 Þegar þeir komu
að landi í byggðum Gadarena, komu á móti
þeim tveir menn haldnir illum öndum. Menn
þessir höfðu búið um sig í gröfunum og voru
svo óðir að enginn þorði að fara þar um. 29
Þeir hrópuðu nú til Jesú og sögðu: „Hvað vilt
þú okkur, sonur Guðs? Þú hefur ekki enn leyfi
til að tortíma okkur!“ 30 Skammt þar frá var
svínahjörð á beit. 31 Illu andarnir báðu hann og
sögðu: „Sendu okkur í svínin, ef þú ætlar að
reka okkur út.“ 32 „Já, farið þangað, “svaraði
Jesús. Þá fóru þeir úr mönnunum, í svínin og öll
hjörðin æddi fram af hengiflugi og drukknaði
í vatninu. 33 Þegar svínahirðarnir sáu þetta,
flúðu þeir til næsta bæjar og sögðu frá því sem
gerst hafði. 34 Allir, sem þar bjuggu, flýttu sér
út til að sjá Jesú, en eftir það báðu þeir hann að
fara og láta sig í friði.

9 Jesús steig því aftur út í bátinn og þeir
héldu yfir vatnið til Kapernaum, heimabæjar
hans. 2 Ekki var liðin löng stund er menn báru
lamaðan mann til hans á dýnu. Þegar Jesús sá
trú þeirra sagði hann við veika manninn: „Vertu
hughraustur, vinur minn. Ég hef fyrirgefið þér
syndirnar.“ 3 „Guðlast!“hugsuðu fræðimenn
Gyðinganna, sem þarna voru staddir. „Þessi
maður heldur þó ekki að hann sé Guð?“ 4 Jesús
vissi hvað þeir hugsuðu og spurði því: „Hvers
vegna hugsið þið illt? 5 Er erfiðara að fyrirgefa
syndir mannsins en að lækna hann?“Síðan

sneri hann sér að lamaða manninum og sagði:
„Ég segi við þig, til þess að sanna að ég hef
vald hér á jörðu til þess að fyrirgefa syndir:
Stattu upp! Taktu dýnuna þína og farðu heim
til þín!“ 7 Maðurinn spratt á fætur og flýtti
sér heim! 8 Ótti greip fólkið þegar það sá
kraftaverkið gerast þannig fyrir augum sér,
og það lofaði Guð fyrir að hafa gefið manni
slíkt vald. 9 Jesús lagði nú af stað niður veginn
og sá þá Matteus, skattheimtumann, sitja hjá
skattstofunni. „Komdu og vertu lærisveinn
minn, “sagði Jesús við hann. Matteus stóð
þegar á fætur og fylgdi honum. 10 Síðar voru
Jesús og lærisveinar hans saman í boði (heima
hjá Matteusi). Meðal gestanna voru margir
sem höfðu illt orð á sér, svo sem alræmdir
svindlarar. 11 Nú var faríseunum nóg boðið
og þeir spurðu lærisveinana: „Hvers vegna
umgengst meistari ykkar slíka menn?“ 12 Jesús
varð fyrir svörum og sagði: „Vegna þess að
heilbrigðir þurfa ekki læknishjálp, heldur hinir
sjúku!“ 13 Síðan bætti hann við: „Farið og reynið
að skilja þetta biblíuvers: „Það eru ekki fórnir
ykkar eða gjafir sem ég þrái – heldur að þið
sýnið miskunnsemi.“Ég kom til að leiða synduga
menn til Guðs, en ekki réttláta.“ 14 Dag einn
komu lærisveinar Jóhannesar skírara til Jesú og
spurðu: „Hvers vegna fasta lærisveinar þínir
ekki? Það gerum við og farísearnir líka.“ 15
„Haldið þið að vinir brúðgumans séu hryggir og
fastandi meðan hann er hjá þeim?“spurði Jesús.
„Að því kemur að ég verð tekinn frá þeim, og þá
fá þeir nægan tíma til að fasta. 16 Hver haldið
þið að bæti gamla flík með efni sem á eftir að
hlaupa? Bótin mundi rifna frá og gatið verða
enn þá stærra en áður. 17 Og hver notar gamla
vínbelgi undir nýtt vín? Gömlu belgirnir láta
undan þrýstingnum og springa, vínið fer allt
niður og belgirnir eyðileggjast. Nei, við notum
nýja belgi undir nýtt vín og þá varðveitist hvort
tveggja.“ 18 Rétt í þessu bar að forstöðumann
samkomuhússins. Hann kraup að fótum Jesú og
sagði: „Litla dóttir mín er nýdáin, en þú getur
kallað hana aftur til lífsins ef þú vilt koma og
snerta hana.“ 19 Meðan Jesús og lærisveinar
hans voru á leið heim til forstöðumannsins, 20
læddist kona sem þjáðst hafði af blæðingum í
tólf ár, að baki honum og snerti fald yfirhafnar
hans. 21 Hún hugsaði: „Ef ég aðeins get snert
hann, þá mun ég læknast!“ 22 Jesús sneri sér
við og sagði við hana: „Dóttir, vertu ekki kvíðin!
Trú þín hefur læknað þig!“Frá þeirri stundu
var hún heilbrigð. 23 Þegar Jesús gekk inn í
hús forstöðumannsins og sá alla í uppnámi og
heyrði útfarartónlistina, 24 sagði hann: „Út með
allt þetta fólk! – Litla stúlkan er ekki dáin, hún
sefur.“Þá hló fólkið og gerði gys að orðum hans.
25 Loksins tókst þó að koma fólkinu út. Jesús
gekk að rúmi litlu stúlkunnar og tók í hönd
hennar. Við það reis hún upp og varð heilbrigð
á sömu stundu! 26 Fréttir af þessu stórkostlega
kraftaverki bárust um allt héraðið. 27 Tveir
blindir menn eltu Jesú þegar hann yfirgaf hús
forstöðumannsins og hrópuðu: „Sonur Davíðs
konungs! Vertu okkur miskunnsamur!“ 28 Þeir
fóru alla leið inn í húsið þar sem hann dvaldist.
Jesús spurði þá: „Trúið þið að ég geti gefið
ykkur sjónina?“„Já, herra“, svöruðu þeir, „við
trúum því.“ 29 Þá snerti hann augu þeirra og
sagði: „Verði ykkur að trú ykkar.“ 30 Á sömu
stundu fengu þeir sjónina! Jesús bannaði þeim
stranglega að segja frá þessu, 31 en eigi að síður
báru þeir söguna um allan bæinn. 32 Þegar
Jesús var að fara þaðan mætti hann manni
sem var mállaus vegna þess að illur andi var
í honum. 33 Jesús rak illa andann út og þá
talaði mállausi maðurinn. Fólkið varð forviða
og hrópaði: „Aldrei höfum við séð neitt þessu
líkt!“ 34 En farísearnir sögðu: „Hann getur rekið
illu andana út af því að hann er sjálfur með illan
anda. Sjálfur Satan, konungur illu andanna, er
í honum!“ 35 Jesús ferðaðist nú til allra bæja
og þorpa á þessum slóðum. 36 Hann kenndi í
samkomuhúsum og flutti gleðiboðskapinn um
guðsríkið. Hvar sem hann kom læknaði hann
fólk af hvers konar sjúkdómum. Hann kenndi
í brjósti um mannfjöldann sem til hans kom,
því fólkið sá enga lausn á vanda sínum. Það
var eins og hjörð án hirðis. 37 Jesús sagði þá
við lærisveina sína: „Uppskeran er mikil en
verkamennirnir fáir. 38 Biðjið því hann, sem
ræður uppskerunni, að senda fleiri verkamenn
út á akrana.“

10 Jesús kallaði nú til sín tólf af lærisveinum
sínum, gaf þeim vald til að reka út
illa anda og lækna hvers konar sjúkdóma.
2 Nöfn þessara tólf lærisveina eru: Símon
(einnig kallaður Pétur), Andrés (bróðir
Péturs), Jakob Sebedeusson, Jóhannes (bróðir
Jakobs), Filippus, Bartólómeus, Tómas, Matteus
(skattheimtumaðurinn), Jakob Alfeusson,

Taddeus, Símon (en hann var meðlimur róttæks
stjórnmálaflokks sem kallaðist Selótar) og Júdas
Ískaríot (sá sem síðar sveik hann). 5 Jesús sendi
þá af stað og gaf um leið þessi fyrirmæli: „Farið
hvorki til heiðingja né Samverja. 6 Farið aðeins
til Ísraelsmanna – hinna týndu sauða Guðs
þeirra á meðal. 7 Segið þeim að ríki himnanna
sé nálægt. 8 Læknið sjúka og holdsveika, vekið
upp dauða og rekið út illa anda. Gefið á sama
hátt og þið hafið þegið! 9 Takið ekki með ykkur
peninga, 10 föt né skó til skiptanna og jafnvel
ekki göngustaf. Þeir sem njóta hjálpar ykkar
munu annast ykkur. 11 Þegar þið komið inn í
bæ eða þorp, reynið þá að finna einhvern sem
er opinn fyrir Guði og gistið þar uns þið farið
til næsta þorps. 12 Þegar þið beiðist gistingar
þá blessið heimilið, sé það guðrækið, en ef ekki,
haldið þá blessuninni fyrir sjálfa ykkur. 14 Ef
eitthvert þorp eða heimili vill ekki taka við
ykkur, dustið þá rykið af fótum ykkar um leið
og þið farið þaðan. 15 Ég segi ykkur satt: Þeim
stað mun verr farnast á dómsdegi en borgunum
guðlausu, Sódómu og Gómorru. 16 Ég sendi
ykkur sem lömb á meðal úlfa. Verið því kænir
sem höggormar en falslausir sem dúfur. 17 Gætið
að! Þið munuð verða handteknir, yfirheyrðir
og húðstrýktir í samkomuhúsunum. 18 Þið
verðið jafnvel að svara til saka frammi fyrir
stjórnvöldum mín vegna. Þá fáið þið tækifæri
til að segja þeim frá mér – vitna um mig frammi
fyrir heiminum. 19 Þegar þið verðið handteknir,
hafið þá engar áhyggjur af því hvernig þið eigið
að verja mál ykkar, því ykkur verða gefin rétt
orð á réttum tíma. 20 Það verða ekki þið sem
talið, heldur mun andi föður ykkar á himnum
tala í ykkur! 21 Bróðir mun svíkja bróður sinn í
dauðann og feður börn sín. Börn munu einnig
rísa gegn foreldrum sínum til að lífláta þá!
22 Allir munu hata ykkur vegna þess að þið
tilheyrið mér, en þeir sem standa stöðugir allt
til enda munu frelsast. 23 Þegar þið mætið
ofsóknum í einhverri borg, skuluð þið flýja til
þeirrar næstu. Ég mun koma aftur áður en þið
hafið náð til þeirra allra! 24 Nemandi er ekki
fremri kennara sínum. Og þjónninn er ekki
settur yfir húsbónda sinn. 25 Nemandinn á
hlutdeild í kjörum kennara síns og þjónninn
húsbónda síns. En hvernig mun fara fyrir ykkur,
fyrst ég, húsbóndinn, hef verið kallaður Satan?
26 Óttist ekki þá sem hafa í hótunum við ykkur,
því að sannleikurinn mun koma í ljós. 27 Það
sem ég segi ykkur í rökkrinu, skuluð þið kalla
að morgni og það sem ég hvísla í eyru ykkar,
skuluð þið hrópa á húsþökum! 28 Óttist ekki þá
sem aðeins geta deytt líkama ykkar, en megna
ekki að skaða sálina. Óttist Guð, því að hann
getur tortímt sál og líkama í helvíti. (Geenna g1067)
29 Vitið þið verðið á spörfuglum? Fást ekki tveir
fyrir einn smápening? Ekki einn einasti þeirra
fellur til jarðar án vitundar föður ykkar. 30
Hann veit meira að segja hve hárin eru mörg
á höfði ykkar! 31 Verið því ekki kvíðafullir.
Þið eruð dýrmætari í augum Guðs en margir
spörfuglar. 32 Hvern þann sem viðurkennir mig
sem vin sinn fyrir mönnum mun ég viðurkenna
sem vin minn fyrir föður mínum á himnum.
33 En hverjum þeim sem afneitar mér fyrir
mönnum, mun ég afneita fyrir föður mínum
á himnum. 34 Haldið ekki að ég sé hér til að
koma á friði á jörðu – nei, þvert á móti. 35
Ég kom til að gera son ósáttan við föður sinn,
dóttur ósátta við móður sína og tengdadóttur
við tengdamóður sína. 36 Heimilismennirnir
verða óvinir húsbónda síns. 37 Ef þið elskið
föður ykkar eða móður meira en mig, þá eruð
þið ekki verðir þess að tilheyra mér. Sama er að
segja ef þið elskið son ykkar eða dóttur meira
en mig. 38 Sá sem ekki vill deyja sjálfum sér
og fylgja mér er mín ekki verður. 39 Sá sem
vill njóta lífsins sjálfs sín vegna, mun glata því,
en sá sem fórnar því mín vegna, mun bjarga
því. 40 Þeir sem taka við ykkur, taka við mér.
Þegar þeir taka við mér, þá taka þeir við Guði
sem sendi mig. 41 Ef þið takið á móti spámanni
vegna þess að hann er maður Guðs, þá hljótið
þið sömu laun og þeir. 42 Ef þið, lærisveinar
mínir, gefið smælingja þó ekki sé nema glas
af svaladrykk, þá mun ykkur vissulega verða
launað fyrir það.“

11 Þegar Jesús hafði gefið lærisveinunum tólf
þessi fyrirmæli hélt hann áfram að ferðast
um og predika í bæjum og þorpum. 2 Jóhannes
skírari sat um þessar mundir í fangelsi. Þegar
hann frétti af kraftaverkunum, sem Kristur
vann, sendi hann lærisveina sína til hans til
að spyrja: 3 „Ert þú í raun og veru sá sem
við höfum beðið eftir, eða eigum við að vænta
annars?“ 4 Jesús svaraði þeim og sagði: „Farið
og segið Jóhannesi frá kraftaverkunum sem þið
hafið séð mig gera: 5 Ég hef læknað blinda og
holdsveika, og þeir sem lamaðir voru ganga

nú óstuddir. Heyrnarlausir heyra, dauðir lifna
við og fátækum eru fluttar gleðifréttir. 6 Segið
honum líka: „Guð blessar þann sem dregur orð
mín ekki í efa.““ 7 Þegar lærisveinar Jóhannesar
voru farnir, fór Jesús að tala um hann við
mannfjöldann og sagði: „Hvað bjuggust þið
við að sjá þegar þið fóruð út í eyðimörkina til
Jóhannesar? Strá, skekið af vindi? 8 Eða áttuð
þið von á að sjá mann klæddan konungsskrúða?
9 Eða spámann Guðs? Já, hann er meira en
spámaður. 10 Hann er sá sem sagt var fyrir um í
Biblíunni: „boðberinn sem tilkynnti komu mína
og bjó fólk undir að taka á móti mér.“ 11 Ég segi
ykkur satt: Enginn þeirra manna, sem enn hafa
fæðst, jafnast á við Jóhannes skírara, þó eru
hinir minnstu í himnaríki honum meiri! 12 Frá
þeirri stundu er Jóhannes skírari hóf að predika
og skíra hafa menn viljað ná guðsríki undir sig
með valdi. 13 Lög Móse og spámennirnir sögðu
fyrir um þetta. Síðan kom Jóhannes og sagði
það sama. 14 Ef þið viljið skilja mig rétt, þá er
hann sá Elía sem spámennirnir sögðu að koma
mundi (áður en guðsríki kæmi). 15 Ef þið viljið
hlusta, takið þá eftir því sem ég segi nú: 16 Hvað
á ég að segja um þessa þjóð? Hún er eins og
börn að leik, sem segja við félaga sína: 17 „Við
lékum brúðkaupslag, en þið glöddust ekki, þá
lékum við sorgarlag, en samt grétuð þið ekki!“
18 Jóhannes skírari drakk ekki vín og fastaði oft.
Þá sögðu menn: „Hann er geðveikur!“ 19 En ef
ég, Kristur, tek þátt í veislum og drekk, þá er
kvartað og ég kallaður átvagl, vínsvelgur og
vinur stórsyndara! – Slíkum vitringum finnst
allt rétt sem þeir gera sjálfir!“ 20 Þá tók hann
að ávíta borgirnar, þar sem hann hafði gert
flest kraftaverkin, því þær höfðu ekki snúið
sér til Guðs. Hann sagði: 21 „Ég kalla dóm yfir
þig Kórasín og þig Betsaída! Ef kraftaverk þau
sem ég hef gert á strætum ykkar, hefðu gerst í
Týrus og Sídon, þá hefðu þær fyrir löngu iðrast
og auðmýkt sig. 22 Betur mun fara fyrir Týrus
og Sídon á dómsdegi en ykkur. 23 Kapernaum,
þér hlotnaðist mikill heiður, en þér verður
eytt! Ef öll kraftaverkin, sem ég hef gert í þér,
hefðu gerst í Sódómu, stæði hún enn í dag.
(Hadēs g86) 24 Því segi ég að betur mun fara fyrir
Sódómu á degi dómsins en þér, Kapernaum!“
25 Um þetta leyti bað Jesús þessarar bænar:
„Þökk sé þér, faðir, Drottinn himins og jarðar,
að þú hefur opinberað börnum það sem þú
huldir spekingum og fræðimönnum. 26 Já,
faðir, þannig vildir þú hafa það.“ 27 „Faðir
minn hefur falið mér að gera allt sem ég geri.
Faðirinn einn gjörþekkir soninn og sonurinn
einn þekkir föðurinn, svo og þeir sem sonurinn
hefur opinberað hann. 28 Komið til mín, allir
þið sem erfiðið og berið þungar byrðar, og ég
mun veita ykkur hvíld. 29 Takið á ykkur ok mitt
og lærið af mér, ég er lítillátur og auðmjúkur.
Þá munuð þið finna sálum ykkar hvíld. Mitt ok
er indælt og byrði mín létt.“

12 Um þetta leyti gekk Jesús á helgidegi
yfir kornakur ásamt lærisveinum sínum.
Lærisveinarnir voru svangir, svo að þeir týndu
nokkur hveitiöx og átu kornið sem í þeim var. 2
Farísear sem þar voru og sáu til þeirra, sögðu
við Jesú: „Sérðu ekki að lærisveinar þínir eru
að brjóta lögin? Þetta er bannað að gera á
helgidegi!“ 3 En Jesús svaraði þeim: „Hafið þið
aldrei lesið hvað Davíð konungur gerði þegar
hann og menn hans fundu til hungurs? 4 Hann
fór inn í guðshús ásamt mönnum sínum og
át brauðið sem prestunum einum var heimilt
að borða. Það var einnig lagabrot. 5 Hafið þið
aldrei lesið í lögum Móse að prestarnir, sem
gegna þjónustu í musterinu, verða að vinna
störf sín á helgidögum jafnt sem aðra daga. 6 Ég
segi: Hér á í hlut sá sem er meiri en musterið. 7
Þið hefðuð ekki dæmt þessa saklausu menn, ef
þið skilduð hvað þessi orð þýða: „Miskunnsemi
met ég meira en fórn“. 8 Ég, Kristur, er herra
hvíldardagsins.“ 9 Jesús lagði nú leið sína til
samkomuhússins. 10 Þar var staddur maður
með bæklaða hönd. Farísearnir spurðu Jesú: „Er
leyfilegt að lækna á hvíldardegi?“(Þeir vonuðu
auðvitað að hann mundi svara „já“svo að þeir
hefðu tilefni til að handtaka hann.) 11 Hann
svaraði: „Ef einhver ætti aðeins eina kind og
hún félli í skurð á helgidegi, mundi hann þá
ekki leggja það á sig að bjarga henni þótt
helgidagur væri? Auðvitað! 12 Og er maður
ekki meira virði en sauðkind? Þar af leiðir: Það
er leyfilegt að vinna góð verk á helgidegi.“ 13
Síðan sagði hann við manninn: „Réttu fram
hönd þína.“Maðurinn gerði það og um leið varð
hönd hans heil! 14 Farísearnir skutu þegar á
fundi og gerðu samsæri um að handtaka Jesú
og lífláta hann. 15 Jesús vissi um áform þeirra
og yfirgaf því samkomuhúsið, og fóru margir
með honum. Hann læknaði alla sem sjúkir
voru meðal þeirra, 16 en varaði þá jafnframt

við að bera út fréttir um kraftaverk hans. 17
Þar með rættist spádómur Jesaja um hann: 18
„Takið eftir þjóni mínum, sem ég hef útvalið!
Ég elska hann og hef yndi af honum. Ég mun
gefa honum anda minn og hann mun dæma
þjóðirnar. 19 Hann beitir engan ofríki og fer ekki
með háreysti. 20 Hann brýtur ekki hið veika
strá og ógnar ekki hinu ístöðulitla. Sigur hans
mun stöðva allt misrétti og ranglæti 21 og á
hann munu þjóðirnar treysta.“ 22 Þá var komið
til hans með mann sem var bæði blindur og
mállaus og þjáðist af illum anda. Jesús læknaði
manninn og hann fékk bæði sjón og mál á ný.
23 Þá hrópaði fólkið: „Getur verið að þessi Jesús
sé Kristur?!“ 24 Þegar farísearnir heyrðu um
kraftaverkið sögðu þeir: „Hann rekur út illa
anda með aðstoð Satans, foringja illu andanna.“
25 Jesús skynjaði hugsanir þeirra og sagði: „Ríki
sem er sundrað hlýtur að leggjast í auðn. Borg
eða heimili, þar sem allt logar í ófriði, fær ekki
staðist. 26 Ef Satan rekur Satan út, er hann að
berjast gegn sjálfum sér og sundra ríki sínu.
Ef ég beiti valdi Satans til að reka út illa anda,
27 með hvaða krafti rekur þá ykkar fólk þá út?
Svari það ásökun ykkar! 28 En ef ég rek illa anda
út með mætti Guðs, þá er ríki hans komið á
meðal ykkar. 29 Enginn kemst inn í hús voldugs
manns og rænir eigum hans nema binda hann
fyrst. Eins er með ríki Satans, sé hann bundinn
er hægt að reka illu andana út. 30 Sá sem ekki
vinnur með mér vinnur gegn mér. 31 Háð gegn
mér er unnt að fyrirgefa og einnig allar aðrar
syndir, nema eina: Lastmæli gegn heilögum
anda verður aldrei fyrirgefið, 32 hvorki í þessum
heimi né hinum komandi. (aiōn g165) 33 Tré
þekkist af ávexti sínum. Tré af valinni tegund
ber góðan ávöxt, en léleg tegund vondan ávöxt.
34 Þið höggormsafkvæmi! Hvernig ættu vondir
menn eins og þið að geta talað máli góðsemi og
réttlætis? Hugarfar mannsins ákveður orð hans.
35 Góður maður ber vitni um gott innræti með
orðum sínum, en vondur maður tjáir illt innræti
með tali sínu. 36 Eitt er víst: Á degi dómsins
verðið þið að gera grein fyrir hverju ónytjuorði
sem þið hafið sagt. 37 Orð þau, sem þið mælið
nú, ákveða örlög ykkar þá. Annað hvort munu
þau sýkna ykkur eða sakfella.“ 38 Þá svöruðu
nokkrir fræðimenn og farísear honum og sögðu:
„Sýndu okkur kraftaverk.“Með kraftaverkinu
átti Jesús að sanna að hann væri Kristur. 39 Jesús
svaraði: „Aðeins vont og vantrúað fólk heimtar
slíkar sannanir. Reynsla Jónasar spámanns á
að vera ykkur nægileg sönnun. Jónas var þrjá
sólarhringa í stórfiskinum, og ég, Kristur, mun
sömuleiðis verða þrjá daga í skauti jarðarinnar.
41 Á degi dómsins munu íbúar Niníve rísa upp
gegn þessari þjóð og dæma hana. Þegar Jónas
áminnti þá, iðruðust þeir og sneru sér frá
syndum sínum til Guðs. Hér stendur sá sem
æðri er Jónasi, en samt viljið þið ekki trúa
honum! 42 Drottningin af Saba mun rísa upp í
dóminum, tala gegn þessari þjóð og dæma hana
seka. Hún kom frá fjarlægu landi til að hlýða á
speki Salómons, en hér stendur sá sem er æðri
en Salómon, og þið neitið að trúa honum.“ 43
„Þessi þjóð er líkt og haldin illum anda! Þegar
illur andi er farinn úr manni, fer hann út í
eyðimörkina um stund og leitar hvíldar, en án
árangurs og því segir hann: „Ég vil fara aftur í
manninn sem ég var í.“Þá fer hann og finnur
sjö aðra anda, sér verri. Þeir fara síðan og búa
um sig í manninum, og ástand hans verður
verra en áður.“ 46 Meðan Jesús var að tala,
kom móðir hans og bræður að útidyrunum og
vildu fá að hitta hann (en þau komust ekki inn
vegna þrengsla). 48 Þegar honum var sagt frá
þessu spurði hann: „Hver er móðir mín? Hverjir
eru bræður mínir?“ 49 Því næst benti hann á
lærisveina sína og sagði: „Sjáið! Þarna er móðir
mín og bræður.“ 50 Síðan bætti hann við: „Hver
sá sem hlýðir föður mínum á himnum er bróðir
minn, systir og móðir.“

13 Síðar sama dag fór Jesús að heiman og
settist við vatnið, 2 þar safnaðist að honum
mikill mannfjöldi. Hann steig út í bát og kenndi
þaðan, en fólkið stóð á ströndinni og hlustaði.
Hann sagði margar dæmisögur, þar á meðal
þessa: „Bóndi sáði korni í akur sinn. 4 Meðan
hann var að sá féll sumt af sáðkorninu við
götuna og fuglar komu og átu það upp. 5
Sumt féll í grýtta jörð þar sem gróðurmold
var lítil. Það óx fljótt, 6 en þegar brennheit
sólin skein, skrælnaði það og dó, því ræturnar
voru litlar. 7 Sumt lenti meðal þyrna sem
uxu upp og kæfðu það. 8 En sumt féll í góða
jörð og bar þrítugfalda, sextugfalda og jafnvel
hundraðfalda uppskeru. 9 Þetta skuluð þið
muna!“ 10 Lærisveinar Jesú komu til hans og
spurðu: „Hvers vegna notar þú þessar flóknu
dæmisögur þegar þú talar til fólks?“ 11 Þá sagði
hann, að lærisveinunum einum væri ætlað að

öðlast skilning á ríki himnanna, öðrum ekki.
12 „Þeim sem hefur“sagði hann, „mun verða
gefið enn meira, en frá þeim sem ekkert á, mun
jafnvel verða tekið það litla sem hann hefur. Ég
nota þessar líkingar til að fólkið heyri og sjái,
en skilji ekki. 14 Þannig rætast þessi orð Jesaja:
„Þeir heyra, en skilja ekki, þeir horfa, en sjá ekki.
15 Hugurinn er sljór og heyrnin dauf. Þeir sofa
og sjá því hvorki né heyra það sem gæti veitt
þeim skilning og leitt þá aftur til Guðs svo þeir
hlytu lækningu.“ 16 En ykkar augu eru blessuð,
því þau sjá, og eyru ykkar eru líka blessuð, því
þau hlusta. 17 Margir spámenn og trúað fólk
þráði að sjá það sem þið sjáið og heyra það sem
þið heyrið, en fengu það ekki.“ 18 „Merking
sögunnar, sem ég sagði ykkur áðan um bóndann
sem var að sá, er þessi: 19 Gatan, þar sem sumt
af sáðkorninu féll, táknar hjarta manns sem
heyrir gleðitíðindin um guðsríki, en skilur þau
ekki. Þá kemur Satan og rænir því, sem sáð var
í hjarta hans. 20 Grunni, grýtti jarðvegurinn
táknar hjarta þess sem heyrir boðskapinn og
tekur strax við honum með miklum fögnuði.
21 Honum er þó ekki mikil alvara og fræið
nær ekki að skjóta djúpum rótum. Síðar þegar
erfiðleikar eða trúarofsóknir herja, missir hann
allan áhuga. 22 Jarðvegurinn þar sem þyrnarnir
uxu, táknar mann sem heyrir boðskapinn, en
lætur áhyggjur lífsgæðakapphlaupsins kæfa
orð Guðs, og fjarlægist Guð smátt og smátt.
(aiōn g165) 23 Frjósami jarðvegurinn táknar þann
mann sem hlustar á boðskapinn, skilur hann,
fer af stað og leiðir þrjátíu, sextíu eða jafnvel
hundrað aðra inn í ríki Guðs.“ 24 Hann sagði
þeim einnig þessa dæmisögu: „Himnaríki er líkt
bónda sem sáði góðu sæði í akur sinn. 25 Nótt
eina, meðan hann svaf, kom óvinur hans og sáði
illgresi meðal hveitisins. 26 Þegar hveitið kom
upp, kom illgresið einnig upp. 27 Vinnumenn
bóndans komu til hans og sögðu: „Húsbóndi!
Akurinn, sem þú sáðir góða hveitinu í, er
fullur af illgresi.“ 28 „Því hefur einhver óvinur
sáð, “svaraði bóndinn. „Eigum við að reyta
illgresið?“spurðu þeir. 29 „Nei, “svaraði hann,
„því þá gætuð þið einnig slitið hveitið upp. 30
Látið hvort tveggja vaxa til uppskerutímans,
og þá mun ég segja kornskurðarmönnunum
að skilja illgresið frá og brenna það, en setja
hveitið í hlöðuna“.“ 31 „Hér er enn ein líking.
Ríki himnanna er líkt örsmáu sinnepsfræi sem
sáð var í akur. Það er allra sáðkorna minnst,
en plantan verður þó hæst allra kryddjurta og
verður að tré, þar sem fuglar leita sér skjóls.“
33 Jesús sagði þeim einnig þessa dæmisögu:
„Himnaríki er líkt konu sem bakaði brauð. Fyrst
mældi hún mjöl, síðan bætti hún geri í og
hnoðaði uns gerið hafði gegnsýrt deigið.“ 34
Jesús notaði ávallt slíkar dæmisögur þegar hann
talaði við fólkið og það gerði hann í ákveðnum
tilgangi. Spámennirnir höfðu reyndar sagt fyrir
að hann myndi nota líkingar. Spádómur þeirra
var á þessa leið: 35 „Ég mun tala í dæmisögum.
Ég mun útskýra leyndardóma sem legið hafa
í þagnargildi frá örófi alda.“ 36 Jesús yfirgaf
nú fólkið og gekk inn í hús. Lærisveinar hans
báðu hann þá að útskýra líkinguna um illgresið
og hveitið. 37 „Það skal ég gera, “sagði hann.
„Ég er bóndinn sem sáir góða sæðinu. 38
Akurinn er allur heimurinn. Góða sæðið eru
börn guðsríkisins. Illgresið er fólk sem fylgir
óvininum. 39 Óvinurinn, sem sáði illgresinu
meðal hveitisins, er Satan. Uppskerutíminn er
dómsdagur. Kornskurðarmennirnir eru englar.
(aiōn g165) 40 Eins og illgresi er brennt, eins mun
fara við endi veraldar. (aiōn g165) 41 Ég mun senda
engla mína til að skilja frá alla vonda menn og
allt sem veldur synd, 42 varpa á bál og brenna.
Þar mun verða grátið og kveinað. 43 En börn
Guðs munu ljóma eins og sólin í ríki föðurins.
Takið vel eftir þessu!“ 44 „Ríki himnanna er
líkt fjársjóði sem maður fann í akri einum. Í
ákafa sínum seldi hann allt sem hann átti, til að
geta keypt akurinn – og náð fjársjóðnum!“ 45
„Himnaríki er einnig líkt perlukaupmanni, sem
leitaði að dýrum perlum. 46 Hann gerði góð kaup
þegar hann fann afar verðmæta perlu, seldi
allar eigur sínar og keypti hana.“ 47 „Guðsríki
má enn líkja við fiskimann. Hann kastar neti út í
vatnið og veiðir í það fisk af ýmsum tegundum,
bæði verðmætum og verðlausum. Þegar netið er
orðið fullt dregur hann það á land og safnar ætu
fiskunum saman, en fleygir hinum. 49 Þannig
fer líka á dómsdegi. Englar munu koma, skilja
hina óguðlegu frá hinum trúuðu og (aiōn g165)
50 kasta hinum óguðlegu á bálið. Þar verður
grátið og kveinað. 51 Skiljið þið þetta?“spurði
Jesús. „Já, “svöruðu þeir. 52 Þá bætti hann við
og sagði: „Þeir sem vel eru að sér í Guðs orði og
hafa gjörst lærisveinar mínir, eiga fjársjóð sem
geymir bæði gamla og nýja þekkingu.“ 53 Þegar
Jesús hafði sagt þessar dæmisögur, sneri hann
aftur til Nasaret í Galíleu (þar sem hann hafði

átt heima.) Hann kenndi í samkomuhúsinu
og fólk undraðist visku hans og máttarverk.
„Hvernig stendur á þessu?!“hrópaði það. 55 „Er
þetta ekki sonur smiðsins? Við þekkjum móður
hans, Maríu, bræður hans, Jakob, Jósef, Símon
og Júdas, 56 og systur hans eru hér allar. Hvaðan
hefur hann þetta vald?“ 57 Þeir hneyksluðust
á honum. Þá sagði Jesús við þá: „Hvergi er
spámaður minna metinn en á heimili sínu og
meðal eigin fólks!“Hann gerði fá kraftaverk þar
vegna vantrúar þeirra.

14 Þegar Heródes konungur frétti um Jesú,
2 sagði hann við menn sína: „Þessi Jesús
hlýtur að vera Jóhannes skírari, risinn upp
frá dauðum, 3 fyrst hann gerir öll þessi
kraftaverk.“Heródes hélt Jóhannesi hlekkjuðum
í fangelsi að kröfu Heródíasar, konu Filippusar
bróður síns, 4 en Jóhannes hafði ávítað Heródes
fyrir að taka hana frá honum og kvænast henni
sjálfur. 5 Heródes hefði látið taka Jóhannes
af lífi fyrir löngu, ef hann hefði ekki óttast
uppþot, því almenningur trúði að Jóhannes
væri spámaður. 6 Á afmælisdegi Heródesar
dansaði dóttir Heródíasar fyrir hann og líkaði
honum það svo vel 7 að hann hét að gefa
henni hvað sem hún vildi að launum. 8 Að ósk
móður sinnar bað stúlkan um höfuð Jóhannesar
á fati. 9 Konungurinn varð hryggur, en hann
vildi ekki ganga á bak orða sinna í áheyrn
gestanna og gaf því skipun um að þetta skyldi
gert. 10 Jóhannes var hálshöggvinn í fangelsinu,
11 og stúlkunni fært höfuð hans á fati. Hún
afhenti síðan móður sinni það. 12 Lærisveinar
Jóhannesar sóttu líkið og greftruðu, sögðu
síðan Jesú frá atburðinum. 13 Þegar Jesús fékk
fréttirnar hélt hann, á bátnum, á óbyggðan stað
til þess að geta verið einn. Þegar fólkið sá hvert
hann fór, streymdi það þangað landleiðina úr
þorpunum. 14 Þegar Jesús steig á land beið hans
mikill mannfjöldi. Hann vorkenndi fólkinu og
læknaði þá sem sjúkir voru. 15 Um kvöldið komu
lærisveinarnir til hans og sögðu: „Það er löngu
kominn kvöldverðartími, en hér í óbyggðinni
er engan mat að fá. Sendu fólkið burt, svo að
það geti farið til þorpanna og keypt sér mat.“
16 „Það er óþarfi, “svaraði Jesús, „þið skuluð
gefa því að borða!“ 17 „Ha, við!“hrópuðu þeir.
„Við eigum aðeins fimm brauð og tvo fiska.“
18 „Komið með það hingað, “sagði Jesús, 19 og
því næst sagði hann fólkinu að setjast niður
í grasið. Hann tók brauðin fimm og fiskana,
horfði til himins og þakkaði Guði fyrir matinn.
Þegar hann hafði brotið brauðin í sundur, rétti
hann lærisveinunum þau og þeir skiptu þeim
meðal fólksins. 20 Allir urðu mettir! Eftir á fylltu
þeir tólf körfur með brauðmolum sem af gengu!
21 (Um 5.000 karlmenn voru þarna þennan dag,
auk kvenna og barna.) 22 Strax að þessu loknu
sagði Jesús lærisveinunum að fara um borð í
bátinn og sigla yfir vatnið, á meðan ætlaði hann
að koma fólkinu frá sér. 23 Þegar fólkið var farið,
fór hann upp á fjallið til að biðjast fyrir. Nóttin
skall á og lærisveinarnir áttu í erfiðleikum úti á
miðju vatninu. Það hafði hvesst og þeir áttu
fullt í fangi með að verja bátinn áföllum. 25
Um fjögurleytið kom Jesús til þeirra gangandi
á vatninu! 26 Þeir æptu af skelfingu, því þeir
héldu að þetta væri vofa. 27 En þá kallaði Jesús
til þeirra og sagði: „Verið óhræddir, þetta er
ég!“ 28 Þá hrópaði Pétur til hans og sagði:
„Herra, ef þetta ert þú, leyfðu mér þá að koma
til þín.“ 29 „Já, gerðu það. Komdu!“svaraði
Jesús. Pétur steig þá yfir borðstokkinn og gekk
á vatninu í átt til Jesú. 30 En þegar Pétur sá
öldurótið varð hann skelkaður og tók að sökkva.
„Jesús, bjargaðu mér!“hrópaði hann. 31 Jesús
rétti honum samstundis höndina og dró hann
upp. „Þú hefur litla trú, “sagði Jesús. „Af hverju
efaðist þú?“ 32 Veðrið lægði um leið og þeir
stigu í bátinn. 33 Hinir sem í bátnum voru sögðu
þá fullir ótta og lotningar: „Þú ert sannarlega
sonur Guðs!“ 34 Þegar þeir komu að landi í
Genesaret, 35 fréttist jafnskjótt um allan bæinn
að þeir væru komnir. Fólk fór um allt og hvatti
aðra til að fara með sjúklinga til hans. 36 Þeir
sem veikir voru báðu hann að leyfa sér að
snerta, þó ekki væri nema faldinn á yfirhöfn
hans, og allir sem það gerðu læknuðust.

15 Nokkrir farísear og lögfræðingar komu frá
Jerúsalem að ræða við Jesú. 2 „Hvers vegna
fara lærisveinar þínir ekki eftir siðum þjóðar
okkar?“spurðu þeir valdsmannslega, og bættu
síðan við: „Þeir virða til dæmis ekki regluna
um að þvo sér um hendur fyrir máltíðir.“ 3
„En hvers vegna eru þessar siðvenjur ykkar
í andstöðu við boðorð Guðs?“spurði Jesús á
móti. 4 „Eitt af boðorðum Guðs er þannig:
„Heiðra skaltu föður þinn og móður, hver sá
sem formælir foreldrum sínum er dauðasekur.“
5 Þið segið hins vegar: „Þótt foreldrar þínir

þarfnist hjálpar, máttu gefa musterinu það fé
sem þú hefur lagt til hliðar handa þeim.“Með
þessu mannaboðorði ónýtið þið þá skipun Guðs
að menn heiðri og annist foreldra sína. 7
Hræsnarar! Orð Jesaja eiga við um ykkur: 8
„Þessir menn heiðra mig með vörunum en
hjarta þeirra er langt í burtu frá mér. 9 Trúrækni
þeirra er gagnslaus, því þeir kenna sín eigin
boðorð í stað boðorða Guðs!““ 10 Síðan hrópaði
Jesús til mannfjöldans og sagði: „Hlustið á
og reynið að skilja þetta: 11 Þið saurgist ekki
af matnum sem þið neytið, heldur af orðum
ykkar og hugsunum!“ 12 Þá komu lærisveinar
hans til hans og sögðu: „Þú móðgaðir faríseana
með því sem þú sagðir.“ 13 Jesús svaraði:
„Hver sú jurt sem ekki er gróðursett af föður
mínum, verður slitin upp með rótum. Látið
þá afskiptalausa. Þeir eru blindir leiðtogar,
ef blindur leiðir blindan, falla báðir í sömu
gryfjuna.“ 15 Þá bað Pétur Jesú að útskýra
hvers vegna fólk saurgaðist ekki við að borða
mat sem lögin teldu óhreinan. 16 „Skilurðu
það ekki?“spurði Jesús. 17 „Veistu ekki að það
sem við borðum fer í gegnum meltingarfærin
og síðan úr líkamanum? 18 Ljót orð koma
hins vegar frá illu innræti og spilla þeim sem
segir þau. 19 Illar hugsanir, morð, hórdómur,
saurlifnaður, þjófnaður, lygi og illt umtal, allt
á þetta upphaf sitt í huga og sál mannsins. 20
Það er þetta sem mengar mannlífið. Það er ekki
syndsamlegt að neyta matar með óþvegnum
höndum.“ 21 Jesús hélt síðan burt og fór norður
til Týrusar og Sídonar, en þangað voru um
80 kílómetrar. 22 Kanversk kona, sem þar bjó,
kom til Jesú og sagði: „Hjálpaðu mér Drottinn,
sonur Davíðs konungs! Dóttir mín er með illan
anda, sem kvelur hana dag og nótt.“ 23 Jesús
svaraði henni engu orði. Lærisveinarnir hvöttu
hann til að vísa henni burt og sögðu: „Segðu
henni að fara, hún ónáðar með þessu kvabbi.“
24 Jesús sagði þá við konuna: „Ég var sendur
til að hjálpa Gyðingum, en ekki heiðingjum.“
25 Þá kom hún enn nær, hneigði sig og bað á
nýjan leik: „Drottinn, hjálpaðu mér!“ 26 „Það
er ekki rétt að taka brauðið frá börnunum og
gefa það hvolpunum, “sagði Jesús. 27 „Satt er
það, “sagði hún, „en hvolparnir fá þó að tína
molana sem falla á gólfið.“ 28 „Kona, “sagði
Jesús, „þú hefur mikla trú og þú skalt fá það
sem þú baðst um.“Dóttir hennar varð heilbrigð
á sömu stundu. 29 Eftir þetta fór Jesús aftur
að Galíleuvatni. Þar gekk hann upp á fjall og
settist niður. 30 Mannfjöldinn kom til hans með
lamaða menn, blinda og mállausa, einnig marga
aðra sjúklinga. Þeir lögðu þá við fætur Jesú og
hann læknaði þá alla. 31 Þetta var stórkostleg
sjón! Þeir sem mállausir höfðu verið frá fæðingu
töluðu nú reiprennandi. Þeir sem höfðu verið
lamaðir gengu um og hlupu. Þeir sem voru
blindir áður, horfðu nú furðu lostnir í kringum
sig! Allir voru glaðir og undrandi og lofuðu
Guð Ísraels. 32 Þá kallaði Jesús á lærisveina
sína og sagði: „Ég finn til með þessu fólki. Það
hefur verið hér í þrjá daga samfleytt, og nú
er það orðið matarlaust. Ég vil ekki senda það
frá mér þannig á sig komið, því þá örmagnast
það á leiðinni heim.“ 33 „Hvernig eigum við
að útvega mat hér í óbyggðinni handa öllum
þessum fjölda?“spurðu lærisveinarnir. 34 „Hvað
tókuð þið mikið með ykkur?“spurði Jesús. „Sjö
brauð og nokkra smáfiska, “svöruðu þeir. 35
Jesús bauð þá fólkinu að setjast niður. 36 Síðan
tók hann brauðin og fiskana, og þakkaði Guði.
Að því búnu skipti hann matnum í skammta,
sem lærisveinarnir báru til fólksins. 37 Allir
fengu nóg, 4.000 karlmenn auk kvenna og
barna! Þegar leifunum hafði verið safnað saman,
fylltu þær sjö körfur! 39 Eftir þetta sendi Jesús
fólkið heim, sjálfur fór hann í bátnum yfir til
Magadanhéraðs.

16 Dag nokkurn komu farísear og saddúkear
til Jesú og vildu sannprófa þá fullyrðingu
hans að hann væri Kristur. Þeir báðu hann
að sýna sér tákn af himni. Þá sagði Jesús:
2 „Þið eigið auðvelt með að átta ykkur á
veðrinu. Kvöldroði boðar góðviðri að morgni, en
morgunroði og dimm ský vita á vont veður. En
tákn tímanna, þau getið þið ekki skilið. 4 Þessi
illa og vantrúaða þjóð biður um sérstakt tákn af
himnum, en hún mun ekki fá annað tákn en
það sem Jónas fékk.“Að þessu mæltu gekk hann
burt frá þeim. 5 Þegar lærisveinarnir komu yfir
vatnið, tóku þeir eftir því að þeir höfðu gleymt
að hafa með sér nesti. 6 „Varið ykkur!“sagði
Jesús, „varið ykkur á súrdeigi faríseanna og
saddúkeanna.“ 7 Þeir héldu að hann segði þetta
af því að þeir höfðu gleymt að taka með sér
brauð. 8 Jesús vissi hvað þeir hugsuðu og bætti
við: „Lítil er trú ykkar! Af hverju hafið þið
áhyggjur af mat? 9 Hvar er skilningur ykkar?
Munið þið ekki eftir brauðunum fimm sem

nægðu handa fimm þúsund manns, og öllu
því sem gekk af? 10 Og munið þið ekki heldur
eftir þúsundunum fjórum og öllu sem þá varð
afgangs? 11 Hvernig datt ykkur í hug að ég væri
að tala um mat? En ég endurtek: Varið ykkur
á súrdeigi faríseanna og saddúkeanna!“ 12 Þá
skildu þeir loks að með „súrdeiginu“átti hann
við varasamar kenningar farísea og saddúkea. 13
Þegar Jesús kom til Sesareu Filippí spurði hann
lærisveina sína: „Hvern segir fólk mig vera?“ 14
Þeir svöruðu: „Sumir segja að þú sért Jóhannes
skírari, aðrir Elía, og enn aðrir Jeremía eða
einhver af spámönnunum.“ 15 „En þið, “spurði
hann, „hvað segið þið?“ 16 Símon Pétur svaraði:
„Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs.“ 17
„Sæll ert þú, Símon Pétur, “svaraði Jesús, „því
faðir minn á himnum hefur sjálfur sannfært
þig um þetta – þú hefur þetta ekki frá neinum
manni. 18 Þú ert Pétur – kletturinn – á þessum
kletti mun ég byggja söfnuð minn og vald vítis
mun ekki megna að yfirbuga hann. (Hadēs g86) 19
Ég mun gefa þér lykla himnaríkis. Það sem þú
leysir á jörðu skal verða leyst á himnum!“ 20
Síðan lagði hann ríkt á við lærisveinana að segja
engum að hann væri Kristur. 21 Eftir þetta tók
Jesús að segja lærisveinum sínum berum orðum
að hann yrði að fara til Jerúsalem. Þar mundu
leiðtogar þjóðarinnar ofsækja hann og lífláta,
en hann síðan rísa upp að þrem dögum liðnum.
22 Pétri blöskruðu þessi orð. Hann leiddi Jesú
afsíðis til að tala um fyrir honum og sagði:
„Guð hjálpi þér! Þetta mun aldrei koma fyrir
þig!“ 23 Jesús sneri sér að Pétri og sagði: „Burt
með þig Satan! Þú ert á móti mér! Þú lítur ekki
á málið frá sjónarmiði Guðs, heldur manna.“
24 Síðan sagði Jesús við lærisveinana: „Vilji
einhver fylgja mér þá verður hann að afneita
sjálfum sér, taka upp kross sinn og fylgja mér.
25 Sá sem vill njóta lífsins að eigin geðþótta
mun týna því, en sá sem fórnar lífi sínu mín
vegna, mun finna það. 26 Hverju eru menn
bættari þótt þeir eignist allan heiminn, ef þeir
glata eilífa lífinu? 27 Ég, mannssonurinn, mun
koma ásamt englum mínum í dýrð föðurins og
dæma sérhvern eftir verkum hans. 28 Sumir
ykkar, sem hér standa, munu lifa og sjá mig í
konungsríki mínu.“

17 Sex dögum síðar tók Jesús þá Pétur, Jakob
og Jóhannes með sér upp á hátt fjall.
2 Þegar þangað kom sáu þeir að útlit Jesú
breyttist, andlit hans tók að ljóma sem sólin
og klæðin urðu skínandi björt. 3 Allt í einu
birtust Móse og Elía og fóru að tala við hann. 4
Þá sagði Pétur: „Drottinn, hér er gott að vera!
Ef þú vilt, þá skal ég gera hér þrjú skýli, eitt
handa þér, annað handa Móse og það þriðja
handa Elía.“ 5 En um leið og hann sagði þetta
kom bjart ský yfir þá og úr því heyrðu þeir
rödd sem sagði: „Þessi er minn elskaði sonur,
sem ég hef velþóknun á. Hlustið á hann!“ 6
Lærisveinarnir lutu til jarðar í óttablandinni
lotningu. 7 Jesús kom til þeirra, snerti þá og
sagði: „Rísið upp og verið óhræddir.“ 8 Þegar
þeir litu upp sáu þér Jesú einan. 9 Á leiðinni
niður fjallið bað Jesús þá að segja engum frá
því, sem þeir höfðu séð, fyrr en hann væri
risinn upp frá dauðum. 10 Þá spurðu þeir hann:
„Hvers vegna segja leiðtogar þjóðar okkar að
Elía verði að koma á undan Kristi?“ 11 „Þetta
er rétt hjá þeim, “svaraði Jesús. „Elía verður
að koma og færa allt í lag. 12 Hann er reyndar
búinn að koma, en menn þekktu hann ekki og
margir fóru illa með hann. Ég, Kristur, mun
einnig verða að þjást af þeirra völdum.“ 13 Þá
skildu lærisveinarnir að hann átti við Jóhannes
skírara. 14 Þegar þeir komu niður af fjallinu beið
þeirra mikill mannfjöldi. Maður nokkur kom
þá hlaupandi, kraup að fótum Jesú og sagði:
15 „Herra miskunnaðu syni mínum. Hann er
geðveikur og þungt haldinn. Hann dettur oft í
eld og vatn. 16 Ég fór með hann til lærisveina
þinna, en þeir gátu ekki læknað hann.“ 17 „Æ,
þið efagjörnu og rangsnúnu menn!“sagði Jesús.
„Hversu lengi á ég að umbera ykkur? Komið
með drenginn til mín.“ 18 Jesús ávítaði illa
andann, sem var í drengnum, svo að hann fór
úr honum og drengurinn varð heilbrigður á
samri stundu. 19 Eftir á spurðu lærisveinarnir
Jesú hvers vegna þeir hefðu ekki getað rekið illa
andann út. 20 „Þið hafið svo litla trú, “svaraði
Jesús. „Ef þið ættuð trú, þó að ekki væri hún
stærri en agnarlítið sinnepsfræ, þá gætuð þið
sagt við þetta fjall: „Færðu þig!“og það mundi
hlýða ykkur. Ykkur yrði enginn hlutur um
megn. 21 En illur andi eins og þessi fer ekki út
fyrr en þið hafið beðið og fastað.“ 22 Dag einn
meðan þeir voru enn í Galíleu sagði Jesús við
lærisveinana: „Ég mun verða svikinn í hendur
þeirra sem vald hafa til að lífláta mig, en að
þrem dögum liðnum mun ég rísa upp.“Þegar
lærisveinarnir heyrðu þetta urðu þeir hryggir

og skelfdir. 24 Þegar þeir komu til Kapernaum
komu menn, sem innheimtu musterisskattinn,
til Péturs og spurðu: „Greiðir meistari þinn ekki
skatta?“ 25 „Auðvitað gerir hann það, “svaraði
Pétur. Síðan fór hann inn í húsið til að ræða
málið við Jesú, en Jesús varð fyrri til og spurði:
„Pétur, hvort heldur þú að konungar skattleggi
syni sína eða útlendingana, sem þeir undiroka?“
26 „Útlendingana, “svaraði Pétur. „Fyrst svo
er, “sagði Jesús, „þá eru synirnir skattlausir!
En við skulum ekki hneyksla þá. Farðu niður
að vatninu og kastaðu út færi. Opnaðu síðan
munninn á fyrsta fiskinum sem þú færð og þar
muntu finna pening. Taktu hann og greiddu
fyrir okkur báða.“

18 Rétt í þessu komu lærisveinarnir til Jesú
og spurðu hann hver þeirra yrði mestur í
ríki himnanna. 2 Jesús kallaði þá á lítið barn
sem stóð þar hjá 3 og sagði: „Ef þið snúið
ykkur ekki frá syndinni, til Guðs, og verðið
eins og börnin, munuð þið aldrei komast inn
í himnaríki. 4 Sá sem er auðmjúkur, eins og
þetta litla barn, verður mestur í himnaríki. 5
Ef þið, sem lærisveinar mínir, takið vel á móti
barni eins og þessu, þá takið þið á móti mér.
6 En snúi eitthvert þessara barna, sem á mig
trúa, við mér baki ykkar vegna, þá væri þeim
manni betra að láta kasta sér í hafið með stein
bundinn um háls sér. 7 Miklar hörmungar bíða
þessa heims vegna illsku hans. Við komumst
reyndar ekki hjá því að verða fyrir freistingum,
en vei þeim manni sem freistingunum veldur. 8
Ef hönd þín eða fótur kemur þér til að syndga,
er betra að skera liminn af, kasta honum burt
og koma bæklaður til himins, en hafa bæði
hendur og fætur, og lenda í helvíti. (aiōnios g166)
9 Ef auga þitt fær þig til að syndga, skaltu stinga
það úr og fleygja því. Betra er fyrir þig að ná
til himna eineygður, en að fara alsjáandi til
helvítis. (Geenna g1067) 10 Gætið þess að fyrirlíta
ekki neitt þessara barna. Ég segi ykkur satt:
Englar þeirra eru í nánum tengslum við föður
minn á himnum, 11 og ég, Kristur, kom til þess
að frelsa þau sem týnd eru. 12 Hvað gerir sá sem
á hundrað sauði ef einn þeirra villist? Skilur
hann ekki hina níutíu og níu eftir og fer að leita
þess sem týndist? 13 Ef hann finnur hann, gleðst
hann meira vegna hans en hinna níutíu og níu
sem eru öruggir heima. 14 Á sama hátt vill faðir
minn ekki að eitt einasta þessara barna glatist.
15 Ef einhver í söfnuðinum syndgar, skaltu fara
til hans og ræða við hann einslega um mistök
hans. Ef hann hlustar og játar sekt sína, hefur
þú bjargað honum. 16 En ef hann lætur sér
ekki segjast við orð þín, skaltu fara til hans á
ný og fá með þér einn eða tvo til viðbótar til
að staðfesta mál þitt. 17 Ef honum verður ekki
þokað þrátt fyrir það, skaltu láta taka málið upp
í söfnuðinum. Ef úrskurður safnaðarins verður
þér í vil, en bróðir þinn vill ekki beygja sig fyrir
honum, skal honum vísað úr söfnuðinum. 18
Ég segi ykkur hér með: Hvað sem þið bindið á
jörðu, mun bundið á himnum, og hvað sem þið
leysið á jörðu, verður leyst á himnum. 19 Ég segi
ykkur einnig að verði tveir ykkar sammála um
að biðja einhvers, mun faðir minn á himnum
veita ykkur það. 20 Því að hvar sem tveir eða
þrír eru samankomnir mín vegna, er ég mitt
á meðal þeirra.“ 21 Þá kom Pétur til hans og
spurði: „Herra; hve oft á ég að fyrirgefa þeim
sem syndgar gegn mér? Sjö sinnum?“ 22 „Nei,
sjötíu sinnum sjö, – endalaust!“svaraði Jesús.
23 „Himnaríki má líkja við konung, sem ákvað
að gera upp við þá sem skulduðu honum. 24
Meðan á uppgjörinu stóð, var komið með mann
sem skuldaði honum margar milljónir. 25 Hann
gat ekki borgað, og þá skipaði konungurinn svo
fyrir að hann, kona hans og börn skyldu seld,
ásamt öllum eigum hans, til þess að skuldin
yrði greidd. 26 Þá varpaði maðurinn sér í gólfið
við fætur konungsins og sagði: „Ó, herra minn,
miskunnaðu mér og ég mun borga þér alla
skuldina!“ 27 Þá kenndi konungurinn í brjósti
um hann og gaf honum upp alla skuldina! 28
Þegar þessi maður kom út frá konunginum, hitti
hann félaga sinn sem skuldaði honum smáræði.
Hann greip um kverkar honum og skipaði
honum að greiða alla skuldina tafarlaust. 29
Maðurinn kraup þá við fætur hans og grátbað
hann: „Veittu mér dálítinn frest og ég mun
greiða þér það sem ég skulda.“ 30 En hinn
vildi ekki bíða og lét handtaka skuldunaut
sinn og varpa honum í fangelsi, þar varð hann
að dúsa uns skuldin var að fullu greidd. 31
Samstarfsmönnum þeirra brá í brún og þeir
fóru til konungsins og sögðu honum hvað
gerst hafði. 32 Konungurinn lét þá kalla til sín
manninn sem hann hafði gefið upp skuldina og
sagði: „Miskunnarlausi þrjótur! Ég gaf þér upp
milljóna skuld vegna þess að þú baðst mig um
það. 33 Átt þú ekki að vera miskunnsamur við

aðra eins og ég var miskunnsamur við þig?“ 34
Konungurinn varð reiður og sendi manninn til
böðlanna sem skyldu gæta hans uns skuldin
yrði að fullu greidd. 35 Þannig mun faðir minn
á himnum einnig fara að við ykkur, ef það
fyrirgefið ekki bræðrum ykkar af heilum hug.“

19 Að lokinni þessari ræðu hélt Jesús af stað
frá Galíleu til Júdeu og lagði leið sína um
héruðin austan Jórdanar. 2 Mikill fjöldi fylgdi
honum og hann læknaði sjúka. 3 Þá komu til
hans nokkrir farísear sem vildu ræða við hann
og reyna að flækja hann í orðum. „Leyfir þú
hjónaskilnað?“spurðu þeir. 4 „Hafið þið ekki
lesið Biblíuna?“spurði hann. „Þar stendur að
í upphafi hafi Guð skapað karl og konu, 5 og
sagt að karlmaðurinn ætti að fara að heiman
frá foreldrum sínum og búa með eiginkonu
sinni upp frá því. 6 Þau tvö eiga að verða eitt
– ekki framar tvö, heldur eitt! Enginn maður
má aðskilja það sem Guð hefur sameinað.“
7 „En af hverju sagði þá Móse að maðurinn
gæti skilið við konu sína með því að afhenda
henni skilnaðarbréf?“spurðu þeir. 8 „Móse
leyfði ykkur skilnað vegna illsku ykkar og
miskunnarleysis, “svaraði Jesús, „en það hafði
Guð ekki upphaflega áformað. 9 Ég segi: Sá
sem skilur við konu sína af annarri ástæðu en
þeirri að hún hafi verið honum ótrú og kvænist
annarri, drýgir hór.“ 10 „Ef svo er, “sögðu
lærisveinarnir, „þá er nú betra að kvænast alls
ekki!“ 11 „Ég veit að ekki geta allir framfylgt
þessu, “sagði Jesús, „aðeins þeir sem fá hjálp frá
Guði. 12 Sumir eru fæddir þannig að þeir geta
ekki lifað í hjónabandi, aðrir verða þannig af
mannavöldum og enn aðrir vilja ekki gifta sig
vegna guðsríkisins. Sá sem skilur orð mín ætti
að fara eftir þeim.“ 13 Fólk færði lítil börn til
Jesú og bað hann um að leggja hendur yfir þau
og biðja fyrir þeim. Lærisveinarnir brugðust
illa við þessu og sögðu: „Verið ekki að ónáða
hann.“ 14 En Jesús sagði: „Leyfið börnunum
að koma til mín og bannið þeim það ekki, því
slíkra er guðsríki.“ 15 Og hann lagði hendur
sínar á höfuð þeirra, blessaði þau og hélt síðan
áfram ferð sinni. 16 Maður nokkur kom til Jesú
og spurði: „Meistari, hvaða góðverk þarf ég
að gera til þess að eignast eilíft líf?“ (aiōnios
g166) 17 „Hvers vegna spyrð þú mig um hið
góða?“svaraði Jesús. „Einn er góður og það
er Guð. En spurningu þinni skal ég svara. Þú
kemst til himins, ef þú hlýðir boðorðunum.“ 18
„Hverjum?“spurði maðurinn. „Þessum, “svaraði
Jesús: „Þú skalt ekki mann deyða, ekki drýgja
hór, ekki stela, ekki ljúga, 19 heiðraðu föður
þinn og móður og elskaðu meðbróður þinn
eins og sjálfan þig!“ 20 „Ég hef alltaf hlýtt
boðorðunum, “sagði ungi maðurinn, „hvað er
það fleira sem ég þarf að gera?“ 21 Jesús svaraði:
„Ef þú vilt verða fullkominn, þá skaltu selja
allt sem þú átt, gefa fátækum andvirðið og þá
muntu eignast fjársjóð á himnum. Komdu síðan
og fylgdu mér.“ 22 Þegar ungi maðurinn heyrði
þetta varð hann dapur og gekk burt – hann var
mjög ríkur. 23 Þá sagði Jesús við lærisveinana:
„Ríkum manni mun reynast erfitt að komast
inn í guðsríki. 24 Ég segi, það er auðveldara
fyrir úlfalda að komast gegnum nálarauga en
fyrir ríkan mann að komast inn í guðsríki!“ 25
Lærisveinarnir urðu forviða og spurðu: „Hver
getur þá frelsast?“ 26 Jesús leit á þá einbeittur á
svip og sagði: „Enginn, fyrir mannlegt tilstilli,
en Guði eru allir hlutir mögulegir.“ 27 „En við
sem yfirgáfum allt og fylgdum þér, “sagði Pétur,
„hvað berum við úr býtum?“ 28 Jesús svaraði:
„Þegar ég, Kristur, sest í hið dýrlega hásæti mitt
í guðsríkinu, munuð þið sitja í tólf hásætum
og dæma tólf ættkvíslir Ísraels. 29 Hver sá sem
yfirgefur heimili, bræður, systur, föður, móður,
eiginkonu, börn eða eignir til að geta fylgt
mér, mun fá hundraðfalt í staðinn og eignast
eilíft líf. (aiōnios g166) 30 Margir þeirra, sem nú
eru fremstir, verða þá síðastir og hinir síðustu
fremstir.“

20 „Hér er enn ein dæmisaga um himnaríki:
Landeigandi nokkur fór að heiman
snemma morguns að fá verkamenn til
uppskerustarfa. 2 Hann samdi við þá um
venjuleg daglaun og að því búnu hófu þeir
vinnuna. 3 Tveim stundum síðar gekk hann aftur
niður í bæinn og sá þá menn á torginu iðjulausa.
4 Þessa menn sendi hann einnig út á akurinn
og sagðist mundu borga þeim sanngjörn laun.
5 Hann fór einnig út um hádegið og klukkan
þrjú, og sama sagan endurtók sig. 6 Klukkan
fimm síðdegis var hann aftur staddur í bænum
og sá þá enn nokkra sem höfðu ekkert fyrir
stafni. „Af hverju eruð þið iðjulausir?“spurði
hann. 7 „Við höfum ekki fengið neina vinnu,
“svöruðu þeir. „Farið þá og hjálpið hinum sem
eru að vinna á ökrum mínum, “sagði hann. 8

Um kvöldið bauð hann gjaldkera sínum að kalla
á mennina og greiða þeim launin og byrja á
þeim sem komu síðastir. 9 Þeir komu og fengu
full daglaun hver um sig. 10 Þegar hinir, sem
byrjað höfðu fyrr um daginn, komu að ná í
sín laun, bjuggust þeir við að fá miklu meira,
en þeir fengu sömu upphæð. 11 Þá mótmæltu
þeir og sögðu: „Þessir náungar unnu aðeins
eina klukkustund, en samt hefur þú greitt þeim
jafnmikið og okkur sem höfum stritað allan
daginn í þessum hita.“ 13 „Kæri vinur, ég hef
ekki beitt þig rangindum!“sagði maðurinn við
einn þeirra. „Þú samþykktir að vinna allan
daginn fyrir venjuleg daglaun, var ekki svo? 14
Taktu þetta og síðan máttu fara. Mig langar til
að borga þessum síðustu jafnmikið og þér. 15
Má ég ekki gefa peningana mína þeim sem ég
vil? Er það samningsbrot? Eða ertu öfundsjúkur
af því að ég er góðsamur?“ 16 Hinir fyrstu verða
oft síðastir og þeir síðustu fyrstir.“ 17 Á leiðinni
til Jerúsalem tók Jesús lærisveinana tólf afsíðis,
18 til þess að segja þeim hvað biði hans er hann
kæmi til borgarinnar. 19 „Ég verð svikinn í
hendur æðstu prestanna og leiðtoganna, og
þeir munu dæma mig til dauða. Síðan munu
þeir afhenda mig rómversku yfirvöldunum. Ég
verð hæddur og krossfestur, en á þriðja degi
mun ég rísa upp frá dauðum.“ 20 Móðir þeirra
Jakobs og Jóhannesar Sebedeussona kom þá
með þeim til Jesú, hneigði sig og bað hann
að gera sér greiða. 21 „Hvað vilt þú?“spurði
hann. Hún svaraði: „Viltu leyfa þessum sonum
mínum að sitja sínum hvorum megin við þig
þegar þú sest í hásæti þitt?“ 22 „Þú veist
ekki um hvað þú biður“svaraði Jesús, sneri sér
að Jakobi og Jóhannesi og spurði: „Getið þið
drukkið þann beiska bikar sem ég tæmi innan
skamms?“„Já, það getum við!“svöruðu þeir. 23
„Þið fáið sannarlega að drekka hann, “sagði
Jesús. „En það er ekki mitt að segja hverjir
eiga að sitja mér við hlið, það er föður míns að
ákveða.“ 24 Þegar hinir tíu heyrðu hvað Jakob
og Jóhannes höfðu beðið um, urðu þeir gramir.
25 Jesús kallaði þá til sín og sagði: „Konungar
þjóðanna eru harðstjórar og embættismenn
þeirra láta fólkið kenna á valdi sínu. 26 Þessu er
öfugt farið um ykkur. Sá ykkar sem vill verða
leiðtogi, verður að þjóna hinum, 27 og sá sem
vill verða fremstur, verður að þjóna eins og
þræll. 28 Verið eins og ég, Kristur, sem kom
ekki til að láta þjóna mér heldur til að þjóna
öðrum og gefa líf mitt til lausnar fyrir marga.“
29 Þegar Jesús og lærisveinarnir fóru frá Jeríkó
fylgdi þeim mikill mannfjöldi. 30 Við veginn út
úr bænum sátu tveir blindir menn. Þegar þeir
heyrðu að Jesú ætti leið þar um fóru þeir að
hrópa og kalla: „Herra, sonur Davíðs konungs,
hjálpaðu okkur!“ 31 Mannfjöldinn skipaði þeim
að þegja, en þá hrópuðu þeir enn hærra. 32 Jesús
nam staðar og kallaði til þeirra: „Hvað viljið þið
að ég geri fyrir ykkur?“„Herra, “hrópuðu þeir,
„gef okkur sjónina!“ 34 Jesús kenndi í brjósti
um þá og snerti augu þeirra. Við það fengu þeir
jafnskjótt sjónina og fylgdu honum.

21 Jesús og lærisveinar hans nálguðust nú
Jerúsalem. Þegar þeir áttu skammt ófarið
til þorpsins Betfage á Olíufjallinu, sendi hann
tvo þeirra þangað á undan sér. 2 „Þegar þið
komið inn í þorpið, munuð þið finna ösnu
bundna og fola hjá henni. Leysið þau og færið
mér. 3 Ef einhver spyr hvað þið séuð að gera,
skuluð þið svara: „Drottinn þarfnast þeirra, “og
þá mun spyrjandinn láta ykkur afskiptalausa.“
4 Með þessu rættist gamall spádómur sem
er svona: 5 „Segið Jerúsalem að konungur
hennar sé að koma, auðmjúkur og ríðandi á
ösnufola!“ 6 Lærisveinarnir tveir gerðu eins
og þeim var sagt 7 og komu með ösnuna og
folann til Jesú. Þeir lögðu síðan yfirhafnir sínar
á folann og Jesús settist á bak. 8 Þá breiddu
flestir viðstaddra yfirhafnir sínar á veginn en
aðrir skáru greinarnar af trjánum og dreifðu
þeim á veginn. 9 Allt fólkið gekk á undan og
hrópaði: „Guð blessi konunginn, son Davíðs!
Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins!
Drottinn, sendu honum hjálp þína frá himnum.“
10 Allt komst í uppnám í Jerúsalem við komu
Jesú og fólkið þar spurði: „Hver er þetta?“
11 Mannfjöldinn, sem fylgdi honum, svaraði
þá: „Þetta er Jesús, spámaðurinn frá Nasaret
í Galíleu.“ 12 Jesús gekk inn í musterið og
rak kaupmennina, sem þar voru, á dyr. Hratt
um stöllum dúfnasalanna og borðum þeirra
sem skiptu peningum. Hann sagði: 13 „Biblían
segir: „Musteri mitt á að vera bænastaður,
en þið hafið gert það að ræningjabæli!““ 14
Blindir menn og bæklaðir streymdu til hans og
hann læknaði þá í musterinu. 15 Þegar æðstu
prestarnir og leiðtogarnir sáu þessi dásamlegu
kraftaverk og heyrðu börnin hrópa í musterinu:
„Guð blessi son Davíðs!“urðu þeir gramir og

sögðu við hann: „Heyrirðu hvað börnin segja?“
16 „Já, “svaraði Jesús, „hafið þið aldrei lesið
þetta: „Jafnvel börnin munu lofa hann.““ 17
Síðan fór Jesús til Betaníu og gisti þar um
nóttina. 18 Á leiðinni til Jerúsalem, morguninn
eftir, fann hann til svengdar. 19 Þá tók hann
eftir fíkjutré, sem stóð rétt við veginn. Hann
gekk að trénu til að athuga hvort á því væru
nokkrar fíkjur, en svo var ekki, einungis lauf.
Þá sagði hann við tréð: „Upp frá þessu munt
þú aldrei bera ávöxt!“Rétt á eftir visnaði tréð.
(aiōn g165) 20 Lærisveinarnir urðu forviða og
spurðu: „Hvernig gat tréð visnað svona fljótt?“
21 „Sannleikurinn er sá, “svaraði Jesús, „að ef
þið trúið án þess að efast, þá getið þið gert
slíka hluti og jafnvel enn meiri. Þið gætuð til
dæmis sagt við þetta fjall: „Flyttu þig út í sjó,
“og það mundi hlýða. 22 Þið getið fengið allt,
já allt, sem þið biðjið um – ef þið trúið.“ 23
Þegar Jesús var kominn í musterið og farinn að
kenna, komu æðstu prestarnir og aðrir leiðtogar
þjóðarinnar. Þeir kröfðust þess að hann segði
þeim hver hefði gefið honum vald til að reka
kaupmennina út daginn áður. 24 „Það skal ég
segja ykkur, ef þið svarið einni spurningu fyrst,
“sagði Jesús. 25 „Sendi Guð Jóhannes skírara? Já,
eða nei!“Þeir báru saman ráð sín: „Ef við segjum
að Guð hafi sent hann, þá mun hann spyrja af
hverju við höfum þá ekki trúað honum. 26 En
ef við segjum að Guð hafi ekki sent hann, þá
mun fólkið ráðast á okkur, því að það telur að
Jóhannes hafi verið spámaður.“ 27 Að lokum
svöruðu þeir: „Við vitum það ekki.“„Þá svara
ég ekki heldur spurningu ykkar, “sagði Jesús.
28 „En hvað segið þið annars um þetta: Maður
nokkur átti tvo syni. Hann sagði við annan:
„Sonur minn, þú skalt vinna í víngarðinum í
dag.“ 29 „Æ, nei, ég nenni því ekki, “svaraði
hann, en seinna sá hann sig um hönd og
fór. 30 Faðirinn sagði síðan við þann yngri:
„Heyrðu, þú skalt fara í jarðræktina.“Sonurinn
svaraði: „Já, pabbi, sjálfsagt!“en fór ekki fet. 31
Hvor þessara tveggja hlýddi föður sínum?“„Sá
fyrri, auðvitað, “svöruðu þeir. Jesús skýrði
nú fyrir þeim merkingu sögunnar og sagði:
„Illmennum og vændiskonum verður leiðin
til himins greiðfærari en ykkur. 32 Jóhannes
skírari sagði ykkur að gjöra iðrun og snúa
ykkur til Guðs. Það vilduð þið ekki, en það
gerðu hins vegar svindlarar og skækjur. Og
þótt þið sæjuð það gerast, vilduð þið samt
ekki sjá ykkur um hönd og hlýða honum.
Þess vegna gátuð þið ekki trúað.“ 33 „Hlustið
á þessa sögu: Landeigandi nokkur plantaði
vínviði og gerði skjólgarð umhverfis hann. Því
næst reisti hann pall fyrir eftirlitsmanninn
og leigði síðan víngarðinn nokkrum bændum
með því skilyrði að þeir skiptu uppskerunni
með honum. Síðan fluttist hann úr landi. 34
Þegar uppskerutíminn kom sendi hann menn
sína til bændanna að sækja sinn hluta. 35 En
bændurnir gerðu aðsúg að þeim, börðu einn
til óbóta, drápu annan og grýttu þann þriðja.
36 Þá sendi hann aðra til þeirra, fleiri en þá
fyrri, en allt fór á sömu leið. 37 Að lokum sendi
víngarðseigandinn son sinn, því hann hugsaði:
„Þeir munu áreiðanlega bera virðingu fyrir
honum.“ 38 En þegar bændurnir sáu son hans
koma, sögðu þeir hver við annan: „Þarna kemur
erfinginn. Komið! Við skulum drepa hann og
þá eigum við víngarðinn!“ 39 Síðan drógu þeir
hann út úr víngarðinum og drápu hann. 40
Hvað haldið þið að landeigandinn muni gera
við bændurna þegar hann kemur til baka?“ 41
Leiðtogar Gyðinga svöruðu: „Svona illmenni
ætti að lífláta og leigja víngarðinn öðrum,
sem greiða leiguna skilvíslega.“ 42 Þá spurði
Jesús: „Hafið þið aldrei lesið þessi ritningarorð:
„Steinninn sem smiðirnir höfnuðu, var gerður
að hornsteini. Drottinn hefur unnið dásamleg
verk!“ 43 Það sem ég á við er þetta: Guðsríki
verður tekið frá ykkur og gefið öðrum, sem
afhenda Guði hans hlut í uppskerunni. 44
Þeir sem reka sig á þetta sannleiksbjarg munu
sundurmerjast, en þeir sem undir verða myljast
mélinu smærra.“ 45 Þegar æðstu prestarnir og
hinir leiðtogarnir skildu að Jesús átti við þá –
að þeir væru bændurnir í sögunni, 46 vildu þeir
handtaka hann. Þeir þorðu það þó ekki vegna
fólksins sem áleit að Jesús væri spámaður.

22 Jesús sagði fólkinu fleiri sögur til þess
að auka skilning þess á mætti og valdi
Guðs. Hér er ein þeirra: 2 „Guðsríki má líkja við
konung sem undirbjó brúðkaupsveislu sonar
síns. 3 Fjöldi gesta var boðinn, og þegar stundin
nálgaðist sendi hann þjóna sína til þess að
segja öllum að veislan væri að hefjast. En
fólkið vildi ekki koma! 4 Hann sendi því aðra
með þessi skilaboð: „Allt er tilbúið. Steikin
er í ofninum. Flýtið ykkur!“ 5 En þeir sem
boðnir voru hlógu aðeins og sneru sér að vinnu

sinni, eins og ekkert hefði í skorist. Einn að
búskapnum, annar að versluninni, 6 enn aðrir
börðu sendiboðana, svívirtu þá og drápu suma
þeirra. 7 Þá reiddist konungurinn heiftarlega
og sendi þangað herlið, drap morðingjana og
brenndi borg þeirra. 8 Síðan sagði hann við
þjóna sína: „Brúðkaupsveislan skal haldin, en
gestirnir, sem boðnir voru, eru ekki verðir þessa
heiðurs. 9 Farið nú út á göturnar og bjóðið þeim
sem þið sjáið að koma!“ 10 Þjónarnir fóru og
náðu í alla sem þeir gátu, bæði vonda og góða, og
veislusalurinn varð fullur af brúðkaupsgestum.
11 En þegar konungurinn kom inn til að heilsa
gestunum, tók hann eftir manni sem ekki
var í brúðkaupsklæðum (þeim sem gestunum
hafði verið séð fyrir). 12 „Heyrðu vinur, “sagði
konungurinn, „Hvernig stendur á því að þú ert
ekki í brúðkaupsklæðum?“Maðurinn svaraði
engu. 13 Þá sagði konungurinn við þjóna sína:
„Bindið hann á höndum og fótum og kastið
honum út í myrkrið – þar verður grátið og
kveinað.“ 14 Margir eru kallaðir en fáir útvaldir.“
15 Farísearnir sátu nú á fundi, til að ræða hvernig
þeir gætu flækt Jesú í orðum, svo hægt væri að
handtaka hann. 16 Niðurstaðan varð sú að þeir
ákváðu að senda lærisveina sína ásamt öðrum
úr hópi Heródesarsinna til þess að leggja fyrir
hann spurningar og segja: „Herra við vitum að
þú ert mjög heiðarlegur og segir sannleikann,
hvað sem öðrum finnst. 17 Segðu okkur nú,
er rétt af okkur að greiða skatt til rómverska
ríkisins, eða ekki?“ 18 En Jesús skildi bragðið
og kallaði: „Þið hræsnarar! Eruð þið að reyna
að leika á mig með lævísum spurningum? 19
Sýnið mér mynt.“Þá réttu þeir honum pening.
20 „Af hverjum er myndin á peningnum, “spurði
hann, „og hvaða nafn er undir myndinni?“ 21
„Keisarans, “svöruðu þeir. „Jæja, “sagði hann.
„Gjaldið þá keisaranum það sem keisarans er, og
Guði það sem Guðs er.“ 22 Þeir urðu orðlausir af
undrun við þetta svar og fóru burt. 23 Þennan
sama dag komu nokkrir saddúkear til hans, en
þeir héldu því fram að upprisa dauðra ætti sér
aldrei stað. Þeir spurðu: 24 „Herra, Móse segir
að deyi maður barnlaus, eigi bróðir hans að
kvænast ekkjunni og börn þeirra síðan að erfa
eignir hins látna. 25 Einu sinni voru sjö bræður.
Sá fyrsti kvæntist en dó án þess að eignast
börn. Konan giftist þá elsta bróðurnum, 26 en
sá bróðir dó einnig barnlaus, og þá giftist konan
þeim sem næstur var í röðinni. Svona gekk
þetta koll af kolli þangað til hún hafði verið gift
þeim öllum, og 27 að lokum dó hún einnig. 28
Nú spyrjum við: Kona hvers þeirra verður hún í
upprisunni, fyrst hún var gift þeim öllum?“ 29
Jesús svaraði: „Þið vaðið reyk, því þið þekkið
hvorki Biblíuna né kraft Guðs. 30 Í upprisunni
verður ekkert hjónaband, því þá verða allir eins
og englarnir á himnum. 31 En hafið þið ekki
lesið það sem Biblían segir um upprisu dauðra?
Skiljið þið ekki að Guð talar til ykkar þegar
hann segir: 32 „Ég er Guð Abrahams, Ísaks og
Jakobs.“Guð er ekki Guð hinna dauðu heldur
þeirra sem lifa.“ 33 Mannfjöldanum þótti mikið
til um svör Jesú 34 en farísearnir voru ekki á
sama máli. Þegar farísearnir fréttu að Jesús
hefði gert saddúkeana orðlausa fitjuðu þeir upp
á nýrri spurningu, og var lögfræðingur nokkur
fenginn til að bera hana fram. Spurningin var
þessi: 36 „Herra, hvert er mikilvægasta boðorðið
í lögum Móse?“Jesús svaraði: 37 „Elska skalt þú
Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu, allri sálu
þinni og öllum huga þínum. 38 Þetta er fyrsta
og jafnframt æðsta boðorðið. Það næstæðsta er
svipað, en það er þannig: „Elskaðu meðbróður
þinn eins og sjálfan þig.“ 40 Öll hin boðorðin
og fyrirmæli spámannanna – já, öll Biblían –
byggja á þessu tvöfalda boði. Ef þið hlýðið því,
þá hlýðið þið öllum hinum um leið.“ 41 En nú
spurði Jesús fariseana: 42 „Getið þið sagt mér
hvers son Kristur er?“„Sonur Davíðs, “svöruðu
þeir. 43 „Hvers vegna talar þá Davíð, knúinn af
heilögum anda, um hann sem Drottin?“spurði
Jesús. „Var það ekki Davíð sem sagði: 44 „Guð
sagði við minn Drottin: sittu mér til hægri
handar uns ég hef lagt óvini þína að fótum þér.“
45 Fyrst Davíð kallar hann „Drottin, “hvernig
getur hann þá verið sonur hans?“ 46 Þessu gátu
þeir ekki svarað og eftir það þorði enginn að
spyrja hann neins.

23 Jesús talaði til mannfjöldans og lærisveina
sinna og sagði: 2 „Halda mætti að þessir
leiðtogar og farísear væru sjálfir Móse, því þeir
eru alltaf að setja ný lög. 3 Þið skuluð gera það
sem þeir segja, en eftir verkum þeirra skuluð
þið ekki breyta, því að þeir fara sjálfir ekki
eftir því sem þeir kenna. 4 Þeir krefjast mikils
af öðrum, en lítils af sjálfum sér. 5 Þeir gera
allt til að sýnast. Þeir láta líta út sem þeir séu
heilagir með því að breikka minnisborðana
og lengja skúfana á skikkjum sínum. 6 Þeir

njóta þess að sitja við háborðið í veislum og
hafa mætur á stúkusætum samkomuhúsanna. 7
Þeim líkar vel að tekið sé eftir þeim á götum
og þeir vilja gjarnan láta kalla sig „rabbí“eða
„meistari“. 8 Látið engan kalla ykkur meistara,
því ykkar eini meistari er Guð og allir eruð þið
jafnir sem bræður. 9 Ávarpið heldur engan sem
föður á jörðu, því að þannig á aðeins að ávarpa
Guð á himnum. 10 Kallið ykkur ekki heldur
„leiðtoga“því ykkar eini leiðtogi er Kristur.
11 Sá ykkar sem er fremstur, á að vera þjónn
ykkar. Sá sem er mestur, þjóni hinum! 12 Sá
sem upphefur sjálfan sig, mun niðurlægjast,
en þeir sem auðmýkja sig hljóta heiður. 13 Þið
farísear og trúarleiðtogar, vei ykkur, því þið
eruð hræsnarar! Þið útilokið menn frá því að
komast inn í himnaríki og sjálfir munuð þið
ekki komast þangað. Þið biðjið langar bænir á
almannafæri til að auglýsa guðrækni ykkar, en
svo flæmið þið ekkjur út af heimilum sínum
Hræsnarar! 15 Já, vei ykkur, þið hræsnarar!
Þið farið langar leiðir til þess að vinna einn
trúskipting, og gerið hann síðan að miklu verra
helvítisbarni en þið eruð sjálfir. (Geenna g1067)
16 Þið eruð blindir leiðsögumenn. Vei ykkur!
Þið segið að það sé markleysa að sverja við
musterið, en sá sem sverji við eigur musterisins
sé skuldbundinn. 17 Blindu heimskingjar! Hvort
er meira, gullið eða musterið sem helgar gullið?
18 Einnig segið þið að rjúfa megi eið sem svarinn
sé við altarið en ekki þann sem svarinn sé við
gjöfina á altarinu. 19 Þið eruð blindir! Hvort er
meira, gjöfin á altarinu eða altarið sjálft, sem
helgar gjöfina? 20 Þegar þú sverð við altarið,
þá sverðu við það sjálft og allt sem á því er.
21 Þegar þú sverð við musterið, þá sverðu við
það og við Guð sem þar býr. 22 Þegar þú sverð
við himininn, sverðu við hásæti Guðs og við
Guð sjálfan. 23 Farísear og aðrir leiðtogar, vei
ykkur, því að þið eruð hræsnarar! Þið gætið
þess að gjalda tíund, en skeytið ekkert um það
sem meira er um vert, réttvísi, miskunnsemi
og trúmennsku. Haldið áfram að gefa tíund, en
látið hitt ekki ógjört sem mikilvægara er. 24
Blindu leiðsögumenn! Þið tínið flugurnar úr
matnum, en gleypið svo úlfaldann með húð og
hári. 25 Vei ykkur, farísear og trúarleiðtogar
– hræsnarar! Þið nostrið við að fægja bollann
og diskinn að utan, en gleymið að hann er
mengaður kúgun og ágirnd að innan. 26 Þú
blindi farísei! Hreinsaðu fyrst bollann og diskinn
að innan svo að hann verði allur hreinn. 27
Vei ykkur, fræðimenn og farísear. Þið líkist
kölkuðu grafhýsi, sem er fagurt að utan – en að
innan fullt af ódaun, rotnun og dauðra manna
beinum. 28 Þið reynið að sýnast heilagir menn í
annarra augum, en hjörtu ykkar eru menguð af
hræsni og lögbrotum. 29 Vei ykkur, farísear og
fræðimenn – hræsnarar! Þið reisið minnismerki
um spámennina sem forfeður ykkar drápu,
skreytið grafir guðrækinna manna, sem þeir
einnig líflétu, og segið: „Aldrei hefðum við
framið slíkt ódæði sem forfeður okkar.“ 31 Með
þessum orðum lýsið þið yfir að þið séuð synir
vondra manna, 32 síðan fetið þið í fótspor þeirra
og fullkomnið illverk þeirra. 33 Eiturnöðrur
og höggormssynir! Hvernig fáið þið umflúið
dóm helvítis? (Geenna g1067) 34 Ég sendi til ykkar
spámenn og kennimenn. Suma þeirra munið
þið krossfesta, en berja aðra í samkomuhúsum
ykkar og ofsækja þá í borg eftir borg. 35 Þannig
berið þið ábyrgð á lífláti allra guðrækinna
manna, allt frá Abel hinum réttláta til Sakaría
Barakíasonar, sem þið drápuð milli altarisins
og musterisins. 36 Dómurinn fyrir glæpaverkin
mun koma yfir þessa kynslóð.“ 37 „Jerúsalem,
Jerúsalem, þú borg sem líflætur spámennina
og grýtir þá sem sendir eru til þín. Oft hef ég
viljað safna börnum þínum saman eins og hæna
safnar ungum sínum undir vængi sína – en þið
hafið ekki viljað það, 38 Hús þín munu verða
skilin eftir í eyði. 39 Og þetta skaltu vita: Þú
munt ekki sjá mig aftur fyrr en þú ert reiðubúin
að taka á móti þeim, sem Guð sendir til þín.“

24 Þegar Jesús gekk út úr helgidóminum
langaði lærisveinana að fá hann með sér í
skoðunarferð um musterissvæðið. 2 En hann
sagði við þá: „Þessar byggingar verða allar
lagðar í rúst svo að ekki mun standa steinn yfir
steini!“ 3 Stuttu seinna þegar Jesús sat í hlíð
Olíufjallsins gengu lærisveinarnir til hans og
spurðu hann um þetta: „Hvenær verður það og
hvaða atburðir verða á undan endurkomu þinni
og endi veraldar?“ (aiōn g165) 4 „Látið engan
blekkja ykkur, “svaraði Jesús, 5 „því margir
munu koma og segjast vera Kristur og leiða
marga í villu. 6 Þið munuð heyra stríðsfréttir,
en þær eru ekki tákn um endurkomu mína. Því
að styrjaldir halda áfram eins og verið hefur,
en endirinn er ekki þar með kominn. 7 Þjóðir
og ríki jarðarinnar munu heyja styrjaldir sín

á milli og hungursneyð og jarðskjálftar geisa
víða. 8 Þetta er aðeins byrjun hörmunganna
sem koma. 9 Þið verðið pyntaðir og líflátnir,
og allir munu hata ykkur vegna þess að þið
tilheyrið mér. 10 Þá munu margir falla frá
trúnni, og hata og svíkja hverjir aðra. 11 Margir
falsspámenn munu koma og leiða marga í
villu. 12 Afbrot aukast er kærleikur flestra
kólnar, 13 en sá sem stöðugur stendur allt til
enda mun frelsast. 14 Gleðiboðskapurinn um
guðsríki verður fluttur öllum þjóðum heimsins,
og þá loks mun endirinn koma.“ 15 „Þegar þið
sjáið viðurstyggð eyðingarinnar, sem Daníel
spámaður talaði um, standandi á helgum stað
– lesandinn athugi það! 16 Þá verða þeir sem
eru í Júdeu að flýja til fjalla, 17 þeir sem staddir
eru á svölunum heima hjá sér, fari þá ekki inn
til að taka saman föggur sínar áður en þeir
flýja. 18 Þeir sem þá verða á ökrum fari ekki
heim eftir nauðsynjum. 19 Neyð þeirra sem þá
verða barnshafandi eða hafa fyrir ungbörnum
að sjá, mun verða mikil. 20 Biðjið að flótti ykkar
verði ekki um vetur eða á helgidegi, 21 því
þá verða meiri ofsóknir en nokkru sinni fyrr.
22 Sannleikurinn er sá að yrði þessi tími ekki
styttur, myndi allt mannkynið farast, en vegna
hinna útvöldu mun tíminn verða styttur. 23 Ef
einhver segir þá við þig: „Kristur er kominn á
þennan eða hinn staðinn, “eða „hann hefur birst
hér eða þar, “þá trúið því ekki. 24 Falskristar
munu koma fram og einnig falsspámenn, sem
gera munu mikil kraftaverk til að blekkja fólk,
jafnvel þá sem Guð hefur kallað. 25 Munið að ég
hef varað ykkur við. 26 Ef einhver kemur og
segir ykkur að Kristur sé kominn aftur og sé
úti í eyðimörkinni, þá sinnið því ekki og farið
ekki þangað. Ef sagt er að hann sé í felum á
tilteknum stað, þá trúið því ekki! 27 Ég, Kristur,
mun koma jafn óvænt og eldingin sem leiftrar
frá austri til vesturs! 28 Reynið að skilja tákn
tímanna á sama hátt og þið skiljið að þar muni
hræið vera sem gammarnir safnast.“ 29 „Eftir
þessar ofsóknir mun sólin myrkvast og tunglið
hætta að lýsa. Stjörnurnar munu hrapa af himni
og kraftar alheimsins ganga úr skorðum! 30
Þá mun tákn komu minnar sjást á himninum
og allir jarðarbúar skelfast. Þeir munu sjá mig
koma í skýjum himinsins með mætti og mikilli
dýrð. 31 Þegar lúðurinn hljómar, munu englar
mínir safna saman þeim sem ég hef valið, úr
öllum áttum, heimshorna á milli.“ 32 „Lærið
af fíkjutrénu: Þegar greinar þess eru orðnar
mjúkar og laufið fer að springa út, þá vitið þið
að sumarið er í nánd. 33 Eins skuluð þið vita
að þegar þið sjáið allt þetta, þá er endurkoma
mín í nánd, 34 og þá fyrst mun þessi kynslóð
líða undir lok.“ 35 „Himinn og jörð munu
hverfa, en mín orð standa að eilífu. 36 Enginn
veit þann dag eða stund er endirinn verður,
hvorki englarnir né sonur Guðs, aðeins faðirinn
einn. 37 Fólk mun almennt taka öllu með ró
eins og allt sé í lagi – það verða veisluhöld,
mannfagnaðir og brúðkaup – rétt eins og var
á dögum Nóa áður en flóðið kom. 39 Menn
trúðu ekki orðum Nóa fyrr en flóðið skall á og
hreif þá alla burt. Þannig fer einnig við komu
mína. 40 Tveir munu vinna á akri, annar verður
tekinn en hinn skilinn eftir. 41 Tvær verða við
heimilisstörf, önnur verður tekin en hin skilin
eftir. 42 Verið viðbúnir! Þið vitið ekki hvaða dag
Drottinn kemur. 43 Innbrotsþjófur gerir ekki
boð á undan sér, þess vegna verða menn að
vera á verði. 44 Þess vegna verðið þið að vera
stöðugt viðbúnir endurkomu minni.“ 45 „Hver
er trúr og hygginn þjónn, sem húsbóndinn
hefur falið umsjónarstarfið svo að allir fái fæðu
sína á réttum tíma? 46 Sæll er sá þjónn sem
húsbóndinn finnur að breytir þannig þegar
hann kemur. Víst er að hann mun fela honum
umsjón með öllu sem hann á. 48 En segi svikull
þjónn við sjálfan sig: „Húsbóndinn kemur ekki
strax, “ 49 og tekur að berja samstarfsmenn
sína og stunda veislur og drykkjuskap 50 þá
kemur húsbóndi hans honum að óvörum 51 og
refsar honum sviksemina.“

25 „Himnaríki má líkja við tíu brúðarmeyjar,
sem tóku lampa sína og lögðu af stað til
móts við brúðgumann. 2 Aðeins fimm þeirra
gættu þess að fylla lampa sína af olíu, en hinar
fimm gleymdu því og fóru með tóma lampa. 5
Þegar brúðgumanum seinkaði, syfjaði þær og
sofnuðu. En á miðnætti voru þær vaktar með
háu hrópi: „Brúðguminn er að koma! Gangið út
og takið á móti honum!“ 7 Stúlkurnar spruttu á
fætur og fóru að sýsla við lampana. Þær fimm
sem vantaði olíu, sárbáðu hinar að gefa sér
lítið eitt, því það lifði ekki á lömpum þeirra.
9 En hinar svöruðu „Nei, það getum við ekki,
því það verður ekki nóg handa okkur öllum.
Farið og kaupið olíu handa ykkur.“ 10 En á
meðan þær voru fjarverandi kom brúðguminn.

Þær sem viðbúnar voru fóru með honum til
brúðkaupsins og dyrunum var læst. 11 Seinna
komu hinar til baka og stóðu fyrir utan og
kölluðu: „Herra, opnaðu fyrir okkur!“ 12 En
hann kallaði á móti: „Farið! Þið komið of seint!“
13 Vakið því og verið viðbúnir, því þið vitið
hvorki daginn né stundina er ég kem aftur.“
14 „Himnaríki er einnig líkt manni sem fór til
útlanda. Hann kallaði saman starfsmenn sína og
afhenti þeim fé, sem þeir áttu að ávaxta meðan
hann væri í burtu. 15 Einum fékk hann tvær
milljónir króna, öðrum eina milljón og hinum
þriðja hálfa milljón. Þeir fengu misjafnlega
mikið eftir hæfileikum sínum og dugnaði. Síðan
fór hann úr landi. 16 Maðurinn, sem fékk tvær
milljónir, fór þegar að versla með peningana og
græddi fljótt aðrar tvær milljónir. 17 Sá sem
fékk eina milljón, hófst handa eins og hinn og
hagnaðist um aðra milljón. 18 En maðurinn,
sem fékk hálfa milljón, gróf peningana í jörðu
svo að hann tapaði þeim ekki. 19 Eftir langan
tíma kom húsbóndinn aftur úr ferðalaginu.
Hann kallaði starfsmennina til sín svo að hann
gæti gert upp við þá. 20 Sá sem fengið hafði
tvær milljónir kom og afhenti húsbónda sínum
fjórar milljónir. 21 Húsbóndinn hrósaði honum
og sagði: „Þetta var vel af sér vikið. Þú varst
trúr yfir litlu, nú mun ég setja þig yfir mikið.
Komdu og við skulum gera okkur dagamun.“
22 Næst kom sá sem fengið hafði eina milljón.
Hann sagði: „Herra þú lést mig fá eina milljón
og nú hef ég tvöfaldað þá upphæð.“ 23 „Gott
hjá þér!“sagði húsbóndinn. „Þú ert góður og
dyggur þjónn. Þú varst trúr yfir þessu lítilræði,
en nú mun ég láta þig fá miklu meira. Komdu,
við skulum gleðjast saman!“ 24 Síðast kom sá
þriðji með sína hálfu milljón og sagði: „Herra,
ég vissi að þú ert harður húsbóndi og þar sem
ég bjóst við að þú rændir mig hagnaðinum,
faldi ég peningana í jörðu og hér hefur þú þá!“
26 „Letingi!“svaraði húsbóndinn. „Þú vissir að
ég krefði þig um hagnaðinn, 27 svo þú hefðir að
minnsta kosti átt að setja peningana í banka
til að ég fengi þó vexti. 28 Takið peningana af
þessum manni og látið þann, sem hefur fjórar
milljónirnar, fá þá. 29 Sá sem notar vel það sem
honum er gefið, mun fá enn meira, og hafa
allsnægtir, en sá sem er ótrúr, tapar því litla sem
hann hefur. 30 Kastið nú þessum duglausa þjóni
út í myrkrið. Þar verður grátið og kveinað.““ 31
„Þegar ég, Kristur, kem aftur í dýrð minni og
allir englarnir með mér, mun ég setjast í hástól
dýrðarinnar. 32 Þá verður öllum þjóðunum
safnað saman frammi fyrir mér og ég mun skilja
fólkið að, eins og fjárhirðir aðskilur sauðfé og
geitur. 33 Kindunum mun ég skipa mér til hægri
handar og geitunum til vinstri handar. 34 Þá
mun ég, konungurinn, segja við þá til hægri
handar: „Komið, þið hinir blessuðu föður míns,
inn í ríkið sem ykkur hefur verið ætlað frá því
heimurinn varð til. 35 Ég var hungraður og þið
gáfuð mér að borða, þyrstur og þið gáfuð mér
að drekka. Ég var ókunnugur og þið buðuð mér
inn á heimili ykkar. 36 Ég var fatalaus og þið
klædduð mig. Ég var sjúkur, og í fangelsi og þið
heimsóttuð mig.“ 37 Þá svara hinir réttlátu og
segja: „Herra, hvenær sáum við þig hungraðan
og gáfum þér að borða, þyrstan og gáfum þér
að drekka, 38 eða ókunnugan og hjálpuðum þér.
Hvenær sáum við þig klæðalausan og klæddum
þig, 39 og hvenær veikan eða í fangelsi og litum
til þín?“ 40 Þá mun ég, konungurinn, svara
þeim og segja: „Þetta sem þið gerðuð bræðrum
mínum, gerðuð þið mér.“ 41 Síðan mun ég snúa
mér að þeim sem eru til vinstri og segja: „Burt
með ykkur, bölvaðir, í eilífa eldinn sem ætlaður
er djöflinum og þjónum hans. (aiōnios g166) 42 Ég
var hungraður, en þið gáfuð mér ekki að borða,
þyrstur og þið færðuð mér ekkert að drekka.
43 Ég var ókunnugur og þið sýnduð mér ekki
gestrisni, klæðlaus og þið gáfuð mér enga flík.
Ég var veikur og í fangelsi og þið heimsóttuð
mig ekki.“ 44 Þá munu þeir svara: „Drottinn,
hvenær var það sem við sáum þig hungraðan
eða þyrstan, ókunnugan, nakinn, sjúkan eða í
fangelsi og hjálpuðum þér ekki?“ 45 Þá mun
ég svara: „Þegar þið neituðuð mínum minnsta
bróður um hjálp, þá neituðuð þið mér.“ 46 Og
þeir munu fara burt til eilífrar refsingar, en
hinir réttlátu til eilífs lífs.“ (aiōnios g166)

26 Þegar Jesús hafði lokið ræðu sinni, sagði
hann við lærisveinana: 2 „Þið vitið að eftir
tvo daga koma páskarnir og þá verð ég svikinn og
krossfestur.“ 3 Um svipað leyti héldu prestarnir
fund, ásamt öðrum embættismönnum Gyðinga,
í höll Kaífasar æðsta prests. 4 Þeir voru að
bollaleggja hvernig þeir gætu handtekið Jesú
svo lítið bæri á og líflátið hann. 5 „En ekki
á sjálfum páskunum, því þá er svo margt
aðkomufólk í borginni og hætt við óeirðum,
“samþykktu þeir. 6 Jesús fór til Betaníu, heim

til Símonar holdsveika. 7 Meðan hann mataðist,
kom þangað inn kona sem hélt á flösku með
mjög dýrri ilmolíu, og hellti henni yfir höfuð
hans. 8 Lærisveinarnir urðu gramir og sögðu sín
á milli: „Til hvers er þessi sóun? Þetta hefði mátt
selja fyrir stórfé og gefa peningana fátækum.“
10 Jesús las hugsanir þeirra og sagði: „Hví eruð
þið að hryggja konuna? Hún gerði góðverk á
mér. 11 Þið hafið ávallt fátæka hjá ykkur, en
ekki mig. 12 Hún hellti ilmvatni þessu yfir mig
til þess að búa líkama minn til greftrunar. 13
Hennar mun verða minnst og þess getið sem
hún gerði, hvar sem fagnaðarboðskapurinn
verður fluttur.“ 14 Þá fór einn postulanna
tólf, Júdas Ískaríot, til æðstu prestanna 15
og spurði: „Hve mikið viljið þið borga mér
fyrir að koma Jesú í hendur ykkar?“Þeir
greiddu honum þrjátíu silfurpeninga. 16 Upp
frá því beið Júdas eftir hentugu tækifæri til að
svíkja Jesú í hendur þeirra. 17 Á fyrsta degi
páskahátíðarinnar (Gyðingar fjarlægðu þegar
allt súrdeig – gerbrauð – af heimilum sínum)
komu lærisveinarnir til Jesú og spurðu hann:
„Hvar eigum við að undirbúa páskamáltíðina?“
18 „Farið inn í borgina, “svaraði Jesús, „finnið
mann nokkurn og segið við hann: „Meistari
okkar segir: Minn tími er kominn. Hjá þér vil
ég halda páska með lærisveinum mínum.““
19 Lærisveinarnir gerðu eins og Jesús sagði
og undirbjuggu páskamáltíðina. 20 Þetta
kvöld, þegar hann var sestur til borðs ásamt
lærisveinunum tólf, sagði hann: „Ég veit að
einn ykkar mun svíkja mig.“ 22 Hryggð og ótti
greip lærisveinana og þeir spurðu hver um
sig: „Ekki þó ég?“Jesús svaraði: 23 „Það er sá
sem ég þjónaði fyrst í kvöld.“ 24 „Ég verð að
deyja eins og spáð var, en vei þeim manni sem
því veldur. Betra væri honum að hann hefði
aldrei fæðst.“ 25 Júdas sem varð til þess að
svíkja hann, spurði líka: „Er það ég?“Og Jesús
svaraði: „Já.“ 26 Meðan á máltíðinni stóð tók
Jesús brauð, blessaði það og braut í sundur,
rétti lærisveinunum og sagði: „Takið þetta og
neytið, það er líkami minn.“ 27 Og hann tók
bikar með víni, gjörði þakkir, rétti þeim og
sagði: „Drekkið allir hér af, 28 því þetta er blóð
mitt, innsigli nýja sáttmálans. Því er úthellt til
syndafyrirgefningar fyrir marga. 29 Takið eftir
þessum orðum mínum: Ég mun ekki drekka vín
á ný fyrr en ég drekk það nýtt með ykkur í
ríki föður míns.“ 30 Þegar þeir höfðu sungið
lofsöng fóru þeir út til Olíufjallsins. 31 Jesús
sagði við þá: „Í nótt munuð þið allir yfirgefa
mig. Í Ritningunni stendur að Guð muni slá
hirðinn og hjörðin tvístrast. 32 En eftir að ég er
risinn upp frá dauðum fer ég til Galíleu og hitti
ykkur þar.“ 33 „Þótt allir aðrir yfirgefi þig, mun
ég ekki gera það, “sagði Pétur. 34 Jesús svaraði:
„Sannleikurinn er þó sá, að einmitt í nótt, áður
en hani galar við sólarupprás, munt þú afneita
mér þrisvar.“ 35 „Fyrr mun ég deyja!“svaraði
Pétur og allir hinir tóku í sama streng. 36 Jesús
fór síðan með lærisveinana inn í garð sem heitir
Getsemane, og bað þá að setjast niður meðan
hann færi spölkorn lengra til að biðjast fyrir.
37 Hann fékk með sér þá Pétur og bræðurna
Jakob og Jóhannes Sebedeussyni. Mikill ótti og
örvænting kom yfir Jesú og hann sagði: 38 „Sál
mín er buguð af ótta og angist allt til dauða.
Bíðið hér og vakið með mér.“ 39 Hann gekk lítið
eitt lengra, hneig til jarðar og bað: „Faðir minn!
Taktu þennan bikar frá mér ef mögulegt er, en
verði þó þinn vilji en ekki minn.“ 40 Síðan kom
hann aftur til lærisveinanna þriggja og fann
þá sofandi. „Pétur!“kallaði hann, „gastu ekki
einu sinni vakað með mér eina stund? 41 Vakið
og biðjið, til þess að þið fallið ekki í freistni.
Andinn er fús, en holdið er veikt!“ 42 Hann fór
frá þeim aftur og bað: „Faðir! Ef ekki er unnt
að taka þennan bikar frá mér án þess að ég
tæmi hann, þá verði þinn vilji.“ 43 Síðan sneri
hann aftur til þeirra og fann þá enn sofandi,
því þeir gátu ekki haldið augunum opnum. 44
Hann yfirgaf þá enn og baðst fyrir í þriðja sinn
með sömu orðum. 45 Eftir það fór hann aftur
til lærisveinanna og sagði: „Sofið þið enn og
hvílist? Stundin er komin! Ég hef verið svikinn
í hendur vondra manna. 46 Standið upp, förum!
Sjáið! Þarna kemur sá sem svíkur mig.“ 47
Meðan hann var enn að tala kom Júdas, einn
postulana tólf, og með honum fjöldi manna,
sem vopnaðir voru sverðum og bareflum. Þessa
menn höfðu leiðtogar Gyðinga sent. 48 Júdas
hafði sagt þeim að handtaka þann sem hann
heilsaði með kossi, því að hann væri maðurinn
sem þeir vildu ná. 49 Júdas gekk því beint til
Jesú og sagði: „Sæll, meistari!“ 50 „Vinur minn,
“sagði Jesús, „hvers vegna komstu hingað?“Þá
gripu sendimennirnir Jesú. 51 Einn lærisveina
Jesú dró þá sverð úr slíðrum og hjó annað
eyrað af þjóni æðsta prestsins. 52 „Slíðraðu
sverðið!“sagði Jesús. „Þeir sem beita sverði

munu falla fyrir sverði. 53 Veistu ekki að ég gæti
beðið föður minn um þúsundir engla okkur
til varnar og hann mundi þegar í stað senda
þá? 54 En hvernig ættu orð Biblíunnar þá að
rætast?“ 55 Síðan ávarpaði Jesús mennina og
sagði: „Er ég hættulegur afbrotamaður, fyrst þið
þurftuð að koma vopnaðir sverðum og bareflum
til að handtaka mig? Ég hef gengið um á meðal
ykkar og kennt daglega í musterinu en þið
handtókuð mig ekki. 56 En þetta, sem nú er að
gerast er uppfylling spádóma Biblíunnar.“Þá
yfirgáfu allir lærisveinarnir hann og flúðu. 57
Þeir sem handtóku Jesú fóru nú með hann
til bústaðar Kaífasar, æðsta prestsins, því þar
voru allir leiðtogar Gyðinga saman komnir.
58 Pétur læddist í humátt á eftir og smeygði
sér inn í hallargarð æðsta prestsins og settist
niður hjá þjónunum. Þar beið hann þess að
sjá hvað yrði um Jesú. 59 Æðstu prestarnir –
og reyndar allur hæstiréttur Gyðinga – leituðu
nú manna er borið gætu lognar sakir á Jesú.
Ætlun þeirra var að höfða mál gegn honum
og fá hann dæmdan til dauða. 60 En þótt
þeir fyndu marga sem vildu bera falsvitni, þá
bar vitnisburði þeirra ekki saman. Að lokum
fundust þó tveir sem sögðu: „Þessi maður sagði:
„Ég er fær um að brjóta niður musteri Guðs
og reisa það aftur á þrem dögum.““ 62 Þá stóð
æðsti presturinn upp og sagði við Jesú: „Sagðir
þú þetta? Svaraðu! Já, eða nei!“ 63 Jesús þagði.
Þá hélt æðsti presturinn áfram og sagði: „Ég
krefst þess í nafni hins lifandi Guðs, að þú svarir
eftirfarandi spurningu: Heldur þú því fram að
þú sért Kristur, Guðssonurinn?“ 64 „Já, ég er
hann og þú munt síðar sjá mig, Krist, sitja við
hægri hönd Guðs og koma á skýjum himinsins,
“svaraði Jesús. 65 Þá reif æðsti presturinn klæði
sín og hrópaði: „Guðlast! Nú þurfum við ekki
frekar vitnanna við. Þið heyrðuð hann allir segja
það! Hver er nú dómur ykkar?“Þeir hrópuðu:
„Hann skal deyja!“ 67 Síðan hræktu þeir í andlit
hans og slógu með prikum og sögðu: 68 „Kristur!
Gettu hver sló þig núna?“ 69 Á meðan þetta fór
fram sat Pétur úti í hallargarðinum. Þá kom til
hans stúlka og sagði: „Þú varst líka með Jesú
og þið eruð báðir frá Galíleu.“ 70 Þessu neitaði
Pétur svo allir heyrðu og hrópaði reiðilega: „Ég
veit ekki um hvað þú ert að tala!“ 71 Seinna
tók önnur stúlka eftir honum úti við hliðið og
sagði við nærstadda: „Þessi maður var með Jesú
frá Nasaret.“ 72 Pétur sór og sárt við lagði:
„Ég þekki alls ekki manninn.“ 73 Stuttu seinna
komu þeir, sem þarna stóðu, til Péturs og sögðu:
„Við vitum vel að þú ert einn af lærisveinum
hans, því við heyrum á málfari þínu að þú ert
frá Galíleu.“ 74 Þá tók Pétur að blóta og sverja
og sagði: „Ég þekki alls ekki þennan mann!“Og
um leið og hann sleppti orðinu gól hani. Þá
minntist Pétur orða Jesú: 75 „Áður en hani
galar, muntu þrisvar afneita mér.“Og hann gekk
út fyrir og grét sárt.

27 Við dagrenningu hittust æðstu prestarnir
og leiðtogarnir á ný til að ræða hvernig
þeir ættu að fá Jesú dæmdan til dauða. 2 Eftir
það bundu þeir hann og sendu til Pílatusar,
rómverska landstjórans. 3 Þegar Júdasi, þeim
er sveik hann, varð ljóst að Jesús hafði verið
dæmdur til dauða, iðraðist hann gjörða sinna.
Hann fór aftur með peningana til æðstu
prestanna og hinna leiðtoganna og sagði: 4
„Ég hef syndgað með því að svíkja saklausan
mann.“„Það er þitt mál og þú um það!“svöruðu
þeir hranalega. 5 Þá hljóp hann inn í musterið,
fleygði peningunum á gólfið, fór síðan burt og
hengdi sig. 6 Æðstu prestarnir tíndu peningana
upp og sögðu: „Okkur er óheimilt að setja
þá í samskotabaukinn, því það er ólöglegt að
leggja í hann peninga sem greiddir eru fyrir
morð.“ 7 Síðan ræddu þeir málið og ákváðu
loks að kaupa akur nokkurn fyrir peningana,
en þar fannst leir sem leirkerasmiðir notuðu
við iðn sína. Þetta svæði gerðu þeir síðan að
grafreit fyrir útlendinga sem létust í Jerúsalem,
8 og það er ástæða þess að grafreiturinn er
enn kallaður „Blóðakur“. 9 Þar með rættist
spádómur Jeremía: „Og ég tók þessa þrjátíu
silfurpeninga – en á það mátu Ísraelsmenn
hann – 10 og keypti akur leirkerasmiðsins, eins
og Drottinn hafði sagt mér að gera.“ 11 Nú
stóð Jesús frammi fyrir Pílatusi, rómverska
landsstjóranum. „Ert þú Kristur, konungur
Gyðinga, “spurði landstjórinn. „Já, “svaraði
Jesús. 12 Þá tóku æðstu prestarnir og leiðtogar
þjóðarinnar að bera fram ákærur, en hann
svaraði engu. 13 „Heyrirðu ekki hvað þeir
segja?“spurði Pílatus, 14 og honum til mikillar
furðu svaraði Jesús engu orði. 15 Landstjórinn
var vanur að náða einn fanga ár hvert, á
páskahátíðinni, einhvern þann sem fólkið kysi.
16 Þetta árið var alræmdur glæpamaður að nafni
Barrabas í fangelsi. 17 Pílatus spurði fólkið

sem hafði safnast saman framan við höllina:
„Hvorn viljið þið að ég náði, Barrabas eða Jesú,
sem kallast Kristur?“ 18 Pílatusi var fullljóst að
ástæðan fyrir því að leiðtogar Gyðinga höfðu
handtekið Jesú var öfund vegna vinsælda hans
meðal fólksins. 19 En rétt í þessu, meðan Pílatus
var að stjórna málaferlunum, var komið með
eftirfarandi skilaboð frá konu hans: „Láttu
þennan góða mann í friði, því í nótt fékk ég
hræðilega martröð hans vegna.“ 20 Meðan
Pílatus var að íhuga skilaboðin frá konu sinni,
kepptust æðstu prestarnir og leiðtogar fólksins
við að telja mannfjöldanum trú um að best
væri að fá Barrabas lausan, en Jesú tekinn
af lífi. 21 Þegar Pílatus spurði aftur: „Hvorn
þeirra viljið þið fá lausan?“hrópaði múgurinn
hátt: „Barrabas!“ 22 „Hvað á ég þá að gera
við Jesú, sem kallast Kristur?“spurði Pílatus.
„Krossfestu hann!“hrópaði mannfjöldinn. 23
„Hvers vegna?“spurði Pílatus ákveðinn. „Hvað
illt hefur hann gert?“Þá hrópaði fólkið enn
hærra: „Krossfestu hann! Krossfestu hann!“ 24
Þegar Pílatus sá að hann kom engu til leiðar, og
allt var að fara í upplausn, bað hann um skál með
vatni, þvoði hendur sínar í augsýn mannfjöldans
og sagði: „Ég er saklaus af blóði þessa góða
manns. Þið berið ábyrgðina!“ 25 Og múgurinn
kallaði á móti: „Blóð hans komi yfir okkur
og börnin okkar!“ 26 Þá lét Pílatus Barrabas
lausan, en lét húðstrýkja Jesú og afhenti hann
rómversku hermönnunum til krossfestingar.
27 Fyrst fóru þeir með hann í vopnabúrið og
kölluðu saman alla herdeildina. 28 Þeir afklæddu
hann og færðu í skarlatsrauða skikkju. 29 Síðan
fléttuðu þeir kórónu úr hvössum þyrnum og
settu hana á höfuð hans. Að því búnu létu
þeir prik í hægri hönd hans – það átti að
vera veldissproti – og krupu síðan frammi
fyrir honum, hæddu hann og æptu: „Lengi
lifi konungur Gyðinga!“ 30 Og þeir hræktu á
hann, rifu af honum prikið og börðu hann
með því í höfuðið. 31 Eftir þessa niðurlægingu
færðu hermennirnir hann úr skikkjunni klæddu
hann í hans eigin föt og fóru með hann til
krossfestingar. 32 Á leiðinni til aftökustaðarins
mættu þeir manni frá Kýrene í Afríku, Símoni
að nafni, og neyddu hann til að bera kross Jesú.
33 Þeir komu nú á stað sem kallast Golgata,
en það þýðir „hauskúpuhæð“. 34 Þar gáfu
hermennirnir Jesú beiskt vín til deyfingar, en
þegar hann hafði bragðað það, vildi hann það
ekki. 35 Eftir að hermennirnir höfðu krossfest
Jesú vörpuðu þeir hlutkesti um föt hans, 36 en
síðan settust þeir niður til að halda vörð um
hann. 37 Þeir settu skilti á krossinn og þar stóð:
Jesús, konungur Gyðinga. 38 Tveir ræningjar
voru einnig krossfestir þennan sama morgun.
39 Fólk, sem leið átti hjá, hreytti ónotum í Jesú,
hristi höfuðið og sagði: 40 „Þú ert maðurinn
sem getur brotið niður musterið og reist það
aftur á þremur dögum. Komdu nú niður af
krossinum, ef þú ert sonur Guðs!“ 41 Og æðstu
prestarnir og leiðtogarnir hæddu hann einnig
og sögðu með fyrirlitningu: „Hann bjargaði
öðrum, en sjálfum sér getur hann ekki bjargað.
Þú þykist vera konungur Ísraels. Komdu nú
niður af krossinum og þá skulum við trúa á
þig! Hann sagðist treysta Guði. Hvers vegna
bjargar Guð honum þá ekki, ef hann hefur
mætur á honum? Hann sagðist vera sonur
Guðs, var það ekki?“ 44 Á sama hátt smánuðu
ræningjarnir hann. 45 Um hádegið varð myrkur
um alla jörðina í þrjár stundir, allt til klukkan
þrjú. 46 En þá hrópaði Jesús hátt: „Elí, Elí, lama
sabaktaní!“Það þýðir „Guð minn, Guð minn,
hví hefur þú yfirgefið mig?“ 47 Sumir þeirra,
sem þarna stóðu, misskildu þetta og héldu að
hann væri að kalla á Elía spámann. 48 Einn
þeirra hljóp þá til og fyllti svamp af súru víni,
setti hann á stöng og rétti Jesú það að drekka.
49 „Láttu hann eiga sig, “sögðu hinir. „Sjáum
til hvort Elía kemur að bjarga honum.“ 50 Þá
hrópaði Jesús aftur og gaf upp andann. 51 Og í
sama bili rofnaði fortjaldið í musterinu í tvennt,
– en það huldi hið allra helgasta, – ofan frá
og niður úr, jörðin skalf og björgin klofnuðu.
52 Þá opnuðust margar grafir og heilagt fólk,
sem þar hafði legið, lifnaði við. 53 Eftir upprisu
Jesú fór þetta fólk út úr gröfunum og gekk inn
í Jerúsalem og birtist þar mörgum. 54 Þegar
foringinn og hermenn hans, sem gættu Jesú,
fundu jarðskjálftann og sáu hvað gerðist, greip
þá skelfing og þeir hrópuðu: „Þessi maður hefur
áreiðanlega verið sonur Guðs!“ 55 Margar konur,
sem farið höfðu með Jesú frá Galíleu og þjónað
honum, fylgdust úr fjarlægð með því sem fram
fór. 56 Þeirra á meðal var María Magdalena,
María móðir Jakobs og Jóse, og móðir Jakobs og
Jóhannesar (Sebedeussona.) 57 Þegar kvöld var
komið fór Jósef frá Arímaþeu, ríkur maður og
vinur Jesú, 58 til Pílatusar og bað um lík Jesú.
Pílatus lét honum það eftir. 59 Jósef tók þá líkið,

vafði það í hreint léreft 60 og lagði í gröf, sem
hann hafði nýlega látið höggva handa sjálfum
sér. Síðan velti hann stórum steini fyrir dyr
grafarinnar og fór burt. 61 María Magdalena
og María hin sátu skammt frá og fylgdust með
því sem gerðist. 62 Daginn eftir – að kvöldi
fyrsta dags páskahátíðarinnar – fóru farísearnir
og æðstu prestarnir til Pílatusar 63 og sögðu:
„Herra, svikari þessi sagði eitt sinn: „Eftir þrjá
daga mun ég rísa upp.“ 64 Við viljum því biðja
þig að setja vörð við gröfina í þrjá daga til þess
að lærisveinar hans komi ekki og steli líkinu, og
segi svo öllum að hann hafi lifnað við. Ef svo
færi, yrðu seinni svikin verri hinum fyrri!“ 65
„Notið ykkar eigin musterislögreglu, “svaraði
Pílatus, „hún ætti að geta gætt grafarinnar
nægilega vel.“ 66 Þeir fóru og gengu tryggilega
frá gröfinni. Síðan settu þeir innsigli keisarans
á steininn í viðurvist varðmannanna, til þess að
gröfin yrði ekki opnuð.

28 Þegar birti að morgni sunnudagsins fóru
María Magdalena og María hin út til að
líta eftir gröfinni. 2 Skyndilega varð mikill
jarðskjálfti! Engill Drottins kom niður af himni,
velti steininum frá grafardyrunum og settist
á hann. 3 Andlit engilsins lýsti sem elding
og klæði hans voru skínandi björt. 4 Þegar
verðirnir sáu hann skulfu þeir af hræðslu og
féllu í yfirlið. 5 Engillinn sagði þá við konurnar:
„Verið óhræddar! Ég veit að þið leitið að Jesú
hinum krossfesta, 6 en hann er ekki hér. Hann
er upprisinn eins og hann sagði. Komið og sjáið
hvar líkami hans lá. 7 En flýtið ykkur nú og
segið lærisveinunum að hann sé risinn upp
frá dauðum og að hann fari á undan þeim til
Galíleu, til að hitta þá þar. Þessu átti ég að
skila til ykkar.“ 8 Konurnar urðu óttaslegnar en
þó glaðar og þær flýttu sér frá gröfinni til að
flytja lærisveinunum skilaboð engilsins. 9 En
skyndilega mættu þær Jesú og hann heilsaði
þeim! Þær féllu til jarðar frammi fyrir honum,
gripu um fætur hans og tilbáðu hann. 10 „Verið
óhræddar!“sagði hann, „farið og segið bræðrum
mínum að halda þegar til Galíleu og þar munu
þeir sjá mig.“ 11 Meðan konurnar voru á leið
inn í borgina fóru sumir varðmannanna, sem
gætt höfðu grafarinnar, til æðstu prestanna og
sögðu þeim hvað gerst hafði. 12 Allir leiðtogar
Gyðinga voru kallaðir saman til fundar. Þar
var ákveðið að múta vörðunum til að segja að
þeir hefðu sofnað, og um miðja nótt hefðu svo
lærisveinar Jesú komið og stolið líkinu. 14 „Þið
þurfið engu að kvíða, “sögðu leiðtogarnir. „Ef
landstjórinn fréttir þetta tölum við máli ykkar
við hann og friðum hann.“ 15 Verðirnir tóku þá
við mútufénu og gerðu eins og þeim hafði verið
sagt. Frásaga þeirra barst út á meðal Gyðinga og
er henni jafnvel trúað enn í dag. 16 Eftir þetta
fóru lærisveinarnir ellefu til Galíleu, til fjallsins
þar sem Jesús sagðist mundu hitta þá. 17 Þegar
þeir sáu hann þar, tilbáðu þeir hann – þó sumir
væru ekki vissir um að þetta væri sjálfur Jesús.
18 Síðan ávarpaði hann lærisveinana og sagði:
„Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. 19 Farið
því og gerið allar þjóðir að mínum lærisveinum.
20 Skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda,
og kennið þeim að halda allt það sem ég hef
boðið ykkur. Takið eftir! Ég er með ykkur alla
daga allt til enda veraldarinnar.“ (aiōn g165)

Markús

1 Hér hefst hin einstæða frásaga af Jesú Kristi,
syni Guðs. **2** Í bók Jesaja spámanns stendur að
Guð muni senda son sinn til jarðarinnar, en áður
en hann komi, muni sérstakur sendiboði koma
fram og búa heiminn undir komu hans. **3** Jesaja
sagði: „Þessi sendiboði mun búa í óbyggðinni og
predika að sérhver maður verði að bæta líferni
sitt til að vera viðbúinn komu Drottins.“ **4** Þessi
sendiboði var Jóhannes skírari. Hann dvaldist í
óbyggðinni og boðaði að allir skyldu skírast og
láta þannig opinberlega í ljós ákvörðun um að
þeir sneru baki við syndinni og tækju á móti
fyrirgefningu Guðs. **5** Fólk frá Jerúsalem og
allri Júdeu fór út í Júdeueyðimörkina til að sjá
Jóhannes og heyra, og þá sem játuðu syndir
sínar skírði hann í ánni Jórdan. **6** Hann var í
fötum úr úlfaldahári, hafði leðurbelti um mittið
og nærðist á engisprettum og villihunangi. **7**
Hér er dæmi um predikun hans: „Innan skamms
mun sá koma sem mér er máttugri, já, svo miklu
meiri að ég er ekki einu sinni verður þess að
vera þjónn hans. **8** Ég skíri ykkur með vatni en
hann mun skíra ykkur með heilögum anda.“ **9**
Þá var það dag einn að Jesús kom frá Nasaret
í Galíleu og Jóhannes skírði hann í Jórdan. **10**
Um leið og Jesús steig upp úr vatninu, sá hann
himnana opnast og heilagan anda koma yfir
sig í dúfulíki. **11** Og rödd af himnum sagði: „Þú
ert minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun
á.“ **12** Strax að skírninni lokinni knúði heilagur
andi Jesú út í eyðimörkina, og þar var hann
einn í fjörutíu daga og Satan freistaði hans.
Jesús hafðist þar við meðal eyðimerkurdýranna
og englar þjónuðu honum. **14** Eftir að Heródes
konungur hafði látið fangelsa Jóhannes fór Jesús
til Galíleu og boðaði þar fagnaðarerindi Guðs.
15 „Stundin er komin, “sagði hann. „Guðsríki
er nálægt! Snúið ykkur frá syndinni og trúið
gleðiboðskapnum.“ **16** Dag einn er Jesús gekk
fram með Galíleuvatninu sá hann bræðurna
Símon og Andrés, þeir voru fiskimenn og voru
einmitt þessa stundina að leggja netin. **17** Jesús
kallaði til þeirra og sagði: „Komið og fylgið
mér. Ég skal kenna ykkur að veiða menn!“ **18**
Þá yfirgáfu þeir netin og fóru með honum. **19** Í
öðrum bát, skammt frá, voru synir Sebedeusar,
Jakob og Jóhannes, að bæta net sín. **20** Hann
kallaði einnig á þá og þeir skildu Sebedeus og
verkamennina eftir í bátnum og fóru á eftir
honum. **21** Jesús og félagar hans komu nú til
bæjarins Kapernaum og að morgni helgidagsins
fóru þeir til samkomuhússins þar sem Gyðingar
héldu guðsþjónustur sínar. Þar predikaði Jesús
og **22** fólkið undraðist ræðu hans, því að hann
talaði eins og sá sem hefur mikið vald en
reyndi ekki að sanna mál sitt með sífelldum
tilvitnunum í orð annarra eins og venja var. **23**
Við guðsþjónustuna var maður haldinn illum
anda sem tók að hrópa og kalla: **24** „Jesús frá
Nasaret, af hverju læturðu okkur ekki í friði?
Ertu kannski kominn til að gera út af við okkur
illu andana? Ég veit hver þú ert, þú ert hinn
heilagi sonur Guðs!“ **25** Jesús skipaði andanum
að þegja og fara úr manninum. **26** Þá æpti
illi andinn og hristi manninn ofsalega og fór
síðan út af honum. **27** Fólkið varð forviða og
spurði sín á milli: „Eru þetta ný trúarbrögð?
Jafnvel illir andar hlýða honum!“ **28** Og fréttin
af atburði þessum barst hratt um alla Galíleu.
29 Þegar Jesús og lærisveinar hans yfirgáfu
samkomuhúsið fóru þeir heim til Símonar og
Andrésar, þar sem tengdamóðir Símonar lá með
mikinn hita. Þeir sögðu Jesú þegar frá henni.
31 Hann gekk að rúminu, tók um hönd hennar
og hjálpaði henni að setjast upp og um leið fór
hitinn úr henni. Hún klæddi sig og gaf þeim
að borða. **32** Um kvöldið fylltist garðurinn við
húsið af sjúklingum sem færðir höfðu verið
til Jesú, ásamt öðrum sem haldnir voru illum
öndum. Mikill fjöldi bæjarbúa stóð fyrir utan
og fylgdist með. **34** Þetta kvöld læknaði Jesús
mjög marga og rak illa anda út af mörgum.
(Hann bannaði öndunum að tala, því þeir vissu
hver hann var.) **35** Morguninn eftir var Jesús
kominn á fætur löngu fyrir dögun og fór einn á
óbyggðan stað til að biðjast fyrir. **36** Símon og
hinir leituðu hann uppi og þegar þeir höfðu
fundið hann sögðu þeir: „Allir eru að spyrja um
þig.“ **38** En hann svaraði: „Við verðum einnig
að fara til hinna þorpanna og predika þar, því
til þess er ég kominn.“ **39** Og Jesús ferðaðist
um alla Galíleu, predikaði í samkomuhúsunum
og leysti marga undan valdi illu andanna. **40**
Eitt sinn kom holdsveikur maður, kraup frammi
fyrir honum og bað um lækningu. „Þú getur
læknað mig ef þú vilt, “sagði hann biðjandi. **41**
Jesús fann til með honum, snerti hann og sagði:
„Ég vil það! Læknist þú!“ **42** Samstundis hvarf
holdsveikin og maðurinn varð heilbrigður. **43**

Jesús sagði við hann, ákveðinni röddu: „Farðu nú
til prestanna og láttu þá skoða þig. Hafðu hvergi
viðdvöl og talaðu ekki við neinn á leiðinni.
Taktu með fórnina, sem Móse fyrirskipar þeim,
sem læknast af holdsveiki, og þá munu allir sjá
að þú ert orðinn heilbrigður.“ 45 En maðurinn
sagði öllum sem hann mætti á leiðinni að hann
væri heill og þar af leiðandi gat Jesús ekki komið
opinberlega til neins bæjar án þess að forvitinn
mannfjöldi þyrptist að honum. Hann varð því að
hafast við úti í óbyggðinni og þangað streymdi
fólkið til hans hvaðanæva að.

2 Nokkrum dögum síðar sneri Jesús aftur til
Kapernaum og fyrr en varði vissu bæjarbúar
að hann var kominn heim. 2 Á skammri stundu
var húsið sem hann dvaldist í orðið svo þéttsetið
að fleiri komust ekki þangað inn og meira að
segja þröng úti fyrir. Þarna flutti hann orð Guðs.
3 Þá komu þar menn sem báru lamaðan mann á
börum á milli sín. 4 Þeir komust ekki að Jesú
vegna mannfjöldans og rufu því gat á leirþakið
og létu börurnar með veika manninum síga
niður til Jesú. 5 Þegar Jesús sá trú þeirra –
hversu sannfærðir þeir voru um að hann gæti
hjálpað – sagði hann við lamaða manninn:
„Sonur minn, syndir þínar eru fyrirgefnar!“ 6
Nokkrir trúarleiðtogar þjóðarinnar urðu vitni
að þessum atburði og hugsuðu með sér: 7
„Hvað er að heyra? Þetta er guðlast! Hann
heldur þó ekki að hann sé Guð? Hver getur
fyrirgefið syndir nema Guð einn?“ 8 Jesús las
hugsanir þeirra og sagði: „Hvers vegna hugsið
þið svona? 9 Er nokkuð erfiðara að fyrirgefa
syndir hans en að lækna hann? 10 Ég skal
sanna ykkur að ég, maðurinn frá himnum, hef
fyrirgefið honum syndir hans.“ 11 Síðan sneri
hann sér að lamaða manninum og sagði: „Taktu
börurnar og farðu heim. Þú ert heilbrigður.“
12 Maðurinn spratt á fætur, tók börurnar og
ruddi sér leið gegnum mannfjöldann, sem var
agndofa af undrun. Og fólkið tók að lofa Guð og
hrópa: „Við höfum aldrei séð neitt þessu líkt.“
13 Eftir þetta gekk Jesús niður að vatninu og
talaði við mannfjöldann sem þar safnaðist að
honum. 14 Á leið sinni fram hjá skattstofunni sá
hann Leví Alfeusson sitja þar. „Komdu og vertu
lærisveinn minn.“sagði Jesús við hann. Þá stóð
Leví upp og fylgdi honum. 15 Um kvöldið bauð
Leví vinnufélögum sínum á skattstofunni og
mörgum sem illt orð fór af, til kvöldverðar, svo
þeir gætu hitt Jesú og lærisveina hans. (Í þeim
fjölda sem fylgdi Jesú höfðu ekki heldur allir
gott orð á sér.) 16 Þegar trúarleiðtogar fólksins
sáu hann matast með þessum mönnum, sögðu
þeir við lærisveina hans: „Hvernig í ósköpunum
getur hann fengið af sér að borða með þvílíkum
ruslaralýð?“ 17 Þegar Jesús heyrði þetta, sagði
hann við þá: „Veikir þurfa lækni en heilbrigðir
ekki! Ég kom ekki til að hvetja hina „góðu“til
að iðrast synda sinna, heldur þá sem vondir
eru.“ 18 Nú stóð yfir fasta hjá lærisveinum
Jóhannesar og faríseunum (en þá neyttu þeir
ekki matar af trúarástæðum). Menn komu þá
til Jesú og sögðu við hann: „Af hverju fasta
þínir lærisveinar ekki eins og hinir?“ 19 Jesús
svaraði og sagði: „Hvað gera vinir brúðgumans?
Hafna þeir kræsingunum í brúðkaupsveislu
hans, og eiga þeir að vera daprir í bragði meðan
hann er hjá þeim? Nei! 20 En sá dagur kemur
að hann verður tekinn frá þeim og þá munu
þeir fasta. 21 Hver bætir gamla flík með bót
sem á eftir að hlaupa? Hvað mundi þá gerast?
Bótin mundi hlaupa í fyrsta þvotti og rifna
frá og gatið verða ennþá stærra en áður. 22
Þið vitið að ekki má setja nýtt vín í gamla
skinnbelgi, þá rifna þeir, vínið fer allt niður
og belgirnir eyðileggjast. Nýtt vín er sett á
nýja belgi.“ 23 Seinna – á helgidegi var Jesús
ásamt lærisveinum sínum á gangi yfir akur.
Lærisveinarnir brutu þá öx af stráunum og átu
úr þeim kornið. 24 Þá sögðu farísearnir við Jesú:
„Þetta mega þeir ekki gera! Það er lagabrot að
uppskera korn á helgidegi.“ 25 En hann sagði
við þá: „Hafið þið aldrei heyrt hvað Davíð gerði
þegar hann og menn hans hungraði? Þeir fóru
inn í helgidóm Guðs – það var þegar Abíatar
var æðsti prestur – og átu brauðið sem ætlað
var prestunum. Það var einnig lagabrot. 27
Helgidagurinn varð til mannsins vegna en ekki
maðurinn vegna helgidagsins. 28 Ég, Kristur,
hef vald til að ákveða hvað menn mega gera á
helgidögum.“

3 Meðan Jesús var í Kapernaum fór hann aftur
í samkomuhúsið. Þar tók hann eftir manni
með bæklaða hönd. 2 Þetta var á helgidegi
og því fylgdust óvinir Jesú nákvæmlega með
honum. Skyldi hann lækna manninn? Ef svo
færi, þá ætluðu þeir að kæra hann. 3 Jesús
bað manninn að koma og standa frammi fyrir
söfnuðinum. 4 Síðan sneri hann sér að óvinum

sínum og spurði: „Er leyfilegt að vinna gott
verk á helgidegi? Eða er þessi dagur til illverka?
Hvort má frekar bjarga lífi eða deyða?“ 5 Jesús
horfði reiðilega á þá, því honum blöskraði
miskunnarleysi þeirra gagnvart mannlegri
neyð. Síðan sagði hann við manninn: „Réttu
fram hönd þína.“Maðurinn gerði svo og um leið
varð hönd hans heilbrigð! 6 Farísearnir fóru
þá til fundar við Heródesarsinnana, því þeir
ætluðu í sameiningu að finna ráð til að taka
Jesú af lífi. 7 Jesús fór þá ásamt lærisveinunum
niður að vatninu. Gífurlegur fjöldi fylgdi honum
úr allri Galíleu, Júdeu, Jerúsalem, Ídúmeu,
frá landsvæðunum handan Jórdanárinnar og
jafnvel alla leið frá Týrus og Sídon. Ástæðan
var sú að fréttir af kraftaverkum hans höfðu
borist víða og margir vildu sjá hann með eigin
augum. 9 Jesús sagði lærisveinunum að hafa
smábát til taks handa sér, sem hann gæti
farið út í er fólkið tæki að þrengja að honum.
10 Hann hafði læknað marga þennan dag og
því dreif að fjölda sjúklinga, sem reyndi að
snerta hann. 11 Þegar þeir sem haldnir voru
illum anda, sáu hann, féllu þeir til jarðar við
fætur hans og æptu: „Þú ert sonur Guðs.“ 12
Þá skipaði hann öndunum að segja engum
hver hann væri. 13 Næsta dag fór Jesús upp
í fjalllendið og boðaði þangað til sín vissa
menn úr lærisveinahópnum. Þegar þeir voru
komnir valdi hann tólf úr hópnum til að vera
með sér, fara í predikunarferðir og reka út illa
anda. 16 Þetta eru nöfn þeirra sem hann valdi:
Símon (sem hann gaf nafnið Pétur), Jakob og
Jóhannes (synir Sebedeusar, en þá kallaði Jesús
„þrumusynina“), Andrés, Filippus, Bartólómeus,
Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson, Taddeus,
Símon (Selóti – hann var í byltingarsinnuðum
stjórnmálaflokki, sem aðhylltist byltingu gegn
rómversku landstjórninni) og Júdas Ískaríot
(sem síðar sveik hann). 20 Þegar Jesús kom aftur
heim, tók fólkið að þyrpast að á ný og ekki leið
á löngu uns gestirnir voru orðnir svo margir að
hann hafði ekki einu sinni næði til að matast.
21 Þegar vinir hans heyrðu hvernig ástatt var,
komu þeir og vildu fá hann með sér heim til
sín. „Hann er ekki með sjálfum sér.“sögðu þeir.
22 Fræðimenn þjóðarinnar, sem komnir voru frá
Jerúsalem, sögðu: „Vandi Jesús er sá, að Satan,
foringi illu andanna, er í honum og þess vegna
hlýða illu andarnir honum.“ 23 Jesús kallaði
þessa menn til sín og spurði með dæmi, sem
allir skildu: „Hvernig getur Satan rekið Satan
út? 24 Sundrað ríki mun falla. 25 Heimili, þar
sem hver höndin er upp á móti annarri, leysist
upp. 26 Þar af leiðir að ef Satan berst gegn
sjálfum sér, þá fær hann ekki staðist og það er
úti um hann. 27 Sterkan mann verður að binda
áður en hægt er að ræna úr húsi hans (og eins
verður að binda Satan áður en hægt er að reka
þessa illu anda hans út). 28 Ég lýsi því yfir að
sérhverja þá synd, sem mennirnir kunna að
drýgja – jafnvel lastmæli gegn mér – er hægt að
fyrirgefa, 29 en last gegn heilögum anda verður
aldrei fyrirgefið. Það er eilíf synd.“ (aiōn g165,
aiōnios g166) 30 Þetta sagði hann þeim vegna þess
að þeir héldu því fram að hann gerði kraftaverk
í mætti Satans (í stað þess að viðurkenna að það
væri fyrir kraft heilags anda). 31 Rétt í þessu
komu móðir hans og bræður að húsinu, sem
þegar var fullt út úr dyrum. Þau sendu honum
boð um að koma út og tala við sig. „Móðir þín
og bræður eru úti og spyrja um þig, “var sagt
við hann. 33 „Hver er móðir mín?“spurði hann.
„Og hverjir eru bræður mínir?“ 34 Síðan leit
hann á þá sem umhverfis hann voru og sagði:
„Þessir eru móðir mín og bræður. 35 Hver sá,
sem gerir vilja Guðs, er bróðir minn, systir eða
móðir.“

4 Seinna, þegar mikill fjöldi hafði safnast að
honum á strönd Galíleuvatnsins, fór hann
út í bát og talaði þaðan til fólksins. 2 Hann
var vanur að kenna fólkinu í dæmisögum og
hér er ein þeirra: 3 „Takið eftir! Bóndi nokkur
fór út á akur að sá korni. 4 Er hann sáði féll
sumt af sáðkorninu á götuna og fuglarnir komu
og átu það upp. 5 Sumt féll í grýtta jörð, þar
sem jarðvegur var grunnur. Það korn spratt
fljótt, en skrælnaði fyrr en varði í hitanum og
dó, því það hafði nær engar rætur. 7 Annað
lenti meðal þyrna sem uxu yfir það og kæfðu
það. 8 En sumt af útsæðinu féll í góða jörð og
gaf af sér þrítugfalda, sextugfalda eða jafnvel
hundraðfalda uppskeru. 9 Sá sem hefur eyru
til að heyra, taki eftir þessu.“ 10 Þegar Jesús
var orðinn einn með lærisveinunum spurðu
þeir hann: „Hvað þýðir sagan sem þú sagðir
áðan?“ 11 Jesús svaraði: „Þið fáið að læra margt
um guðsríkið, sem hulið er þeim er utan við
það standa. Jesaja spámaður sagði: „Þótt þeir
sjái og heyri, skilja þeir ekki, né snúa sér til
Guðs til þess að fá syndir sínar fyrirgefnar.“ 13

Hvernig fer um allar hinar dæmisögurnar, ef
þið skiljið ekki þessa einföldu sögu. 14 Bóndinn,
sem ég sagði ykkur frá, er sá sem flytur öðrum
boðskap Guðs. Hann reynir að sá góðu sæði í
hjörtu fólksins. 15 Troðni stígurinn, þar sem
sumt af korninu féll, lýsir hörðum hjörtum,
sem heyra orð Guðs, en Satan kemur þegar í
stað og reynir að fá þau til að gleyma því. 16
Grýtti jarðvegurinn lýsir hjörtum þeirra sem
hlusta með ánægju, 17 en það fer fyrir þeim
eins og fyrir ungum plöntum í slíkum jarðvegi,
ræturnar ná ekki djúpt og þó allt gangi vel í
byrjun, þá visna þær – þeir gefast upp jafnskjótt
og andstaða og erfiðleikar byrja. 18 Þyrnarnir
lýsa hjörtum þeirra sem hlusta á gleðitíðindin
og taka við þeim. 19 En fyrr en varir hefur
athygli þeirra beinst að því sem heimurinn
hefur að bjóða og að táli auðæfanna. Löngun
í metorð og alls kyns gæði gagntekur hug
þeirra, svo þar verður ekkert rúm fyrir orð
Guðs. Afleiðingin verður sú að fræið ber engan
þroskaðan ávöxt. (aiōn g165) 20 Góði jarðvegurinn
táknar hjörtu þeirra sem í sannleika hlusta á
Guðs orð og taka við því heils hugar og bera
ríkulegan ávöxt – þrjátíu, sextíu eða jafnvel
hundrað sinnum meira en upphaflega var sáð til
í hjörtu þeirra.“ 21 Jesús sagði við lærisveinana:
„Á að byrgja ljósið, þegar kveikt hefur verið
á lampanum eða setja hann undir bekk? Nei,
auðvitað ekki, því þá kæmi ljósið að engum
notum! Lampinn er látinn á góðan stað til að
lýsa sem best. 22 Dag einn mun allt sem nú er
hulið koma í ljós. 23 Hlustið, þið sem eyru hafið!
24 Gætið þess um fram allt að gera eins og ég segi
ykkur, leggið ykkur fram við að skilja orð mín.
25 Þeim sem hefur, mun verða gefið, en frá þeim
sem ekkert á, mun jafnvel verða tekið það sem
hann hefur. 26 Hér er önnur líking um guðsríki:
Bóndi sáði í akur sinn. 27 Tíminn leið og kornið
óx dag og nótt án þess að maðurinn hjálpaði þar
nokkuð til. 28 Moldin gaf vöxtinn. Fyrst skutu
kímblöðin upp kollinum og síðar mynduðust
öxin á kornstönglunum og að lokum þroskaðist
kornið. 29 Þá kom bóndinn með sigðina og skar
kornið.“ 30 Síðan spurði Jesús: „Hverju líkist
guðsríki? Hvaða dæmisögu eigum við að nota til
að lýsa því? 31 Það er eins og örlítið sinnepsfræ!
Þótt þetta fræ sé minnsta allra frækorna, þá vex
upp af því jurt sem verður öllum jurtum stærri
og ber langar greinar þar sem fuglarnir geta
byggt hreiður sín og leitað skjóls.“ 33 Þannig
fræddi Jesús fólkið með dæmisögum sem voru í
samræmi við skilning þess, 34 dæmisögulaust
talaði hann ekki til þess. Þegar hann var orðinn
einn með lærisveinum sínum eftir slíkar stundir,
útskýrði hann dæmisögurnar fyrir þeim. 35
Þegar kvöldaði sagði Jesús við lærisveinana:
„Við skulum fara yfir vatnið.“ 36 Þá yfirgáfu þeir
fólkið á ströndinni og lögðu af stað. Nokkrir
bátar fylgdu á eftir þeim. 37 Skyndilega gerði
mikið rok og gaf mjög á bátinn, svo við lá að
hann fyllti. 38 Jesús svaf í skutnum og hafði
kodda undir höfðinu. Lærisveinarnir vöktu
hann skelfingu lostnir og hrópuðu: „Meistari,
sérðu ekki að við erum að farast?“ 39 Þá hastaði
Jesús á vindinn og sagði við vatnið: „Hafðu hægt
um þig.“Þá lygndi og allt varð kyrrt og hljótt! 40
Síðan sneri hann sér að þeim og spurði: „Hvers
vegna voruð þið svona hræddir? Hafið þið ekki
enn lært að treysta mér?“ 41 Hræddir, en fullir
lotningar, sögðu þeir hver við annan: „Hver
er þessi maður? Bæði vindur og vatn hlýða
honum.“

5 Þeir komu að landi austan megin vatnsins.
Þegar Jesús var að stíga upp úr bátnum,
hljóp þar að maður, haldinn illum anda. 3
Hann hélt sig annars í og við grafirnar, og var
slíkt heljarmenni að í hvert skipti sem hann
var fjötraður – og það gerðist oft – sleit hann
í sundur handjárnin, reif af sér hlekkina og
fór sína leið. Enginn hafði afl til að yfirbuga
hann. 5 Hann æddi nætur og daga æpandi
um milli grafanna og út í auðnina, og risti sig
til blóðs með hvössum steinum. 6 Maðurinn
hafði séð til bátsins úti á vatninu. Hann kom
hlaupandi til móts við Jesú og varpaði sér að
fótum hans. 7 Jesús sagði þá við illa andann sem
í manninum var: „Út með þig, illi andi.“Andinn
rak þá upp skelfilegt öskur og spurði: „Hvað
ætlar þú að gera við okkur, Jesús, sonur hins
æðsta Guðs? Við biðjum þig, láttu okkur ekki
kveljast.“ 9 „Hvað heitir þú?“spurði Jesús.
„Hersing.“svaraði andinn, „því við erum margir
í þessum manni.“ 10 Því næst báðu andarnir
hann að senda sig ekki burt. 11 Meðan þetta
gerðist var stór svínahjörð á beit í hlíðinni upp
af vatninu. 12 „Sendu okkur í svínin þarna,
“báðu andarnir. 13 Jesús leyfði þeim það. Þá fóru
andarnir úr manninum og í svínin. Við það tók
öll hjörðin á rás og æddi niður bratta hlíðina,
fram af klettunum og drukknaði í vatninu. 14

Svínahirðarnir flýðu til nærliggjandi bæja og
sögðu, á hlaupunum, frá því sem gerst hafði.
Fjöldi fólks þusti þá af stað til að sjá þetta með
eigin augum. 15 Og þegar fólkið sá manninn sitja
þar, klæddan og með fullu viti, varð það hrætt.
16 Þeir sem vitni höfðu orðið að atburðinum,
sögðu öðrum frá 17 og þegar fólkið hafði heyrt
frásögnina, bað það Jesú að fara og láta sig í friði!
18 Jesús fór því aftur um borð í bátinn, en þá
bað maðurinn, sem haft hafði illu andana, hann
að leyfa sér að koma með, 19 en Jesús leyfði það
ekki. „Farðu heim til þín og þinna, “sagði hann;
„og segðu þeim hve mikið Guð hefur gert fyrir
þig, og hversu hann hefur miskunnað þér.“ 20
Maðurinn fór því til þorpanna tíu þar í héraðinu
og sagði öllum frá þeim stórkostlegu hlutum
sem Jesús hafði gert fyrir hann, og undruðust
það allir. 21 Þegar Jesús var kominn til baka yfir
vatnið, safnaðist að honum fjöldi fólks. 22 Jaírus,
forstöðumaður samkomuhúss staðarins, kom
þangað, laut honum, 23 og bað hann heitt og
innilega að lækna litlu dóttur sína. „Hún er að
deyja, “sagði hann, angistarfullur. „Gerðu það
fyrir mig að koma og leggja hendur þínar yfir
hana, svo að hún lifi og verði heilbrigð.“ 24 Jesús
fór með honum og allt fólkið fylgdi á eftir. 25 Í
mannþrönginni að baki Jesú var kona sem hafði
haft innvortis blæðingar í tólf ár. 26 Árum saman
hafði hún þolað þjáningarfullar aðgerðir lækna
og eytt í það aleigu sinni, en henni hafði stöðugt
versnað. 27 Hún hafði heyrt um dásamleg
kraftaverk sem Jesús vann, og því læddist hún
nú aftan að honum í mannþyrpingunni og
snerti föt hans. 28 Hún hugsaði: „Ef ég bara
gæti snert hann, þá verð ég heilbrigð.“ 29 Og
það gerðist einmitt! Um leið og hún kom við
hann, stöðvaðist blæðingin og hún fann að hún
hafði læknast! 30 Jesús varð á sömu stund var
við að lækningakraftur fór út af honum. Hann
sneri sér því við í mannfjöldanum og spurði:
„Hver snerti mig?“ 31 „Fólkið þrýstir að þér
á alla vegu og þú spyrð hver hafi snert þig,
“svöruðu lærisveinarnir undrandi. 32 En Jesús
horfði í kring um sig til að finna þann sem
hafði snert hann. 33 Þegar konan sá það, kom
hún, hrædd og skjálfandi, kraup niður og sagði
honum alla söguna. 34 „Dóttir, “sagði Jesús
við hana, „trú þín hefur læknað þig. Þú ert
heilbrigð af sjúkdómi þínum, farðu í friði.“ 35
Meðan hann var að tala við hana, kom sendiboði
frá heimili Jaírusar. Hann sagði að nú væri
allt orðið um seinan – stúlkan væri dáin og
tilgangslaust að láta Jesú koma úr þessu. 36 En
Jesús lét sem hann heyrði þetta ekki og sagði
við Jaírus: „Vertu ekki hræddur. Trúðu á mig
og treystu mér.“ 37 Jesús bað nú mannfjöldann
að nema staðar og leyfði engum að fara með
sér inn í hús Jaírusar, nema Pétri, Jakobi og
Jóhannesi. 38 Þegar inn kom sá Jesús að allt
var þar í uppnámi, fólkið grét og kveinaði. 39
Hann sagði við það: „Hvað á allur þessi grátur
og hávaði að þýða? Barnið er ekki dáið, það
sefur.“ 40 Þá hló fólkið að honum, en hann
skipaði því að fara út og tók síðan með sér
lærisveinana þrjá og foreldra stúlkunnar og fór
inn til hennar. 41 Hann tók í höndina á barninu
og sagði: „Stúlka litla, rís þú upp.“Jafnskjótt
reis hún á fætur og fór að ganga um gólfið!
(Hún var tólf ára). Foreldrar hennar urðu frá
sér numdir af gleði. 43 Jesús lagði áherslu á að
þau segðu þetta engum og bað þau síðan að
gefa henni eitthvað að borða.

6 Skömmu síðar yfirgaf hann héraðið og
sneri aftur ásamt lærisveinum sínum til
Nasaret, þar sem hann hafði átt heima. 2 Á
helgideginum fór hann í samkomuhúsið til að
kenna. Bæjarbúar undruðust visku hans og
kraftaverk, því að hann var frá Nasaret eins og
þeir. „Hvar hefur hann lært þetta?“spurði fólkið.
„Hann er ekkert betri en við! Hann er bara
smiður – sonur hennar Maríu, bróðir Jakobs,
Jósefs, Júdasar og Símonar og systur hans búa
líka hér í Nasaret.“Og allir hneyksluðust á
honum. 4 Þá sagði Jesús: „Hvergi er spámaður
minna metinn en í heimabæ sínum og meðal
fjölskyldu sinnar og ættingja.“ 5 Og vegna
vantrúar þeirra gat hann ekki gert neitt
kraftaverk þar, nema hann lagði hendur yfir
nokkra sjúka og læknaði þá. 6 Hann furðaði
sig á vantrú þeirra. Eftir þetta fór Jesús til
ýmissa þorpa og kenndi. 7 Hann kallaði til sín
lærisveinana tólf og sendi þá af stað tvo og
tvo saman og gaf þeim vald til að reka út illa
anda. 8 Hann sagði þeim að hafa ekkert með
sér nema göngustaf – ekkert nesti eða farangur,
enga peninga og jafnvel ekki skó eða föt til
skiptanna. 10 „Hvar sem þið komið eða hafið
viðdvöl í borg eða bæ, þá dveljist allan tímann
á sama heimili, en farið ekki frá einu heimili til
annars. 11 Sé einhverstaðar hvorki tekið á móti
ykkur né hlustað á orð ykkar, skuluð þið dusta

rykið af fótum ykkar um leið og þið farið þaðan.
Það er merki þess að þið hafið ofurselt þorpið
örlögum sínum.“ 12 Lærisveinarnir héldu nú af
stað og hvöttu alla til að iðrast og snúa baki við
syndinni. 13 Þeir ráku út marga illa anda og
smurðu fjölda fólks með ólífuolíu og læknuðu
það. 14 Ekki leið á löngu uns Heródes konungur
frétti um Jesú, því að alls staðar var verið að
tala um kraftaverk hans. Konungurinn hélt
að Jesús væri Jóhannes skírari risinn upp frá
dauðum og því sagði fólk: „Nú, það er þá ekkert
skrítið þótt hann geti gert slík kraftaverk.“
15 Aðrir héldu að Jesús væri Elía, hinn forni
spámaður, endurborinn, og enn aðrir töldu
hann vera nýjan spámann, svipaðan hinum
miklu spámönnum fyrri alda. 16 „Nei, þetta
er Jóhannes, maðurinn sem ég lét hálshöggva,
hann er risinn upp frá dauðum, “sagði Heródes.
17 Heródes hafði sent hermenn til að handtaka
og fangelsa Jóhannes, því Jóhannes hafði alltaf
haldið því fram við Heródes að rangt væri af
honum að kvænast Heródías, konu Filippusar
bróður síns. 19 Heródías vildi því hefna sín
á Jóhannesi með því að láta drepa hann, en
það gat hún ekki án samþykkis Heródesar. 20
Heródes bar hins vegar virðingu fyrir Jóhannesi,
því hann vissi að hann var góður og heilagur
maður, og því hélt hann hlífiskildi yfir honum.
Heródesi líkaði vel að tala við Jóhannes, þótt
samviska hans yrði óróleg í hvert sinn. 21
Loksins sá Heródías sér þó leik á borði. Það
var á afmælisdegi Heródesar, en þá bauð hann
hallarþjónum sínum og herforingjum, auk
helstu fyrirmanna úr Galíleu, til veislu. 22 Dóttir
Heródíasar kom þá inn í veislusalinn og dansaði
fyrir gestina, öllum til mikillar ánægju. Þá sagði
Heródes við stúlkuna: „Þú mátt óska þér hvers
sem þú vilt og ég skal gefa þér það, jafnvel hálft
konungsríkið.“ 24 Stúlkan fór til móður sinnar
og ráðfærði sig við hana. Þar fékk hún þetta
ráð: „Biddu um höfuð Jóhannesar skírara.“ 25
Stúlkan flýtti sér aftur til konungsins og sagði:
„Ég vil fá höfuð Jóhannesar skírara á fati – og
það strax.“ 26 Konungurinn varð hryggur, en
þorði þó ekki að ganga á bak orða sinna frammi
fyrir öllum gestunum. 27 Hann skipaði því
einum lífvarða sinna að fara til fangelsisins og
hálshöggva Jóhannes og koma með höfuð hans.
Hermaðurinn fór og hjó Jóhannes í fangelsinu.
28 Síðan kom hann með höfuð hans á fati og
rétti stúlkunni, sem fór með það til móður
sinnar. 29 Þegar lærisveinar Jóhannesar fréttu
hvað gerst hafði, sóttu þeir lík hans og jarðsettu
það. 30 Lærisveinarnir tólf komu nú aftur til
Jesú úr predikunarferð sinni og sögðu honum
frá öllu því sem þeir höfðu sagt og gert. 31 Þá
sagði Jesús: „Við skulum yfirgefa mannfjöldann
um stund og hvíla okkur.“Fólk var alltaf að
koma og fara, svo að þeir höfðu varla næði til
að matast. 32 Þeir lögðu því af stað á bátnum og
ætluðu á óbyggðan stað. 33 En mannfjöldinn sá
til ferða þeirra, hljóp fram með vatninu og tók
á móti þeim þegar þeir komu að landi! 34 Hann
mætti því aftur sama fólki þegar hann steig út
úr bátnum. Og Jesús kenndi í brjósti um fólkið,
því það var eins og fjárhópur án hirðis, og hann
tók að kenna því margt sem það þurfti að vita.
35 Þegar á daginn leið komu lærisveinarnir til
hans og sögðu: „Segðu nú fólkinu að fara til
þorpanna og bóndabæjanna í grenndinni og
kaupa sér mat. Hér í óbyggðinni er ekkert að fá,
og nú er framorðið.“ 37 „Þið skuluð gefa þeim
að borða, “sagði Jesús. „Já, en hvernig?“spurðu
þeir. „Það kostar stórfé að fæða allan þennan
fjölda.“ 38 „Athugið hvað við höfum mikinn
mat með okkur.“sagði Jesús. Þeir komu aftur
og sögðu honum að það væru fimm brauð og
tveir fiskar. 39 Jesús skipaði þá fólkinu að setjast
niður. Fljótlega hafði það skipt sér í fimmtíu
eða hundrað manna hópa og sest í grasið. 41
Hann tók nú brauðin fimm og fiskana, horfði
upp til himins og þakkaði Guði. Síðan braut
hann brauðin og rétti lærisveinunum þau ásamt
fiskunum og sagði þeim að bera það til fólksins.
42 Og allir urðu mettir, 43 en karlmennirnir einir
voru um fimm þúsund, auk kvenna og barna.
Að máltíðinni lokinni var afganginum safnað úr
grasinu og fyllti hann tólf körfur! 45 Eftir þetta
bauð Jesús lærisveinunum að fara um borð í
bátinn og sigla yfir vatnið til Betsaída, en þar
ætlaði hann að hitta þá seinna. Sjálfur ætlaði
hann að staldra við, kveðja fólkið og koma því af
stað heim. 46 Þegar því var lokið gekk Jesús upp
á fjallið til að biðjast fyrir. 47 Um nóttina þegar
lærisveinarnir voru komnir út á mitt vatnið,
var Jesús einn á ströndinni. 48 Það var hvasst
á vatninu og hann sá að róðurinn var þungur
hjá þeim. Um klukkan þrjú um morguninn kom
hann til þeirra gangandi á vatninu. Hann gekk
til hliðar við bátinn eins og hann ætlaði fram
hjá. 49 Þegar þeir sáu einhvern á gangi við
bátshliðina urðu þeir ofsahræddir og æptu, því

þeir héldu að þetta væri vofa 50 – þeir sáu hann
allir. Þá sneri hann sér að þeim og sagði: „Þetta
er ég! Verið óhræddir.“ 51 Síðan steig hann
upp í bátinn og þá lygndi! Lærisveinarnir sátu
agndofa og skildu hvorki upp né niður í öllu
þessu. 52 Þeir gerðu sér ekki enn grein fyrir
hver hann var, þrátt fyrir kraftaverkið kvöldið
áður. Það var eins og þeir vildu ekki trúa. 53
Þegar þeir komu til Genesaret hinum megin
vatnsins stigu þeir á land og bundu bátinn. 54
Fólk sem stóð þar hjá, þekkti hann undir eins,
55 og hljóp um allt til að láta vita að hann væri
kominn. Nú var hafist handa um að færa til
hans veikt fólk á börum og dýnum. 56 Hvar sem
hann fór – í bæi eða borgir – lagði fólk hina
veiku á markaðstorgin eða strætin og bað hann
um að leyfa þeim að snerta, þó ekki væri nema
faldinn á skikkju hans, og þeir sem það gerðu
læknuðust, og hið sama gerðist á bóndabæjum
þar sem hann kom.

7 Dag nokkurn komu trúarleiðtogarnir frá
Jerúsalem til að fylgjast með Jesú. 2 Þeir
tóku eftir því að sumir lærisveina hans skeyttu
engu reglum þeim sem farið var eftir áður en
menn neyttu matar. 3 (Gyðingar, og sérstaklega
farísear, mötuðust aldrei nema þeir hefðu,
samkvæmt sérstökum trúarsiðum, þvegið sér
um hendurnar. 4 Þegar þeir komu heim af
markaðnum, urðu þeir alltaf að þvo sér á
þennan hátt áður en þeir snertu matinn. Þetta
var aðeins ein af mörgum reglum þeirra og
lögum sem þeir hafa fylgt öldum saman og gera
enn. Ein reglan er til dæmis sérstakur trúarlegur
þvottur á pottum, pönnum og diskum.) 5
Trúarleiðtogarnir spurðu því Jesú. „Hvers vegna
hlýða lærisveinar þínir ekki aldagömlum venjum
okkar? Þeir borða án þess að þvo sér, en það er
brot á reglunum.“ 6 „Þið hræsnarar!“svaraði
Jesús. „Jesaja spámaður lýsti ykkur vel þegar
hann sagði: „Fólk þetta talar fagurlega um
Drottin, en það elskar hann ekki. Tilbeiðsla þess
er einskis virði, því það heldur því fram að
það sé skipun Guðs að fólk hlýði öllum þeirra
ómerkilegu reglum.“Jesaja hafði sannarlega rétt
fyrir sér! 8 Þið virðið að vettugi skýr boð Guðs
en takið í staðinn upp ykkar eigin siðvenjur. 9
Með þessu hafnið þið boðum Guðs og traðkið á
þeim, til þess eins að gera eins og ykkur langar.
10 Móse sagði til dæmis: „Heiðraðu föður þinn
og móður.“Hann sagði einnig að hver sá er
formælti foreldrum sínum væri dauðasekur.
11 Þið segið hins vegar að í lagi sé að menn
sinni ekki þörfum foreldra sinna og segi við
þau: „Mér þykir leitt að geta ekki hjálpað ykkur,
en ég hef gefið Guði það sem ég annars hefði
gefið ykkur.“ 12 Þannig brjótið þið boðorð Guðs
til að geta hlýtt ykkar eigin mannaboðorðum.
Þetta er aðeins eitt dæmi, en ég gæti nefnt
mörg önnur.“ 14 Síðan kallaði Jesús á fólkið
og sagði: „Takið eftir, og reynið að skilja. 15
Sálir ykkar bíða ekki tjón af því sem þið borðið,
heldur hinu sem þið hugsið og segið.“ 17 Að
því búnu fór hann í húsið til að fá næði fyrir
fólkinu. Þá spurðu lærisveinar hans hvað hann
hefði átt við með þessum orðum. 18 „Eruð þið
líka svona skilningslausir?“spurði hann. „Getið
þið ekki skilið að það sem þið borðið skaðar
ekki sál ykkar, 19 því maturinn kemst ekki í
snertingu við sálina, hann fer aðeins í gegnum
meltingarfærin.“(Með þessu átti hann við að
leyfilegt væri að neyta hvaða matar sem er.) 20
Síðan bætti hann við: „Það er hugarfarið sem
spillir manninum. 21 Frá hjarta hans koma illar
hugsanir, girnd, þjófnaður, morð, hórdómur,
22 eftirsókn eftir eigum annarra, illmennska,
sviksemi, saurlifnaður, öfund, baktal, hroki og
alls konar heimska. 23 Allt þetta illa kemur
innan frá og spillir og óhreinkar manninn í
augum Guðs?“ 24 Eftir þetta fór Jesús frá Galíleu
og norður til héraðanna umhverfis Týrus og
Sídon. Hann reyndi að fara huldu höfði en án
árangurs. Fréttirnar um komu hans bárust um
allt eins og venjulega. 25 Kona ein sem þarna
var kom til hans. Hún átti dóttur sem haldin var
illum anda. Hún hafði heyrt um Jesú og því kom
hún nú, kraup við fætur hans, 26 og grátbað
hann að losa dótturina við illa andann. (Konan
var frá sýrlensku Fönikíu og því heiðingi í
augum Gyðinga.) 27 Jesús svaraði henni og sagði:
„Fyrst verð ég að hjálpa samlöndum mínum –
Gyðingunum. Það er ekki rétt að taka matinn
frá börnunum og kasta honum til hvolpanna.“
28 „Rétt er það, herra, en hvolparnir týna þó
upp molana sem börnin leifa, “sagði hún. 29
„Rétt, “sagði hann, „þú svaraðir vel – svo vel,
að nú hef ég læknað dóttur þína! Farðu nú heim
– illi andinn er farinn út af henni.“ 30 Þegar
konan kom heim lá litla stúlkan róleg í rúminu;
illi andinn var farinn. 31 Frá Týrus fór Jesús
til Sídonar og síðan til Dekapólis (þorpanna
tíu) við Galíleuvatnið. 32 Þá var leiddur til hans

maður sem bæði var heyrnarlaus og mállaus.
Bað fólkið Jesú að leggja hendur yfir hann og
lækna hann. 33 Jesús fór með hann afsíðis, stakk
fingrunum í eyru hans og vætti tungu hans
með munnvatni sínu. 34 Síðan horfði hann upp
til himins, andvarpaði og sagði: „Opnist þú.“ 35
Um leið fékk maðurinn fulla heyrn og talaði
skýrt! 36 Jesús bannaði fólkinu að láta þetta
fréttast, en því meir sem hann bannaði það,
því meir var það borið út, 37 kraftaverkið hafði
mikil áhrif á alla. Fólk sagði: „Allt sem hann
gerir er gott. Hann getur meira að segja gefið
heyrnarlausum heyrn og mállausum mál.“

8 Dag einn um þessar mundir safnaðist mikill
mannfjöldi að honum og nú varð fólkið
matarlaust á ný. Jesús kallaði þá saman
lærisveinana til að ræða málið. 2 „Ég finn
til með fólkinu, “sagði hann. „Nú hefur það
verið hér í þrjá daga og allur matur er upp
urinn. 3 Ef ég sendi það heim matarlaust
mun það örmagnast á leiðinni, því margir eiga
langt heim.“ 4 „En er nokkurn mat að finna
hér í óbyggðinni?“spurðu lærisveinarnir. 5
„Hvað eigið þið mörg brauð?“spurði hann. „Sjö,
“svöruðu þeir. 6 Þá sagði hann fólkinu að setjast
niður. Síðan tók hann brauðin og þakkaði Guði.
Hann braut þau í sundur, rétti lærisveinunum
og þeir síðan fólkinu. 7 Þeir höfðu einnig nokkra
smáfiska sem Jesús þakkaði líka fyrir og bað þá
að tilreiða. 8 Allir viðstaddir borðuðu sig metta
og að því búnu sendi hann þá heim. Þarna voru
um fjögur þúsund manns og þegar leifunum
hafði verið safnað saman eftir máltíðina, fylltu
þær sjö stórar körfur! 10 Strax að þessu loknu
fór hann á bátnum ásamt lærisveinunum og
hélt til Dalmanútahéraðs. 11 Þegar leiðtogar
staðarins fréttu að Jesús væri kominn, fóru
þeir til hans til að þrátta við hann. „Gerðu
nú eitthvert kraftaverk fyrir okkur, “sögðu
þeir. „Láttu eitthvað birtast á himninum og þá
skulum við trúa á þig.“ 12 Þegar hann heyrði
þetta stundi hann þungan og sagði: „Nei, ég
hef alls ekki hugsað mér að gefa ykkur slíkt
tákn.“ 13 Síðan steig hann aftur um borð í
bátinn og hélt yfir vatnið. 14 Þeir höfðu þá
aðeins eitt brauð meðferðis því lærisveinarnir
höfðu gleymt að birgja sig upp af mat áður en
þeir lögðu frá landi. 15 Á leiðinni yfir vatnið
sagði Jesús við lærisveinana alvarlegur í bragði:
„Varið ykkur á súrdeigi Heródesar konungs og
faríseanna.“ 16 „Hvað á hann nú við?“spurðu
lærisveinarnir hver annan. Að lokum komust
þeir að þeirri niðurstöðu að hann hlyti að eiga
við brauðið sem þeir höfðu gleymt að kaupa.
17 Jesús vissi um hvað þeir voru að tala og
sagði því: „Nei, ég á alls ekki við það! Skiljið
þið mig ekki? 18 Það er satt sem Jesaja sagði.
„Augun eru til að sjá, en hvers vegna notið þið
þau ekki? Og hvers vegna hlustið þið ekki, til
þess eru eyrun.“Munið þið ekkert eða hvað?
19 Hvað um fimm þúsundirnar sem ég mettaði
með brauðunum fimm? Og hvað fylltuð þið
margar körfur með brauðmolum á eftir?“„Tólf,
“svöruðu þeir. 20 „Og þegar ég lét sjö brauð
nægja handa fjórum þúsundum, varð þá eitthvað
eftir?“„Sjö fullar körfur, “svöruðu þeir. 21
„Haldið þið þá enn að ég kvíði brauðleysinu?“
22 Þegar þeir stigu á land í Betsaída var komið
með blindan mann og Jesús beðinn að lækna
hann. 23 Jesús leiddi blinda manninn út úr
bænum, spýtti í augu hans og lagði hendur
sínar yfir þau. „Sérðu núna?“spurði Jesús. 24
Maðurinn leit í kring um sig. „Já, “svaraði hann,
„ég sé fólk, en ég sé óskýrt, það er eins og
trjástofnar.“ 25 Þegar Jesús hafði lagt hendur
sínar yfir augu mannsins í annað sinn horfði
hann athugull í kringum sig, því nú sá hann allt
mjög skýrt. 26 Jesús sagði að hann skyldi halda
rakleiðis heim til fjölskyldu sinnar en ekki koma
við í bænum á leiðinni. 27 Jesús og lærisveinar
hans fóru nú frá Galíleu og til þorpanna í
grennd við Sesareu Filippí. Á leiðinni spurði
hann þá: „Hvað heldur fólk um mig? Hver
heldur það að ég sé?“ 28 „Sumir halda að þú
sért Jóhannes skírari, “svöruðu lærisveinarnir.
„Aðrir segja að þú sért Elía eða einhver hinna
fornu spámanna risinn upp frá dauðum.“ 29
„En þið?“spurði hann, „hvern segið þið mig
vera?“Og Pétur svaraði: „Þú ert Kristur.“ 30 Þá
áminnti Jesús þá um að tala ekki um þetta við
nokkurn mann. 31 Síðan sagði hann þeim frá
þjáningunum sem biðu hans, að honum yrði
hafnað af öldungunum, æðstu prestunum og
öðrum leiðtogum þjóðarinnar, og eftir það yrði
hann deyddur, en risi upp frá dauðum á þriðja
degi. 32 Hann talaði svo opinskátt við þá um
þetta, að Pétur vék honum afsíðis og ávítaði
hann. „Svona mátt þú ekki tala, “sagði Pétur.
33 Jesús sneri sér við, leit á lærisveinana og
sagði síðan við Pétur ákveðinni röddu: „Burt
með þig, Satan! Þú lítur á málið frá mannlegu

sjónarmiði en ekki Guðs.“ 34 Síðan kallaði hann
á lærisveinana og allt fólkið og sagði: „Vilji
einhver fylgja mér, þá afneiti hann sjálfum sér,
taki upp kross sinn og fylgi mér fast eftir, 35
því hver sá sem vill eiga líf sitt fyrir sjálfan sig,
mun tapa því. Þeir einir, sem afneita sjálfum sér
vegna mín og gleðiboðskaparins, munu kynnast
lífinu í raun og veru. 36 Hvaða gagn er að því
að eignast allan heiminn, ef maður týnir við
það sálu sinni? 37 Er sál mannsins ekki það
dýrmætasta sem hann á? 38 Þegar ég kem aftur
í dýrð föðurins með heilögum englum, mun ég
blygðast mín fyrir hvern þann sem blygðast sín
fyrir mig og mín orð á þessum tímum syndar
og vantrúar.“

9 Jesús hélt áfram að tala við lærisveina sína og
sagði: „Sumir ykkar, sem hér standa, munu
lifa það að sjá guðsríki – vald Guðs og stjórn –
koma með miklum krafti.“ 2 Sex dögum síðar
tók Jesús þá Pétur, Jakob og Jóhannes eina með
sér upp á hátt fjall. Skyndilega sáu þeir að
andlit hans sveipaðist dýrlegum ljóma 3 og föt
hans urðu skínandi björt – hvítari en nokkur
föt geta orðið. 4 Síðan birtust Móse og Elía og
fóru að ræða við Jesú! 5 „Meistari, þetta er
stórkostlegt!“hrópaði Pétur. „Við skulum reisa
hér þrjú skýli, eitt handa þér, annað handa
Móse og það þriðja handa Elía.“ 6 Þetta sagði
hann bara til að segja eitthvað, því hann vissi
ekki hvað hann átti að gera, og raunar voru
þeir allir skelfingu lostnir. 7 En áður en Pétur
hafði lokið við setninguna, kom ský yfir þá,
sem skyggði á sólina, og þeir heyrðu rödd
úr skýinu, sem sagði: „Þessi er minn elskaði
sonur. Hlustið á hann.“ 8 Er þeir litu í kring
um sig, sáu þeir engan nema Jesú einan, –
Móse og Elía voru horfnir. 9 Á leiðinni niður
af fjallinu bað hann þá að segja engum frá því
sem þeir höfðu séð, ekki fyrr en hann væri
risinn upp frá dauðum. 10 Þeir þögðu því um
þetta við aðra en ræddu það oft sín á milli og
veltu þá fyrir sér hvað hann hefði átt við með
orðunum „risinn upp frá dauðum“. 11 En þarna
í fjallshlíðinni spurðu þeir hann um nokkuð
sem trúarleiðtogar þjóðarinnar töluðu oft um,
það að fyrst yrði Elía að koma (áður en Kristur
gæti komið). 12 Jesús játti því að Elía yrði að
koma á undan og ryðja brautina – síðan bætti
hann við: „Hann er reyndar búinn að koma!
En það var farið hræðilega með hann, rétt eins
og spámennirnir höfðu sagt fyrir.“Síðan spurði
hann þá hvað spámennirnir hefðu átt við er
þeir spáðu að Kristur ætti að þjást og þola hina
dýpstu niðurlægingu. 14 Við rætur fjallsins
sáu þeir mikinn mannfjölda, sem safnast hafði
umhverfis lærisveinana níu, sem orðið höfðu
eftir. Þar voru nokkrir fræðimenn að þrátta
við þá. 15 Þegar Jesús nálgaðist, leit fólkið til
hans með lotningu og hljóp til móts við hann
til þess að heilsa honum. 16 „Um hvað eruð
þið að deila?“spurði Jesús. 17 „Meistari, “sagði
maður einn í hópnum, „ég kom hingað með
son minn til að biðja þig að lækna hann – hann
er mállaus, því illur andi er í honum. 18 Þegar
andinn hefur hann á valdi sínu, kastar hann
honum niður svo að hann froðufellir, gnístir
tönnum og stífnar upp. Ég bað lærisveina þína
að reka þennan illa anda út en þeir gátu það
ekki.“ 19 Þá sagði Jesús (við lærisveinana): „Æ,
lítil er trú ykkar, hversu lengi þarf ég að vera
með ykkur til þess að þið trúið? Hversu lengi
á ég að umbera ykkur? Komið hingað með
drenginn.“ 20 Þeir sóttu því drenginn, en þegar
illi andinn sá Jesú, þá teygði hann drenginn
sundur og saman svo að hann féll til jarðar,
veltist um og froðufelldi. 21 „Hve lengi hefur
þetta verið svona?“spurði Jesús föður hans.
„Síðan hann var lítill. 22 Oft lætur andinn hann
falla í eldstóna eða í vatn til að reyna að gera
út af við hann. Ó, miskunnaðu okkur og gerðu
eitthvað til að hjálpa okkur, ef þú getur.“ 23
„Ef ég get?“spurði Jesús, og síðan bætti hann
við: „Ef þú trúir er allt mögulegt.“ 24 „Ég trúi,
“svaraði maðurinn, „en hjálpaðu mér svo ég
eignist enn meiri trú.“ 25 Mannfjöldinn þyrptist
nú að, en Jesús hastaði á illa andann og sagði:
„Þú andi heyrnarleysis og málleysis, ég skipa
þér að fara út af þessu barni og koma aldrei
aftur.“ 26 Þá rak illi andinn upp hræðilegt org,
teygði drenginn sundur og saman og fór út úr
honum. Drengurinn lá hreyfingarlaus og virtist
dáinn. Kliður fór um mannfjöldann – „Hann
er dáinn, hann er dáinn.“ 27 En Jesús tók um
hönd hans og hjálpaði honum á fætur. Og þarna
stóð hann – alheill! 28 Eftir á, þegar Jesús var
orðinn einn með lærisveinunum innan dyra,
spurðu þeir hann: „Hvers vegna gátum við ekki
rekið þennan illa anda út?“ 29 Jesús svaraði
og sagði: „Við þessu dugar ekkert nema bæn.“
30 Síðan fór hann burt þaðan og ferðaðist um
Galíleu. Hann reyndi að forðast að vekja á sér

athygli, svo að hann gæti eytt meiri tíma með
lærisveinunum og kennt þeim. Hann sagði við
þá: „Ég, Kristur, mun verða svikinn og deyddur
en á þriðja degi mun ég rísa upp á ný.“ 32
Þetta skildu þeir ekki og þorðu ekki að spyrja
hann við hvað hann ætti. 33 Þeir komu til
Kapernaum og er þeir voru komnir þar inn í
hús, spurði hann þá: „Um hvað voruð þið að
ræða á leiðinni?“ 34 Þeir þorðu ekki að svara,
því þeir höfðu verið að prátta um hver þeirra
væri mestur. 35 Hann settist, kallaði þá til sín og
sagði: „Sá sem vill verða mestur, hann verður
að vera minnstur; þjónn allra.“ 36 Síðan kallaði
hann á lítið barn og setti það á meðal þeirra.
Að því búnu tók hann það í fang sér og sagði:
37 „Hver sá sem tekur á móti litlu barni eins
og þessu, mín vegna, tekur á móti mér, og
hver sá sem tekur á móti mér, tekur á móti
föður mínum sem sendi mig.“ 38 Dag einn sagði
Jóhannes, einn af lærisveinum hans, við hann:
„Meistari, við sáum mann sem notaði nafn þitt
til að reka út illa anda. Við bönnuðum honum
það, af því að hann er ekki einn úr okkar hópi.“
39 „Það skuluð þið ekki gera, “sagði Jesús, „því
að enginn sem unnið hefur kraftaverk í mínu
nafni, snýst gegn mér á eftir. 40 Sá sem ekki er
á móti okkur, hann er með okkur. 41 Ef einhver
gefur ykkur eitthvað, þó ekki sé nema eitt
vatnsglas, vegna þess að þið tilheyrið mér – þá
skuluð þið vita að hann mun fá sín laun. 42 En!
– ef einhver verður til þess að einn af þessum
smælingjum sem trúa á mig, glatar trúnni, væri
betra fyrir þann mann að vera fleygt í sjóinn,
með stóran myllustein bundinn um hálsinn. 43
Ef hönd þín gerir rangt, þá er betra að skera
hana af og hafa aðeins aðra höndina og eignast
eilíft líf, en hafa báðar og vera varpað í helvíti.
(Geenna g1067) 45 Ef fótur þinn leiðir þig á veg
illskunnar, höggðu hann þá af! Betra er að vera
einfættur og eignast eilíft líf, en ganga á báðum
fótum til helvítis. (Geenna g1067) 47 Ef auga þitt
teymir þig út í syndina, stingdu það þá úr! Betra
er að ganga hálfblindur inn í guðsríki, en hafa
bæði augun og líta elda helvítis. (Geenna g1067) 48
Þar mun ormurinn aldrei deyja og eldur ekki
slokkna. 49 Þar eru allir eldi saltaðir! 50 Salt
er gott, en ef það missir seltuna, þá er það
gagnslaust. Gætið því að missa ekki seltuna og
haldið frið ykkar á milli.“

10 Eftir þetta fór Jesús frá Kapernaum og kom
til Júdeu og byggðanna austan Jórdanar.
Fólkið streymdi til hans eins og áður og hann
kenndi því. 2 Nokkrir farísear komu þá til
hans og spurðu: „Leyfir þú hjónaskilnað?“Þeir
ætluðu að snúa á hann með þessari spurningu.
3 Jesús svaraði með annarri spurningu: „Hvað
sagði Móse um slíkt?“ 4 Þeir svöruðu: „Hann
sagði að það væri ekkert við það að athuga.
Það eina, sem maðurinn þyrfti að gera, væri
að afhenda konu sinni skilnaðarbréf. Það væri
allt og sumt.“ 5 „Ég skal segja ykkur hvers
vegna hann sagði þetta, “sagði Jesús. „Það var
tilslökun vegna illsku ykkar, 6 því þannig hafði
Guð ekki hugsað sér það. Í upphafi skapaði
hann karl og konu og hann ætlaði þeim að lifa
saman alla ævi í hjónabandinu. Karlmaðurinn á
því að yfirgefa föður og móður, 8 og búa með
eiginkonu sinni, svo að þau verði ekki lengur
tvö heldur eitt. 9 Það sem Guð hefur sameinað,
má enginn maður sundur skilja.“ 10 Þegar hann
síðar var orðinn einn með lærisveinum sínum í
húsinu, tóku þeir upp þráðinn á ný. 11 Þá sagði
Jesús: „Sá sem skilur við konu sína og kvænist
annarri, drýgir hór gegn henni. 12 Og skilji kona
við mann sinn og giftist öðrum, drýgir hún
hór.“ 13 Sumir komu með börnin sín til Jesús
og báðu hann að blessa þau. Lærisveinarnir
stugguðu þeim þá frá og sögðu að ekki mætti
ónáða hann. 14 Þegar Jesús sá þetta, sárnaði
honum, og hann sagði við lærisveinana: „Leyfið
börnunum að koma til mín og bannið þeim
það ekki, því slíkra er guðsríki. 15 Ég legg á
það áherslu að sá, sem ekki vill koma til Guðs
eins og lítið barn, mun aldrei komast inn í ríki
hans.“ 16 Síðan tók hann börnin í fang sér, lagði
hendur yfir þau og blessaði. 17 Jesús var í þann
veginn að leggja upp í ferð, þegar maður nokkur
kom hlaupandi til hans, kraup og spurði. „Góði
meistari, hvað verð ég að gera til að eignast
eilíft líf?“ (aiōnios g166) 18 „Hvers vegna kallar
þú mig góðan?“spurði Jesús. „Enginn er góður
nema einn og það er Guð. 19 Þú þekkir boðorðin:
Þú skalt ekki morð fremja, ekki drýgja hór, ekki
stela, ekki ljúga, ekki svíkja og heiðra skaltu
föður þinn og móður.“ 20 „Meistari, “svaraði
maðurinn, „ég hef hlýtt þessum boðorðum allt
frá barnæsku.“ 21 Jesú fór að þykja vænt um
þennan mann; hann leit á hann og sagði: „Eitt
vantar þig samt: Seldu allt sem þú átt og gefðu
fátækum peningana – þá munt þú eiga auðæfi á

himnum. Komdu síðan og fylgdu mér.“ 22 Þá
varð maðurinn niðurlútur og fór burt, dapur í
bragði, því hann var mjög ríkur. 23 Jesús horfði
á eftir honum þegar hann gekk burt, síðan sneri
hann sér að lærisveinunum og sagði: „Það er
erfitt fyrir ríka menn að komast inn í guðsríki.“
24 Lærisveinarnir urðu undrandi! Jesús sagði því
aftur: „Börnin góð, það er erfitt fyrir þá, sem
treysta auðæfunum, að komast inn í guðsríki.
25 Auðveldara er fyrir úlfalda að fara gegnum
nálarauga, en ríkan mann að komast inn í
guðsríki.“ 26 Nú urðu lærisveinarnir öldungis
forviða! „Hver getur þá orðið hólpinn?“spurðu
þeir. 27 Jesús horfði fast á þá og sagði: „Án Guðs
er það ómögulegt, en Guði er enginn hlutur um
megn.“ 28 Þá tók Pétur að telja upp allt sem
hann og lærisveinarnir hefðu yfirgefið og sagði
síðan: „Við höfum yfirgefið allt og fylgt þér...“
29 Jesús svaraði: „Ég fullvissa ykkur um að hver
sá sem yfirgefur allt – heimili, bræður, systur,
móður, föður, börn eða eignir – af kærleika til
mín og til að geta flutt öðrum gleðiboðskapinn,
mun fá sín laun. 30 Honum verður launað
hundraðfalt! Heimili, bræður, systur, mæður,
börn og land – og ofsóknir. Allt þetta mun
hann fá á jörðu og auk þess eilíft líf í hinum
komandi heimi. (aiōn g165, aiōnios g166) 31 Þá mun
lítið verða úr mörgum sem nú telja sig mikla, en
margir sem nú eru fyrirlitnir, munu þar hljóta
virðingu.“ 32 Nú lá leiðin til Jerúsalem. Jesús
gekk hratt á undan lærisveinunum, sem fylgdu
honum undrandi og kvíðnir. Jesús fór með þá
afsíðis og tók enn að lýsa fyrir þeim því sem
biði hans í Jerúsalem. 33 „Þegar þangað kemur
mun ég, Kristur, verða handtekinn og leiddur
fyrir æðstu prestana og leiðtoga þjóðarinnar.
Þeir munu dæma mig til dauða og selja mig í
hendur Rómverjanna, svo þeir geti tekið mig
af lífi. 34 Fyrst munu þeir hæðast að mér og
hrækja á mig, síðan húðstrýkja, og því næst
lífláta mig. Þrem dögum síðar mun ég rísa upp
frá dauðum.“ 35 Nú komu Jakob og Jóhannes,
synir Sebedeusar, til hans og sögðu við hann
í hálfum hljóðum: „Meistari, okkur langar að
biðja þig um nokkuð.“ 36 „Hvað er það?“spurði
hann. 37 „Okkur langar að sitja næst þér í
konungsríki þínu, annar hægra megin, hinn
vinstra megin, “svöruðu þeir. 38 „Þið vitið ekki
um hvað þið eruð að biðja!“sagði Jesús. „Getið
þið drukkið þann sorgarbikar sem ég verð að
drekka? Eða skírst þeirri þjáningaskírn sem
ég verð að skírast?“ 39 „Já, já, það getum við,
“svöruðu þeir. Þá sagði Jesús: „Já, þið munuð
vissulega fá að drekka þennan bikar minn og
skírast þessari skírn, 40 en ég hef ekki leyfi til
að láta ykkur eftir hásætin sem næst mér eru og
það hefur reyndar þegar verið ákveðið hverjir
þau skuli hljóta.“ 41 Þegar hinir lærisveinarnir
komust að því hvers Jakob og Jóhannes höfðu
spurt, urðu þeir mjög gramir. 42 Jesús kallaði þá
til sín og sagði: „Þið vitið að þeir sem teljast
ráða yfir þjóðunum, drottna yfir þeim og láta
þær kenna á valdi sínu, 43 en þannig er það ekki
meðal ykkar. Sá ykkar sem vill verða mikill,
verður að vera þjónn hinna, 44 og sá sem vill
verða mestur allra, verður að vera allra þræll.
45 Ég, Kristur, kom ekki hingað til að láta þjóna
mér, heldur til að þjóna öðrum, og gefa líf mitt
sem lausnargjald fyrir marga.“ 46 Þeir komu til
Jeríkó. Síðar, þegar þeir voru að fara þaðan aftur,
fylgdi honum mikill mannfjöldi. Við veginn sat
blindur betlari, Bartímeus, sonur Tímeusar. 47
Þegar Bartímeus heyrði að Jesús frá Nasaret færi
þar, tók hann að hrópa og kalla: „Jesús, sonur
Davíðs, miskunnaðu mér!“ 48 Margir skipuðu
honum að þegja, en það varð til þess að hann
hrópaði enn ákafar: „Sonur Davíðs, miskunnaðu
mér!“ 49 Þegar Jesús heyrði hrópin, nam hann
staðar og sagði: „Segið honum að koma.“Þeir
kölluðu því á blinda manninn og sögðu: „Þú
ert heppinn! Hann sagði þér að koma.“ 50
Bartímeus henti af sér yfirhöfninni, stökk á
fætur og flýtti sér til Jesú. 51 „Hvað viltu að ég
geri fyrir þig?“spurði Jesús. „Meistari, “sagði
blindi maðurinn, „mig langar að fá sjónina!“ 52
„Bæn þín er heyrð, “sagði Jesús. „Trú þín hefur
læknað þig.“Samstundis fékk blindi maðurinn
sjónina og fylgdi Jesú áleiðis.

11 Þegar þeir komu til Betfage og Betaníu,
sem eru smáþorp við Olíufjallið, skammt
frá Jerúsalem, sendi Jesús tvo lærisveina sinna á
undan sér. 2 „Farið í þorpið þarna á móti, “sagði
hann. „Þegar þið komið þangað, munuð þið
finna ösnufola sem enginn hefur komið á bak.
Leysið hann og færið mér. 3 Ef einhver spyr
hvers vegna þið gerið þetta, skuluð þið segja:
„Meistari okkar þarf á honum að halda, en
hann skilar honum fljótt aftur“.“ 4 Mennirnir
tveir fóru og fundu folann bundinn hjá húsi
nokkru við eina götuna. Meðan þeir voru að
leysa hann, spurðu menn sem þar voru: „Hvers

vegna leysið þið folann?“ 6 Þeir svöruðu eins
og Jesús hafði sagt þeim að gera og þá leyfðu
mennirnir þeim að taka hann. 7 Síðan fóru
þeir með folann til Jesú. Lærisveinarnir lögðu
yfirhafnir sínar á hann og Jesús settist á bak.
8 Margir í mannþyrpingunni lögðu yfirhafnir
sínar á veginn þar sem Jesús fór, en aðrir lögðu
laufgaðar greinar og strá sem þeir höfðu skorið
af ökrunum. 9 Athygli allra beindist að Jesú
og fólkið gekk í hópum á undan og eftir og
hrópaði: „Blessaður sé konungurinn, sem kemur
í nafni Drottins!“ 10 „Lofaður sé Guð, því hann
endurreisir konungdóm Davíðs...“„Lengi lifi
Drottinn himnanna!“ 11 Þegar Jesús var kominn
til Jerúsalem, fór hann inn í musterið, gekk um
og virti allt gaumgæfilega fyrir sér. Um kvöldið
fór hann út til Betaníu ásamt lærisveinunum
tólf og gisti þar. 12 Þegar þeir fóru frá Betaníu
daginn eftir, fann Jesús til hungurs. 13 Þá kom
hann auga á laufgað fíkjutré skammt frá. Hann
gekk að trénu til að athuga hvort á því væru
nokkrar fíkjur. Þar var aðeins lauf að finna,
engar fíkjur, því þetta var snemma árs og
fíkjurnar enn ekki sprottnar. 14 Þá sagði Jesús
við tréð, svo lærisveinarnir heyrðu: „Aldrei
framar munt þú ávöxt bera!“ (aiōn g165) 15 Þegar
til Jerúsalem kom, fór hann upp í musterið og
rak út kaupmennina og viðskiptavini þeirra.
Hann hratt um koll stólum dúfnasalanna og
borðum þeirra sem skiptu mynt, 16 og stöðvaði
þá sem voru að bera inn alls konar söluvarning.
17 Hann sagði við þá: „Guðs orð segir: „Musteri
mitt á að vera bænastaður fyrir allar þjóðir, en
þið hafið breytt því í ræningjabæli“.“ 18 Þegar
æðstu prestarnir og aðrir leiðtogar þjóðarinnar
fréttu þetta, ræddu þeir hvernig þeir gætu ráðið
Jesú af dögum, en þeir óttuðust uppþot meðal
fólksins, sem líkaði vel það sem Jesús sagði. 19
Þetta kvöld fóru Jesús og lærisveinarnir út úr
borginni eins og þeir voru vanir. 20 Morguninn
eftir, þegar þeir gengu framhjá fíkjutrénu, sáu
þeir að það hafði visnað frá rótum. 21 Þá
minntist Pétur þess sem Jesús hafði sagt við
tréð daginn áður og hrópaði: „Sjáðu, meistari!
Fíkjutréð, sem þú formæltir, er visnað!“ 22 „Ég
segi ykkur satt, “sagði Jesús. „Ef þið trúið á
Guð, þá getið þið sagt við Olíufjallið: „Upp með
þig og steypstu í hafið“og það mundi hlýða.
Skilyrðið er trú sem ekki efast um mátt Guðs.
24 Og takið nú eftir! Þið getið beðið um hvað
sem er og ef þið trúið, þá fáið þið það! 25 En
áður en þið biðjið, fyrirgefið þá þeim sem þið
hafið gert eitthvað á móti, svo að faðirinn á
himnum geti fyrirgefið ykkur syndir ykkar.“ 26
Þeir komu nú aftur til Jerúsalem. Jesús var á
gangi í musterinu þegar æðstu prestarnir og
aðrir leiðtogar þjóðarinnar komu til hans og
sögðu ákveðnir: „Hvað gengur eiginlega á hér?
Hver gaf þér vald til að reka kaupmennina burt
héðan?“ 29 Jesús svaraði: „Það skal ég segja
ykkur, ef þið svarið fyrst einni spurningu: 30
Var Jóhannes skírari sendiboði Guðs eða ekki?
Svarið mér!“ 31 Þeir báru saman ráð sín og
sögðu: „Ef við svörum já, þá mun hann segja:
„Jæja, hvers vegna trúðuð þið þá ekki orðum
hans?“ 32 en ef við segjum nei, þá mun fólkið
tryllast.“(Fólkið trúði því statt og stöðugt að
Jóhannes hefði verið spámaður.) 33 Þeir svöruðu
því: „Við vitum það ekki.“„Þá svara ég ekki
heldur spurningu ykkar, “sagði Jesús.

12 Hér eru nokkrar af dæmisögunum sem
Jesús sagði fólkinu þessa daga: „Maður
nokkur gerði sér víngarð. Hann hlóð vegg
umhverfis garðinn, bjó til þró til að pressa í
vínberin og reisti eftirlitsturn. Að því búnu
leigði hann vínyrkjubændum garðinn og fluttist
sjálfur í annað land. 2 Þegar uppskerutíminn
kom, sendi hann einn af mönnum sínum til að
ná í sinn hluta uppskerunnar. 3 En bændurnir
börðu manninn og sendu hann heim tómhentan.
4 Eigandinn sendi þá annan mann, en sá fékk
jafnvel enn verri útreið, því að þeir börðu hann
í höfuðið og særðu hann. 5 Sá þriðji sem hann
sendi, var drepinn, og seinna voru fleiri ýmist
barðir eða drepnir. 6 Nú átti víngarðseigandinn
aðeins einkason sinn eftir. Hann ákvað að senda
hann, því hann taldi að þeir myndu áreiðanlega
sýna honum virðingu. 7 En þegar bændurnir
sáu hann koma, sögðu þeir hver við annan:
„Þessi er sonur víngarðseigandans og hann
mun erfa víngarðinn þegar faðir hans deyr.
Komið, við skulum drepa hann – og þá eigum
við garðinn.“ 8 Og þeir gripu hann og myrtu og
fleygðu líkinu út fyrir vegginn. 9 Hvað haldið
þið að eigandinn geri þegar hann fær fréttirnar?
Hann kemur og drepur þá alla og leigir öðrum
víngarðinn. 10 Munið þið eftir þessu versi í
Biblíunni: „Steinninn, sem smiðirnir höfnuðu,
var gerður að hornsteini og hlaut þar með
mesta heiður allra steina í byggingunni.“ 11
Þetta gerði Drottinn og það er stórkostlegt að

vita.“ 12 Leiðtogar þjóðarinnar vildu nú ólmir
handtaka Jesú, því þeir skildu að dæmisagan
var um þá – þeir voru bændaófétin í sögunni.
Þeir þorðu samt ekki að taka hann, af ótta við
uppþot. Þeir fóru því burt, 13 en sendu aðra í
staðinn – menn úr hópi farísеanna og flokki
Heródesarsinna. Þessir reyndu nú að fá hann til
að segja eitthvað sem hægt væri að handtaka
hann fyrir. 14 „Meistari, við vitum að þú segir
sannleikann, hver sem í hlut á!“sögðu þeir.
„Þú lætur þig engu varða skoðanir eða viðhorf
annarra, þú kennir veg Guðs í sannleika. Segðu
okkur eitt: Er rétt af okkur að greiða Rómverjum
skatta?“ 15 Jesús sá slægð þeirra og sagði: „Sýnið
mér peninginn sem þið borgið skattinn með og
þá skal ég segja ykkur það.“ 16 Þeir réttu honum
myntina og hann spurði: „Hvaða mynd og nafn
er á henni?“„Keisarans, “svöruðu þeir. 17 „Nú,
já“svaraði hann, „gjaldið þá keisaranum það
sem keisarinn á og Guði það sem Guð á.“Þeir
urðu undrandi. Á slíku svari áttu þeir síst von.
18 Þá gengu saddúkearnir fram. Þeir álíta að
upprisa dauðra sé ekki til. Spurning þeirra var
á þessa leið: 19 „Meistari! Móse setti lög sem
segja að deyi maður barnlaus, skuli bróðir hans
kvænast ekkjunni og eignast börn sem beri
nafn látna bróðurins. 20 Einu sinni voru sjö
bræður. Sá elsti kvæntist og dó barnlaus. Annar
bróðirinn kvæntist ekkjunni, en dó líka barnlaus
stuttu síðar. Þriðji bróðirinn gekk einnig að eiga
ekkjuna, en hann dó einnig barnlaus, og þannig
gekk það koll af kolli þar til allir bræðurnir
voru dánir, en enginn hafði látið eftir sig barn.
Að lokum dó konan líka. 23 Nú langar okkur að
vita hver þeirra muni fá hana fyrir eiginkonu í
upprisunni, fyrst hún var gift þeim öllum!“ 24
Jesús svaraði: „Vandi ykkar er sá að þið þekkið
ekki Biblíuna og skiljið því ekki mátt Guðs. 25
Konan og bræðurnir sjö munu ekki ganga í
hjónaband, þegar þau rísa upp frá dauðum,
heldur munu þau verða eins og englarnir. 26
En varðandi það hvort um upprisu verði að
ræða, vil ég spyrja: Hafið þið aldrei lesið um
logandi þyrnirunnann í annarri Mósebók? Guð
sagði við Móse: „Ég er Guð Abrahams, ég er
Guð Ísaks, og ég er Guð Jakobs.“ 27 Guð var að
undirstrika fyrir Móse að þessir menn væru
lifandi, enda þótt þeir hefðu dáið mörgum
öldum áður, því væru þeir ekki á lífi, hefði hann
ekki sagt: „Ég er Guð þeirra.“Þið hafið misskilið
þetta hrapallega.“ 28 Lögfræðingi nokkrum,
sem þar stóð og hlustað hafði á samræðurnar,
fannst Jesús hafa svarað vel. Hann spurði því
Jesú: „Hvaða boðorð er mikilvægast?“ 29 „Þetta,
“svaraði Jesús: „ „Heyr Ísrael! Drottinn, Guð
þinn, er hinn eini og sanni Guð, 30 þú skalt elska
hann af öllu hjarta þínu og allri sálu þinni, huga
þínum og mætti.“ 31 Því næst er þetta: „Þú skalt
elska meðbræður þína eins og sjálfan þig.“Þetta
eru æðstu boðorðin.“ 32 „Þetta var gott svar,
herra, “sagði fræðimaðurinn. „Og satt er það
að aðeins er til einn Guð og enginn annar. 33
Ég veit, að það að elska hann af öllu hjarta,
huga og mætti og elska aðra eins og sjálfan sig,
er langtum mikilvægara en færa allar þessar
fórnir á altari musterisins.“ 34 Þegar Jesús sá
hve skilningsríkur maðurinn var, sagði hann:
„Þú ert ekki fjarri guðsríkinu.“Eftir þetta þorði
enginn að spyrja hann neins. 35 Seinna, þegar
Jesús var að kenna fólkinu á musterissvæðinu,
sagði hann: „Segið mér eitt. Hvers vegna segja
fræðimenn ykkar að Kristur verði að vera
afkomandi Davíðs konungs? 36 Davíð sagði fyrir
áhrif heilags anda: „Guð sagði við minn Drottin,
sittu mér til hægri handar, uns ég legg alla
óvini þína að fótum þér.“ 37 Fyrst Davíð kallar
hann „sinn Drottin“hvernig getur hann þá verið
sonur hans?“Mannfjöldanum líkaði vel að heyra
slíkar röksemdir og hlustaði á Jesú af miklum
áhuga. 38 Jesús hélt áfram að fræða fólkið og
sagði: „Gætið ykkar á fræðimönnunum! Þeir
hafa unun af að klæðast skikkjum að hætti
ríkra menntamanna, og þegar þeir ganga um
bæinn, vilja þeir að allir hneigi sig fyrir þeim.
39 Þeir sækjast eftir að sitja í heiðurssætum
samkomuhúsanna og við háborðið í veislunum.
40 Þeir flæma ekkjur út af heimilum þeirra
og þykjast guðræknir með því að biðja langar
bænir á almannafæri. Þess vegna munu þeir fá
enn þyngri dóm.“ 41 Að því búnu fékk Jesús
sér sæti hjá söfnunarbaukunum í musterinu
og virti fyrir sér fólkið sem var að leggja í þá
gjafir sínar. Sumir auðmenn gáfu mikið. 42
Þá kom fátæk ekkja og gaf tvo smápeninga í
samskotin. 43 Jesús kallaði þá á lærisveina sína
og sagði: „Þessi fátæka ekkja gaf meira en allir
auðmennirnir samanlagt! Þeir gáfu aðeins lítið
brot af eigum sínum, en hún gaf aleiguna.“

13 Þegar Jesús gekk út úr musterinu þennan
dag, sagði einn lærisveinanna við hann:
„Meistari, þetta eru fallegar byggingar! Sjáðu til

dæmis myndirnar þarna á veggjunum.“ 2 „Já, “svaraði Jesús, „en hér verður samt ekki skilinn
eftir steinn yfir steini, ekkert nema rústir einar.“
3 Og þegar hann sat í hlíð Olíufjallsins, hinum
megin dalsins gegnt musterinu, komu Pétur,
Jakob, Jóhannes og Andrés til hans og spurðu:
„Hvenær mun þetta verða? Mun eitthvert tákn
birtast áður, til viðvörunar?“ 5 Jesús svaraði:
„Látið engan leiða ykkur afvega, 6 því margir
munu koma og segjast vera Kristur, og þeir
munu leiða ógæfu yfir marga. 7 Óttist ekki
þótt styrjaldir geisi, það er óhjákvæmilegt, en
endirinn er ekki þar með kominn. 8 Þjóðir
og ríki munu ráðast hvert gegn öðru, og víða
munu verða jarðskjálftar og hungursneyð. Þetta
verða fyrirboðar hörmunganna sem framundan
eru. 9 Gætið ykkar, því að þið verðið í mikilli
hættu! Þið verðið dregnir fyrir rétt, þið verðið
barðir í samkomuhúsunum og ákærðir frammi
fyrir landstjórum og konungum, vegna þess
að þið fylgið mér, en þá fáið þið líka tækifæri
til að vitna um mig. 10 Áður en endalokin
koma, verða allar þjóðir að hafa fengið að
heyra fagnaðarerindið. 11 En þegar þið verið
yfirheyrðir sem fangar, hafið þá ekki áhyggjur
af því hvernig þið eigið að verja ykkur – segið
það sem Guð minnir ykkur á. Það verða ekki
þið sem talið, heldur heilagur andi! 12 Bræður
munu svíkja hver annan í dauðann, og sama
munu feður gera við sín eigin börn og börnin
við foreldrana. 13 Allir munu hata ykkur af
því að þið tilheyrið mér, en þeir sem standa
stöðugir allt til enda og afneita mér ekki,
munu bjargast. 14 Þegar þið sjáið viðurstyggð
eyðingarinnar í musterinu – lesandi, taktu eftir
því – þá flýi þeir sem eru í Júdeu til fjalla, 15
og flýtið ykkur! Sértu staddur við þakdyrnar,
farðu þá ekki inn í húsið, og sértu úti á akri,
farðu þá ekki heim eftir peningum þínum eða
fötum. 17 Þær, sem eiga von á barni, verða illa
settar á þeim dögum og einnig þær, sem þá
hafa börn á brjósti. 18 Biðjið að flótti ykkar
verði ekki að vetri til. 19 Þessir tímar verða
svo miklir hörmungatímar, að þvílíkt hefur
aldrei fyrr orðið frá upphafi sköpunarinnar og
mun aldrei verða. 20 Ef Drottinn stytti ekki
þennan ógæfutíma, kæmist engin sála af í öllum
heiminum, en vegna þeirra, sem hann hefur
útvalið, mun hann stytta hann. 21 Ef einhver
segir við ykkur: „Þetta er Kristur, “eða „þarna
er hann, “þá gefið því engan gaum. 22 Margir
falskristar og falsspámenn munu koma og gera
stórkostleg kraftaverk til þess, ef mögulegt
er, að villa um fyrir börnum Guðs. 23 Varið
ykkur! Nú hef ég sagt ykkur það! 24 Eftir þessar
þrengingar mun sólin myrkvast og tunglið
hætta að skína, 25 stjörnurnar munu hrapa og
himnarnir nötra. 26 Þá mun allt mannkynið
sjá mig, Krist, koma í skýjunum með mætti og
mikilli dýrð. 27 Og ég mun senda englana út um
allan heim til að safna saman mínum útvöldu
– út til ystu endimarka heimsins. 28 Þið getið
lært af fíkjutrénu: Þið vitið að vorið er komið,
þegar brumið er orðið mjúkt og laufin fara að
springa út. 29 Þegar þið sjáið þessa atburði
gerast, sem ég nú hef lýst, þá getið þið reitt
ykkur á að endurkoma mín er fyrir dyrum. 30
Þetta eru táknin, sem gefa þessari kynslóð til
kynna að endirinn sé kominn. 31 Himinn og jörð
munu hverfa en orð mín standa að eilífu. 32 En
daginn og stundina er þetta gerist, veit enginn,
hvorki englarnir né ég, heldur aðeins faðirinn
einn. 33 Og fyrst þið vitið ekki stundina, verið
þá allsgáðir. Vakið og biðjið og verið viðbúnir
komu minni. 34 Endurkomu minni má líkja við
mann, sem ferðaðist til annars lands. Hann
sagði starfsmönnum sínum hvað hver og einn
ætti að gera meðan hann væri í burtu og bað
dyravörðinn að vera vel á verði meðan hann
biði komu sinnar. 35 Gætið að! Þið vitið ekki
hvenær mín er von, hvort það verður að kvöldi,
um miðnætti, undir morgun eða árdegis. Látið
mig ekki koma að ykkur sofandi, heldur verið
vakandi þegar ég kem! Það sem ég segi ykkur,
segi ég öllum: Vakið!“

14 Tveim dögum síðar hófst páskahátíðin –
en þá neyta Gyðingar ekki brauðs með
súru geri. Æðstu prestarnir og aðrir leiðtogar
þjóðarinnar voru enn að leita að tækifæri til að
handtaka Jesú svo lítið bæri á og lífláta hann. 2
„En það er útilokað á páskahátíðinni, “sögðu
þeir, „því þá færi allt í bál og brand.“ 3 Jesús
var um þessar mundir staddur í Betaníu, heima
hjá Símoni holdsveika. Meðan þeir voru að
borða kvöldverð, kom kona inn með fallega
flösku með dýrri ilmolíu. Hún braut innsiglið
af flöskunni og hellti innihaldinu yfir höfuð
Jesú. 4 Sumir, sem þarna voru, hneyksluðust á
þessari „sóun“eins og þeir kölluðu það. „Hvað
á þetta að þýða, “tautuðu þeir. „Hún hefði
getað selt ilmolíuna fyrir stórfé og gefið það

fátækum.“ 6 „Látið hana í friði, “sagði Jesús.
„Af hverju gagnrýnið þið hana fyrir gott verk?
7 Fátæka hafið þið ávallt hjá ykkur og þeim
getið þið liðsinnt hvenær sem þið viljið, en
mig hafið þið ekki ávallt. 8 Hún gerði það sem
hún gat og hún hefur smurt líkama minn fyrir
fram til greftrunar. 9 Ég segi ykkur satt: Hvar
sem fagnaðarerindið verður boðað í þessum
heimi, mun þess getið sem hún gerði og það
lofað.“ 10 Þegar hér var komið, fór Júdas
Ískaríot til æðstu prestanna, staðráðinn í að
svíkja Jesú í hendur þeirra. 11 Þegar þeim varð
ljóst erindi Júdasar, lifnaði yfir þeim og þeir
hétu honum launum. Eftir það leitaði Júdas
að hentugu tækifæri til að svíkja Jesú. 12 Á
fyrsta degi páskahátíðarinnar, þegar lömbunum
var slátrað, spurðu lærisveinar Jesú hann hvar
hann ætlaði að neyta páskamáltíðarinnar. 13
Þá sendi hann tvo þeirra til Jerúsalem til að
undirbúa máltíðina. „Þegar þið komið inn í
borgina, “sagði hann, „munuð þið sjá mann
koma á móti ykkur með vatnskrús. Fylgið
honum eftir. 14 Þar sem hann fer inn í hús,
skuluð þið segja við húsráðandann: „Meistari
okkar sendi okkur til að líta á herbergið, sem þú
ætlaðir okkur til að neyta páskamáltíðarinnar
í.“ 15 Þá mun hann fara með ykkur upp á loft
og inn í stórt herbergi, búið þægindum. Þar
skuluð þið undirbúa kvöldmáltíð okkar.“ 16
Lærisveinarnir tveir fóru því til borgarinnar
og fundu allt eins og Jesús hafði sagt og
undirbjuggu hátíðarverðinn. 17 Um kvöldið kom
Jesús ásamt lærisveinunum. 18 Þegar þeir voru
sestir við borðið sagði Jesús: „Ég segi ykkur satt:
Einn ykkar mun svíkja mig, einn ykkar, sem hér
sitjið og borðið með mér.“ 19 Lærisveinunum
brá mjög við þessi orð og mikil spenna lá í
loftinu. „Er það ég?“spurðu þeir einn af öðrum.
20 „Já, það er einn ykkar tólf, sem nú borðið hér
með mér, “svaraði Jesús. 21 „Ég verð að deyja
eins og spámennirnir sögðu fyrir, en mikil er
ógæfa þess sem mig svíkur. Betra væri að hann
hefði aldrei fæðst.“ 22 Meðan á máltíðinni stóð
tók Jesús brauð, og þakkaði Guði. Hann braut
það í bita, rétti þeim og sagði: „Borðið þetta –
það er líkami minn.“ 23 Síðan tók hann bikar
með víni, þakkaði og rétti þeim og þeir drukku
allir af honum. 24 Síðan sagði hann: „Þetta er
blóð mitt, sem úthellt er fyrir marga. Það er
innsigli hins nýja sáttmála milli Guðs og manna.
25 Ég segi ykkur satt að ég mun ekki bragða vín
fyrr en ég drekk nýja vínið í guðsríki.“ 26 Síðan
sungu þeir sálm og að því búnu fóru þeir út til
Olíufjallsins. 27 „Þið munuð allir yfirgefa mig,
“sagði Jesús, „því Guðs orð segir: „Ég mun slá
hirðinn og hjörðin mun tvístrast.“ 28 En eftir
að ég er risinn upp frá dauðum, mun ég fara til
Galíleu og hitta ykkur þar.“ 29 Þá sagði Pétur:
„Ég mun aldrei yfirgefa þig, hvað sem hinir
gera.“ 30 „Pétur, “sagði Jesús, „áður en haninn
hefur galað tvisvar í fyrramálið muntu þrisvar
afneita mér.“ 31 „Nei!“hrópaði Pétur. „Ég mun
aldrei afneita þér, jafnvel þótt ég ætti að deyja
með þér.“Og allir hinir tóku í sama streng. 32
Þeir komu í garð sem heitir Getsemane og þar
sagði Jesús við lærisveinana: „Setjist hérna og
bíðið meðan ég fer og biðst fyrir.“ 33 Síðan gekk
hann lengra ásamt Pétri, Jakobi og Jóhannesi.
Þá varð hann angistarfullur og tók að skjálfa.
34 Hann sagði við þá: „Ég er hryggur og fullur
örvæntingar á stund dauðans – bíðið hér og
vakið með mér.“ 35 Hann gekk spölkorn lengra,
féll til jarðar og bað þess að sú hræðilega stund,
sem biði hans, rynni aldrei upp, ef unnt væri.
36 „Faðir, “sagði hann, „allt er þér mögulegt.
Taktu þennan þjáningarbikar frá mér, en verði
samt þinn vilji en ekki minn.“ 37 Síðan gekk
hann þangað sem lærisveinarnir þrír voru og
fann þá sofandi. „Símon!“sagði hann. „Ertu
sofandi? Gastu ekki einu sinni vakað með mér
eina stund? 38 Vakið og biðjið til þess að þið
fallið ekki í freistni. Þótt andinn sé fús, er
holdið veikt.“ 39 Síðan fór hann aftur frá þeim
og bað sömu bænar. 40 Eftir það kom hann
til þeirra og fann þá enn sofandi. Þeir voru
mjög þreyttir og vissu ekki hvað þeir áttu að
segja. 41 Í þriðja skipti kom hann til þeirra og
sagði: „Sofið þið enn og hvílist? Nú er ekki
tími til að sofa! Ég hef verið svikinn í hendur
vondra manna. 42 Standið upp, við verðum
að fara! Sjáið! Svikari minn er að koma!“ 43
Áður en hann hafði sleppt orðinu, kom Júdas
(einn af lærisveinum hans) með hóp manna
vopnaða sverðum og kylfum. Menn þessa höfðu
æðstu prestarnir og aðrir leiðtogar þjóðarinnar
sent. 44 Júdas hafði sagt við þá: „Handtakið
þann sem ég heilsa. Það verður auðvelt að
ná honum.“ 45 Jafnskjótt og þeir komu, gekk
Júdas til Jesú og sagði glaðlega: „Meistari!“og
kyssti hann. 46 Og þeir lögðu hendur á Jesú
og tóku hann. 47 Einhver brá sverði á loft og
hjó til þjóns æðsta prestsins og sneið af honum

eyrað. 48 Jesús sagði við hópinn: „Er ég þá
hættulegur ræningi? Þið komið alvopnaðir til
að handtaka mig. 49 Af hverju tókuð þið mig
ekki í musterinu? Þar kenndi ég á hverjum degi!
En svona á þetta reyndar að fara, til þess að
spádómarnir um mig rætist.“ 50 Meðan Jesús
var að tala, yfirgáfu allir lærisveinarnir hann
og flýðu. 51 Og hópurinn lagði af stað með
Jesú. En ungur maður, klæddur náttslopp einum
saman, kom í humátt á eftir og þegar mennirnir
ætluðu að grípa hann, rifnaði sloppurinn og
hann flýði nakinn. 53 Nú var farið með Jesú til
hallar æðsta prestsins og þar söfnuðust fljótlega
saman allir æðstu prestarnir og aðrir leiðtogar.
54 Pétur kom langt á eftir og smeygði sér, svo
lítið bar á, inn fyrir hliðið við bústað æðsta
prestsins og settist við eldinn í garðinum ásamt
þjónunum sem þar voru. 55 Inni í húsinu reyndi
hæstiréttur Gyðinga að finna einhverja sök á
hendur Jesú, sem nægja mundi til dauðadóms,
en árangurslaust. 56 Fjöldi falsvitna gaf sig fram,
en framburði þeirra bar ekki saman. 57 Loksins
stóðu upp nokkrir menn og báru lognar sakir á
Jesú. 58 Þeir sögðu: „Við heyrðum hann segja:
„Ég mun rífa niður þetta musteri sem byggt
er af mannahöndum og byggja annað á þrem
dögum, án þess að hönd komi þar nærri“.“ 59
En ekki bar þeim heldur saman um þetta. 60 Þá
reis æðsti presturinn upp og spurði Jesú frammi
fyrir réttinum: „Þú svarar engu. Hvað viltu
segja þér til varnar?“ 61 Jesús svaraði honum
ekki einu orði. Þá spurði æðsti presturinn: „Ert
þú Kristur, sonur Guðs?“ 62 Jesús svaraði: „Já,
það er ég og þú munt sjá mig sitja við hægri
hönd Guðs og birtast öllum mönnum í skýjum
himinsins.“ 63 Þá reif æðsti presturinn föt
sín og hrópaði: „Þurfum við framar vitnanna
við! Þið heyrðuð sjálfir guðlastið. Hvað finnst
ykkur?“Og þeir dæmdu hann til dauða einum
rómi. 65 Nokkrir viðstaddra tóku að hrækja á
Jesú, héldu fyrir augu hans og slógu hann í
andlitið. „Spámaður!“æptu þeir hæðnislega,
„hver sló þig núna?“Jafnvel verðirnir slógu
hann, þegar þeir leiddu hann burt. 66 Meðan
þetta gerðist var Pétur niðri í garðinum. Ein
þjónustustúlka æðsta prestsins tók þá eftir
honum, þar sem hann var að ylja sér við eldinn.
Hún veitti honum nánari athygli og sagði síðan:
„Þú varst áreiðanlega með Jesú frá Nasaret.“ 68
Pétur neitaði og sagði: „Ég skil ekki hvað þú átt
við!“Síðan færði hann sig nær hliðinu. Þá gól
haninn! 69 Eftir stundarkorn kom stúlkan aftur
auga á Pétur og sagði við nærstadda: „Þarna er
hann! Þarna er þessi lærisveinn Jesú.“ 70 En
hann neitaði aftur. Stuttu síðar sögðu aðrir, sem
stóðu umhverfis eldinn, við Pétur: „Þú ert líka
einn af þeim, því þú ert frá Galíleu.“ 71 Þá tók
hann að blóta og formæla og sagði: „Ég þekki
alls ekki þennan mann!“ 72 Þá gól haninn í
annað sinn. Og Pétur minntist orða Jesú: „Áður
en haninn galar tvisvar, muntu þrisvar afneita
mér.“Þá brast Pétur í grát.

15 Snemma morguns kom hæstiréttur saman
til að ákveða næsta skref í málinu. Í
hæstarétti sátu æðstu prestarnir, öldungar
og fræðimenn þjóðarinnar. Niðurstaðan varð
sú að þeir ákváðu að senda Jesú í fylgd
vopnaðra varðmanna til Pílatusar, rómverska
landstjórans. 2 „Ertu konungur Gyðinga?“spurði
Pílatus Jesú. „Já, “svaraði Jesús, „það er rétt
eins og þú orðar það.“ 3 Æðstu prestarnir báru
nú margar sakir á Jesú. „Af hverju segirðu ekki
neitt?“spurði Pílatus Jesú. „Hvað um allar þessar
ákærur?“ 5 En Jesús þagði, Pílatusi til mikillar
furðu. 6 Það var venja að náða einn fanga á
páskunum – einhvern sem fólkið kom sér saman
um. 7 Um þetta leyti var fangi, Barrabas að nafni,
í haldi. Hann hafði ásamt öðrum verið dæmdur
fyrir morð í uppreisnartilraun. 8 Nú kom hópur
manna til Pílatusar og bað hann að náða einn
fanga á hátíðinni eins og venja var. 9 „Hvernig
væri að láta ykkur fá „konung Gyðinga“?“spurði
Pílatus. „Er það hann sem þið viljið fá lausan?“
10 (Þetta sagði hann því honum var orðið ljóst
að réttarhöldin höfðu verið sviðsett af æðstu
prestunum, þar eð þeir öfunduðu Jesú vegna
vinsælda hans.) 11 En þegar hér var komið
sögu, höfðu æðstu prestarnir æst múginn til
að krefjast Barrabasar í stað Jesú. 12 „Ef ég
sleppi Barrabasi, “sagði Pílatus, „hvað á ég þá að
gera við þennan mann, sem þið kallið konung
ykkar?“ 13 „Krossfestu hann!“hrópuðu þeir. 14
„Hvers vegna?“spurði Pílatus ákveðinn. „Hvað
hefur hann gert rangt?“Þá öskraði múgurinn
enn hærra: „Krossfestu hann!“ 15 Þá lét Pílatus
Barrabas lausan af því að hann óttaðist uppþot
og vildi geðjast fólkinu. Síðan gaf hann skipun
um að Jesús skyldi húðstrýktur og sendur til
krossfestingar. 16 Rómversku hermennirnir fóru
með Jesú inn í landsstjórahöllina og kölluðu
saman alla varðsveitina. Þeir færðu hann í

purpuralita skikkju og fléttuðu kórónu úr
þyrnum og settu hana á höfuð honum. 18 Síðan
heilsuðu þeir honum á hermannavísu og æptu:
„Lengi lifi konungur Gyðinga!“ 19 Svo börðu
þeir hann í höfuðið með priki, hræktu á hann
og féllu á kné og þóttust veita honum lotningu.
20 Þegar þeir voru orðnir leiðir á leik sínum,
færðu þeir hann úr purpuraskikkjunni, klæddu
hann aftur í eigin föt og fóru með hann til
krossfestingar. 21 Símon frá Kýrene varð á vegi
þeirra, á leið ofan úr sveit. Hann var neyddur til
að bera kross Jesú. (Símon var faðir Alexanders
og Rúfusar.) 22 Þeir fóru nú með Jesú á stað
sem heitir Golgata. (Golgata þýðir hauskúpa.)
23 Þar var Jesú boðið beiskt vín, en hann vildi
það ekki. 24 Eftir það krossfestu þeir hann og
vörpuðu hlutkesti um föt hans. 25 Krossfestingin
átti sér stað um níuleytið að morgni. 26 Á
krossinn var fest áletrun þar sem afbrot Jesú
var gefið til kynna: „Konungur Gyðinga“. 27
Tveir ræningjar voru einnig krossfestir þennan
sama morgun og stóðu krossar þeirra sinn
hvorum megin við kross Jesú. 28 Þar með
rættust orð Gamla testamentisins sem þannig
hljóða: „Hann var talinn með illræðismönnum“.
29 Fólk sendi honum háðsglósur um leið og það
gekk framhjá og hristi höfuðið af vandlætingu.
„Hæ! Sjá þig núna!“æpti það. „Já, þú getur
áreiðanlega rifið musterið og byggt það aftur
á þrem dögum! Fyrst þú ert svona mikill
maður, bjargaðu þá sjálfum þér og stígðu
niður af krossinum!“ 31 Æðstu prestarnir, sem
einnig voru þarna nærstaddir ásamt öðrum
trúarleiðtogum, hæddu hann og sögðu: „Hann
var nógu iðinn við að „frelsa“aðra, en sjálfum sér
getur hann ekki bjargað!“ 32 „Kristur!“hrópuðu
þeir til hans, „konungur Ísraels! Stígðu nú
niður af krossinum og þá skulum við trúa
á þig!“Ræningjarnir, sem áttu að deyja með
honum, tóku einnig í sama streng og formæltu
honum. 33 Um hádegi varð dimmt um allt
landið og hélst myrkrið allt til klukkan þrjú
síðdegis. 34 Þá kallaði Jesús hárri röddu: „Elí,
Elí, lama sabaktaní!“(Guð minn, Guð minn, hví
hefur þú yfirgefið mig?) 35 Sumir þeirra, sem
þarna stóðu, héldu að hann væri að kalla á Elía
spámann. 36 Þá hljóp einn þeirra eftir svampi,
fyllti hann af ediki, rétti Jesú á langri stöng og
sagði: „Bíðum við, sjáum hvort Elía kemur og
tekur hann niður af krossinum.“ 37 En Jesús
kallaði aftur hárri röddu og gaf upp andann. 38
Þá rifnaði fortjald musterisins í tvennt, ofan frá
og niður úr. 39 Þegar rómverski liðsforinginn,
sem stóð við kross Jesú, sá hvernig hann gaf
upp andann, hrópaði hann: „Þessi maður hefur
áreiðanlega verið sonur Guðs.“ 40 Hópur kvenna
stóð álengdar og fylgdist með öllu sem gerðist.
Þeirra á meðal voru María Magdalena, María
(móðir Jakobs yngri og Jóse) og Salóme. 41
Þær höfðu, auk margra annarra kvenna, fylgt
honum og þjónað meðan hann var norður í
Galíleu og nú höfðu þær komið með honum
til Jerúsalem. 42 Atburðir þessir áttu sér stað
daginn fyrir helgidaginn. Síðdegis þennan sama
dag herti Jósef frá Arímaþeu upp hugann og fór
til Pílatusar og bað um líkama Jesú. Jósef þessi
var virtur meðlimur hæstaréttar og trúaður
maður (sem sjálfur vænti komu guðsríkisins).
44 En Pílatus trúði ekki að Jesús væri þá þegar
dáinn og lét því kalla á liðsforingjann, sem sá
um aftökuna, og spurði hann. 45 Liðsforinginn
staðfesti að Jesús væri dáinn og gaf þá Pílatus
Jósef leyfi til að taka líkið. 46 Jósef keypti langan
léreftsdúk, tók líkama Jesú niður af krossinum
og vafði hann í dúkinn. Síðan lagði hann líkið
í gröf sem höggvin hafði verið í klett og velti
steini fyrir dyrnar. 47 (María Magdalena og
María móðir Jóse fylgdust með þegar Jesús var
lagður í gröfina.)

16 Kvöldið eftir, þegar helgidagurinn var
liðinn, keyptu María Magdalena, Salóme
og María móðir Jakobs, ilmsmyrsl til að smyrja
líkama Jesú. 2 Við sólarupprás morguninn eftir
fóru þær með smyrslin út að gröfinni. 3 Á
leiðinni ræddu þær um hvernig þær ættu að
velta steininum frá dyrunum – hann var stór
og mjög þungur. 4 En þegar þær nálguðust, sáu
þær að inngangurinn var opinn – steininum
hafði þegar verið velt frá! 5 Þær gengu inn í
gröfina, en brá mjög er þær sáu ungan mann,
hvítklæddan, sitja þar inni, hægra megin. 6
„Verið óhræddar, “sagði engillinn. „Þið leitið
að Jesú frá Nasaret, hinum krossfesta, er ekki
svo? Hann er upprisinn. Hann er ekki hér.
Sjáið, þarna lögðu þeir hann. 7 Farið nú og
segið lærisveinum hans – og Pétri: „Hann fer
á undan ykkur til Galíleu og þar munuð þið
hitta hann eins og hann sagði.““ 8 Konurnar
flýðu skelfingu lostnar frá gröfinni og komu
ekki upp nokkru orði. 9 (note: The most reliable and
earliest manuscripts do not include Mark 16:9-20.) Upprisa

Jesú átti sér stað snemma á sunnudagsmorgni
og María Magdalena sá hann fyrst allra (hún
hafði áður haft sjö illa anda sem Jesús rak út
af henni.) 10 Hún fór og fann lærisveinana
samankomna, grátandi af hryggð. „Ég hef séð
Jesú!“hrópaði hún. „Hann er lifandi!“En þeir
trúðu henni ekki. 12 Seinna þennan sama dag
birtist Jesús tveim mönnum sem voru á gangi
frá Jerúsalem, á leið upp í sveit. Í fyrstu þekktu
þeir hann ekki, því hann hafði breyst í útliti. 13
Þegar þeir loks áttuðu sig á hver hann var, flýttu
þeir sér aftur til Jerúsalem og sögðu hinum
frá, en þeir trúðu þeim ekki heldur. 14 Seinna,
þegar lærisveinarnir ellefu sátu saman til borðs,
birtist Jesús þeim. Hann ávítaði þá fyrir vantrú
þeirra og þrjósku – að þeir skyldu ekki vilja
trúa þeim, sem höfðu séð hann upprisinn. 15
Síðan sagði hann: „Farið út um allan heiminn
og boðið öllum fagnaðarerindið. 16 Þeir sem
þá trúa og verða skírðir, munu frelsast, en þeir
sem hafna trúnni verða dæmdir. 17 Þeir sem
trúa, skulu fá kraft minn til að reka út illa
anda og tala tungum. 18 Þeir munu jafnvel
geta handleikið höggorma án þess að bíða tjón,
og þótt þeir drekki eitthvað eitrað, mun þá
ekki saka. Þeir skulu einnig leggja hendur yfir
sjúka og lækna þá.“ 19 Eftir að Drottinn Jesús
hafði talað til þeirra, var hann numinn upp til
himins og settist til hægri handar Guði. 20 En
lærisveinarnir fóru af stað og predikuðu alls
staðar. Drottinn var með þeim og staðfesti það
sem þeir sögðu, með kraftaverkum, sem fylgdu
orðum þeirra.

Lúkas

1 Heiðraði Þeófílus. Nú þegar hafa verið
skrifaðar allmargar frásögur um Krist,
byggðar á heimildum postulanna og annarra
sjónarvotta. **3** En ég taldi rétt að rannsaka þessar
heimildir á ný frá upphafi til enda, og nú sendi
ég þér árangur þeirra nákvæmu athugana sem
ég hef gert. **4** Þetta geri ég til að fullvissa þig
um sannleiksgildi þess sem þú hefur heyrt hjá
öðrum. **5** Frásaga mín hefst á prestinum Sakaría,
sem var uppi á dögum Heródesar konungs í
Júdeu. Sakaría var úr flokki Abía, en það var
einn af mörgum flokkum musterisþjónanna.
Elísabet, kona hans, var einnig af gyðinglegri
prestaætt; afkomandi Arons. **6** Þau hjón voru
bæði guðrækin og leituðust við að halda boðorð
Guðs óaðfinnanlega. **7** Þau voru barnlaus –
Elísabet gat ekki átt börn – og auk þess orðin
roskin. **8** Dag nokkurn þegar Sakaría var að
sinna störfum sínum í musterinu – flokkur
hans var einmitt á vakt þá vikuna – féll það
í hlut hans að fara inn í musterið og brenna
reykelsi frammi fyrir Drottni. **10** Eins og ávallt
er reykelsisfórnin fór fram, stóð fjöldi fólks fyrir
utan musterið á bæn. **11** Allt í einu sá Sakaría
engil standa hægra megin við reykelsisaltarið.
Honum varð hverft við og hann varð mjög
hræddur. **13** Engillinn sagði: „Sakaría, vertu
óhræddur! Ég kem til að segja þér að Guð hefur
heyrt bæn þína. Konan þín, hún Elísabet, mun
fæða þér son! Þú skalt láta hann heita Jóhannes.
14 Fæðing hans mun verða ykkur báðum mikið
gleðiefni og margir munu samgleðjast ykkur, **15**
því hann á eftir að verða einn af hetjum Guðs.
Hann má aldrei snerta vín né sterka drykki, en
þess í stað mun hann fyllast heilögum anda,
meira að segja áður en hann fæðist! **16** Hann
mun snúa mörgum Gyðingum til Drottins, Guðs
þeirra. **17** Hann verður mikilmenni og máttugur
eins og Elía, hinn forni spámaður. Hann mun
koma á undan Kristi, búa fólkið undir komu
hans og kenna því að elska Drottin eins og
forfeður þess gerðu, og lifa sem trúað fólk.“ **18**
Þá sagði Sakaría við engilinn: „Já, en þetta er
útilokað! Ég er orðinn gamall og konan mín
líka.“ **19** Engillinn svaraði: „Ég er Gabríel! Ég
stend frammi fyrir hásæti Guðs, sem sendi mig
til að flytja þér þessar góðu fréttir **20** En fyrst
þú trúðir mér ekki, munt þú verða mállaus
þangað til barnið er fætt. Ég ábyrgist að orð
mín munu rætast á sínum tíma.“ **21** Fólkið beið
eftir Sakaría og undraðist hve honum dvaldist
í musterinu. **22** Þegar hann kom út, gat hann
ekkert sagt, og fólkið skildi af látbragði hans að
hann hlyti að hafa séð sýn inni í musterinu.
23 Eftir þetta dvaldist hann í musterinu sinn
tíma og fór síðan heim. **24** Stuttu síðar varð
Elísabet kona hans þunguð en hún leyndi því
fyrstu fimm mánuðina. **25** „En hvað Drottinn
er góður að leysa mig undan þeirri skömm að
geta ekki átt barn!“hrópaði hún. **26** Mánuði
síðar sendi Guð engilinn Gabríel til meyjar sem
María hét og bjó í þorpinu Nasaret í Galíleu.
Hún var trúlofuð manni að nafni Jósef og var
hann af ætt Davíðs konungs. **28** Gabríel birtist
henni og sagði: „Sæl, þú hin útvalda! Drottinn
er með þér!“ **29** María varð undrandi og reyndi
að skilja hvað engillinn ætti við. **30** „Vertu ekki
hrædd, María, “sagði engillinn, „Guð ætlar að
blessa þig ríkulega. **31** Innan skamms munt
þú verða barnshafandi og eignast dreng, sem
þú skalt nefna Jesú. **32** Hann mun verða mikill
og kallast sonur Guðs. Drottinn Guð mun gefa
honum hásæti Davíðs konungs, ættföður hans,
33 og hann mun ríkja yfir Ísrael að eilífu. Á ríki
hans mun enginn endir verða!“ **(aiōn g165)** **34**
„Hvernig má það vera?“spurði María, „ég hef
ekki karlmanns kennt.“ **35** Engillinn svaraði:
„Heilagur andi mun koma yfir þig og kraftur
Guðs mun umlykja þig, barnið þitt verður því
heilagt sonur Guðs. **36** Nú eru sex mánuðir
síðan Elísabet frænka þín óbyrjan, eins og fólk
kallaði hana – varð þunguð í elli sinni! **37**
Guði er ekkert um megn.“ **38** Og María sagði:
„Ég vil hlýða og þjóna Drottni. Verði allt eins
og þú sagðir.“Þá hvarf engillinn. **39** Nokkrum
dögum síðar fór María til fjallaþorpsins í Júdeu
þar sem Sakaría bjó og heimsótti Elísabetu.
41 Þegar María heilsaði, tók barn Elísabetar
viðbragð í kviði hennar og hún fylltist heilögum
anda. **42** Hún hrópaði upp í gleði sinni og sagði
við Maríu: „Guð hefur blessað þig umfram
allar aðrar konur, og barni þínu er ætluð hin
æðsta blessun hans. **43** Hvílíkur heiður fyrir
mig að móðir Drottins míns skuli heimsækja
mig. **44** Um leið og þú komst inn og heilsaðir
mér tók barnið mitt viðbragð af gleði! **45** Þú
trúðir að Guð mundi standa við orð sín og þess
vegna hefur hann ríkulega blessað þig.“ **46** Og
María sagði: „Ó, ég lofa Drottin! **47** Ég gleðst

í Guði, frelsara mínum. 48 Hann mundi eftir
lítilmótlegri ambátt sinni og héðan í frá munu
allar kynslóðir tala um hvernig Guð blessaði
mig. 49 Hann, hinn voldugi og heilagi, hefur gert
mikla hluti fyrir mig. 50 Miskunn hans við þá
sem trúa á hann, varir frá kynslóð til kynslóðar.
51 Hann hefur unnið stórvirki með mætti sínum
og tvístrað hinum stoltu og drambsömu. 52
Hann hefur steypt höfðingjum úr hásætum
og upphafið auðmjúka. 53 Hann hefur mettað
hungraða gæðum og látið ríka fara tómhenta
frá sér. 54 Hann hefur hjálpað þjóni sínum,
Ísrael, og ekki gleymt loforðum sínum. 55 Hann
lofaði feðrum okkar – Abraham og afkomendum
hans – að sýna þeim miskunn að eilífu.“ (aiōn
g165) 56 Eftir þetta dvaldist María hjá Elísabetu í
þrjá mánuði, en að því búnu hélt hún heim. 57
Þegar meðgöngutíma Elísabetar lauk, fæddi hún
son. 58 Vinir og ættingjar fréttu fljótt hve góður
Drottinn hafði verið Elísabetu og samglöddust
henni. 59 Þegar barnið var átta daga gamalt
komu þeir til að vera viðstaddir umskurnina.
Allir gerðu ráð fyrir að drengurinn yrði látinn
heita Sakaría eftir föður sínum, 60 en Elísabet
sagði: „Nei, hann á að heita Jóhannes.“ 61 „Hvers
vegna?“spurði fólkið undrandi, „það er enginn
með því nafni í allri fjölskyldunni!“ 62 Faðir
barnsins var síðan spurður með bendingum
hvað barnið ætti að heita. 63 Hann bað um
spjald og skrifaði á það, öllum til mikillar furðu:
„Nafn hans er Jóhannes.“ 64 Á sama andartaki
fékk hann málið og lofaði Guð. 65 Nágrannarnir
urðu undrandi og fréttin um þetta barst um
alla fjallabyggð Júdeu. 66 Þeir sem heyrðu þetta,
veltu því vandlega fyrir sér og sögðu: „Hvað
skyldi verða úr þessu barni? Hönd Drottins
er greinilega með því á sérstakan hátt.“ 67
Sakaría, faðir drengsins, fylltist heilögum anda
og spáði: 68 „Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels,
því hann hefur vitjað þjóðar sinnar til að bjarga
henni. 69 Hann gefur okkur máttugan frelsara
af ætt Davíðs konungs, þjóns síns, 70 eins
og hinir heilögu spámenn höfðu sagt fyrir,
(aiōn g165) 71 til að frelsa okkur undan óvinum
okkar og öllum þeim sem hata okkur. 72 Hann
sýndi forfeðrum okkar miskunn og minntist
síns heilaga loforðs, sem hann gaf Abraham,
að frelsa okkur frá óvinum okkar, 75 helga
okkur og gera okkur hæf til að dvelja hjá sér
að eilífu. 76 Þú, sonur minn, verður kallaður
spámaður almáttugs Guðs, því þú munt ryðja
Kristi veg. 77 Þú munt veita fólkinu þekkingu
á hjálpræðinu og fyrirgefningu syndanna. 78
Þessu mun kærleikur Guðs og miskunn koma til
leiðar, hann sendir okkur ljós sitt. 79 Það mun
lýsa þeim er sitja í myrkri og skugga dauðans,
og leiða okkur á friðarveg.“ 80 Og drengurinn óx
og Guð styrkti hann. Þegar hann hafði aldur til,
fór hann út í óbyggðina og dvaldist þar þangað
til hann hóf starf sitt meðal þjóðarinnar.

2 Um þetta leyti fyrirskipaði rómverski
keisarinn, Ágústus, að manntal skyldi tekið
um allt Rómaveldi. 2 Þetta fyrsta manntal var
gert þegar Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi.
3 Þess vegna urðu allir að fara til ættborgar
sinnar og láta skrá sig þar. 4 Þar sem Jósef var
af ætt Davíðs konungs, varð hann að fara frá
heimabæ sínum, Nasaret í Galíleu, til Betlehem
í Júdeu, hinnar fornu borgar Davíðs, 5 ásamt
Maríu unnustu sinni sem þá var að því komin
að eiga barn. 6 Meðan þau voru í Betlehem,
fæddi hún sitt fyrsta barn og var það drengur.
Hún vafði hann reifum og lagði hann í jötu, því
ekkert rúm var fyrir þau í gistihúsinu. 8 Þessa
sömu nótt voru fjárhirðar á völlunum utan við
þorpið og gættu hjarðar sinnar. 9 Allt í einu
birtist þeim engill og ljóminn af dýrð Drottins
lýsti upp umhverfið. Hirðarnir urðu skelkaðir,
10 en engillinn hughreysti þá og sagði: „Verið
óhræddir! Ég flyt ykkur miklar gleðifréttir
sem berast eiga öllum mönnum: 11 Frelsari
ykkar, sjálfur konungurinn Kristur, fæddist í
nótt í Betlehem! 12 Þið munuð finna reifabarn,
liggjandi í jötu – það er hann!“ 13 Um leið var
með englunum fjöldi annarra engla – herskarar
himnanna – og þeir lofuðu Guð og sungu: 14
„Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu
með öllum þeim sem hann elskar.“ 15 Þegar
englarnir voru farnir aftur til himna, sögðu
hirðarnir hver við annan: „Flýtum okkur til
Betlehem og sjáum þennan stórkostlega atburð,
sem Drottinn hefur sagt okkur frá!“ 16 Þeir
hlupu til þorpsins og fundu bæði Maríu, Jósef
og barnið í jötunni. 17 Fjárhirðarnir sögðu síðan
öllum hvað gerst hafði og hvað engillinn hafði
sagt þeim um þetta barn. 18 Allir sem heyrðu
frásögn hirðanna, undruðust mjög, 19 en María
lagði allt þetta vel á minnið og hugleiddi það
með sjálfri sér. 20 Fjárhirðarnir fóru nú aftur út
í hagann og lofuðu Guð fyrir allt sem þeir höfðu
heyrt og séð, og engillinn hafði sagt þeim. 21 Að

átta dögum liðnum var drengurinn umskorinn
og gefið nafnið Jesús, eins og engillinn nefndi
hann, áður en hann var getinn í móðurlífi.
22 Þegar tími var kominn til að María færði
hreinsunarfórn í musterinu, eins og lög Móse
krefjast þegar barn hefur fæðst, fóru foreldrar
Jesú með hann upp til Jerúsalem til að færa
hann Drottni. 23 Guð segir svo í þessum lögum:
„Ef kona fæðir dreng fyrstan barna sinna, skal
hann helgaður Drottni.“ 24 Um leið færðu
foreldrar Jesú einnig hreinsunarfórnina, sem
lögin kröfðust, en hún varð annað hvort að
vera tvær turtildúfur eða tvær ungar dúfur. 25 Í
Jerúsalem bjó maður sem Símeon hét. Hann var
góður maður og guðrækinn, fylltur heilögum
anda og vænti komu Krists, konungsins, sem
Guð hafði lofað að senda. 26 Heilagur andi hafði
gert honum ljóst að hann mundi ekki deyja
fyrr en hann hefði fengið að sjá konunginn
Krist. 27 Þennan dag hafði hann einmitt fengið
vísbendingu frá heilögum anda um að fara í
helgidóminn. Þangað kom hann er María og
Jósef komu með barnið til að færa það Drottni,
eins og lögin mæltu fyrir um. 28 Símeon tók
barnið í fang sér og lofaði Guð. 29 Hann sagði:
„Drottinn, nú get ég glaður dáið, því ég hef
séð þann sem þú lofaðir að ég skyldi sjá. Ég
hef augum litið frelsara heimsins! 32 Hann
er ljósið, sem lýsa mun þjóðunum, og hann
verður vegsemd þjóðar þinnar Ísrael.“ 33 Jósef
og María stóðu hjá og hlustuðu undrandi á það
sem Símeon sagði um Jesú. 34 Símeon blessaði
þau en sagði síðan við Maríu: „Sverð mun
nísta sál þína, því margir í Ísrael munu hafna
þessu barni og það mun verða þeim til falls,
en öðrum verður hann uppspretta gleðinnar.
Þannig mun afstaða og hugsanir margra koma
fram í ljósið.“ 36 Spákona nokkur, Anna að
nafni, var einnig stödd í musterinu þennan
dag. Hún var Fanúelsdóttir og af ætt Assers.
Hún var orðin háöldruð og hafði verið ekkja í
áttatíu og fjögur ár eftir sjö ára búskap. Hún
fór aldrei út úr musterinu, heldur dvaldist þar
dag og nótt. Hún helgaði líf sitt Guði og lofaði
hann með bænahaldi og föstu. 38 Nú kom hún
þar að sem Símeon var að tala við Maríu og
Jósef og byrjaði einnig að þakka Guði. Hún tók
að segja öllum í Jerúsalem, sem væntu komu
frelsarans, að Kristur væri loksins kominn. 39
Þegar foreldrar Jesú höfðu gert allt sem lögin
kröfðust, fóru þau aftur heim til Nasaret í
Galíleu. 40 Drengurinn óx og þroskaðist og Guð
blessaði hann. 41 Foreldrar Jesú fóru ár hvert
til Jerúsalem á páskahátíðina, og þegar Jesús
var tólf ára, fékk hann i fyrsta skipti að fara
með. 43 Þegar lagt var af stað heim til Nasaret,
að hátíðahöldunum loknum, varð Jesús eftir í
Jerúsalem. Fyrsta dag heimferðarinnar söknuðu
María og Jósef hans ekki, 44 því að þau héldu að
hann væri meðal kunningja sem áttu samleið.
En þegar hann skilaði sér ekki um kvöldið, fóru
þau að leita hans meðal vina og ættingja. 45
Leitin varð árangurslaus, og því sneru þau aftur
til Jerúsalem til að leita hans þar. 46 Þau fundu
hann ekki fyrr en eftir þrjá daga. Þá sat hann
í musterinu meðal lögvitringanna og ræddi
við þá háleit málefni. Undruðust allir skilning
hans og svör. 48 Foreldrar hans vissu ekki sitt
rjúkandi ráð: „Elsku drengurinn minn, “sagði
móðir hans, „af hverju gerðirðu okkur þetta?
Við faðir þinn vorum dauðhrædd um þig og
höfum leitað þín um allt!“ 49 „Hvers vegna
voruð þið að leita að mér?“spurði hann, „vissuð
þið ekki að mér bar að vera í musterinu, húsi
föður míns?“ 50 En þau skildu ekki við hvað
hann átti. 51 Síðan fór hann með þeim heim til
Nasaret og var þeim hlýðinn, en móðir hans
lagði alla þessa atburði vel á minnið. 52 Jesús
óx að visku og vexti og allir elskuðu hann, bæði
Guð og menn.

3 Á fimmtánda stjórnarári Tíberíusar keisara,
komu boð frá Guði til Jóhannesar
(Sakaríassonar) þar sem hann hafðist við úti í
eyðimörkinni. Þegar þetta gerðist var Pílatus
landstjóri í Júdeu, Heródes héraðsstjóri í Galíleu
og bróðir hans, Filippus, í Átúreu og Trakónítis.
Lýsanías var yfir Ablílene og Annas og Kaífas
voru æðstuprestar. 3 Þá lagði Jóhannes leið
sína til ýmissa staða beggja megin Jórdanar og
bauð fólkinu að láta skírast og sýna með því
að það hefði snúið sér frá syndinni og til Guðs,
til að fá fyrirgefningu. 4 Þannig lýsti Jesaja
spámaður Jóhannesi: „Rödd hrópar í auðninni:
„Ryðjið Drottni veg! Fyllið upp dalina! 5 Jafnið
fjöllin við jörðu! Gerið brautirnar beinar! 6 Og
mannkynið allt mun sjá hjálpræði Guðs!““ 7
Hér er lítið sýnishorn af því sem Jóhannes sagði
við fólkið þegar það kom til að láta skírast:
„Þið höggormsafkvæmi! Þið viljið skírast, svo
að þið komist hjá því að taka afleiðingum
synda ykkar, en samt viljið þið ekki snúa ykkur

til Guðs af heilum hug! 8 Nei, farið fyrst og
sýnið með líferni ykkar að þið hafið í raun og
veru tekið nýja stefnu. Þið skuluð ekki halda
að ykkur sé borgið vegna þess að þið eruð
afkomendur Abrahams, nei, það nægir ekki. Guð
getur skapað Abrahamssyni af þessu grjóti! 9
Öxi dómarans er reidd gegn ykkur og þið verðið
höggvin upp frá rótum. Sérhvert tré, sem ekki
ber góðan ávöxt, verður fellt og því kastað í
eldinn.“ 10 „Hvað viltu að við gerum?“spurði
fólkið. 11 „Sá sem á tvær skyrtur, gefi aðra
fátækum og ef þið eigið umframbirgðir af mat,
þá gefið þær hungruðum, “svaraði hann. 12
Jafnvel skattheimtumenn, sem þekktir voru
fyrir að stela, komu til að láta skírast. Þeir
spurðu: „Með hverju getum við sýnt að við
höfum iðrast synda okkar?“ 13 „Með því að vera
heiðarlegir, “svaraði Jóhannes. „Gætið þess að
taka ekki hærri skatta af fólkinu en rómversku
yfirvöldin krefjast.“ 14 „En við, “sögðu nokkrir
hermenn, „hvað með okkur?“Jóhannes svaraði:
„Reynið ekki að komast yfir peninga með
ógnunum og ofbeldi. Dæmið engan ranglega
og látið ykkur nægja laun ykkar.“ 15 Nú hafði
vaknað eftirvænting hjá fólkinu og töldu margir
jafnvel að Jóhannes væri Kristur. 16 En Jóhannes
sagði: „Ég skíri aðeins með vatni, en bráðlega
kemur sá sem hefur miklu meira vald en ég.
Sannleikurinn er sá að ég er ekki einu sinni
verður þess að vera þræll hans. Hann mun skíra
ykkur með heilögum anda og eldi. 17 Hismið
mun hann skilja frá korninu og brenna það í
óslökkvandi eldi, en geyma kornið og setja í
hlöður sínar.“ 18 Margar slíkar viðvaranir flutti
Jóhannes fólkinu um leið og hann boðaði því
gleðitíðindin. 19 (En þegar Jóhannes gagnrýndi
Heródes, landstjóra Galíleu, opinberlega fyrir
að kvænast Heródías, konu bróður síns, og fyrir
marga aðra óhæfu, lét Heródes varpa honum í
fangelsi og jók þar með enn við syndir sínar.)
21 Dag einn bættist Jesús í þann stóra hóp,
sem tók skírn hjá Jóhannesi. Á meðan hann
var að biðjast fyrir, opnuðust himnarnir, 22
og heilagur andi kom yfir hann í dúfulíki. Þá
heyrðist rödd af himni sem sagði: „Þú ert minn
elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.“ 23 Jesús
var um þrítugt, þegar hann hóf starf sitt meðal
fólksins. Almennt var litið á Jesú sem son Jósefs,
Jósef var sonur Elí, 24 Elí var sonur Mattats,
Mattat var sonur Leví, Leví var sonur Melkí,
Melkí var sonur Jannaí, Jannaí var sonur Jósefs,
25 Jósef var sonur Mattatíasar, Mattatías var
sonur Amosar, Amos var sonur Naúms, Naúm
var sonur Eslí, Eslí var sonur Naggaí, 26 Naggaí
var sonur Maats, Maat var sonur Mattatíasar,
Mattatías var sonur Semeíns, Semeín var sonur
Jóseks, Jósek var sonur Jóda, 27 Jóda var sonur
Jóhanans, Jóhanan var sonur Hresa, Hresa var
sonur Serúbabels, Serúbabel var sonur Sealtíels,
Sealtíel var sonur Nerí, 28 Nerí var sonur Melkí,
Melkí var sonur Addí, Addí var sonur Kósams,
Kósam var sonur Elmadams, Elmadam var sonur
Ers, 29 Ers var sonur Jesú, Jesús var sonur
Elíesers, Elíeser var sonur Jóríms, Jórím var
sonur Mattats, Mattat var sonur Leví, 30 Leví
var sonur Símeons, Símeon var sonur Júda,
Júda var sonur Jósefs, Jósef var sonur Jónams,
Jónam var sonur Eljakíms, 31 Eljakím var sonur
Melea, Melea var sonur Menna, Menna var
sonur Mattata, Mattata var sonur Natans, Natan
var sonur Davíðs, 32 Davíð var sonur Ásaí,
Ásaí var sonur Óbeðs, Óbeð var sonur Bóasar,
Bóas var sonur Salmons, Salmon var sonur
Nahsons, 33 Nahson var sonur Ammínadabs,
Ammínadab var sonur Arní, Arní var sonur
Esroms, Esrom varsonur Peres, Peres var sonur
Júda, 34 Júda var sonur Jakobs, Jakob var sonur
Ásaks, Ásak var sonur Abrahams, Abraham var
sonur Tara, Tara var sonur Nakórs, 35 Nakór
var sonur Serúks, Serúk var sonur Reús, Reú
var sonur Peleks, Pelek var sonur Ebers, Eber
var sonur Sela, 36 Sela var sonur Kenans, Kenan
var sonur Arpaksads, Arpaksad var sonur Sems,
Sem var sonur Nóa, 37 Nói var sonur Lameks,
Lamek var sonur Metúsala, Metúsala var sonur
Enoks, Enok var sonur Jareds, Jared var sonur
Mahalalels, Mahalalel var sonur Kenans, 38
Kenan var sonur Enoss, Enos var sonur Sets, Set
var sonur Adams og faðir Adams var Guð.

4 Jesús fylltist heilögum anda, sem leiddi hann
frá ánni Jórdan og út í auðnir Júdeu. 2 Þar
var hann í fjörutíu daga matarlaus og hungrið
svarf að. 3 Þá freistaði Satan hans og sagði:
„Ef þú ert sonur Guðs, þá segðu þessum steini
að verða að brauði.“ 4 Jesús svaraði: „Biblían
segir: „Maðurinn lifir ekki bara á brauði.““ 5
Þá tók Satan hann með sér og sýndi honum á
augabragði öll ríki heimsins 6 og sagði: „Öll
þessi ríki og dýrð þeirra er mín eign og ég get
ráðstafað þeim að vild. Þetta skal allt verða þitt,
ef þú fellur fram og tilbiður mig.“ 8 En Jesús

svaraði: „Í Biblíunni stendur: „Drottin Guð þinn
átt þú að tilbiðja og þjóna honum einum.““ 9
Þá fór Satan með hann upp til Jerúsalem og alla
leið upp á þakbrún musterisins og sagði: „Ef þú
ert sonur Guðs, stökktu þá fram af! Segir Biblían
ekki að Guð muni senda engla sína til að gæta
þín og vernda þig, svo þú merjist ekki á stéttinni
fyrir neðan?“ 12 Jesús svaraði: „Þetta stendur
einnig í Biblíunni: „Ekki skaltu freista Drottins
Guðs þíns.““ 13 Þegar djöfullinn hafði lokið
freistingum sínum, fór hann burt og yfirgaf
Jesú að sinni. 14 Eftir þetta sneri Jesús aftur til
Galíleu, fylltur heilögum anda, og orðrómurinn
um hann barst út um öll héruðin þar í grennd.
15 Hann predikaði í samkomuhúsunum og allir
lofuðu hann. 16 Hann kom á æskustöðvar sínar í
Nasaret og fór á helgideginum í samkomuhúsið,
eins og hann var vanur, og stóð upp til að lesa
úr Biblíunni. 17 Honum var fengin bók Jesaja
spámanns. Hann opnaði hana og las: 18 „Andi
Drottins er yfir mér. Hann hefur valið mig til
að flytja fátækum gleðilegan boðskap. Hann
hefur sent mig til að boða fjötruðum frelsi, gefa
blindum sýn, leysa hina undirokuðu frá áþján
og boða að Guð sé fús að hjálpa öllum sem til
hans koma.“ 20 Hann lokaði bókinni og rétti
þjóninum. Síðan settist hann niður. Allir störðu
á hann fullir eftirvæntingar. 21 Hann tók til
máls og sagði: „Þessi ritningargrein, sem þið
hafið nú heyrt, hefur ræst í dag.“ 22 Fólkið lét
ánægju sína í ljós og undraðist þau ljúfu orð
sem komu af vörum hans. „Hver er skýringin
á þessu, “spurðu menn, „er þetta ekki sonur
Jósefs?“ 23 Þá sagði Jesús: „Þið minnið mig
sjálfsagt á máltækið: „Læknir, læknaðu sjálfan
þig“– og eigið þá við: „Af hverju gerirðu ekki
svipuð kraftaverk hér í heimabæ þínum og þú
hefur gert í Kapernaum?“ 24 Ég segi ykkur satt:
Enginn spámaður er viðurkenndur í heimabæ
sínum! 25 Þið munið til dæmis að spámaðurinn
Elía gerði kraftaverk til að hjálpa ekkjunni í
Sarepta, en hún var útlendingur og bjó í landi
Sídonar. Það hafði ekkert rignt í þrjú og hálft
ár og mikið hungur var í öllu landinu. Margar
Gyðingaekkjur þörfnuðust hjálpar, en þó var
Elía ekki sendur til neinnar þeirra. 27 Og munið
þið eftir spámanninum Elísa? Hann læknaði
Naaman frá Sýrlandi, en ekki þá mörgu Gyðinga
sem voru holdsveikir og þörfnuðust hjálpar.“
28 Við þessi orð Jesú urðu menn æfir af reiði.
29 Þeir stukku úr sætum sínum, þyrptust að
honum og hröktu hann út á brún fjallsins, sem
bærinn stóð á, með það í huga að hrinda honum
fram af þverhnípinu. 30 En Jesús gekk út úr
þvögunni og yfirgaf þá. 31 Eftir þetta fór hann
til Kapernaum, bæjar í Galíleu, og þar predikaði
hann í samkomuhúsinu á hverjum helgidegi. 32
Hér fór á sömu leið, fólkið undraðist það sem
hann sagði, því máttur fylgdi orðum hans. 33 Eitt
sinn, er Jesús var að kenna í samkomuhúsinu,
fór maður, sem hafði illan anda, að hrópa að
honum: 34 „Farðu burt! Við viljum ekkert með
þig hafa, Jesús frá Nasaret. Þú ert kominn til
að granda okkur. Ég veit að þú ert hinn heilagi
sonur Guðs.“ 35 Þá greip Jesús fram í fyrir illa
andanum og sagði skipandi: „Hafðu hljótt um
þig og farðu út.“Andinn fleygði þá manninum í
gólfið í augsýn allra og yfirgaf hann án þess að
valda honum tjóni. 36 Fólkið varð forviða og
spurði: „Hvaða vald býr í orðum þessa manns,
fyrst illu andarnir hlýða honum!“ 37 Fréttin
um þetta breiddist eins og eldur í sinu um allt
héraðið. 38 Þegar Jesús yfirgaf samkomuhúsið
fór hann heim til Símonar. Þá var tengdamóðir
Símonar þar rúmliggjandi með háan hita. Allir
viðstaddir báðu Jesú að lækna hana. 39 Jesús
gekk að rúmstokknum og hastaði á sótthitann,
sem þá hvarf skyndilega, og hún fór á fætur
og matreiddi handa þeim. 40 Við sólarlag þetta
kvöld komu þorpsbúar með sjúklinga til Jesú.
Það skipti ekki máli hver sjúkdómurinn var,
þegar Jesús snerti þá læknuðust þeir. 41 Sumir
höfðu illa anda sem fóru út að skipun hans.
Andar þessir æptu: „Þú ert sonur Guðs!“Þeir
vissu að hann var Kristur, en hann þaggaði
niður í þeim og leyfði þeim ekki að tala. 42 Við
sólarupprás morguninn eftir, lagði hann leið
sína á óbyggðan stað. Mannfjöldinn leitaði hans
um allt og fann hann loks. Fólkið bað hann að
fara ekki burt frá Kapernaum, 43 en því svaraði
hann: „Ég verð líka að fara á fleiri staði og flytja
þar gleðifréttirnar um að Guð sé nálægur með
vald sitt og hjálp, því til þess var ég sendur.“ 44
Síðan hélt hann áfram ferð sinni og predikaði í
samkomuhúsunum í Júdeu.

5 Dag einn var hann að predika niðri við
strönd Genesaretvatnsins. Fólkið þyrptist að
og þrengdi að honum, því allir vildu heyra orð
Guðs. 2 Hann tók þá eftir tveim mannlausum
bátum í fjörunni – áhafnirnar voru þar skammt
frá að þvo net sín. 3 Jesús fór út í annan bátinn

og bað eigandann, Símon, að leggja lítið eitt frá
landi, svo hann gæti setið í bátnum og talað
þaðan til mannfjöldans. 4 Þegar hann hafði
lokið máli sínu sagði hann við Símon: „Farðu nú
út á dýpið og leggðu netin.“ 5 „Herra, “svaraði
Símon, „við höfum verið að í alla nótt og ekki
orðið varir, en fyrst þú segir það, þá skulum við
reyna.“ 6 Í þetta skipti varð veiðin svo mikil að
netin rifnuðu! 7 Þá kölluðu þeir til félaga sinna
á hinum bátnum og báðu þá að hjálpa sér. Ekki
leið á löngu uns þeir höfðu drekkhlaðið báða
bátana. 8 Þegar Símon Pétur sá þetta, féll hann
að fótum Jesú og sagði: „Farðu frá mér, herra,
ég er of syndugur til að vera nálægt þér.“ 9
Bæði hann og félagar hans, Jakob og Jóhannes
Sebedeussynir, voru gagnteknir af undrun á
öllum þessum afla. En Jesús sagði við Símon:
„Vertu óhræddur! Héðan í frá skaltu veiða
menn.“ 11 Þegar þeir höfðu landað aflanum
yfirgáfu þeir allt og fylgdu honum. 12 Svo bar
við, er Jesús var staddur í einu þorpinu, að
hann mætti manni sem þjáðist af holdsveiki.
Þegar maðurinn sá Jesú, fleygði hann sér í
götuna fyrir framan hann og grátbað hann að
lækna sig. „Herra, þú getur læknað mig ef þú
vilt, “sagði hann. 13 Jesús rétti út höndina,
snerti manninn og sagði: „Ég vil að þú verðir
heilbrigður.“Um leið hvarf holdsveikin! 14 Jesús
bað manninn að segja þetta engum, en fara
strax og láta prestinn skoða sig. „Fórnaðu síðan
því sem lög Móse fyrirskipa þeim sem læknast
af holdsveiki, “bætti Jesús við, „því það er
sönnun þess að þér sé batnað.“ 15 Orðrómurinn
um mátt Jesú breiddist nú æ hraðar út og
mikill mannfjöldi kom til að hlusta á hann og
fá bót meina sinna. 16 Oft dró hann sig þó út
úr á óbyggða staði og var þar á bæn. 17 Einn
daginn, er hann var að kenna, sátu þar nokkrir
af leiðtogum og fræðimönnum þjóðarinnar.
(Þeir komu úr hverju þorpi í Galíleu og Júdeu
og einnig frá Jerúsalem.) Lækningakraftur frá
Guði var með Jesú þegar þetta var. 18 Þá komu
nokkrir menn og báru á milli sín lamaðan mann
á dýnu. Þeir reyndu að olnboga sig í gegnum
þvöguna og inn til Jesú, en án árangurs. Þá
fóru þeir upp á þakið, losuðu nokkrar þakhellur
og létu þann lamaða síga á dýnunni niður til
Jesú. 20 Þegar Jesús sá trú þeirra sagði hann við
lamaða manninn: „Vinur minn, syndir þínar
eru fyrirgefnar.“ 21 „Hvað heldur maðurinn að
hann sé, “sögðu farísearnir og lögvitringarnir
hvorir við aðra. „Þetta er guðlast! Hver getur
fyrirgefið syndir nema Guð?“ 22 Jesús vissi
hvað þeir hugsuðu og svaraði: „Hvers vegna
kallið þið þetta guðlast? 23 Hvort er auðveldara
að fyrirgefa syndir hans eða lækna hann? 24
Nú ætla ég að lækna hann og sanna þar með
að ég hef vald til að fyrirgefa syndir.“Síðan
sneri hann sér að lamaða manninum og sagði
ákveðinn: „Taktu dýnuna þína og farðu heim,
því nú ertu orðinn heilbrigður.“ 25 Samstundis
spratt maðurinn á fætur í augsýn allra, tók
dýnuna sína, gekk heimleiðis og lofaði Guð!
26 Fólkið varð óttaslegið, lofaði Guð og sagði
hvað eftir annað: „Við höfum séð ótrúlega
hluti í dag.“ 27 Síðar er Jesús var á leið út úr
þessum bæ, sá hann skattheimtumann, Leví að
nafni, sitja hjá skattstofunni. Það var á allra
vitorði að skattheimtumenn þessir sviku fé út
úr fólki. Jesús gekk til Leví og sagði: „Komdu
og vertu lærisveinn minn.“ 28 Leví stóð þá
samstundis upp, yfirgaf allt og fylgdi Jesú. 29
Stuttu síðar efndi Leví til veislu og var Jesús
heiðursgesturinn. Þarna voru samankomnir
margir vinnufélagar Leví, svo og aðrir gestir.
30 Farísearnir og lögvitringarnir komu þá til
lærisveina Jesú og kvörtuðu um að Jesús borðaði
með slíkum stórsyndurum. 31 Jesús varð fyrir
svörum og sagði: „Ekki þurfa heilbrigðir læknis
við, heldur þeir sem sjúkir eru. 32 Ég kom til að
kalla syndara burt frá syndinni, en ekki til að
eyða tíma með þeim sem þegar telja sig nógu
góða.“ 33 Það næsta sem þeim fannst þeir þurfa
að gera athugasemd við, var að lærisveinarnir
væru í veislu í stað þess að fasta. „Lærisveinar
Jóhannesar skírara fasta oft og biðja, “sögðu
þeir, „einnig lærisveinar faríseanna, en af
hverju eru þínir alltaf étandi og drekkandi?“ 34
„Segið mér eitt, fasta menn þegar þeir halda
hátíð?“sagði Jesús. „Er veislumatnum sleppt í
brúðkaupsveislum? 35 Sá tími mun hins vegar
koma er brúðguminn verður tekinn og líflátinn
og þá mun þá ekki langa í mat.“ 36 Jesús sagði
þeim dæmisögu: „Enginn rífur pjötlu af nýjum
fötum til að bæta gamla flík. Þá eyðileggjast
ekki aðeins nýju fötin, heldur lítur gamla flíkin
verr út en áður! 37 Enginn setur nýtt vín á
gamla belgi, því þá sprengir nýja vínið belgina
og það fer til spillis og belgirnir eyðileggjast. 38
Nýtt vín verður að láta á nýja belgi. 39 Sá sem
drukkið hefur gamalt vín, hefur ekki áhuga á
nýju. „Það gamla er ljúffengara segir hann.“

6 Svo bar við á helgidegi að Jesús fór um
akur ásamt lærisveinunum og þeir tíndu
sér kornöx, neru þau með höndunum og
átu. **2** „Þetta er bannað“sögðu farísearnir.
„Lærisveinar þínir eru að uppskera korn og
lögum samkvæmt er það bannað á helgidögum.“
3 Jesús svaraði: „Hafið þið aldrei lesið hvað
Davíð konungur gerði þegar hann og menn
hans hungraði? **4** Hann fór inn í Guðs hús, tók
skoðunarbrauðin og át, ásamt mönnum sínum,
en það var óheimilt.“ **5** Og Jesús bætti við: „Ég
er herra helgidagsins.“ **6** Á öðrum helgidegi
var hann að kenna í samkomuhúsinu. Þar var
þá staddur fatlaður maður – hægri höndin var
máttlaus. **7** Farísearnir og fræðimennirnir höfðu
gætur á því hvort Jesús læknaði manninn á
helgidegi – til þess að þeir gætu fundið eitthvað
til að kæra hann fyrir. **8** En Jesús vissi hvað
þeir hugsuðu. Hann sagði við fatlaða manninn:
„Stattu upp og komdu hingað.“Maðurinn stóð
upp og kom til hans. **9** Þá sagði Jesús við
faríseana og lögvitringana: „Nú spyr ég ykkur:
Hvort er leyfilegt að gera gott eða illt á
helgidegi? Bjarga lífi eða deyða?“ **10** Hann
horfði á þá einn af öðrum og sagði síðan
við manninn: „Réttu fram höndina.“Maðurinn
hlýddi og um leið varð hönd hans heilbrigð!
11 Óvinir Jesú urðu ævareiðir og töluðu saman
um hvað þeir gætu gert honum. **12** Um þetta
leyti fór Jesús til fjalla til að biðjast fyrir og
var alla nóttina á bæn. **13** Í dögun kallaði hann
saman fylgjendur sína og valdi tólf þeirra til að
vera postula sína eða sendiboða. **14** Þeir hétu:
Símon (Jesús kallaði hann einnig Pétur), Andrés
(bróðir Símonar), Jakob, Jóhannes, Filippus,
Bartólómeus, Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson,
Símon (félagi í flokki Selóta, byltingarsinnuðum
stjórnmálaflokki), Júdas Jakobsson og Júdas
Ískaríot (sem síðar sveik Jesú). **17** Þegar þeir
komu aftur niður á sléttlendi, var þar fyrir
mikill hópur lærisveina hans og fjöldi fólks
úr allri Júdeu, Jerúsalem, og jafnvel norðan
frá strandhéruðum Týrusar og Sídonar, til að
hlusta á hann og fá lækningu. Þarna rak hann
út marga illa anda. **19** Allir reyndu að snerta
hann, því þegar fólk gerði það, þá streymdi
lækningakraftur frá honum, svo það læknaðist.
20 Jesús sneri sér að lærisveinunum og sagði:
„Sælir eruð þið, fátækir, því ykkar er guðsríki!
21 Sælir eruð þið sem þolið hungur, því þið
munuð saddir verða. Sælir eruð þið sem nú
grátið, því þið munuð hlæja af gleði! **22** Þið
eruð sælir þegar menn hata ykkur og útskúfa,
smána og baktala mín vegna. **23** Fagnið þá og
látið gleðilátum! Gleðjist, því laun ykkar verða
mikil á himnum. Þannig var einnig farið með
spámenn Guðs forðum. **24** En þið sem ríkir eruð
– ykkar bíður mikil ógæfa. Gleði ykkar er öll
hér á jörðu. **25** Þótt þið nú séuð saddir og vegni
vel, þá bíður ykkar mikill skortur. Nú hlæið
þið kæruleysislega, en þá munuð þið sýta og
gráta. **26** Einnig bíður mikið böl þeirra, sem
nú eiga hylli fjöldans – falsspámenn hafa alla
tíð verið vinsælir. **27** Takið eftir! Elskið óvini
ykkar! Verið þeim góðir sem hata ykkur. **28**
Blessið þá sem bölva ykkur, og biðjið fyrir þeim
sem valda ykkur tjóni. **29** Þeim sem slær þig
á aðra kinnina, skaltu bjóða hina! Láttu þann
sem heimtar yfirhöfn þína fá skyrtuna að auki.
30 Gefðu þeim sem biður þig, og sé eitthvað
haft af þér, reyndu þá ekki að ná því aftur.
31 Komið fram við aðra eins og þið viljið að
þeir komi fram við ykkur! **32** Haldið þið að þið
eigið hrós skilið fyrir að elska þá sem elska
ykkur? Nei, það gera einnig guðleysingjarnir.
33 Hvað er stórkostlegt við það að vera góður
við þá sem eru góðir við þig? Það gerir hvaða
syndari sem er! **34** Og hvaða góðverk er það
að lána þeim einum fé, sem geta endurgreitt?
Jafnvel verstu illmenni lána fé – en þau vænta
líka fullrar endurgreiðslu! **35** Nei – elskið óvini
ykkar! Gerið þeim gott! Lánið þeim og hafið
ekki áhyggjur, þótt þið vitið að þeir muni ekki
endurgreiða það. Þá munu laun ykkar verða
mikil á himnum og framkoma ykkar sýna að
þið eruð synir Guðs, því að hann er góður við
vanþakkláta og vonda. **36** Verið miskunnsamir
eins og faðir ykkar er miskunnsamur. **37** Verið
ekki dómharðir og sakfellið ekki, þá verðið þið
ekki heldur sakfelldir. Verið tillitssamir og þá
mun ykkur einnig verða sýnd tillitssemi. **38**
Gefið og ykkur mun gefið verða! Þið munuð fá
ríkulega endurgoldið. Laun ykkar verða mæld
með sama mæli og þið mælið öðrum, hvort
sem hann er lítill eða stór.“ **39** Jesús sagði
einnig þessar líkingar í ræðum sínum: „Getur
blindur leitt blindan? Nei, því þá falla báðir í
sömu gryfjuna! **40** Ekki er nemandinn meiri en
kennarinn, en sé hann iðinn og námfús, verður
hann eins og kennarinn. **41** Hvers vegna sérðu
flís í auga bróður þíns – einhver smá mistök
sem hann kann að hafa gert – en tekur ekki

eftir plankanum í þínu eigin auga! 42 Hvernig
geturðu sagt við hann: „Bróðir, leyfðu mér að
losa flísina úr auga þér, “meðan þú sérð varla
til vegna plankans í þínu eigin auga? Hræsnari!
Fjarlægðu fyrst plankann úr þínu auga og þá
sérðu nógu vel til að draga út flísina í auga
hans. 43 Gott tré ber ekki skemmda ávexti og
lélegt tré ber ekki góða ávexti. 44 Tré þekkist
af ávexti sínum. Hvorki tína menn fíkjur af
þyrnirunnum né vínber af þistlum. 45 Góður
maður kemur góðu til leiðar, því hann hefur
gott hjartalag, en vondur maður verður til ills,
vegna síns spillta hugarfars. Orð þín lýsa innra
manni. 46 Hvers vegna kallið þið mig „Herra“en
viljið svo ekki hlýða mér? 47 Sá sem kemur til
mín, heyrir orð mín og breytir eftir þeim, er
líkur manni sem byggði hús. Hann gróf djúpt
og lagði undirstöðuna á klöpp. Þegar vatnsflóð
kom, skall beljandi straumurinn á húsinu, en
það haggaðist ekki, því það stóð á traustri
undirstöðu. 49 En sá sem heyrir orð mín, og fer
ekki eftir þeim, er líkur manni sem byggði hús
án undirstöðu. Þegar beljandi flóðið skall á því,
hrundi það.“

7 Þegar Jesús hafði lokið við að tala til fólksins,
fór hann aftur til Kapernaum. 2 Rómverskur
höfuðsmaður bjó þar og átti þræl sem var honum
mjög kær. Nú lá þrællinn fyrir dauðanum. 3
Þegar höfuðsmaðurinn frétti af Jesú, sendi hann
nokkra virðulega Gyðinga til hans og bað hann
að koma og lækna þrælinn. 4 Þeir báðu Jesú
innilega að koma og hjálpa manninum og sögðu:
„Hann á það skilið að þú hjálpir honum, 5 því
hann elskar þjóð okkar og lét meira að segja
byggja samkomuhúsið fyrir eigið fé.“ 6 Jesús fór
með þeim. Rétt áður en þeir komu að húsinu
sendi höfuðsmaðurinn vini sína til Jesú með
þessi skilaboð: „Herra, vertu ekki að ómaka þig
með að koma inn til mín, því ég er hvorki verður
þess að hitta þig né hafa þig sem gest. 7 Segðu
það aðeins með orði, þar sem þú ert staddur, og
þá mun þræll minn læknast. 8 Ég skil þig vel,
því sjálfur þarf ég að hlýða æðri herforingjum,
en hef síðan vald yfir mínum undirmönnum. Ég
þarf aðeins að segja við þá: „Farið“og þá fara
þeir, eða: „Komið“og þeir koma. Við þræl minn
segi ég: „Gerðu þetta“og hann hlýðir. Segðu
því bara: „Læknist þú“og þá mun þræll minn
verða heilbrigður.“ 9 Jesús varð undrandi. Hann
sneri sér að mannfjöldanum og sagði: „Aldrei
hef ég hitt neinn Gyðing, sem átt hefur jafn
mikla trú og þessi útlendingur.“ 10 Þegar vinir
höfuðsmannsins komu aftur inn í húsið fundu
þeir þrælinn alheilbrigðan. 11 Stuttu seinna
fóru Jesús og lærisveinar hans til þorpsins Nain,
og enn fylgdi mannfjöldinn. 12 Þegar hann
nálgaðist þorpshliðið, kom þar að líkfylgd. Hinn
dáni var drengur, einkasonur móður sinnar
sem var ekkja. Hópur syrgjandi þorpsbúa var í
líkfylgdinni ásamt ekkjunni. 13 Þegar Drottinn
sá hana, kenndi hann í brjósti um hana og
sagði: „Gráttu ekki.“ 14 Síðan gekk hann að
líkbörunum og snerti þær. Þeir sem báru, námu
staðar og Jesús sagði: „Ungi maður, ég segi þér:
Rístu upp!“ 15 Þá settist drengurinn upp og
fór að tala við viðstadda! En Jesús gaf hann
aftur móður hans. 16 Mikil hræðsla greip um
sig og fólkið lofaði Guð og hrópaði: „Voldugur
spámaður er kominn fram á meðal okkar. Við
höfum sannarlega séð Guð að verki í dag.“ 17
Og fréttin flaug um nágrennið og landið allt. 18
Lærisveinar Jóhannesar fluttu honum fréttirnar
um verk Jesú. 19 Þegar hann heyrði þær, sendi
hann tvo af lærisveinum sínum til Jesú og lét þá
spyrja: „Ert þú Kristur? Eða eigum við að halda
áfram að bíða hans?“ 20 Þegar lærisveinar þessir
komu til Jesú, var hann einmitt að lækna fólk af
ýmsum sjúkdómum. Hann læknaði lamaða og
blinda, og rak út illa anda. Þegar þeir báru fram
spurningu Jóhannesar, svaraði hann: „Farið
aftur til Jóhannesar og segið honum hvað þið
hafið séð og heyrt hér í dag: Blindir fá sjón,
lamaðir ganga óstuddir, holdsveikir hreinsast,
heyrnarlausir heyra, dauðir lifna við og fátækir
og vonlausir fá að heyra gleðifréttir. 23 Að
lokum skuluð þið segja honum: Blessaður er sá
sem ekki glatar trúnni á mig.“ 24 Þegar þeir
voru farnir, talaði Jesús við fólkið um Jóhannes
og sagði: „Hver er hann, þessi maður, sem
þið fóruð að sjá út í Júdeuauðninni? Fannst
ykkur hann veikburða líkt og strá sem bærist í
golunni? 25 Var hann klæddur sem ríkmenni?
Nei! Menn, sem lifa munaðarlífi, búa í höllum
en ekki í eyðimörkum. 26 Hvað funduð þið
þá? Spámann? Já, og meira en það! 27 Biblían
segir um hann: „Sjá, ég sendi boðbera minn
á undan þér til að undirbúa komu þína.“ 28
Jóhannes er mestur allra manna, en samt er
hinn minnsti þegn í guðsríki honum meiri.“
29 Allir sem hlustuðu á Jóhannes – jafnvel þeir
sem dýpst voru sokknir í synd – beygðu sig að

kröfu Guðs og létu skírast. 30 En farísearnir og
lögvitringarnir höfnuðu áformi Guðs um þá og
vildu ekki láta skírast. 31 „Við hvað á ég að
líkja slíkum mönnum?“spurði Jesús. 32 „Þeir
eru eins og börn sem kalla hvert til annars:
„Við fórum í brúðkaupsleik en þið vilduð ekki
vera með, þá fórum við í jarðarfararleik en
þið vilduð samt ekki vera með.“ 33 Jóhannes
fastaði oft og bragðaði aldrei áfengi, en þá
sögðu menn: „Hann hlýtur að vera skrýtinn.“
34 En þegar ég borða og drekk eins og aðrir, þá
er sagt: „Þessi Jesús, hann er nú meira átvaglið
og hann drekkur meira að segja líka! Og vinir
hans, það er ljóta hyskið.“ 35 Alltaf finnið þið
eitthvað til að afsaka ykkur með.“ 36 Einn af
faríseunum bauð Jesú til máltíðar heima hjá
sér og hann þáði boðið. Þeir voru ný sestir að
matnum 37 þegar kona nokkur kom inn utan
af götunni. Hún var skækja sem hafði frétt að
Jesús væri þarna og kom því með flösku af
dýrindis ilmolíu. 38 Hún gekk rakleitt til Jesú
og kraup grátandi að fótum hans. Tár hennar
féllu á fætur hans, en hún þurrkaði þá með hári
sínu, kyssti þá og hellti síðan ilmolíu yfir. 39
Þegar faríseinn sem boðið hafði Jesú sá þetta,
og þekkti konuna, sagði hann við sjálfan sig:
„Það er auðséð að Jesús er ekki spámaður, því
ef Guð hefði sent hann, hlyti hann að vita
hvers konar kona þetta er.“ 40 Þá sagði Jesús
við faríseann: „Símon, ég þarf að segja þér
nokkuð.“„Jæja, meistari, hvað er það?“spurði
Símon. 41 Þá sagði Jesús honum eftirfarandi
sögu: „Tveir menn fengu peninga að láni hjá
auðmanni. Annar fékk fimm hundruð þúsund
krónur, en hinn fimmtíu þúsund. 42 En þegar að
gjalddaga kom gat hvorugur greitt. Maðurinn
gaf þeim þá báðum eftir skuldina og þeir þurftu
ekkert að borga! Hvor þeirra heldur þú að hafi
elskað hann meira á eftir?“ 43 „Sá sem skuldaði
honum meira, býst ég við, “svaraði Símon.
„Alveg rétt!“sagði Jesús. 44 Síðan sneri hann sér
að konunni og sagði: „Símon, sjáðu þessa konu
sem krýpur hérna. Þegar ég kom inn, léstu það
ógert að koma með vatn og þvo rykið af fótum
mínum, en hún þvoði þá með tárum sínum og
þurrkaði þá með hárinu. 45 Ekki heilsaðir þú
mér með kossi eins og venja er, en hún hefur
kysst fætur mína án afláts frá því ég kom. 46 Þú
sinntir ekki þeirri almennu kurteisi að smyrja
höfuð mitt með ólífuolíu, en hún hellti dýrri
ilmolíu yfir fætur mína. 47 Því segi ég þér, allar
hennar mörgu syndir eru fyrirgefnar – og þess
vegna elskar hún mig mikið. En sá sem lítið
er fyrirgefið, elskar lítið.“ 48 Jesús sagði síðan
við konuna: „Syndir þínar eru fyrirgefnar.“ 49
„Hvað heldur þessi maður eiginlega að hann
sé, “sögðu gestirnir hver við annan. „Hann
gengur um og fyrirgefur syndir.“ 50 En Jesús
sagði við konuna: „Trú þín hefur frelsað þig,
farðu í friði.“

8 Skömmu síðar fór Jesús borg úr borg og
þorp úr þorpi, predikaði og boðaði komu
guðsríkisins. 2 Með í förinni voru postularnir
tólf, og einnig nokkrar konur, sem hann hafði
rekið illa anda út af eða læknað. Þeirra á meðal
voru María Magdalena (en út af henni hafði
Jesús rekið sjö illa anda), 3 Jóhanna (kona Kúsa,
sem var ráðsmaður Heródesar konungs og hafði
umsjón með höll hans og hirð), Súsanna og
margar aðrar. Veittu þær Jesú og lærisveinum
hans fjárhagslegan stuðning. 4 Einu sinni sem
oftar hópaðist fólkið að Jesú til að hlusta á hann.
Fólkið kom víðs vegar að úr ýmsum bæjum. Þá
sagði hann þessa dæmisögu: 5 „Bóndi gekk út á
akur sinn til að sá korni. Meðan hann var að sá,
féll sumt af útsæðinu á götuslóðann og tróðst
niður, en síðan komu fuglar og átu það upp. 6
Annað féll þar sem grunnt var á klöpp. Það óx,
en skrælnaði fljótlega og dó, því raka vantaði í
grunnan jarðveginn. 7 Sumt lenti meðal þyrna,
sem kæfðu viðkvæma kornstönglana. 8 En annað
lenti í frjósömum jarðvegi og óx og gaf af sér
hundraðfalda uppskeru. Um leið og Jesús sagði
þetta hrópaði hann: „Hver sem hefur eyru til
að heyra, hann heyri.“ 9 Lærisveinarnir spurðu
þá Jesú hvað sagan þýddi. 10 Hann svaraði:
„Guð hefur ætlað ykkur að skilja þessar líkingar,
því þær kenna ykkur margt um guðsríki. Fólk
almennt heyrir þær, en skilur ekki, rétt eins
og spámennirnir fornu sögðu fyrir. 11 Merking
sögunnar er þessi: Útsæðið er Guðs orð. 12
Hjörtu margra sem heyra Guðs orð eru hörð
eins og gatan, þar sem fræið féll. Síðan kemur
djöfullinn, tekur burt orðið og kemur í veg fyrir
að fólkið trúi og frelsist. 13 Grýtti jarðvegurinn
táknar þá sem taka við orðinu með fögnuði,
en það festir ekki rætur hjá þeim. Þeir trúa
um stund, en falla frá trúnni þegar á reynir.
14 Kornið sem lenti meðal þyrnanna, táknar
þá sem hlusta og trúa orðum Guðs. En síðar
kafnar trú þeirra í áhyggjum, auðæfum og alls

konar lífsgæðakapphlaupi. Það fólk ber engan
þroskaðan ávöxt trúarinnar. 15 Sæðið sem lenti í
frjósama jarðveginum táknar þá sem heyrt hafa
orðið, geyma það í göfugu og góðu hjarta, og
eru stöðuglyndir, þannig að ávextir trúarinnar
sjást í lífi þeirra.“ 16 Seinna spurði Jesús: „Hafið
þið nokkru sinni heyrt um mann sem kveikti á
lampa, en stakk honum síðan undir stól, svo að
hann lýsti ekki frá sér? Nei, því að lampar eru
settir á góðan stað, svo að birtan dreifist vel.
17 Þetta auðveldar okkur að skilja að dag einn
mun allt sem mannshugurinn geymir verða
dregið fram í dagsljósið og verða öllum augljóst.
18 Gætið því vel að því sem þið heyrið. Því að
þeim sem hefur, mun verða gefið enn meira,
en frá þeim sem ekkert á, mun jafnvel verða
tekið það sem hann telur sig eiga.“ 19 Eitt sinn,
er móðir Jesú og bræður komu og ætluðu að
hitta hann, komust þau ekki inn í húsið þar
sem hann var að kenna, vegna mannfjöldans.
20 Þegar Jesús heyrði að þau væru fyrir utan
og vildu finna hann, 21 sagði hann: „Móðir
mín og bræður mínir eru þeir sem heyra orð
Guðs og fara eftir því.“ 22 Dag einn var Jesús
með lærisveinum sínum í báti úti á vatni. Lagði
hann þá til að þeir færu yfir vatnið og í land
hinum megin. 23 Á siglingunni sofnaði hann. Þá
hvessti skyndilega á vatninu svo að gaf á hjá
þeim og voru þeir hætt komnir. 24 Þeir þutu til,
vöktu hann og hrópuðu: „Herra, við erum að
farast!“Þá hastaði Jesús á storminn og sagði:
„Hafðu hægt um þig!“Jafnskjótt lægði vindinn
og öldurnar og gerði blíðalogn. 25 Síðan sneri
hann sér að lærisveinunum og spurði: „Hvar
er trú ykkar?“Þá fundu þeir til ótta gagnvart
honum og sögðu hver við annan: „Hver er
hann eiginlega? Bæði vindar og vatn hlýða
honum.“ 26 Þeir komu að landi í Gerasena, en
það er landsvæði við vatnið, gegnt Galíleu. 27
Þegar hann var að stíga upp úr bátnum, kom
þar að maður frá nálægu þorpi. Maður þessi
hafði lengi verið haldinn illum anda. Hann
var heimilislaus og klæðlaus og hafðist við í
gröfunum. 28 Um leið og hann sá Jesú, rak
hann upp vein, féll til jarðar og hrópaði: „Hvað
viltu mér, Jesús, sonur hins hæsta Guðs? Ég bið
þig að kvelja mig ekki.“ 29 Jesús hafði skipað
óhreina andanum að fara út af manninum. Oft
hafði þessi maður verið hlekkjaður á höndum
og fótum, en þegar illi andinn hafði hann á
valdi sínu sleit hann í sundur hlekkina og æddi
viti sínu fjær út á eyðimörkina. 30 „Hvað heitir
þú?“spurði Jesús illa andann. „Hersing, “svaraði
hann, því í manninum voru mjög margir illir
andar. 31 Síðan báðu illu andarnir hann að
senda sig ekki í botnlausa hyldýpið. (Abyssos g12)
32 Í fjallshlíðinni þar rétt hjá, var svínahjörð
á beit. Nú báðu illu andarnir hann að leyfa
sér að fara í svínin og leyfði hann það. 33 Þeir
fóru út af manninum og í svínin. Við það tók
öll hjörðin á rás niður brekkuna og æddi fram
af hengifluginu út í vatnið og drukknaði. 34
Þegar svínahirðarnir sáu þetta, flýðu þeir í
dauðans ofboði til næsta bæjar og sögðu fréttir
af atburðinum. 35 Menn fóru til að sjá með eigin
augum hvað gerst hafði. Þeir sáu manninn,
sem haft hafði illu andana, sitja við fætur Jesú,
klæddan og alheilan! Og þeir urðu hræddir,
36 en hinir sem séð höfðu atburðinn gerast,
sögðu frá hvernig maðurinn hafði læknast. 37
Fólkið bað Jesú að fara burt og leyfa sér að
vera í friði, því mikil skelfing hafði gripið það.
Hann steig því aftur í bátinn og fór yfir vatnið.
Áður en hann fór, 38 bað maðurinn sem illu
andarnir höfðu verið í, hann um að leyfa sér
að koma með. 39 „Nei, “svaraði Jesús, „farðu
heldur heim til þín og segðu frá hve mikla hluti
Guð hefur gert fyrir þig.“Og maðurinn fór um
alla borgina og sagði hve mikið Jesús hafði
gert fyrir hann. 40 Hinum megin vatnsins beið
mannfjöldinn eftir Jesú og tók honum opnum
örmum. 41 Þá kom þar að maður, Jaírus að nafni,
stjórnandi samkomuhússins. Hann kraup að
fótum Jesú og grátbað hann að koma heim með
sér. 42 Einkadóttir hans, tólf ára gömul, lá fyrir
dauðanum. Jesús fór með honum og þeir ruddu
sér leið gegnum mannþröngina. 43 Á leiðinni
gerðist það að kona ein, sem hafði innvortis
blæðingar, kom að baki Jesú og snart hann.
Hún hafði ekki fengið neina bót á meini sínu
fram að þessu, þótt hún hefði eytt nær aleigu
sinni í lækna. En jafnskjótt og hún snart faldinn
á yfirhöfn Jesú stöðvuðust blæðingarnar. 45
„Hver kom við mig?“spurði Jesús. Þegar enginn
gaf sig fram, sagði Pétur: „Meistari, hér er fullt
af fólki sem þrengir að þér á allar hliðar.“ 46
„Nei, einhver snart mig af ásettu ráði, því ég
fann lækningakraft streyma út frá mér.“sagði
Jesús. 47 Þegar konan sá að Jesús hafði orðið
var við þetta, kom hún skjálfandi og kraup við
fætur hans. Síðan útskýrði hún hvernig í öllu
lá og sagði að nú væri hún orðin heilbrigð. 48

„Dóttir, trú þín hefur læknað þig. Farðu í friði,
“sagði Jesús. 49 Meðan hann var að tala við
konuna, kom maður heiman frá Jaírusi með
þær fréttir að litla stúlkan væri dáin. „Hún er
skilin við, “sagði maðurinn við föður hennar,
„það er óþarfi að ónáða meistarann lengur.“
50 Þegar Jesús heyrði þetta, sagði hann við
föður stúlkunnar: „Vertu ekki hræddur. Trúðu
aðeins, og hún verður heilbrigð.“ 51 Þegar Jesús
kom að húsinu, leyfði hann engum að fara inn
með sér nema Pétri, Jakobi og Jóhannesi, auk
foreldra stúlkunnar. 52 Inni í húsinu var margt
syrgjandi fólk, sem grét hástöfum. „Hættið að
gráta!“sagði Jesús, „hún er ekki dáin heldur
sefur hún.“ 53 Þá kváðu við háðsglósur frá
fólkinu, því allir vissu að stúlkan var dáin. 54 En
Jesús tók í hönd stúlkunnar og kallaði: „Stúlka
litla, rístu upp!“ 55 Á sama andartaki lifnaði
hún við og reis upp í rúminu! „Gefðu henni
eitthvað að borða, “sagði Jesús við foreldrana
sem voru frá sér numdir af gleði. Hann bað þau
að segja engum hvernig þetta hefði gerst.

9 Dag nokkurn kallaði Jesús lærisveinana tólf
til sín og gaf þeim vald yfir öllum illum
öndum – til að reka þá út – og til að lækna
sjúkdóma. 2 Síðan sendi hann þá af stað til að
predika og lækna. 3 „Takið ekkert til ferðarinnar,
“sagði hann, „hvorki staf né mat, fé né föt, 4
og gistið aðeins á einu heimili í hverjum bæ
fyrir sig. 5 Vilji fólkið í þeim bæ ekki hlusta á
ykkur þegar þið komið, þá snúið við og gefið í
skyn vanþóknun Guðs með því að dusta rykið
af fótum ykkar um leið og þið farið.“ 6 Þeir
lögðu af stað og ferðuðust um þorpin, fluttu
gleðiboðskapinn og læknuðu sjúka. 7 Þegar
Heródes landstjóri frétti um allt er gerst hafði,
varð hann undrandi og kvíðinn, því sumir
sögðu: „Jesús er Jóhannes skírari risinn upp
frá dauðum.“ 8 Aðrir sögðu: „Hann er Elía eða
einhver hinna fornu spámanna risinn upp frá
dauðum“og sögurnar gengu um allt. 9 „Ég lét
hálshöggva Jóhannes, “sagði Heródes, „en nú
heyri ég þessar einkennilegu sögur! Hver er
þessi Jesús eiginlega?“Og hann leitaði færis að
sjá Jesú. 10 Þegar postularnir komu aftur til
Jesú og sögðu honum hvað þeir höfðu gert,
fór hann ásamt þeim, svo lítið bar á, áleiðis til
Betsaída. 11 En fólkið komst að því hvert hann
ætlaði og elti hann. Hann tók vel á móti því,
fræddi það enn frekar um guðsríki og læknaði
þá sem sjúkir voru. 12 Þegar leið að kvöldi,
komu lærisveinarnir tólf til hans og hvöttu
hann til að senda fólkið til nálægra þorpa og
bóndabæja, svo að það gæti náð sér í mat og
húsaskjól fyrir nóttina. „Hér í óbyggðinni er
engan mat að fá, “sögðu þeir. 13 „Gefið þið
því að borða, “sagði Jesús. „Ha, við?“andmæltu
þeir, „við höfum aðeins fimm brauð og tvo
fiska og það er ekkert handa öllu þessu fólki.
Viltu að við förum og kaupum mat handa öllum
hópnum?“ 14 Karlmennirnir einir vora um
fimm þúsund! „Segið þeim að setjast niður í
fimmtíu manna hópum, “svaraði Jesús, 15 og
það var gert. 16 Jesús tók þá brauðin fimm
og fiskana, leit upp til himins og þakkaði.
Síðan braut hann brauðin í smástykki og rétti
lærisveinunum, en þeir báru matinn til fólksins.
17 Fólkið borðaði vel, en þrátt fyrir það fylltu
þeir tólf körfur með brauðmolum að máltíðinni
lokinni! 18 Eitt sinn þegar Jesús hafði verið einn
á bæn, kom hann til lærisveinanna, sem sátu
þar skammt frá og spurði: „Hvern segir fólk mig
vera?“ 19 Þeir svöruðu: „Jóhannes skírara eða
Elía, og sumir halda að þú sért einhver hinna
fornu spámanna, risinn upp frá dauðum.“ 20
„En þið?“spurði hann, „hvern segið þið mig
vera?“Pétur varð fyrir svörum og sagði: „Þú
ert Kristur, sonur Guðs.“ 21 Jesús lagði ríkt á
við þá að hafa ekki orð á þessu við neinn, 22
„því ég, Kristur, “sagði hann, „verð að þjást
mikið. Leiðtogar þjóðar okkar – öldungarnir,
æðstu prestarnir og lögvitringarnir – munu
hafna mér og taka mig af lífi, en ég mun rísa
upp á þriðja degi.“ 23 Síðan bætti hann við: „Sá
sem vill fylgja mér, verður fúslega að leggja
til hliðar eigin þrár og þægindi og dag hvern,
þola háð og niðurlægingu, og fylgja mér fast
eftir. 24 Hver sem fórnar lífi sínu mín vegna,
mun bjarga því, en sá sem vill halda því fyrir
sjálfan sig, mun glata því. 25 Hvaða ávinningur
er í því að eignast allan heiminn, ef maður
glatar sálu sinni? 26 Þegar ég, Kristur, kem í
dýrð minni og dýrð föður míns og heilagra
engla, mun ég blygðast mín fyrir hvern þann
sem blygðast sín fyrir mig og mín orð. 27 Ég
segi ykkur sannleikann: Sumir ykkar, sem hér
standa, munu ekki deyja fyrr en þeir hafa séð
guðsríki.“ 28 Viku síðar tók Jesús þá Pétur, Jakob
og Jóhannes með sér og fór upp á fjallið til að
biðjast fyrir. 29 Meðan hann var að biðja, lýsti
andlit hans og föt hans urðu ljómandi hvít. 30

Þá birtust allt í einu tveir menn, sem fóru að
tala við hann, það voru Móse og Elía. 31 Þeir
ljómuðu og töluðu við hann um að samkvæmt
fyrirætlun Guðs ætti hann að deyja í Jerúsalem.
32 Svefn hafði sótt á Pétur og félaga hans. En nú
vöknuðu þeir og sáu ljómann sem stóð af Jesú,
og mennina tvo standa hjá honum. 33 Þegar
Móse og Elía voru að skilja við hann, hrökk út
úr Pétri, sem var svo ringlaður að hann vissi
varla hvað hann sagði: „Meistari, við skulum
vera hérna lengur! Við getum reist hér þrjú
skýli – eitt handa þér, annað handa Móse og það
þriðja handa Elía.“ 34 Meðan Pétur sagði þetta
myndaðist ský í kringum þá og þeir urðu mjög
hræddir. 35 Þá kom rödd úr skýinu, sem sagði:
„Þessi er minn útvaldi sonur, hlustið á hann.“
36 Þegar röddin hljóðnaði, var Jesús einn eftir
með lærisveinum sínum. Lærisveinarnir sögðu
engum frá því sem þeir höfðu séð á fjallinu,
fyrr en löngu síðar. 37 Daginn eftir, er Jesús
kom niður af fjallinu ásamt lærisveinunum
þremur, mætti þeim mikill mannfjöldi. 38 Maður
einn í hópnum hrópaði þá til hans og sagði:
„Meistari, viltu líta á drenginn minn, hann er
einkasonur minn. 39 Illur andi er sífellt að ná
tökum á honum, svo að hann æpir, fær krampa
og froðufellir. Hann lætur hann eiginlega aldrei
í friði og er alveg að gera út af við hann. 40 Ég
bað lærisveina þína að reka andann út, en þeir
gátu það ekki.“ 41 „Æ, hvað þið eigið erfitt með
að trúa, “sagði Jesús (við lærisveinana), „hversu
lengi þarf ég að umbera ykkur? Komið hingað
með drenginn.“ 42 Meðan drengurinn var á
leiðinni til Jesú, fleygði illi andinn honum til
jarðar og hann fékk hræðilegt krampakast. Þá
skipaði Jesús andanum að fara, hann læknaði
drenginn og afhenti föður hans hann. 43 Allir
urðu forviða á mætti Guðs. En á meðan fólkið
var að undrast verk Jesú, sneri hann sér að
lærisveinunum og sagði: 44 „Festið vel í minni
það sem ég segi nú: Ég, Kristur, mun verða
svikinn.“ 45 En þeir skildu ekki við hvað hann
átti, þetta var þeim hulið og þeir þorðu ekki að
spyrja hann út í þetta. 46 Nú fóru lærisveinarnir
að deila um hver þeirra yrði mestur (í hinu
komandi ríki Guðs). 47 Þá tók Jesús lítið barn,
setti það hjá sér 48 og sagði við þá: „Hver sá
sem tekur á móti þessu barni í mínu nafni,
tekur á móti mér. Og sá sem tekur á móti mér,
tekur á móti Guði, sem sendi mig. Sá ykkar sem
fúsastur er að þjóna öðrum, hann er mikill.“ 49
Jóhannes lærisveinn hans kom til hans og sagði:
„Meistari, við sáum mann sem notaði nafn þitt
til að reka út illa anda og við bönnuðum honum
það, því hann er ekki einn af okkur.“ 50 „Það
hefðuð þið ekki átt að gera, “sagði Jesús, „því
að hver sem ekki er andstæðingur ykkar, er
vinur ykkar.“ 51 Nú leið að því að Jesús skyldi
fara til himna og því ákvað hann að halda beina
leið til Jerúsalem. 52 Dag nokkurn sendi hann
menn á undan sér til bæjar í Samaríu til að
útvega honum gistingu þar. 53 En þorpsbúar
ráku sendiboðana til baka! Þeir vildu ekkert
með þá hafa, vegna þess að þeir voru á leið til
Jerúsalem. 54 Þegar Jesús og lærisveinar hans
fengu fréttirnar, sögðu Jakob og Jóhannes við
Jesú: „Meistari, eigum við að gefa skipun um að
eldur falli af himnum og eyði þeim?“ 55 En Jesús
ávítaði þá og sagði: „Þið vitið ekki hver fékk
ykkur til að segja þetta! Ég, Kristur, kom ekki til
að eyða mannslífum, heldur til að bjarga þeim.“
56 Þeir fóru síðan í annað þorp. 57 Á leiðinni
sagði maður nokkur við Jesú: „Ég vil fylgja þér
hvert sem þú ferð.“ 58 Jesús svaraði: „Refir
eiga greni og fuglarnir hreiður en ég, Kristur,
á engan samastað.“ 59 Við annan mann sagði
Jesús: „Fylg þú mér!“Maðurinn tók því vel og
sagði: „Leyfðu mér samt að annast útför föður
míns fyrst.“ 60 Þessu svaraði Jesús: „Láttu þá
sem ekki eiga eilíft líf um það, en far þú og boða
guðsríki.“ 61 Enn annar sagði: „Drottinn, ég vil
fylgja þér, en leyfðu mér samt fyrst að kveðja þá
sem heima eru.“ 62 „Sá sem lætur leiða sig burt
frá því verki, sem ég ætlaði honum, “svaraði
Jesús, „er ekki hæfur í guðsríki.“

10 Drottinn valdi nú aðra sjötíu lærisveina
og sendi þá tvo og tvo saman til þorpanna,
sem hann ætlaði síðar að heimsækja. 2 Hann
sagði: „Uppskeran er mikil, en verkamennirnir
fáir, biðjið því uppskerustjórann að senda fleiri
verkamenn til uppskeru sinnar. 3 Farið nú og
munið að ég sendi ykkur eins og lömb í úlfahóp.
4 Takið hvorki peninga með ykkur né nesti og
heldur ekki skó til skiptanna, og munið svo
að slóra ekki á leiðinni. 5 Blessið hvert það
heimili sem þið komið á. 6 Sé það blessunarvert,
mun blessunin koma yfir það, annars mun hún
snúa aftur til ykkar. 7 Þegar þið komið inn í
þorp, gistið þá ekki á mörgum heimilum, dveljið
heldur á sama stað. Borðið og drekkið það sem
fyrir ykkur er sett. Verið ófeimnir við að njóta

góðgerðanna, því að verður er verkamaður
launa sinna. 8 Taki þorpsbúar ykkur vel, farið
þá eftir þessum tveimur reglum: Borðið það
sem fyrir ykkur er sett og læknið þá sem sjúkir
eru og segið um leið: „Nú standið þið nálægt
guðsríkinu.“ 10 Ef þið komið í þorp sem ekki vill
taka við ykkur, farið þá út á göturnar og segið:
11 „Við þurrkum rykið, úr þorpi ykkar, af fótum
okkar sem tákn um dóminn, sem yfir ykkur
vofir. En vitið samt að guðsríki er í nánd.“ 12
Jafnvel Sódóma, borg spillingarinnar, mun fá
skárri útreið á dómsdegi en það þorp! 13 Þið
Kórasín og Betsaída, miklar eru þrengingarnar
sem ykkar bíða! Ef kraftaverkin, sem ég gerði í
ykkur, hefðu gerst í Týrus og Sídon, þá hefðu
íbúar þeirra borga gert iðrun fyrir löngu. Þeir
hefðu klæðst tötrum og ausið sig ösku sem
tákn um iðrun sína. 14 Týrus og Sídon munu
hljóta vægari hegningu á dómsdegi en þið. 15
Og hvað um ykkur, íbúar Kapernaum? Verðið
þið hafnir til himins? Nei, ykkur verður varpað
niður til heljar.“ (Hadēs g86) 16 Síðan sagði Jesús
við lærisveina sína: „Þeir sem taka á móti ykkur,
taka á móti mér, en þeir sem hafna ykkur,
hafna mér. Þeir sem hafna mér, hafna Guði
sjálfum sem sendi mig.“ 17 Lærisveinarnir sjötíu
komu aftur og sögðu sigri hrósandi: „Jafnvel
illu andarnir hlýða okkur, þegar við notum
nafn þitt.“ 18 „Já, “sagði hann, „ég sá Satan
falla af himni eins og eldingu! 19 Ég hef gefið
ykkur vald yfir öllu óvinarins veldi. Þið getið
stigið ofan á höggorma og sporðdreka og marið
þá undir fótum ykkar – ekkert mun geta gert
ykkur mein. 20 En gleðjist samt ekki yfir því
að andarnir hlýða ykkur, heldur því að nöfn
ykkar eru innrituð á himnum.“ 21 Um leið varð
hann glaður í heilögum anda og sagði: „Ég
lofa þig faðir, herra himins og jarðar. Að það
sem hulið var fyrir spekingum og vitringum
veraldar, hefur þú birt þeim sem treysta þér og
trúa eins og lítil börn. Já, faðir, þannig vildir þú
hafa það. 22 Faðir minn hefur lagt allt í mínar
hendur. Soninn þekkir enginn nema faðirinn
og föðurinn þekkir enginn nema sonurinn,
og þeir sem sonurinn vill að sjái hann.“ 23
Síðan sneri hann sér að lærisveinunum og
sagði lágt: „Þið eigið gott að hafa fengið að
sjá það sem þið sjáið. 24 Margir spámenn og
konungar fyrri alda þráðu að sjá og heyra það
sem þið hafið séð og heyrt.“ 25 Dag nokkurn
kom fræðimaður í lögum Móse til Jesú og vildi
prófa rétttrúnað hans. „Meistari, “sagði hann,
„hvað þarf maður að gera til að eignast eilíft
líf?“ (aiōnios g166) 26 „Hvað segja lög Móse um
það?“svaraði Jesús. 27 „Þar stendur: Þú skalt
elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu, allri
sálu þinni, öllum mætti þínum og af öllum huga
þínum, og meðbróður þinn eins og sjálfan þig,
“sagði fræðimaðurinn. 28 „Rétt, “svaraði Jesús,
„gerðu þetta og þá muntu lifa.“ 29 En maðurinn
vildi afsaka sig og spurði því: „Hver er þá
meðbróðir minn?“ 30 Jesús svaraði með þessari
sögu: „Maður var á leið frá Jerúsalem til Jeríkó
og lenti í höndum ræningja. Þeir rændu fötum
hans og peningum, og börðu hann. Síðan skildu
þeir hann eftir hálfdauðan við vegarbrúnina. 31
Af tilviljun fór prestur þarna um. Þegar hann
sá manninn, leit hann undan og hélt áfram.
32 Skömmu síðar kom musterisþjónn þar að
og er hann sá hinn slasaða, flýtti hann sér
fram hjá. 33 Síðan kom þar að lítilsmetinn
útlendingur – Samverji. Hann sá manninn og
kenndi í brjósti um hann. 34 Hann gekk til hans,
hreinsaði sárin og batt um þau. Að því loknu
setti hann særða manninn upp á asnann sinn
og studdi hann að næsta gistihúsi, þar sem
hann veitti honum aðhlynningu um nóttina. 35
Morguninn eftir rétti hann gestgjafanum ríflega
upphæð og bað hann að annast manninn. „Ef
reikningurinn verður hærri, “sagði hann, „þá
borga ég mismuninn næst þegar ég kem.“ 36
Hver finnst þér nú hafa verið sannur meðbróðir
mannsins sem lenti í höndum ræningjanna?“
37 „Sá sem hjálpaði honum, “svaraði maðurinn.
„Já, “sagði Jesús, „farðu og gerðu slíkt hið
sama.“ 38 Á leið sinni til Jerúsalem, komu Jesús
og lærisveinar hans við hjá konu sem Marta
hét. Tók hún vel á móti þeim. 39 María systir
hennar sat á gólfinu og hlustaði á Jesú, 40 en
Marta var önnum kafin við matreiðslu. Hún
gekk þá til Jesú og sagði: „Herra, finnst þér ekki
ranglátt af systur minni að sitja hér, en láta mig
eina um alla vinnuna? Segðu henni að koma og
hjálpa mér.“ 41 „Marta mín, “sagði Drottinn við
hana, „Þú ert önnum kafin og áhyggjufull! 42
Eitt er nauðsynlegt og það hefur María komið
auga á, ég mun ekki taka það frá henni.“

11 Eitt sinn er Jesús hafði verið í einrúmi á
bæn, kom einn lærisveinanna til hans og
sagði: „Drottinn, kenndu okkur að biðja eins
og Jóhannes kenndi sínum lærisveinum. 2 Þá

kenndi hann þeim þessa bæn: „Faðir, helgist
þitt nafn, komi þitt ríki. 3 Gefðu okkur það sem
við þörfnumst frá degi til dags. 4 Fyrirgefðu
okkur syndir okkar, eins og við fyrirgefum þeim
sem syndga gegn okkur, og lát okkur ekki verða
fyrir freistingu.“ 5 Hann hélt áfram að fræða
þá um bænina og sagði: „Gerum ráð fyrir að
einhver ykkar fari til vinar síns um miðja nótt,
veki hann og segi: „Lánaðu mér þrjú brauð,
því að vinur minn var að koma í heimsókn og
ég á ekki nokkurn matarbita handa honum.“
7 Þá mundi hinn kalla á móti úr rúminu: „Æ,
vertu nú ekki að ónáða mig. Það er búið að læsa
húsinu og allir eru löngu háttaðir. Ég nenni ekki
að fara á fætur um miðja nótt vegna þessara
smámuna.“ 8 Ég segi: Ef haldið er áfram að
nauða nógu lengi, þá fer hann að lokum fram úr
og lánar vini sínum allt sem hann þarf; ekki af
greiðasemi, heldur vegna þess að hinn gefst ekki
upp. 9 Þannig er það með bænina. Biðjið og þið
munuð öðlast. Leitið og þið munuð finna. Knýið
á og þá mun verða lokið upp. 10 Hver sá sem
biður, mun öðlast, sá finnur er leitar og fyrir
þeim mun opnað, sem á knýr. 11 Þið feður, gefið
þið drengnum ykkar stein ef hann biður um
fisk? 12 Og biðji hann um egg, gefið þið honum
þá sporðdreka? Nei, auðvitað ekki! 13 Fyrst þið
syndugir menn gefið börnum ykkar góðar gjafir,
þá er víst að faðirinn á himnum gefur þeim
heilagan anda sem biðja um hann.“ 14 Jesús rak
illan anda út af mállausum manni og fékk hann
þá málið. Mannfjöldinn varð undrandi, 15 en
sumir sögðu: „Það er ekkert skrýtið þótt hann
geti rekið út illa anda, því hann fær kraft sinn
frá Satan, konungi illu andanna.“ 16 Aðrir báðu
hann um tákn á himni, til að sanna að hann
væri Kristur. 17 Jesús vissi hvað þeir hugsuðu
og sagði: „Það ríki sem logar í borgarastyrjöld
fær ekki staðist, og sama er að segja um heimili
þar sem hver höndin er upp á móti annarri. 18
Sé það satt sem þið segið að Satan berjist gegn
sjálfum sér, með því að gefa mér vald til að reka
út hans eigin illu anda, hvernig fær þá ríki hans
staðist? 19 Og hvað um fylgjendur ykkar, ef ég
starfa í krafti Satans? Þeir reka út illa anda! Er
það þá sönnun þess að Satan sé í þeim? Spyrjið
þessa menn hvort þið hafið á réttu að standa!
20 En ef ég rek út illa anda með krafti Guðs, þá
er það staðfesting þess að guðsríki sé komið. 21
Þegar sterkur maður ver hús sitt alvopnaður,
þá er það ekki í hættu 22 – ekki fyrr en einhver
sterkari gerir árás, yfirbugar hann og afvopnar,
og tekur eigur hans. 23 Sá sem ekki er með mér,
er á móti mér. Sá sem ekki vinnur mér gagn,
veldur mér tjóni. 24 Þegar illur andi er rekinn
út úr manni, fer hann út í eyðimörkina og leitar
þar hvíldar. Finni hann enga hvíld, leitar hann
að manninum sem hann var í 25 og finnur hann
opinn og andvaralausan. 26 Þá fer hann og
sækir sjö aðra anda ennþá verri og þeir fara
allir í manninn, sem verður því mun verr settur
en áður.“ 27 Meðan Jesús var að tala, hrópaði
kona ein í mannfjöldanum: „Guð blessi móður
þína, sem bar þig og nærði.“ 28 „Já, “svaraði
hann, „en enn meiri blessun hljóta þeir sem
heyra orð Guðs og fara eftir því.“ 29 Fólkið hélt
áfram að streyma að honum og þá sagði hann
því þessa líkingu. „Við lifum á vondum tímum
og fólkið er vont. Það biður stöðugt um tákn
á himnum (til sönnunar því að ég sé Kristur)
en eina táknið sem það fær er Jónasartáknið.
Fólkið í Niníve áleit reynslu Jónasar sönnun
þess að Guð hefði sent hann. Á sama hátt verður
það sem gerist með mig, tákn þess að Guð hafi
sent mig til ykkar. 31 Drottningin af Saba mun
rísa upp á dómsdegi, benda á þessa kynslóð og
dæma hana seka. Hún lagði á sig langt og erfitt
ferðalag til að hlusta á visku Salómons og hér er
sá sem er æðri Salómon. 32 Íbúar Niníve munu
einnig rísa upp og fordæma þessa þjóð, því þeir
gerðu iðrun við predikun Jónasar, og þótt hér
sé sá sem er miklu æðri Jónasi, vill þessi þjóð
ekki hlusta. 33 Hver kveikir á lampa og felur
hann síðan niðri í kjallara? Enginn! Lampinn er
settur á lampastæðið, svo að hann lýsi öllum
sem inn koma. 34 Augu þín lýsa upp þinn innri
mann. Sé auga þitt heilbrigt, þá hleypir það
birtu inn í sál þína. Auga sem brennur af fýsn,
lokar ljósið úti og steypir þér í myrkur. 35 Gættu
þess að ljósið sé ekki lokað úti. 36 Ef þinn innri
maður er baðaður ljósi og hvergi ber skugga
á, þá ljómar andlit þitt.“ 37 Þegar Jesús hafði
lokið máli sínu, bauð einn af farísseunum honum
heim til sín í mat. Þegar Jesús var kominn inn
til hans, settist hann strax að matnum, án þess
að þvo sér fyrst eins og venja var hjá Gyðingum.
Farísseinn varð undrandi. 39 Jesús sagði þá við
hann: „Þið farísear þvoið það sem út snýr, en
að innan eruð þið enn óhreinir – fullir illsku og
girndar! 40 Þið farið heimskulega að ráði ykkar!
Var hið innra ekki eins vel af Guði gert og hið
ytra eða hvað? 41 Göfuglyndi er besta sönnun

þess að inni fyrir búi hreint hugarfar. 42 Ég ávíta
ykkur, farísear! Þið gætið þess að gjalda tíund
og það jafnvel af hverju smáatriði, en gleymið
svo öllu réttlæti og kærleika til Guðs. Það er
rétt að gjalda tíund en hitt skuluð þið ekki
vanrækja. 43 Vei ykkur, farísear! Þið sækist eftir
heiðurssætum í samkomuhúsum og virðingu
fólksins á götunum. 44 Ykkar bíður hræðilegur
dómur. Þið eruð eins og grónar grafir sem fólk
gengur yfir, grunlaust um alla rotnunina fyrir
neðan. 45 „Herra, “sagði lögfræðingur sem sat
rétt hjá honum, „þú lítilsvirðir einnig starf mitt
með þessum orðum.“ 46 „Já, “sagði Jesús, „ekki
eruð þið betri! Þið leggið óbærilegar byrðar
á fólk með trúar- og siðferðiskröfum ykkar –
kröfum sem ykkur sjálfum dytti aldrei í hug
að hlýða. 47 Vei ykkur! Þið eruð ekki betri en
forfeður ykkar, sem drápu spámennina. 48 Þið
leggið blessun yfir verk forfeðra ykkar með
því að prýða legstaði spámannanna, sem þeir
myrtu. 49 Guð segir um ykkur: „Ég mun senda til
ykkar spámenn og postula, suma þeirra munuð
þið drepa en ofsækja hina.“ 50 Þið sem nú
lifið, berið ábyrgðina á morðunum sem framin
hafa verið á þjónum Guðs frá upphafi. 51 Frá
morðinu á Abel til morðsins á Sakaría, sem
drepinn var milli altarisins og musterisins. Já,
ákærunni verður áreiðanlega beint gegn ykkur.
52 Vei ykkur, lögvitringar! Þið felið sannleikann
fyrir fólkinu. Sjálfir viljið þið ekki beygja ykkur
fyrir honum og síðan hindrið þið aðra í að
treysta Guði.“ 53 Þegar Jesús hafði lokið máli
sínu gekk hann út, en eftir stóðu farísearnir
og lögvitringarnir, æfir af reiði. Upp frá þessu
voru þeir sífellt að leggja fyrir hann spurningar
í þeim tilgangi að fá hann til að segja eitthvað,
sem hægt væri að handtaka hann fyrir.

12 Fólk flykktist nú að honum tugþúsundum
saman, svo að hver tróð annan undir. Þá
tók hann að tala við lærisveinana og sagði:
„Varið ykkur á faríseunum. Þeir þykjast vera
góðir, en svo er ekki. Slíka hræsni er þó ekki
hægt að dylja mjög lengi. 2 Hún verður eins
augljós og gerið í deiginu. 3 Allt sem sagt er í
myrkrinu, heyrist í birtunni, og það sem þið
hafið pískrað í skúmaskotum, verður hrópað af
húsþökum svo allir heyri! 4 Vinir mínir, verið
ekki hræddir við þá sem geta deytt líkamann,
þeir geta ekki meira og hafa ekkert vald yfir
sálinni. 5 Ég skal segja ykkur hvern þið eigið að
óttast – það er Guð. Hann hefur vald til að taka
líf ykkar og kasta ykkur í helvíti. (Geenna g1067) 6
Hvað kosta fimm spörfuglar? Varla meira en
tvo smápeninga? Samt gleymir Guð engum
þeirra. 7 Hann veit líka hve mörg hár eru á
höfði ykkar! Verið ekki kvíðafullir, því að þið
eruð miklu meira virði í hans augum en margir
spörvar. 8 Ég segi ykkur: Hvern þann sem
játar trú á mig frammi fyrir mönnunum, mun
ég, Kristur, viðurkenna frammi fyrir englum
Guðs. 9 En þeim sem afneitar mér frammi fyrir
mönnunum, mun verða afneitað frammi fyrir
englum Guðs. 10 Þeir sem lastmæla mér geta
þó fengið fyrirgefningu, en þeim sem lastmæla
heilögum anda mun aldrei verða fyrirgefið. 11
Þegar þið verðið að svara til saka frammi fyrir
leiðtogum þjóðarinnar og forstöðumönnum
samkomuhúsanna, verið þá ekki áhyggjufullir
yfir því hvað þið eigið að segja til varnar.
12 Því að heilagur andi mun gefa ykkur rétt
orð á réttum tíma.“ 13 Þá kallaði einhver úr
mannþrönginni: „Herra, segðu bróður mínum
að skipta með okkur föðurarfi okkar.“ 14
„Heyrðu vinur, “svaraði Jesús, „hver setti mig
dómara og skiptaráðanda yfir ykkur? 15 Gætið
ykkar! Sækist ekki stöðugt eftir því sem þið
eigið ekki. Lífið er ekki tryggt með eignunum,
jafnvel þótt miklar séu.“ 16 Síðan sagði hann
þeim dæmisögu: „Ríkur maður átti gott bú
og fékk mikla uppskeru. 17 Hlöðurnar voru
yfirfullar, svo að hann kom ekki öllu fyrir.
Hann hugsaði málið. 18 „Nú veit ég hvað ég
geri, “sagði hann við sjálfan sig. „Ég ríf þessar
hlöður og byggi aðrar stærri og þá verður nóg
pláss! 19 Eftir það fer ég mér hægt og segi
við sjálfan mig: Jæja vinur, nú áttu birgðir til
margra ára. Nú skaltu hvílast og njóta lífsins
svo um munar.“ 20 En Guð sagði við hann:
„Heimskingi! Í nótt muntu deyja og hver fær
þá allt sem þú hefur eignast?“ 21 Þannig fer
fyrir þeim sem safnar auðæfum, en er ekki
ríkur hjá Guði.“ 22 Jesús sagði við lærisveina
sína: „Hafið ekki áhyggjur af því hvort þið hafið
nóg að borða eða föt til að vera í. 23 Lífið er
miklu meira en föt og fæði. 24 Sjáið hrafnana.
Þeir sá hvorki né uppskera og ekki hafa þeir
forðabúr né hlöður, en samt komast þeir af,
því að Guð fæðir þá. Þið eruð miklu dýrmætari
en fuglarnir í augum Guðs! 25 Hvaða vit er í
áhyggjum? Gera þær eitthvert gagn? Geta þær
lengt líf þitt um einn dag? Nei, sannarlega ekki!

26 Til hvers er þá að hafa áhyggjur, fyrst þær
geta ekki komið slíkum smámunum til leiðar?
27 Lítið á liljurnar! Þær hvorki vinna né spinna,
en samt komst Salómon í öllum sínum skrúða
ekki í samjöfnuð við þær. 28 Þið efasemdamenn!
Hvers vegna haldið þið að Guð muni ekki sjá
ykkur fyrir fötum, hann sem skrýðir blómin,
sem standa í dag, en falla á morgun? 29 Verið
ekki heldur kvíðnir vegna matar, hvað þið eigið
að borða eða drekka. Nei, hafið ekki áhyggjur af
því, 30 það gera hinir guðlausu, en faðirinn á
himnum veit hvers þið þurfið með. 31 Ef þið
leitið vilja Guðs með líf ykkar framar öllu öðru,
þá annast hann þarfir ykkar frá degi til dags. 32
Vertu ekki hrædd, litla hjörð, því faðirinn hefur
gefið ykkur ríki sitt. 33 Seljið eigur ykkar og
gefið þeim sem þurfandi eru og þá munuð þið
eignast ótæmandi fjársjóð á himnum! Slíkur
fjársjóður mun aldrei rýma né skemmast, því
þar eru hvorki þjófar né verðbólga. 34 Þar sem
fjársjóður þinn er, þar mun og hugur þinn vera.
35 Verið viðbúin, alklædd og reiðubúin til starfa,
36 því að húsbóndi ykkar er væntanlegur úr
brúðkaupinu. Verið viðbúin að opna dyrnar
og hleypa honum inn um leið og hann ber að
dyrum. 37 Þeir sem eru viðbúnir og bíða komu
hans hafa ástæðu til að hlakka til. Hann mun
sjálfur leiða þá til sætis og meira að segja þjóna
þeim til borðs, en þeir fá að njóta matarins í
næði. 38 Ef til vill kemur hann klukkan níu að
kvöldi, eða þá á miðnætti. En hvort sem hann
kemur þá eða síðar verður mikil gleði hjá þeim
þjónum, sem viðbúnir verða. 39 Ef þeir vissu
nákvæmlega hvenær hann kæmi, mundu þeir
allir vera viðbúnir, rétt eins og þeir væru á
verði, ef von væri á þjófi. 40 Verið því ávallt
viðbúin, því að ég, Kristur, kem fyrirvaralaust.“
41 Þá spurði Pétur: „Herra, segir þú þetta aðeins
við okkur eða á það við um alla?“ 42 Drottinn
svaraði: „Orð mín eiga erindi til allra þeirra sem
trúir eru og grandvarir, þeirra sem húsbóndinn
hefur falið þá ábyrgð að annast hina þjónana.
En húsbóndinn mun snúa aftur og sjái hann
þá að þjónninn hefur verið samviskusamur,
mun hann launa honum. Hann mun setja hann
yfir allar eigur sínar! 45 En hugsi þjónninn
sem svo: Húsbóndi minn er ekki væntanlegur
nærri strax. Tekur síðan upp á því að berja
fólkið sem hann á að annast og eyða tímanum
í svall og samkvæmislíf. 46 Þá mun húsbóndi
hans koma fyrirvaralaust og lífláta hann, því
að það er hlutskipti hinna ótrúu. 47 Sá maður
fær þunga refsingu, því að hann gerði ekki
skyldu sína þótt hann vissi hver hún væri. 48
Sá sem hins vegar gerir rangt án þess að vita
það, hlýtur aðeins væga refsingu. Mikils verður
krafist af þeim sem mikið hafa hlotið, því að
ábyrgð þeirra er meiri en hinna. 49 Ég kom
til þess að kveikja eld á jörðinni. Ó, hve ég
vildi að hann væri þegar kveiktur! 50 Hræðileg
skírn bíður mín og ég er angistarfullur uns
henni er lokið. 51 Haldið þið að ég hafi komið
til að stilla til friðar á jörðinni? Nei! Nærvera
mín veldur sundrungu og deilum. 52 Upp frá
þessu munu fjölskyldur klofna: Þrír með mér
og tveir á móti – eða öfugt. 53 Faðir mun taka
sína afstöðu, en sonurinn aðra. Móðir og dóttir
verða ósammála og tengdadóttirin mun hafna
áliti hinnar virtu tengdamóður.“ 54 Síðan sneri
hann sér að mannfjöldanum og sagði: „Þegar
þið sjáið ský myndast í vestri, segið þið: „Nú
kemur skúr, “– og það er alveg rétt. 55 Sé hann
suðlægur, þá segið þið: „Það verður þurrt í dag,
“og það er líka rétt. 56 Hræsnarar! Þið eigið gott
með að átta ykkur á veðrinu, en þið virðið ekki
viðlits þær viðvaranir sem alls staðar blasa við,
og boða erfiða tíma. 57 Hvers vegna viljið þið
ekki gera ykkur grein fyrir staðreyndum? 58
Segjum svo að þú sért á leið til réttarins ásamt
ákæranda þínum. Reyndu þá að sættast við
hann áður en dómarinn fær málið í hendur, því
að hann mun áreiðanlega dæma þig í fangelsi 59
og þaðan losnarðu ekki fyrr en þú hefur greitt
síðustu krónuna.“

13 Um þetta leyti frétti Jesús að Pílatus hefði
látið drepa nokkra Galíleumenn, sem voru
að bera fram fórnir í musterinu í Jerúsalem. 2
„Haldið þið að þeir hafi verið meiri syndarar
en Galíleumenn almennt?“spurði hann. „Er
það ástæðan fyrir þjáningum þeirra? 3 Nei,
alls ekki! Skiljið þið ekki að sjálfir munuð þið
farast, nema þið snúið ykkur frá syndinni og
til Guðs? 4 Hvað um mennina átján, sem dóu
þegar Sílóamturninn hrundi? Voru þeir verstu
syndarar í Jerúsalem? 5 Nei, hreint ekki! Og þið
munuð sjálfir týna lífi og glatast, ef þið gerið
ekki iðrun.“ 6 Því næst sagði Jesús þeim þessa
dæmisögu: „Maður nokkur gróðursetti fíkjutré
í garði sínum. Oft leitaði hann ávaxta á því, en
sér til mikilla vonbrigða fann hann enga. 7 Að
lokum skipaði hann garðyrkjumanni sínum að

höggva tréð upp. „Ég hef beðið í þrjú ár og það
hefur ekki borið eina einustu fíkju, “sagði hann.
„Til hvers er að standa í þessu lengur? Það er
bara fyrir.“ 8 „Gefum því enn eitt tækifæri,
“sagði garðyrkjumaðurinn. „Látum það standa
eitt ár enn og við skulum hugsa sérstaklega
vel um það og bera vel á. 9 Ef við fáum fíkjur
eftir árið, þá er allt í lagi. Ef það ber ekki
ávöxt, þá fellum við það“.“ 10 Helgidag einn
var Jesús að kenna í einu af samkomuhúsunum.
11 Tók hann þá eftir konu sem var illa bækluð.
Hún hafði verið krypplingur í átján ár og gat
ekki rétt úr sér. 12 Jesús kallaði hana til sín
og sagði: „Kona, þú ert læknuð af sjúkdómi
þínum.“ 13 Og um leið og hann snerti hana rétti
hún úr sér og lofaði Guð! 14 En forstöðumaður
samkomuhússins varð mjög reiður vegna þess
að Jesús skyldi hafa læknað hana á helgidegi
og hrópaði: „Við höfum sex daga til að vinna í
viku hverri! Komið þá og látið lækna ykkur, en
ekki á hvíldardögum.“ 15 „Hræsnarar, “svaraði
Jesús, „þið vinnið á helgidögum. Leysið þið ekki
nautgripina af stalli til að brynna þeim jafnt á
helgidögum sem aðra daga? 16 Er þá rangt af
mér að leysa þessa konu úr fjötrum, sem Satan
hefur haldið henni í, í átján ár, aðeins vegna
þess að það er hvíldardagur?“ 17 Óvinir hans
urðu skömmustulegir við þessi orð, en fólkið
gladdist vegna dásemdarverkanna sem hann
vann. 18 Jesús tók á ný að ræða við fólkið um
guðsríki og spurði: „Hverju líkist guðsríki? Við
hvað á ég að líkja því? 19 Það er líkt örsmáu
sinnepsfræi, sem sáð er í mold. Áður en langt
um líður er það orðið að hávöxnum runna, þar
sem fuglarnir byggja hreiður sín. 20 Því má
einnig líkja við ger sem hnoðað hefur verið
saman við deig, svo það hverfur í deigið, en
samt lyftir það öllu deiginu.“ 22 Eftir þetta
lagði Jesús af stað til Jerúsalem og kom við í
mörgum bæjum og þorpum á leiðinni. 23 Eitt
sinn var hann spurður þessarar spurningar:
„Verða þeir fáir sem frelsast?“ 24 „Reynið að
komast inn um þröngu dyrnar, “svaraði Jesús,
„því að margir munu reyna að komast þangað
inn án árangurs, og þegar húsbóndinn hefur
læst dyrunum verður það ekki lengur hægt.
Ef þið standið þá fyrir utan, berjið og hrópið:
„Drottinn, opnaðu fyrir okkur, “mun hann
svara: „Ég þekki ykkur ekki.“ 26 „Já, en... við
átum og drukkum með þér og þú kenndir í
þorpinu okkar, “segið þið. 27 En ég svara: „Ég
segi ykkur satt: Ég þekki ykkur ekki. Þið getið
ekki komist hingað inn, því að þið eruð sekir.
Burt með ykkur.“ 28 Þið munuð gráta og kveina
þegar þið standið fyrir utan og sjáið Abraham,
Ísak, Jakob og alla spámennina í guðsríki. 29 Því
þangað mun fólk streyma hvaðanæva, úr öllum
heiminum, og taka þar sæti sín. 30 Takið eftir:
Sumir sem nú eru fyrirlitnir, munu þá hljóta
heiður, en aðrir sem nú eru í hávegum hafðir,
verða þá taldir sístir allra.“ 31 Í sama bili komu
nokkrir farísear til hans og sögðu: „Ef þú vilt
sleppa lifandi, komdu þér þá héðan sem fyrst,
því Heródes konungur situr um líf þitt.“ 32
„Farið og segið þeim ref, “svaraði Jesús, „að ég
muni halda áfram að reka út illa anda og lækna
í dag og á morgun, en þriðja daginn lýk ég mér
af. 33 Jafnframt þessu mun ég halda áfram ferð
minni til Jerúsalem, því ekki hæfir að spámaður
láti lífið annars staðar en þar. 34 Ó, Jerúsalem,
Jerúsalem! Borgin, sem líflætur spámennina og
grýtir þá sem sendir eru henni til hjálpar. Oft
hef ég viljað safna börnum þínum saman, rétt
eins og hæna verndar unga sína undir vængjum
sér, en þið hafið ekki viljað það. 35 Hús ykkar
skulu verða skilin eftir í eyði og þið munuð ekki
sjá mig aftur fyrr en þið segið: „Blessaður sé sá
sem kemur í nafni Drottins.““

14 Svo bar við á helgidegi er Jesús var gestur
á heimili eins höfðingja fariseanna, að þeir
höfðu gætur á honum, því að þeir vildu vita
hvort hann læknaði mann sem þar var og þjáðist
af vatnssótt. 3 Jesús sneri sér þá að faríseunum
og lögvitringunum og spurði: „Stendur það í
lögunum að óheimilt sé að lækna á helgidegi?“
4 Farísearnir svöruðu engu orði. Þá snerti Jesús
veika manninn, læknaði hann og lét hann fara.
5 Síðan sneri hann sér að viðstöddum og sagði:
„Segið mér, vinnur enginn ykkar handtak á
helgidögum? Segjum svo að kýrin ykkar félli
í skurð á helgidegi, hvað mynduð þið gera?
Láta hana eiga sig?“ 6 En þeir voru orðlausir
og gátu engu svarað. 7 Þegar hann veitti því
athygli að gestirnir reyndu allir að ná sér í
virðulegustu sætin, sagði hann: 8 „Reynið ekki
að ná í heiðurssætin í brúðkaupsveislunum!
Ef að einhver háttsettari en þú kæmi á eftir
þér, 9 þá mundi húsbóndinn leiða hann þangað
sem þú sætir og segja við þig: „Leyfðu þessum
manni að sitja hér.“Þú yrðir þér til skammar og
yrðir að færa þig í autt sæti við neðsta borðið!

10 Sestu heldur fyrst við neðsta borðið og þegar
húsbóndinn tekur eftir þér þar, mun hann
koma og segja við þig: „Kæri vinur, komdu, við
tókum miklu betra sæti frá handa þér.“Þannig
mun þér verða sýnd virðing frammi fyrir öllum
gestunum. 11 Sá sem upphefur sjálfan sig, mun
niðurlægjast, en sá sem lítillækkar sig, hlýtur
upphefð.“ 12 Síðan sneri hann sér að húsráðanda
og sagði: „Þegar þú býður til veislu, skaltu
ekki bjóða vinum þínum, ættingjum eða ríkum
nágrönnum, því að þeir munu allir endurgjalda
boðið. 13 Bjóddu heldur fátækum, bækluðum,
lömuðum og blindum. 14 Og í upprisu hinna
trúuðu, mun Guð launa þér fyrir að bjóða þeim
sem ekki gátu endurgoldið.“ 15 Þá sagði einn
viðstaddra: „Það eru mikil forréttindi að fá að
komast inn í guðsríki.“ 16 Jesús sagði honum
þá þessa dæmisögu: „Maður nokkur undirbjó
mikla veislu og bauð mörgum. 17 Þegar allt
var tilbúið sendi hann þjóna sína til að minna
boðsgestina á að nú væri stundin komin. 18 En
þá fóru allir að afsaka sig. Einn sagði: „Ég er
nýbúinn að kaupa jörð og þarf að fara og líta
á hana. Ég bið þig að hafa mig afsakaðan.“ 19
Annar sagðist hafa verið að kaupa tíu uxa og nú
langaði hann til að reyna þá. 20 Sá þriðji var
nýgiftur og gat því ekki komið. 21 Þjónninn
sneri þá heim og flutti húsbónda sínum svörin.
Þá reiddist húsbóndinn, sagði honum að fara
strax út á götur og torg borgarinnar og bjóða
betlurum, fötluðum, lömuðum og blindum að
koma. 22 Það var gert en samt var hægt að
bæta við fleirum. 23 Þá sagði húsbóndinn við
þjóninn: „Farðu nú á göturnar sem liggja út úr
bænum og líttu bak við limgerðin og hvettu alla
sem þú finnur til að koma, svo að hús mitt verði
fullt. 24 Enginn þeirra sem ég bauð í fyrstu skal
fá að smakka á því sem ég ætlaði þeim.““ 25
Mikill mannfjöldi fylgdi Jesú. Hann sneri sér að
fólkinu og ávarpaði það: 26 „Sá sem vill fylgja
mér, verður að elska mig meira en föður sinn og
móður, meira en konu sína og börn, bræður eða
systur. Já, meira en sitt eigið líf, annars getur
hann ekki verið lærisveinn minn. 27 Enginn
getur verið lærisveinn minn nema hann beri
sinn eigin kross og fylgi mér eftir. 28 En takið
þó ekki ákvörðun um að fylgja mér, fyrr en þið
hafið gert ykkur grein fyrir hvað það kostar
ykkur. Hver haldið þið að byrji á húsbyggingu
án þess að reikna fyrst út kostnaðinn, til að
sjá hvort hann hafi nægilegt fé? 29 Ef hann
gerði það ekki, gæti svo farið að hann yrði
peningalaus þegar grunnurinn væri búinn. Þá
myndu menn gera gys að honum 30 og segja:
„Þarna er maðurinn sem fór að byggja en gat
ekki lokið við það vegna peningaleysis.“ 31 Og
hvaða konungur haldið þið að léti sig dreyma
um að fara í stríð án þess að setjast fyrst niður,
ásamt ráðgjöfum sínum, til að ræða um hvort
hann geti yfirbugað 20.000 manna óvinalið
með 10.000 mönnum? 32 Ef niðurstaðan yrði
neikvæð, mundi hann senda samninganefnd til
óvinanna til að ræða friðarskilmála. 33 Af þessu
sjáið þið að enginn getur orðið lærisveinn minn
nema hann vilji hafna öllu öðru mín vegna. 34
Hvaða gagn er í salti sem misst hefur seltuna?
35 Bragðlaust salt er einskis virði, það dugar ekki
einu sinni í áburð. Það er ónýtt og til þess eins
að fleygja því. Ef þið skiljið þetta, þá hugleiðið
það vel.“

15 Skattheimtumenn voru þekktir að
óheiðarleika. Þeir komu oft ásamt öðrum
stórsyndurum til þess að hlusta á Jesú predika.
2 Faríseunum og lögvitringunum líkaði meinilla
að hann skyldi umgangast jafn fyrirlitlegt fólk,
og meira að segja borða með því! 3 Jesús sagði
þeim því eftirfarandi dæmisögu: „Segjum svo að
þú ættir hundrað kindur, en ein þeirra villtist
í burtu og týndist í óbyggðinni. Myndir þú
þá ekki skilja hinar níutíu og níu eftir og fara
að leita þeirrar sem týndist, uns þú fyndir
hana? 5 Þá yrðir þú svo glaður að þú bærir
hana heim á herðum þér. 6 Og kallaðir saman
vini þína og granna til að gleðjast með þér
yfir því að týnda kindin skyldi hafa fundist.
7 Á sama hátt verður meiri gleði á himnum
vegna eins syndara sem snýr sér til Guðs, en
yfir öðrum níutíu og níu sem ekki hafa villst
frá Guði! 8 Tökum annað dæmi: Kona á tíu
dýrmæta silfurpeninga og týnir einum þeirra.
Hvað gerir hún þá? Hún kveikir ljós, leitar um
allt og sópar hvern krók og kima þangað til
hann finnst. 9 Síðan kallar hún á vinkonur sínar
og fær þær til að samgleðjast sér. 10 Á sama
hátt gleðjast englar Guðs einnig yfir hverjum
þeim syndara sem gerir iðrun.“Til enn frekari
útskýringar sagði hann þeim þessa sögu: 11
„Maður nokkur átti tvo syni. 12 Yngri sonurinn
sagði við föður sinn: „Ég vil gjarnan fá minn
hluta arfsins strax, í stað þess að bíða þangað
til þú ert dáinn.“Þá skipti faðirinn auðæfum

sínum á milli sona sinna. 13 Nokkrum dögum
síðar tók yngri sonurinn saman föggur sínar og
hélt til fjarlægs lands. Þar eyddi hann öllum
peningunum í skemmtanir og skækjur. 14 En
þegar hann var að verða peningalaus kom mikil
hungursneyð í því landi og hann tók að líða
skort. 15 Þá réð hann sig sem svínahirði hjá
bónda einum. 16 Hann varð svo hungraður að
hann langaði jafnvel í baunahýðið sem svínin
átu. Enginn gaf honum neitt. 17 Að lokum áttaði
hann sig á eymd sinni og sagði við sjálfan sig:
„Verkamennirnir heima hjá föður mínum hafa
nóg að borða og meira en það, en hér er ég að
veslast upp af hungri! 18 Ég ætla að fara heim til
pabba og segja: „Ég hef syndgað bæði gegn Guði
og þér. 19 Ég er ekki lengur verður að kallast
sonur þinn. Viltu ráða mig sem verkamann
hjá þér?““ 20 Síðan lagði hann af stað heim til
föður síns. Faðir hans sá til hans þegar hann
nálgaðist, kenndi í brjósti um hann, hljóp á
móti honum, faðmaði hann og kyssti. 21 Þá
sagði sonurinn: „Faðir, ég hef syndgað bæði
gegn Guði og þér. Ég er ekki verður að kallast
sonur þinn.“ 22 Faðirinn kallaði þá til þjóna
sinna og sagði: „Flýtið ykkur! Náið í fallegustu
skikkjuna sem til er og færið hann í. Látið líka
hring á fingur hans og sækið nýja skó handa
honum. 23 Slátrið síðan alikálfinum því að
nú ætlum við að halda veislu! 24 Þessi sonur
minn var dauður, en nú er hann lifnaður við.
Hann var týndur, en nú er hann fundinn.“Síðan
hófst veislan. 25 Meðan þetta gerðist var eldri
sonurinn við vinnu úti á akri. Þegar hann kom
heim, heyrði hann danstónlist frá húsinu 26 og
spurði einn þjóninn hvað gengi á. 27 „Bróðir
þinn er kominn, “svaraði þjónninn, „og faðir
þinn lét slátra kálfinum, sem verið var að ala,
og hefur nú stofnað til mikillar veislu til að
fagna því að sonurinn er kominn heim heill á
húfi.“ 28 Þá reiddist eldri bróðirinn og vildi ekki
fara inn. Faðir hans fór þá út og bað hann fyrir
alla muni að koma inn. 29 En hann svaraði: „Ég
hef stritað fyrir þig öll þessi ár og aldrei neitað
að gera neitt sem þú baðst mig. Þó hefur þú
aldrei gefið mér svo mikið sem eina geit, allan
þennan tíma, svo að ég gæti haldið veislu með
vinum mínum. 30 En þegar þessi sonur þinn
kemur heim, hann sem eyddi peningum þínum
í skækjur, þá heldur þú hátíð og slátrar besta
kálfinum.“ 31 En faðir hans sagði: „Sonur minn,
þú ert alltaf hjá mér og allt sem ég á, átt þú
með mér. 32 En nú getum við ekki annað en
glaðst, því hann er jú bróðir þinn. Hann var
dauður, en er nú lifnaður við! Hann var týndur,
en nú er hann fundinn.““

16 Jesús sagði lærisveinum sínum eftirfarandi
sögu: „Ríkur maður réð til sín
framkvæmdastjóra til að annast viðskipti
sín. Fljótlega tók að kvisast út að maðurinn
væri óheiðarlegur. 2 Þá kallaði ríki maðurinn
hann fyrir sig og sagði: „Er það satt sem
ég heyri, að þú stelir frá mér? Viltu gjöra
svo vel að koma reglu á bókhaldið og síðan
geturðu farið.“ 3 Maðurinn hugsaði með
sjálfum sér: „Nú, jæja, þá er búið að segja
mér upp! Hvað á ég nú að gera? Ég hef ekki
þrek til að grafa skurði og er of stoltur til að
betla. 4 Nú veit ég hvað ég geri til þess að
eignast marga vini, sem geta hjálpað mér þegar
ég fer héðan.“ 5 Síðan bauð hann hverjum
skuldunaut fyrir sig að koma og ræða um
skuldina. Hann spurði þann fyrsta: „Hve mikið
skuldar þú atvinnurekanda mínum?“„3.500
lítra af ólífuolíu, “svaraði maðurinn. „Já, rétt
er það“sagði framkvæmdastjórinn, „hérna er
samningurinn sem þú undirritaðir. En nú skaltu
rífa hann og skrifa annan, fyrir helmingnum af
þessu magni.“ 7 „Hve mikið skuldar þú?“spurði
hann næsta mann. „1.000 tunnur af hveiti, “var
svarið. „Hérna, “sagði hinn, „hirtu samninginn
þinn og gerðu nýjan, upp á 800 tunnur.“ 8 Ríki
maðurinn var tilneyddur að dást að þorpara
þessum fyrir slægð hans. Satt er það, að
guðleysingjarnir eru kænni í viðskiptum sínum
við heiminn en hinir trúuðu. (aiōn g165) 9 En ég
segi ykkur: Notið eigur ykkar til þess að afla
ykkur vina, svo að þeir fagni ykkur í eilífðinni,
þegar þið verðið að skiljast við þær. (aiōnios
g166) 10 Sá sem er trúr í litlu, verður einnig
trúr í stóru. Sá sem svindlar í því sem lítið
er, mun einnig fara óheiðarlega með það sem
meira er. 11 Ef ekki er hægt að treysta ykkur í
hinu veraldlega, hver mun þá trúa ykkur fyrir
hinum miklu auðæfum himnanna? 12 Ef þið
farið illa með fjármuni annarra, hvernig er þá
hægt að treysta ykkur fyrir eigin fjármunum?
13 Enginn getur þjónað tveim húsbændum –
ekki þið heldur. Þið munuð hata annan en
aðhyllast hinn – láta ykkur annt um annan en
fyrirlíta hinn. Þið getið ekki gert hvort tveggja í
senn, þjónað Guði og peningunum.“ 14 Þegar

farísearnir heyrðu þetta, hlógu þeir háðslega,
því að þeir voru fégjarnir menn. 15 Jesús sagði
því við þá: „Þið gangið um með virðuleika –
og helgisvip – en Guð þekkir illsku ykkar. Með
framkomu ykkar aflið þið ykkur lýðhylli, en
þetta er viðbjóðslegt í augum Guðs. 16 Lög
Móse og boðskapur spámannanna var ykkur
leiðarljós, þar til Jóhannes skírari kom. Hann
flutti þær gleðifréttir að guðsríki væri á næsta
leiti og fólkið þyrptist að til að komast þangað.
17 Guðs lög hafa þó ekki í hinu minnsta atriði
misst kraft sinn, því að þau eru óhagganlegri
en himinn og jörð. 18 Ef einhver skilur við konu
sína, drýgir hann hór og sama er að segja um
þann sem kvænist fráskilinni konu.“ 19 Jesús
hélt áfram og sagði: „Maður nokkur, ríkur,
klæddist dýrindisfatnaði og lifði dag hvern í
gleðskap og allsnægtum. 20 Dag einn var sjúkur
betlari, Lasarus að nafni, lagður við dyr hans.
21 Þar lá hann og vonaðist eftir leifum af borði
ríka mannsins, en hundar komu og sleiktu
sár hans. 22 Að lokum dó betlarinn og englar
báru hann til Abrahams. Ríki maðurinn dó
einnig, var grafinn 23 og fór til heljar. En er
hann kvaldist þar, sá hann Lasarus álengdar hjá
Abraham. (Hadēs g86) 24 „Faðir Abraham, “kallaði
hann, „miskunnaðu mér! Sendu Lasarus hingað
til þess að dýfa fingri í vatn og kæla tungu
mína, því ég kvelst í þessum loga.“ 25 En
Abraham svaraði: „Sonur, mundu að meðan þú
lifðir hafðir þú allt sem þú þurftir, en Lasarus
var allslaus. Hér huggast hann, en þú kvelst.
26 Auk þess er mikið djúp okkar á milli og
þeir sem vilja komast héðan yfir til þín, geta
það ekki og enginn kemst frá ykkur yfir til
okkar.“ 27 Þá sagði ríki maðurinn: „Ó, faðir
Abraham, gerðu þá annað, sendu hann heim til
föður míns 28 – því að ég á fimm bræður og
varaðu þá við þessum kvalastað, svo að þeir
lendi ekki hér líka þegar þeir deyja.“ 29 Þá
svaraði Abraham: „Þeir hafa Biblíuna, hlýði þeir
henni.“ 30 „Nei, faðir Abraham, “svaraði ríki
maðurinn. „En ef einhver kæmi til þeirra frá
hinum dauðu, þá myndu þeir áreiðanlega snúa
sér frá syndum sínum.“ 31 En Abraham svaraði:
„Ef þeir hlýða ekki orðum Biblíunnar – Móse og
spámönnunum – munu þeir ekki heldur láta
sannfærast þótt einhver rísi upp frá dauðum.““

17 Jesús sagði við lærisveinana: „Fólk mun
halda áfram að falla í synd, en vei þeim sem
því veldur. 2 Honum væri betra að láta fleygja
sér í sjóinn, með þungan stein um hálsinn, en
skaða sálir smælingjanna. Gætið ykkar! Ávítaðu
bróður þinn, ef hann syndgar, en fyrirgefðu
honum, þegar hann iðrast. 4 Geri hann þér
rangt til sjö sinnum á dag og komi til þín eftir
hvert skipti og biðji fyrirgefningar, þá fyrirgefðu
honum.“ 5 Dag einn sögðu postularnir við
Drottin: „Við þurfum að öðlast meiri trú,
hvernig getum við það?“ 6 Jesús svaraði: „Ef
þið hafið trú á stærð við sinnepskorn, þá er
hún nægileg til að rífa upp mórberjatréð sem
þarna stendur og senda það í loftköstum á
haf út! Orðum ykkar yrði þegar í stað hlýtt. 7
Þegar vinnumaður kemur inn frá jarðyrkju eða
gegningum, þá sest hann ekki niður til að borða.
Hann matreiðir fyrst fyrir húsbónda sinn og
ber kvöldverð á borð fyrir hann, áður en hann
fær sér sjálfur. Og honum er ekki þakkað, því
að þetta eru skylduverk hans. 10 Þið eigið ekki
heldur að vænta heiðurs fyrir að hlýða mér, því
að þá hafið þið aðeins gert skyldu ykkar.“ 11 Á
leið sinni frá Jerúsalem komu þeir að þorpi á
landamærum Galíleu og Samaríu. Þá sáu þeir
tíu holdsveika menn, sem stóðu langt frá, utan
við þorpið, 13 og hrópuðu: „Jesú, meistari,
miskunnaðu okkur!“ 14 Hann leit á þá og sagði:
„Farið til prestanna og fáið hjá þeim vottorð
um að þið séuð heilbrigðir.“Á meðan þeir voru
á leiðinni til prestanna, hvarf þeim holdsveikin!
15 Einn þeirra sneri þá aftur til Jesús og hrópaði:
„Guði sé lof! Ég er heilbrigður!“ 16 Hann fleygði
sér á götuna við fætur Jesú og þakkaði honum.
Maður þessi var Samverji, en Gyðingar fyrirlitu
þá. 17 Þá spurði Jesús: „Voru þeir ekki tíu sem
ég læknaði? Hvar eru hinir níu? 18 Var þessi
útlendingur sá eini sem sneri við til að gefa Guði
dýrðina?“ 19 Síðan sagði hann við manninn:
„Stattu upp og farðu leiðar þinnar, trú þín hefur
læknað þig.“ 20 Dag einn spurðu farísearnir Jesú:
„Hvenær kemur guðsríki?“„Guðsríki birtist ekki
þannig að á því beri, “svaraði Jesús. 21 „Þið
munuð ekki geta sagt: „Það hófst á þessum
stað eða í þessum landshluta“því að áhrifa
guðsríkisins gætir með manninum.“ 22 Síðar
ræddi hann þetta við lærisveinana og sagði: „Sá
tími mun koma er þið þráið að hafa mig hjá
ykkur, þó ekki sé nema einn dag, en þá verð ég
ekki hér. 23 Ykkur munu berast fréttir um að ég
sé kominn aftur og sé hér eða þar. Trúið ekki
slíku. Farið ekki að leita mín, 24 því að þegar

ég kem, þá verður það engum vafa undirorpið.
Það verður jafn augljóst og þegar elding leiftrar
um himininn. 25 En fyrst verð ég að líða miklar
þjáningar og þjóð mín mun hafna mér. 26 Þegar
ég kem aftur, verður heimurinn jafn sinnulaus
um Guð og hann var á dögum Nóa. 27 Fólk át og
drakk og gifti sig allt til þess dags er Nói gekk
inn í örkina. Eftir það kom flóðið og tortímdi
þeim öllum. 28 Það mun verða eins og á dögum
Lots: Fólk sinnti sínum daglegu störfum, át og
drakk, keypti og seldi, ræktaði og byggði 29 –
allt til þeirrar stundar er Lot yfirgaf Sódómu.
Þá rigndi eldi og brennisteini yfir þá af himni
og eyddi þeim öllum. 30 Þannig mun fólk verða
önnum kafið við sín daglegu störf er ég kem
aftur. 31 Þeir sem úti eru þann dag mega ekki
fara inn til að pakka niður. Þeir sem verða við
vinnu á ökrum mega ekki heldur fara heim 32
– munið hvað kom fyrir konu Lots! 33 Sá sem
heldur í líf sitt mun glata því, en sá sem fórnar
því, mun bjarga því. 34 Þá nótt munu tveir menn
sofa í sama rúmi, annar verður tekinn burt en
hinn skilinn eftir. 35 Tvær konur munu vinna
saman að heimilisstörfum, önnur verður tekin,
hin skilin eftir. Sama er að segja um þá sem
vinna hlið við hlið á ökrunum. Annar verður
tekinn, hinn skilinn eftir.“ 37 „Hvar verður
hann skilinn eftir?“spurðu lærisveinarnir. „Það
verður augljóst þegar að því kemur, “svaraði
Jesús, „jafn augljóst og það, að þangað sem
hræið liggur munu gammarnir þyrpast.“

18 Eitt sinn sagði Jesús lærisveinum sínum
þessa sögu til að hvetja þá til að gefast
ekki upp að biðja, fyrr en svarið kæmi: 2 „Í
borg einni var dómari, sem ekki trúði á Guð,
og fyrirleit alla menn. 3 Ekkja, sem þar bjó,
kom oft til hans og bað hann að leita réttar síns
gegn manni, sem brotið hafði gegn henni. 4 Í
fyrstu gaf dómarinn henni engan gaum, en að
lokum fór hún að fara í taugarnar á honum. „Ég
hræðist hvorki Guð né menn, “sagði hann við
sjálfan sig, „en þessi kona veldur mér ónæði.
Ég ætla að sjá til þess að hún nái rétti sínum,
því ég er orðinn leiður á henni, hún er alltaf
að koma.“ 6 Drottinn sagði: „Haldið þið að
Guð láti ekki sitt fólk ná rétti sínum, ef það
hrópar til hans dag og nótt, fyrst hægt er að
hafa áhrif á vondan dómara? 8 Jú, áreiðanlega!
Og hann mun svara því fljótt! Spurningin er
hve marga trúaða og bænrækna ég finn þegar
ég, Kristur, kem aftur.“ 9 Síðan sagði hann
þeim, sem stærðu sig af verkum sínum og
fyrirlitu aðra, eftirfarandi sögu: 10 „Tveir men
fóru upp í musterið til að biðjast fyrir. Annar
var farísei, en hinn var skattheimtumaður. 11
Faríseinn bað þannig: „Guð, ég þakka þér að
ég er ekki eins og syndararnir, til dæmis eins
og þessi skattheimtumaður! Ég stel aldrei, ég
drýgi ekki hór, 12 ég fasta tvisvar í viku og
gef tíund af öllu sem ég vinn mér inn.“ 13
Óprúttni skattheimtumaðurinn stóð langt frá
og þorði ekki einu sinni að horfa upp til himins
meðan hann bað, heldur barði sér hryggur á
brjóst og sagði: „Guð, vertu mér syndugum
líknsamur.“ 14 Ég segi ykkur: Þessi syndari
fékk fyrirgefningu, en ekki faríseinn! Hinir
hrokafullu verða niðurlægðir, en auðmjúkum
veitt náð.“ 15 Dag einn komu mæður með
börnin sín til Jesú til að hann snerti þau og
blessaði, en lærisveinarnir skipuðu þeim burt.
16 Þá kallaði Jesús börnin til sín og sagði við
lærisveinana: „Leyfið börnunum að koma til
mín, en hindrið þau ekki. Guðsríki er fyrir
þá sem hafa hjartalag og trú eins og þessi
litlu börn, en sá sem ekki hefur trú eins og
þau, mun aldrei þangað komast.“ 18 Höfðingi
nokkur spurði Jesú: „Góði meistari, hvað á ég
að gera til að eignast eilíft líf?“ (aiōnios g166) 19
„Veistu hvað þú ert að segja þegar þú kallar
mig góðan?“spurði Jesús. „Aðeins einn er góður
í raun og veru, og það er Guð. 20 Þú þekkir
boðorðin: Þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt
ekki myrða, ekki stela, ekki ljúga, heiðraðu
föður þinn og móður þína, “ 21 Maðurinn
svaraði: „Ég hef hlýðnast öllum þessum boðum
frá barnæsku.“ 22 „Eitt vantar þig enn, “sagði
Jesús, „og það er þetta: Seldu allt sem þú átt,
gefðu fátækum andvirðið og þá muntu eignast
fjársjóð á himnum – komdu síðan og fylgdu
mér.“ 23 Þegar maðurinn heyrði þetta, fór hann
hryggur í burtu, því að hann var mjög ríkur. 24
Jesús horfði á eftir honum og sagði síðan við
lærisveina sína: „Það er erfitt fyrir hina ríku
að komast inn í guðsríki! 25 Það er auðveldara
fyrir úlfalda að smjúga gegnum nálarauga, en
fyrir ríkan mann að komast inn í guðsríki.“
26 Þegar lærisveinarnir heyrðu þetta hrópuðu
þeir: „Hver getur þá orðið hólpinn, fyrst það
er svona erfitt?“ 27 „Guð getur það sem menn
geta ekki, “svaraði Jesús. 28 Þá sagði Pétur:
„Við höfum yfirgefið heimili okkar og fylgt

þér.“ 29 „Já, “svaraði Jesús, „allir sem yfirgefa
heimili, konu, bræður, foreldra eða börn vegna
guðsríkisins, 30 munu fá margföld laun í þessum
heimi, auk eilífs lífs í hinum komandi.“ (aiōn g165,
aiōnios g166) 31 Síðan kallaði hann þá tólf saman
og sagði: „Það vitið að við erum á leiðinni til
Jerúsalem. Þegar þangað kemur, mun allt rætast
sem hinir fornu spámenn sögðu um mig. 32 Ég
verð framseldur heiðingjunum, en þeir munu
hæða mig og spotta. Einnig munu þeir hrækja á
mig, 33 húðstrýkja og loks lífláta, en á þriðja
degi mun ég rísa upp.“ 34 Þeir skildu ekki hvað
hann var að segja og fannst það algjör ráðgáta.
35 Þegar þeir nálguðust Jeríkó sat blindur betlari
við veginn. 36 Þegar hann heyrði að mikill
mannfjöldi var að nálgast, spurði hann hvað um
væri að vera. 37 Honum var þá sagt að Jesús frá
Nasaret væri þar á ferð. 38 Þá fór hann að hrópa
í sífellu: „Jesús, sonur Davíðs, miskunnaðu
mér!“ 39 Fólkið sem gekk á undan Jesú, reyndi
að þagga niður í honum. En þá hrópaði hann
enn hærra: „Sonur Davíðs, miskunna þú mér!“
40 Þegar Jesús kom nær, nam hann staðar og
sagði: „Komið með blinda manninn hingað.“
41 Síðan spurði Jesús hann: „Hvað viltu að ég
geri fyrir þig?“„Drottinn, “sagði hann biðjandi,
„mig langar að fá sjónina.“ 42 „Nú getur þú séð,
“sagði Jesús. „Trú þín hefur læknað þig.“ 43
Samstundis fékk maðurinn sjónina og fylgdi
Jesú og lofaði Guð. Allir sem þetta sáu lofuðu
Guð.

19 Í Jeríkó bjó maður sem Sakkeus hét. 2 Hann
var yfirskattheimtumaður Rómverja og því
mjög ríkur. 3 Þegar Jesús var á leið um borgina
reyndi Sakkeus, sem var mjög lágvaxinn, að sjá
Jesú, en hann gat það ekki vegna mannfjöldans.
4 Hann hljóp því fram fyrir og klifraði upp í
mórberjatré, sem stóð við veginn, til að fá góða
yfirsýn. 5 Þegar Jesús kom þar að, leit hann upp
til Sakkeusar og kallaði: „Sakkeus! Komdu niður!
Ég ætla að heimsækja þig í dag.“ 6 Sakkeus varð
mjög glaður. Hann flýtti sér niður úr trénu,
fullur eftirvæntingar, og fór með Jesú heim til
sín. 7 Þá lét mannfjöldinn óánægju sína í ljós og
sagði: „Hví leyfir hann sér að heimsækja slíkan
syndara?“ 8 En á meðan stóð Sakkeus frammi
fyrir Drottni og sagði: „Herra, héðan í frá ætla
ég að gefa fátækum helming auðæfa minna. Og
hafi ég látið einhvern greiða of háa skatta, þá
mun ég refsa sjálfum mér með því að greiða
honum fjórfalt aftur.“ 9 Þá sagði Jesús við hann:
„Þetta sýnir, að í dag hefur hjálp Guðs veist
þessu heimili. Þú varst einn hinna týndu sona
Abrahams. Ég, Kristur, er kominn til að leita að
hinu týnda og frelsa það.“ 11 Þegar Jesús var
kominn í námunda við Jerúsalem, sagði hann
dæmisögu til að leiðrétta þá sem héldu að ríki
Guðs stæði fyrir dyrum: 12 „Höfðingi, sem bjó í
skattlandi einu, var kvaddur til höfuðborgar
ríkisins, en þar átti að krýna hann konung
yfir skattlandinu. 13 Áður en hann fór, kallaði
hann saman tíu aðstoðarmenn sína og afhenti
hverjum um sig hálfa milljón króna, sem þeir
áttu að versla með meðan hann væri í burtu.
14 Sumum landsmanna var illa við hann og
því sendu þeir honum sjálfstæðisyfirlýsingu.
Þeir tóku fram að þeir hefðu gert byltingu og
myndu ekki líta á hann sem konung sinn. 15
Þegar hann kom heim aftur, kallaði hann til sín
menn þá sem hann hafði afhent peningana.
Nú vildi hann fá að vita hvernig þeim hefði
gengið og hver ágóði hans yrði. 16 Sá fyrsti
sagði frá stórkostlegum gróða – hann hafði
tífaldað upphæðina! 17 „Glæsilegt!“hrópaði
konungurinn. „Mér líst vel á þig. Þú hefur
reynst trúr í því litla sem ég fól þér og í staðinn
skaltu fá að stjórna tíu borgum.“ 18 Næsti
maður hafði einnig góða sögu að segja, hann
hafði fimmfaldað upphæðina. 19 „Gott!“sagði
húsbóndi hans. „Þú skalt fá að stjórna fimm
borgum.“ 20 En sá þriðji skilaði aðeins sömu
upphæð og hann hafði fengið og sagði: „Ég
var hræddur og gætti peninganna vel, því að
þú ert ekkert lamb að leika við. Þú tekur það
sem þú átt ekki og hirðir jafnvel uppskeru
annarra.“ 22 „Þú ert latur, þorparinn þinn,
“hreytti konungurinn út úr sér og bætti síðan
við: „Er ég harðskeyttur, ha? Já, það er ég og
þannig verð ég einmitt við þig! 23 Hvers vegna
lagðir þú þá peningana ekki í banka svo ég fengi
þó einhverja vexti, fyrst þú þekktir mig svona
vel?“ 24 Síðan sneri hann sér að hinum sem
þar stóðu og sagði skipandi: „Takið af honum
peningana og fáið þeim sem græddi mest.“ 25
„Já, herra, en er hann ekki þegar búinn að fá
nóg?“spurðu þeir. 26 „Jú, “svaraði konungurinn,
„en sá sem hefur, mun fá enn meira, en sá
sem lítið á, mun missa það fyrr en varir. 27 En
varðandi þessa óvini mína sem gerðu uppreisn,
þá náið í þá og takið þá af lífi að mér ásjáandi“.“
28 Eftir að hafa sagt þessa sögu, hélt Jesús áfram

til Jerúsalem og gekk á undan lærisveinunum. 29
Þegar þeir nálguðust þorpin Betfage og Betaníu
á Olíufjallinu, sendi hann tvo þeirra á undan
sér. 30 Hann sagði þeim að fara inn í þorpið,
sem var nær, og þegar þangað kæmi skyldu
þeir leita uppi asna í einni götunni. Þetta átti
að vera foli, sem enginn hefði áður komið á
bak. „Leysið hann, “sagði Jesús, „og komið með
hann. 31 Ef einhver spyr hvað þið séuð að gera,
skuluð þið segja: „Herrann þarf hans með.““ 32
Þeir fóru og fundu asnann eins og Jesús hafði
sagt, 33 en meðan þeir voru að leysa hann,
komu eigendurnir og kröfðust skýringar. „Hvað
eruð þið að gera?“spurðu þeir, „hvers vegna
eruð þið að leysa folann okkar?“ 34 „Herrann
þarf hans með, “svöruðu lærisveinarnir. 35
Síðan fóru þeir með hann til Jesú og lögðu
yfirhafnir sínar á bak folans, handa Jesú að sitja
á. 36 Fólkið breiddi föt sín á veginn framundan.
Þegar komið var þangað, sem vegurinn liggur
niður af Olíufjallinu, tók öll fylkingin að
hrópa og lofsyngja Guð fyrir öll undursamlegu
kraftaverkin sem Jesús hafði gert. 38 „Guð
hefur gefið okkur konung!“hrópaði fólkið í
gleði sinni. „Lengi lifi konungurinn! Gleðjist
þið himnar! Dýrð sé Guði í hæstum himni!“ 39
En í hópnum voru nokkrir farísear sem sögðu:
„Herra, þú verður að banna fylgjendum þínum
að segja slíka hluti.“ 40 Hann svaraði: „Ef þeir
þegðu, myndu steinarnir hrópa gleðióp.“ 41
Þegar nær dró Jerúsalem og Jesús sá borgina,
grét hann og sagði: 42 „Ó, ef þú hefðir aðeins
þekkt veg friðarins, en nú er hann hulinn
sjónum þínum. 43 Óvinir þínir munu reisa virki
gegn borgarmúrum þínum, umkringja þig og
inniloka. 44 Þeir munu eyða þér og börnum
þínum, svo að ekki standi steinn yfir steini –
því þú hafnaðir boði Guðs.“ 45 Jesús fór inn
í musterið og rak kaupmennina frá borðum
sínum 46 og sagði: „Biblían segir: „Musteri
mitt er bænastaður, en þið hafið breytt því í
þjófabæli.“ 47 Eftir þetta kenndi hann daglega
í musterinu. Æðstu prestarnir, ásamt öðrum
trúarleiðtogum og framámönnum þjóðarinnar,
reyndu nú að finna leið til að losna við hann. 48
En þeir fundu enga, því að fólkið leit á hann
sem þjóðhetju – það var sammála öllu sem hann
sagði.

20 Dag nokkurn var Jesús að kenna og predika
í musterinu. Þá lögðu æðstu prestarnir til
atlögu við hann ásamt öðrum trúarleiðtogum og
mönnum úr ráðinu. 2 Þeir kröfðust þess að hann
segði þeim með hvaða valdi hann hefði rekið
musteriskaupmennina út. 3 „Áður en ég svara
ætla ég að spyrja ykkur annarrar spurningar,
“svaraði hann: 4 „Var Jóhannes sendur af Guði
eða starfaði hann aðeins í eigin mætti?“ 5
Þeir ráðguðust um þetta. „Ef við segjum að
boðskapur hans hafi verið frá himnum, þá
erum við fallnir í gildru, því að þá spyr hann:
„Hvers vegna trúðuð þið honum þá ekki?“ 6 Ef
við segjum hins vegar að Jóhannes hafi ekki
verið sendur af Guði, þá ræðst múgurinn á
okkur, því allir eru vissir um að hann hafi verið
spámaður.“ 7 Að lokum svöruðu þeir: „Við
vitum það ekki.“ 8 „Þá mun ég ekki heldur svara
spurningu ykkar, “sagði Jesús. 9 Jesús sneri sér
aftur að fólkinu og sagði því eftirfarandi sögu:
„Maður plantaði víngarð, leigði hann nokkrum
bændum og fór síðan til útlanda, þar sem
hann bjó í nokkur ár. 10 Þegar uppskerutíminn
kom, sendi hann einn af mönnum sínum til
búgarðsins til að sækja sinn hluta uppskerunnar.
En leigjendurnir börðu hann og sendu hann
tómhentan til baka. 11 Þá sendi hann annan,
en sama sagan endurtók sig: Hann var barinn
og auðmýktur og sendur allslaus heim. 12 Sá
þriðji var einnig særður og enn fór á sömu
leið. Honum var líka misþyrmt og hann rekinn
í burtu. 13 „Hvað á ég að gera“sagði eigandi
víngarðsins við sjálfan sig. „Já, nú veit ég það!
Ég sendi son minn, sem ég elska, þeir munu
áreiðanlega sýna honum virðingu.“ 14 En þegar
leigjendurnir sáu son hans, sögðu þeir: „Nú er
tækifærið. Þessi náungi á að erfa allt landið
eftir föður sinn. Komum! Drepum hann, og þá
eigum við þetta allt.“ 15 Þeir drógu hann út
fyrir víngarðinn og drápu hann. Hvað haldið
þið nú að eigandinn hafi gert? 16 Það skal ég
segja ykkur. Hann mun koma og drepa þá alla og
leigja öðrum víngarðinn.“„Annað eins og þetta
getur aldrei gerst, “mótmæltu áheyrendur. 17
Jesús horfði á þá og sagði: „Hvað á þá Biblían
við þegar hún segir: „Steinninn, sem smiðirnir
höfnuðu, var gerður að hornsteini.“ 18 Og hann
bætti við: „Hver sá sem hrasar um þann stein,
mun limlestast og þeir sem undir honum verða,
munu sundurkremjast.“ 19 Nú vildu æðstu
prestarnir og trúarleiðtogarnir handtaka hann
á stundinni, því að þeir skildu að sagan um
víngarðsmennina átti við þá. Þeir voru einmitt

þessir forhertu leigjendur í sögunni. En þeir
óttuðust að fólkið stofnaði til óeirða ef þeir
tækju hann. Þeir reyndu því að fá hann til
að segja eitthvað sem hægt væri að ákæra
hann fyrir til rómverska landstjórans, og fá
hann handtekinn. 20 Með þetta í huga sendu
þeir til hans njósnara sem þóttust sakleysið
uppmálað. 21 Þeir sögðu við Jesú: „Herra, við
vitum að þú ert heiðarlegur kennari. Þú segir
alltaf sannleikann og veitir fræðslu um Guð, en
hopar ekki fyrir andstæðingum þínum. 22 Segðu
okkur nú eitt – er rétt að greiða rómverska
keisaranum skatt?“ 23 Jesús sá við bragðinu
og svaraði: 24 „Sýnið mér mynt. Hvers mynd
og nafn er á henni?“„Rómverska keisarans,
“svöruðu þeir. 25 Þá sagði Jesús: „Greiðið
keisaranum allt sem hans er – og gefið Guði
það sem Guði ber.“ 26 Bragðið mistókst. Þeir
undruðust svar hans og þögðu. 27 Þá komu
til hans nokkrir saddúkear. Þeir trúa hvorki
á líf eftir dauðann né upprisu. Þeir sögðu: 28
„Lög Móse segja að deyi maður barnlaus, þá
eigi bróðir hans að kvænast ekkjunni og börn
þeirra skulu teljast börn látna mannsins og bera
nafn hans. 29 Við vitum um sjö bræður. Elsti
bróðirinn kvæntist en dó barnlaus. 30 Bróðir
hans kvæntist þá ekkjunni og dó líka barnlaus.
31 Þannig gekk þetta, koll af kolli, þar til allir sjö
höfðu átt konuna, en dáið án þess að eiga börn.
32 Að lokum dó konan líka. 33 Nú spyrjum við:
Hverjum þeirra verður hún gift í upprisunni,
fyrst hún giftist þeim öllum?“ 34 „Hjónabandið
er fyrir þá sem lifa á jörðinni, “svaraði Jesús,
(aiōn g165) 35 „en þeir sem verðskulda guðsríki
ganga ekki í hjónaband við upprisuna, (aiōn g165)
36 og þeir munu aldrei deyja. Þeir eru synir
Guðs og eru eins og englarnir. Þeir hafa risið
upp frá dauðum til nýs lífs. 37 Hvers vegna
efist þið um upprisuna? Sjálfur Móse talar um
hana. Hann lýsir því hvernig Guð birtist honum
í brennandi runna. Hann talar um að Guð sé
„Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs.“ 38 Ef
við segjum að Drottinn sé Guð einhvers manns,
þá þýðir það að sá maður er lifandi en ekki
dauður! Því Guð er sá sem gefur lífið.“ 39 „Þetta
er vel sagt, herra, “sögðu nokkrir lögvitringar
sem þar stóðu. 40 En fleiri urðu spurningarnar
ekki, því þeir þorðu ekki að spyrja hann neins!
41 Nú lagði Jesús spurningu fyrir þá og sagði:
„Af hverju segið þið að Kristur sé afkomandi
Davíðs konungs? 42 Davíð sagði í Sálmunum:
„Guð sagði við minn Drottin: „Sittu mér til
hægri handar, 43 þar til ég legg óvini þína að
fótum þér.““ 44 Hvernig getur Kristur verið
hvort tveggja í senn, sonur Davíðs og Drottinn
Davíðs?“ 45 Síðan sneri hann sér að lærisveinum
sínum og sagði við þá, svo að fólkið heyrði:
46 „Gætið ykkar á þessum fræðimönnum! Þeir
njóta þess að ganga um göturnar í fínum fötum
og láta fólk hneigja sig fyrir sér. Þeim finnst
vænt um heiðurssætin í samkomuhúsum og
hátíðarveislum. 47 En meðan þeir þylja sínar
löngu bænir með helgisvip, eru þeir jafnvel að
hugsa upp ráð til að hafa fé af ekkjum. Guð
mun því dæma þessa menn til hinnar þyngstu
refsingar.“

21 Jesús stóð í musterinu og virti fyrir sér
auðmenn sem voru að bera fram gjafir til
musterisins. 2 Þá kom þar að fátæk ekkja sem
gaf tvo litla koparpeninga. 3 „Þessi fátæka ekkja
hefur gefið meira en allir hinir samanlagt, “sagði
Jesús. 4 „Þeir gáfu smábrot af öllum auðæfum
sínum, en hún, fátæklingurinn, gaf allt sem
hún átti.“ 5 Nú fóru nokkrir lærisveinanna að
tala um fegurð musterisins og höggmyndirnar
á veggjum þess. 6 „Sú stund kemur, “sagði
Jesús, „er allt þetta sem þið nú dáist að verður
brotið niður, svo að ekki mun standa steinn
yfir steini, heldur verða þar rústir einar.“ 7
„Meistari!“hrópuðu þeir, „hvenær verður þetta?
Verðum við varaðir við?“ 8 Jesús svaraði: „Látið
engan villa ykkur sýn. Margir munu koma og
kalla sig Krist og segja: „Stundin er komin.“En
trúið þeim ekki! 9 Og þegar þið heyrið um
stríð og byltingar, þá verið ekki hræddir. Satt
er það að styrjaldir verða, en endirinn er ekki
þar með kominn. 10 Því að þjóð mun rísa gegn
þjóð og ríki gegn ríki. 11 Og miklir jarðskjálftar,
hungursneyð og farsóttir munu verða vítt
um heim. 12 En áður en þetta gerist, munu
verða miklar ofsóknir. Mín vegna verðið þið
dregnir inn í samkomuhús, fangelsi og fram
fyrir konunga og landshöfðingja. 13 Þetta mun
verða til þess að nafn Krists verður kunnugt
og vegsamað. 14 Verið því ekki að hugsa um
hvernig þið eigið að svara ákærunum. 15 Því
ég mun gefa ykkur rétt orð að mæla og slíka
rökfimi, að mótstöðumenn ykkar munu verða
orðlausir! 16 Þeir sem ykkur standa næst –
foreldrar, bræður, ættingjar og vinir – munu
svíkja ykkur í hendur óvina og sumir ykkar

verða líflátnir. 17 Þið verðið hataðir af öllum
mín vegna og vegna þess að þið eruð kenndir
við mig. 18 En ekkert hár á höfði ykkar skal þó
farast! 19 Með stöðuglyndi munuð þið bjarga
sálum ykkar. 20 Þegar þið sjáið Jerúsalem
umkringda hersveitum, þá vitið þið að tími
eyðileggingarinnar er nálægur. 21 Þá eiga þeir
sem eru í Júdeu að flýja til fjalla. Þeir sem þá
verða í Jerúsalem ættu að reyna að flýja og þeir
sem eru utan við borgina eiga alls ekki að gera
tilraun til að fara inn í hana. 22 Þessa daga mun
dómi Guðs verða fullnægt. Orð Biblíunnar, sem
skráð voru af hinum fornu spámönnum, munu
vissulega rætast. 23 Þá verða hræðilegir tímar
fyrir verðandi mæður og þær sem þá verða
með börn á brjósti. Miklar hörmungar munu
dynja yfir þessa þjóð og mikil reiði blossa upp
gegn henni. 24 Fólkið verður stráfellt og sumt
tekið til fanga, og sent í útlegð út um allan
heim. Jerúsalem verður sigruð og fótum troðin
af heiðingjunum, þar til yfirráðatími þeirra
er liðinn. 25 Þá munu gerast einkennilegir
hlutir á himninum – illir fyrirboðar. Fyrirboðar
þessir verða á sólu, tungli og stjörnum, en á
jörðinni birtast þeir sem angist meðal þjóðanna,
í vanmætti við brimgný og flóð. 26 Margir munu
missa kjarkinn vegna þeirra skelfilegu atburða
sem þeir sjá gerast í heiminum – því jafnvægi
himintunglanna mun raskast. 27 Og þá munu
þjóðir jarðarinnar sjá mig, Krist, koma í skýi
með mætti og mikilli dýrð. 28 Þegar þetta tekur
að gerast, þá réttið úr ykkur og lítið upp, því
að þá er hjálp ykkar á næsta leiti.“ 29 Síðan
sagði hann þeim líkingu: „Takið eftir trjánum.
30 Þegar laufin fara að springa út, þá vitið þið að
sumarið er í nánd. 31 Og þegar þið sjáið þessa
atburði gerast, sem ég var að lýsa fyrir ykkur,
þá vitið þið á sama hátt að guðsríki er í nánd.
32 Ég segi ykkur satt: Þessi kynslóð mun alls
ekki deyja fyrr en allt þetta er komið fram. 33
En þótt himinn og jörð líði undir lok, munu
orð mín standa óhögguð að eilífu. 34 Gætið
ykkar! Látið endurkomu mína ekki koma ykkur
í opna skjöldu; látið mig ekki rekast á ykkur
eins og alla aðra, andvaralausa, við veisluhöld,
drykkjuskap og niðursokkna í áhyggjur lífsins.
36 Verið á verði og biðjið, að ef mögulegt er, þá
mættuð þið komast hjá þessum hörmungum og
standast frammi fyrir mér.“ 37 Á hverjum degi
fór Jesús upp í musterið til að kenna og snemma
á morgnana tók fólkið að hópast þangað til að
hlýða á hann. Á kvöldin sneri hann svo aftur,
því að náttstaður hans var á Olíufjallinu.

22 Nú voru páskarnir í nánd. Þeir eru
mesta hátíð Gyðinga og þá eru einungis
borðuð ósýrð brauð. 2 Æðstu prestarnir og
fræðimennirnir voru að velta því fyrir sér
hvernig þeir gætu ráðið Jesú af dögum. En
þeir óttuðust að fólkið svaraði með því að gera
uppreisn. 3 Þegar þetta var fór Satan í Júdas
Ískaríot, einn af þeim tólf. 4 Júdas kom að máli
við æðstu prestana og varðstjóra musterisins til
að ræða um hvernig hann ætti að koma Jesú í
hendur þeirra. 5 Þeir urðu glaðir þegar þeir
heyrðu að hann væri fús að hjálpa þeim og hétu
honum launum. 6 Upp frá þessu beið Júdas eftir
hentugu tækifæri til að handtaka Jesú í kyrrþey
þegar fólkið væri hvergi nærri. 7 Dagurinn fyrir
páska rann upp – dagur ósýrðu brauðanna –
en þá átti að slátra páskalambinu og borða það
með ósýrða brauðinu. 8 Jesús sendi Pétur og
Jóhannes af stað til að finna húsnæði þar sem
þeir gætu undirbúið páskamáltíðina. 9 „Hvert
viltu að við förum?“spurðu þeir. 10 „Þegar þið
komið inn í Jerúsalem, “svaraði Jesús, „mun
mæta ykkur maður sem ber vatnskrús. Fylgið
honum eftir þangað sem hann fer 11 og segið
húsráðanda þar: „Við erum með skilaboð frá
meistara okkar, um að þú sýnir okkur herbergið
þar sem hann geti snætt páskamáltíðina með
lærisveinum sínum.“ 12 Þá mun hann fara
með ykkur upp í stórt herbergi sem okkur er
ætlað. Það er staðurinn. Farið nú og undirbúið
máltíðina.“ 13 Þeir fóru til borgarinnar og fundu
allt eins og Jesús hafði sagt og undirbjuggu
páskamáltíðina. 14 Á tilsettum tíma kom Jesús
og settist til borðs og postularnir með honum.
15 Hann sagði: „Ég hef innilega þráð að neyta
þessarar páskamáltíðar með ykkur áður en ég
líð, 16 því að það segi ég ykkur að ég mun ekki
neyta hennar aftur, fyrr en hún fullkomnast í
guðsríki.“ 17 Þá tók Jesús bikar, flutti þakkarbæn
og sagði: „Takið þetta og skiptið því á milli
ykkar. 18 Ég mun ekki drekka vín á ný fyrr
en guðsríki er komið.“ 19 Og hann tók brauð,
þakkaði Guði og braut það í sundur, fékk þeim og
sagði: „Þetta er líkami minn, sem fyrir ykkur er
gefinn, gerið þetta í mína minningu.“ 20 Á sama
hátt tók hann bikarinn eftir kvöldmáltíðina og
mælti: „Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli í mínu
blóði sem fyrir ykkur er úthellt. 21 Sá er svíkur

mig, situr hér til borðs með mér. 22 Að vísu
verð ég að deyja, það er liður í áætlun Guðs,
en vei þeim manni sem veldur því að ég verð
framseldur.“ 23 Þá fóru lærisveinarnir að þrátta
sín á milli um það hver þeirra gæti fengið sig til
slíks, 24 og líka um það hver þeirra gæti talist
mestur. 25 Þá sagði Jesús: „Konungar þjóðanna
drottna yfir þeim og þeir sem láta menn kenna
á valdi sínu eru nefndir velgjörðamenn. 26 En
meðal ykkar er sá mestur sem þjónar hinum.
27 Í heiminum er það foringinn sem situr við
borðið og þjónar hans ganga um beina. En hjá
okkur er þetta öðruvísi. Ég þjóna ykkur. 28 Þið
hafið ekki brugðist mér þennan erfiða tíma.
29 En eins og faðir minn hefur gefið mér ríki
sitt, eins gef ég ykkur það svo að þið getið
30 etið og drukkið við borð mitt í ríki mínu.
Þið munuð sitja í hásætum og dæma hinar
tólf ættkvíslir Ísraels. 31 Símon, Símon, Satan
krafðist þín til að sigta þig eins og hveiti, 32
en ég hef beðið þess að trú þína þrjóti ekki að
fullu og öllu. Styrk þú bræður þína þegar þú
hefur iðrast og snúið aftur til mín.“ 33 Símon
svaraði: „Drottinn, ég er reiðubúinn að fara
með þér í fangelsi og jafnvel deyja með þér.“
34 „Pétur, “svaraði Jesús, „ég skal segja þér
nokkuð. Haninn mun ekki gala í dag fyrr en þú
hefur þrisvar neitað því að þú þekkir mig.“ 35 Og
Jesús hélt áfram og sagði: „Þegar ég sendi ykkur
í predikunarferðir, peningalausa, nestislausa og
án þess að þið hefðuð skó til skiptanna, skorti
ykkur þá nokkuð?“„Nei, ekkert, “svöruðu þeir.
36 „En núna“sagði hann, „skuluð þið taka með
ykkur nestispoka, ef þið eigið, og peninga. Ef
þið eigið ekkert sverð, þá seljið jafnvel fötin
ykkar til að geta keypt sverð. 37 Þetta segi ég,
því að nú er þessi spádómur að rætast: „Hann
mun dæmdur sem afbrotamaður.“Allt sem
spámennirnir skrifuðu um mig mun rætast.“
38 „Meistari“svöruðu þeir, „við höfum hérna
tvö sverð.“„Það er nóg, “svaraði hann. 39 Síðan
yfirgaf Jesús loftherbergið í fylgd lærisveinanna
og fór eftir venju út til Olíufjallsins. 40 Þegar
þangað kom sagði hann: „Biðjið Guð að þið
fallið ekki í freistni.“ 41 Hann fór spölkorn
frá þeim, kraup niður og bað: „Faðir, ef þú
vilt, þá taktu þennan bikar frá mér. Verði þó
ekki minn vilji, heldur þinn.“ 43 Þá birtist
honum engill af himni sem styrkti hann. 44
Því að hann var í slíkri dauðans angist að
sviti hans varð eins og blóðdropar sem féllu á
jörðina og bæn hans varð enn ákafari. 45 Að
lokum stóð hann upp, gekk til lærisveinanna og
fann þá sofandi. Þeir höfðu sofnað af þreytu
og hryggð. 46 „Hví sofið þið?“spurði hann,
„Rísið upp og biðjið þess að þið fallið ekki
fyrir freistingunni.“ 47 Hann hafði ekki sleppt
orðinu, er hóp manna bar þar að. Fremstur
gekk Júdas, einn postulanna. Hann gekk til
Jesú og kyssti hann vingjarnlega á kinnina. 48
Jesús sagði við hann: „Júdas, svíkur þú mig með
kossi.“ 49 Þegar lærisveinarnir ellefu skildu
hvað um var að vera, hrópuðu þeir: „Meistari,
eigum við að berjast? Við tókum sverðin með
okkur.“ 50 Einn þeirra brá sverði og hjó hægra
eyrað af þjóni æðsta prestsins. 51 En Jesús sagði:
„Sýnið enga frekari mótstöðu.“Síðan snerti
hann sárið og læknaði eyrað. 52 Jesús sneri
sér nú að æðstu prestunum, varðforingjum
musterisins og trúarleiðtogum, sem fremstir
stóðu, og spurði: „Er ég þá ræningi? Hvers
vegna komið þið með sverð og kylfur til að
handsama mig? 53 Af hverju handtókuð þið mig
ekki í musterinu? Þar var ég daglega. En þetta er
ykkar tími og vald myrkraaflanna.“ 54 Þá gripu
þeir Jesú og leiddu til bústaðar æðsta prestsins.
Pétur fylgdi í humátt á eftir. 55 Hermennirnir
kveiktu bál í húsagarðinum og settust umhverfis
það til að hlýja sér, en Pétur smeygði sér inn
í hópinn svo lítið bar á. 56 Við bjarmann frá
eldinum tók ein þjónustustúlkan eftir honum
og gaf honum nánar gætur. Loks sagði hún:
„Þessi maður var með Jesú.“ 57 „Nei, kona góð,
“svaraði Pétur, „þann mann þekki ég alls ekki.“
58 Stuttu seinna tók einhver annar eftir honum
og sagði: „Þú hlýtur að vera einn af þeim.“„Nei,
herra minn, það er ég ekki, “svaraði Pétur. 59
Um það bil klukkustundu síðar fullyrti enn einn
þetta og sagði: „Ég veit að þessi maður er einn
af lærisveinum Jesú, því að þeir eru báðir frá
Galíleu.“ 60 „Góði maður“svaraði Pétur, „ég skil
bara alls ekki hvað þú ert að tala um.“En áður
en hann hafði sleppt orðinu gól hani. 61 Á sömu
stundu sneri Jesús sér við og leit til Péturs. Þá
minntist Pétur orða Jesú: „Áður en haninn galar
í dag, muntu þrisvar afneita mér.“ 62 Þá gekk
Pétur út fyrir og grét sárt. 63 Verðirnir sem
gættu Jesú, tóku nú að hæða hann. Þeir bundu
fyrir augu hans, slógu hann með hnefunum
og spurðu: „Hver sló þig núna, spámaður?“
65 Síðan smánuðu þeir hann á allan hátt. 66 Í
morgunsárið kom hæstiréttur Gyðinga saman.

Í honum voru meðal annars æðstu prestarnir
og aðrir trúarleiðtogar þjóðarinnar. Jesús var
nú leiddur fram fyrir þetta ráð 67 og spurður
hvort hann héldi því fram að hann væri Kristur.
„Þó ég segi ykkur það“svaraði hann, „þá trúið
þið mér ekki og munuð ekki heldur leyfa mér
að flytja mál mitt. 69 En innan skamms mun
ég, Kristur, setjast í hásæti við hlið almáttugs
Guðs.“ 70 „Með þessu ertu að fullyrða að þú
sért sonur Guðs, “hrópuðu þeir. „Já“svaraði
hann, „ég er hann.“ 71 „Við þurfum ekki fleiri
vitni!“æptu þeir. „Við höfum sjálfir heyrt hann
segja það.“

23 Síðan lagði allt ráðið af stað með Jesú til
Pílatusar landstjóra. 2 Er þangað kom,
byrjuðu þeir strax að ákæra hann: „Þessi maður
var að leiða þjóðina afvega. Hann segir að
enginn eigi að borga skatta til rómversku
yfirvaldanna og sjálfur segist hann vera Kristur
konungurinn.“ 3 „Ert þú Kristur – konungur
þeirra?“spurði Pílatus. „Já, “svaraði Jesús, „það
er eins og þú segir.“ 4 Þá sneri Pílatus sér að
æðstu prestunum og mannfjöldanum og sagði:
„Ég finn alls enga sök hjá honum.“ 5 Þá æstust
þeir um allan helming og sögðu: „Hann æsir
til andófs gegn yfirvöldunum hvar sem hann
fer, um allt skattlandið, allt frá Galíleu þar
sem hann byrjaði og hingað til Jerúsalem.“ 6
„Er hann frá Galíleu?“spurði Pílatus. 7 Þegar
þeir játuðu því, sagði hann þeim að fara með
Jesú til Heródesar konungs, því að Galílea væri
lögsagnarumdæmi hans. Og þannig vildi til að
Heródes var staddur í Jerúsalem um þetta leyti.
8 Heródesi þótti gaman að fá tækifæri til að sjá
Jesú, því að hann hafði heyrt margt um hann
og vonaðist til að sjá hann gera kraftaverk.
9 Hann spurði Jesú fjölmargra spurninga, en
fékk ekkert svar. 10 Á meðan stóðu æðstu
prestarnir og hinir trúarleiðtogarnir þar hjá og
ákærðu hann harðlega. 11 Síðan tóku Heródes
og hermenn hans að hæða Jesú og spotta. Þeir
klæddu hann í konunglega skikkju og sendu
hann síðan aftur til Pílatusar. 12 Þennan dag
urðu Heródes og Pílatus vinir – en áður höfðu
þeir verið svarnir óvinir. 13 Nú kallaði Pílatus
saman æðstu prestana og leiðtoga Gyðinganna,
ásamt fólkinu 14 og kunngjörði úrskurð sinn:
„Þið komuð hingað með þennan mann og
ákærðuð hann fyrir að stjórna uppreisn gegn
rómversku yfirvöldunum. Ég hef rannsakað
mál hans gaumgæfilega og komist að þeirri
niðurstöðu að hann sé saklaus. 15 Heródes
er mér sammála og hann sendi hann aftur
til okkar. Þessi maður hefur ekkert gert sem
dauða er vert. 16 Ég ætla því að láta húðstrýkja
hann og sleppa honum síðan, enda er venja að
náða einn fanga á páskunum.“ 18 Þá kvað við
hávært óp frá mannþyrpingunni – allir hrópuðu
sem einn maður: „Burt með hann! Krossfestu
hann! En slepptu Barrabasi.“ 19 (Barrabas sat
í fangelsi fyrir að vekja uppþot í Jerúsalem
gegn yfirvöldunum og fyrir manndráp.) 20
Pílatus reyndi nú að sannfæra þá, því að hann
vildi sleppa Jesú 21 en þeir hrópuðu á móti:
„Krossfestu hann! Krossfestu hann!“ 22 Enn einu
sinni – í þriðja sinn – spurði Pílatus ákveðinn:
„Hvers vegna? Hvaða glæp hefur hann drýgt?
Ég sé enga ástæðu til að dæma hann til dauða.
Ég ætla því að láta húðstrýkja hann og sleppa
honum síðan.“ 23 Þá heimtuðu þeir aftur að
Jesús yrði krossfestur og urðu hróp þeirra svo
hávær að þau yfirgnæfðu allt annað. 24 Þá
dæmdi Pílatus Jesú til dauða, eins og fólkið
krafðist, 25 en sleppti Barrabasi samkvæmt ósk
þess – manninum sem sat í fangelsi fyrir óeirðir
og manndráp. Síðan afhenti hann þeim Jesú,
svo að þeir gætu gert við hann það sem þeir
vildu. 26 Þegar hópurinn var lagður af stað
með Jesú til aftökustaðarins, var maður sem
var að koma utan úr sveit, Símon frá Kýrene,
þvingaður til að bera kross hans. 27 Mikill
mannfjöldi fylgdi á eftir, þar á meðal margar
grátandi konur. 28 Jesús sneri sér við og sagði
við þær: „Jerúsalemdætur, þið skuluð ekki gráta
mín vegna, heldur vegna ykkar sjálfra og barna
ykkar. 29 Þeir dagar munu koma er barnlausar
konur verða taldar heppnar. 30 Þá munu menn
biðja fjöllin um að hrynja yfir sig og hæðirnar
að hylja sig, 31 því að ef þetta er gert við mig,
hið lifandi tré, hvernig mun þá fara fyrir ykkur.“
32 Ásamt Jesú voru tveir afbrotamenn leiddir
til aftökustaðarins sem hét „Hauskúpa“. Þar
voru þeir allir krossfestir, Jesús í miðið, en hinir
tveir sinn til hvorrar handar. 34 Þá sagði Jesús:
„Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað
þeir gera.“Hermennirnir köstuðu nú hlutkesti
um föt Jesú, eina flík í senn. 35 Fólkið stóð og
fylgdist með, en leiðtogar þjóðarinnar gerðu
gys að honum og sögðu: „Hann gat hjálpað
öðrum, en nú ætti hann að hjálpa sjálfum sér og
sanna með því að hann sé í raun og veru Kristur,

útvalinn konungur Guðs.“ 36 Hermennirnir
hæddu hann líka með því að rétta honum súrt
vín að drekka. 37 Þeir hrópuðu: „Ef þú ert
konungur Gyðinga, bjargaðu þá sjálfum þér.“ 38
Fyrir ofan hann var neglt spjald á krossinn. Þar
stóð: „Þessi er konungur Gyðinga.“ 39 Annar
afbrotamannanna, sem hékk við hlið hans,
sendi honum háðsglósu og sagði: „Svo þú ert
Kristur, er það ekki? Sannaðu það þá með því
að bjarga sjálfum þér – og okkur.“ 40 Hinn
glæpamaðurinn mótmælti þeim fyrri og sagði:
„Óttastu ekki einu sinni Guð á dauðastundinni?
Við höfum unnið til þessarar þungu refsingar,
en þessi maður hefur ekkert rangt aðhafst.“ 42
Síðan sneri hann sér að Jesú og sagði: „Jesú,
minnstu mín þegar þú kemur í ríki þitt.“ 43
Jesús svaraði: „Ég lofa þér því, að í dag skaltu
vera með mér í Paradís.“ 44 Nú var komið
hádegi, en þá varð dimmt um allt landið fram
til klukkan þrjú, 45 því að sólin myrkvaðist. Þá
gerðist það að fortjaldið í musterinu rifnaði
í tvennt. 46 Þá hrópaði Jesús: „Faðir, í þínar
hendur fel ég anda minn, “og að svo mæltu
dó hann. 47 Þegar rómverski herforinginn,
sem stjórnaði aftökunum, sá hvað gerðist, varð
hann hræddur og sagði: „Ég er viss um að þessi
maður hefur verið saklaus.“ 48 Þegar fólkið,
sem kom til að fylgjast með krossfestingunni, sá
að Jesús var dáinn, fór það heim harmi slegið.
49 Meðan þetta gerðist, stóðu vinir Jesú og
konurnar, sem fylgt höfðu honum frá Galíleu,
álengdar og fylgdust með. 50 Maður nokkur
frá Arímaþeu, Jósef að nafni, kunnur ráðherra,
fór til Pílatusar og bað um líkama Jesú. Hann
var guðrækinn maður, sem vænti komu Krists
og hafði verið ósammála hinum um hvað gera
skyldi við Jesú. 53 Hann tók því líkama Jesú
niður af krossinum og vafði í léreftsdúk og
lagði síðan í nýja gröf sem höggvin hafði verið
í klett. 54 Þetta gerðist síðdegis á föstudegi,
aðfangadegi páska, á sama tíma og fólk var að
undirbúa hátíðina. 55 Konurnar sáu er líkaminn
var tekinn niður og fylgdust með þegar hann
var lagður í gröfina. 56 Síðan fóru þær heim og
tilreiddu kryddjurtir og smyrsl til að smyrja
hann með. Í þann mund er þær höfðu lokið
verki sínu, gekk hátíðin í garð. Þær héldu kyrru
fyrir það kvöld og næsta dag, eins og krafist var
í lögunum.

24 Mjög snemma á sunnudagsmorgni fóru
konurnar með smyrslin til grafarinnar. 2
Þá sáu þær að stóra steininum, sem var fyrir
grafardyrunum, hafði verið velt frá. 3 Þær fóru
inn í gröfina og sáu að líkami Drottins Jesú var
horfinn. 4 Þær skildu ekkert í þessu og reyndu
að ímynda sér hvað orðið hefði um hann.
En skyndilega birtust tveir menn hjá þeim, í
skínandi hvítum klæðum, svo að þær fengu
ofbirtu í augun. 5 Þær urðu skelfingu lostnar,
hneigðu sig og huldu andlit sín. Mennirnir
spurðu: „Hvers vegna leitið þið hans sem er
lifandi, meðal hinna dauðu? 6 Hann er ekki
hér. Hann er upprisinn! Munið þið ekki hvað
hann sagði við ykkur í Galíleu. Að Kristur yrði
svikinn í hendur vondra manna, sem myndu
krossfesta hann, en eftir það mundi hann rísa
upp á þriðja degi.“ 8 Þá minntust þær orða
hans 9 og flýttu sér aftur til Jerúsalem til að
segja lærisveinunum ellefu – og öllum hinum
– hvað gerst hafði. 10 Konurnar sem fóru
til grafarinnar voru þær María Magdalena,
Jóhanna, María móðir Jakobs og nokkrar aðrar.
11 En lærisveinarnir trúðu ekki frásögn þeirra. 12
Samt sem áður hljóp Pétur út að gröfinni til að
athuga þetta. Hann nam staðar úti fyrir gröfinni
og leit inn, en sá ekkert nema léreftsdúkinn.
Pétur varð mjög undrandi og fór aftur heim. 13
Þennan sama sunnudag fóru tveir af fylgjendum
Jesú gangandi til þorpsins Emmaus, sem er
rúma 12 kílómetra frá Jerúsalem. 14 Á leiðinni
ræddu þeir saman um atburði þessa. 15 Þá kom
Jesús sjálfur til þeirra og slóst í för með þeim,
16 en þeir þekktu hann ekki (– það var eins og
Guð héldi því leyndu fyrir þeim). 17 „Um hvað
eruð þið að tala, svona áhyggjufullir?“spurði
Jesús. Þeir námu staðar rétt sem snöggvast,
daprir á svip. 18 Kleófas, annar þeirra, varð
fyrir svörum og sagði: „Þú hlýtur að vera eini
maðurinn í Jerúsalem, sem ekki hefur heyrt
um hina hræðilegu atburði sem þar hafa gerst
undanfarna daga.“ 19 „Hvað þá?“spurði Jesús.
„Jú, þetta með Jesú, manninn frá Nasaret,
“sögðu þeir. „Hann var spámaður, sem gerði
ótrúleg kraftaverk, og frábær kennari. Hann var
virtur bæði af Guði og mönnum. 20 En æðstu
prestarnir og leiðtogar þjóðar okkar handtóku
hann og framseldu rómversku yfirvöldunum,
sem dæmdu hann til dauða og krossfestu hann.
21 Við héldum að hann væri Kristur og að
hann hefði komið til að bjarga Ísrael. Þetta

gerðist fyrir þrem dögum, 22 en nú snemma
í morgun fóru nokkrar konur úr hópi okkar,
fylgjenda hans, út að gröfinni. Komu síðan
aftur með þær furðulegu fréttir að líkami hans
væri horfinn og að þær hefðu séð engla, sem
sögðu að hann væri á lífi! 24 Sumir okkar hlupu
þangað til að gá að því og það reyndist rétt –
líkami Jesú var horfinn eins og konurnar höfðu
sagt." 25 Þá sagði Jesús: „Æ, skelfing eruð þið
heimskir og tregir! Hvers vegna eigið þið svona
erfitt með að trúa því sem Biblían segir? 26
Sögðu spámennirnir það ekki greinilega fyrir
að Kristur yrði að þjást á þennan hátt, áður en
hann gengi inn í dýrð sína?" 27 Síðan vitnaði
Jesús í hvert spámannaritið á fætur öðru. Hann
byrjaði á fyrstu Mósebók og svo áfram í gegnum
Gamla testamentið og útskýrði fyrir þeim hvað
þar væri sagt um hann sjálfan. 28 Nú var stutt
eftir á leiðarenda. Jesús lét sem hann ætlaði
lengra, 29 en þeir margbáðu hann að gista hjá
sér, því það var orðið framorðið. Hann lét undan
og fór með þeim. 30 Þeir settust niður til að
borða og Jesús flutti þakkarbæn yfir matnum.
Síðan tók hann brauð, braut það og rétti þeim.
31 Þá var eins og augu þeirra opnuðust og þeir
þekktu hann. En þá hvarf hann þeim sýnum.
32 Þeir tóku að ræða saman um hve vel þeim
hefði liðið meðan hann talaði við þá úti á
veginum og útskýrði fyrir þeim Biblíuna. 33 Og
þeir biðu ekki boðanna, en lögðu af stað aftur
til Jerúsalem. Þar fögnuðu postularnir ellefu
þeim og aðrir vinir Jesú, með þessum orðum:
„Drottinn er sannarlega upprisinn! Hann hefur
birst Pétri." 35 Lærisveinarnir tveir frá Emmaus
sögðu þeim þá hvernig Jesús hafði birst þeim er
þeir voru á leiðinni og hvernig þeir hefðu þekkt
hann þegar hann braut brauðið. 36 Allt í einu,
meðan þeir voru að tala um þetta, stóð Jesús
sjálfur mitt á meðal þeirra, heilsaði þeim og
sagði: „Friður sé með ykkur." 37 Lærisveinarnir
urðu skelfingu lostnir og héldu að þeir sæju
vofu! 38 „Hvers vegna eruð þið hræddir?"spurði
hann. „Hvers vegna efist þið um að þetta sé ég?
39 Lítið á hendur mínar og fætur. Þið sjáið það
sjálfir að þetta er ég. Komið við mig og gangið
úr skugga um að ég er ekki vofa. Vofur hafa ekki
líkama eins og þið sjáið mig hafa." 40 Meðan
hann var að tala, rétti hann út hendur sínar, svo
að þeir gætu séð naglaförin, og hann sýndi þeim
einnig særða fæturna. 41 Þarna stóðu þeir og
vissu ekki hverju þeir ættu að trúa. Þeir voru í
senn fullir gleði og efasemda. „Hafið þið nokkuð
að borða?"spurði Jesús. 42 Þeir réttu honum
stykki af steiktum fiski, 43 Sem hann neytti
fyrir augum þeirra. 44 Hann sagði: „Munið þið
ekki að þegar ég var með ykkur, þá sagði ég
ykkur að allt, sem skrifað væri um mig af Móse,
spámönnunum og í Sálmunum, yrði að rætast."
45 Síðan opnaði hann hjörtu þeirra til að þeir
gætu skilið þessa staði í Biblíunni, 46 og sagði
svo: „Fyrir löngu var ritað að Kristur yrði að líða
og deyja og rísa síðan upp frá dauðum á þriðja
degi, 47 og að svohljóðandi gleðiboðskapur ætti
að berast frá Jerúsalem út til allra þjóða: Allir
þeir sem iðrast og snúa sér til mín, munu fá
fyrirgefningu syndanna. 48 Þið hafið séð þessa
spádóma rætast. 49 Ég mun senda heilagan
anda yfir ykkur, eins og faðir minn lofaði. Segið
engum frá þessu enn sem komið er, en bíðið
hérna í borginni þar til heilagur andi kemur
og fyllir ykkur krafti frá Guði." 50 Eftir þetta
fór Jesús með þá út að veginum, sem liggur til
Betaníu, og þar lyfti hann höndum sínum til
himins og blessaði þá. 51 En meðan hann var að
blessa þá, hvarf hann sjónum þeirra og fór til
himna. 52 Lærisveinarnir tilbáðu hann og sneru
aftur til Jerúsalem gagnteknir fögnuði. 53 Þeir
héldu sig síðan stöðugt í musterinu og lofuðu
Guð.

Jóhannes

1 Í upphafi, áður en nokkuð varð til, var Kristur
hjá Guði. **2** Hann hefur verið frá upphafi og
sjálfur er hann Guð. **3** Allt var skapað vegna
hans og án hans varð ekkert til sem til er
orðið. **4** Í honum er eilíft líf, og þetta líf er ljós
fyrir alla menn. **5** Líf hans er ljósið sem skín í
myrkrinu en myrkrið vill ekkert með það hafa.
6 Guð sendi Jóhannes skírara til að vitna um
að Jesús Kristur væri hið sanna ljós. **8** Ekki var
Jóhannes ljósið, heldur átti hann að vitna um
það. **9** Seinna kom sá sem er hið sanna ljós,
og hann vill lýsa upp líf sérhvers manns sem
fæðist í þennan heim. **10** Hann var í heiminum
og heimurinn varð til hans vegna, en samt
þekkti heimurinn hann ekki. **11** Honum var
jafnvel hafnað í sínu eigin landi og af eigin þjóð
– Gyðingum. Fáir tóku við honum, en öllum
þeim sem það gerðu gaf hann rétt og kraft til
að verða Guðs börn – þeim sem treystu því
að hann gæti frelsað þá. **13** Þeir, sem þannig
trúa á hann, endurfæðast! Það er ekki líkamleg
endurfæðing – afleiðing mannlegra hvata eða
áforma – heldur andleg fæðing og samkvæmt
vilja Guðs. **14** Kristur fæddist sem maður og
bjó hér á jörðinni meðal okkar, fullur náðar og
sannleika. Við sáum dýrð hans – dýrð eingetins
sonar hins himneska föður. **15** Jóhannes benti
fólkinu á hann og sagði: „Sá mun koma sem mér
er æðri og var löngu á undan mér.“ **16** Öll höfum
við notið miskunnar hans og kærleika, náðar á
náð ofan. **17** Móse flutti okkur lögmálið með
öllum þess ströngu kröfum og afdráttarlausa
réttlæti, en náðin og sannleikurinn kom með
Jesú Kristi. **18** Enginn hefur nokkurn tíma
séð Guð en einkasonur hans, sem stendur
næst föðurnum, hefur kennt okkur að þekkja
hann. **19** Leiðtogar Gyðinga sendu nú presta
og musterisþjóna frá Jerúsalem til að spyrja
Jóhannes hvort hann væri Kristur, konungur
Ísraels. **20** En því neitaði Jóhannes afdráttarlaust
og sagði: „Ég er ekki Kristur.“ **21** „Hver ertu
þá?“spurðu þeir, „ertu Elía?“„Nei, “svaraði
hann. „Ertu spámaðurinn?“„Nei.“ **22** „Hver þá?
Segðu okkur það, svo við getum svarað þeim
sem sendu okkur. Hvað viltu segja um sjálfan
þig?“ **23** Hann svaraði: „Ég er rödd sem hrópar:
„Búið ykkur undir komu Drottins!““ **24** Þeir sem
sendir voru frá faríseunum spurðu þá: „Fyrst
þú ert hvorki Kristur, Elía né spámaðurinn,
hvaða rétt hefur þú þá til að skíra?“ **26** „Ég
skíri aðeins með vatni, “svaraði Jóhannes, „en
hér á meðal okkar er sá sem þið þekkið ekki.
27 Hann mun brátt hefja starf sitt. Ég er ekki
einu sinni verður þess að vera þræll hans.“
28 Þetta gerðist hjá Betaníu, þorpi austan við
ána Jórdan, þar sem Jóhannes var að skíra. **29**
Daginn eftir sá Jóhannes Jesú koma gangandi
í átt til sín. „Sjáið!“sagði Jóhannes, „þarna er
Guðs lambið sem tekur burt synd heimsins! **30**
Ég átti við hann þegar ég sagði: „Sá mun koma
sem mér er æðri og var á undan mér.“ **31** En ég
vissi ekki að þetta væri hann. Mitt hlutverk er
að skíra með vatni og benda Ísraelsþjóðinni á
hann.“ **32** Síðan sagði Jóhannes að hann hefði
séð heilagan anda stíga niður af himni eins og
dúfu og hvíla yfir honum. **33** „Ég vissi ekki að
þetta væri hann, “sagði Jóhannes aftur, „en
þegar Guð sendi mig til að skíra sagði hann:
„Þegar þú sérð heilagan anda koma niður og
setjast á einhvern – þá er það sá sem þú leitar
að. Hann mun skíra með heilögum anda.“ **34**
Þetta sá ég gerast núna á þessum manni og því
segi ég: Hann er sonur Guðs.“ **35** Daginn eftir var
Jóhannes á sama stað ásamt tveim lærisveina
sinna **36** og var Jesús þar aftur á gangi. Jóhannes
horfði á hann og sagði: „Sjáið! Þarna er Guðs
lambið!“ **37** Lærisveinarnir tveir fóru þá á eftir
Jesú. **38** Jesús leit við, sá þá koma og spurði:
„Hvað viljið þið?“„Herra, “svöruðu þeir, „hvar
býrðu?“ **39** „Komið og þá sjáið þið það, “svaraði
hann. Síðan fóru þeir með honum þangað sem
hann dvaldist og voru hjá honum frá því um
fjögurleytið til kvölds. **40** Annar þessara manna
var Andrés, bróðir Símonar Péturs. **41** Andrés
fer nú að finna bróður sinn, Símon, og segir:
„Við höfum fundið Krist!“ **42** Og hann fór með
hann til Jesú. Jesús leit á hann og sagði: „Þú ert
Símon Jónasson, en nú skalt þú kallast Pétur, –
kletturinn!“ **43** Daginn eftir ákvað Jesús að fara
til Galíleu. Þá hitti hann Filippus og sagði við
hann: „Fylg þú mér.“ **44** Filippus var frá Betsaída,
heimabæ Andrésar og Péturs. **45** Filippus fór að
finna Natanael og sagði við hann: „Við höfum
fundið Krist – þann sem Móse og spámennirnir
töluðu um! Hann heitir Jesús Jósefsson og er
frá Nasaret.“ **46** „Nasaret!“hrópaði Natanael.
„Getur nokkuð gott komið þaðan?“„Komdu
og sjáðu sjálfur, “svaraði Filippus ákveðinn.
47 Þegar þeir komu þangað sagði Jesús: „Hér

kemur ósvikinn Ísraelsmaður.“ 48 „Hvaðan
þekkir þú mig?“spurði Natanael. „Ég sá þig
undir fíkjutrénu, áður en Filippus kallaði á þig,
“svaraði Jesús. 49 „Herra! Þú ert sonur Guðs! –
konungur Ísraels!“sagði Natanael. 50 „Trúir þú
bara vegna þess að ég sagðist hafa séð þig undir
fíkjutrénu?“spurði Jesús. „Þú skalt sjá það sem
meira er. 51 Þú munt jafnvel sjá himininn opinn
og engla Guðs stíga upp og niður frammi fyrir
mér.“

2 Tveim dögum síðar var móðir Jesú boðin í
brúðkaup til bæjarins Kana í Galíleu. 2 Jesús
var einnig boðinn, ásamt lærisveinum sínum. 3
Meðan á veislunni stóð kláraðist vínið. Móðir
Jesú gekk þá til hans og sagði honum þessi
vandræði. 4 „Ég get ekki hjálpað þér núna,
“sagði hann, „minn tími er enn ekki kominn.“
5 En móðir hans sagði við þjónana: „Gerið allt
eins og hann segir ykkur.“ 6 Þarna stóðu sex
steinker, sem notuð voru við ákveðna trúarsiði,
og tók hvert þeirra um hundrað lítra. 7 Jesús
sagði nú þjónunum að fylla þau af vatni. Að því
búnu sagði hann: „Takið nú smásopa af þessu og
farið veislustjóranum.“ 9 Þegar veislustjórinn
bragðaði á vatninu, sem nú var orðið að víni,
varð hann undrandi því hann vissi ekki hvaðan
það var komið (þótt þjónarnir vissu það). Hann
kallaði þá á brúðgumann. 10 „Þetta er frábært
vín!“sagði hann. „En þú ert ekki eins og aðrir.
Flestir bera fyrst fram besta vínið, en þegar
menn eru orðnir ölvaðir og kæra sig ekki um
meira, þá eru teknar fram ódýru tegundirnar.
Þú hefur hins vegar geymt það besta þar til
síðast.“ 11 Þetta fyrsta kraftaverk sitt gerði
Jesús í Kana í Galíleu og opinberaði með því
dýrð sína. Það varð til þess að lærisveinarnir
trúðu að hann væri Kristur. 12 Eftir brúðkaupið
fór Jesús til Kapernaum, ásamt móður sinni,
bræðrum og lærisveinum, og voru þau þar í
nokkra daga. 13 Nú leið að páskum og hélt
Jesús því til Jerúsalem. 14 Á musterissvæðinu sá
hann kaupmenn sem seldu nautgripi, kindur
og dúfur, er nota átti sem fórnardýr. Þar sátu
einnig menn við borð og skiptu peningum. 15
Jesús bjó þá til svipu úr köðlum og rak þá alla út,
einnig féð og nautgripina, dreifði smápeningum
þeirra sem skiptu myntinni, út um allt gólf
og velti um borðum þeirra. 16 Því næst gekk
hann til dúfnasalanna og sagði við þá: „Út
með þetta! Þið hafið ekkert leyfi til að breyta
húsi föður míns í markað!“ 17 Þetta minnti
lærisveinana á spádóm í Biblíunni, sem þannig
hljóðar: „Umhyggja fyrir húsi Guðs mun ekki
láta mig í friði.“ 18 „Hvaða rétt hefur þú til að
reka þá út?“spurðu leiðtogar fólksins hranalega.
„Ef þú hefur vald þitt frá Guði, sýndu okkur þá
kraftaverk því til sönnunar.“ 19 „Já, “svaraði
Jesús, „þetta kraftaverk skuluð þið fá: Brjótið
þennan helgidóm niður og ég mun reisa hann á
þrem dögum!“ 20 „Hvað þá!“hrópuðu þeir. „Það
tók fjörutíu og sex ár að byggja þetta musteri,
en þykist þú geta reist það á þrem dögum?“ 21
Með orðinu „helgidómur“átti Jesús við líkama
sinn. 22 Eftir upprisu hans minntust lærisveinar
hans þessara orða, og skildu að það sem hann
tilnefndi úr Biblíunni, átti við hann sjálfan og
rættist allt. 23 Kraftaverkin sem Jesús gerði í
Jerúsalem yfir páskahátíðina, sannfærðu marga
um að hann væri í raun og veru Kristur. 24
En hann treysti ekki þessu fólki, því að hann
þekkti hugsanir þess fullkomlega og vissi hve
menn eru fljótir að skipta um skoðun!

3 Kvöld eitt, eftir að dimmt var orðið, 2 kom
einn af ráðherrum Gyðinga, farísei að nafni
Nikódemus, til Jesú að ræða við hann. „Herra,
“sagði hann, „við vitum allir að Guð hefur sent
þig til að fræða okkur, það sanna kraftaverk þín
svo að ekki verður um villst.“ 3 „Ég segi þér satt,
Nikódemus, “sagði Jesús, „ef þú endurfæðist
ekki muntu aldrei komast inn í guðsríki.“ 4
„Endurfæðist?“spurði Nikódemus, „hvað er nú
það? Hvernig getur gamall maður komist aftur
inn í kvið móður sinnar og fæðst að nýju?“ 5
„Það sem ég á við, “svaraði Jesús, „er þetta: Ef
maðurinn fæðist ekki af vatni og anda, getur
hann ekki komist inn í guðsríki. 6 Maður getur
aðeins fætt af sér aðra mannveru, en heilagur
andi gefur nýtt líf frá himnum. 7 Vertu því
ekki hissa þótt ég segi að þú verðir að fæðast
að nýju! 8 Þetta er eins og með vindinn. Þú
heyrir í honum en veist samt ekki hvaðan hann
kemur eða hvert hann fer. Þannig er það einnig
með anda Guðs. Við vitum ekki hverjum hann
gefur næst líf frá himni.“ 9 „Þetta get ég ekki
skilið!“svaraði Nikódemus. 10 „Þú ert mikils
metinn kennari hér í Jerúsalem en samt skilur
þú þetta ekki!“sagði Jesús. „Ég er að segja þér
það sem ég veit og hef séð, en samt trúir þú mér
ekki. 12 Ef þú trúir mér ekki þegar ég segi þér
frá hlutum sem gerast meðal manna, hvernig

geturðu þá trúað ef ég segi þér frá himneskum
hlutum? 13 Ég, Kristur, er sá eini sem komið
hefur niður til jarðarinnar og mun fara aftur til
himins. 14 Móse reisti eirorminn upp á stöng í
eyðimörkinni og þannig mun mér einnig verða
lyft upp, 15 svo að allir sem á mig trúa, eignist
eilíft líf. (aiōnios g166) 16 Því að svo elskaði Guð
heiminn að hann gaf einkason sinn til þess
að hver sem trúir á hann glatist ekki, heldur
eignist eilíft líf. (aiōnios g166) 17 Guð sendi ekki son
sinn til jarðarinnar til að dæma heiminn, heldur
til að frelsa hann. 18 Sá sem trúir á hann verður
ekki dæmdur. En sá sem ekki trúir, hefur sjálfur
kallað yfir sig dóm og er þegar dæmdur fyrir að
vilja ekki trúa syni Guðs. 19 Ástæður dómsins
eru þessar: Ljósið frá himnum kom í heiminn,
en mennirnir elskuðu myrkrið meir en ljósið,
því verk þeirra voru vond. 20 Þeim var illa við
þetta himneska ljós, því þá langaði til að syndga
í myrkrinu. Þeir héldu sig í skugganum af ótta
við að flett yrði ofan af syndum þeirra og þeim
refsað. 21 En þeir sem í öllu leitast við að gera
rétt, koma fúslega fram í ljósið, svo að allir geti
séð að þeir geri Guðs vilja.“ 22 Eftir þetta fór
Jesús, ásamt lærisveinum sínum, frá Jerúsalem
og dvöldust þeir um tíma í Júdeu og skírðu
þar. 23 Þegar þetta var, hafði Jóhannesi skírara
enn ekki verið varpað í fangelsi og var hann
að skíra við Aínon, nálægt Salím, því þar var
mikið vatn. 25 Dag einn fór einhver að deila við
lærisveina Jóhannesar og sagði að betra væri að
skírast hjá Jesú. 26 Þeir fóru því til Jóhannesar
og sögðu: „Meistari, maðurinn sem þú hittir
hinum megin við ána – sá sem þú sagðir að
væri Kristur – hann skírir líka og allir fara til
hans.“ 27 „Enginn getur tekið neitt, nema Guð
leyfi honum það, “svaraði Jóhannes. 28 „Mitt
hlutverk er að ryðja veginn fyrir Krist, svo að
allir fari til hans. Þið vitið sjálfir að ég sagði
ykkur að ég væri ekki Kristur. Ég er hér aðeins
til að undirbúa komu hans – það er allt og
sumt. 29 Fólkið fer auðvitað til hans sem hefur
mesta aðdráttaraflið – brúðurin fer þangað
sem brúðguminn er – og vinur brúðgumans
samgleðst honum. Ég er vinur brúðgumans. Ég
gleðst innilega yfir árangri hans. 30 Hann á að
vaxa en ég að minnka. 31 Hann kom frá himni
og er öllum æðri. Ég er af jörðu og skilningur
minn bundinn hinu jarðneska. 32 Kristur segir
frá því sem hann hefur séð og heyrt, samt trúa
honum fáir. 33 En þeir sem það gera komast að
raun um að Guð er uppspretta sannleikans. Því
að Kristur er sendur af Guði og talar Guðs orð
og andi Guðs starfar í honum, hindrunarlaust.
35 Faðirinn elskar þennan mann, því að hann
er sonur hans og hann hefur gefið honum allt.
36 Allir sem treysta honum – Guðssyninum –
eignast eilíft líf, en þeir sem hvorki trúa honum
né hlýða, munu aldrei sjá guðsríki heldur mun
reiði Guðs hvíla yfir þeim.“ (aiōnios g166)

4 Þegar Drottni varð ljóst að farísearnir hefðu
frétt að hann fengi fleiri lærisveina og skírði
fleiri en Jóhannes 2 (Jesús skírði þó ekki sjálfur
heldur lærisveinar hans), 3 þá yfirgaf hann
Júdeu og hélt aftur til Galíleu. 4 Á leiðinni þurfti
hann að fara um Samaríu. 5 Um hádegi kom
hann í Samverjaþorp sem Síkar heitir, nálægt
landi því sem Jakob gaf Jósef syni sínum, en
þar er Jakobsbrunnur. Jesús var orðinn þreyttur
eftir langa göngu og settist því við brunninn. 7
Í sama bili kom þar að samversk kona til þess
að sækja vatn. Jesús bað hana að gefa sér að
drekka. 8 Hann var einn þessa stundina, því
að lærisveinar hans höfðu farið inn í þorpið
til að kaupa mat. 9 Konan varð undrandi á að
Gyðingur skyldi biðja hana – konu og Samverja
– um nokkuð, því að Gyðingar virtu þá ekki
viðlits. Hún hafði orð á þessu við Jesú. 10 Hann
svaraði: „Ef þú þekktir gjöf Guðs og vissir, hver
sá er sem biður þig um vatn að drekka, mundir
þú biðja mig að gefa þér lifandi vatn.“ 11 „Þú
hefur hvorki reipi né fötu og þessi brunnur
er mjög djúpur, “sagði hún, „hvar ætlar þú að
ná í þetta lifandi vatn? 12 Ertu kannski meiri
en Jakob forfaðir okkar, sem gaf okkur þennan
brunn? Og hvernig ætlar þú að bjóða betra
vatn en það sem hann sjálfur drakk og synir
hans og kvikfé?“ 13 Jesús svaraði henni og sagði
að fólk þyrsti fljótlega aftur, þótt það drykki
þetta vatn. 14 „En, “bætti hann við, „vatnið
sem ég gef, verður að lind hið innra með þeim
og veitir eilífa svölun.“ (aiōn g165, aiōnios g166) 15
„Herra, “sagði konan, „gefðu mér þetta vatn
svo að ég verði aldrei þyrst og þurfi ekki að
fara hingað daglega eftir vatni.“ 16 „Farðu og
náðu í manninn þinn, “sagði Jesús. 17 „Ég er
ekki gift, “svaraði konan. „Satt er það, “svaraði
Jesús, „þú hefur átt fimm menn og þú ert ekki
einu sinni gift þeim sem þú býrð með núna.“
19 „Herra, “sagði konan, „þú hlýtur að vera
spámaður, 20 en segðu mér, af hverju segið

þið, Gyðingar, að Jerúsalem sé eini staðurinn
þar sem eigi að tilbiðja Guð? Við Samverjar
höldum því fram að rétti staðurinn sé hér á
Gerasímfjalli, þar sem forfeður okkar tilbáðu.“
21 „Kona, “svaraði Jesús, „sá tími kemur, þegar
ekki skiptir máli hvort við tilbiðjum föðurinn
hér eða í Jerúsalem. Spurningin er ekki hvar við
tilbiðjum, heldur hvernig. Hverjum manni er
nauðsynlegt að fá hjálp heilags anda til að geta
tilbeðið Guð á réttan hátt og eftir hans vilja. Þið
Samverjar biðjið í blindni, af því að þið þekkið
hann ekki nema að litlu leyti, en við Gyðingar
þekkjum hann því að heimurinn fær hjálpræðið
frá okkur.“ 25 „Ja-á, “svaraði konan, „ég veit
að Kristur kemur – Messías, eins og þið kallið
hann – og þegar hann kemur mun hann útskýra
þetta allt fyrir okkur.“ 26 Þá sagði Jesús: „Ég er
hann sem við þig tala.“ 27 Rétt í þessu komu
lærisveinar hans þar að. Þeir urðu undrandi
að sjá hann á tali við konu, en enginn þeirra
spurði hann þó hvers vegna eða um hvað þau
hefðu verið að tala. 28 Konan lagði vatnskrúsina
frá sér við brunninn, fór inn í þorpið og sagði
við alla: „Komið! Sjáið manninn sem sagði mér
allt, sem ég hef aðhafst! Ef til vill er hann
Kristur!“ 30 Og fólkið streymdi út úr þorpinu
til að hitta Jesú. 31 Meðan á þessu stóð hvöttu
lærisveinarnir Jesú til að fá sér að borða, 32 en
hann svaraði: „Nei, ég hef mat sem þið vitið
ekki um.“ 33 „Hver gaf honum mat?“spurðu
lærisveinarnir hver annan. 34 Jesús útskýrði
þetta og sagði: „Minn matur er að gera vilja
Guðs, sem sendi mig, og fullkomna hans verk.
35 Haldið þið að uppskeran hefjist ekki fyrr en í
lok sumars, eða eftir fjóra mánuði? Lítið í kring
um ykkur! Hvert sem litið er eru víðáttumiklir
akrar, tilbúnir til uppskeru. 36 Sá sem uppsker
fær laun og safnar ávöxtum til eilífs lífs, til
þess að bæði sá sem sáir og sá sem uppsker
geti glaðst saman. (aiōnios g166) 37 Einn sáir en
annar uppsker. 38 Ég sendi ykkur til að uppskera
þar sem þið hafið ekki sáð, aðrir hafa erfiðað,
en þið fáið að bjarga uppskerunni.“ 39 Margir
úr þessu samverska þorpi trúðu nú að Jesús
væri Kristur vegna orða konunnar sem vitnaði:
„Hann sagði mér allt sem ég hef aðhafst!“ 40
Fólkið kom út að brunninum til hans og bað
hann að staldra við hjá sér. Hann dvaldist því
þar í tvo daga, og miklu fleiri tóku trú eftir að
hafa hlustað á hann. 42 Og við konuna sagði
fólkið: „Það er ekki framar fyrir þín orð að við
trúum, því að við höfum sjálf heyrt og vitum að
þessi maður er í sannleika frelsari heimsins.“
43 Eftir tvo daga hélt Jesús áfram til Galíleu.
Hann hafði áður sagt: „Spámaður er alls staðar
mikils metinn nema í sínum heimahögum.“ 45
En fólkið í Galíleu tók honum samt vel, enda
hafði það verið á páskahátíðinni í Jerúsalem og
séð sum kraftaverka hans. 46 Á leið sinni um
Galíleu kom Jesús til Kana, bæjarins þar sem
hann hafði áður breytt vatninu í vín. Meðan
hann var þar frétti embættismaður nokkur,
sem bjó í Kapernaum, að Jesús væri kominn
frá Júdeu. Sonur þessa manns var veikur og
því fór faðirinn til Kana til að finna Jesú. Hann
sárbað Jesú að koma með sér til Kapernaum og
lækna son sinn, sem var nær dauða en lífi. 48
Jesús spurði hann: „Hvers vegna er það, getið
þið ekki trúað nema þið fáið stöðugt að sjá
ný kraftaverk?“ 49 En embættismaðurinn bað
hann og sagði: „Herra, komdu áður en barnið
mitt deyr!“ 50 Þá sagði Jesús: „Farðu heim til
þín, sonur þinn lifir: “Maðurinn trúði honum
og lagði af stað heim. 51 Á leiðinni mætti
hann einum þjóna sinna, sem sagði honum þær
gleðifréttir að syni hans væri batnað. 52 Þá
spurði maðurinn hvenær honum hefði farið
að batna og svarið var: „Um eittleytið í gær
fór hitinn skyndilega úr honum!“ 53 Þá mundi
faðirinn að það var einmitt á þeirri stundu
sem Jesús hafði sagt við hann: „Sonur þinn
lifir.“Þetta varð til þess að embættismaðurinn
og allt hans heimafólk tók trú á Jesú. 54 Þetta
var annað kraftaverkið sem Jesús vann í Galíleu,
en það gerði hann við heimkomuna frá Júdeu.

5 Seinna fór Jesús aftur til Jerúsalem til að
vera þar á trúarhátíð. 2 Inni í borginni rétt
við Sauðahliðið var Betesdalaugin og við hana
fimm yfirbyggð súlnagöng. 3 Þar lá mikill fjöldi
af veiku fólki – lömuðu, blindu eða bækluðu.
(Fólk þetta beið eftir vissri hreyfingu vatnsins,
4 því að engill Drottins kom af og til og hreyfði
við því, og sá læknaðist sem fyrstur komst ofan
í eftir það.) 5 Þarna lá maður sem verið hafði
veikur í þrjátíu og átta ár. 6 Þegar Jesús sá
hann og vissi hve lengi hann hafði verið veikur,
spurði hann: „Viltu verða heilbrigður?“ 7 „Það
er útilokað, “svaraði maðurinn, „ég hef engan
til að hjálpa mér ofan í laugina þegar hreyfing
verður á vatninu og þess vegna verður alltaf
einhver annar á undan mér.“ 8 Þá sagði Jesús:

„Stattu upp, vefðu saman dýnuna þína og farðu
heim til þín!“ 9 Maðurinn varð heilbrigður á
samri stundu! Hann vafði saman dýnuna og
gekk. Þetta gerðist á helgidegi 10 og því sögðu
leiðtogar fólksins við manninn sem læknast
hafði: „Það er óleyfilegt að vinna á helgidögum,
líka að bera dýnu!“ 11 „Sá sem læknaði mig,
sagði mér að gera það, “svaraði maðurinn.
12 „Hver sagði þér að gera slíkt?“spurðu þeir
hranalega. 13 Það vissi maðurinn ekki, því að
Jesús hafði horfið í mannþröngina. 14 Seinna
hitti Jesús þennan sama mann í musterinu og
sagði við hann: „Nú ertu heilbrigður. Syndga
ekki framar, svo ekki hendi þig eitthvað enn
verra.“ 15 Maðurinn fór þá til leiðtoga fólksins
og sagði þeim að Jesús væri sá sem hefði læknað
sig. Það varð til þess að 16 þeir ofsóttu Jesú fyrir
að brjóta helgidagslöggjöfina. 17 Þá sagði hann:
„Faðir minn starfar allt til þessa og ég starfa
einnig.“ 18 Eftir þetta svipuðust leiðtogarnir enn
frekar eftir tækifæri til að taka hann af lífi, því
að auk þess að brjóta helgidagslöggjöf þeirra,
talaði hann um Guð sem föður sinn og gerði sig
þar með Guði jafnan. 19 Um þetta sagði Jesús:
„Sonurinn getur ekkert gert á eigin spýtur.
Hann gerir það eitt sem hann sér föðurinn gera
og fer síðan eins að. 20 Faðirinn elskar soninn og
sýnir honum allt sem hann gerir. Seinna mun
sonurinn vinna enn meiri kraftaverk en það
að lækna þennan mann. 21 Hann mun meðal
annars vekja upp frá dauðum þá sem hann
vill, rétt eins og faðirinn. 22 Faðirinn lætur
soninn um að dæma syndina, 23 svo að allir
heiðri soninn eins og þeir heiðra föðurinn. Ef
þið viljið ekki heiðra son Guðs, sem Guð sendi
ykkur, þá heiðrið þið ekki heldur föðurinn. 24
Ég segi ykkur satt og legg á það áherslu, að hver
sem heyrir orð mín og trúir Guði, sem sendi
mig, eignast eilíft líf og mun aldrei hljóta dóm
fyrir syndir sínar, heldur hefur hann þá þegar
stigið yfir frá dauðanum til lífsins. (aiōnios g166)
25 Og það er líka satt að sú stund kemur, hún
er reyndar þegar komin, er hinir dauðu heyra
rödd mína – rödd Guðssonarins – og þeir sem
heyra munu lifa. 26 Faðirinn hefur eilíft líf í
sjálfum sér og hann hefur einnig veitt syninum
sama líf. 27 Og hann hefur veitt honum rétt til
að dæma syndir allra manna, því að hann er
mannssonurinn. 28 Látið það ekki koma ykkur á
óvart, en sú stund er svo sannarlega skammt
undan, er allir hinir dauðu, sem í gröfunum
eru, munu heyra rödd Guðssonarins 29 og rísa
upp. Þeir sem gott hafa gert til eilífs lífs, en
þeir til dóms, sem lagt hafa stund á hið illa. 30
Ég dæmi engan án þess að ráðfæra mig fyrst við
föður minn. Dómur minn er í fullu samræmi
við hans vilja, réttvís og sanngjarn, því að hann
er ekki aðeins samkvæmt mínum vilja heldur
einnig samkvæmt vilja Guðs sem sendi mig.
31 Þegar ég fullyrði eitthvað um sjálfan mig,
trúið þið mér ekki, 32 en einn maður talar þó
mínu máli og það er Jóhannes skírari. Þið fóruð
að hlusta á hann og ég undirstrika að allt sem
hann sagði um mig er satt! 34 Hvers vegna
minni ég ykkur á vitnisburð Jóhannesar? Jú,
til að auðvelda ykkur að trúa mér og frelsast,
en þó er besti vitnisburðurinn um mig ekki
frá manni. 35 Ljós Jóhannesar skein skært um
stund og þið nutuð þess og glöddust, 36 en
þegar ég segi að ég hafi betra vitni en Jóhannes,
þá á ég við kraftaverkin sem ég geri. Faðir minn
hefur falið mér að vinna þau og þau sanna að
faðirinn hefur sent mig. 37 Hann hefur sjálfur
vitnað um mig, þó ekki þannig að þið sæjuð
hann eða heyrðuð rödd hans. 38 Þið vitið ekki
heldur hvað hann segir því að þið viljið ekki
trúa mér, en boðskapur minn er frá honum. 39
Þið rannsakið Gamla testamentið, því að þið
álítið að það gefi ykkur eilíft líf, en svo vitið
þið ekki að það vitnar um mig! (aiōnios g166) 40
Hvers vegna viljið þið ekki koma til mín, svo að
ég geti gefið ykkur eilíft líf? 41 Ég sækist ekki
eftir vinsældum ykkar, því ég veit vel að þið
berið ekki kærleika til Guðs. 43 Ég veit hvað ég
er að segja, því að ég kom til að kynna ykkur
föður minn. Samt viljið þið ekkert með mig
hafa. Þið takið hins vegar vel á móti þeim sem
koma á eigin vegum, en þá hef ég ekki sent. 44
Það er ekkert undarlegt þótt þið trúið ekki! Þið
þiggið heiður hver af öðrum en leitið ekki þess
heiðurs sem Guð einn getur veitt! 45 En ég mun
samt ekki ákæra ykkur frammi fyrir föðurnum,
heldur Móse. Von ykkar um guðsríki hvílir á
lögum Móse, 46 en samt hafið þið ekki viljað
trúa honum. Hann ritaði um mig, en þið viljið
ekki trúa honum og þess vegna viljið þið ekki
heldur trúa mér. 47 Fyrst þið trúið ekki orðum
hans, þá er ekki að undra þótt þið trúið ekki
orðum mínum.“

6 Eftir þetta fór Jesús til landsvæðisins
hinum megin Galíleuvatnsins, sem kennt

er við Tíberías, 2 og fylgdi honum gífurlegur
mannfjöldi. Margt af þessu fólki var pílagrímar
á leið til Jerúsalem á páskahátíðina, 3 en það
langaði til að sjá Jesú lækna hina sjúku og því
fylgdi það honum hvert fótmál. 4 Jesús gekk upp
á fjallið ásamt lærisveinum sínum og settist, og
sá þá að mannfjöldinn var að koma. 5 Hann sneri
sér að Filippusi og sagði: „Filippus, hvar getum
við keypt brauð til að gefa fólkinu að borða?“
6 (Jesús hafði ákveðið með sjálfum sér hvað
hann ætlaði að gera, en með þessu var hann
að reyna Filippus.) 7 Filippus svaraði: „Þótt við
keyptum ekki nema handa hluta þeirra, mundi
það kosta mikla peninga!“ 8 Þá sagði Andrés,
bróðir Símonar Péturs: 9 „Hér er ungur drengur
með fimm byggbrauð og tvo fiska, en það dugar
að vísu skammt handa öllum þessum fjölda.“
10 „Látið fólkið setjast niður, “sagði Jesús. Þá
settist allt fólkið niður í grasigróna brekkuna
og voru karlmennirnir einir um fimm þúsund.
11 Því næst tók hann brauðin, flutti þakkarbæn
og skipti þeim meðal fólksins, og fengu allir
eins mikið og þeir vildu. 12 Þegar allir höfðu
borðað nægju sína sagði Jesús: „Tínið nú saman
leifarnar svo að ekkert fari til spillis.“ 13 Það var
gert og afgangs urðu tólf sneisafullar körfur!
14 Þegar fólkinu varð ljóst hvílíkt kraftaverk
hafði gerst hrópaði það: „Hann er áreiðanlega
spámaðurinn, sem við höfum beðið eftir!“ 15
Þegar Jesús sá að fólkið ætlaði að taka hann
með valdi og gera hann að konungi, gekk hann
enn hærra upp á fjallið, einn síns liðs. 16 Um
kvöldið fóru lærisveinarnir niður að vatninu
og biðu hans. 17 Þegar myrkrið skall á og Jesús
var enn ókominn, stigu þeir í bátinn, héldu
út á vatnið og stefndu til Kapernaum. 18 En á
leiðinni hvessti skyndilega svo vatnið varð mjög
úfið. 19 Þeir höfðu róið um sex kílómetra þegar
þeir sáu Jesú koma gangandi í átt til sín. Þeir
urðu skelkaðir, 20 en þá kallaði hann til þeirra
og sagði: „Verið óhræddir, þetta er ég!“ 21 Þeir
tóku hann upp í bátinn og um leið sáu þeir
að þeir voru komnir þangað sem þeir ætluðu
sér. 22 Morguninn eftir fór fólkið að safnast
saman á ströndinni hinum megin vatnsins (í
von um að hitta Jesú), því það vissi að hann
hafði komið þangað með lærisveinum sínum,
og að lærisveinarnir höfðu síðan farið á sínum
bát, en skilið Jesú eftir. 23 Þarna voru margir
smábátar frá Tíberías. 24 Þegar fólkinu varð
ljóst að hvorki Jesús né lærisveinar hans voru
þar, þá steig það í bátana og fór yfir vatnið til
Kapernaum, til að leita hans. 25 Þegar fólkið
kom þangað og fann hann, spurði það: „Herra,
hvernig komstu hingað?“ 26 Jesús svaraði: „Ég
segi ykkur satt, þið leitið mín vegna þess að
ég gaf ykkur að borða, en ekki vegna þess að
þið trúið á mig. 27 Hugsið ekki um það sem
eyðist, eins og til dæmis mat. Leitið heldur
eilífa lífsins sem ég, Kristur, get gefið ykkur,
og einmitt þess vegna sendi Guð mig hingað.“
(aiōnios g166) 28 „Hvað eigum við þá að gera til
að þóknast Guði?“spurði fólkið. 29 „Guðs vilji
er að þið trúið þeim sem hann sendi, “svaraði
Jesús. 30 „Þá verður þú að sýna okkur fleiri
kraftaverk, ef þú vilt að við trúum því að þú
sért Kristur, “svaraði fólkið. 31 „Gefðu okkur
ókeypis brauð á hverjum degi eins og forfeður
okkar fengu á leið sinni yfir eyðimörkina. Það
stendur í Biblíunni að Móse hafi gefið þeim
brauð frá himni.“ 32 „Það var ekki Móse, sem gaf
þeim það, “svaraði Jesús, „heldur faðir minn.
En nú vill hann gefa ykkur hið sanna brauð
af himni. 33 Brauð Guðs er sá sem Guð sendi
frá himni og gefur heiminum líf.“ 34 „Herra,
“sögðu þeir, „gefðu okkur slíkt brauð á hverjum
degi!“ 35 „Ég er brauð lífsins, “svaraði Jesús,
„þann mun ekki hungra sem til mín kemur
og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir. 36 Ég
segi enn: Vandi ykkar er að þið trúið ekki á
mig þótt þið hafið séð mig. 37 Allir þeir sem
faðirinn gefur mér, koma til mín, og þann sem
til mín kemur, mun ég alls ekki reka burt. 38 Ég
kom hingað frá himni til að gera vilja Guðs sem
sendi mig, en ekki minn eigin vilja. 39 Vilji Guðs
er sá að ég týni ekki neinum þeirra sem hann
hefur gefið mér, heldur veki þá til eilífs lífs á
dómsdegi. 40 Það er vilji föður míns að allir sem
sjá soninn og trúa á hann, eignist eilíft líf og
að ég reisi þá upp á efsta degi.“ (aiōnios g166) 41
Þegar Gyðingarnir heyrðu hann segja að hann
væri brauð frá himni, gagnrýndu þeir hann
sín á milli og hrópuðu: 42 „Ha? Hvað á hann
við? Þetta er bara hann Jesús Jósefsson! Við
þekkjum föður hans og móður. Hvernig getur
hann sagt að hann hafi komið niður af himni?“
43 „Verið ekki með þennan kurr, “svaraði Jesús.
44 „Enginn getur komið til mín, nema faðirinn,
sem sendi mig, leiði hann og á efsta degi mun
ég reisa hann upp frá dauðum. 45 Svo segir
Biblían um þá: „Guð mun sjálfur fræða þá.“Þeir
sem hlusta á föðurinn og læra sannleikann hjá

honum, munu dragast að mér. 46 Ekki svo að
skilja að þeir sjái föðurinn í raun og veru, ég er
sá eini sem það hef gert. 47 Ég segi ykkur satt:
„Hver sem trúir á mig, mun þegar í stað eignast
eilíft líf!“ (aiōnios g166) 48 Ég er brauð lífsins! 49
Það var ekkert líf í brauðinu sem féll af himni
og forfeður ykkar átu í eyðimörkinni – þeir dóu
allir um síðir. 50 Það er aðeins til eitt himneskt
brauð og þeir sem þess neyta munu ekki deyja.
51 Ég er þetta lifandi brauð, sem kom niður
af himni, og sá sem neytir þess mun lifa að
eilífu. Þetta brauð er ég sjálfur – hold mitt sem
gefið er heiminum til lífs.“ (aiōn g165) 52 Þá tóku
Gyðingarnir að þrátta sín á milli um það hvað
hann ætti við og spurðu: „Hvernig getur þessi
maður gefið okkur hold sitt að borða?“ 53 Jesús
sagði því aftur: „Ég segi ykkur satt og legg á
það áherslu: Þið getið ekki átt eilíft líf í ykkur,
nema þið etið hold Krists og drekkið blóð hans.
54 Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt
hefur eilíft líf, og ég mun vekja hann upp á
efsta degi. (aiōnios g166) 55 Hold mitt er sönn fæða
og blóð mitt sannur drykkur. 56 Hver sem etur
hold mitt og drekkur blóð mitt, er í mér og
ég í honum. 57 Ég lifi í krafti föðurins, hans
sem lifir, og á sama hátt munu þeir lifa sem
hlutdeild eiga í mér. 58 Ég er hið sanna brauð
sem kom niður af himni og hver sem etur þetta
brauð, mun lifa að eilífu en ekki deyja eins og
forfeður ykkar, sem átu brauð frá himni.“ (aiōn
g165) 59 Þessa ræðu hélt Jesús í samkomuhúsinu
í Kapernaum. 60 Þá sögðu sumir lærisveina
hans: „Þetta var hörð ræða! Hver getur hlýtt á
annað eins?“ 61 Jesús vissi með sjálfum sér að
lærisveinarnir voru óánægðir og sagði því við
þá: „Hneykslar þetta ykkur? 62 Hvað mynduð
þið segja ef þið sæjuð mig, Krist, fara aftur til
himins? 63 Það er aðeins heilagur andi sem
getur lokið þessu upp fyrir ykkur, þið getið
aldrei skilið það af eigin mætti. Nú hef ég sagt
ykkur hvernig þið getið eignast þetta sanna líf,
64 en sumir ykkar trúa mér samt ekki.“(Jesús
vissi frá byrjun hverjir það voru sem ekki trúðu,
og hann vissi einnig hver mundi svíkja hann.)
65 Hann bætti við og sagði: „Þetta átti ég við
þegar ég sagði að enginn gæti komið til mín
nema faðirinn leiddi hann til mín.“ 66 Eftir
þessi orð Jesú, fóru margir lærisveina hans frá
honum fyrir fullt og allt. 67 Jesús sagði þá við þá
tólf: „En þið, ætlið þið líka að fara?“ 68 Símon
varð fyrir svörum: „Meistari, hvert ættum við
að fara? Þú ert sá eini sem hefur orð eilífs lífs,
(aiōnios g166) 69 við trúum þér og vitum að þú ert
hinn heilagi sonur Guðs.“ 70 Þá sagði Jesús: „Ég
útvaldi ykkur tólf, en einn ykkar er djöfull.“ 71
Hér átti hann við Júdas, son Símonar Ískaríot,
einn þeirra tólf, en sá varð síðar til þess að
svíkja hann.

7 Eftir þetta fór Jesús til Galíleu og ferðaðist
frá einu þorpinu til annars. Hann vildi ekki
vera í Júdeu því að leiðtogarnir þar sátu um
líf hans. 2 Brátt leið að laufskálahátíðinni, en
það er ein hinna árlegu trúarhátíða Gyðinga. 3
Bræður Jesú hvöttu hann til að fara til Júdeu á
hátíðina og sögðu ertnislega: „Farðu þangað,
því að þá geta miklu fleiri séð kraftaverk þín.
4 Þú verður ekki frægur af því að fela þig. Og
fyrst þú ert svona mikill, skaltu reyna að sanna
það fyrir heiminum!“ 5 Bræður Jesú trúðu sem
sagt ekki á hann. 6 Jesús svaraði: „Minn tími til
að fara er enn ekki kominn. Þið getið hins vegar
farið hvenær sem þið viljið, það breytir engu, 7
því heimurinn er ekki á móti ykkur. Hann er á
móti mér, því ég ásaka hann fyrir illt athæfi og
syndir. 8 Þið skuluð fara; ég kem seinna þegar
minn tími er kominn.“ 9 Af þessari ástæðu varð
Jesús eftir í Galíleu. 10 En þegar bræður hans
voru farnir til hátíðarinnar fór Jesús líka, en
á laun og lét ekkert á sér bera. 11 Leiðtogar
þjóðarinnar reyndu að finna hann á hátíðinni
og héldu uppi spurnum um hann. 12 Fólkið
ræddi mikið um hann sín á milli og sumir sögðu:
„Hann er dásamlegur maður.“Aðrir sögðu: „Nei,
hann blekkir fólkið.“ 13 Enginn þorði að taka
málstað hans opinberlega af ótta við leiðtoga
þjóðarinnar. 14 Þegar hátíðin var hálfnuð gekk
Jesús inn í musterið og predikaði opinberlega.
15 Leiðtogar þjóðarinnar undruðust orð hans og
spurðu: „Hvaðan hefur hann þessa þekkingu?
Hann hefur aldrei gengið í skóla hjá okkur.“
16 Jesús sagði þá við þá: „Ég kenni ekki eigin
hugmyndir, heldur orð Guðs sem sendi mig.
17 Ef einhver ykkar vill gera vilja Guðs í raun
og veru, þá mun hann örugglega sjá hvort
boðskapur minn er frá Guði eða frá sjálfum
mér. 18 Sá sem talar af sjálfum sér vonast
eftir hrósi, en sá sem heiðrar þann sem sendi
hann, er trúr og sannur. 19 Móse gaf ykkur
lögin en hvers vegna hlýðið þið þeim þá ekki?
Hvers vegna segið þið að ég brjóti þau og hver
er ástæða þess að þið viljið lífláta mig?“ 20

Fólkið svaraði: „Þú ert ekki með öllum mjalla!
Hver er það sem situr um líf þitt?“ 21 Jesús
svaraði: „Ég læknaði mann á helgidegi og það
kom ykkur á óvart, en samt vinnið þið sjálf
á helgidögum þegar þið umskerið samkvæmt
lögum Móse – reyndar er umskurnin eldri
en lögmál Móse. Ef umskurnardag ber upp
á helgidag, þá framkvæmið þið umskurnina
eins og ekkert sé. Hvers vegna dæmið þið
mig þá fyrir að lækna mann á helgidegi? 24
Hugsið þetta mál og þá munuð þið komast
að raun um að ég hef á réttu að standa.“ 25
Sumir íbúar Jerúsalem sögðu þá: „Er þetta ekki
maðurinn sem leiðtogar okkar vilja feigan?
26 Hvernig stendur þá á því að hann fær að
predika óáreittur á almannafæri og þeir gera
enga athugasemd? Getur verið að þeir hafi
loksins komist að raun um að hann sé Kristur?
27 En hvernig ætti hann annars að vera það?
Við vitum, jú, hvar hann er fæddur, en þegar
Kristur kemur mun enginn vita hvaðan hann
kemur, hann mun birtast allt í einu.“ 28 Þetta
varð til þess að eitt sinn er Jesús var að predika
í musterinu, kallaði hann hátt: „Já, þið þekkið
mig og vitið hvar ég fæddist og hvar ég ólst
upp, en ég tala máli þess sem þið þekkið ekki
og hann er sannleikurinn. 29 Ég þekki hann því
ég var hjá honum og hann sendi mig til ykkar.“
30 Þegar leiðtogarnir heyrðu hann segja þetta
leituðust þeir við að handtaka hann. 31 Margir
þeirra sem komu reglulega í musterið trúðu
á hann og sögðu: „Hvaða kraftaverk haldið
þið að Kristur geri, sem þessi maður hefur
ekki gert?“ 32 Þegar farísearnir heyrðu þetta
sendu þeir og æðstu prestarnir lögregluna til
að handtaka hann. 33 Þá sagði Jesús: „Bíðið með
þetta! Mér ber að vera hér enn um stund, en
að því loknu sný ég aftur til hans sem sendi
mig. 34 Þið munuð leita mín en án árangurs,
því að þangað sem ég fer komist þið ekki.“ 35
Leiðtogarnir urðu undrandi á þessum tilsvörum
og spurðu: „Hvert skyldi hann ætla? Skyldi
hann ætla úr landi til að útbreiða kenningar
sínar meðal Gyðinga í öðrum löndum, eða
jafnvel meðal heiðingjanna? 36 Hvað á hann
við þegar hann segir að við munum leita hans,
en ekki finna? Og hvað þýðir þetta: Þið komist
ekki þangað sem ég fer?“ 37 Síðasta daginn
– helgasta dag þjóðarinnar – hrópaði Jesús
út yfir mannfjöldann: „Ef nokkurn þyrstir þá
komi hann til mín og drekki, 38 því Biblían
segir um þann sem trúir á mig, að frá hans
innra manni muni streyma lækir lifandi vatns.“
39 Hér átti hann við heilagan anda, sem þeir
mundu fá, sem tryðu á hann. En ennþá var
andinn ekki gefinn, því að Jesús hafði þá ekki
enn snúið aftur til dýrðar sinnar á himnum. 40
Þegar mannfjöldinn heyrði þetta sögðu sumir:
„Þessi maður er áreiðanlega spámaðurinn, sem
á að koma á undan Kristi.“ 41 Aðrir sögðu:
„Hann er Kristur.“Enn aðrir sögðu: „Það er
útilokað að hann sé Kristur. Haldið þið að
Kristur komi frá Galíleu? Biblían segir að Kristur
muni verða af ætt Davíðs og fæðast í Betlehem
þar sem Davíð fæddist.“ 43 Fólkið hafði sem
sagt ýmsar skoðanir á Jesú. 44 Sumir vildu
láta handtaka hann, en þó gerði það enginn.
45 Musterislögreglan, sem send hafði verið til
að handtaka hann, sneri því tómhent aftur til
æðstu prestanna og faríseanna. „Hvers vegna
komið þið ekki með hann?“spurðu þeir reiðilega.
46 „Hann segir svo margt stórkostlegt!“svöruðu
þeir. „Við höfum aldrei áður heyrt neitt þessu
líkt.“ 47 „Jæja, er þá líka búið að villa um fyrir
ykkur?“spurðu farísearnir hæðnislega. 48 „Hver
af okkar leiðtogum eða faríseunum trúir að
hann sé Kristur? 49 Fólkið trúir því, satt er
það, en það er heimskt og hefur ekkert vit á
slíkum hlutum, enda hvílir bölvun yfir því!“
50 Þá spurði Nikódemus, einn af leiðtogum
þjóðarinnar, sem heimsótti Jesú eitt sinn á
laun til að ræða við hann: 51 „Er leyfilegt
að dæma nokkurn áður en hann hefur verið
ákærður?“ 52 „Ha?“spurðu hinir, „ert þú kannski
einn af þessum auvirðilegu Galíleumönnum?
Lestu Biblíuna – enginn spámannanna kom frá
Galíleu!“ 53 Eftir þetta leystist fundurinn upp
og fór hver heim til sín.

8 Jesús fór nú til Olíufjallsins, 2 en snemma
næsta morgun var hann aftur kominn í
musterið. Fólkið þyrptist að og hann settist
niður og ávarpaði það. 3 Á meðan hann var
að tala, komu farísearnir og aðrir leiðtogar
þjóðarinnar með konu sem staðin hafði verið
að því að drýgja hór. Þeir stilltu henni upp í
allra augsýn. 4 „Kennari, “sögðu þeir við Jesú.
„Þessi kona var staðin að því að drýgja hór. 5
Lög Móse segja að slíkar konur eigi að grýta.
Hvað viltu segja um það?“ 6 Ætlun þeirra var
að fá hann til að segja eitthvað sem þeir gætu
ákært hann fyrir. Þá beygði Jesús sig niður og

skrifaði í sandinn með fingrunum. 7 Á meðan
héldu hinir áfram að krefja hann svars. Jesús
stóð upp og sagði: „Allt í lagi. Grýtið hana, en sá
ykkar sem syndlaus er, kasti fyrsta steininum!“
8 Síðan kraup hann aftur niður og hélt áfram að
skrifa í sandinn, 9 en leiðtogarnir laumuðust
í burtu, fyrst sá elsti og síðan einn af öðrum.
Að lokum var Jesús þar einn ásamt konunni
og mannfjöldanum. 10 Jesús stóð þá upp og
spurði konuna: „Hvar eru þeir? Ákærði þig
enginn?“ 11 „Nei, herra, enginn, “svaraði hún.
„Ég ákæri þig ekki heldur, “sagði Jesús, „farðu
og syndgaðu ekki framar.“ 12 Seinna, þegar
Jesús var að ávarpa mannfjöldann, sagði hann:
„Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki
staulast í myrkrinu, því ég mun lýsa honum
veginn til eilífs lífs.“ 13 „Þetta er lygi!“hrópuðu
farísearnir. „Þú ert alltaf að hrósa sjálfum þér.“
14 „Það er satt sem ég sagði, “svaraði Jesús,
„enda þótt ég hafi sagt þetta um sjálfan mig,
því ég veit hvaðan ég kom og hvert ég fer,
en það vitið þið ekki. 15 Þið dæmið mig án
þess að rannsaka mál mitt fyrst. Ég mun ekki
dæma ykkur strax, 16 en þótt ég gerði það,
þá væri sá dómur réttlátur að öllu leyti, því
faðir minn, sem sendi mig, er með mér. 17 Lög
ykkar segja að sé vitnisburður tveggja manna
samhljóða, sé hann tekinn gildur. 18 Ég er annað
vitnið og hitt er faðir minn sem sendi mig.“ 19
„Hvar er faðir þinn?“spurðu þeir. „Þið þekkið
mig ekki og því þekkið þið ekki heldur föður
minn, “svaraði Jesús. „Ef þið þekktuð mig, þá
mynduð þið einnig þekkja hann.“ 20 Jesús mælti
þetta hjá fjárhirslunni í musterinu. En hann
var ekki handtekinn, því að tími hans var enn
ekki kominn. 21 Seinna sagði Jesús aftur við
faríseana: „Ég fer burt og þið munuð leita mín
og deyja í syndum ykkar, því að þið getið alls
ekki komist þangað sem ég fer.“ 22 Þá sögðu
þeir: „Ætlar hann að fremja sjálfsmorð? Hvað
á hann við með þessu: Þið getið ekki komist
þangað sem ég fer?“ 23 Jesús sagði því við þá:
„Þið komið að neðan, en ég að ofan. Þið eruð af
þessum heimi en ekki ég, 24 og því sagði ég að
þið mynduð deyja í syndum ykkar, aðskildir frá
Guði. Ef þið trúið ekki að ég sé Kristur, sonur
Guðs, þá munuð þið deyja í syndum ykkar.“
25 „Segðu okkur hver þú ert, “sögðu þeir. „Ég
hef margsinnis sagt ykkur það, “svaraði hann.
26 „Ég gæti dæmt ykkur fyrir margt og frætt
ykkur um margt, en ég vil það ekki, því ég
segi aðeins það sem sá er sendi mig biður mig
að segja og hann er sannleikurinn.“ 27 Þeir
skildu ekki enn að hann var að tala við þá
um Guð. 28 Jesús sagði því: „Þegar þið hafið
krossfest mig, þá munuð þið skilja að ég er
Kristur og að það sem ég hef talað, er ekki
frá eigin brjósti heldur frá föðurnum. 29 Sá
sem sendi mig er með mér – hann hefur ekki
yfirgefið mig því ég geri aðeins það sem honum
er þóknanlegt.“ 30 Eftir þessi orð Jesú, trúðu
margir leiðtoganna að hann væri Kristur. Jesús
sagði við þá: „Ef þið farið eftir orðum mínum,
þá eruð þið sannir lærisveinar mínir, 32 og þið
munuð þekkja sannleikann og sannleikurinn
mun gera ykkur frjálsa.“ 33 „En við erum
afkomendur Abrahams, “sögðu þeir, „og við
höfum aldrei verið þrælar nokkurs manns.
Hvað áttu við með orðinu „frjáls“?“ 34 „Þið
eruð allir þrælar syndarinnar, “svaraði Jesús.
35 „Þrælar hafa engin réttindi, en sonurinn
hefur öll réttindi. (aiōn g165) 36 Ef sonurinn gerir
ykkur frjálsa verðið þið sannarlega frjálsir. 37
Ég veit vel að þið eruð afkomendur Abrahams
en samt reyna sumir ykkar að lífláta mig, af því
að orð mín fá ekki rúm hjá ykkur. 38 Ég hef áður
sagt ykkur hvað ég sá þegar ég var hjá föður
mínum, en þið viljið aðeins fara að ráðum föður
ykkar.“ 39 „Abraham er faðir okkar, “svöruðu
þeir. „Nei!“sagði Jesús, „ef svo væri, færuð þið
að ráðum hans. 40 En nú viljið þið hins vegar
lífláta mig, einungis vegna þess að ég sagði
ykkur sannleikann, sem ég heyrði hjá Guði –
slíkt mundi Abraham aldrei gera! 41 Þegar þið
gerið slíka hluti, þá eruð þið að hlýðnast ykkar
raunverulega föður.“„Við erum ekki óskilgetnir,
“svöruðu þeir. „Guð er okkar eini og sanni
faðir.“ 42 „Ef svo væri, “sagði Jesús, „þá munduð
þið elska mig, því að hingað kom ég frá Guði.
Það var hann sem sendi mig. Ég er ekki hér
á eigin vegum. 43 Hvers vegna skiljið þið mig
ekki? Jú, það er vegna þess að þið eruð hindraðir
af Satan. 44 Hann er faðir ykkar og þið njótið
þess að framkvæma illvirki hans. Hann var
morðingi frá öndverðu og hataði sannleikann –
það finnst ekki snefill af sannleika í honum.
Honum er fullkomlega eðlilegt að ljúga. Hann
er faðir lyginnar, 45 og það er einmitt ástæða
þess að þið trúið mér ekki þegar ég segi ykkur
sannleikann. 46 Getur nokkur ykkar sannað á
mig hina minnstu synd? (Nei, enginn!) Nú segi
ég ykkur sannleikann, en hvers vegna trúið þið

mér ekki? 47 Sá sem á Guð að föður, tekur með
gleði á móti orði hans. Ef svo er ekki með ykkur,
þá sýnir það að þið eruð ekki börn hans.“ 48 „Þú
ert Samverji, útlendingur og djöfull!“hvæstu
leiðtogarnir. „Það er langt síðan við sögðum að
í þér væri illur andi!“ 49 „Nei, “svaraði Jesús,
„það er enginn illur andi í mér, því ég heiðra
föður minn og þess vegna lítilsvirðið þið mig.
50 Ég hef engan áhuga á að upphefja sjálfan
mig, en Guð vill upphefja mig og hann mun
dæma þá sem hafna mér. 51 Ég segi ykkur satt:
Sá sem hlýðir orðum mínum, mun aldrei að
eilífu sjá dauðann.“ (aiōn g165) 52 „Nú vitum við
að þú hefur illan anda, “sögðu leiðtogarnir,
„því að Abraham dó og sama er að segja um
spámennina, en nú segir þú að sá sem hlýði
þér, muni aldrei deyja! (aiōn g165) 53 Ertu þá meiri
en Abraham forfaðir okkar? Því að hann dó.
Og ertu meiri en spámennirnir sem dóu? Hver
heldurðu eiginlega að þú sért?“ 54 Þá svaraði
Jesús: „Það væri ekki til neins fyrir mig að hrósa
mér, en það er faðir minn – sem þið haldið fram
að sé ykkar Guð – sem segir öll þessi yndislegu
orð um mig, 55 en hann þekkið þið ekki. Ég
þekki hann! Ef ég segði að ég þekkti hann ekki,
þá væri ég að ljúga eins og þið! Þegar ég segi
að ég þekki hann og hlýði honum í öllu, þá
er ég að segja sannleikann. 56 Abraham faðir
ykkar hlakkaði til að sjá minn dag. Hann vissi
að ég var að koma og það gladdi hann.“ 57
Þá sögðu leiðtogarnir: „Þú ert ekki einu sinni
orðinn fimmtugur, en samt segist þú hafa séð
Abraham!“ 58 „Ég segi ykkur satt, “svaraði
Jesús, „ég var til þegar Abraham fæddist!“ 59
Þegar leiðtogarnir heyrðu þetta, tóku þeir upp
steina til að grýta hann. En þeir misstu sjónar af
honum, því hann gekk burt frá þeim og yfirgaf
musterið.

9 Eitt sinn er Jesús var á gangi, sá hann
mann sem hafði verið blindur frá fæðingu.
2 „Meistari, “sögðu lærisveinar hans, „hvers
vegna fæddist þessi maður blindur? Var það
vegna þess að hann syndgaði eða foreldrar
hans?“ 3 „Hvorugt, “svaraði Jesús. „Það er til
að sýna mátt Guðs. 4 Okkur ber að vinna verk
þess sem sendi mig, meðan dagur er. Senn
kemur nótt og þá leggst öll vinna niður. 5
En meðan ég er enn í heiminum, er ég ljós
heimsins.“ 6 Síðan hrækti hann á jörðina, bjó til
leðju úr munnvatninu, bar hana á augu blinda
mannsins 7 og sagði: „Farðu og þvoðu þér í
Sílóamlaug.“(Orðið „Sílóam“merkir „sendur.“)
Maðurinn fór og þvoði sér og kom aftur sjáandi!
8 Nágrannar hans og aðrir, sem vissu að hann
hafði verið blindur betlari, spurðu nú hver
annan: „Er þetta sami maðurinn – betlarinn?“
9 Svörin voru á ýmsa vegu og margir hugsuðu:
„Þetta getur ekki verið hann, en hann lítur þó
eins út!“En betlarinn sagði: „Ég er maðurinn.“
10 Þá spurðu þeir hann hvernig hann hefði
fengið sjónina. „Hvað gerðist?“ 11 „Maður, sem
þeir kalla Jesú, “svaraði hann, „bjó til leðju, bar
hana á augu mín og sagði mér síðan að fara
og þvo hana burt í Sílóamlauginni. Ég gerði
eins og hann sagði, og fékk sjónina!“ 12 „Hvar
er Jesús núna?“spurðu þeir. „Ég veit það ekki,
“svaraði hann. 13 Þá fóru þeir með manninn til
farísseanna. 14 Nú vildi svo til að kraftaverkið
hafði gerst á hvíldardegi. 15 Farísearnir kröfðu
manninn því sagna um atburðinn. Hann sagði
þeim hvernig Jesús hefði borið leðjuna á augun
og hvernig sjónin hefði komið þegar hann þvoði
sér. 16 „Þessi Jesús er ekki frá Guði, fyrst hann
vinnur á hvíldardögum, “sögðu sumir þeirra.
Aðrir sögðu: „En hvernig getur þá venjulegur
syndari gert slík kraftaverk?“Þetta varð þeim
efni í mikla þrætu. 17 Farísearnir sneru sér
nú að manninum sem hafði verið blindur og
spurðu ákveðnir: „Hvað vilt þú sjálfur segja
um þennan mann sem gaf þér sjónina?“„Ég
held hann hljóti að vera spámaður, sendur af
Guði, “svaraði maðurinn. 18 Leiðtogar Gyðinga
vildu ekki trúa því að maðurinn hefði verið
blindur og sendu því eftir foreldrum hans, 19 og
spurðu: „Er þetta sonur ykkar? Fæddist hann
blindur? Og ef svo er, hvernig hefur hann þá
fengið sjónina?“ 20 „Við vitum að hann er sonur
okkar og að hann fæddist blindur, “svöruðu
foreldrar hans, 21 „en við vitum ekki hver gaf
honum sjónina, spyrjið hann sjálfan, hann ætti
að vera nógu gamall til að svara fyrir sig.“ 22
Þetta sögðu þau af ótta við leiðtogana, en þeir
höfðu sagt að hver sá sem segði að Jesús væri
Kristur, fengi ekki að sækja guðsþjónustur. 24
Þeir kölluðu því aftur á manninn, sem verið
hafði blindur og sögðu: „Gefðu Guði dýrðina, en
ekki Jesú, því að við vitum að Jesús er vondur
maður.“ 25 „Ekki er það mitt að segja hvort
hann sé vondur eða góður, “svaraði maðurinn,
„en það veit ég, að ég, sem var blindur, er
nú sjáandi!“ 26 „En hvað gerði hann?“spurðu

þeir, „hvernig læknaði hann þig?“ 27 „Nei,
heyrið mig nú!“hrópaði maðurinn. „Ég hef
þegar sagt ykkur það einu sinni. Tókuð þið ekki
eftir, eða hvað? Hvers vegna viljið þið fá að
heyra það aftur? Ætlið þið kannski líka að verða
lærisveinar hans?“ 28 Þá formæltu þeir honum
og sögðu: „Þú ert lærisveinn hans, en við erum
lærisveinar Móse. 29 Við vitum að Guð talaði við
Móse, en um þennan mann vitum við ekkert.“
30 „Nú, það er einkennilegt, “svaraði maðurinn.
„Hann læknar hina blindu, en samt vitið þið
ekkert um hann. 31 Það er nú einu sinni svo að
Guð hlustar ekki á vonda menn, heldur á þá
sem tilbiðja hann og gera vilja hans. 32 Frá því
heimurinn varð til hefur enginn maður getað
opnað augu blindra, (aiōn g165) 33 og ef þessi
maður er ekki frá Guði, þá gæti hann ekki gert
þetta.“ 34 „Þú sem ert fáfróður og fæddur í
synd, “hrópuðu þeir, „ætlar þú nú að fara að
kenna okkur?!“Og þeir fleygðu honum á dyr. 35
Þegar Jesús frétti hvað gerst hafði, leitaði hann
manninn uppi og sagði: „Trúir þú á Krist?“ 36
„Já, mig langar til þess, “svaraði maðurinn, „en
hver er hann, herra?“ 37 „Þú hefur þegar séð
hann, “svaraði Jesús, „hann er sá sem við þig
talar.“ 38 „Já, Drottinn, “sagði maðurinn, „ég
trúi.“Og hann veitti Jesú lotningu og kraup við
fætur hans. 39 Jesús sagði þá við hann: „Ég
kom í heiminn til að opna augu blindra og loka
augum þeirra sem halda sig sjá.“ 40 Farísearnir,
sem stóðu þar rétt hjá, spurði þá: „Áttu við að
við séum blindir?“ 41 „Ef þið væruð blindir,
þá væruð þið ekki sekir, “svaraði Jesús, „en nú
segist þið vera sjáandi, en farið þó ekki eftir
orðum mínum – sekt ykkar varir við.“

10 „Sá sem ekki vill ganga inn um dyrnar til
að komast inn í sauðabyrgið, heldur klifrar
yfir vegginn, hlýtur að vera þjófur. 2 Hirðirinn
kemur alltaf inn um dyrnar. 3 Dyravörðurinn
opnar fyrir honum og sauðirnir heyra rödd hans
og koma til hans. Síðan kallar hann á sauðina
með nafni og fer út með þá. 4 Hann gengur á
undan þeim og þeir fylgja honum, því að þeir
þekkja rödd hans. 5 Ókunnugum fylgja þeir
ekki, heldur forðast þá, því að þeir þekkja ekki
rödd þeirra.“ 6 Þeir sem heyrðu Jesú segja þessa
dæmisögu skildu hana ekki, 7 og því útskýrði
hann hana fyrir þeim: „Ég er dyr sauðanna,
“sagði hann. 8 „Allir sem komu á undan mér
voru þjófar og ræningjar og sauðirnir hlýddu
þeim ekki. 9 Ég er dyrnar. Þeir sem koma inn
um mig munu frelsast, ganga inn og út og
fá gott fóður. 10 Þjófurinn ætlar sér að stela;
drepa og eyðileggja, en ég kom til að veita líf og
nægtir. 11 Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn
leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina. 12 Þegar
leiguliðinn sér úlfinn koma, þá flýr hann og
yfirgefur sauðina, því að hann á þá ekki. Og
úlfurinn ræðst á hjörðina og hún tvístrast. 13
Þá flýr leiguliðinn, því að hann hugsar aðeins
um launin, en honum er ekki annt um hjörðina.
14 Ég er góði hirðirinn og þekki mína og þeir
þekkja mig, 15 rétt eins og faðirinn þekkir mig
og ég föðurinn. Ég fórna lífi mínu fyrir sauðina.
16 Ég á líka aðra sauði í annarri rétt. Ég verð
einnig að leiða þá og þeir munu hlýða rödd
minni, það verður ein hjörð og einn hirðir. 17
Faðirinn elskar mig vegna þess að ég legg líf
mitt í sölurnar til þess síðan að fá það aftur. 18
Enginn getur tekið líf mitt án míns samþykkis
– ég legg það sjálfviljuglega í sölurnar. Ég hef
vald til að gefa það þegar ég vil og ég hef
einnig vald til að taka það aftur. Þennan rétt
hefur faðir minn gefið mér.“ 19 Við þessi orð
Jesú urðu leiðtogar Gyðinganna enn einu sinni
ósammála í skoðunum sínum um hann. 20
Sumir þeirra sögðu: „Annað hvort hefur hann
illan anda eða er brjálaður. Hvað þýðir að hlusta
á slíkan mann?“ 21 Aðrir sögðu: „Okkur virðist
hann ekki hafa illan anda. Getur illur andi
opnað augu blindra?“– 22 Nú var vetur og Jesús
var í Jerúsalem á vígsluhátíðinni. Hann var á
gangi í súlnagöngum Salómons í musterinu. 24
Þá umkringdu leiðtogar þjóðarinnar hann og
spurðu: „Hversu lengi ætlar þú að halda okkur í
óvissu? Ef þú ert Kristur, segðu okkur það þá
hreinskilnislega.“ 25 „Ég hef þegar sagt ykkur
það, “svaraði Jesús, „en þið trúið mér ekki.
Kraftaverkin, sem ég geri í nafni föður míns,
bera mér vitni. 26 Þið trúið mér ekki af því að
þið tilheyrið ekki minni hjörð. 27 Mínir sauðir
þekkja mína rödd og ég þekki þá og þeir fylgja
mér. 28 Ég gef þeim eilíft líf og þeir munu aldrei
að eilífu glatast. Enginn skal slíta þá úr hendi
minni, (aiōn g165, aiōnios g166) 29 því faðir minn,
sem hefur gefið mér þá, er máttugri en nokkur
annar. Enginn skal ræna þeim frá mér. 30 Ég
og faðirinn erum eitt.“ 31 Þegar leiðtogarnir
heyrðu þetta tóku þeir enn einu sinni upp
steina til að grýta hann. 32 Þá sagði Jesús: „Mörg
góðverk sýndi ég ykkur frá Guði, fyrir hvert

þeirra grýtið þið mig nú?“ 33 „Við grýtum þig
ekki fyrir góðverk, heldur guðlast, “svöruðu
þeir. „Þú, sem ert bara venjulegur maður, segist
vera Guð!“ 34 „Stendur ekki í lögmálinu að
menn séu guðir?“svaraði Jesús. „Fyrst Biblían,
sem ekki getur farið með ósannindi, segir að
þeir sem fengu boðskap frá Guði séu guðir í
augum manna, hvernig getið þið þá kallað það
guðlast þegar sá sem faðirinn helgaði og sendi í
heiminn, segir: „Ég er sonur Guðs?“ 37 Þið trúið
mér ekki nema ég geri guðdómleg kraftaverk,
38 en reynið þá að trúa þeim, þótt þið trúið
mér ekki, og sannfærist um að faðirinn sé í
mér og ég í föðurnum.“ 39 Þegar þeir heyrðu
þetta reyndu þeir aftur að handtaka hann en
misstu af honum. 40 Jesús fór austur yfir Jórdan,
til staðarins þar sem Jóhannes skírði fyrst.
Þar dvaldist hann og margir komu til hans.
„Jóhannes gerði að vísu engin kraftaverk, “sagði
fólkið sín á milli, „en allir spádómar hans um
þennan mann hafa ræst.“ 42 Þarna gerðust
margir trúaðir á að Jesús væri Kristur.

11 Maður nokkur hét Lasarus og bjó í Betaníu
ásamt systrum sínum, Maríu og Mörtu. 2
María var sú sem eitt sinn hellti dýrri ilmolíu
yfir fætur Jesú og þurrkaði þá með hári sínu. 3
Systurnar Marta og María sendu nú svohljóðandi
boð til Jesú: „Herra, sá sem þú elskar, Lasarus, er
hættulega veikur.“ 4 Þegar Jesús fékk skilaboðin,
sagði hann: „Þessi veikindi munu ekki enda
með dauða, heldur er þeim ætlað að verða Guði
til dýrðar og vegsama mig, son Guðs.“ 5 Jesú
þótti mjög vænt um Mörtu, Maríu og Lasarus,
6 en dvaldist þó enn í tvo daga þar sem hann
var og sýndi ekki á sér fararsnið. 7 Loks, að
þeim tíma liðnum, sagði hann við lærisveina
sína: „Við skulum fara til Júdeu.“ 8 „Já, en
meistari!“sögðu lærisveinarnir, „það eru aðeins
nokkrir dagar síðan leiðtogarnir í Júdeu reyndu
að drepa þig. Ætlarðu að fara þangað aftur?“ 9
„Það er bjart tólf stundir á dag, “svaraði Jesús,
„og þá getur maður gengið um öruggur án þess
að hrasa, 10 en á nóttunni er manni hætt við
að hrasa vegna myrkursins.“ 11 Síðan bætti
hann við og sagði: „Lasarus, vinur okkar, er
sofnaður, en nú ætla ég að fara og vekja hann!“
12 Lærisveinarnir héldu þá að Lasarus hefði
fengið góðan nætursvefn og sögðu: „Það er gott
að heyra, þá hlýtur honum að vera farið að
batna!“Jesús átti hins vegar við að Lasarus væri
dáinn. 14 Jesús sagði því við þá berum orðum:
„Lasarus er dáinn, 15 en það gleður mig ykkar
vegna, því að þetta mun styrkja ykkur í trúnni.
Komið, við skulum fara til hans.“ 16 Tómas,
sem kallaður var „tvíburinn“, sagði þá við hina
lærisveinana: „Við skulum fara líka og deyja
með honum.“ 17 Þegar þeir komu til Betaníu
var þeim sagt að Lasarus væri þegar búinn að
liggja fjóra daga í gröfinni. 18 Betanía var aðeins
um þrjá kílómetra frá Jerúsalem. 19 Margir
leiðtogar Gyðinga voru komnir til að láta samúð
sína í ljós og hugga Mörtu og Maríu. 20 Þegar
Mörtu var sagt að Jesús væri að koma fór hún út
til móts við hann, en María var kyrr heima. 21
Marta sagði við Jesú: „Herra, ef þú hefðir komið
fyrr væri bróðir minn ekki dáinn. 22 Ég veit að
Guð veitir þér allt sem þú biður hann um.“ 23
Þá sagði Jesús: „Bróðir þinn mun rísa upp.“ 24
„Já, það mun hann gera eins og allir aðrir á degi
upprisunnar, “sagði Marta. 25 „Ég er sá sem
reisi hina dauðu og gef þeim líf, “sagði Jesús.
„Hver sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi.
26 Og sá sem eignast lífið í trúnni á mig, mun
aldrei að eilífu deyja. Marta, trúir þú þessu?“
(aiōn g165) 27 „Já, herra, “svaraði hún, „ég trúi
að þú sért Kristur, sonur Guðs, sem koma átti í
heiminn.“ 28 Þegar hún hafði sagt þetta, fór
hún og kallaði á systur sína og sagði við hana
einslega: „Meistarinn er hér og vill finna þig.“
29 Þegar María heyrði þetta fór hún þegar í stað
út til hans. 30 Jesús hafði staldrað við utan við
bæinn, þar sem hann hitti Mörtu fyrst. 31 Þegar
mennirnir, sem voru í húsinu að reyna að hugga
Maríu, sáu hana fara út í flýti, álitu þeir að hún
væri að fara út að gröf Lasarusar til að gráta
þar, svo að þeir fóru á eftir henni. 32 Þegar
María kom þangað sem Jesús var, kraup hún við
fætur hans og sagði: „Herra, ef þú hefðir verið
hér væri bróðir minn enn á lífi.“ 33 Þegar Jesús
sá hana gráta ásamt mönnunum, varð hann
gramur, byrsti sig og spurði: 34 „Hvar er hann
grafinn?“„Komdu, við skulum sýna þér það,
“svöruðu þeir. 35 Þá táraðist Jesús. 36 „Þeir voru
mjög nánir vinir, “sögðu Gyðingarnir. „Sjáið
bara hve honum hefur þótt vænt um hann.“
37 Aðrir sögðu: „Þessi maður læknaði blindan
mann – af hverju kom hann þá ekki í veg fyrir
að Lasarus dæi?“Þegar Jesús heyrði þetta varð
hann aftur gramur. Þau gengu að gröfinni, en
hún var hellir og hafði stórum steini verið velt
fyrir dyrnar. 39 „Veltið steininum frá, “sagði

Jesús. „Já, en það er komin nálykt af honum,
“sagði Marta, systir hins látna. „Hann hefur
legið hér í fjóra daga!“ 40 „Sagði ég þér ekki: „Ef
þú trúir, muntu sjá dýrð Guðs?““spurði Jesús.
41 Síðan var steininum velt frá. Jesús leit upp
til himins og sagði: „Faðir, ég þakka þér að þú
hefur heyrt bæn mína. 42 Auðvitað veit ég að
þú bænheyrir mig í hverju sem er, en ég sagði
þetta til þess að fólkið, sem hér stendur, trúi
að þú hafir sent mig.“ 43 Síðan kallaði hann:
„Lasarus, komdu út!“ 44 Og Lasarus kom! Hann
var vafinn líkblæjum og höfuð hans hulið með
klút. „Takið af honum líkblæjurnar og látið hann
fara.“sagði Jesús. 45 Margir Gyðinganna, sem
þarna voru með Maríu, tóku nú loks trú á Jesú,
46 en aðrir fóru til faríseanna til að skýra þeim
frá þessu. 47 Æðstu prestarnir og farísearnir
skutu þá á ráðstefnu til að ræða málin. „Hvað
eigum við að gera?“spurðu þeir. „Þessi maður
gerir sannarlega kraftaverk. 48 Ef við látum
hann eiga sig, mun öll þjóðin elta hann. Og þá
mun rómverski herinn koma, drepa okkur og
kollvarpa heimastjórn okkar Gyðinganna.“ 49
Þá sagði Kaífas, en hann var æðsti prestur þetta
árið: „Eruð þið alveg skilningslausir? 50 Það er
betra að einn maður deyi fyrir fólkið, en að öll
þjóðin farist.“ 51 Spádómsorð þessi, að Jesús
ætti að deyja fyrir allt fólkið, flutti Kaífas meðan
hann var í stöðu æðsta prestsins. Þessi orð komu
ekki frá honum sjálfum, heldur voru þau blásin
honum í brjóst. 52 Þetta var spádómur um að
Jesús mundi ekki einungis deyja fyrir þjóðina,
heldur og fyrir öll börn Guðs sem dreifð eru um
jörðina. 53 Frá þessari stundu, unnu leiðtogar
Gyðinga markvisst að því að lífláta Jesú. 54
Eftir þetta starfaði Jesús því ekki opinberlega
meðal fólksins, heldur fór frá Jerúsalem til
bæjarins Efraím við eyðimörkina og þar dvaldist
hann með lærisveinum sínum. 55 Páskarnir,
mesta hátíð Gyðinga, voru á næsta leiti. Margt
sveitafólk kom til Jerúsalem nokkrum dögum
fyrir hátíðina til að hreinsa sig, samkvæmt
siðum þeirra, áður en sjálf hátíðin hæfist. 56
Fólk þetta langaði að sjá Jesú og mikið var
skrafað í musterinu. „Skyldi hann koma á
páskahátíðina?“spurðu menn hver annan. 57
Farísearnir og æðstu prestarnir höfðu tilkynnt
opinberlega að hver sem sæi Jesú, yrði strax að
láta þá vita, svo að þeir gætu handtekið hann.

12 Sex dögum fyrir páska kom Jesús til
Betaníu, þar sem Lasarus bjó, sá sem hann
hafði reist upp frá dauðum, 2 og nú var haldin
veisla Jesú til heiðurs. Marta þjónaði til borðs
og Lasarus sat við sama borð og Jesús. 3 Þá
var það að María tók fram krukku með dýrum
ilmsmyrslum úr nardussafa og smurði fætur
Jesú, og þurrkaði þá síðan með hári sínu. Við
þetta fylltist húsið af sætum ilmi. 4 Júdas
Ískaríot, einn lærisveina hans – sá sem síðar
sveik hann – sagði þá: 5 „Þetta ilmsmyrsl er
gífurlega dýrt. Það hefði átt að selja það og gefa
fátækum andvirðið.“ 6 Þetta sagði hann ekki
vegna þess að honum væri annt um fátæka,
heldur sá hann um fjárreiður lærisveinanna
og dró stundum undan til eigin þarfa. 7 Jesús
svaraði: „Láttu hana í friði. Hún var að undirbúa
útför mína. 8 Þú getur hjálpað fátækum, en
samvistir okkar eru brátt á enda.“ 9 Þegar
almenningur í Jerúsalem frétti að Jesús væri að
koma, flykktist fólk til að sjá hann og Lasarus
– þann sem hann reisti upp frá dauðum. 10
Af þessari ástæðu ákváðu æðstu prestarnir að
taka Lasarus líka af lífi, 11 því að hans vegna
höfðu margir framámenn yfirgefið þá og voru
farnir að trúa því að Jesús væri Kristur. 12
Daginn eftir flaug sú frétt um alla borgina
að Jesús væri á leiðinni til Jerúsalem. Tóku
þá margir hátíðargestanna pálmagreinar sér
í hönd, gengu niður veginn á móti honum og
hrópuðu: „Frelsarinn! Frelsarinn! Guð blessi
konung Ísraels! Dýrð sé Guði!“ 14 Jesús hafði
ungan asna að reiðskjóta og rættist þar með
spádómur er þannig hljóðar: 15 „Óttist ekki,
Ísraelsmenn, því að konungur ykkar kemur
til ykkar, hógvær og ríðandi á ösnufola!“ 16
(Lærisveinar hans skildu ekki að nú var þessi
spádómur að rætast. En þegar Jesús var farinn
til dýrðar sinnar á himnum, áttuðu þeir sig á hve
margir spádómar höfðu ræst fyrir augum þeirra,
án þess að þeir veittu því athygli.) 17 Fólkið,
sem sá Jesú reisa Lasarus upp frá dauðum, sagði
frá þeim atburði, 18 og það varð til þess að
margir fóru út til móts við Jesú – fólkið hafði
heyrt um þetta stórkostlega kraftaverk. 19 Þá
sögðu farísearnir hver við annan: „Við höfum
tapað! Sjáið þið: Allur heimurinn eltir hann!“ 20
Grikkir nokkrir, sem komnir voru til Jerúsalem
á páskahátíðina, 21 heimsóttu Filippus, en hann
var frá Betsaída. „Herra, “sögðu þeir við hann,
„okkur langar að hitta Jesú.“ 22 Filippus sagði

Andrési frá þessu og fóru þeir báðir til Jesú til
að láta hann vita. 23 Jesús svaraði þeim og sagði,
að nú væri komið að því að hann sneri aftur
til dýrðar sinnar á himnum og bætti síðan við:
„Ég verð að falla og deyja líkt og hveitikornið,
sem fellur í moldina og deyr. Ef ég dey ekki,
þá verð ég einsamall, eins og yfirgefið fræ, en
dauði minn mun hins vegar leiða af sér mörg
ný „hveitikorn“– ríkulega uppskeru, því margir
munu eignast nýtt líf. 25 Ef þið elskið líf ykkar
hér á jörðinni, þá tapið þið því, en ef þið fórnið
því, þá eignist þið eilífa dýrð í staðinn. (aiōnios
g166) 26 Ef þessir Grikkir vilja verða lærisveinar
mínir, segið þeim þá að koma og fylgja mér, því
að þjónar mínir verða að vera þar sem ég er. Ef
þeir fylgja mér, mun faðirinn heiðra þá. 27 Nú
er sál mín sárhrygg. Ætti ég þá að biðja svo:
„Faðir, hlífðu mér við því sem bíður mín?“Nei,
það er einmitt ástæðan til þess að ég kom. 28
Faðir, gerðu nafn þitt dýrlegt.“Þá kom rödd
af himni, sem sagði: „Ég hef þegar gert það
dýrlegt og mun aftur gera það dýrlegt.“ 29
Mannfjöldinn heyrði röddina og héldu sumir
að það hefði verið þruma, en aðrir sögðu að
engill hefði talað við hann. 30 Þá sagði Jesús
við fólkið: „Röddin kom ykkar vegna, en ekki
mín vegna. 31 Nú er stund dómsins runnin
upp yfir þennan heim. Og þá verður Satan,
höfðingja þessa heims, varpað á dyr. 32 Ég verð
hafinn upp (á krossinum) og mun draga alla til
mín.“ 33 Með þessum orðum gaf hann til kynna
hvernig hann myndi deyja. 34 „Býstu við dauða
þínum?“spurði fólkið. „Okkur skilst að Kristur
eigi að lifa að eilífu og að hann muni aldrei
deyja. Af hverju segirðu að hann muni deyja?
Um hvaða Krist ertu að tala?“ (aiōn g165) 35 Jesús
svaraði: „Enn um sinn mun ljós mitt skína á
meðal ykkar. Gangið því í ljósinu meðan hægt
er, áður en myrkrið skellur á, því eftir það getið
þið ekki lengur ratað rétta leið. 36 Trúið á ljósið
meðan tími er til og þá verðið þið ljósberar.“Að
svo mæltu yfirgaf Jesús þá og faldi sig fyrir
þeim. 37 Þrátt fyrir öll kraftaverkin sem hann
hafði gert, trúðu fæstir því, af mannfjöldanum,
að hann væri Kristur. 38 Þetta kom heim og
saman við það sem Jesaja spámaður hafði sagt:
„Drottinn, hver mun trúa okkur? Hver mun
líta á hin miklu kraftaverk sem vitnisburð um
þig?“ 39 Þeir gátu sem sagt ekki trúað, enda
hafði Jesaja einnig spáð eftirfarandi: 40 „Guð
hefur blindað augu þeirra og hert hjörtu þeirra,
svo að þeir hvorki sjá né skilja, til að þeir snúi
sér til mín og ég geti læknað þá.“ 41 Þessi orð
Jesaja voru spádómur um Jesú, því að hann
hafði séð dýrð Krists í sýn. 42 Samt trúðu
ýmsir af leiðtogum þjóðarinnar að Jesús væri
Kristur. En þeir vildu ekki láta það í ljós af
ótta við að farísearnir bönnuðu þeim að sækja
guðsþjónustur í samkomuhúsunum. 43 Hrós
manna var þeim meira virði en dýrð Guðs.
44 Nú hrópaði Jesús: „Sá sem trúir mér, trúir
sjálfum Guði sem sendi mig. 45 Þegar þið sjáið
mig, sjáið þið þann sem sendi mig. 46 Ég er ljós
sem kom til að skína í þessum dimma heimi,
svo að þeir sem mér treysta, þurfi ekki framar
að ganga í myrkrinu. 47 Ég dæmi ekki þá sem
óhlýðnast orðum mínum, því að ég kom til að
frelsa heiminn en ekki til að dæma hann. 48
Þeir sem hafna mér og mínum boðskap, verða
dæmdir á degi dómsins, eftir sannleikanum
sem ég hef flutt. 49 Það sem ég hef sagt eru
ekki mín orð, heldur hef ég flutt ykkur það sem
faðir minn bauð mér að segja. 50 Ég veit að orð
hans gefa eilíft líf og þess vegna hef ég sagt allt
það sem hann bauð mér að segja.“ (aiōnios g166)

13 Það var komið kvöld daginn fyrir
páskahátíðina. Jesús vissi, að stund hans
var komin að fara burt úr þessum heimi og
til föðurins á himnum. 2 Þegar þeir neyttu
kvöldmáltíðarinnar hafði Satan þegar skotið
því að Júdasi Símonarsyni Ískaríot, að nú
væri einmitt rétti tíminn til að framkvæma
þá fyrirætlun sína að svíkja Jesú. 3 Jesús
vissi að faðirinn hafði gefið honum allt vald
og að hann var kominn frá Guði og mundi
snúa aftur til Guðs. 4 Jesús stóð nú upp frá
kvöldmáltíðarborðinu, fór úr kyrtlinum og batt
stóran klút um mitti sér. 5 Síðan hellti hann
vatni í skál og tók að þvo fætur lærisveinanna
og þurrka þá með klútnum sem hann hafði
um mittið. 6 Þegar hann kom að Símoni Pétri,
sagði Pétur: „Meistari, ætlar þú að fara að þvo
mér um fæturna?“ 7 „Þú skilur þetta ekki núna
en seinna muntu skilja það, “svaraði Jesús. 8
„Nei, “mótmælti Pétur, „þú skalt aldrei fá að
þvo fætur mína!“„Ef ég geri það ekki, getur
þú ekki verið lærisveinn minn, “sagði Jesús.
(aiōn g165) 9 „Þá skaltu ekki aðeins þvo fæturna,
heldur einnig hendurnar og höfuðið!“hrópaði
Pétur. 10 „Sá sem hefur baðað sig, “svaraði
Jesús, „þarf aðeins á fótaþvotti að halda til að

teljast hreinn. Nú ertu hreinn – en þannig er
ekki með alla sem hér eru.“ 11 Þetta sagði Jesús,
því hann vissi vel hver mundi svíkja hann. 12
Eftir fótaþvottinn fór Jesús aftur í kyrtilinn,
settist niður og spurði: „Skiljið þið hvað ég
var að gera? 13 Þið segið við mig: „Meistari“og
„Herra“og það er rétt, því það er ég. 14 En fyrst
ég, sem er herra ykkar og lærifaðir, hef þvegið
fætur ykkar, þá ber ykkur einnig að þvo fætur
hvers annars. 15 Ég hef gefið ykkur fordæmi –
þið skuluð fara eins að. 16 Það er vissulega satt,
að þjónninn er ekki meiri en húsbóndi hans,
ekki er heldur sendiboðinn æðri þeim sem sendi
hann. 17 Þetta skiljið þið – en farið nú eftir því
og þá mun það verða ykkur til blessunar. 18 En
þetta á þó ekki við um ykkur alla. Ég valdi ykkur
og þekki ykkur mætavel hvern og einn. Biblían
segir: „Sá sem neytir kvöldverðar með mér,
mun svíkja mig.“Þessi orð munu rætast fyrr en
varir. 19 Ég segi ykkur þetta núna, svo að þið
trúið mér þegar það er komið fram. 20 Ég segi
ykkur sannleikann: Sá sem tekur á móti þeim
er ég sendi, tekur á móti mér, og sá sem veitir
mér viðtöku, veitir föður mínum viðtöku sem
sendi mig.“ 21 Skyndilega var sem mikil angist
gripi Jesú og hann hrópaði: „Já, satt er það,
einn ykkar mun svíkja mig!“ 22 Lærisveinarnir
litu hver á annan og hugsuðu: Hver skyldi það
vera? 23 Þar eð ég sat næstur Jesú við borðið
og var nánasti vinur hans, 24 gaf Símon Pétur
mér merki um að spyrja hann hver sá væri sem
vinna myndi slíkt ódæði. 25 Ég sneri mér því að
honum og spurði: „Drottinn, við hvern áttu?“
26 „Þann, sem ég gef þennan brauðbita, “svaraði
Jesús. Þegar hann hafði dýft brauðinu í sósuna
rétti hann það Júdasi Símonarsyni, Ískaríot.
27 Jafnskjótt og Júdas hafði borðað það, kom
Satan í hann. Jesús sagði þá við hann: „Flýttu
þér að gera það sem þú ætlar þér.“ 28 Enginn
hinna, sem sátu til borðs, skildi þessi orð Jesú.
29 Sumir héldu að hann væri að segja Júdasi að
fara og greiða fyrir matinn eða gefa fátækum
peninga, því að Júdas sá um sjóðinn. 30 Og Júdas
yfirgaf þá þegar í stað og gekk út í nóttina.
31 Þegar hann var farinn sagði Jesús: „Nú er
tíminn kominn. Innan skamms mun dýrð Guðs
umlykja mig. Allt það, sem fyrir mig mun koma,
mun vegsama Guð. 32 Nú er þess stutt að bíða
að Guð gefi mér dýrð sína. 33 Elsku börnin mín,
bráðum verð ég að fara og yfirgefa ykkur. Og
þótt þið leitið mín, munuð þið ekki finna mig –
eins og ég sagði við leiðtoga þjóðarinnar. 34 Nú
gef ég ykkur nýtt boðorð: „Elskið hver annan
jafn innilega og ég hef elskað ykkur.“ 35 Af því
skulu allir sjá, að þið eruð lærisveinar mínir, að
þið elskið hver annan.“ 36 Þá sagði Símon Pétur:
„Meistari, hvert ætlar þú að fara?“„Þú getur
ekki fylgt mér þangað núna, “svaraði Jesús, „en
seinna muntu gera það.“ 37 „Hvers vegna ekki
núna?“spurði Pétur, „ég er reiðubúinn að deyja
fyrir þig: “ 38 „Ertu það?“spurði Jesús, og sagði
svo: „Nei, það ertu ekki, því að áður en haninn
galar í fyrramálið muntu þrisvar neita því að
þú þekkir mig.“

14 „Látið ekki óttann ná tökum á ykkur.
Treystið Guði og treystið mér. 2 Heima hjá
föður mínum eru margar vistarverur og ég ætla
að búa þær undir komu ykkar. 3 Þegar allt er
reiðubúið, kem ég aftur og sæki ykkur, svo að
þið getið verið hjá mér alla tíð. Ef þessu væri
öðruvísi varið, hefði ég sagt ykkur það. 4 En nú
vitið þið hvert ég fer og hvernig á að komast
þangað.“ 5 „Nei, það vitum við ekki, “sagði
Tómas. „Við höfum ekki hugmynd um hvert þú
ætlar, og hvernig ættum við þá að rata þangað?“
6 Jesús svaraði: „Ég er vegurinn, sannleikurinn
og lífið. Enginn kemst til föðurins nema hann
trúi á mig. 7 Ef þið hafið þekkt mig, þá þekkið
þið einnig föður minn. Héðan í frá þekkið þið
hann og hafið þegar séð hann.“ 8 „Herra, “sagði
Filippus, „sýndu okkur föðurinn og það nægir
okkur.“ 9 „Filippus, “svaraði Jesús, „þekkir þú
mig ekki enn, eftir allan þennan tíma sem við
höfum verið saman? Sá sem hefur séð mig,
hefur séð föðurinn. Hvers vegna biður þú þá
um að fá að sjá hann? 10 Trúir þú ekki að ég sé í
föðurnum og faðirinn í mér? Það sem ég segi, er
ekki frá eigin brjósti, heldur frá föðurnum sem
í mér er og vinnur verk sitt í gegnum mig. 11
Trúið þessu: Ég er í föðurnum og faðirinn í mér.
Ef þið eigið erfitt með að trúa því, þá minnist
allra kraftaverkanna sem þið hafið séð mig gera.
12 Ég segi ykkur satt: Sá sem á mig trúir, mun
gera sömu kraftaverk og þau sem ég gerði, og
jafnvel enn meiri, því að ég fer til föðurins. 13
Hvað sem þið biðjið föðurinn um, mun ég gera
ef þið biðjið hann um það í mínu nafni. Allt
það sem ég, sonurinn, geri fyrir ykkur, verður
föður mínum til vegsemdar. 14 Biðjið um hvað
sem þið viljið og notið nafn mitt, og þá mun ég
svara bæn ykkar. 15 Ef þið elskið mig, hlýðið

þá orðum mínum. 16 Ég mun biðja föðurinn
og hann mun gefa ykkur annan hjálpara, sem
aldrei yfirgefur ykkur. (aiōn g165) 17 Þessi hjálpari
er heilagur andi. Andinn sem leiðir menn í
allan sannleikann. Heimurinn getur ekki tekið á
móti honum, því heimurinn leitar hans ekki og
þekkir hann ekki heldur. En þið þekkið hann,
því að hann lifir í ykkur og er með ykkur. 18 Ég
mun ekki sleppa af ykkur hendinni né skilja
ykkur eina eftir; ég kem til ykkar. 19 Innan
skamms yfirgef ég þennan heim en ég verð
samt með ykkur, því að ég lifi og þið munuð
lifa. 20 Þegar ég er risinn upp frá dauðum,
munuð þið skilja að ég er í föður mínum, þið í
mér, og ég í ykkur. 21 Sá sem hlýðir mér, elskar
mig og vegna þess að hann elskar mig, mun
faðir minn elska hann, og ég mun elska hann
og sjálfur birtast honum.“ 22 Júdas (ekki Júdas
Ískaríot, heldur nafni hans) sagði þá við hann:
„Herra, hvers vegna vilt þú einungis opinbera
þig fyrir okkur, lærisveinunum, en ekki fyrir
heiminum?“ 23 „Vegna þess að ég vil aðeins
opinbera mig þeim sem elska mig og hlýða mér,
“svaraði Jesús. Síðan bætti hann við: „Faðirinn
mun einnig elska þá og við munum koma til
þeirra og búa hjá þeim. 24 Sá sem óhlýðnast
mér, sýnir þar með að hann elskar mig ekki.
Takið eftir, að þetta svar við spurningu ykkar
er ekki mitt svar, heldur föðurins sem sendi
mig. 25 Þetta segi ég ykkur nú meðan ég er
hjá ykkur. 26 En þegar faðirinn sendir ykkur
hjálparann í minn stað – og þegar ég tala um
hjálparann, þá á ég við heilagan anda – þá mun
hann, andinn, fræða ykkur um margt og minna
ykkur á allt sem ég hef sagt ykkur. 27 Frið skil
ég eftir hjá ykkur, minn frið gef ég ykkur. Minn
friður er ekki hverfull eins og sá friður sem
heimurinn gefur, verið því hvorki kvíðafullir né
hræddir. 28 Minnist orða minna: Ég fer burt, en
ég kem aftur til ykkar. Ef þið elskið mig í raun
og veru, þá samgleðjist þið mér, því nú fæ ég
að fara til föðurins, hans sem mér er æðri. 29
Þetta segi ég ykkur fyrir fram, svo að þið trúið,
þegar það gerist. 30 Tíminn sem ég hef til að
ræða þetta við ykkur styttist óðum, því að hinn
illi höfðingi þessa heims er á næsta leiti. Hann
hefur ekki vald yfir mér, 31 en ég vil gera vilja
föðurins, svo að heimurinn fái að vita að ég
elska föðurinn. Standið upp, við skulum fara.“

15 „Ég er hinn sanni vínviður og faðir minn
er vínyrkinn. 2 Sérhverja grein sem ekki
ber ávöxt, sker hann af, en hinar sem bera
ávöxt, hreinsar hann, svo að þær beri enn meiri
ávöxt. 3 Þið eruð þegar hreinir, vegna þess að
þið hafið trúað orðum mínum. 4 Verið í mér, og
þá lifi ég í ykkur. Því að eins og greinin getur
ekki borið ávöxt, nema hún sé á vínviðinum,
þannig getið þið ekki borið ávöxt án mín. 5
Ég er vínviðurinn, þið eruð greinarnar. Sá sem
lifir í mér og ég í honum, hann ber mikinn
ávöxt, en án mín getið þið alls ekkert gert. 6
Þeim sem hefur yfirgefið mig, verður kastað
burt eins og ónýtum greinum. Þeim er síðan
safnað saman og brennt. 7 Ef þið eruð í mér og
hlýðið boðum mínum, þá biðjið um hvað sem
þið viljið og það mun veitast ykkur! 8 Þeir sem
eru sannir lærisveinar mínir, bera mikinn ávöxt
og verða föður mínum til dýrðar. 9 Eins og
faðirinn hefur elskað mig, hef ég elskað ykkur,
verið því stöðugir í elsku minni. 10 Ef þið hlýðið
mér, verðið þið stöðugir í elsku minni, eins
og ég hlýði föður mínum og lifi í elsku hans.
11 Þetta segi ég ykkur, svo að fögnuður minn
fylli ykkur – svo að gleði ykkar verði fullkomin.
12 Ég krefst þess af ykkur að þið elskið hver
annan jafn innilega og ég elska ykkur. 13 Og nú
skal ég segja ykkur hvernig við getum prófað
kærleikann: Sá elskar mest, sem fórnar lífi sínu
fyrir vini sína. 14 Þið eruð vinir mínir, ef þið
gerið eins og ég segi. 15 Ég kalla ykkur ekki
framar þjóna, því að húsbóndinn getur ekki
treyst þjónum sínum. Þið eruð vinir mínir og
því til staðfestingar hef ég sagt ykkur allt sem
faðirinn sagði mér. 16 Ekki hafið þið valið mig,
heldur hef ég valið ykkur. Ég valdi ykkur til að
fara og bera eilífan ávöxt kærleikans, svo að
faðirinn veiti ykkur hvað sem þið biðjið hann
um í mínu nafni. 17 Þetta býð ég ykkur: Elskið
hver annan. 18 Heimurinn mun hata ykkur,
en vitið, að hann hataði mig áður en hann
hataði ykkur. 19 Ef þið tilheyrðuð heiminum,
mundi heimurinn elska ykkur, en vegna þess
að ég hef valið ykkur úr heiminum, þá hatar
hann ykkur. 20 Munið hvað ég sagði ykkur:
Ekki er þjónninn æðri húsbónda sínum – og
fyrst þeir hafa ofsótt mig, munu þeir vissulega
ofsækja ykkur líka. Hafi þeir hins vegar hlustað
á mig, þá munu þeir einnig hlusta á ykkur. 21
Heimurinn þekkir ekki Guð, sem sendi mig,
og þar sem þið tilheyrið mér, þá munu þeir

ofsækja ykkur. 22 Mennirnir væru án saka, ef ég
hefði ekki komið og sagt þeim sannleikann, en
nú þekkja þeir hann og hafa því enga afsökun
fyrir syndum sínum. 23 Sá sem hatar mig, hatar
þar með föður minn. 24 Ef ég hefði ekki gert
þessi kraftaverk, hefði heimurinn afsökun, en
nú hefur hann séð þau og þó hatar hann bæði
mig og föður minn. 25 Þetta er uppfylling orða
spámannsins um Krist: „Þeir hötuðu mig án
saka.“ 26 En ég mun senda ykkur hjálparann,
heilagan anda, uppsprettu sannleikans. Hann
mun koma til ykkar frá föðurnum og fræða
ykkur um mig. 27 En þið verðið einnig að bera
mér vitni, því að þið hafið verið með mér frá
byrjun.“

16 „Þetta segi ég ykkur, svo að þið hrasið ekki
þegar andstaðan mætir ykkur. 2 Ykkur
mun verða bannað að sækja samkomuhúsin
og þess er ekki langt að bíða að þeir lífláti
ykkur í þeirri trú að þeir séu að gera Guði
greiða. 3 Ástæðan er sú, að þeir hafa hvorki
þekkt föðurinn né mig. 4 Ég segi ykkur þetta
núna, svo að þið munið eftir aðvörun minni
þegar það kemur fram. Ég hef ekki sagt ykkur
þetta fyrr, því að nú fyrst er það tímabært, þar
að ég er á förum. 5 Nú er komið að því að ég
fari til hans sem sendi mig; en enginn ykkar
virðist hafa áhuga á að spyrja hvers vegna ég
fari. 6 Þess í stað eruð þið sorgmæddir. 7 Ég
segi ykkur satt, það er ykkur til góðs að ég
fari, því að fari ég ekki, þá mun hjálparinn
ekki koma. En ef ég fer, þá kemur hann, því
að ég mun senda hann til ykkar. 8 Þegar hann
kemur, mun hann sannfæra heiminn um synd
hans, um að Guð réttlæti syndara og um að
dómurinn sé staðreynd. 9 Hann mun sannfæra
heiminn um að syndin felist í því, að þeir trúi
ekki á mig. 10 Það að ég fer til föðurins, mun
sannfæra menn um að réttlæti Guðs standi
þeim til boða. 11 Hann mun einnig sannfæra
menn um að hægt sé að umflýja dóminn, því að
höfðingi þessa heims, Satan, hefur þegar verið
dæmdur. 12 Það er svo margt sem ég vildi segja
ykkur, en þið skiljið það ekki enn. 13 En þegar
heilagur andi, sannleiksandinn, kemur, mun
hann leiða ykkur í allan sannleikann. Hann
mun ekki tala af sjálfum sér, heldur skýra ykkur
frá því sem hann hefur heyrt. Hann mun fræða
ykkur um framtíðina. 14 Hann mun heiðra mig
og vegsama, með því að sýna ykkur dýrð mína.
15 Öll dýrð föðurins tilheyrir mér og þess vegna
sagði ég að hann heiðri mig og vegsami. 16 Eftir
skamma stund verð ég farinn og þið munuð
ekki sjá mig, en áður en langt um líður munuð
þið sjá mig á ný.“ 17 „Hvað á hann við?“spurðu
lærisveinarnir hver annan. „Hvað táknar það að
„fara til föðurins“? Þetta skiljum við ekki.“ 19
Jesús varð þess var að þeir vildu spyrja hann og
sagði því: „Þið spyrjið hver annan við hvað ég
eigi. 20 Heimurinn mun fagna örlögum mínum,
en þið munuð gráta. En hryggð ykkar mun
snúast í fögnuð, þegar þið sjáið mig á ný. 21
Það verður líkt og hjá konu sem fæðir barn –
angist hennar og kvíði hverfur fyrir fögnuði,
þegar hún hefur eignast barnið. 22 Nú eruð
þið harmi slegnir, en ég mun hitta ykkur á
ný og þá munuð þið fagna. Þeirri gleði mun
enginn geta rænt ykkur! 23 Þá munuð þið ekki
þurfa að biðja mig neins, heldur getið þið snúið
ykkur beint til föðurins og beðið hann. Og hann
mun gefa ykkur það sem þið biðjið um, vegna
þess að þið biðjið í mínu nafni. 24 Þið hafið
aldrei reynt þetta áður en nú er komið að því.
Biðjið í mínu nafni því að þá munuð þið verða
bænheyrðir og fyllast ólýsanlegri gleði! 25 Þetta
hef ég sagt ykkur í líkingum, en nú nálgast sá
tími, er þess gerist ekki lengur þörf. Þá mun
ég tala opinskátt við ykkur um föðurinn, 26 og
þið munuð biðja í mínu nafni. Það er óþarfi
fyrir mig að biðja föðurinn um að svara bænum
ykkar, 27 því sjálfur elskar hann ykkur, af því að
þið elskið mig og trúið að hann hafi sent mig.
28 Þegar ég kom í þennan heim, þá kom ég frá
föðurnum. Ég yfirgef heiminn á ný og fer aftur
til föðurins.“ 29 „Nú talar þú berum orðum en
ekki í líkingum, “sögðu lærisveinar hans. 30
„Nú vitum við að þú veist allt og þarft ekki að
láta neinn segja þér neitt. Þess vegna trúum við
líka að þú sért kominn frá Guði.“ 31 „Trúið þið
því loksins?“spurði Jesús. 32 „Stundin nálgast,
hún er reyndar þegar komin, er þið tvístrist og
snúið hver til síns heima en skiljið mig einan
eftir. Þrátt fyrir það verð ég ekki einn, því að
faðirinn verður hjá mér. 33 Þetta hef ég sagt
ykkur til þess að þið haldið hugarró. Ykkar bíða
þrengingar og sorgir í þessum heimi, en verið
hughraustir, ég hef sigrað heiminn!“

17 Að svo mæltu leit Jesús til himins og sagði:
„Faðir, stundin er komin. Gerðu nú son
þinn dýrlegan, svo að hann geti vegsamað þig.

2 Þú hefur gefið honum vald yfir sérhverjum
manni á þessari jörð. Öllum þeim, sem þú hefur
gefið mér, hef ég gefið eilíft líf. (aiōnios g166) 3
Eilíft líf er það að þekkja þig, hinn eina sanna
Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist. (aiōnios
g166) 4 Ég vegsamaði þig hér á jörðinni, með
því að gera allt sem þú bauðst mér. 5 Faðir,
þegar ég stend frammi fyrir þér, veittu mér
þá hlut í dýrðinni, sem við áttum saman áður
en heimurinn varð til. 6 Ég hef sagt þessum
mönnum allt um þig. Þeir voru í heiminum og
þú gafst mér þá. Þeir tilheyrðu þér, og þú gafst
mér þá, og þeir hafa hlýðnast orðum þínum. 7
Nú vita þeir að allt sem tilheyrir mér, er gjöf frá
þér, 8 því að fyrirmælin sem þú gafst mér, flutti
ég þeim og þeir tóku við þeim. Nú vita þeir með
vissu að ég kom frá þér og trúa að þú hafir sent
mig. 9 Ég bið ekki fyrir heiminum, heldur fyrir
þeim sem þú gafst mér úr heiminum, því að
þeir eru þínir. 10 Og nú er ég orðinn dýrlegur í
þeim. 11 Nú yfirgef ég þennan heim og ég skil
þá eftir og kem til þín. Heilagi faðir, varðveittu
alla þá sem þú hefur gefið mér, svo þeir séu
sameinaðir, rétt eins og við, og enginn verði
þar undanskilinn. 12 Þann tíma sem ég hef
verið hér hef ég gætt allra þeirra sem þú gafst
mér. Ég stóð vörð um þá, svo að enginn þeirra
týndist, nema sá sem hlaut að glatast, eins og
ritningin hafði sagt fyrir um. 13 Faðir, nú kem
ég til þín. Þennan tíma, sem ég hef verið með
þeim, hef ég sagt þeim margt, svo að gleði mín
gagntæki þá. 14 Ég hef flutt þeim fyrirmæli þín.
Þeir tilheyra ekki heiminum fremur en ég og
þess vegna hatar heimurinn þá. 15 Ekki bið
ég þig að taka þá burt úr heiminum, heldur
að þú varðveitir þá frá illu. 16 Þeir tilheyra
ekki þessum heimi frekar en ég. 17 Helgaðu
þá með sannleikanum, þitt orð er sannleikur.
18 Ég sendi þá út í heiminn, eins og þú sendir
mig í heiminn, 19 og ég helga sjálfan mig, svo
að þeir geti vaxið í sannleika og helgun. 20 Ég
bið ekki aðeins fyrir þessum mönnum, heldur
einnig fyrir þeim sem síðar munu trúa á mig
fyrir orð þeirra. 21 Faðir, þeir eiga allir að vera
eitt eins og við – þú og ég – erum eitt. Þú ert
í mér og ég í þér, og þannig eiga þeir einnig
að vera í okkur, til þess að heimurinn trúi að
þú hafir sent mig. 22 Dýrðina, sem þú gafst
mér, hef ég gefið þeim – svo að þeir séu eitt
eins og við – 23 ég í þeim og þú í mér – allir
fullkomlega sameinaðir þannig að heimurinn
komist að raun um að þú hafir sent mig og sjái
að þú elskar þá, jafn heitt og þú elskar mig. 24
Faðir, ég vil að þeir sem þú hefur gefið mér, séu
hjá mér, svo að þeir sjái dýrð mína, dýrðina sem
þú af elsku þinni gafst mér, áður en heimurinn
varð til. 25 Réttláti faðir, heimurinn þekkir þig
ekki, en ég þekki þig og þessir lærisveinar vita
að þú hefur sent mig. 26 Ég hef sýnt þeim þig
og ég mun halda því áfram, svo að bæði ég og
kærleikurinn, sem þú berð til mín, séu í þeim.“

18 Að svo mæltu, fór Jesús ásamt lærisveinum
sínum yfir Kedronlækinn og kom í grasgarð
sem þar er. 2 Júdas, sá sem sveik hann, vissi
um þennan stað, því að oft hafði Jesús farið
þangað áður með lærisveinum sínum. 3 Júdas
lagði af stað ásamt flokki hermanna og lögreglu,
sem æðstu prestarnir og farísearnir sendu með
honum. Skyndilega birtust þeir, í grasgarðinum,
vopnaðir, með lugtir og logandi blys. 4 Jesú
var fullljóst hvað til stóð og verða mundi.
Hann gekk því fram til að taka á móti þeim
og spurði: „Að hverjum leitið þið?“„Jesú frá
Nasaret, “svöruðu þeir. „Ég er hann!“sagði
Jesús. 6 Um leið og hann sagði þetta hopuðu
þeir á hæl og féllu til jarðar! 7 Hann spurði
aftur: „Hvers leitið þið?“Og aftur svöruðu þeir:
„Jesú frá Nasaret.“ 8 „Ég sagði ykkur að ég væri
hann, “sagði Jesús, „og fyrst þið eruð aðeins að
leita að mér, leyfið þá hinum að fara.“ 9 Þetta
sagði hann til að spádómurinn rættist, sem
sagði: „Ég gætti allra þeirra sem þú gafst mér.“
10 Allt í einu dró Símon Pétur upp sverð og hjó
hægra eyrað af Malkusi, þjóni æðsta prestsins.
11 Þá sagði Jesús við Pétur: „Slíðraðu sverðið! Á
ég ekki að drekka bikarinn sem faðirinn hefur
rétt mér?“ 12 Hermennirnir, ásamt foringja
sínum og lögreglu, handtóku nú Jesú og bundu
hann. 13 Fyrst fóru þeir með hann til Annasar,
tengdaföður Kaífasar, sem það árið var æðsti
prestur. 14 Kaífas var sá sem sagt hafði við hina
forystumennina: „Betra er að einn deyi fyrir
alla.“ 15 Símon Pétur fylgdi í humátt á eftir,
auk annars lærisveins, sem kunnugur var æðsta
prestinum. Þeim lærisveini var nú leyft að koma
inn í garðinn ásamt Jesú, 16 en Pétur varð að
standa utan við hliðið. Hinn lærisveinninn talaði
við dyravörðinn, sem þá leyfði Pétri að koma
inn. 17 Þjónustustúlkan, sem gætti dyranna,
sneri sér að Pétri og spurði: „Ert þú ekki einn af
lærisveinum Jesú?“„Nei!“svaraði hann, „það

er ég ekki.“ 18 Lögreglan og þjónustufólkið í
húsinu stóðu umhverfis eld sem kveiktur hafði
verið, því að kalt var í veðri. Stóð Pétur þar
ásamt þeim og vermdi sig. 19 Inni í húsinu var
æðsti presturinn að hefja rannsókn í máli Jesú.
Spurði hann Jesú um fylgjendur hans og hvað
hann hefði kennt þeim. 20 „Það er öllum ljóst,
“svaraði Jesús, „því ég predikaði reglulega í
samkomuhúsunum og musterinu. Allir leiðtogar
Gyðinga hafa hlustað á mig. Það sem ég kenndi,
kenndi ég opinberlega. 21 Hvers vegna spyrðu
mig þessarar spurningar? Spyrðu heldur þá
sem hafa hlustað á mál mitt. Hér eru til dæmis
nokkrir þeirra. Þeir vita hvað ég hef sagt.“ 22
Einn af hermönnunum, sem þarna stóð, sló
þá Jesú og spurði hranalega: „Svarar þú æðsta
prestinum svona?“ 23 „Ef þetta eru ósannindi,
þá skaltu sanna það, “svaraði Jesús, „en ef það er
satt, hvers vegna slærðu mig þá?“ 24 Eftir þetta
sendi Annas Jesú, í böndum, til Kaífasar æðsta
prests. 25 Á meðan þetta fór fram, stóð Pétur
við eldinn og nú fékk hann aftur að heyra sömu
spurninguna: „Ert þú ekki einn af lærisveinum
hans?“„Nei, alls ekki, “svaraði Pétur. 26 Þá
spurði einn af þjónum æðsta prestsins – en
sá var skyldur manninum sem Pétur hjó af
eyrað: „Sá ég þig ekki úti í garðinum með
Jesú?“ 27 En Pétur neitaði enn og um leið galaði
hani. 28 Rannsókn Kaífasar í máli Jesú lauk árla
morguns og að því loknu var farið með hann
til hallar rómverska landstjórans. Sjálfir vildu
ákærendur hans ekki fara þangað inn, því að þá
hefðu þeir „óhreinkast“, að eigin sögn, og þar
með ekki mátt neyta páskalambsins. 29 Pílatus
landstjóri fór því út til þeirra og spurði: „Hvað
hafið þið á móti þessum manni? Hver er ákæra
ykkar?“ 30 „Ef hann væri ekki afbrotamaður,
hefðum við ekki handtekið hann.“svöruðu þeir
hvassyrtir. 31 „Farið þá með hann og dæmið
hann sjálfir, eftir ykkar eigin lögum, “sagði
Pílatus. „En við höfum ekki leyfi til að taka
mann af lífi, “svöruðu þeir, „þú verður að gefa
okkur leyfi til þess.“ 32 Með þessum orðum
rættist spádómur Jesú, um hvernig dauða hans
bæri að. 33 Pílatus fór þá aftur inn í höllina og
lét leiða Jesú fram fyrir sig. „Ert þú konungur
Gyðinga?“spurði hann. 34 „Hvað áttu við með
orðinu „konungur“?“spurði Jesús, „leggur þú
í það skilning Rómverja eða Gyðinga?“ 35
„Er ég þá Gyðingur?“spurði Pílatus byrstur.
„Samlandar þínir og æðstu prestarnir komu
með þig hingað. En hvers vegna gerðu þeir það?
Hvað hefur þú aðhafst?“ 36 „Ríki mitt er ekki
af þessum heimi, “svaraði Jesús. „Ef svo væri,
hefðu fylgjendur mínir barist þegar leiðtogar
Gyðinga handtóku mig. Nei, mitt ríki er ekki af
þessum heimi.“ 37 „Þú ert þá konungur?“spurði
Pílatus. „Já, “svaraði Jesús, „til þess fæddist ég.
Ég kom til að flytja heiminum sannleikann. Þeir
sem elska sannleikann fylgja mér.“ 38 „Hvað er
sannleikur?“sagði þá Pílatus. Síðan fór hann
aftur út til fólksins og sagði: „Þessi maður er
ekki sekur um neinn glæp. 39 Það er venja
hjá ykkur að biðja mig að sleppa einhverjum
fanga um páskana og ég skal gjarnan láta
lausan „konung Gyðinga“, ef þið viljið.“ 40 En
mannfjöldinn hrópaði á móti og sagði: „Nei!
Ekki hann, heldur Barrabas!“En Barrabas var
ræningi.

19 Þá lét Pílatus húðstrýkja Jesú. 2 Og að því
loknu bjuggu hermennirnir til kórónu úr
þyrnum, settu hana á höfuð hans og færðu
hann síðan í purpurarauða skikkju. 3 „Lengi lifi
konungur Gyðinga!“hrópuðu þeir í hæðnistóni
og börðu hann. 4 Pílatus fór nú aftur út og
sagði við Gyðingana: „Ég ætla að leiða hann
fram fyrir ykkur, en gerið ykkur ljóst að ég
finn enga sök hjá honum.“ 5 Jesús gekk þá
út í skikkjunni rauðu og með þyrnikórónuna
á höfði. Þá sagði Pílatus: „Sjáið manninn!“ 6
Þegar æðstu prestarnir og embættismennirnir
sáu Jesú, æptu þeir og sögðu: „Krossfestu!
Krossfestu hann!“„Krossfestið þið hann sjálfir,
“svaraði Pílatus, „ég finn alls enga sök hjá
honum.“ 7 Þá svöruðu þeir: „Samkvæmt okkar
lögum á hann að deyja, því að hann sagðist vera
sonur Guðs.“ 8 Þegar Pílatus heyrði þetta, varð
hann enn hræddari. 9 Aftur fór hann með Jesú
inn í höllina og spurði: „Hvaðan ertu?“Jesús
svaraði engu. 10 „Svaraðu mér!“sagði Pílatus
ógnandi. „Veistu ekki að ég hef vald til að
láta þig lausan og ég hef einnig vald til að
krossfesta þig?“ 11 Jesús svaraði: „Þú hefðir
ekkert vald yfir mér, ef þér væri ekki gefið það
að ofan og því er synd þeirra, sem leiddu mig
hingað, meiri en þín.“ 12 Pílatus reyndi enn að
fá hann lausan, en þá sögðu leiðtogar Gyðinga
við hann: „Ef þú sleppir honum, þá ertu óvinur
keisarans, því sá sem segist vera konungur, rís
gegn keisaranum!“ 13 Þegar Pílatus heyrði þetta,
leiddi hann Jesú aftur fram fyrir þá og settist

í dómarasætið. 14 Þetta var um sexleytið að
morgni, daginn fyrir páskahátíðina. Pílatus sagði
nú við Gyðingana: „Hér er konungur ykkar!“
15 „Burt með hann!“æptu þeir, „burt, með
hann – krossfestu hann!“„Hvað þá? Krossfesta
konung ykkar?“spurði Pílatus. „Við höfum
engan konung nema keisarann, “hrópuðu æðstu
prestarnir. 16 Þá lét Pílatus Jesú í hendur þeirra
að hann yrði krossfestur. 17 Loksins höfðu
Gyðingar Jesú á sínu valdi. Þeir fóru með hann
út úr borginni og hann bar kross sinn til staðar
sem kallast Hauskúpa eða Golgata á hebresku.
18 Þar krossfestu þeir hann og tvo aðra með
honum, Jesú í miðið, en hina sinn til hvorrar
handar. 19 Pílatus lét setja skilti á krossinn
uppi yfir Jesú, þar sem stóð: „Jesús frá Nasaret,
konungur Gyðinga.“ 20 Staðurinn þar sem Jesús
var krossfestur, var nálægt borginni og því lásu
margir það sem á skiltinu stóð. Áritunin var á
hebresku, latínu og grísku. 21 Æðstu prestarnir
sögðu þá við Pílatus: „Breyttu þessu og láttu
standa: „Hann sagði: Ég er konungur Gyðinga.““
22 Pílatus svaraði: „Það sem ég hef skrifað,
það hef ég skrifað. Því verður ekki breytt.“
23 Þegar hermennirnir höfðu krossfest Jesú,
skiptu þeir fötum hans í fjóra hluta, svo að
hver fékk sinn hlut. Síðan sögðu þeir: „Við
skulum ekki skipta kyrtlinum í fernt, því að
hann er prjónaður og hvergi samsettur, við
skulum heldur varpa hlutkesti um hann.“Þar
með rættist ritningarstaður sem segir svo: „Þeir
skiptu með sér klæðum mínum og vörpuðu
hlutkesti um kyrtil minn.“ 25 Það var einmitt
þetta sem þeir gerðu. Nálægt krossi Jesú stóð
María móðir hans, María móðursystir hans,
kona Kleófasar og María Magdalena. 26 Þegar
Jesús sá móður sína standa þar hjá nánasta vini
sínum, sagði hann við hana: „Hann er sonur
þinn.“ 27 Síðan sagði hann við mig: „Hún er
móðir þín.“Frá þeirri stundu tók ég hana inn
á heimili mitt. 28 Nú vissi Jesús að öllu var
lokið og því sagði hann, til þess að uppfylla
spádóm Biblíunnar: „Mig þyrstir.“ 29 Rétt þar
hjá stóð krukka með súru víni. Svampur var
vættur í vininu og festur á ísópsgrein, sem
síðan var rétt upp að vörum hans. 30 Eftir að
Jesús hafði bragðað á vininu sagði hann: „Það er
fullkomnað!“Síðan hneig höfuð hans og hann
gaf upp andann. 31 Menn vildu ekki láta fangana
hanga þarna næsta dag, sem var helgidagur
(mesti helgidagur ársins – páskarnir). Þeir
báðu því Pílatus að skipa svo fyrir að fótleggir
mannanna skyldu brotnir, og þannig flýtt fyrir
dauða þeirra, svo að hægt yrði að taka líkin
niður. 32 Hermennirnir komu því og brutu
beinin í mönnunum tveimur, sem krossfestir
höfðu verið með Jesú. 33 En þegar að honum
kom, sáu þeir að hann var þegar dáinn og brutu
því ekki bein hans. 34 Einn hermannanna stakk
spjóti í síðu Jesú og rann þá út blóð og vatn.
35 Ég sá þetta allt sjálfur og skýri hér satt frá,
svo að þið getið einnig trúað. 36 Þetta gerðu
hermennirnir til að rættist ritningarstaður sem
þannig hljóðar: „Ekkert af beinum hans mun
brotið verða, “og „þeir munu horfa á þann
sem þeir stungu“. 38 Jósef frá Arímaþeu, sem
var lærisveinn Jesú á laun, af ótta við leiðtoga
Gyðinga, bað Pílatus um leyfi til að taka líkama
Jesú niður og leyfði Pílatus honum það. 39
Nikódemus, maðurinn sem eitt sinn hafði komið
til Jesú seint um kvöld, kom einnig og hafði með
sér fimmtíu kíló af smyrslum sem gerð voru
úr myrru og alóe. 40 Þeir hjálpuðust síðan að
við að vefja líkama Jesú í léreftsdúk, smurðan
ilmsmyrslum, en slíkt er venja við greftranir
hjá Gyðingum. 41 Rétt hjá aftökustaðnum var
trjálundur. Þar var ný gröf, sem aldrei hafði
verið notuð. 42 Vegna hátíðarinnar, sem hófst
klukkan sex síðdegis, þurftu mennirnir að hafa
hraðan á og vegna þess hve gröfin var nálægt,
lögðu þeir hann þar.

20 Snemma að morgni sunnudagsins, meðan
enn var dimmt, kom María Magdalena að
gröfinni og sá hún þá að steinninn hafði verið
færður frá grafardyrunum. 2 Hún hleypur því
burt, finnur Símon Pétur og mig og segir: „Þeir
hafa tekið líkama Drottins úr gröfinni og ég veit
ekki hvar þeir hafa lagt hann!“ 3 Við hlupum út
að gröfinni til að athuga þetta. Ég hljóp hraðar
en Pétur og náði því þangað á undan honum 5
og gægðist inn. Sá ég þá léreftsdúkinn liggja
þar, en ekki fór ég inn. 6 Rétt í því bar Símon
Pétur að og fór hann rakleitt inn í gröfina.
Hann sá líka dúkinn 7 og klútinn, sem hulið
hafði höfuð Jesú. 8 Þá fór ég einnig inn á eftir
honum. Ég sá og trúði (að hann hefði risið
upp) 9 en til þessa höfðum við ekki skilið orð
Biblíunnar um upprisu hans. 10 Við snerum
aftur heimleiðis, 11 en um svipað leyti fór María
aftur út að gröfinni og stóð þar úti fyrir og
grét. Hún gægðist grátandi inn í gröfina. 12

Sá hún þá tvo engla í hvítum kyrtlum sitja
þar, annan við höfðalagið, en hinn til fóta, þar
sem líkami Jesú hafði legið. 13 „Hví grætur
þú?“spurðu englarnir. „Vegna þess að þeir hafa
tekið Drottin minn í burtu og ég veit ekki hvar
þeir hafa lagt hann.“ 14 Síðan leit hún um
öxl rétt sem snöggvast og sá einhvern standa
fyrir aftan sig. Það var Jesús, en hún þekkti
hann ekki. 15 „Hvers vegna grætur þú?“spurði
hann, „og að hverjum ertu að leita?“Hún hélt
að þetta væri eftirlitsmaður garðsins og sagði:
„Herra, segðu mér hvar þú hefur lagt hann, ef
þú hefur farið með hann burt, svo að ég geti sótt
hann.“ 16 „María!“sagði Jesús. Hún sneri sér
að honum. „Meistari!“hrópaði hún. 17 „Snertu
mig ekki, “sagði hann ákveðinn, „því að ég er
ekki enn stiginn upp til föður míns. Farðu nú og
finndu bræður þína og segðu þeim að ég muni
stíga upp til föður míns og föður ykkar, Guðs
míns og Guðs ykkar.“ 18 María Magdalena fór
og fann lærisveinana og sagði við þá: „Ég hef
séð Drottin!“Síðan flutti hún þeim skilaboðin.
19 Þetta kvöld komu lærisveinarnir saman og
læstu að sér af ótta við leiðtoga þjóðarinnar. En
skyndilega stóð Jesús þar mitt á meðal þeirra.
„Friður sé með ykkur!“sagði hann. 20 Því næst
sýndi hann þeim hendur sínar og síðusárið.
Lærisveinarnir urðu mjög glaðir er þeir sáu
Drottin. 21 Þá talaði hann aftur til þeirra og
sagði: „Friður sé með ykkur! Eins og faðirinn
sendi mig, sendi ég ykkur líka.“ 22 Síðan blés
hann á þá og sagði: „Meðtakið heilagan anda.
23 Ef þið fyrirgefið einhverjum syndir hans,
þá eru þær fyrirgefnar. Ef þið neitið honum
um fyrirgefningu, þá fær hann hana ekki.“
24 Einn af lærisveinunum, Tómas, kallaður
„tvíburinn“, var ekki viðstaddur þegar þetta
gerðist. 25 Seinna, þegar hinir sögðu honum
að þeir hefðu séð Drottin, svaraði hann: „Ég
trúi því ekki, nema ég sjái sárin eftir naglana
í lófum hans og geti stungið fingrum mínum
í þau og lagt höndina á síðusárið.“ 26 Viku
síðar voru lærisveinarnir aftur samankomnir
og í þetta sinn var Tómas með þeim. Dyrunum
hafði verið læst, en skyndilega – og á sama hátt
og áður – stóð Jesús á meðal þeirra og sagði:
„Friður sé með ykkur!“ 27 Síðan sagði hann
við Tómas: „Stingdu fingri þínum í lófa mér
og leggðu höndina á síðusárið. Vertu nú ekki
vantrúaður heldur trúaður.“ 28 „Drottinn minn
og Guð minn!“sagði Tómas. 29 Jesús sagði þá
við hann: „Þú trúðir af því að þú hefur séð mig,
en sælir eru þeir sem ekki sáu, en trúðu þó!“
30 Lærisveinarnir sáu hann gera mörg önnur
kraftaverk en þau sem hér hefur verið lýst. En
þessi bók er rituð til þess að þú trúir að Jesús sé
Kristur, Guðssonurinn, og til þess að þú, með
trúnni, eignist lífið í samfélaginu við hann.

21 Seinna birtist Jesús lærisveinunum á ný
og þá við Galíleuvatnið. Það gerðist á
þennan hátt: 2 Nokkrir okkar voru þar, Símon
Pétur, Tómas, „tvíburinn“, Natanael frá Kana
í Galíleu, Jakob bróðir minn og ég, og tveir
aðrir lærisveinar. 3 „Ég ætla út að fiska, “sagði
Símon Pétur. „Við komum með þér, “sögðum
við hinir. Við fórum en urðum ekki varir alla
nóttina. 4 Við sólarupprás sáum við mann
standa á ströndinni en við þekktum hann ekki.
5 Hann kallaði til okkar og sagði: „Hafið þið
fengið nokkuð, drengir?“„Nei, “svöruðum við. 6
„Kastið þá netinu hægra megin við bátinn og þá
munuð þið fá’ann!“kallaði hann. Þetta gerðum
við og þá fylltist netið af fiski og var mergðin
slík að við gátum ekki innbyrt það. 7 Þá sagði
ég við Pétur: „Þetta er Drottinn!“Þá snaraði
Pétur sér úr treyjunni, stökk út í og synti að
landi. 8 Við hinir vorum kyrrir í bátnum og
drógum netið, sem var alveg fullt, á eftir okkur
þennan spöl, sem við áttum ófarinn í land. 9
Þegar þangað kom, sáum við að þar hafði verið
kveiktur eldur. Einnig var þar steiktur fiskur
og brauð. 10 „Komið hingað með nokkra af
fiskunum, sem þið veiddu, “sagði Jesús. 11
Símon Pétur fór þá og dró netið á land og taldi
úr því 153 stóra fiska. En þótt fjöldinn væri
slíkur, hafði netið ekki rifnað. 12 „Komið, við
skulum fá okkur að borða, “sagði Jesús. Enginn
okkar þorði að spyrja hann, hvort hann væri
Drottinn í raun og veru, við vorum reyndar
vissir um að svo væri. 13 Og hann skipti á milli
okkar fiskunum og brauðinu. 14 Þetta var í þriðja
sinn sem Jesús birtist okkur eftir upprisuna.
15 Að morgunverðinum loknum, sagði Jesús
við Símon Pétur: „Símon Jónasson, elskar þú
mig meira en þeir hinir?“„Já, “svaraði Pétur,
„þú veist að ég elska þig.“Þá sagði Jesús við
hann: „Gættu lamba minna.“ 16 Jesús endurtók
spurninguna og sagði: „Símon Jónasson, elskar
þú mig í raun og veru?“„Já, Drottinn, “svaraði
Pétur, „þú veist að ég elska þig.“„Annastu sauði
mína, “sagði Jesús. 17 Og í þriðja sinn spurði

Jesús hann: „Símon Jónasson, ert þú sannur
vinur minn?“Pétur varð hryggur þegar hann
heyrði Jesú spyrja þess sama í þriðja sinn og
svaraði: „Drottinn, þú þekkir hjarta mitt og
veist að ég elska þig.“„Gæt þú sauða minna,
“svaraði Jesús. 18 Síðan bætti hann við og sagði:
„Þegar þú varst ungur, gerðirðu það sem þig
langaði til og fórst hvert sem þú vildir. En þegar
þú eldist muntu verða að rétta út hendur þínar
og aðrir munu taka þig með valdi og fara með
þig þangað sem þú vilt ekki.“ 19 Þetta sagði
Jesús til að láta hann vita með hvaða hætti
hann mundi deyja og vegsama Guð. Síðan sagði
Jesús við hann: „Fylgdu mér!“ 20 Pétur sneri
sér þá við og sá mig, lærisveininn sem Jesús
elskaði, koma á eftir sér, en það var ég sem hafði
hallað mér upp að Jesú við kvöldmáltíðarborðið
og spurt: „Meistari, hver af okkur mun svíkja
þig?“ 21 Pétur spurði því Jesú: „Hvað með hann,
Drottinn? Hvernig mun hann deyja?“ 22 Jesús
svaraði: „Hvað varðar þig um það, ef ég vil
að hann lifi þangað til ég kem aftur? En þú
skalt fylgja mér.“ 23 Þetta varð til þess að sá
orðrómur barst út meðal bræðranna að þessi
lærisveinn mundi ekki deyja, en það hafði Jesús
ekki sagt. Hann sagði aðeins: „Hvað varðar þig
um það, ef ég vil að hann lifi þangað til ég
kem aftur?“ 24 Ég er þessi lærisveinn! Ég sá
þessa atburði gerast og hef ritað um þá hér. Við
vitum að frásögn mín er sönn. 25 Ég býst við að
heimurinn mundi varla rúma allar þær bækur
sem til yrðu, ef skrifa ætti allt sem gerðist í lífi
Jesú.

Postulasagan

1 Fyrri frásaga mín var um allt sem Jesús gerði
og kenndi. **2** Hvernig hann sneri aftur til
himna, eftir að hafa flutt postulunum, sem hann
valdi, sérstök fyrirmæli frá heilögum anda.
3 Næstu fjörutíu daga eftir krossfestinguna
birtist hann þeim oft og sannaði að hann
væri raunverulega lifandi, og talaði við þá
um guðsríki. **4** Eitt sinn, er þeir voru saman
komnir, sagði hann þeim að fara ekki burt frá
Jerúsalem fyrr en heilagur andi hefði komið yfir
þá, samkvæmt loforði föðurins, en um það hafði
hann rætt við þá áður. **5** Hann minnti þá á að
Jóhannes hefði skírt með vatni og bætti síðan
við „en eftir nokkra daga verðið þið skírðir með
heilögum anda.“ **6** Seinna birtist hann þeim
aftur og þá spurðu þeir hann: „Drottinn, ætlarðu
að frelsa Ísrael núna (undan valdi Rómverja) og
endurreisa sjálfstæði þjóðar okkar?“ **7** „Faðirinn
einn ákveður hvenær það verður, “svaraði hann,
„og ykkur er ekki ætlað að vita það fyrir. **8**
En þegar heilagur andi kemur yfir ykkur, þá
munuð þið fá djörfung og kraft til að vitna um
dauða minn og upprisu fyrir íbúum Jerúsalem,
Júdeu, Samaríu – já, öllum heiminum.“ **9** Og
Jesús hafði ekki fyrr lokið þessum orðum sínum
en hann var hafinn frá jörðu og hvarf í ský, en
þeir stóðu einir eftir og störðu á eftir honum.
10 En er þeir störðu til himins og reyndu að
koma auga á hann, stóðu skyndilega hjá þeim
tveir menn í hvítum klæðum. **11** Þeir sögðu:
„Hvers vegna standið þið hér og starið til
himins? Jesús er farinn til himna! En dag einn
mun hann koma aftur, og þá á sama hátt og
hann fór.“ **12** Eftir þennan atburð, sem varð á
Olíufjallinu, sneru lærisveinarnir til Jerúsalem,
sem var spölkorn þaðan. **13** Er þangað kom
fóru þeir í loftstofuna, þar sem þeir héldu til.
Lærisveinarnir voru þessir: Pétur, Jóhannes og
Jakob, Andrés, Filippus, Tómas, Bartólómeus,
Matteus, Jakob Alfeusson, Símon (kallaður „hinn
róttæki“) og Júdas Jakobsson. Bræður Jesú voru
þarna einnig ásamt nokkrum konum, þar á
meðal móður Jesú. **15** Þau voru öll samhuga
og staðföst í bæninni. Dag einn, er þarna voru
saman komin um 120 manns, stóð Pétur upp og
ávarpaði viðstadda þessum orðum: **16** „Það hlaut
óhjákvæmilega að rætast sem Biblían segir um
Júdas, sem sveik Jesú, og olli því að múgurinn
handtók hann. Þessu spáði Davíð konungur
fyrir innblástur heilags anda. **17** Júdas var í
okkar hópi og honum var falin sama þjónusta
og okkur. **18** Þessi maður keypti akur fyrir féð,
sem hann fékk fyrir svikin, og þar steyptist
hann til jarðar, svo að kviður hans rifnaði og
innyflin féllu út. **19** Þetta varð kunnugt um alla
Jerúsalem og fólkið kallaði staðinn „blóðakur“.
20 Spádómur Davíðs konungs í Sálmunum segir
svo: „Heimili hans fari í eyði og þar skal enginn
búa.“Einnig: „Öðrum skal falið að vinna hans
verk.“ **21** Af þessum sökum verðum við að velja
einhvern annan í stað Júdasar, til að vera vitni
ásamt okkur um upprisu Jesú. Við skulum velja
einhvern, sem hefur verið með okkur alla tíð, frá
því við kynntumst Drottni fyrst – eða frá þeirri
stundu er Jóhannes skírði hann og til þess dags
er hann var uppnuminn frá okkur til himna.“
23 Áheyrendur tilnefndu tvo menn: Jósef Jústus
(líka kallaður Barsabbas) og Mattías. **24** Síðan
báðu þeir Guð að rétti maðurinn yrði valinn.
„Ó, Drottinn, “sögðu þeir, „þú þekkir hjörtu
allra. Sýndu okkur, hvorn þessara manna þú
hefur valið til postula í stað Júdasar, svikarans,
sem nú er á sínum eigin stað.“Þá vörpuðu þeir
hlutkesti og kom upp hlutur Mattíasar. Hann
var þar með valinn postuli ásamt hinum ellefu.

2 Nú voru liðnar sjö vikur frá dauða og upprisu
Jesú og kominn hvítasunnudagur. Þegar hinir
trúuðu höfðu safnast saman þennan dag, **2**
heyrðist skyndilega þytur, líkt og stormgnýr,
uppi yfir þeim og fyllti húsið sem þeir voru í.
3 Síðan birtist eitthvað sem líktist eldtungum
og settist á höfuð þeirra. **4** Þá fylltust þeir allir
heilögum anda og fóru að tala tungumál, sem
þeir höfðu aldrei lært, en heilagur andi gerði
þeim kleift að tala. **5** Margir guðræknir Gyðingar
voru í Jerúsalem þennan dag. Þeir höfðu komið
frá ýmsum löndum, til að taka þátt í hátíðinni.
6 Þegar þeir heyrðu stormgnýinn fara um loftið
komu þeir hlaupandi til að sjá hvað væri á
seyði. Þegar fólkið heyrði lærisveinana tala á
sínum þjóðtungum varð það forviða. **7** „Hvernig
má þetta vera?“hrópaði það. „Eru þetta ekki
allt saman Galíleumenn? **8** Samt heyrum við
þá tala okkar eigin tungumál! **9** Við, sem
erum Partar, Medar og Elamítar, og komum frá
Mesapótamíu, Júdeu, Kappadókíu, Pontus og
Asíu. **10** Við frá Frýgíu, Pamfýlíu, Egyptalandi,
og við sem tölum Kýrene-mállýskuna í Líbýu,

og við sem komum frá Róm – bæði Gyðingar og
þeir sem tekið hafa Gyðingatrú – 11 Krítverjar
og Arabar... við heyrum þá tala á okkar máli um
máttarverk Guðs!“ 12 Þarna stóð fólkið og vissi
ekki sitt rjúkandi ráð. „Hvað er nú þetta?“spurði
það hvert annað. 13 Aðrir gerðu grín að öllu
saman og sögðu: „Þeir eru drukknir, það er
allt og sumt!“ 14 Þá gekk Pétur fram, ásamt
postulunum ellefu og kallaði til mannfjöldans:
„Hlustið nú öll, hvort sem þið eruð gestir eða
íbúar í Jerúsalem. 15 Sumir ykkar segja að þessir
menn séu drukknir. Það er ekki rétt. Það er
ekki orðið nógu áliðið dags til að svo geti verið.
Menn drekka sig ekki fulla klukkan 9 að morgni.
16 Þetta sem þið hafið séð í morgun, var sagt
fyrir af Jóel spámanni fyrir mörgum öldum: 17
„Á hinum síðustu dögum, “segir Guð, „mun ég
úthella anda mínum yfir alla menn. Og þá munu
synir ykkar og dætur spá, æskumenn ykkar sjá
sýnir og aldrað fólk mun dreyma merkilega
drauma. 18 Heilagur andi mun koma yfir alla
þjóna mína, konur og karla, og þau munu spá.
19 Ég mun láta undur gerast á himni og jörðu –
blóð, eld og reykjarmökk. 20 Sólin skal verða
svört og tunglið rautt eins og blóð, áður en
hinn mikli og dýrlegi dagur Drottins kemur.
21 En hver sem ákallar Drottin mun frelsast.“
22 Ísraelsmenn, takið eftir! Guð sýndi berlega
hver Jesús frá Nasaret var, með því að láta hann
vinna mikil kraftaverk, sem ykkur eru kunn. 23
Guð, sem var að framkvæma fyrirætlun sína,
leyfði ykkur með aðstoð rómverskra yfirvalda
að negla Jesú á krossinn og taka hann af lífi. 24
Eftir það leysti Guð hann úr greipum dauðans
og lét hann vakna aftur til lífsins, því dauðinn
gat ekki haldið honum. 25 Davíð konungur segir
um hann: „Ég veit að Drottinn er alltaf með
mér. Hann hjálpar mér. Hann styður mig með
mætti sínum. 26 Því gleðst hjarta mitt og tunga
mín vegsamar hann. Ég veit að líkami minn
þarf ekki að óttast dauðann, 27 því að hvorki
munt þú skilja sál mína eftir meðal hinna dánu,
né láta líkama sonar þíns rotna. (Hadēs g86) 28
Þú gefur mér lífið á ný og fyllir mig dýrlegri
gleði í nálægð þinni.“ 29 Kæru vinir, hugleiðið
þetta. Davíð var ekki að tala um sjálfan sig,
þegar hann sagði þessi orð, því að hann dó og
var grafinn og gröf hans er enn hér á meðal
okkar. 30 En hann var spámaður og vissi að
Guð hafði lofað því með órjúfanlegum eiði, að
einn af afkomendum hans skyldi verða Kristur
og sitja í hásæti hans. 31 Davíð sá langt fram í
tímann og sagði fyrir um upprisu Krists, að sál
hans yrði ekki skilin eftir meðal hinna dánu
og líkami hans myndi ekki heldur rotna. (Hadēs
g86) 32 Þarna var hann að tala um Jesú og við
erum öll vitni að því að Jesús reis upp frá
dauðum. 33 Nú situr hann í æðsta heiðurssæti
á himnum við hlið Guðs. Faðirinn hafði lofað
að gefa honum vald til að senda heilagan anda
– og í dag hafið þið séð þetta loforð efnt. 34
Davíð var aldrei hafinn til himins. En hann
sagði einnig: „Guð sagði við minn Drottin, það
er að segja Krist: „Set þig hér í heiðurssætið
við hlið mér, 35 þar til ég hef gjörsigrað óvini
þína.““ 36 Ég lýsi því hér með yfir við alla í
Ísrael að Guð hefur gert þennan Jesú, sem þið
krossfestuð, bæði að Drottni og Kristi.“ 37 Orð
Péturs höfðu djúp áhrif á fólkið og það sagði við
hann og hina postulana: „Hvað eigum við þá
að gera, bræður?“ 38 Pétur svaraði: „Sérhvert
ykkar verður að snúa sér frá syndinni og láta
skírast í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar
syndanna, og þá fáið þið einnig þessa gjöf,
heilagan anda. 39 Kristur hét því að allir skyldu
fá gjöf heilags anda, allir sem Drottinn Guð
okkar kallar til sín, einnig börnin ykkar og þeir
sem búa í fjarlægum löndum.“ 40 Pétur hélt
langa ræðu, skoraði á fólkið og sagði: „Látið
frelsast frá syndum þessarar þjóðar!“ 41 Þeir
sem trúðu orðum Péturs tóku skírn, alls um
3.000 manns. 42 Þau héldu fast við kenningu
postulanna og ræktu samfélagið, brotningu
brauðsins og bænirnar. 43 Öll ræktu þau trú
sína vel og postularnir gerðu mörg kraftaverk.
44 Allir sem trúðu héldu hópinn og höfðu allt
sameiginlegt. 45 Þeir seldu eigur sínar og skiptu
síðan milli allra eftir þörfum hvers og eins.
46 Þeir komu daglega saman í musterinu, til
að lofa Guð og tilbiðja. Einnig hittist fólkið í
smáhópum, í heimahúsum, þar sem brauðið
var brotið. Þau neyttu fæðunnar með gleði
og þakklæti, 47 og vegsömuðu Guð. Þau voru
vinsæl meðal allra og Drottinn bætti daglega í
hópinn nýju fólki sem lét frelsast.

3 Dag nokkurn fóru Pétur og Jóhannes upp í
musterið til þess að taka þátt í hinni daglegu
bænastund, sem var klukkan þrjú síðdegis. 2
Þegar þeir gengu inn, sáu þeir að lamaður
maður var borinn þangað og lagður við eitt
musterishliðið, sem kallað var Fögrudyr. Þarna

var hann vanur að vera á hverjum degi. 3 Þegar
Pétur og Jóhannes gengu fram hjá honum, bað
hann þá um peninga. 4 Þeir virtu hann fyrir
sér og Pétur sagði: „Horfðu hingað.“ 5 Lamaði
maðurinn einblíndi á þá í von um að fá eitthvað.
6 „Peninga á ég ekki, “sagði Pétur, „en ég skal
gefa þér það sem ég hef. Í nafni Jesú Krists frá
Nasaret, segi ég: Gakktu!“ 7 Pétur tók í höndina
á lamaða manninum til að reisa hann upp. Um
leið urðu fætur hans og ökklar styrkir og hann
stökk á fætur. Hann stóð andartak kyrr, en fór
síðan að ganga! Hann gekk, hljóp og lofaði Guð
og fór svo með þeim inn í musterið. 9 Þegar
fólkið, sem var inni í musterinu, sá manninn
ganga um og lofa Guð, 10 áttaði það sig. Þetta
var lamaði betlarinn, sem það hafði séð svo
oft við Fögrudyr. Allir urðu furðu lostnir. 11
Fólk streymdi nú frá sér numið til súlnaganga
Salómons, þar sem betlarinn hélt sig nærri
Pétri og Jóhannesi. 12 Pétur notaði tækifærið
og ávarpaði mannfjöldann: „Ísraelsmenn, hvers
vegna eruð þið svona undrandi og hví starið þið
á okkur? Haldið þið ef til vill að við höfum í eigin
krafti og guðdómleika gert þennan mann færan
um að ganga? 13 Nei, það er Guð Abrahams,
Ísaks og Jakobs – Guð forfeðra okkar, sem hefur
gert Jesú, þjón sinn, dýrlegan á þennan hátt.
Ég á við Jesú, sem þið höfnuðuð frammi fyrir
Pílatusi, þrátt fyrir ásetning Pílatusar um að
láta hann lausan. 14 Þið vilduð ekki að honum
yrði sleppt, hann sem er heilagur og réttlátur. Í
hans stað heimtuðuð þið morðingjann lausan,
15 og deydduð höfund lífsins, Jesú. En Guð
reisti hann upp frá dauðum. Það getum við
Jóhannes staðfest, því að eftir að þið líflétuð
hann, sáum við hann lifandi! 16 Það er Jesús sem
læknaði þennan mann, en hann var lamaður,
það vitið þið. Trúin á mátt Jesú hefur gert
þessa fullkomnu lækningu mögulega. 17 Kæru
vinir, ég veit að það sem þið gerðuð við Jesú,
var gert af vanþekkingu og sama má segja
um leiðtoga ykkar. 18 En þessa leið fór Guð
til að uppfylla spádómana um að Kristur yrði
að þjást. 19 Breytið nú um hugarfar og gerið
iðrun. Snúið ykkur til Guðs, svo að hann geti
hreinsað burt syndir ykkar. Hann getur gefið
ykkur endurnýjunartíma 20 og sent ykkur
Jesú á ný, konunginn, sem ykkur hafði verið
heitinn. 21 Jesús verður að dveljast á himnum
uns allt, sem syndin eyðilagði, hefur verið
endurnýjað, eins og lofað var í upphafi. Móse
sagði til dæmis fyrir löngu: „Drottinn Guð mun
vekja upp spámann líkan mér á meðal ykkar.
Hlustið með athygli á orð hans, (aiōn g165) 23
því að þeim, sem óhlýðnast honum, verður
tortímt.“ 24 Samúel og allir spámennirnir, sem
eftir hann komu, hafa rætt um það sem nú er að
gerast. 25 Þið eruð afkomendur spámannanna
og ykkur er einnig ætlað þetta loforð, sem
Guð gaf forfeðrum ykkar. Hann ætlar að nota
Gyðinga sem farveg fyrir blessun sína um allan
heiminn – um það hljóðaði loforðið sem Guð
gaf Abraham. 26 Þegar Guð hafði vakið þjón
sinn aftur til lífsins, sendi hann hann til ykkar
Ísraelsmanna til blessunar og til þess að leiða
ykkur burt frá syndinni.“

4 Á meðan Pétur og Jóhannes voru að tala
til fólksins komu æðstu prestarnir, foringi
musterislögreglunnar og nokkrir saddúkear
til þeirra. 2 Þeim gramdist mjög að Pétur og
Jóhannes skyldu boða það að Jesús hefði risið
upp frá dauðum, 3 og tóku þá því fasta. En nú
var komið kvöld og þess vegna settu þeir þá
í gæsluvarðhald yfir nóttina. 4 Margir þeirra,
sem höfðu hlustað, tóku trú, svo að tala hinna
trúuðu óx enn; karlmennirnir einir voru um
fimm þúsund! 5 Morguninn eftir komu allir
helstu ráðamenn og fræðimenn Gyðinga –
Æðstaráðið – saman í Jerúsalem. 6 Í ráðinu
áttu sæti meðal annarra: Annas æðsti prestur,
Kaífas, Jóhannes, Alexander og mörg önnur
skyldmenni æðsta prestsins. 7 Lærisveinarnir
tveir voru leiddir fyrir ráðið. „Með hvaða mætti
og í umboði hvers hafið þið gert þetta?“spurðu
ráðamennirnir. 8 Pétur svaraði, fylltur heilögum
anda: „Heiðruðu leiðtogar og öldungar þjóðar
okkar. 9 Ef þið eigið við góðverkið á bæklaða
manninum og hvernig hann hafi læknast, 10 þá
sé ykkur öllum ljóst, og um leið allri þjóðinni,
að þetta var gert í nafni Jesú Krists frá Nasaret,
þess sem þið krossfestuð og Guð reisti upp
frá dauðum. Það er fyrir hans kraft að þessi
maður er orðinn heilbrigður. 11 Jesús Kristur
er sá sem í Biblíunni er nefndur „steinninn
sem húsameistararnir fleygðu, en nú er orðinn
að hornsteini byggingarinnar“. 12 Hann er sá
eini sem getur frelsað okkur frá syndinni og
annað nafn er ekki til, sem menn geta ákallað
sér til hjálpræðis.“ 13 Þegar meðlimir ráðsins
sáu djörfung Péturs og Jóhannesar og komust
að því að þeir voru ólærðir almúgamenn,

undruðust þeir. Þeir könnuðust reyndar við
þá, því að þeir höfðu séð þá með Jesú. 14
Maðurinn, sem læknast hafði, stóð sjálfur við
hlið Péturs og Jóhannesar, og því var erfitt
fyrir ráðið að mótmæla lækningunni. 15 Þeir
sögðu þeim að fara úr salnum og héldu síðan
áfram fundinum. 16 „Hvað eigum við að gera
við þessa menn?“spurðu þeir hver annan. „Því
er ekki að neita að þeir hafa gert stórkostlegt
kraftaverk, það vita allir hér í Jerúsalem. 17
Kannski getum við hindrað þá í að breiða út
þennan áróður. Við hótum þeim refsingu ef
þeir gera þetta aftur.“ 18 Síðan kölluðu þeir
þá aftur inn og bönnuðu þeim stranglega að
tala um Jesú framar. 19 „Ætlið þið að ákveða
hvorum við hlýðum – Guði eða ykkur?“spurðu
Pétur og Jóhannes og bættu síðan við: 20 „Við
getum ekki annað en sagt frá öllu því sem við
fengum að reyna hjá Jesú.“ 21 Þá hótaði ráðið
þeim aftur öllu illu, en sleppti þeim svo. Þeir
vissu hreint ekki hvernig ætti að refsa þeim, án
þess að til óeirða kæmi, því að allir lofuðu Guð
fyrir þetta mikla kraftaverk. 22 Maðurinn, sem
læknaðist, hafði verið lamaður í fjörutíu ár! 23
Eftir að þeir voru látnir lausir, fóru þeir að hitta
hina lærisveinana og sögðu þeim niðurstöðu
ráðsins. 24 Þegar lærisveinarnir tveir höfðu sagt
félögum sínum allt, sameinuðust allir viðstaddir
í þessari bæn: „Drottinn, þú ert skapari himins
og jarðar, hafsins og alls sem í því er. 25 Fyrr
á öldum lagðir þú forföður okkar og þjóni
þínum, Davíð konungi þessi orð í munn fyrir
heilagan anda: „Hvers vegna æða heiðingjarnir
gegn Drottni og hvers vegna gera þjóðirnar
heimskuleg samsæri gegn hinum almáttuga
Guði? Konungar jarðarinnar risu upp gegn
honum og Kristi konungi, syni hans.“ 27 Þetta
hefur einmitt verið að gerast hér í borginni.
Heródes konungur, Pontíus Pílatus landstjóri og
allir Rómverjarnir auk Ísraelsþjóðarinnar hafa
sameinast gegn Jesú, þínum heilaga syni og
þjóni. 28 Þeir munu ekki hætta fyrr en þeir hafa
gert allt það sem vísdómur þinn og kraftur vill
að verði. 29 Drottinn, þú heyrir hótanir þeirra.
Gefðu okkur, þjónum þínum, mikla djörfung
þegar við predikum. 30 Sendu okkur mátt þinn
til að lækna og láttu mörg undur og kraftaverk
gerast í nafni Jesú, þíns heilaga þjóns.“ 31 Þegar
þeir höfðu lokið bæninni, hrærðist staðurinn
þar sem þeir voru, og þeir fylltust allir heilögum
anda og tóku að predika Guðs orð með djörfung.
32 Hinir trúuðu voru samhuga í öllu og enginn
leit á eigur sínar sem einkaeign, heldur áttu þeir
allt sameiginlegt. 33 Postularnir fluttu kröftugar
ræður um upprisu Drottins Jesú og samfélag
hinna trúuðu var mjög innilegt. 34 Enginn leið
skort, því að allir sem áttu land eða húseignir,
seldu og afhentu postulunum andvirðið, til þess
að hægt væri að hjálpa hinum fátæku. 36 Það
gerði Jósef frá Kýpur, sem postularnir kölluðu
huggunarsoninn. Hann var af ætti Leví. 37
Hann seldi akur og færði postulunum andvirði
peninganna, svo að þeir gætu skipt því meðal
þeirra sem þurfandi voru.

5 Annar maður, Ananías, og kona hans, Saffíra,
seldu jörð. 2 Hann afhenti postulunum
hluta andvirðisins og sagði að það væri
heildarsöluverðið. 3 „Ananías, “sagði Pétur.
„Satan hefur blekkt þig. Það er ósatt sem þú
sagðir, að þetta væri allt söluverðið. Þú hefur
logið að heilögum anda. 4 Þér var í sjálfsvald
sett hvort þú seldir eignina eða ekki. Og þegar
þú hafðir selt, var það þitt að ákveða hve
mikið þú gæfir. Hvernig gat þér dottið í hug
að fara svona að? Þú hefur logið að Guði, en
ekki okkur.“ 5 Þegar Ananías heyrði þetta,
datt hann dauður niður! Fólk varð skelfingu
lostið. 6 Ungu mennirnir komu og bjuggu um
hann, og fóru með hann til greftrunar. 7 Þrem
stundum síðar kom kona Ananíasar inn, en
hún vissi ekki hvað gerst hafði. 8 Pétur gekk
til hennar og spurði: „Er þetta allt sem þið
fenguð fyrir landið sem þið seldud?“„Já, “svaraði
hún, „þetta var verðið.“ 9 Þá sagði Pétur:
„Hvernig gat ykkur hjónunum dottið í hug að
gera slíkt – prófa hvort heilagur andi kæmist
að svikunum? Ungu mennirnir, sem jörðuðu
manninn þinn, eru hérna rétt fyrir utan og
þeir munu líka bera þig út.“ 10 Pétur hafði vart
sleppt orðinu er hún féll örend til jarðar! Þegar
ungu mennirnir komu inn og sáu að hún var líka
dáin, báru þeir hana út og grófu við hlið manns
hennar. 11 Þessi atburður vakti ótta meðal
allra í söfnuðinum og annarra sem um hann
fréttu. 12 Postularnir voru vanir að koma saman
í þeim hluta musterisins sem kallast súlnagöng
Salómons, og þar unnu þeir mörg athyglisverð
kraftaverk meðal fólksins. 13 Aðrir áræddu
ekki að vera þar með þeim og almennt var
borin mikil virðing fyrir þeim. 14 Sífellt snerust
fleiri til trúar á Drottin, mikill fjöldi karla og

kvenna. 15 Sjúklingar voru bornir á börum og
dýnum út á göturnar, í þeirri von að skugginn
af Pétri félli á þá, þegar hann ætti leið hjá! 16
Mikill mannfjöldi kom frá úthverfum Jerúsalem
og tók fólkið með sér sjúklinga og þá sem
höfðu illa anda. Þeir læknuðust allir. 17 Æðsti
presturinn og ættingjar hans og vinir meðal
saddúkeanna, brugðust við þessu af mikilli
hörku. 18 Létu þeir handtaka postulana og setja
þá í gæsluvarðhald. 19 Um nóttina kom engill
Drottins, opnaði fangelsishliðin og leiddi þá út.
Síðan sagði hann við þá: 20 „Farið upp í musterið
og predikið boðskap lífsins!“ 21 Þeir komu
til musterisins um sólarupprás og fóru strax
að predika. Seinna um morguninn kom æðsti
presturinn, og fylgdarlið hans, til musterisins og
lét hann kalla saman allt ráðið. Því næst sendi
hann þjóna til fangelsisins, með boð um að
postularnir skyldu leiddir fyrir ráðið. 22 Þegar
þjónarnir komu til fangelsisins, gripu þeir í tómt
– postularnir voru á bak og burt! Þeir sneru því
aftur til ráðsins og sögðu: 23 „Fangelsisdyrnar
voru læstar og verðirnir stóðu fyrir utan, en
þegar við opnuðum hliðin, var enginn maður
þar inni!“ 24 Þegar lögreglustjórinn og æðstu
prestarnir heyrðu þetta, vissu þeir ekki sitt
rjúkandi ráð og veltu fyrir sér hvernig þetta
myndi fara. 25 Rétt í því kom einhver með
þær fréttir, að mennirnir, sem þeir hefðu
sett í varðhald, væru að predika í musterinu.
26 Lögregluforinginn fór þegar í stað ásamt
undirmönnum sínum og tók þá fasta, án ofbeldis
því að þeir óttuðust að fólkið réðist á þá, ef þeir
færu illa með postulana. Síðan leiddu þeir þá
fram fyrir ráðið. 28 „Sögðum við ykkur ekki að
hætta að tala um þennan Jesú?“spurði æðsti
presturinn hvasst. „Nú hafið þið fyllt Jerúsalem
með boðskap ykkar og reynið í þokkabót að
kenna okkur um dauða þessa manns!“ 29 Þá
svaraði Pétur og hinir postularnir: „Framar ber
að hlýða Guði en mönnum. 30 Guð forfeðra
okkar vakti Jesú upp frá dauðum, eftir að þið
höfðuð líflátið hann með því að hengja hann
á kross. 31 Fyrir mátt sinn, hóf Guð hann til
þeirrar virðingar að vera bæði konungur og
frelsari, svo að Ísraelsþjóðin gæti snúið baki
við syndum sínum og fengið fyrirgefningu. 32
Um þetta vitnum við ásamt heilögum anda,
sem Guð gefur öllum sem honum hlýða.“ 33
Þegar hér var komið, voru meðlimir ráðsins
orðnir viti sínu fjær af reiði og ákveðnir í að
lífláta postulana. 34 En þá stóð upp Gamalíel,
meðlimur ráðsins og farísei, sérfræðingur í
lögum og vinsæll meðal fólksins. Hann bað um
að þeir yrðu látnir fara út úr ráðinu meðan
hann talaði. 35 Síðan ávarpaði hann ráðið og
sagði: „Ísraelsmenn, íhugið vandlega það sem
þið ætlið að gera við þessa menn. 36 Fyrir
nokkru taldi Þevdas sig mikinn mann. Um 400
menn sóru honum trúnaðareið, en skömmu
síðar var hann drepinn og þá lognaðist allt út af.
37 Seinna, þegar manntalið var tekið, kom fram
Júdas frá Galíleu. Hann safnaði að sér nokkrum
lærisveinum, en síðan dó hann og fylgjendur
hans tvístruðust. 38 Ég ráðlegg ykkur að láta
þessa menn eiga sig. Ef boðskapur þeirra er
eigin hugarsmíð, þá mun þetta fljótlega verða
að engu. 39 En sé hann frá Guði, þá megnið
þið ekki að stöðva þá, það væri að berjast gegn
sjálfum Guði.“ 40 Ráðið samþykkti þetta, kallaði
postulana fyrir sig, lét húðstrýkja þá og bannaði
þeim harðlega að tala í Jesú nafni. Síðan var
þeim sleppt. 41 Postularnir yfirgáfu ráðið og
lofuðu Guð fyrir að hann skyldi álíta þá verða
þess að þola smán hans vegna. 42 Og þeir komu
daglega saman í musterinu, höfðu Biblíulestra í
heimahúsum og boðuðu að Jesús væri Kristur.

6 Á þessum tíma, þegar kirkjan óx
hröðum skrefum, kom upp óánægja hjá
grískumælandi Gyðingum í söfnuðinum út af
því að ekkjur þeirra fengju ekki sinn hlut við
hina daglegu matarúthlutun. 2 Postularnir tólf
kölluðu því allan söfnuðinn saman og sögðu:
„Okkur postulunum er ætlað að predika, en ekki
að stjórna matarúthlutun. 3 Lítið því í kringum
ykkur, kæru vinir, og finnið sjö vel kynnta menn
í ykkar hópi, fulla af vísdómi og heilögum anda.
Þá munum við láta annast þessi störf. 4 Við tólf
getum þá notað tíma okkar til að biðja, predika
og kenna.“ 5 Þetta líkaði öllum vel og síðan voru
eftirtaldir menn valdir: Stefán (maður óvenju
sterkur í trúnni og fylltur heilögum anda),
Filippus, Prókorus, Níkanor, Tímon, Parmenas
og Nikolás frá Antíokkíu (hann hafði verið
heiðingi, en snúist til Gyðingatrúar og síðan
orðið kristinn). 6 Þessir sjö voru leiddir fyrir
postulana, sem lögðu hendur yfir þá, báðu fyrir
þeim og blessuðu þá. 7 Fagnaðarerindið barst
nú stöðugt víðar. Lærisveinunum fjölgaði mjög í
Jerúsalem og margir Gyðingaprestar snerust til
trúar. 8 Stefán, sem var trúarsterkur og fylltur

krafti heilags anda, vann mikil kraftaverk meðal
fólksins. 9 Dag nokkurn tóku menn úr trúflokki
meðal Gyðinga, sem kallast „Frelsingjarnir“,
að prátta við hann. Fljótlega fengu þeir í lið
með sér aðra Gyðinga frá Kýrene, Alexandríu í
Egyptalandi, Kilikíu og Asíu, 10 en enginn þeirra
gat þó staðið gegn anda og vísdómi Stefáns.
11 Þeir fengu því menn til að bera út þann
óhróður, að þeir hefðu heyrt Stefán bölva Móse
og jafnvel sjálfum Guði. 12 Ásakanir þessar
æstu múginn upp gegn Stefáni, svo að leiðtogar
Gyðinganna handtóku hann og leiddu fyrir
ráðið. 13 Ljúgvitnin endurtóku þar að Stefán
væri sífellt að fordæma musterið og lög Móse.
14 Þeir sögðu: „Við höfum heyrt hann segja að
þessi Jesús frá Nasaret, muni leggja musterið í
rúst og fótum troða lög Móse.“ 15 Þegar hér var
komið veittu meðlimir ráðsins því athygli að
andlit Stefáns lýsti sem engilsásjóna!

7 Þá spurði æðsti presturinn hann: „Eru
þessar ásakanir sannar?“ 2 Stefán útskýrði
þá mál sitt ýtarlega með þessum orðum:
„Áður en Abraham, forfaðir okkar, fluttist
frá Mesópótamíu og til Haran, birtist Guð
dýrðarinnar honum. 3 Hann sagði honum að
yfirgefa föðurland sitt, kveðja ættingja sína
og leggja af stað til lands sem Guð myndi
vísa honum á. 4 Hann yfirgaf því land Kaldea,
settist að í Haran í Sýrlandi og bjó þar uns
faðir hans dó. Eftir það leiddi Guð hann hingað
til Ísraelslands, 5 en gaf honum samt ekkert
landsvæði, ekki svo mikið sem smáskika. Guð
lofaði þó Abraham – sem þá átti ekkert barn
– að hann og afkomendur hans myndu síðar
eignast allt þetta land. 6 Guð sagði enn fremur,
að þessir afkomendur hans myndu flytjast burt
úr landinu og setjast að annars staðar, þar sem
þeir yrðu þrælar í 400 ár. 7 „En ég mun refsa
þjóðinni sem þrælkar þá, “sagði Guð, „og síðan
mun þjóð mín snúa aftur til Ísraelslands, og
tilbiðja mig hér.“ 8 Um þetta leyti fyrirskipaði
Guð Abraham að taka upp þá reglu, að umskera
öll sveinbörn og þannig staðfesta sáttmálann
milli sín og Abrahams og afkomenda hans.
Ísak, sonur Abrahams, var því umskorinn þegar
hann var átta daga gamall. Ísak eignaðist síðan
Jakob og Jakob varð faðir hinna tólf ættfeðra
Gyðingaþjóðarinnar. 9 Synir Jakobs öfunduðu
Jósef bróður sinn og seldu hann sem þræl til
Egyptalands. En Guð var með Jósef, 10 bjargaði
honum úr þrengingum hans og lét hann ná
vinsældum Egypta. Guð veitti Jósef einnig
óvenju mikinn vísdóm svo að Faraó gerði hann
landstjóra yfir öllu Egyptalandi og hirðstjóra
konungsættarinnar. 11 Þá varð hungursneyð
í Egyptalandi og Kanaan og upphófust mjög
erfiðir tímar fyrir forfeður okkar. Þegar allur
matur var á þrotum, 12 frétti Jakob að enn
væri til korn í Egyptalandi og sendi því syni
sína þangað til að kaupa korn. 13 Þegar þeir
komu þangað í annað sinn, sagði Jósef þeim
hver hann væri og kynnti bræður sína fyrir
Faraó. 14 Síðan sendi hann eftir Jakobi, föður
sínum, til þess að fá hann, bræður sína og
fjölskyldur þeirra – alls sjötíu og fimm manns –
til að flytjast til Egyptalands. 15 Þannig fluttist
Jakob til Egyptalands og þar dó hann og allir
synir hans. 16 Síðar voru þau öll flutt til Síkem
og jörðuð í grafreitnum sem Abraham hafði
keypt af sonum Hemors, föður Síkems. 17
Gyðingaþjóðinni fjölgaði mjög eftir því sem nær
dró þeirri stundu, er Guð ætlaði að uppfylla
loforðið, sem hann hafði gefið Abraham, en það
var að leysa afkomendur hans úr þrældómnum
í Egyptalandi. Sá sem var konungur Egypta á
þeim tíma skeytti engu um minningu Jósefs.
19 Hann beitti þjóð okkar brögðum og neyddi
foreldra til að bera út börn sín. 20 A þessum
tíma fæddist Móse. Hann var undurfagurt barn.
Foreldrar hans leyndu honum heima í þrjá
mánuði 21 og loks, þegar þau gátu ekki leynt
honum lengur, urðu þau að bera hann út. Þá
fann dóttir Faraós hann og tók hann að sér sem
sitt eigið barn. 22 Hún kenndi honum öll fræði
Egypta og hann varð voldugur í orði og verki.
23 Dag einn datt Móse í hug – þá fertugum – að
fara og heimsækja ættmenn sína, Ísraelsmenn.
24 Þá sá hann Egypta misþyrma Ísraelsmanni.
Hann vildi hefna ódæðisins og drap Egyptann.
25 Móse hélt, að Ísraelsmenn skildu að Guð hefði
sent hann þeim til hjálpar, en svo var ekki.
26 Daginn eftir heimsótti hann þá á ný og sá
þá tvo Ísraelsmenn í áflogum. Hann reyndi að
stilla til friðar og sagði: „Heyrið mig! Þið eruð
bræður og eigið ekki að slást svona. Það er
rangt!“ 27 Sá sem átti upptökin hrinti þá hinum
frá sér og spurði: „Hver gerði þig að leiðtoga
og dómara yfir okkur? 28 Ætlarðu kannski að
drepa mig eins og þú drapst Egyptann í gær?“
29 Við þessi orð flýði Móse til fjalla og settist
að í Midíanslandi. Þar eignaðist hann síðar tvo

syni. 30 Fjörutíu ár liðu og dag einn var hann
staddur í eyðimörkinni við Sínaífjallið. Birtist
honum þá engill í eldsloga, sem stóð upp úr
runna nokkrum. 31 Þegar Móse sá logann, varð
hann undrandi og hljóp að runnanum til að
kanna málið betur. Þá kallaði Guð til hans og
sagði: 32 „Ég er Guð feðra þinna – Abrahams,
Ísaks og Jakobs.“Móse varð hræddur og þorði
ekki að koma nær. 33 Þá sagði Drottinn við
hann: „Farðu úr skónum, því að staðurinn, sem
þú stendur á, er heilög jörð. 34 Ég hef séð neyð
þjóðar minnar í Egyptalandi og heyrt hróp
hennar. Ég ætla að leysa fólkið úr ánauðinni.
Komdu, ég ætla að senda þig til Egyptalands.“
35 Þannig sendi Guð þennan mann aftur til
þjóðar sinnar, sem áður hafði hafnað honum
með þessum orðum: „Hver gerði þig að leiðtoga
og dómara yfir okkur?“Og Móse var sendur til
að verða leiðtogi þeirra og lausnarmaður. 36
Með mörgum athyglisverðum kraftaverkum
leiddi hann Ísraelsmenn burt frá Egyptalandi,
yfir Rauðahafið og síðan fram og aftur um
eyðimörkina í fjörutíu ár. 37 Það var þessi Móse
sem sagði við Ísraelsmenn: „Guð mun reisa
upp spámann líkan mér á meðal ykkar.“ 38 Í
eyðimörkinni var Móse milligöngumaðurinn
– meðalgangari milli Ísraelsþjóðarinnar og
engilsins, sem á Sínaífjalli afhenti þeim lög Guðs
– hið lifandi orð. 39 En feður okkar höfnuðu
Móse og vildu snúa aftur til Egyptalands. 40 Þeir
sögðu við Aron: „Búðu til goð handa okkur, sem
getur flutt okkur til baka, því að við vitum ekki
hvað orðið hefur af þessum Móse, sem leiddi
okkur burt frá Egyptalandi.“ 41 Síðan bjuggu þeir
til kálfslíkneski og færðu því fórnir eins og það
væri Guð, og þeir glöddust yfir verki sínu. 42 Þá
sneri Guð sér frá þeim og leyfði þeim að fara sína
leið og tilbiðja sólina, tunglið og stjörnurnar. Í
spádómsbók Amosar spyr Guð: „Ísraelsmenn,
færðuð þið mér fórnirnar þessi fjörutíu ár í
eyðimörkinni? 43 Nei, hugur ykkar var hjá
heiðnu goðunum, hjá Mólok, hjá stjörnuguðnum
Refan og öllum hinum skurðgoðunum, sem
þið bjugguð til. Því ætla ég að senda ykkur í
ánauð austur til Babýlon.“ 44 Forfeður okkar
fluttu helgidóm sinn, tjaldbúðina, með sér á
ferðum sínum um eyðimörkina. Í tjaldbúðinni
geymdu þeir steintöflurnar, sem boðorðin
tíu voru skráð á. Tjaldbúðin var gerð eftir
nákvæmri fyrirmynd, sem engillinn sýndi Móse.
45 Mörgum árum seinna, þegar Jósúa náði
landinu af heiðingjunum, fluttu þeir hana með
sér og notuðu fram á daga Davíðs konungs. 46
Guð blessaði Davíð ríkulega. Hann bað Guð þess
að fá að byggja honum, Guði Jakobs, varanlegt
musteri, 47 en það verk kom í hlut Salómons. 48
En eitt er víst: Guð býr ekki í musterum sem
menn hafa byggt. „Himnarnir eru hásæti mitt
og jörðin er fótskör mín, “segir Drottinn með
orðum spámannanna, og hann spyr: „Hvers
konar hús getið þið byggt handa mér? Mundi
ég dvelja þar? 50 Var það ekki ég sem skapaði
bæði himin og jörð?“ 51 En þið, þið eruð engu
betri en heiðingjarnir, því að þið eruð harðir og
ósveigjanlegir! Ætlið þið líka að standa gegn
heilögum anda, eins og forfeður ykkar? 52
Nefnið mér einhvern spámann, sem forfeður
ykkar ofsóttu ekki? Þeir drápu meira að segja
þá, sem sögðu fyrir komu hins réttláta – Krists
– sem þið svikuð síðan og myrtuð! 53 Já, þið
fótumtroðið lög Guðs af ásettu ráði, enda þótt
þið hafið fengið þau úr höndum engla.“ 54
Þegar meðlimir ráðsins heyrðu þessar ásakanir
Stefáns, urðu þeir trylltir og gnístu tönnum
af reiði. 55 En Stefán horfði til himins, fylltur
heilögum anda og sá dýrð Guðs og Jesú standa
til hægri handar Guði. 56 „Sjáið!“sagði hann, „ég
sé himnana opna og Jesú, sem er Kristur, standa
við hægri hönd Guðs!“ 57 Þá æptu þeir til hans
ókvæðisorð, gripu fyrir eyrun og yfirgnæfðu
hann með hrópum sínum. 58 Síðan hröktu þeir
hann úr borginni og grýttu hann. Þeir, sem
vitni urðu að þessum atburði, eða framkvæmdu
aftökuna, fóru úr yfirhöfnum sínum og lögðu
þær við fætur ungs manns, sem Páll hét. 59
Þegar grjótið dundi á Stefáni bað hann: „Jesús,
tak þú við anda mínum.“ 60 Hann féll á kné
og hrópaði: „Drottinn, fyrirgefðu þeim þessa
synd!“og með þessi orð á vörum, dó hann.

8 Páli líkaði vel líflát Stefáns og þennan sama
dag hófst mikil ofsókn gegn kirkjunni í
Jerúsalem. Allir hinir trúuðu, nema postularnir,
flýðu þá út um byggðir Júdeu og Samaríu. 2
Nokkrir guðræknir Gyðingar tóku lík Stefáns
og grófu með miklum söknuði. 3 Páll varð
nú enn ákveðnari en áður í að útrýma hinum
trúuðu. Hann æddi um og fór jafnvel inn á
einkaheimili, dró þaðan bæði karla og konur
og lét varpa þeim í fangelsi. 4 Trúaða fólkið,
sem flúið hafði Jerúsalem, fór nú víða og boðaði
fagnaðarerindið um Jesú. 5 Filippus fór til

dæmis til borgarinnar í Samaríu og sagði fólkinu
þar frá Kristi. 6 Menn hlustuðu með athygli
á mál hans, 7 einkum vegna kraftaverkanna
sem hann vann. Margir illir andar voru reknir
út – þeir yfirgáfu fórnarlömb sín með miklum
óhljóðum. Fjöldi lamaðra og bæklaðra hlaut
einnig lækningu, 8 og sannkallaður fögnuður
ríkti í borginni. 9 Maður nokkur hét Símon.
Hann hafði verið galdramaður árum saman og
mjög áhrifamikill. Leit hann stórt á sig vegna
galdranna sem hann vann. Sumt fólk í Samaríu
talaði jafnvel um hann sem sinn Krist. 12 Nú
trúði fólkið hins vegar orðum Filippusar, að
Jesús væri Kristur. Einnig trúði það orðum
hans um guðsríkið og fjöldi karla og kvenna
tók skírn. 13 Símon tók líka trú, var skírður
og fylgdi síðan Filippusi hvert sem hann fór,
undrandi á kraftaverkunum sem hann vann. 14
Þegar postularnir í Jerúsalem fréttu að íbúar
Samaríu hefðu tekið við boðskap Guðs, sendu
þeir þangað Pétur og Jóhannes. 15 Við komuna
fóru þeir að biðja fyrir hinum nýkristnu, að
þeir mættu taka á móti heilögum anda, 16 því
að enn hafði hann ekki komið yfir neinn þeirra,
þó þeir hefðu verið skírðir í nafni Drottins Jesú.
17 Og Pétur og Jóhannes lögðu hendur yfir þá
sem trúðu, og fengu þeir þá heilagan anda. 18
Þegar Símon sá að fólkið hlaut heilagan anda
við handayfirlagningu postulanna, kom hann
með peninga og vildi kaupa þennan kraft. 19
„Leyfið mér líka að eignast þennan kraft, “bað
hann, „svo að ég geti einnig lagt hendur yfir
fólk og það fengið heilagan anda.“ 20 Pétur
svaraði: „Fé þitt verði að engu, né þú sjálfur,
fyrst þú heldur að hægt sé að kaupa gjöf Guðs
fyrir peninga! 21 Þú getur ekki tekið þátt í
þessu, því að þú ert ekki einlægur gagnvart
Guði. 22 Snúðu þér frá illsku þinni og biddu
Guð að fyrirgefa þér þessa vondu hugmynd
þína. 23 Ég finn að þú ert afbrýðisamur og
það er synd.“ 24 „Æ, biddu til Drottins fyrir
mér!“hrópaði Símon, „að ekkert af því komi
yfir mig, sem þú sagðir!“ 25 Þegar Pétur og
Jóhannes höfðu vitnað og predikað í Samaríu,
fóru þeir aftur til Jerúsalem. Á heimleiðinni
komu þeir við í nokkrum samverskum bæjum
og þar fluttu þeir einnig gleðiboðskapinn. 26 En
varðandi Filippus, þá sagði engill frá Drottni við
hann: „Farðu veginn sem liggur frá Jerúsalem
og niður til Gasa – hann liggur um eyðimörk
– og vertu kominn þangað um hádegisbilið.“
27 Það gerði hann og þá var þar á ferð sjálfur
fjármálaráðherra Eþíópíu. Sá var í miklu áliti hjá
Kandake Eþíópíudrottningu. Hann hafði farið
til Jerúsalem, til að biðjast fyrir í musterinu,
28 en var nú á heimleið í vagni sínum og las
upphátt úr spádómsbók Jesaja. 29 Þá sagði
heilagur andi við Filippus: „Flýttu þér til hans
og gakktu við hliðina á vagninum.“ 30 Filippus
hlýddi og þegar hann var kominn að vagninum,
heyrði hann hvað maðurinn var að lesa. „Skilur
þú þetta?“spurði Filippus. 31 „Nei, sannarlega
ekki.“svaraði maðurinn. „Hvernig ætti ég að
geta það? Ég hef engan til að útskýra það fyrir
mér.“Síðan bauð hann Filippusi að koma upp í
vagninn og setjast hjá sér. 32 Kaflinn, sem hann
var að lesa, var þannig: „Eins og lamb var hann
leiddur til slátrunar og eins og kind þegir hjá
þeim er klippir hana, þannig lauk hann ekki upp
munni sínum. 33 Hann var auðmýktur og réttur
hans frá honum tekinn. Endir var bundinn á ævi
hans – hver getur lýst illsku samtíðar hans?“ 34
Maðurinn spurði nú Filippus: „Átti Jesaja hér
við sjálfan sig eða einhvern annan?“ 35 Filippus
útskýrði þá ritningarstaðinn og benti honum
á marga aðra til að fræða hann um Jesú. 36
Þegar þeir höfðu ekið nokkurn spöl, komu þeir
að litlu vatni. „Sjáðu!“sagði maðurinn. „Þarna
er vatn. Getur þú ekki skírt mig hér?“ 37 „Jú,
það get ég, ef þú trúir af öllu hjarta, “svaraði
Filippus. Þá sagði hinn: „Ég trúi að Jesús Kristur
sé sonur Guðs.“ 38 Síðan stöðvaði hann vagninn,
þeir stigu út í vatnið og Filippus skírði hann.
39 Þegar þeir komu upp úr vatninu, hreif andi
Drottins Filippus burt, og maðurinn sá hann
ekki framar, en hélt leiðar sinnar fagnandi. 40
Seinna kom Filippus fram í Asdód, og einnig
þar flutti hann fagnaðarerindið, svo og í öllum
bæjum á leið sinni til Sesareu.

9 Páll hélt linnulaust áfram að útrýma kristnum
mönnum. Í ákafa sínum fór hann til
æðstaprestsins í Jerúsalem 2 og bað hann um
bréf, áritað til safnaða Gyðinga í Damaskus.
Í bréfinu var farið fram á aðstoð þeirra við
ofsóknir gegn þeim, sem þar væru kristnir,
körlum jafnt sem konum, svo að Páll gæti flutt
þau hlekkjuð til Jerúsalem. 3 Þegar Páll nálgaðist
Damaskus í þessum erindagjörðum, leiftraði
skyndilega um hann bjart ljós frá himni. 4
Hann féll til jarðar og heyrði rödd sem sagði:
„Páll, Páll! Hví ofsækir þú mig?“ 5 „Hver ert þú,

herra?“spurði Páll. Röddin svaraði: „Ég er Jesús,
sem þú ofsækir. 6 Stattu nú upp, farðu inn í
borgina og þar mun þér sagt verða hvað þú átt
að gera.“ 7 Fylgdarmenn Páls stóðu orðlausir af
undrun. Þeir heyrðu röddina, en sáu engan. 8
Þegar Páll staulaðist á fætur, varð honum ljóst
að hann var orðinn blindur. Það varð því að
leiða hann inn í Damaskus. Í þrjá daga var hann
blindur og át hvorki né drakk. 10 Í Damaskus
bjó kristinn maður, Ananías að nafni. Drottinn
talaði til hans í sýn og sagði: „Ananías!“„Já,
Drottinn, “svaraði hann. 11 „Farðu yfir í Strætið
beina, “sagði Drottinn, „heim til Júdasar, og
spurðu eftir Páli frá Tarsus. Þessa stundina er
hann á bæn. 12 Ég lét hann sjá sýn og í sýninni
komst þú, Ananías, til hans og lagðir hendur yfir
hann til að hann fengi aftur sjónina.“ 13 „Já, en
Drottinn!“hrópaði Ananías og varð mikið niðri
fyrir, „ég hef heyrt að þessi maður hafi valdið
þeim kristnu í Jerúsalem miklum hörmungum.
14 Auk þess höfum við frétt að hann hafi umboð
frá æðstu prestunum til að handtaka alla þá
sem hér eru kristnir!“ 15 „Farðu og gerðu eins
og ég segi þér, “sagði Drottinn. „Ég hef útvalið
Pál til að flytja þjóðum og konungum boðskap
minn, svo og Ísraelsmönnum, 16 og ég mun sýna
honum hve mikið hann verður að þjást mín
vegna.“ 17 Ananías fór og fann Pál, lagði hendur
sínar yfir hann og sagði: „Bróðir Páll, Drottinn
Jesús, sem birtist þér á veginum, sendi mig
hingað til þess að þú mættir fyllast heilögum
anda og fengir aftur sjónina.“ 18 Jafnskjótt fékk
Páll sjónina (það var eins og hreistur félli af
augum hans) og hann lét skírast þegar í stað. 19
Síðan mataðist hann og styrktist. Hann dvaldist
nokkra daga hjá bræðrunum í Damaskus 20 og
fór í samkomuhús Gyðinga þar í borginni. Þar
flutti hann öllum gleðiboðskapinn um Jesú og
sagði að Jesús væri sannarlega sonur Guðs. 21
Þeir sem hlustuðu, urðu forviða og spurðu: „Er
þetta ekki sá sem stóð fyrir ofsóknunum gegn
fylgjendum Jesú í Jerúsalem? Okkur skildist
að hann hefði komið hingað til að handtaka
hina kristnu og fara með þá í fjötrum til æðstu
prestanna.“ 22 En Páll varð stöðugt djarfari í
predikunum sínum og Gyðingarnir í Damaskus
gátu með engu móti hrakið röksemdir hans
um að Jesús væri Kristur. 23 Það leið því ekki á
löngu uns Gyðingarnir ákváðu að drepa hann.
24 Páll frétti af áformum þeirra. Þar á meðal því
að þeir hefðu njósnara við borgarhliðin allan
sólarhringinn, tilbúna að drepa hann. 25 Nokkrir
þeirra, sem hann hafði leitt til Krists, komu
honum út úr borginni nótt eina, með því að láta
hann síga í körfu út um op á borgarmúrnum.
26 Þegar Páll kom til Jerúsalem reyndi hann
að komast í samband við hina trúuðu, en þeir
forðuðust hann og héldu að þar væru svik í tafli.
27 Barnabas fór þá með hann til postulanna og
skýrði þeim frá hvernig Páll hefði séð Drottin
á leiðinni til Damaskus, hvað Drottinn hefði
sagt við hann og einnig hve djarflega hann
hefði predikað um Jesú. 28 Þá tóku þeir við
honum og eftir það var hann stöðugt með
hinum trúuðu 29 og predikaði djarflega í nafni
Drottins. Grískumælandi Gyðingar, sem hann
hafði deilt við, gerðu nú samsæri um að myrða
hann. 30 Trúaðir menn komust á snoðir um
þessa hættu, fórn með hann til Sesareu og
sendu hann þaðan til Tarsus, heimabæjar hans.
31 Um þessar mundir fékk kirkjan frið í Júdeu,
Galíleu og Samaríu og óx og styrktist. Hinir
trúuðu lærðu að ganga fram í undirgefni og
hlýðni við Drottin og hlutu uppörvun heilags
anda. 32 Pétur ferðaðist um og heimsótti kristið
fólk. Í einni ferð sinni kom hann til bæjarins
Lýddu. 33 Þar hitti hann mann sem hét Eneas.
Hann var lamaður og hafði legið rúmfastur í
átta ár. 34 Pétur gekk til hans og sagði: „Eneas!
Jesús Kristur hefur læknað þig. Farðu á fætur
og búðu um þig.“Og maðurinn læknaðist á
samri stundu. 35 Þegar íbúar Lýddu og Saron
sáu að Eneas gat gengið, sneru þeir sér allir
til Drottins. 36 Í bænum Joppe var kona að
nafni Dorkas (sem þýðir hind). Hún var kristin
og afar fús að hjálpa öðrum, þó sérstaklega
fátækum. 37 Um þessar mundir veiktist hún og
dó. Á meðan vinir hennar undirbjuggu útförina,
var líkið geymt í loftherbergi einu. 38 Þegar
þeir fréttu að Pétur væri í nágrannabænum
Lýddu, sendu þeir tvo menn til hans, til að biðja
hann um að koma til Joppe. 39 Pétur féllst á
það og þegar þangað kom, var farið með hann á
loftið, þar sem Dorkas lá. Herbergið var fullt
af grátandi ekkjum, sem voru að sýna hver
annarri yfirhafnir og flíkur, sem Dorkas hafði
gert handa þeim. 40 Pétur bað þær að yfirgefa
herbergið, síðan kraup hann og bað. Eftir það
sneri hann sér að líkinu og sagði: „Dorkas, rístu
upp!“Þá opnaði hún augun, 41 en Pétur rétti
henni höndina og reisti hana á fætur. Síðan
kallaði hann á trúaða fólkið og ekkjurnar og

sýndi þeim hana. 42 Fréttin barst um bæinn eins
og eldur í sinu og margir tóku trú á Drottin. 43
Svo fór að Pétur dvaldist allmarga daga í Joppe
og gisti hjá Símoni sútara.

10 Í Sesareu bjó rómverskur maður, Kornelíus,
og var hann foringi yfir ítalskri hersveit.
2 Hann var guðrækinn og ráðvandur og sömu
sögu var að segja um allt hans heimafólk.
Hann var örlátur við fátæka og þurfandi, og
mikill bænamaður. 3 Um þrjúleytið, dag einn,
sá hann sýn. Hann var glaðvakandi þegar
þetta gerðist. Hann sá engil Drottins koma
til sín og segja: „Kornelíus!“ 4 Kornelíus varð
hræddur, starði á engilinn og spurði: „Hvað
viltu, herra?“Engillinn svaraði: „Guð hefur ekki
gleymt bænum þínum og kærleiksverkum. 5
Sendu nú menn til Joppe til að hafa uppi á
manni, sem heitir Símon Pétur og dvelst hjá
Símoni sútara, en hann á heima niðri við sjóinn.
Biddu hann að koma og heimsækja þig.“ 7
Þegar engillinn var farinn, kallaði Kornelíus á
tvo þjóna og guðrækinn hermann – náinn vin
sinn. 8 Hann sagði þeim hvað gerst hafði og
sendi þá áleiðis til Joppe. 9 Um hádegisbilið
daginn eftir nálguðust mennirnir Joppe og um
líkt leyti fór Pétur upp á þak hússins til að
biðjast fyrir. Á þakinu fann Pétur til hungurs.
Meðan hann beið þar eftir matnum sá hann
sýn. 11 Hann sá himininn opnast og stóran
ferhyrndan dúk, sem hékk uppi á hornunum,
síga til jarðar. 12 Á dúknum voru alls konar
ferfætt dýr, snákar og fuglar (sem Gyðingum er
óheimilt að nota til matar). 13 Þá heyrði hann
rödd sem sagði: „Slátraðu því sem þú vilt og
borðaðu.“ 14 „Nei, Drottinn! Það geri ég ekki,
“sagði Pétur, „ég hef aldrei á ævi minni borðað
slíkar skepnur, enda er það bannað samkvæmt
lögum okkar Gyðinga.“ 15 Þá kom röddin aftur
og sagði: „Dirfist þú að rengja Guð? Ef hann
segir eitthvað leyfilegt, þá er það leyfilegt!“ 16
Þetta endurtók sig þrisvar sinnum, en síðan var
dúkurinn dreginn aftur upp til himins. 17 Pétur
var alveg ringlaður. Hvað gat þessi sýn eiginlega
þýtt, hugsaði hann, og hvað var honum ætlað
að gera? Rétt í því hafði mönnum Kornelíusar
tekist að finna húsið. Þeir stóðu fyrir utan
hliðið 18 og spurðu hvort Símon Pétur væri
þar. 19 Pétur var enn að velta fyrir sér sýninni,
þegar heilagur andi sagði við hann: „Hingað
eru komnir þrír menn, sem vilja finna þig. 20
Farðu niður, taktu á móti þeim og farðu síðan
með þeim. Hafðu engar áhyggjur, þeir eru á
mínum vegum.“ 21 Þá fór Pétur niður og sagði:
„Ég er maðurinn, sem þið eruð að leita að. Hvað
viljið þið mér?“ 22 Þeir sögðu honum þá frá
Kornelíusi, rómverska liðsforingjanum, sem
væri góður og guðrækinn maður, vel þokkaður
af Gyðingum og að engill hefði sagt honum hvað
hann ætti að gera. 23 Pétur bauð þeim inn og þar
gistu þeir um nóttina. Daginn eftir lagði hann af
stað með þeim til Joppe, ásamt nokkrum öðrum
trúuðum mönnum, 24 og þar næsta dag komu
þeir til Sesareu. Kornelíus átti von á Pétri og
hafði því kallað saman ættingja sína og vini, svo
þeir fengju líka að hitta hann. 25 Þegar Pétur
gekk inn féll Kornelíus til fóta honum og sýndi
honum lotningu. 26 „Stattu upp, maður!“sagði
Pétur, „ég er ekki Guð!“ 27 Síðan ræddust þeir
við stutta stund, en fóru því næst inn til hinna.
28 Pétur ávarpaði viðstadda með þessum orðum:
„Þið vitið, að það er andstætt lögum okkar
Gyðinga að ég komi inn á heimili heiðingja eins
og ég hef nú gert. En Guð opinberaði mér í sýn
að ég mætti aldrei fyrirlíta nokkurn mann. 29 Ég
kom því jafnskjótt og ég var beðinn. Segið mér
nú hvað þið viljið mér.“ 30 Kornelíus svaraði
og sagði: „Fyrir réttum fjórum dögum var ég
á bæn, eins og ég er vanur á þessum tíma
dags. Þá stóð skyndilega maður fyrir framan
mig og það lýsti af honum! 31 Hann sagði við
mig: „Kornelíus, Guð hefur ekki gleymt bænum
þínum né kærleiksverkum. 32 Nú skaltu senda
menn til Joppe og boða til fundar við þig Símon
Pétur, sem er staddur á heimili Símonar sútara
niðri við sjóinn.“ 33 Ég sendi því strax eftir
þér og þú gerðir vel að koma svona fljótt. Nú
erum við hér frammi fyrir Drottni og bíðum
þess, fullir eftirvæntingar, að heyra það sem
hann vill að þú segir okkur.“ 34 „Mér er orðið
ljóst, “svaraði Pétur, „að Guð tekur ekki Gyðinga
fram yfir aðra menn. 35 Hann tekur vel á móti
hverjum þeim sem tilbiður hann og lætur trú
sína birtast í grandvarleik og góðum verkum. 36
Ég er viss um að þið hafið heyrt gleðiboðskapinn
sem barst Ísraelsþjóðinni – að við getum sæst
við Guð fyrir trú á Jesú Krist, hann sem er
Drottinn allra. Þessi boðskapur barst frá Galíleu
og um alla Júdeu á dögum Jóhannesar skírara.
38 Eflaust vitið þið líka, að Guð smurði Jesú frá
Nasaret með heilögum anda og krafti. Hann fór
víða, vann kærleiksverk og græddi alla, sem

undirokaðir voru af djöflinum, því að Guð var
með honum. 39 Við postularnir erum vottar
alls þess sem hann gerði í Ísrael og Jerúsalem,
þar sem hann var síðar deyddur á krossi. 40 Að
þrem dögum liðnum reisti Guð hann upp frá
dauðum og lét hann birtast – ekki almenningi –
heldur okkur, vottunum, sem hann hafði útvalið
áður. Við átum og drukkum með honum eftir
upprisu hans. 42 Síðan sendi hann okkur til
að boða gleðiboðskapinn og bera því vitni, að
hann sé settur af Guði til að vera dómari allra,
bæði lifandi og dauðra. 43 Spámennirnir hafa
líka skrifað um hann, allir sem einn, og sagt
að hver sem á hann trúi, muni hans vegna, fá
fyrirgefningu syndanna." 44 Meðan Pétur var
að tala, kom heilagur andi allt í einu yfir þá
sem hlustuðu. 45 Gyðingarnir, sem komu með
Pétri, urðu forviða! Þeir áttu ekki von á að gjöf
heilags anda hlotnaðist einnig heiðingjunum.
46 En hér var ekki um að villast, því þeir heyrðu
þá tala tungum og lofa Guð! Þá spurði Pétur:
„Hafið þið nokkuð á móti því að við skírum
þá, fyrst þeir hafa tekið á móti heilögum anda
á sama hátt og við?" 48 Síðan voru þeir allir
skírðir í nafni Jesú Krists og að því loknu bað
Kornelíus hann að dvelja hjá sér nokkra daga.

11 Ekki leið á löngu uns postulunum og öðrum
bræðrum í Júdeu, bárust fréttirnar um að
heiðingjar hefðu einnig snúist til trúar. 2 Þegar
Pétur kom aftur til Jerúsalem, tóku kristnu
Gyðingarnir að ásaka hann og sögðu: 3 „Þú
hafðir samskipti við heiðingja, þú borðaðir
meira að segja með þeim!" 4 Pétur ákvað að
skýra þeim frá málavöxtum og sagði: 5 „Dag
einn var ég á bæn í Joppe. Þá fékk ég vitrun. Ég
sá stóran ferhyrndan dúk, sem seig niður frá
himni. 6 Á dúknum voru alls konar skepnur,
sem okkur er bannað að borða, ferfætlingar,
skriðdýr og fuglar. 7 Þá heyrði ég rödd sem
sagði: „Slátraðu því sem þú vilt þér til matar."
8 „Nei, Drottinn! það geri ég ekki, "svaraði ég.
„Ég hef aldrei borðað neitt, sem bannað er
samkvæmt lögum okkar Gyðinga." 9 En röddin
kom aftur: „Dirfist þú að mæla á móti því sem
Guð segir?" 10 Þetta gerðist þrisvar sinnum,
en síðan hvarf dúkurinn til himins, ásamt öllu
sem á honum var. 11 Rétt í því komu þrír
menn að húsinu, þar sem ég dvaldi, og vildu
fá mig með sér til Sesareu. 12 Heilagur andi
sagði mér að fara með þeim og vera ekkert
kvíðinn þótt þeir væru heiðingjar. Þessir sex
bræður urðu mér samferða. Nú, við komum svo
að húsinu, sem sá bjó í, sem sent hafði eftir
mér. 13 Hann sagði okkur að engill hefði birst
sér og sagt að hann ætti að senda mann til
Joppe, til að hafa upp á Símoni Pétri. 14 Auk
þess sagði engillinn: „Þau orð sem hann flytur
þér, munu verða þér til eilífs lífs og öllu þínu
heimafólki." 15 Síðan fór ég að útskýra fyrir
þeim gleðiboðskapinn. En ég var varla byrjaður
á ræðunni, þegar heilagur andi kom yfir þá,
alveg eins og yfir okkur í upphafi. 16 Þá minntist
ég orða Drottins: „Jóhannes skírði með vatni, en
þið skuluð skírðir með heilögum anda." 17 Fyrst
það var Guð sem gaf þessum heiðingjum sömu
gjöf og okkur, þegar við trúðum Drottni Jesú
Kristi, hvað gat ég þá sagt?" 18 Þegar viðstaddir
heyrðu þetta þögnuðu öll mótmæli og þeir
lofuðu Guð. „Já!"sögðu þeir glaðir. „Guð hefur þá
líka miskunnað heiðingjunum og leyft þeim að
snúa sér til sín, og eignast eilíft líf." 19 Kristnir
menn, sem flúið höfðu Jerúsalem í ofsóknunum
eftir dauða Stefáns, fóru víða, jafnvel alla leið
til Fönikíu, Kýpur og Antíokkíu. Alls staðar
boðuðu þeir fagnaðarerindið, en þó aðeins
Gyðingum. 20 Þó voru nokkrir, sem fóru til
Antíokkíu frá Kýpur og Kýrene, sem vitnuðu um
Drottin Jesú fyrir Grikkjum. 21 Drottinn blessaði
starf þeirra, svo að fjöldi heiðingja snerist til
trúar. 22 Þegar söfnuðurinn í Jerúsalem frétti
af þessu, var Barnabas sendur til Antíokkíu til
aðstoðar þessum nýju trúsystkinum. 23 Þegar
hann kom þangað sá hann hve undursamlega
hluti Guð var að gera og gladdist innilega.
Hvatti hann kristna menn til að halda sér að
Drottni og láta ekkert aftra sér. 24 Barnabas
var góður maður, fylltur heilögum anda og
sterkur í trúnni. Ekki leið á löngu uns mikill
fjöldi fólks gekk Drottni á hönd. 25 Eftir þetta
fór Barnabas áfram til Tarsus, til að hafa uppi á
Páli. 26 Þegar hann hafði fundið hann, fór hann
með hann til Antíokkíu og þar dvöldust þeir í
heilt ár og fræddu þá sem voru nýir í trúnni.
Það var í Antíokkíu sem hinir trúuðu voru fyrst
kallaði kristnir. 27 Um þessar mundir komu
nokkrir spámenn frá Jerúsalem til Antíokkíu.
28 Einn þeirra, Agabus að nafni, stóð þá upp á
samkomu og flutti boðskap, sem heilagur andi
blés honum í brjóst. Spádómurinn fjallaði um
að mikil hungursneyð myndi koma yfir heiminn
(þetta rættist á valdatíma Kládíusar). 29 Kristnir

menn ákváðu því að senda hjálp til trúsystkina
sinna í Júdeu og gefa hver um sig eftir efnum
sínum. 30 Þetta var gert og Barnabasi og Páli
falið að koma gjöfinni í hendur forystumanna
safnaðarins í Jerúsalem.

12 Um þetta leyti tók Heródes konungur að
ofsækja söfnuðinn í Jerúsalem 2 og lét hann
taka Jakob postula (bróður Jóhannesar) af lífi. 3
Þegar Heródes sá að leiðtogum Gyðinga líkaði
þetta vel, lét hann handtaka Pétur, meðan á
páskahátíðinni stóð, 4 og varpa honum í fangelsi.
Þar var Péturs gætt af sextán hermönnum.
Ætlun Heródesar var að koma Pétri í hendur
Gyðingunum og láta taka hann af lífi þegar
páskarnir væru liðnir. 5 Meðan Pétur var í
fangelsinu var söfnuðurinn stöðugt í bæn til
Guðs fyrir honum. 6 Kvöldið áður en aftakan
átti að fara fram svaf Pétur þar sem hann lá
hlekkjaður milli tveggja hermanna. Aðrir verðir
voru úti fyrir fangelsisdyrunum. 7 Skyndilega
birti í klefanum. Engill frá Drottni var kominn
og stóð hjá Pétri. Engillinn ýtti við honum, vakti
hann og sagði: „Fljótur! Á fætur með þig!“Þá
féllu handjárnin af Pétri. 8 „Klæddu þig, farðu í
skóna og yfirhöfnina og eltu mig!“sagði hann.
Pétur hlýddi. 9 Pétur yfirgaf klefann og fylgdi
englinum. Hann hélt að annað hvort væri þetta
draumur eða vitrun – hann trúði ekki að þetta
væri raunveruleiki. 10 Þeir gengu nú fram hjá
fyrstu og síðan annarri varðsveit fangelsisins og
komu að járnhliðinu við götuna, sem opnaðist
af sjálfu sér! Þeir gengu út á götuna og fram
með húsaröðinni, en þá hvarf engillinn. 11
Skyndilega áttaði Pétur sig á hvað gerst hafði.
„Þetta er þá raunveruleiki!“sagði hann við
sjálfan sig. „Drottinn hefur sent engil og bjargað
mér úr höndum Heródesar og frá áformum
Gyðinganna.“ 12 Eftir stutta umhugsun ákvað
hann að fara heim til Maríu, móður Jóhannesar
Markúsar, en þar voru margir samankomnir
til að biðja, 13 Hann barði að dyrum og fór
þá stúlka, Róde að nafni, fram til að opna.
14 Þegar hún heyrði að þetta var Pétur varð
hún afar glöð og hljóp aftur inn til að segja
öllum að Pétur stæði fyrir utan. 15 En þau
trúðu henni ekki og sögðu: „Þú ert ekki með
öllum mjalla!“En hún sat föst við sinn keip. Þá
sagði einhver: „Þetta hlýtur þá að vera engill
hans.“ 16 Meðan á þessum samræðum stóð hélt
Pétur áfram að berja og þegar þau fóru fram
og opnuðu, urðu þau orðlaus af undrun. 17
Hann gaf þeim merki um að hafa ekki hátt og
sagði frá hvað gerst hafði, hvernig Drottinn
hefði leyst hann úr fangelsinu og bætti svo við:
„Segið Jakobi og hinum frá þessu.“Því næst
fór hann burt á öruggari stað. 18 Þegar birti
komst allt í uppnám í fangelsinu. Hvað var
orðið af Pétri? 19 Heródes hafði sent menn til
að sækja hann, en þegar hann fannst ekki lét
hann handtaka verðina sextán, dró þá fyrir
rétt og lét lífláta þá. Eftir það fór hann til
Sesareu og dvaldist þar um hríð. 20 Meðan
Heródes var í Sesareu kom þangað sendinefnd
frá Týrus og Sídon til fundar við hann. Honum
var meinilla við íbúa þessara borga og því komu
þeir sér í mjúkinn hjá Blastusi, ritara hans,
og fóru fram á friðsamleg samskipti, því að
borgir þeirra áttu mikið undir verslun við land
Heródesar. 21 Sendinefndin fékk loforð um
fund með Heródesi og þegar stundin nálgaðist,
klæddist hann konungsskrúða sínum, settist í
hásætið og ávarpaði þá. 22 Að ræðunni lokinni
hrópaði fólkið af fögnuði: „Þetta var ekki rödd
manns – heldur Guðs!“ 23 Samstundis lagði
engill frá Drottni sjúkdóm á Heródes, svo hann
fylltist af ormum og lést. Ástæðan var sú að
hann leyfði fólkinu að tilbiðja sig, en gaf Guði
ekki dýrðina. 24 Fagnaðarerindi Guðs breiddist
nú hratt út og margir snerust til trúar. 25 Strax
og Barnabas og Páll höfðu lokið erindi sínu í
Jerúsalem, sneru þeir aftur til Antíokkíu og
tóku Jóhannes Markús með sér þangað.

13 Meðal predikara og kennara í söfnuðinum
í Antíokkíu voru þessir: Barnabas, Símeon
(einnig kallaður Niger eða „svarti maðurinn“),
Lúkíus (frá Kýrene), Manaen (uppeldisbróðir
Heródesar konungs) og Páll. 2 Dag einn, þegar
menn þessir tilbáðu Guð og föstuðu, sagði
heilagur andi: „Takið Barnabas og Pál frá til
þess verkefnis sem ég hef ætlað þeim.“ 3 Eftir
enn frekari föstu og bæn lögðu þeir hendur
yfir þá og sendu þá af stað. 4 Samkvæmt
ábendingu heilags anda fóru þeir til Selevkíu
og sigldu þaðan til Kýpur. 5 Í borginni Salamis
predikuðu þeir í samkomuhúsi Gyðinganna.
Jóhannes Markús var aðstoðarmaður þeirra í
þessari ferð. 6 Síðan fóru þeir um alla eyjuna
og predikuðu í hverjum bænum á fætur öðrum
þar til þeir komu loks til Pafos. Þar hittu þeir
Gyðing, falsspámann, sem fékkst við galdra.

Hét hann Barjesús. Hann hafði komið sér vel
við landstjórann, Sergíus Pál, sem var greindur
maður og hafði skilning á ýmsu. Landstjórinn
bauð Barnabasi og Páli til sín, því að hann
langaði til að heyra boðskapinn frá Guði. 8
Töframaðurinn Elýmas (en það var hið gríska
nafn hans) reyndi að trufla fundinn. Hann
hvatti landstjórann til að taka ekki mark á
orðum Páls og Barnabasar og reyndi þannig að
koma í veg fyrir að hann tæki trú á Drottin,
9 Þá hvessti Páll augun á töframanninn og
sagði fylltur heilögum anda: 10 „Þú sonur
Satans, þú ert fullur af svikum og óþokkaskap,
óvinur alls sem gott er. Hvenær ætlar þú að
hætta andstöðu þinni gegn Drottni? 11 Nú mun
Drottinn refsa þér og þú verður blindur um
tíma.“Þegar í stað tók sjón töframannsins að
dvína og eftir stutta stund var hann orðinn
algjörlega blindur. Hann ráfaði um og sárbað
viðstadda að leiða sig. 12 Þegar landstjórinn sá
hvað gerðist, tók hann trú og undraðist kraftinn
sem fylgdi boðskap Guðs. 13 Eftir þetta fóru
Páll og félagar hans með skipi frá Pafos yfir
til hafnarborgarinnar Perge í Litlu-Asíu. Þar
yfirgaf Jóhannes þá og fór heim til Jerúsalem, 14
en Barnabas og Páll héldu áfram til Antíokkíu,
sem var borg í héraðinu Pisidíu. Á helgideginum
fóru þeir í samkomuhús Gyðinga til að vera við
guðsþjónustu. 15 Þegar lokið var venjulegum
lestri úr ritum Móse og spámannanna, lét sá
sem annaðist guðsþjónustuna senda þeim þessi
skilaboð: „Bræður, ef þið hafið eitthvað að segja
til uppbyggingar, leyfið okkur þá að heyra.“ 16
Páll stóð upp, heilsaði og sagði: „Ísraelsmenn
og þið aðrir sem tignið Guð. Fyrst langar mig að
rifja upp smákafla úr sögu þjóðar okkar. 17 Guð
Ísraelsþjóðarinnar útvaldi forfeður okkar og hóf
þá til virðingar í Egyptalandi með því að losa
þá úr ánauðinni þar, á undursamlegan hátt. 18
Síðan annaðist hann þá þau fjörutíu ár sem þeir
voru á ferli um eyðimörkina, 19 útrýmdi sjö
þjóðum í Kanaanslandi og gaf Ísraelsmönnum
land þeirra til ævinlegrar eignar. Eftir það
ríktu dómararnir í um 450 ár en svo kom
Samúel spámaður. 21 Þá bað þjóðin Guð um
konung og hann gaf þeim Sál Kísson, mann af
Benjamínsætt, og hann ríkti í fjörutíu ár. 22 En
Guð setti hann af og gerði Davíð að konungi í
hans stað. Guð sagði um Davíð: „Davíð Ísaíson
er maður mér að skapi, því að hann mun hlýða
mér.“ 23 Einn af afkomendum Davíðs er Jesús,
og hann er frelsarinn, sem Guð hafði lofað að
gefa Ísrael. 24 En áður en Jesús kom, boðaði
Jóhannes skírari að allir í Ísrael þyrftu að snúa
sér frá syndum sínum og til Guðs. 25 Um líkt
leyti og Jóhannes var að ljúka köllunarverki
sínu, spurði hann: „Haldið þið að ég sé Kristur?
Nei! En hann kemur fyrr en varir og ég er
lítils virði samanborið við hann.“ 26 Bræður!
– synir Abrahams og þið aðrir sem tignið
Guð – þetta hjálpræði er fyrir okkur öll! 27
Gyðingarnir í Jerúsalem og leiðtogar þeirra
þekktu hann ekki og skildu ekki að hann væri
sá, sem spámennirnir höfðu ritað um, enda
þótt þeir heyrðu lesið úr ritum spámannanna
á hverjum helgidegi. Þeir tóku hann af lífi og
uppfylltu þar með spádómana. 28 Þeir höfðu
enga ástæðu til að lífláta hann en samt sem
áður heimtuðu þeir að hann yrði deyddur. 29
Þegar þeir höfðu uppfyllt alla spádómana um
dauða hans, var hann tekinn af krossinum og
lagður í gröf. 30 En Guð reisti hann upp frá
dauðum! 31 Mennirnir, sem höfðu orðið honum
samferða frá Galíleu til Jerúsalem, sáu hann
oftsinnis næstu daga á eftir og nú eru þessir
menn vottar hans meðal þjóðarinnar. 32 Við
Barnabas erum hingað komnir til að flytja ykkur
þær gleðifréttir, að fyrirheit Guðs, sem hann
gaf forfeðrum okkar, hafa ræst á okkar dögum,
er hann reisti Jesú upp frá dauðum. Um þetta
fjallar annar sálmurinn en þar stendur svo um
Jesú: „Þú ert sonur minn, ég gat þig í dag.“ 34
Guð hafði einmitt heitið því að reisa hann frá
dauðum, svo hann þyrfti aldrei að deyja upp
frá því. Þannig stendur um þetta í Biblíunni:
„Ég mun láta hin heilögu og órjúfanlegu loforð,
sem ég gaf Davíð, rætast á meðal ykkar.“ 35 Í
enn öðrum sálmi skýrir hann þetta nánar og
segir: „Guð mun ekki láta sinn heilaga verða
rotnun að bráð.“ 36 Þessi orð áttu ekki við
Davíð, því að hann dó, var lagður í gröf og
líkami hans rotnaði, þegar hann hafði þjónað
kynslóð sinni eins lengi og Guð vildi. 37 Nei,
þessi orð áttu við annan – þann sem Guð vakti
upp frá dauðum og ekki rotnaði líkami hans.
38 Vinir, takið eftir! Hjá þessum manni, Jesú,
getið þið fengið fyrirgefningu synda ykkar. 39
Hver sá, sem trúir á hann, fær fyrirgefningu
allra synda sinna og verður réttlátur – saklaus
– í augum Guðs – nokkuð sem lög Gyðinga gátu
aldrei komið til leiðar. 40 Gætið ykkar! Látið
ekki orð spámannanna rætast á ykkur er þeir

sögðu: 41 „Þið sem hallmælið sannleikanum,
takið eftir: Það er úti um ykkur, því að á ykkar
dögum mun ég vinna verk, sem þið munduð alls
ekki trúa, þótt einhver segði ykkur frá því.““ 42
Þegar fólkið yfirgaf samkomuhúsið þennan dag,
bað það Pál að koma þangað aftur eftir viku. 43
Margir Gyðingar og guðræknir heiðingjar, sem
sóttu guðsþjónustur í samkomuhúsinu, fylgdu
Páli og Barnabasi niður götuna og hlustuðu
á hvatningu þeirra að taka á móti miskunn
Guðs, sem þeim stæði til boða. 44 Að viku
liðinni kom nær allur bærinn saman til að
hlusta á þá predika Guðs orð. 45 Þegar leiðtogar
Gyðinga sáu allt fólkið, sem flest var heiðingjar,
urðu þeir mjög gramir og formæltu Páli og
öllu því sem hann hafði að segja. 46 Þá sögðu
Páll og Barnabas ákveðnir: „Rétt var að þið
Gyðingarnir fengjuð fyrst að heyra þennan
fagnaðarboðskap, en fyrst þið hafnið honum
og sýnið þar með að þið séuð ekki verðir eilífs
lífs, þá munum við snúa okkur til heiðingjanna.
(aiōnios g166) 47 Það var einmitt skipun Drottins,
þegar hann sagði: „Ég hef sett þig til að vera
ljós heiðinna þjóða og flytja hjálpræðið til ystu
endimarka jarðarinnar.““ 48 Þegar heiðingjarnir
heyrðu þetta urðu þeir mjög glaðir og tóku
fegins hendi við boðskap Páls. Allir þeir, sem
vildu eignast eilíft líf, tóku trú, (aiōnios g166) 49 og
eftir það breiddist orð Guðs um allt héraðið.
50 En leiðtogar Gyðinga æstu upp guðræknar
konur og fyrirmenn bæjarins, vöktu þannig
múgæsingu gegn Páli og Barnabasi og hröktu
þá út fyrir bæinn. 51 Þá hristu Páll og Barnabas
rykið af fótum sér – til vitnis gegn borginni og
lögðu af stað til bæjarins Íkóníum, 52 en þeir
sem trú höfðu tekið, fylltust gleði og heilögum
anda.

14 Páll og Barnabas fóru nú til samkomuhúss
Gyðinga í Íkóníum og predikuðu með
slíkum krafti að margir, bæði Gyðingar og
heiðingjar, tóku trú. 2 En þeir Gyðingar, sem
höfnuðu og fyrirlitu boðskapinn frá Guði, töluðu
illa um Pál og Barnabas og æstu heiðingjana
gegn þeim. 3 Þarna dvöldust þeir þó í langan
tíma og predikuðu djarflega og Drottinn sjálfur
sýndi að hann var í verki með þeim – hann lét
þá gera mikil kraftaverk. 4 Bæjarbúar skiptust í
tvo hópa, sumir fylgdu leiðtogum Gyðinganna,
en aðrir studdu postulana. 5 Þegar Páll og
Barnabas komust á snoðir um að heiðingjar
og Gyðingar, ásamt leiðtogum þeirra, ætluðu
að æsa til uppþots gegn þeim og láta grýta
þá, flýðu þeir til bæjanna Lýstru og Derbe
í Lýkaóníu 7 og predikuðu gleðiboðskapinn
þar og í grenndinni. 8 Í Lýstru var maður
sem var bæklaður frá fæðingu og hafði aldrei
getað gengið. 9 Maður þessi hlustaði á Pál
predika og sá Páll að hann hafði trú til að
geta orðið heilbrigður. 10 Páll kallaði til hans:
„Stattu upp!“Þá spratt maðurinn á fætur og
gekk um. 11 Þegar fólkið sá þetta hrópaði það
á eigin mállýsku: „Guðirnir eru komnir niður
til okkar í mannslíki!“ 12 Töldu þeir Barnabas
vera gríska guðinn Seif en Pál vera Hermes,
því hann hafði orð fyrir þeim. 13 Presturinn í
hofi Seifs, sem var fyrir utan bæinn, kom nú
að hliðum bæjarins með naut, blóm og kransa.
Hann ætlaði ásamt fólkinu að fórna þessu til
Páls og Barnabasar. 14 En þegar þeir sáu hvað
verða vildi, urðu þeir undrandi og reiðir, hlupu
inn í mannþröngina og hrópuðu: 15 „Hvað eruð
þið að gera? Við erum bara venjulegir menn
eins og þið! Við komum hingað til að flytja
ykkur þann gleðiboðskap að nú getið þið hætt
að tilbiðja þessa heimskulegu hluti, en þess
í stað tilbeðið hinn lifandi Guð, sem skapaði
himin, jörð og haf og allt sem í þeim er. 16
Öldum saman hefur hann leyft þjóðunum að
fara sínar eigin leiðir, 17 en samt skildi hann
eftir vitnisburð um sjálfan sig – vitnisburð sem
alltaf hefur sést. Hér á ég við allt hið góða
sem hann hefur gert, til dæmis það að senda
ykkur regn og góða uppskeru, ykkur til gleði og
næringar.“ 18 Það var rétt með naumindum að
Páli og Barnabasi tækist með þessum orðum að
koma í veg fyrir að fólkið færði þeim fórnir. 19
Örfáum dögum síðar komu nokkrir Gyðingar
frá Antíokkíu og Íkóníum. Þeir æstu múginn
svo upp að Páll var grýttur og dreginn út fyrir
borgina, látinn að því er virtist. 20 Þá söfnuðust
hinir trúuðu saman umhverfis hann og reis
hann þá á fætur og gekk inn í bæinn. Daginn
eftir fór hann þaðan til Derbe ásamt Barnabasi.
21 Eftir að hafa boðað fagnaðarerindið þar og
gert marga að lærisveinum, sneru þeir aftur til
Lýstru, Íkóníum og Antíokkíu. 22 Þar styrktu
þeir hina trúuðu og hvöttu þá til að vera stöðuga
í trúnni, þrátt fyrir ofsóknir. Minntu þá á, að
áður en þeir kæmust til himna, yrðu þeir að
ganga í gegnum margar þrengingar. 23 Páll og
Barnabas létu nú hvern söfnuð um sig kjósa

sér forstöðumenn, sem þeir kölluðu öldunga.
Síðan föstuðu þeir, báðu fyrir þeim og fólu þá
umsjá þess Drottins, sem þeir höfðu sett traust
sitt á. 24 Á heimleiðinni fóru þeir um Pisidíu og
Pamfýlíu 25 og predikuðu aftur í Perge, en héldu
síðan áfram til Attalíu. 26 Loks fóru þeir með
skipi áleiðis til Antíokkíu, en þaðan höfðu þeir
lagt upp í ferðina, og þar höfðu þeir verið faldir
Guði til þess verks, sem þeir nú höfðu lokið.
27 Við heimkomuna kölluðu þeir söfnuðinn
saman, gerðu grein fyrir ferðinni og sögðu frá
því að Guð hefði einnig opnað heiðingjunum
dyr trúarinnar. 28 Eftir það dvöldust þeir lengi
meðal lærisveinanna í Antíokkíu.

15 Meðan Páll og Barnabas voru í Antíokkíu
komu þangað nokkrir menn frá Júdeu.
Sögðu þeir við lærisveinana að þeir yrðu ekki
hólpnir, nema þeir hlýddu hinni ævafornu venju
Gyðinga að láta umskerast. 2 Páll og Barnabas
rökræddu við þá fram og aftur og loks sendi
söfnuðurinn þá til Jerúsalem, ásamt nokkrum
heimamönnum, til að ræða mál þetta við
postulana og öldungana þar. 3 Allur söfnuðurinn
fylgdi þeim út fyrir borgina, en þeir héldu síðan
áfram til Jerúsalem. Þeir komu við í borgum
í Fönikíu og Samaríu, heimsóttu þar kristna
menn og sögðu þeim – öllum til mikillar gleði
– að heiðingjar hefðu einnig snúist til trúar.
4 Þegar þeir komu til Jerúsalem, var þeim vel
tekið af postulunum, öldungunum og reyndar
öllum söfnuðinum. Skýrðu þeir frá hverju Guð
hafði komið til leiðar með starfi þeirra. 5 Þá
stóðu upp nokkrir menn, fyrrverandi farísear,
og sögðu að allir heiðingjar, sem tækju kristna
trú, yrðu að láta umskerast og hlýða lögum
Móse í einu og öllu. 6 Postularnir og öldungar
safnaðarins, héldu eftir þetta annan fund og
reyndu að fá niðurstöðu í málið. 7 Eftir langar og
strangar umræður stóð Pétur upp og ávarpaði
fundarmenn: „Bræður, ykkur er öllum ljóst að
Guð valdi mig fyrir löngu úr ykkar hópi til
að flytja heiðingjunum fagnaðarerindið, svo
að þeir eignuðust trúna eins og við. 8 Guð,
sem þekkir hjörtu mannanna, staðfesti það
að hann tæki á móti heiðingjunum, með því
að gefa þeim heilagan anda eins og okkur. 9
Hann gerði engan greinarmun á þeim og okkur,
því að hann hreinsaði líf þeirra með trúnni á
sama hátt og líf okkar. 10 Ætlið þið nú að fara
að leiðrétta Guð með því að leggja þá byrði á
heiðingjana, sem hvorki við né forfeður okkar
hafa megnað að bera? 11 Trúið þið því ekki,
eða hvað, að við frelsumst öll fyrir það sama:
Fyrir óverðskuldaða náð Drottins Jesú?“ 12
Þegar enginn svaraði, tóku Barnabas og Páll að
segja frá kraftaverkunum, sem Guð hafði látið
þá vinna meðal heiðingjanna. 13 Þegar þeir
höfðu lokið máli sínu stóð Jakob upp og sagði:
„Bræður, takið eftir. 14 Nú hefur Pétur sagt
ykkur frá því þegar Guð vitjaði heiðingjanna í
fyrsta skipti og gerði nafn sitt dýrlegt meðal
þeirra. 15 Þetta afturhvarf heiðingjanna er í
samræmi við það sem spámennirnir hafa sagt.
Hlustið til dæmis á þennan kafla hjá Amosi: 16
Svo segir Drottinn: „Og ég mun snúa aftur og
endurnýja sáttmálann við Davíð, sem rofinn
var, 17 svo að heiðingjarnir finni mig einnig
– allir þeir sem nafn mitt hefur verið nefnt
yfir.“ 18 Þetta eru orð Drottins, sem opinberar
fyrirætlanir sínar, sem hann gerði í upphafi. (aiōn
g165) 19 Samkvæmt því er úrskurður minn þessi:
Við skulum ekki krefjast þess af heiðingjunum,
sem snúa sér til Guðs, að þeir haldi lög Gyðinga.
20 Þó skulum við senda þeim bréf og biðja þá
að neyta ekki kjöts, sem fórnað hefur verið
til skurðgoða. Biðjum þá einnig að forðast
allt kynsvall, neyslu blóðs og kjöts af dýrum,
sem hafa kafnað. 21 Enda hefur verið predikað
gegn þessu í samkomuhúsum Gyðinga í hverri
borg, hvern helgidag, öld eftir öld.“ 22 Þá kusu
postularnir, öldungarnir og allur söfnuðurinn
fulltrúa til að senda til Antíokkíu, með þeim Páli
og Barnabasi, til að kunngjöra þessa niðurstöðu.
Þeir sem valdir voru til ferðarinnar voru Júdas
(einnig kallaður Barsabbas) og Sílas, en þeir
voru í miklum metum hjá söfnuðinum. 23
Bréfið, sem þeir höfðu meðferðis, var þannig:
„Frá: Postulum, öldungum, og trúsystkinum í
Jerúsalem. Til: Safnaðanna í Antíokkíu, Sýrlandi
og Kilikíu, sem áður voru heiðingjar. Komið þið
sæl! 24 Okkur hefur skilist að trúaðir menn,
sem héðan hafa komið, hafi valdið ykkur kvíða
og dregið í efa að þið væruð hólpin. Við viljum
hér með segja ykkur að þessir menn voru ekki
á okkar vegum. 25 Við höfum rætt málið og
komist að sameiginlegri niðurstöðu. Því fannst
okkur rétt að senda ykkur þessa tvo fulltrúa
okkar með bræðrunum elskuðu, Barnabasi og
Páli, 26 sem hafa lagt líf sitt í hættu fyrir Jesú
Krist. 27 Þessir menn – Júdas og Sílas – munu
kunngjöra ykkur svar okkar við spurningu

ykkar. 28 Okkur ásamt heilögum anda fannst
rétt að íþyngja ykkur ekki meira en nauðsynlegt
er með lögum Gyðinga. Þið ættuð þó að forðast
að neyta – í fyrsta lagi kjöts af dýrum, sem
fórnað hefur verið skurðgoðum, í öðru lagi
kjöts af dýrum, sem hafa kafnað, en ekki látið
blæða út, og í þriðja lagi ættuð þið að forðast
allt kynsvall. Ef þið varist þetta, þá mun ykkur
vegna vel.“ 30 Sendiboðarnir fjórir lögðu þegar
af stað til Antíokkíu og er þangað kom kölluðu
þeir saman allan söfnuðinn, og afhentu bréfið.
31 Þegar bréfið hafði verið lesið upp urðu menn
mjög glaðir. 32 Júdas og Sílas, sem báðir voru
góðir predikarar, hvöttu síðan lærisveinana
með mörgum orðum og styrktu trú þeirra. 33
Þeir stóðu við í nokkra daga en héldu síðan
aftur til Jerúsalem. Þeir fluttu með sér kveðjur
og þakklæti til þeirra sem höfðu sent þá. 34 Páll
og Barnabas urðu eftir í Antíokkíu og aðstoðuðu
með predikun og kennslu. 36 Nokkrum dögum
síðar stakk Páll upp á því við Barnabas að þeir
færu aftur til Litlu-Asíu og heimsæktu borgirnar,
sem þeir höfðu predikað í, til þess að sjá hvernig
söfnuðunum vegnaði. 37 Barnabas var sammála
og vildi taka Jóhannes Markús með. 38 Það gat
Páll ekki fallist á, því að Jóhannes hafði áður
yfirgefið þá í Pamfýlíu. 39 Um þetta þrættu þeir
mikið og héldu síðan hvor sína leið. Barnabas
tók Markús með sér og sigldi til Kýpur, 40 en
Páll valdi Sílas að samferðamanni og fór síðan,
eftir að söfnuðurinn hafði beðið fyrir þeim, til
Sýrlands og Kilikíu til að uppörva söfnuðina
þar.

16 Páll og Sílas lögðu fyrst leið sína til Derbe
og síðan til Lýstru. Þar hittu þeir Tímóteus,
trúaðan mann. Hann átti kristna móður, sem
var Gyðingur, en faðir hans var grískur. 2
Bræðrunum í Lýstru og Íkóníum líkaði vel við
Tímóteus, 3 og bað Páll hann því að slást í
för með sér. Vegna Gyðinganna, sem þarna
bjuggu, fannst Páli rétt að umskera Tímóteus
áður en þeir lögðu af stað, því að allir vissu að
faðir hans var grískur (hann hafði ekki viljað
leyfa slíkt fyrr en nú). 4 Síðan fóru þeir þrír
frá einum bæ til annars og kunngjörðu þær
ákvarðanir, sem postularnir og öldungarnir í
Jerúsalem höfðu tekið varðandi heiðingjana,
sem yrðu kristnir. 5 Í söfnuðunum fjölgaði nú
dag frá degi og menn styrktust í trúnni. 6 Þeir
félagarnir fóru næst um héruðin Frýgíu og
Galatíu, en ekki Asíuhéruð, því að þangað hafði
heilagur andi bannað þeim að fara. 7 Þeir héldu
því fram með landamærum Mýsíu og ætluðu
inn í Biþýníuhérað, en andi Jesú neitaði því
aftur. 8 Af þeim sökum fóru þeir um Mýsíu og
til Tróas. 9 Í Tróas fékk Páll vitrun um nótt. Sá
hann mann frá Makedóníu í Grikklandi koma
til sín. Maðurinn bað hann heitt og innilega:
„Komdu til Makedóníu og hjálpaðu okkur.“ 10
Þar með var málið leyst. Nú vissum við hvert
við áttum að fara. Til Makedóníu. Guð ætlaði að
senda okkur þangað til að boða fagnaðarerindið.
11 Við fórum með skipi frá Tróas, sigldum
beint til Samóþrake og þaðan daginn eftir
til Neapólis. 12 Loks komum við til Filippí,
rómverskrar nýlendu, rétt innan við landamæri
Makedóníu, og þar dvöldumst við í nokkra daga.
13 Á helgidegi Gyðinga fórum við spölkorn út
fyrir borgina, fram með á nokkurri, til staðar
sem við álitum vera hentugan bænastað. Þar
settumst við niður og töluðum við konur sem
þar voru saman komnar. 14 Ein þeirra hét Lýdía.
Var hún verslunarkona frá Þýatíru og seldi
purpuraklæði. Hún var guðrækin. Meðan hún
hlustaði á okkur, opnaði Drottinn hjarta hennar
og hún tók á móti öllu sem Páll sagði. 15 Hún
lét skírast ásamt öllu heimilisfólki sínu og bauð
okkur að gista hjá sér. „Ef þið álítið mig trúa
Drottni, “sagði hún, „komið þá og dveljist á
heimili mínu.“Hún lagði hart að okkur uns við
létum undan. 16 Dag einn, er við vorum á leið
til bænastaðarins á árbakkanum, mættum við
þjónustustúlku sem hafði illan anda. Hún spáði
fyrir fólki og græddi þannig mikla peninga
handa eigendum sínum. 17 Allt í einu fór hún að
elta okkur og hrópa: „Þessir menn eru þjónar
Guðs og eru komnir til að segja ykkur hvernig
þið getið fengið syndafyrirgefningu.“ 18 Þessu
hélt hún áfram dag eftir dag, þar til Páll, sem
líkaði þetta illa, sneri sér við og sagði við illa
andann, sem í henni var: „Ég skipa þér í nafni
Jesús að fara út af henni!“Á sama andartaki
fór andinn út. 19 En nú var gróðavon eigenda
hennar brostin. Þeir tóku því Pál og Sílas,
drógu þá fyrir dómarana á markaðstorginu
og hrópuðu: 20 „Þessir Gyðingar eru að setja
borgina á annan endann! Þeir hvetja fólk til að
óhlýðnast rómverskum lögum!“ 22 Þeir æstu
múginn gegn Páli og Sílasi, svo að dómararnir
fyrirskipuðu að þeir skyldu afklæddir og barðir
með prikum. 23 Og það var gert – þeir voru

barðir mörg högg, og að því loknu var þeim
varpað í fangelsi. Fangavörðurinn fékk hótun
um að hann yrði tekinn af lífi, ef þeir slyppu. 24
Til að eiga ekkert á hættu stakk hann þeim í
innri dýflissuna og læsti hendur þeirra og fætur
í stokka. 25 Um miðnættið, er Páll og Sílas voru
að biðja og lofa Drottin í áheyrn hinna fanganna,
26 kom skyndilega mikill jarðskjálfti. Fangelsið
hristist og skalf á undirstöðu sinni, allar dyr
hrukku upp og hlekkirnir féllu af föngunum.
27 Fangavörðurinn vaknaði og það fyrsta sem
hann sá var að fangelsisdyrnar stóðu upp á gátt.
Hann áleit strax að fangarnir væru flúnir og dró
því upp sverð sitt til að fyrirfara sér. 28 „Gerðu
þetta ekki!“hrópaði Páll til hans. „Við erum hér
allir!“ 29 Fangavörðurinn skalf af ótta og bað
um ljós, hljóp inn í dýflissuna og kraup frammi
fyrir Páli og Sílasi. 30 Síðan leiddi hann þá út og
spurði óttasleginn: „Herrar mínir, hvað á ég að
gera til þess að ég frelsist?“ 31 Þeir svöruðu:
„Trúðu á Drottin Jesú og þá muntu frelsast og
allt þitt heimafólk.“ 32 Þeir fluttu honum, og
heimilisfólki hans, gleðiboðskapinn frá Drottni.
33 Eftir það þvoði hann sár þeirra og lét skírast
ásamt allri fjölskyldu sinni. 34 Og hann fór heim
með þá og gaf þeim að borða og gladdist mjög
ásamt heimilisfólki sínu yfir að hafa tekið trú á
Guð. 35 Morguninn eftir sendu borgarstjórarnir
þessi boð til fangavarðarins: „Láttu þessa menn
lausa!“ 36 Fangavörðurinn tilkynnti því Páli
að þeir mættu fara frjálsir ferða sinna. 37 En
Páll svaraði: „Nei, svona geta þeir ekki farið
að. Þeir hafa barið okkur opinberlega án dóms
og síðan stungið okkur í fangelsi – okkur sem
erum rómverskir borgarar. Nú ætla þeir að
sleppa okkur svo lítið beri á, en það komast
þeir ekki upp með. Þeir skulu koma í eigin
persónu og leiða okkur út!“ 38 Sendiboðarnir
fluttu borgarstjórunum þessi skilaboð. Þegar
þeir heyrðu að Páll og Sílas væru rómverskir
borgarar, urðu þeir mjög hræddir. 39 Þeir fóru
til fangelsisins, báðu þá afsökunar, leiddu þá út
og báðu þá að fara burt úr borginni. 40 Þegar
Páll og Sílas voru lausir úr fangelsinu, fóru þeir
heim til Lýdíu og hittu þar hina trúuðu. Þeir
hughreystu þá með orði Guðs og héldu síðan
áfram ferðinni.

17 Eftir þetta lá leið þeirra um borgirnar
Amfípólis og Appolóníu og síðan
Þessaloníku, en þar var samkomuhús Gyðinga. 2
Eins og Páll var vanur fór hann í samkomuhúsið
til að predika. Þrjá helgidaga í röð las hann og
skýrði Biblíuna fyrir fólkinu. 3 Hann benti því á
spádómana um þjáningar og upprisu Krists og
sannaði að Jesús væri Kristur. 4 Sumir þeirra sem
hlustuðu létu sannfærast og snerust til trúar,
þar á meðal mikill fjöldi guðrækinna Grikkja
og margar mikilsvirtar konur úr borginni. 5
En leiðtogar Gyðinganna urðu afbrýðisamir og
æstu götuskrílinn gegn þeim. Múgurinn réðst
að húsi Jasons og ætlaði að draga Pál og Sílas
fyrir borgarráðið til að láta refsa þeim. 6 Þeir
fundu þá ekki þar, en drógu í staðinn Jason og
nokkra aðra trúaða menn fyrir borgarráðið og
hrópuðu: „Páll og Sílas hafa vakið óeirðir um
allan heim og nú eru þeir komnir hingað til að
hleypa öllu upp! 7 Jason hefur leyft þeim að
gista hjá sér. Hann og allir þessir eru sekir um
landráð, því að þeir segja að Jesús sé konungur
og hafna keisaranum.“ 8 Dómararnir litu málið
mjög alvarlegum augum, eins og borgarbúar,
en létu þá þó lausa gegn tryggingu. 10 Hinir
kristnu flýttu sér að koma Páli og Sílasi undan
um nóttina og fóru með þá til Beroju. Þegar
þangað kom, gengu þeir eins og venjulega
inn í samkomuhúsið til að predika. 11 Íbúar
Beroju voru vingjarnlegri en fólkið í Þessaloníku
og hlustuðu áhugasamir á boðskapinn. Þeir
rannsökuðu Gamla testamentið daglega, til að
fullvissa sig um að Páll og Sílas hefðu rétt fyrir
sér. 12 Árangurinn varð sá að margt fólk tók
trú, þar á meðal nokkrar tignar grískar konur,
auk margra karlmanna. 13 Þegar Gyðingarnir
í Þessaloníku fréttu að Páll væri að predika í
Beroju, komu þeir þangað og hleyptu öllu í
uppnám. 14 Kristnir menn brugðu skjótt við
og sendu Pál niður til strandar, en Sílas og
Tímóteus urðu eftir. 15 Fylgdarmenn Páls fóru
með honum til Aþenu, en sneru svo aftur til
Beroju með skilaboð til Sílasar og Tímóteusar
um að koma strax og hitta hann. 16 Meðan Páll
beið þeirra í Aþenu, varð hann fyrir miklum
vonbrigðum – borgin var full af skurðgoðum!
17 Hann fór í samkomuhúsið til Gyðinganna og
ræddi við þá og aðra trúrækna menn. Auk þess
talaði hann daglega á torginu til allra, sem þar
fóru um. 18 Þá tóku nokkrir Epíkúringar og
Stóuspekingar að þrátta við hann. Þegar hann
sagði þeim frá Jesú og upprisu hans, sögðu
sumir: „Hvaða rugl er nú þetta!“og aðrir: „Þú
ert að boða einhverja ókunna guði.“ 19 Þeir

buðu honum með sér upp á Aresarhæð, þar sem
menn voru vanir að skiptast á skoðunum, og
sögðu: „Segðu okkur eitthvað meira um þessa
nýju trú. 20 Hún virðist vera mjög óvenjuleg og
okkur langar að heyra meira.“ 21 Aþenubúar,
og þeir sem flutt höfðu til borgarinnar, virtust
eyða öllum sínum tíma í viðræður um nýjustu
viðhorf og kenningar. 22 Páll stóð nú frammi
fyrir þessum mönnum á Aresarhæð og sagði:
„Aþenumenn, ég hef tekið eftir því að þið
eruð mjög trúhneigðir. 23 Á göngu minni um
borgina sá ég fjölmörg ölturu og á eitt þeirra
var ritað: Til óþekkta guðsins. – Þið hafið sem
sagt tilbeðið Guð án þess að þekkja hann, en nú
skal ég segja ykkur frá honum. 24 Hann skapaði
heiminn og allt sem í honum er. En af því að
hann er Drottinn himins og jarðar, býr hann
ekki í musterum, sem menn hafa reist. 25 Því
síður annast mannlegar hendur þarfir hans,
því að hann þarfnast einskis! Hann er sá sem
gefur öllu líf og anda og uppfyllir allar þarfir. 26
Hann skapaði hinn fyrsta mann, og frá honum
mennina, sem byggja allt yfirborð jarðarinnar.
Hann ákvað fyrir fram hvenær þjóðirnar skyldu
komast til valda og hvenær þær skyldu líða
undir lok, og hann ákvað einnig landamæri
þeirra. 27 Ætlun hans var að mennirnir leituðu
Guðs, svo að þeir gætu nálgast hann og fundið.
Hann er þó ekki fjarri neinum okkar, 28 því í
honum lifum, hrærumst og erum við, eins og
eitt af skáldum ykkar hefur sagt: „Við erum
synir Guðs.“ 29 Fyrst svo er, ættum við ekki að
hugsa okkur Guð sem líkneski gert af mönnum
úr gulli, silfri eða höggvið í stein. 30 Öldum
saman hefur Guð umborið slíka fáfræði hjá
fólki, en nú hvetur hann alla til að hafna
skurðgoðunum og tilbiðja sig einan. 31 Hann
hefur ákveðið að dag einn muni hann dæma
heiminn og til þess verks hefur hann valið
mann og staðfest val hans með því að vekja
hann upp frá dauðum.“ 32 Þegar fólkið heyrði
Pál tala um upprisu frá dauðum, hlógu sumir,
en aðrir sögðu: „Við skulum hlusta á þetta
seinna.“ 33 Þannig lauk viðræðum þeirra, 34 en
nokkrir héldu sig þó að Páli og tóku trú. Þeirra
á meðal var Díónýsíus, fulltrúi í borgarráðinu,
kona, Damaris að nafni, og nokkrir aðrir.

18 Eftir þetta fór Páll frá Aþenu og kom til
Korintu. 2 Þar komst hann í kynni við
Akvílas, sem var Gyðingur frá Pontus. Hann
var, ásamt konu sinni Priskillu, nýkominn til
borgarinnar frá Ítalíu. En þaðan hafði þeim
verið vísað burt samkvæmt þeirri ákvörðun
Kládíusar keisara að reka alla Gyðinga frá Róm.
Páll fór til þeirra og vegna þess að hann og
Akvílas stunduðu sömu iðn, tjaldsaum, settist
hann að hjá þeim og þeir unnu saman. 4 Páll fór
í samkomuhús Gyðinganna á hverjum helgidegi
og reyndi að sannfæra Gyðinga og Grikki, sem
þangað komu. 5 Eftir að Sílas og Tímóteus komu
til Korintu frá Makedóníu, varði Páll öllum tíma
sínum til að predika og vitna fyrir Gyðingunum
um að Jesús væri Kristur. 6 En Gyðingarnir risu
gegn honum og lastmæltu Jesú. Þá hristi hann
rykið af fötum sínum og sagði: „Þið berið ábyrgð
á þessari ákvörðun ykkar – ég er saklaus og
héðan í frá mun ég predika hjá heiðingjunum.“
7 Eftir þetta dvaldist hann hjá manni að nafni
Títus Jústus. Hann var ekki Gyðingur, en tilbað
þó Guð. Heimili hans var í næsta húsi við
samkomuhús Gyðinga. 8 Svo fór þó að lokum
að Krispus, stjórnandi samkomuhússins, tók
trú á Drottin, og allt hans heimafólk. Var hann
skírður, auk margra annarra Korintubúa 9 Nótt
eina talaði Drottinn til Páls í draumi og sagði:
„Vertu ekki hræddur! Þú átt ekki að þegja
heldur tala! 10 Ég er með þér og enginn getur
gert þér mein, því að ég á margt fólk í þessari
borg.“ 11 Þarna dvaldist Páll í hálft annað ár og
fræddi fólkið í orði Guðs. 12 Þegar Gallíón varð
landstjóri í Akkeu, sameinuðust Gyðingarnir
gegn Páli og drógu hann fyrir landstjórann,
til þess að fá hann dæmdan. 13 Þeir ákærðu
Pál fyrir að hvetja menn til að tilbiðja Guð á
annan hátt en rómversk lög leyfðu. 14 En rétt
í því er Páll ætlaði að fara að verja mál sitt,
sneri Gallíón sér að ákærendum hans og sagði:
„Takið eftir, Gyðingar! Ef þessi málshöfðun væri
vegna einhvers glæpsamlegs athæfis, þá væri ég
skyldugur að hlusta á ykkur. 15 En fyrst þetta er
aðeins þras um merkingu og túlkun ýmissa orða
í ykkar heimskulegu lögum, þá er það ykkar mál.
Ég kem ekki nálægt slíku!“ 16 Síðan rak hann þá
alla út úr réttarsalnum. 17 Þá réðist múgurinn á
Sósþenes, nýja samkomuhússtjórann, og barði
hann fyrir utan réttarsalinn, en Gallíón gaf því
engan gaum. 18 Eftir þetta dvaldist Páll enn
nokkra daga í borginni. Síðan kvaddi hann hina
kristnu og sigldi til Sýrlands ásamt Priskillu
og Akvílasi. Í Kenkreu lét Páll klippa sig að sið
Gyðinga – var það vegna þess heits sem hann

hafði gefið. 19 Þegar komið var til hafnar í Efesus
skildi hann okkur eftir um borð, en fór sjálfur í
land til að ræða við Gyðinga í samkomuhúsi
þeirra. 20 Þeir báðu hann að staldra við nokkra
daga, en hann sagðist engan tíma hafa. 21 „Ég
má til með að komast til Jerúsalem á hátíðina,
“sagði hann, en hann lofaði þeim að koma
seinna, ef Guð leyfði. Síðan sigldum við aftur af
stað. 22 Næsti viðkomustaður var Sesarea. Þaðan
fór hann í heimsókn til safnaðarins í Jerúsalem
en síðan var siglt til Antíokkíu. 23 Þegar hann
hafði dvalist þar um hríð, fór hann aftur til
Litlu-Asíu. Hann ferðaðist um Galatíu og Frýgíu,
heimsótti þar kristna söfnuði og uppörvaði þá.
24 Um þessar mundir var Gyðingur einn, Apollós
að nafni, nýkominn til Efesus frá Alexandríu
í Egyptalandi. Hann var mjög Biblíufróður og
sannfærandi predikari. 25 Hann hafði fengið
fræðslu um trúna, var brennandi af áhuga og
kenndi í krafti heilags anda um Jesú, en þekkti
þó aðeins skírn Jóhannesar. Hann predikaði
djarflega og af miklum áhuga í samkomuhúsinu.
Eitt sinn voru Priskilla og Akvílas stödd þar
þegar Apollós var að predika og það var kröftug
ræða. Að ræðunni lokinni töluðu þau við hann
og skýrðu enn rækilegar fyrir honum trúna
á Drottin. 27 Apollós hafði áhuga á að fara til
Grikklands og þegar hinir trúuðu fréttu það,
hvöttu þeir hann eindregið. Þeir skrifuðu bréf
til þeirra sem þar voru kristnir og báðu þá að
taka vel á móti honum. Þegar hann kom til
Grikklands notaði Guð hann til mikils gagns í
söfnuðunum. 28 Í opinberum rökræðum gerði
hann alla Gyðinga orðlausa og sannaði út frá
Gamla testamentinu að Jesús væri Kristur.

19 Meðan Apollós var í Korintu, var Páll
á ferðalagi um Litlu-Asíu. Hann kom til
Efesus, hitti þar nokkra lærisveina 2 og spurði:
„Fenguð þið heilagan anda þegar þið tókuð
trú?“„Nei, “svöruðu þeir, „Hvað áttu við?
Hvað er heilagur andi?“ 3 „Hvaða skírn eruð
þið skírðir?“spurði hann. „Skírn Jóhannesar,
“svöruðu þeir. 4 Benti Páll þeim á að skírn
Jóhannesar hefði verið iðrunarskírn fyrir þá
sem vildu snúa sér frá syndinni og til Guðs,
en að henni lokinni yrðu menn að taka trú á
Jesú, þann sem Jóhannes hafði sagt að kæmi á
eftir sér. 5 Þegar þeir heyrðu þetta, létu þeir
skírast í nafni Drottins Jesú. 6 Og síðan, er Páll
lagði hendur á höfuð þeirra, kom heilagur andi
yfir þá og þeir töluðu tungum og spáðu – fluttu
boðskap frá Guði. 7 Menn þessir voru um tólf
talsins. 8 Eftir þetta fór Páll til samkomuhúss
Gyðinganna og þar predikaði hann djarflega á
hverjum helgidegi í þrjá mánuði. Hann gerði
grein fyrir hverju hann trúði og hvers vegna.
Margir sannfærðust og tóku trú á Jesú. 9
Sumir mótmæltu þó boðskap hans og höfnuðu
Kristi opinberlega. Hann greindi á milli þessara
tveggja hópa og tók með sér hina trúuðu, hóf
nýjar samkomur í skóla Týrannusar og predikaði
þar daglega. 10 Þannig hélt hann áfram í tvö ár
og árangurinn var sá að allir íbúar héraðsins
Asíu – bæði Gyðingar og Grikkir – fengu að
heyra boðskap Drottins. 11 Guð gaf Páli kraft
til að gera óvenjuleg kraftaverk. 12 Það gerðist
jafnvel er klútar eða flíkur af honum voru
lögð á sjúka að þeir læknuðust og illir andar
fóru út af þeim. 13 Flokkur særingamanna, allt
Gyðingar, hafði það að starfi að ferðast um
og reka út illa anda. Nú ákváðu þeir að gera
tilraun með að nota nafn Drottins Jesú. Orðin
sem nota átti til að særa út illu andana voru
þessi: „Ég særi þig við Jesú, sem Páll predikar
– út með þig!“ 14 Þeir voru allir synir Skeva,
æðsta prests, sjö talsins. 15 En þegar þeir gerðu
tilraun með þetta á manni, sem hafði illan
anda, svaraði illi andinn: „Jesú þekki ég og
líka Pál, en hverjir eruð þið?“ 16 Það skipti
engum togum, hann réðist á tvo þeirra og barði
þá svo að þeir flýðu naktir og illa meiddir út
úr húsinu. 17 Fréttin af þessu barst fljótt um
alla Efesus, jafnt til Gyðinga sem Grikkja. Urðu
borgarbúar óttaslegnir og nafn Jesú óx mjög í
augum fólksins. 18 Margir hinna trúuðu, sem
farið höfðu með kukl og galdra, játuðu gjörðir
sínar og söfnuðu saman öllum galdrabókunum
og verndargripum og brenndu opinberlega.
Álitið var að verðmæti bókanna næmi fimmtíu
þúsund silfurpeningum! 20 Þetta sýnir glöggt
hve boðskapur Guðs hafði sterk áhrif á þessu
svæði. 21 Eftir þetta fannst Páli heilagur andi
ætlast til að hann færi yfir til Grikklands, áður
en hann sneri aftur til Jerúsalem. „Og þegar ég
hef verið þar, “sagði hann, „ber mér að fara til
Rómar.“ 22 Síðan sendi hann tvo aðstoðarmenn
sína, Tímóteus og Erastus, á undan sér til
Grikklands, en dvaldist sjálfur enn um stund í
Litlu-Asíu. 23 Um þessar mundir kom upp mikil
ólga í Efesus vegna hinna kristnu. 24 Upphafið
átti Demetríus, silfursmiður, en hann hafði

marga menn í vinnu við að smíða silfurskrín,
tileinkuð grísku veiðigyðjunni Artemis. 25 Hann
kallaði menn sína, og aðra sem unnu við skyldan
iðnað, á ráðstefnu og sagði: „Herrar mínir, við
höfum allar okkar tekjur af þessum viðskiptum.
26 Ykkur er ljóst að þessi Páll hefur talið
fjölmörgum trú um að guðir, sem búnir eru til af
mannahöndum, séu alls engir guðir. Afleiðingin
er sú að salan hjá okkur hefur stórlega dregist
saman. Þetta hefur ekki aðeins gerst hér í
Efesus, heldur í öllu héraðinu. 27 Vitanlega
hugsa ég ekki aðeins um viðskiptalegu hliðina á
þessu máli – okkar fjárhagslega tap – heldur
einnig þann möguleika að áhrif hinnar miklu
gyðju, Artemisar fari minnkandi og að hún, sem
ekki aðeins er tilbeðin í þessum hluta Litlu-
Asíu heldur um allan heim – muni gleymast!“
28 Þegar fundarmenn heyrðu þetta urðu þeir
ævareiðir og hrópuðu í sífellu: „Mikil er Artemis
Efesusmanna!“ 29 Af þessum sökum safnaðist
mikill mannfjöldi saman og öll borgin komst í
uppnám. Múgurinn ruddist á leikvanginn, dró
með sér þá Gajus og Aristarkus, fylgdarmenn
Páls, til að yfirheyra þá. 30 Páll vildi reyna að
komast inn í mannþröngina, en lærisveinarnir
hindruðu það. 31 Sumir hinna rómversku
embættismanna héraðsins voru vinir Páls. Þeir
sendu honum boð og báðu hann að hætta ekki
lífi sínu með því að fara þangað inn. 32 Á
leikvanginum hrópaði hver í kapp við annan
og þar var algjör upplausn. Engir tveir voru
sammála og fæstir vissu reyndar hvers vegna
þeir voru þar. 33 Þá kom einhver af Gyðingunum
auga á Alexander og var hann þegar dreginn
fram. Hann gaf merki um þögn og síðan reyndi
hann að taka til máls. 34 Þegar fólkinu varð
ljóst að hann var Gyðingur, æpti það og hrópaði
í nærfellt tvær stundir: „Mikil er Artemis
Efesusmanna! Mikil er Artemis Efesusmanna!“
35 Loks tókst borgarstjóranum að þagga svo
niður í mannfjöldanum að hann gat tekið til
máls. „Efesusmenn, “sagði hann. „Öllum er
ljóst að Efesus er miðstöð tilbeiðslu hinnar
miklu Artemisar og það var líkneski hennar sem
féll til okkar af himni. 36 Þetta er óhrekjandi
staðreynd og því ættuð þið ekki að láta þetta
raska ró ykkar né gera neitt í fljótfærni. 37
Samt hafið þið nú dregið þessa menn hingað,
þótt þeir hafi hvorki stolið neinu úr musteri
Artemisar né lastmælt henni. 38 Ef Demetríus
og smiðirnir hafa einhverja ákæru á hendur
þeim, þá er rétturinn reiðubúinn að taka málið
fyrir undir eins, því að hann er að störfum
núna. Mál þetta verður að reka á lögmætan
hátt. 39 Ef um önnur deilumál er að ræða, gerið
þá út um þau á hinum reglubundnu fundum
borgarráðsins, 40 en svona megum við ekki fara
að. Við eigum áreiðanlega á hættu að verða að
svara til saka, hjá rómversku yfirvöldunum,
fyrir þetta uppþot hér í dag, því að það var
algjörlega tilefnislaust. Heimti Rómverjarnir
skýringu, veit ég hreint ekki hvað segja skal.“ 41
Síðan bað hann fólkið að fara og mannfjöldinn
dreifðist.

20 Eftir uppþotið kallaði Páll saman
lærisveinana, uppörvaði þá og kvaddi og
hélt síðan til Grikklands. 2 Á leiðinni þangað
predikaði hann í hverjum bæ, þar sem kristna
menn var að finna. 3 Eftir þriggja mánaða
dvöl í Grikklandi, bjó hann sig undir að sigla
til Sýrlands, en komst þá á snoðir um að
Gyðingarnir höfðu gert samsæri um að lífláta
hann. Hann ákvað því að breyta ferðaáætluninni
og fara fyrst norður til Makedóníu. 4 Í
fylgd með Páli voru þessir menn: Sópater
Pýrrusson frá Beroju, Aristarkus og Sekúndus
frá Þessaloníku, Gajus frá Derbe, Tímóteus, og
Týkíkus og Trófímus, báðir frá Litlu-Asíu. 5
Þeir fóru á undan og biðu okkar í Tróas. 6 Eftir
páskahátíðina sigldum við frá Filippí, áleiðis
til Tróas og tók ferðin alls fimm daga. Í Tróas
dvöldumst við eina viku. 7 Á sunnudeginum
komum við saman til heilagrar kvöldmáltíðar.
Páll predikaði og vegna þess að hann ætlaði að
halda ferðinni áfram næsta dag, talaði hann
alveg til miðnættis. 8 Loftsalurinn, sem við
vorum í, var lýstur upp með mörgum lömpum.
9 Páll hafði talað lengi þegar drengur, sem
Evtýkus hét og sat í gluggakistunni, sofnaði
undir ræðunni og féll út um gluggann, niður af
þriðju hæð. Var hann látinn þegar að var komið.
10 Páll fór niður til hans og tók hann í fangið.
„Hafið engar áhyggjur, “sagði hann, „hann
lifir.“Það reyndist rétt! Fólkið endurheimti gleði
sína og síðan fóru allir upp í loftsalinn og neyttu
saman kvöldmáltíðar Drottins. Eftir það hélt
Páll áfram máli sínu og talaði lengi. Þegar hann
hélt loks leiðar sinnar, var kominn morgunn!
13 Páll fór landleiðina til Assus en við fórum
á undan honum með skipi. 14 Í Assus hittum
við hann og sigldum svo saman til Mitýlene. 15

Daginn eftir sigldum við fram hjá Kíos, næsta
dag komum við til Samos og þar næsta til
Míletus. 16 Páll hafði ákveðið að koma ekki við í
Efesus. Hann vildi flýta sér til Jerúsalem til þess
að komast á hvítasunnuhátíðina, ef mögulegt
væri. 17 Þegar við komum að landi í Míletus
sendi hann skilaboð til leiðtoga safnaðarins
í Efesus og bað þá að koma og hitta sig. 18
Þegar þeir komu sagði hann: „Þið vitið að frá
þeirri stundu er ég steig fyrst fæti á Litlu-
Asíu og fram á þennan dag, 19 hef ég unnið
verk Drottins auðmjúkur og með tárum. Oft
hef ég horfst í augu við dauðann vegna þeirra
launráða, sem Gyðingarnir hafa bruggað mér.
20 Samt skoraðist ég aldrei undan að segja ykkur
sannleikann, hvort sem það var opinberlega
eða á heimilum ykkar. 21 Ég hef vitnað um
það, bæði fyrir Gyðingum og heiðingjum, að
við verðum að snúa baki við syndinni og gefast
Guði á vald, í trúnni á Drottin Jesú Krist. 22 Nú
er ég á leið til Jerúsalem, þangað knýr heilagur
andi mig og við því fæ ég ekkert gert. Ekki veit
ég hvað bíður mín þar, 23 en eitt veit ég þó:
Heilagur andi segir við mig, hvert sem ég fer,
að mín bíði fangelsi og þjáningar. 24 En líf mitt
er ekki til neins annars en að vinna það verk,
sem Drottinn Jesús fól mér – að flytja öðrum
fagnaðarerindið um kærleika og náð Guðs. 25
Ég kom til ykkar og fræddi ykkur um guðsríki,
en nú er mér ljóst, að þetta er í síðasta skipti
sem þið sjáið mig. 26 Það er skoðun mín að ekki
sé það mér að kenna þótt einhverjir glatist, “
27 því að ég flutti ykkur allt Guðs orð og dró
ekkert undan. 28 Gætið ykkar og safnaðarins
vel. Heilagur andi hefur falið ykkur þá ábyrgð
að vera leiðtogar fyrir hjörð Guðs og annast
hana – kirkjuna, sem hann keypti með sínu
dýrmæta blóði. 29 Ég veit að þegar ég er farinn
frá ykkur, munu falskennendur koma fram á
meðal ykkar. Þeir líkjast gráðugum og grimmum
úlfum, sem ráðast á hjörðina. 30 Sumir úr ykkar
hópi munu rangsnúa sannleikanum til að safna
að sér fylgjendum. 31 Gætið vel að öllu! Minnist
þessara þriggja ára er ég dvaldist meðal ykkar.
Munið hvernig ég annaðist ykkur dag og nótt og
gleymið ekki tárunum, sem runnu ykkar vegna.
32 Nú fel ég ykkur Guði og orði máttar hans,
sem megnar að efla trú ykkar og gefa ykkur arf
með öllum þeim, sem hann hefur helgað sér. 33
Hvorki girntist ég fé né fatnað nokkurs manns.
34 Þið vitið sjálfir að hendur mínar unnu fyrir
lífsviðurværi mínu og jafnvel þörfum þeirra
sem með mér voru. 35 Ég var ykkur fyrirmynd í
því að hjálpa snauðum, minnugur orða Drottins
Jesú: „Sælla er að gefa en þiggja.“ 36 Þegar Páll
hafði lokið máli sínu, kraup hann niður og bað
með þeim. 37 Þeir grétu og föðmuðu hann að
sér að skilnaði, 38 og þótti sárt að heyra að
hann mundi aldrei sjá þá framar. Síðan fylgdu
þeir honum til skips.

21 Eftir að við höfðum kvatt öldungana frá
Efesus sigldum við beina leið til Kós.
Daginn eftir komum við til Ródos og fórum
svo þaðan til Patara. 2 Þar fórum við í annað
skip, sem sigla átti til Fönikíu í Sýrlandi. 3 Við
sigldum framhjá Kýpur – hún var á bakborða,
og komum til hafnar í Týrus í Sýrlandi, en þar
var farminum skipað upp. 4 Við fórum í land,
höfðum upp á hinum kristnu þar og dvöldumst
hjá þeim í eina viku. Lærisveinarnir þar fluttu
Páli boðskap, innblásinn af heilögum anda, og
vöruðu hann við að fara til Jerúsalem. 5 Að
viku liðinni fylgdi allur söfnuðurinn, þar með
taldar konur og börn, okkur til skips. Við báðum
saman á ströndinni og kvöddumst síðan. 6 Að
því búnu stigum við um borð, en fólkið sneri
heimleiðis. 7 Næsti viðkomustaður, eftir að við
fórum frá Týrus, var Ptólemais. Þar stoppuðum
við aðeins einn dag og notuðum tímann til að
heimsækja söfnuðinn. 8 Síðan lá leið okkar til
Sesareu. Þar gistum við hjá Filippusi trúboða,
en hann var einn þeirra sjö, sem dreift höfðu
matvælum meðal safnaðarins í Jerúsalem. 9
Hann átti fjórar dætur, allar ógiftar, og höfðu
þær hæfileika til að spá. 10 Dag einn, meðan við
vorum þar, kom maður frá Júdeu í heimsókn.
Hann hét Agabus og hafði einnig spádómsgáfu.
Hann tók belti Páls, batt með því hendur sínar
og fætur og sagði: „Heilagur andi segir: Þannig
munu Gyðingarnir í Jerúsalem binda eiganda
þessa beltis og síðan afhenda hann Rómverjum.“
12 Þegar við heyrðum þetta, grátbáðum við
Pál – bæði trúaða fólkið á staðnum og við
ferðafélagar hans – að fara ekki til Jerúsalem.
13 En hann svaraði: „Hvað á þessi grátur að
þýða? Þið særið hjarta mitt! Ég er ekki aðeins
fús að láta fangelsa mig í Jerúsalem, heldur
líka að deyja vegna Drottins Jesú.“ 14 Þegar
okkur varð ljóst að við fengjum hann ekki til að
skipta um skoðun, hættum við öllum slíkum
tilraunum og sögðum: „Verði Drottins vilji.“

15 Stuttu síðar tókum við saman föggur okkar
og héldum af stað til Jerúsalem, 16 og nokkrir
lærisveinar frá Sesareu urðu okkur samferða.
Þegar við komum á leiðarenda gistum við hjá
Mnason. Hann var frá Kýpur, einn hinna fyrstu
sem tekið höfðu trú. 17 Söfnuðurinn í Jerúsalem
fagnaði okkur vel, 18 og daginn eftir fór Páll
með okkur til fundar við Jakob og aðra leiðtoga
safnaðarins. 19 Þegar þeir höfðu heilsast, skýrði
Páll frá öllu því sem Guð hafði látið hann gera
meðal heiðingjanna. 20 Þegar þeir heyrðu það,
lofuðu þeir Guð, en sögðu síðan: „Kæri bróðir,
þú veist að þeir skipta þúsundum Gyðingarnir,
sem tekið hafa trú, og þeir eru mjög strangir í
því að kristnir Gyðingar verði að halda áfram
að fara eftir lögum og venjum Gyðinga. 21
Menn úr þessum hópi, sem búa hér í Jerúsalem,
hafa heyrt að þú sért á móti lögum Móse,
kærir þig kollóttan um gyðinglegar venjur og
bannir að sveinbörn séu umskorin. 22 Þeir munu
áreiðanlega frétta að þú sért kominn og hvað
eigum við þá að gera? 23 Okkur hefur reyndar
dottið eitt í hug: Á meðal okkar eru fjórir menn,
sem ætla að klippa hár sitt og gefa heit. 24 Farðu
með þeim til musterisins, láttu einnig klippa þig
og borgaðu síðan fyrir þá. Ef þú gerir þetta, sjá
allir að þú ert sammála því að kristnir Gyðingar
fari eftir þessari venju. Þá vita þeir að þú hlýðir
lögunum og ert sömu skoðunar og við. 25 En
við ætlumst alls ekki til að heiðingjarnir, sem
tekið hafa kristna trú, hlýði þessum venjum,
nema þá þeim sem bréfið okkar fjallaði um.
Þar stóð að þeir skyldu forðast að neyta kjöts
af köfnuðum dýrum, sem ekki hefði blætt út,
og einnig saurlifnað.“ 26 Páll féllst á beiðni
þeirra. Daginn eftir fór hann í musterið til að
framkvæma helgiathöfnina ásamt mönnunum
fjórum og tilkynnti þar að hann héti því að bera
fram fórn, ásamt hinum, að sjö dögum liðnum.
Dagarnir sjö voru nær liðnir þegar Gyðingar frá
Litlu-Asíu sáu Pál í musterinu og æstu fólkið
upp gegn honum. Þeir gripu hann 28 og æptu:
„Ísraelsmenn! Komið og hjálpið okkur! Hjálp!
Þetta er maðurinn sem talar gegn þjóð okkar
og hvetur alla til að óhlýðnast lögum okkar
Gyðinga. Hann fordæmir musterið og saurgar
það með því að fara þangað með heiðingja!“ 29
Þetta sögðu þeir vegna þess að fyrr um daginn
höfðu þeir séð Pál ásamt Trófímusi, en hann
var áður heiðingi og bjó í Efesus í Litlu-Asíu. Nú
fullyrtu þeir að Páll hefði tekið heiðingja með
sér inn í musterið. 30 Mikil æsing greip um sig
og borgarbúar þustu að. Allt komst í uppnám.
Páll var dreginn út úr musterinu og öllum
hliðum læst að baki honum. 31 Þeir börðu hann
og ætluðu að ganga af honum dauðum. En þegar
foringi rómversku hersveitarinnar frétti af
uppþotinu, 32 skipaði hann hermönnum sínum
og liðsforingjum að fara á vettvang og hljóp
síðan sjálfur niður eftir til mannfjöldans. Þegar
múgurinn sá hermennina koma, hættu þeir að
berja Pál. 33 Hersveitarforinginn tók Pál fastan
og fyrirskipaði að binda hann með tvöföldum
fjötrum. Síðan spurði hann mannfjöldann hver
hann væri og hvað hann hefði gert. 34 Sumir
hrópuðu eitt en aðrir annað og æsingin var svo
mikil að hann fékk engan botn í málið. Hann lét
því flytja Pál upp í virkið. 35 Þegar þeir komu að
tröppunum ætlaði múgurinn alveg að tryllast.
Hermennirnir urðu að bera Pál á öxlum sér til
að verja hann, 36 en mannfjöldinn ruddist á
hæla þeirra og hrópaði: „Burt með hann! Burt
með hann!“ 37 Í þann mund er þeir voru að fara
inn í virkið sagði Páll við hersveitarforingjann:
„Má ég segja við þig nokkur orð?“„Kanntu
grísku?“spurði foringinn undrandi. „Ég hélt
að þú værir Egyptinn sem gerði uppreisn fyrir
nokkrum árum og tók 4.000 morðingja með
sér út í eyðimörkina?“ 39 „Nei, “svaraði Páll.
„Ég er Gyðingur frá Tarsus í Kilikíu og það er
ekkert sveitaþorp! Viltu leyfa mér að ávarpa
mannfjöldann?“ 40 Hersveitarforinginn leyfði
það. Páll stóð nú í tröppunum og gaf fólkinu
bendingu um að þagna. Kyrrð færðist yfir og
Páll tók til máls:

22 „Kæru ættmenn, “hóf hann mál sitt,
„hlustið á málsvörn mína.“ 2 (Þegar fólkið
heyrði hann tala hebresku varð þögnin enn
meiri.) 3 „Ég er Gyðingur, fæddur í Tarsus,
sem er borg í Kilikíu, en hér í Jerúsalem hlaut
ég menntun mína. Ég var í skóla hjá Gamalíel
og lærði þar að hlýða lögum og siðum okkar
Gyðinga út í ystu æsar. Mér var umhugað að
þóknast Guði í öllu sem ég gerði, rétt eins og þið
í dag. 4 Ég ofsótti kristna menn og elti þá uppi
til að lífláta þá. Ég lét binda bæði karla og konur
og varpa þeim í fangelsi. 5 Æðsti presturinn, eða
hver sem er úr ráðinu, getur staðfest það, því
þeir gáfu mér skriflegt umboð til Gyðinganna
í Damaskus, um að mér væri heimilt að taka
þar alla kristna menn og færa í hlekkjum til

Jerúsalem og láta refsa þeim þar. 6 Þegar ég
var á leiðinni og nálgaðist Damaskus, gerðist
það skyndilega um hádegi að skært og bjart ljós
skein á mig frá himni. 7 Ég féll til jarðar og
heyrði rödd segja við mig: „Sál, Sál, hvers vegna
ofsækir þú mig?“ 8 „Hver ert þú herra?“spurði
ég. „Ég er Jesús frá Nasaret, sem þú ofsækir,
“svaraði röddin. 9 Mennirnir, sem með mér
voru, sáu ljósið, en skildu ekki það sem sagt var.
10 „Drottinn, hvað á ég að gera?“spurði ég þá.
„Stattu á fætur, “svarði Drottinn, „farðu inn
í Damaskus og þar mun þér verða sagt hvað
bíður þín.“ 11 Ég hafði blindast af þessu skæra
ljósi, svo ferðafélagar mínir urðu að leiða mig
inn í Damaskus. 12 Í borginni bjó maður sem hét
Ananías. Hann var guðrækinn, fór nákvæmlega
eftir lögum Gyðinga og var í miklum metum
meðal Gyðinganna í borginni. 13 Hann kom til
mín og sagði: „Bróðir Sál, líttu upp! Þú hefur
fengið sjónina!“Og á sama andartaki fékk ég
sjónina! 14 Og síðan sagði hann við mig: „Guð
feðra okkar hefur valið þig til að þekkja vilja
sinn, sjá Krist og heyra hann tala. 15 Þú átt að
flytja öllum boðskap hans og segja frá því sem
þú hefur séð og heyrt. 16 Nú er ekki eftir neinu
að bíða. Láttu skírast og hreinsast af syndum
þínum og ákalla síðan nafn Drottins.“ 17 Daginn
sem ég kom aftur til Jerúsalem var ég á bæn í
musterinu. Þá varð ég frá mér numinn og sá Guð
í sýn. Hann sagði: „Flýttu þér! Farðu burt frá
Jerúsalem, því að íbúar hennar munu ekki trúa
þér, þegar þú flytur þeim boðskap minn.“ 19 „Já,
en Drottinn, “sagði ég, „þeir vita þó örugglega
að það var ég sem lét fangelsa þá, sem á þig
trúa, og berja þá í samkomuhúsunum. 20 Og
þegar vottur þinn, Stefán, var drepinn, þá var
það ég sem stóð þar hjá og gaf samþykki mitt.
Ég gætti yfirhafna þeirra sem grýttu hann!“
21 En Guð sagði: „Farðu burt frá Jerúsalem,
því að ég ætla að senda þig annað – já alla
leið til heiðingjanna!““ 22 Fram að þessu hafði
mannfjöldinn hlustað með athygli á Pál, en
þegar hann minntist á heiðingjana, hrópuðu
þeir einum rómi: „Burt með slíkan mann! Drepið
hann! Hann á ekki skilið að fá að lifa!“ 23 Þeir
æptu, köstuðu af sér yfirhöfnunum og þeyttu
sandinum upp í loftið til merkis um reiði sína.
24 Foringi hersveitarinnar lét þá leiða Pál inn
og skipaði svo fyrir að hann yrði húðstrýktur
til þess að fá hann til að játa glæp sinn. Hann
vildi fá skýringu á æðinu sem runnið hafði
á fólkið. 25 Meðan verið var að binda Pál og
búa hann undir svipuhöggin, sagði hann við
liðsforingja sem þar stóð: „Hafið þið leyfi til
að húðstrýkja rómverskan borgara, án þess að
rannsaka mál hans?“ 26 Liðsforinginn gekk til
hersveitarforingjans og spurði: „Veistu hvað
þú ert að gera? Þessi maður er rómverskur
borgari!“ 27 Foringi hersveitarinnar gekk þá til
Páls og spurði: „Segðu mér, ert þú rómverskur
borgari?“„Já, “svaraði Páll. 28 „Ég líka, “muldraði
hersveitarforinginn, „og það kostaði mig ærið
fé.“„Ég er hins vegar fæddur með þeim rétti,
“sagði Páll. 29 Þegar hermennirnir, sem þarna
stóðu með reiddar svipurnar, heyrðu að Páll væri
rómverskur borgari, laumuðust þeir í burtu og
hersveitarforinginn varð sömuleiðis hræddur,
því að það var hann sem hafði fyrirskipað að
Páll skyldi bundinn og húðstrýktur. 30 Daginn
eftir lét hersveitarforinginn leysa fjötrana af
Páli og fyrirskipaði æðstu prestunum að kalla
saman Gyðingaráðið. Síðan lét hann leiða Pál
fyrir ráðið til að reyna að útkljá þessa deilu.

23 Páll hvessti augun á ráðið og sagði:
„Bræður, ég hef alltaf kappkostað að hafa
góða samvisku gagnvart Guði.“ 2 Ananías, æðsti
presturinn, fyrirskipaði þá að Páll yrði þegar
í stað sleginn á munninn. 3 Þá sagði Páll:
„Guð mun slá þig, þú kalkaði veggur. Hvers
konar dómari ert þú? Þú brýtur sjálfur lögin
með því að fyrirskipa að ég skuli sleginn?“ 4
Þeir sem næstir stóðu Páli, sögðu við hann:
„Þú smánar, með þessum orðum, æðsta prest
Guðs.“ 5 „Bræður, ekki var mér ljóst að hann
væri æðsti prestur, “svaraði Páll, „enda veit
ég að í Biblíunni stendur: „Talaðu aldrei illa
um yfirmann þjóðar þinnar“.“ 6 Allt í einu
datt Páli nokkuð í hug. Annar hluti ráðsins var
saddúkear en hinn farísear. Hann kallaði því:
„Bræður, ég er farísei eins og forfeður mínir,
en nú er ég fyrir rétti vegna vonarinnar um
eilíft líf og trúar á upprisu dauðra.“ 7 Þar með
klofnaði ráðið – farísear á móti saddúkeum.
8 Saddúkear segja að hvorki sé til upprisa né
englar og að ekki sé eilífur andi í manninum,
en öllu þessu trúa farísearnir. 9 Nú hófst mikil
deila. Sumir leiðtoganna spruttu á fætur til að
styðja orð Páls. „Við sjáum ekkert athugavert
við hann!“hrópuðu þeir. „Kannski hefur engill
eða andi talað til hans þarna á veginum til
Damaskus.“ 10 Hrópin og köllin urðu æ háværari.

Menn þrifu í Pál frá báðum hliðum og toguðu
hann á milli sín. Hersveitarforinginn óttaðist
að þeir slitu hann í sundur. Hann skipaði því
hermönnum sínum að taka hann af þeim með
valdi og fara með hann aftur til kastalans. 11
Um nóttina kom Drottinn til Páls og sagði:
„Vertu ekki kvíðinn, Páll. Þú hefur vitnað um
mig fyrir íbúum Jerúsalem og sama muntu gera
í Róm.“ 12 Morguninn eftir, gerðu um fjörutíu
Gyðingar samkomulag um að bragða hvorki
vott né þurrt, fyrr en þeir hefðu komið Páli
fyrir kattarnef. 14 Síðan fóru þeir til æðstu
prestanna og öldunganna og sögðu þeim frá
fyrirætlun sinni. 15 „Biðjið hersveitarforingjann
að leiða Pál aftur fram fyrir ráðið, “sögðu
þeir, „og segið að þið ætlið að spyrja hann
nokkurra viðbótarspurninga. Við munum svo
drepa hann á leiðinni.“ 16 Systursonur Páls
frétti um samsærið, fór upp í kastalann og lét
Pál vita. 17 Páll kallaði þá til eins liðsforingjans
og sagði: „Farðu með þennan unga mann til
hersveitarforingjans. Hann er með áríðandi
skilaboð.“ 18 Liðsforinginn fór með hann til
hersveitarforingjans og sagði: „Bandinginn Páll
bað mig að fara með þennan unga mann til
þín. Hann hefur víst eitthvað að segja þér.“
19 Hersveitarforinginn tók í hönd drengsins,
leiddi hann afsíðis og spurði: „Hvað ætlar þú
að segja mér, vinur minn?“ 20 „Á morgun,
“svaraði drengurinn, „ætla Gyðingarnir að biðja
þig að leiða Pál aftur fram fyrir ráðið, undir
því yfirskyni að þeir vilji fá að spyrja hann
enn frekar. 21 En gerðu það ekki! Því rúmlega
fjörutíu menn ætla að fela sig við veginn og
stökkva á Pál og drepa hann. Þeir hafa lofað
hver öðrum því að borða hvorki né drekka,
fyrr en hann sé dauður. Þeir eru hérna fyrir
utan núna og eru komnir til að fá samþykki
þitt.“ 22 „Láttu ekki nokkurn lifandi mann
vita að þú hafir sagt mér frá þessu, “sagði
hersveitarforinginn við drenginn um leið og
hann lét hann fara. 23 Síðan kallaði hann á tvo
liðsforingja og gaf eftirfarandi fyrirmæli: „Hafið
200 hermenn reiðubúna til að fara til Sesareu
klukkan níu í kvöld. Hafið einnig 200 menn
vopnaða spjótum og 70 riddara. Hafið tilbúinn
hest handa Páli, til þess að koma honum heilum
á húfi til Felixar landstjóra.“ 25 Síðan skrifaði
hann landstjóranum svohljóðandi bréf: 26 „Frá:
Kládíusi Lýsíasi. Göfugi landstjóri, Felix! Þennan
mann handtóku Gyðingarnir. 27 Þeir höfðu
nærri því gert út af við hann, þegar ég sendi
hermenn til að bjarga honum – en ég hafði
komist að því að hann er rómverskur borgari.
28 Síðan fór ég með hann fyrir æðsta ráðið
til að komast að því hvað hann hefði gert.
29 Ég komst fljótt að því að það snerist um
eitthvað í trú þeirra – örugglega ekkert sem
krefst fangelsunar eða dauðadóms. 30 Þegar
ég svo frétti af samsæri um að drepa hann,
ákvað ég að senda hann til þín. Ég mun láta
ákærendur hans vita að þeir verði að bera málið
upp við þig.“ 31 Um nóttina fóru hermennirnir
með Pál til Antípatris, eins og fyrir þá var lagt.
32 Morguninn eftir sneru þeir aftur til kastalans,
en skildu Pál eftir, ásamt riddaraliðinu, sem
átti að fara með hann áfram til Sesareu. 33
Þegar þeir komu til Sesareu kynntu þeir Pál
fyrir landstjóranum og afhentu honum bréfið.
34 Hann las það og spurði síðan Pál hvaðan
hann væri. „Frá Kilikíu, “svaraði Páll. „Þegar
ákærendur þínir eru komnir, mun ég taka mál
þitt fyrir, “sagði landstjórinn. Síðan lét hann
varpa honum í fangelsið í höll Heródesar.

24 Fimm dögum síðar kom Ananías æðsti
prestur ásamt nokkrum leiðtogum Gyðinga
og lögfræðingnum Tertúllusi til að sækja
málið gegn Páli. 2 Tertúllus var kallaður fyrir
landstjórann og bar þar fram ákærur gegn
Páli. Hann sagði: 3 „Göfugi Felix, fyrir þitt
tilstilli höfum við Gyðingar fengið að lifa í
friði og þú hefur stórlega rétt hlut okkar. 4
En til að tefja þig sem minnst, bið ég þig
vinsamlegast að hlusta á mig andartak meðan
ég skýri þér stuttlega frá ákærum okkar gegn
þessum manni. 5 Við höfum komist að því
að hann veldur vandræðum um allan heim
og æsir Gyðinga til óeirða gegn rómverskum
yfirvöldum. Hann er forsprakki sértrúarflokks
sem þekktur er undir nafninu nasarearnir. 6
Auk alls þessa reyndi hann að saurga musterið,
en þá gripum við hann. Við ætluðum að veita
honum verðskuldaða ráðningu, 7 en þá kom
Lýsías hersveitarforingi og tók hann af okkur
með ofbeldi. 8 Hann krafðist þess að farið yrði
með mál hans eftir rómverskum lögum. Þú
getur sjálfur gengið úr skugga um réttmæti
ásakana okkar með því að yfirheyra manninn.“
9 Þessu samsinntu hinir Gyðingarnir og lýstu
yfir því að framburður Tertúllusar væri réttur.
10 Nú var röðin komin að Páli. Landstjórinn gaf

honum bendingu um að rísa á fætur og tala
máli sínu. Páll tók til máls og sagði: „Mér er
kunnugt um, herra, að þú hefur verið dómari í
málum Gyðinga um árabil og finnst mér gott að
vita það, nú þegar ég flyt varnarræðu mína. 11
Þú munt fljótt komast að því að ekki eru liðnir
nema tólf dagar síðan ég kom til Jerúsalem,
til að biðjast fyrir í musterinu. 12 Einnig að
ég hef ekki komið af stað óeirðum í nokkru
samkomuhúsi Gyðinga né á götum nokkurrar
borgar. 13 Þessir menn geta áreiðanlega ekki
sannað neina af þeim ásökunum, sem þeir
hafa borið á mig. 14 En eitt vil ég játa og það
er að ég trúi þeirri hjálpræðisleið sem þeir
kalla sértrú. Ég þjóna Guði á sama hátt og
forfeður okkar, og ég vil taka það fram, að ég
trúi öllu sem skrifað er í lögum Gyðinga og
ritum spámannanna. 15 Þessir menn trúa því
að bæði vondir og góðir muni rísa upp og sama
segi ég. 16 Af þessum ástæðum reyni ég ávallt
að hafa góða samvisku, bæði gagnvart Guði og
mönnum. 17 Eftir nokkurra ára fjarveru kom
ég aftur til Jerúsalem og hafði þá með mér
peninga til aðstoðar Gyðingum. Einnig kom ég
til að færa Guði fórn. 18 Ákærendur mínir sáu
mig í musterinu, þegar ég var að bera fram
þakkarfórn mína. Ég hafði rakað höfuð mitt
eins og lög Gyðinga gera ráð fyrir og umhverfis
mig var hvorki æstur múgur né uppþot. Þar
voru hins vegar nokkrir Gyðingar frá Litlu-Asíu
19 – þeir ættu reyndar að vera hér, hafi þeir
eitthvað að ásaka mig fyrir. 20 En gerðu nú
eitt. Spurðu þessa menn, hér og nú, hvaða sök
Gyðingaráðið hafi fundið hjá mér, 21 aðra en þá
að ég kallaði upp: „Ég er hér fyrir rétti í dag til
að verja þá trú mína að dauðir muni rísa upp!““
22 Felix, sem vissi vel að kristnir menn voru ekki
vanir að valda óeirðum, bað nú Gyðinga að bíða
komu Lýsíasar hersveitarforingja og þá mundi
hann dæma í málinu. 23 Síðan bauð hann að
Páli skyldi haldið í fangelsi. Jafnframt gaf hann
vörðunum fyrirmæli um að fara vel með hann
og leyfa vinum hans að heimsækja hann. 24
Nokkrum dögum síðar kom Felix, ásamt Drúsillu
eiginkonu sinni, sem var Gyðingur. Lét hann
sækja Pál og hlustuðu þau á hann segja frá
trú sinni á Jesú Krist. 25 Þegar Páll fór að tala
um réttlæti, líf í hreinleika og komandi dóm,
varð Felix mjög hræddur og sagði: „Þetta er
nóg í bili. Ég mun kalla á þig aftur þegar betur
stendur á.“ 26 Hann gerði sér vonir um að Páll
myndi bjóða sér mútur og lét því senda eftir
honum öðru hverju til þess að ræða við hann. 27
Þannig liðu tvö ár. Eftir það tók Porkíus Festus
við af Felix og vegna þess að Felix vildi koma
sér í mjúkinn hjá Gyðingunum skildi hann Pál
eftir í fangelsinu.

25 Þrem dögum eftir að Festus kom til Sesareu,
til að taka við embætti, fór hann til
Jerúsalem. 2 Þar náðu æðstu prestarnir og
leiðtogar Gyðinga tali af honum og sögðu frá
afskiptum sínum af Páli. 3 Þeir báðu hann
að koma strax með Pál til Jerúsalem. (Ætlun
þeirra var að gera honum fyrirsát á leiðinni og
drepa hann.) 4 Festus svaraði að þar sem Páll
væri í Sesareu og hann sjálfur á leið þangað, 5
væri best að þeir, sem afskipti hefðu af málinu,
yrðu honum samferða til réttarhaldanna. 6
Átta til tíu dögum síðar kom Festus til Sesareu
og hófust réttarhöldin yfir Páli strax næsta
dag. 7 Þegar Páll var leiddur inn í réttarsalinn,
hópuðust Gyðingarnir frá Jerúsalem umhverfis
hann og báru á hann margar alvarlegar sakir,
sem þeir gátu þó ekki sannað. 8 Páll vísaði
öllum þessum ásökunum á bug og sagði: „Ég er
saklaus af öllu þessu. Hvorki hef ég brotið lög
Gyðinga né vanhelgað musterið og því síður
gert uppreisn gegn rómverskum yfirvöldum.“ 9
Festus, sem vildi þóknast Gyðingunum, spurði
Pál: „Viltu fara til Jerúsalem og leyfa mér að
taka upp málið þar?“ 10 „Nei, “svaraði Páll.
„Ég stend á rétti mínum og fer fram á að mál
mitt verði rekið fyrir dómstóli keisarans. Þú
veist vel að ég er saklaus. Hafi ég gert eitthvað,
sem verðskuldar dauða, þá er ég reiðubúinn að
deyja. En sé ég saklaus, þá hefur hvorki þú né
nokkur annar rétt til að afhenda mig þessum
mönnum, til þess að þeir geti drepið mig. Hér
með áfrýja ég máli mínu til keisarans!“ 12
Festus ræddi málið við ráðgjafa sína og svaraði
síðan: „Allt í lagi. Þú hefur skotið máli þínu
til keisarans og til keisarans skaltu fara!“ 13
Skömmu síðar kom Agrippa konungur ásamt
Berníke í nokkurra daga heimsókn til Festusar.
14 Meðan þau dvöldust þar, ræddi Festus mál
Páls við konunginn og sagði: „Hér hjá okkur
er fangi sem á óútkljáð mál frá því Felix var
hér. 15 Þegar ég var í Jerúsalem sögðu æðstu
prestarnir, og aðrir leiðtogar Gyðinga, mér álit
sitt á málinu og heimtuðu að ég léti drepa
hann. 16 Að sjálfsögðu benti ég þeim strax á

að samkvæmt rómverskum lögum væru menn
ekki dæmdir til dauða fyrr en búið væri að
rannsaka mál þeirra og þeir fengið að flytja
vörn. 17 Daginn eftir að þeir komu hingað tók
ég málið fyrir og lét leiða Pál inn. 18 Sakirnar,
sem bornar voru á hann, reyndust vera allt
aðrar en þær sem ég hafði búist við. 19 Þær
snerust allar um trúarbrögð þeirra og einhvern
Jesú, sem var dáinn, en Páll hélt fram að væri
lifandi. 20 Ég var í stökustu vandræðum með
hvernig ég ætti að dæma í málinu, svo ég spurði
Pál hvort hann vildi ekki að málið yrði tekið
fyrir í Jerúsalem, 21 en þá áfrýjaði hann til
keisarans. Ég skipaði því svo fyrir að hann
yrði að vera í fangelsinu þangað til ég gæti
komið honum til keisarans.“ 22 „Ég hefði gaman
af að heyra í þessum manni, “sagði Agrippa.
„Það skaltu fá, “svaraði Festus, „jafnvel strax
á morgun.“ 23 Daginn eftir kom konungurinn
ásamt Berníke til réttarins með mikilli viðhöfn.
Í fylgd með honum voru foringjar úr hernum
og æðstu embættismenn borgarinnar. Þá gaf
Festus skipun um að Páll skyldi leiddur í salinn.
24 Þegar allir voru komnir, tók Festus til máls og
sagði: „Agrippa konungur og aðrir viðstaddir,
þetta er maðurinn sem Gyðingar hér og í
Jerúsalem heimta að verði tekinn af lífi. 25 Ég
lít svo á að hann hafi ekkert gert sem réttlæti
dauðadóm. Nú hefur hann hins vegar skotið
máli sínu til keisarans og á ég því engan annan
kost en að senda hann þangað. 26 Vandinn
er hins vegar sá að ég veit ekki hvað ég á að
skrifa keisaranum, því að engin kæra liggur
frammi gegn manninum! Þess vegna hef ég leitt
hann fyrir ykkur, og þó einkanlega þig, Agrippa
konungur. Ég vil fá botn í málið, svo ég viti
hvað ég á að skrifa. 27 Það væri lítið vit í að
senda fanga til keisarans án ákæru!“

26 Þá sagði Agrippa við Pál: „Gjörðu svo vel.
Segðu okkur nú sögu þína.“Páll rétti fram
höndina til kveðju og hóf varnarræðu sína: 2
„Það er mér gleðiefni, Agrippa konungur, að
fá að kynna þér mál mitt, 3 því að ég veit
að þú gjörþekkir lög og siði Gyðinga. Sýnið
nú þolinmæði og hlustið á mig. 4 Eins og
Gyðingarnir vita, fékk ég gyðinglega uppfræðslu
frá fyrstu bernsku í Tarsus en seinna meir
í Jerúsalem og lifði ég lífi mínu í samræmi
við hana. 5 Þeim er líka fullljóst að ég var
strangastur allra farísea í hlýðni við lög og
siðvenjur þjóðar okkar. 6 Ástæðan fyrir því að
ég er lögsóttur, er sú von mín að Guð muni
standa við loforðið sem hann gaf forfeðrum
okkar. 7 Það er loforðið sem allar tólf ættkvíslir
Ísraelsmanna bíða eftir að verði uppfyllt. En
konungur, nú segja þeir að með því hafi ég
gerst afbrotamaður! 8 Hvað er glæpsamlegt við
að trúa upprisu dauðra? Finnst þér ótrúlegt
að Guð geti reist menn frá dauðum? 9 Ég
leit svo á að mitt hlutverk væri að ofsækja
fylgjendur Jesú frá Nasaret. 10 Ég fékk leyfi hjá
æðstu prestunum til að varpa mörgum hinna
heilögu í Jerúsalem í fangelsi og samþykkti
svo að þeir yrðu teknir af lífi. 11 Ég notaði
pyntingar til að neyða kristna menn, hvar sem
þeir fundust, til að formæla Kristi. Slíkt æði
hafði gripið mig að ég elti þá jafnvel til fjarlægra
borga í öðrum löndum. 12 Eitt sinn fór ég til
Damaskus í slíkum erindagjörðum með sérstakt
leyfi og umboð frá æðstu prestunum. 13 Þá
gerðist það einn daginn, um hádegisbilið, að
ljós, bjartara en sólin, birtist á himninum og
skein á mig og félaga mína. 14 Við féllum allir
til jarðar og ég heyrði rödd, sem sagði við mig
á hebresku: „Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? Það
verður aðeins sjálfum þér til tjóns.“ 15 „Hver
ert þú herra?“spurði ég Drottinn svaraði: „Ég er
Jesús, sem þú ofsækir. 16 En stattu upp! Ég hef
birst þér til að útnefna þig þjón minn og vitni.
Þú átt að segja heiminum frá þessari opinberun,
og öðrum, sem þú munt fá í framtíðinni. 17
Ég mun vernda þig bæði fyrir heiðingjunum
og þinni eigin þjóð. Ég ætla að senda þig til
heiðingjanna 18 til þess að þeir sjái hið sanna
ástand sitt, geri iðrun og lifi í ljósi Guðs en ekki í
myrkri Satans. Þeir munu taka við fyrirgefningu
syndanna og þeim arfi, sem Guð vill veita öllum,
hvar sem þeir eru, fyrir trúna á mig.“ 19 Agrippa
konungur, þessari himnesku sýn óhlýðnaðist ég
ekki. 20 Fyrst predikaði ég í Damaskus, síðan í
Jerúsalem og um alla Júdeu og að lokum meðal
heiðingjanna. Ég hvatti alla til að snúa sér frá
syndinni og til Guðs og sanna afturhvarf sitt
með því að ástunda góð verk. 21 Fyrir að predika
þetta, handtóku Gyðingarnir mig í musterinu
og reyndu að drepa mig. 22 En Guð verndaði
mig, svo ég er enn á lífi og vitna um þetta fyrir
háum og lágum. Í kenningu minni er ekkert sem
ekki er frá Móse eða spámönnunum. 23 Þeir
sögðu að Kristur yrði að þjást og myndi rísa upp
frá dauðum, fyrstur allra, til að verða ljós bæði

Gyðingum og heiðingjum.“ 24 „Þú ert búinn
að missa vitið, Páll!“hrópaði Festus allt í einu.
„Allur þessi bókalestur hefur gert þig ruglaðan!“
25 „Ekki er ég vitskertur, göfugi Festus, “svaraði
Páll, „ég er með fullu viti og er aðeins að segja
sannleikann. 26 Agrippa konungur skilur þetta
allt mætavel. Ég tala hreinskilnislega, því að ég
er viss um að hann er þessu vel kunnugur, enda
hafa þessir atburðir ekki gerst í leynum heldur
fyrir allra augum. 27 Agrippa konungur, trúir þú
spámönnunum? Ég veit að þú gerir það...“ 28 Þá
greip Agrippa fram í og sagði: „Heldurðu að ekki
þurfi meira til að gera mig kristinn?“ 29 „Þess
bið ég Guð, “svaraði Páll, „að hvort sem rök mín
eru veik eða sterk, þá mættir þú og aðrir, sem
hér hlusta, verða eins og ég, að undanskildum
hlekkjunum.“ 30 Þá stóð konungurinn upp
ásamt landstjóranum, Berníke og öllum hinum
og fór. 31 Þegar þau ræddu málið eftir á, urðu
þau sammála um að Páll hefði ekkert aðhafst,
sem réttlætti dauðadóm eða fangelsisvist. 32
Síðan sagði Agrippa við Festus: „Nú hefði verið
hægt að sleppa honum, ef hann hefði ekki
skotið málinu til keisarans.“

27 Loks var öllum undirbúningi lokið fyrir
sjóferð okkar til Rómar. Páli og nokkrum
öðrum föngum var komið fyrir í gæslu hjá
liðsforingja, sem Júlíus hét, og var í hersveit
keisarans. 2 Við stigum á skip sem átti að hafa
viðkomu á nokkrum stöðum á strönd Litlu-Asíu.
Reyndar var Aristarkus með okkur, en hann var
grískur, frá Þessaloníku. 3 Daginn eftir komum
við til Sídon, sem var fyrsti viðkomustaðurinn.
Júlíus sýndi Páli þá velvild að leyfa honum
að fara í land, heimsækja vini sína og njóta
gestrisni þeirra. 4 Þegar við sigldum þaðan,
fengum við mótvind sem gerði okkur erfitt að
halda stefnunni. Við fórum því norður fyrir
Kýpur, milli eyjarinnar og meginlandsins 5
og sigldum meðfram strönd héraðanna Kilikíu
og Pamfýlíu. Því næst komum við til Mýru
í Lýkíu. 6 Þar setti liðsforinginn okkur um
borð í egypskt skip frá Alexandríu, sem var
á leið til Ítalíu. 7 Dögum saman miðaði lítið
vegna óhagstæðs veðurs. Loks vorum við þó
komnir í námunda við Knídus, en þá hvessti
aftur, svo við létum berast upp undir Krít
og fram hjá hafnarborginni Salmóne. Með
miklum erfiðismunum tókst okkur að brjótast
gegn veðrinu fram með suðurströndinni, uns
við komum til Góðhafnar, nálægt borginni
Laseu. 9 Þar stoppuðum við nokkra daga.
Það var komið haust þegar þetta var, og því
hættulegt að leggja upp í langar sjóferðir vegna
illviðra, sem þá voru tíð. Páll nefndi þetta við
yfirmenn skipsins og sagði: 10 „Kæru vinir,
ég álít að ef við siglum nú, þá munum við
lenda í erfiðleikum og jafnvel strandi. Þá mundi
farmurinn eyðileggjast og menn gætu farist.“
11 En liðsforingjarnir, sem gættu fanganna, tóku
meira mark á skipstjóranum og eiganda skipsins
en Páli. 12 Þar sem Góðhöfn var opin fyrir
veðri og vindum, og því óhentug að vetri til,
lögðu flestir af áhöfninni til að reynt yrði að
komast upp að ströndinni við Fönix og vera þar
um veturinn. Fönix var fyrirtaks höfn, opin til
suðvesturs og norðvesturs. 13 Um þetta leyti
kom hægur sunnanvindur og að því er virtist
gott sjóveður. Þeir léttu því akkerum og sigldu af
stað fram með landinu. 14 Ekki var liðinn langur
tími er norðaustanrok skall á og hrakti skipið
út á opið haf. Í fyrstu reyndu þeir að snúa aftur
upp að ströndinni en er það tókst ekki, gáfust
þeir upp og létu reka. 16 Loksins komumst við
í var við litla eyju, sem heitir Káda, og þar
gátum við með miklum erfiðismunum dregið
björgunarbátinn um borð, en hann hafði verið í
togi. 17 Þá voru strengdir kaðlar yfir skipið til
að styrkja það. Áhöfnin var hrædd um að skipið
myndi hrekja upp á sandana við Afríkuströnd
og tók því niður aðalseglið og lét reka fyrir veðri
og vindum. 18 Daginn eftir versnaði veðrið enn
og tók þá áhöfnin að varpa farminum fyrir borð.
19 Þriðja daginn fleygðu þeir síðan öllum búnaði
skipsins í sjóinn – öllu lauslegu. 20 Fárviðrið
geisaði linnulaust dögum saman og að lokum
höfðu þeir gefið upp alla von. 21 Þegar menn
höfðu verið lengi matarlausir, kallaði Páll saman
áhöfnina og sagði: „Góðir menn, þið hefðuð
átt að gefa því gaum sem ég sagði, og vera
kyrrir í Góðhöfn, því að þá hefðuð þið komist
hjá þessum hrakningum og tjóni. 22 En herðið
upp hugann! Enginn okkar mun týna lífi, þótt
skipið farist. 23 Síðastliðna nótt stóð hjá mér
engill þess Guðs, sem ég tilheyri og þjóna, 24 og
sagði: „Vertu ekki hræddur, Páll, því þú munt
komast til keisarans til að tala máli þínu. Auk
þess hefur Guð heyrt bæn þína og mun bjarga
lífi allra þeirra sem með þér eru á skipinu.“ 25
Verið nú hughraustir, því að ég treysti Guði.
Þetta mun fara eins og hann hefur sagt, 26

en skipið mun stranda við einhverja eyju.“ 27
Um miðnættið fjórtánda óveðursdaginn, vorum
við að hrekjast fram og aftur um Adríahafið.
Þá fannst sjómönnunum eins og þeir væru að
nálgast land. 28 Dýpið var mælt og reyndist
það vera 40 metrar. Skömmu síðar mældu þeir
aftur og var það þá 30 metrar. 29 Þeir voru því
vissir um að þá mundi fljótlega bera að landi.
Af ótta við sker við ströndina, köstuðu þeir út
fjórum akkerum úr skutnum og vonuðu að birti
sem fyrst. 30 Nokkrir af áhöfninni ætluðu að
forða sér frá skipinu og létu björgunarbátinn
síga undir því yfirskini að þeir ætluðu að kasta
akkerum frá stefninu. 31 Þá sagði Páll við
hermennina og foringja hersveitarinnar. „Ef
einhver fer frá borði munu allir farast.“ 32 Þá
hjuggu hermennirnir á kaðlana og létu bátinn
falla í sjóinn. 33 Það var ekki enn orðið bjart
þegar Páll bað alla um að fá sér eitthvað að
borða. „Þið hafið ekki bragðað mat í hálfan
mánuð, “sagði hann. 34 „Fáið ykkur nú eitthvað
svo þið hressist, því að þið munuð ekki farast,
nei, ekki svo mikið sem hár á höfði ykkar!“
35 Síðan tók hann nokkuð af skipsbrauðinu,
þakkaði Guði í augsýn allra, braut af því bita
og át. 36 Allt í einu leið öllum betur og menn
fengu sér mat, 37 en alls vorum við tvö hundruð
sjötíu og sex um borð. 38 Eftir að hafa borðað,
fleygði áhöfnin öllu korninu í sjóinn til að létta
skipið enn meira. 39 Þegar bjart var orðið, virtu
menn fyrir sér ströndina, en þekktu hana ekki.
Þá tóku þeir eftir vík með sandfjöru og veltu
því fyrir sér hvort takast mundi að komast
milli klettanna og láta brimið skola sér upp í
fjöruna. 40 Loks var ákveðið að reyna þetta.
Höggvið var á akkerisfestarnar og þær látnar
fara. Stýrunum var rennt í sjóinn, framseglið
dregið upp og stefnt til strandar. 41 Fljótlega
tók skipið niðri á sandrifi og sat stefnið fast, en
brotsjóirnir gengu yfir skutinn, svo að hann tók
að liðast í sundur. 42 Hermennirnir ráðlögðu þá
herdeildarforingjanum að drepa fangana, svo
að þeir gætu ekki synt í land og komist undan.
43 En Júlíus, sem vildi bjarga lífi Páls, féllst ekki
á þessa hugmynd. Síðan skipaði hann öllum,
sem kynnu að synda, að stökkva í sjóinn og
reyna að bjarga sér í land. 44 Þeir sem ósyndir
voru, áttu að fleyta sér á plönkum og braki úr
brotnandi skipinu. Þetta var gert og komust
allir í land heilu og höldnu.

28 Fljótlega fengum við að vita að við værum
staddir á eyjunni Möltu. 2 Fólkið þar var
vingjarnlegt. Það bauð okkur velkomna og
kveikti bál á ströndinni svo að við gætum yljað
okkur, því að rigning var og hráslagalegt. 3 Páll
tíndi fangið fullt af sprekum, en þegar hann
ætlaði að kasta þeim á eldinn, skreið höggormur
út úr hrúgunni – hann var að flýja hitann – og
festi sig á handlegg hans. 4 Þegar eyjarskeggjar
sáu kvikindið hanga við Pál, sögðu þeir hver við
annan: „Þessi maður er áreiðanlega morðingi!
Hann bjargaðist úr sjávarháska, en örlögin vilja
samt ekki leyfa honum að lifa!“ 5 Þá hristi
Páll höggorminn af sér í eldinn og varð ekki
meint af. 6 Fólkið beið eftir að handleggurinn
bólgnaði og Páll dytti dauður niður, en þegar
það gerðist ekki skipti það um skoðun og taldi
hann vera guð. 7 Skammt frá strandstaðnum var
búgarður sem Públíus, æðsti maður eyjarinnar,
átti. Tók hann mjög hlýlega á móti okkur og
leyfði okkur að gista hjá sér í þrjá daga. 8 Þegar
þetta gerðist, var faðir Públíusar veikur. Hann
hafði blóðsótt og háan hita. Páll fór inn til hans,
lagði hendur yfir hann og læknaði hann. 9 Þetta
varð til þess að allir aðrir, sem veikir voru á
eyjunni, komu og fengu lækningu. 10 Gjöfunum
rigndi yfir okkur og þegar brottfarardagurinn
rann upp, kom fólk um borð með allt mögulegt
sem við þurftum til sjóferðarinnar. 11 Þremur
mánuðum eftir strandið lögðum við af stað
á ný og þá með skipi sem sigldi undir merki
Tvíburanna. Það var frá Alexandríu, en hafði
legið við eyjuna um veturinn. 12 Fyrst komum
við til Sýrakúsu og var þar höfð þriggja daga
viðdvöl. 13 Þaðan sveigðum við yfir til Regíum
og daginn eftir snerist hann í sunnanátt, svo
að þar næsta dag komumst við til Púteólí. 14
Þar fundum við kristna menn. Þeir báðu okkur
að staldra við hjá sér eina viku. Við gerðum
það, en síðan héldum við áfram til Rómar. 15
Bræðurnir í Róm höfðu frétt að við værum að
koma. Þeir fóru því út að torginu til að taka á
móti okkur og reyndar slógust aðrir í hópinn
hjá Þríbúðum við Appíusarveginn. Þegar Páll sá
þá þakkaði hann Guði og hresstist við. 16 Þegar
Páll kom til Rómar, var honum leyft að búa út
af fyrir sig, en þó var hans gætt af hermanni.
17 Þrem dögum eftir komuna kallaði hann til
sín leiðtoga Gyðinga í borginni og sagði við
þá: „Bræður, Gyðingarnir í Jerúsalem tóku mig
fastan og síðan lenti ég í höndum rómversku

yfirvaldanna. Gyðingarnir vildu lögsækja mig,
enda þótt ég hefði ekki valdið neinum tjóni né
brotið siði forfeðra okkar. 18 Þegar Rómverjarnir
höfðu kynnt sér mál mitt vildu þeir sleppa
mér, því að enga dauðasök fundu þeir hjá mér
eins og leiðtogar Gyðinganna höfðu haldið stíft
fram. 19 En þar sem Gyðingarnir gátu ekki
fallist á slík málalok, fannst mér rétt að skjóta
málinu til keisarans, enda þótt ég hafi ekkert
að ákæra þjóð mína fyrir. 20 Ástæðan fyrir því
að ég bað ykkur að koma hingað í dag, er sú
að ég vildi kynnast ykkur og segja ykkur hvers
vegna ég er fjötraður, en það er vegna þess
að ég trúi því að Kristur sé þegar kominn."
21 Þeir svöruðu: „Við höfum ekki heyrt neitt
misjafnt um þig. Við höfum engin slík bréf
fengið frá Júdeu né heldur fréttir frá þeim
sem komið hafa frá Jerúsalem. 22 Við viljum
gjarnan vita hverju þú trúir, því að það eina
sem við heyrum um þessa kristnu menn, er að
þeir séu alls staðar fordæmdir." 23 Síðan komu
þeir sér saman um að hittast aftur seinna og
þegar sá dagur kom, fjölmenntu Gyðingar til
Páls. Hann talaði við þá um guðsríki, fræddi þá
um Jesú og vitnaði í Mósebækurnar fimm og
spámannaritin. Viðræðurnar hófust að morgni
og héldu áfram allt til kvölds. 24 Sumir trúðu
útskýringum Páls, en aðrir ekki. 25 Eftir að
hafa rökrætt málið sín á milli, yfirgáfu þeir
húsið með þessi orð Páls í eyrum sér. „Heilagur
andi hafði rétt fyrir sér þegar hann sagði við
Jesaja spámann: 26 „Segðu Gyðingunum: Þið
munuð heyra og sjá, en samt ekki skilja, 27
vegna þess að hugur ykkar er sljór, heyrnin
slæm og augunum hafið þið lokað. Því að hvorki
viljið þið sjá, heyra né skilja, til að geta snúið
ykkur til mín og hljóta lækningu." 28 Ég vil að
ykkur sé ljóst að þetta hjálpræði Guðs stendur
einnig heiðingjunum til boða og þeir munu
taka á móti því." 30 Í þessu leiguherbergi bjó
Páll næstu tvö árin og tók þar á móti öllum sem
heimsóttu hann. 31 Hann talaði djarflega við
alla um guðsríki og um Drottin Jesú Krist og
engin tilraun var gerð til að hindra hann.

Rómverjabréfið

1 Kæru vinir í Róm. Þetta bréf er frá mér,
Páli, þjóni Jesú Krists. Guð hefur kallað
mig til að boða trú og sent mig til að flytja
gleðiboðskap Guðs. **2** Langt er nú liðið síðan
spámenn Guðs hétu því að þessi gleðiboðskapur
yrði kunngerður. **3** Gleðiboðskapurinn er um
son Guðs, Jesú Krist, Drottin okkar sem fæddist
sem lítið barn af ætt Davíðs konungs. **4** Upprisa
hans frá dauðum sýnir, svo ekki verður um
villst, að hann er hinn voldugi sonur Guðs,
gæddur sama heilaga eðli og sjálfur Guð. **5** Nú
er svo komið, að vegna Krists, hefur Guð úthellt
kærleika sínum yfir okkur óverðuga syndara.
Eftir það hefur hann sent okkur út um allan
heiminn, til að segja öllum, hvar sem þeir eru,
frá því stórkostlega sem Guð hefur gert fyrir
þá, svo að einnig þeir komist til trúar og læri að
hlýða honum. **6** Kæru vinir í Róm, þið eruð í
hópi þeirra sem Guð elskar. Jesús Kristur hefur
einnig kallað ykkur til að verða Guðs börn og
tilheyra hans heilögu þjóð. Náð og friður Guðs
föður og Drottins Jesú Krists sé með ykkur
öllum. **8** Fyrst vil ég segja ykkur að þið eruð á
allra vörum! Hvarvetna ræða menn um traust
ykkar á Guði. Ég þakka Guði vegna Jesú Krists
fyrir þessar góðu fréttir og fyrir hvert og eitt
ykkar. **9** Guð veit hversu oft ég bið fyrir ykkur.
Dag og nótt legg ég ykkur og þarfir ykkar fram
fyrir hann í bæn. Honum þjóna ég af heilum
hug með því að flytja öðrum gleðifréttirnar um
son hans. **10** Ég vil að þið vitið að ég bið Guð
stöðugt um að gefa mér tækifæri til að koma til
ykkar. **11** Ég þrái að hitta ykkur svo ég geti gefið
ykkur eitthvað, sem styrkir trú ykkar á Drottin,
og til að uppörvast með ykkur í trúnni. **13** Kæru
vinir, ég vil að þið vitið að oft hef ég ætlað að
koma einhverju góðu til leiðar, á sama hátt og
í öðrum kristnum söfnuðum meðal heiðinna
þjóða. **14** Ég er í mikilli skuld við ykkur og alla
aðra, hvort sem það eru menningarþjóðir eða
ekki, bæði við menntaða og ómenntaða. **15** Ég er
því fyrir mitt leyti reiðubúinn að koma og boða
fagnaðarerindið, einnig ykkur sem eruð í Róm.
16 Ég blygðast mín ekki fyrir fagnaðarerindið,
því það er leið Guðs til eilífs lífs fyrir hvern
þann sem trúir honum og treystir á hann. Fyrst
var þessi boðskapur einungis fluttur Gyðingum,
en nú er öllum opið að koma til Guðs á þennan
hátt. **17** Þetta eru gleðifréttir, því þær segja
okkur að Guð geri okkur hæfa til að lifa með sér,
eða með öðrum orðum – geri okkur réttláta.
Þetta gerist þegar við trúum á Krist og treystum
því að hann hafi frelsað okkur. Trúin á Krist
er því leiðin til Guðs, enda segir Biblían: „Sá
sem leitar lífsins, finnur það með því að trúa á
Guð.“ **18** Guð sýnir reiði sína frá himni gegn
öllum vondum og syndugum mönnum sem
hafna sannleikanum. **19** Þessir menn þekkja
sannleikann um Guð hið innra með sér, því
Guð hefur lagt þeim þá þekkingu í brjóst.
20 Mennirnir hafa frá upphafi virt fyrir sér
jörðina, himininn og allt sem Guð hefur gert.
Þeir hafa því verið sér meðvitandi um tilveru
hans og hans mikla, eilífa mátt. Þess vegna hafa
þeir enga afsökun (þegar þeir standa frammi
fyrir honum á degi dómsins). **(aïdios g126)** **21**
Mennirnir vissu af Guði, en þó vildu þeir hvorki
viðurkenna hann né tilbiðja né heldur þakka
honum fyrir daglega umhyggju hans. Ekki leið
á löngu uns þeir fóru að gera sér heimskulegar
hugmyndir um Guð og hvers hann vænti af
þeim. Afleiðingin varð sú að þeir blinduðust
í heimsku sinni og lentu á villigötum. **22** Þeir
töldu sig ekki þurfa á þekkingu frá Guði að
halda og urðu því heimskingjar. **23** Í stað þess
að tilbiðja hinn dýrlega, eilífa Guð, bjuggu þeir
sér til goð sem líktust fuglum, ferfætlingum,
skriðdýrum og dauðlegum mönnum. **24** Þess
vegna hefur Guð gefið þeim lausan tauminn og
leyft þeim að svala girndum sínum í afskræmdu
kynlífi og gera hvað sem þá langaði til, einnig að
meðhöndla líkama hvers annars á svívirðilegan
og viðbjóðslegan hátt. **25** Í stað þess að trúa
því sem þeir vita að er sannleikurinn um Guð,
kjósa þeir að trúa lyginni! Afleiðingin er sú
að þeir tilbiðja það sem Guð hefur skapað,
í stað þess að tilbiðja Guð, skaparann. **(aiōn
g165)** **26** Þess vegna hefur Guð ofurselt mennina
svívirðilegum girndum. Þeir ganga jafnvel svo
langt að konurnar snúast gegn eðli sínu og leita
kynferðislegrar fullnægju hver með annarri. **27**
Sama er að segja um karlmennina. Í stað þess
að hafa eðlileg mök við konurnar, brenna þeir
af girnd hver til annars og lifa í skömm hver
með öðrum. Af þessu hafa þeir uppskorið þá
bölvun sem þeir eiga sannarlega skilið. **28** Þar
eð mennirnir höfnuðu Guði með þessum hætti
og vildu ekki við hann kannast, lét hann þá
fara sína leið, svo að þeir gætu gert allt það

sem illska þeirra gat fundið upp á. 29 Og þeir
urðu ranglátir, vondir, ágjarnir, hatursfullir,
öfundsjúkir, manndráparar, þrasgjarnir, lygnir
og bitrir. 30 Þeir tala illa hver um annan og hata
Guð, eru hrokafullir, gorta af sjálfum sér, finna
sífellt upp á nýjum leiðum til að syndga og eru
foreldrum sínum óhlýðnir. 31 Þeir misskilja
hver annan, eru heimskir, óáreiðanlegir,
kærleikslausir og miskunnarlausir. 32 Þeir vita
vel að fyrir þessa glæpi hefur Guð kveðið upp
yfir þeim dauðadóm en samt halda þeir áfram á
sömu braut og hvetja aðra til að gera hið sama.

2 „Ja, hérna, “segir þú ef til vill, „hvers konar
úrþvætti ertu eiginlega að tala um?“En
sjáðu til! Þú ert ekkert betri! Þegar þið lýsið
vanþóknun ykkar á þessu fólki og segið að það
eigi skilið hegningu, þá eruð þið að tala um
ykkur sjálf, því að þið gerið sjálf það sama. 2 Við
vitum að Guð mun dæma sérhvern þann sem
slíkt gerir, því að hann er réttlátur. 3 Haldið
þið að Guð dæmi suma sem þannig lifa og refsi
þeim, en geri síðan enga athugasemd við ykkur
þegar þið gerið það sama? 4 Sjáið þið ekki
hve mikla þolinmæði hann hefur sýnt ykkur?
Eða er ykkur ef til vill alveg sama? Skiljið þið
ekki að ástæða þess að hann hefur ekki refsað
ykkur, er sú að hann gefur ykkur tækifæri til
að snúa baki við syndinni? Góðsemi hans ætti
að leiða ykkur til iðrunar. 5 Þrátt fyrir það
viljið þið ekki hlusta og þar með kallið þið yfir
ykkur hræðilega hegningu, því þið eruð þrjósk
og viljið ekki snúa ykkur frá syndinni. Dagur
reiðinnar mun renna upp og þá mun Guð dæma
allan heiminn af réttvísi. 6 Hann mun gjalda
sérhverjum eins og hann á skilið samkvæmt
verkum sínum: 7 Þeim sem af þrautseigju gera
Guðs vilja, mun hann gefa eilíft líf, það er að
segja þeim sem leita ósýnilegrar dýrðar, heiðurs
og ódauðleika. (aiōnios g166) 8 Þeim hins vegar,
sem berjast gegn sannleika Guðs og ganga á
vegi illskunnar, mun hann refsa hræðilega –
hann mun úthella reiði sinni yfir þá. 9 Menn
munu uppskera sorg og þjáningar haldi þeir
áfram í syndinni, 10 en hlýði þeir Guði, mun
þeim hlotnast dýrð, heiður og friður Guðs. Þetta
á bæði við um Gyðinga og heiðingja, 11 því Guð
fer ekki í manngreinarálit. 12 Guð mun refsa
fyrir synd, hvar sem hún finnst. Hann mun
refsa heiðingjunum þegar þeir syndga, jafnvel
þótt þeir hafi aldrei þekkt hin skráðu lög Guðs,
því að innra með sér þekkja þeir muninn á réttu
og röngu. 13 Lög Guðs eru skráð í vitund þeirra.
Stundum dæmir samviskan þá og stundum
afsakar hún þá. 14 En Guð mun einnig refsa
Gyðingum. Hann mun refsa þeim fyrir syndir
þeirra, því að þeir eiga lög hans skráð í bók en
hlýða þeim þó ekki. Þeir vita hvað er rangt,
en breyta gegn betri vitund. 15 Þegar öllu er á
botninn hvolft er hjálpræðið ekki þeirra sem
þekkja mun á réttu og röngu, heldur hinna sem
gera það sem rétt er. 16 Sá dagur mun vissulega
koma, er Jesús Kristur mun að boði Guðs dæma
líferni sérhvers manns og líka dýpstu hugsanir
hans og viðhorf. Allt er þetta hluti hinnar miklu
fyrirrætlunar Guðs, sem ég boða. 17 Gyðingar,
þið haldið að allt sé á hreinu milli ykkar og
Guðs vegna þess að þið eruð Gyðingar og vegna
þess að hann gaf ykkur lög sín. Þið gortið af
því að vera í sérstöku uppáhaldi hjá Guði! 18
Ekki neita ég því að þið þekkið vilja hans; þið
þekkið mun á réttu og röngu og hafið vit á að
velja hið rétta, því að ykkur hafa verið kennd
lög Guðs frá blautu barnsbeini. 19 Þið eruð
svo vissir um leiðina til Guðs að þið gætuð
jafnvel bent blindum manni á hana. Þið álítið
ykkur vera leiðarljós sem leiðbeina þeim til
Guðs, sem villst hafa í myrkrinu. 20 Þið teljið
ykkur geta leiðbeint hinum lítilmótlegu og
frætt börnin um verk Guðs, því að þið þekkið
lög hans, vísdóm og sannleika. 21 Þið fræðið
aðra um lög hans, en hvers vegna farið þið ekki
sjálfir eftir þeim? Þið segið fólki að rangt sé að
stela – en stelið þið ekki sjálfir? 22 Þið segið
að rangt sé að drýgja hór, en hvað með ykkur?
Þið segið: „Tilbiðjið ekki skurðgoðin, “en svo
gerið þið peningana að guði ykkar. 23 Þið eruð
ákaflega stoltir af því að þekkja lög Guðs en
síðan lítilsvirðið þið Guð með því að brjóta þau.
24 Ekki undrar mig þótt Gamla testamentið segi
að heimurinn tali illa um Guð ykkar vegna.
25 Það er kostur fyrir ykkur að vera Gyðingar
ef þið hlýðið lögum Guðs, en ef ekki, þá eruð
þið engu betur settir en heiðingjarnir. 26 Mun
Guð ekki veita heiðingjunum alla þá blessun
sem hann ætlaði Gyðingunum, ef þeir hlýða
lögum hans? 27 Staðreyndin er sú að betur mun
fara fyrir heiðingjunum en ykkur, Gyðingum,
sem þekkið Guð og eigið loforð hans, því að
þið hlýðið þeim ekki. 28 Þið eruð ekki sannir
Gyðingar fyrir það eitt að foreldrar ykkar voru
Gyðingar eða vegna þess að þið hlutuð hina

gyðinglegu vígslu, umskurnina. 29 Nei, sá einn
er sannur Gyðingur sem hefur rétta afstöðu
til Guðs. Guð sækist ekki eftir þeim sem skera
í líkama sinn samkvæmt gyðinglegri venju,
heldur þeim sem hafa breytt hugarfari sínu og
endurnýjað samband sitt við Guð. Hver sem
þannig tekur upp nýja lífsstefnu, hlýtur blessun
Guðs, jafnvel þótt hann láti sér fátt um finnast.

3 Hvaða gagn er þá af því að vera Gyðingur?
Hafa þeir einhver sérstök forréttindi
hjá Guði? Hefur hin gyðinglega siðvenja,
umskurnin, eitthvert gildi? 2 Já, það hefur
marga kosti að vera Gyðingur. Fyrst og fremst
þann að Guð trúði þeim fyrir lögum sínum
(svo að þeir gerðu sér grein fyrir vilja hans og
hlýddu honum). 3 Það er að vísu rétt að sumir
þeirra reyndust ótrúir, en tekur Guð loforð sín
aftur vegna þess eins að þeir brugðust? 4 Nei,
að sjálfsögðu ekki! Þótt sérhver maður reyndist
lygari, væri Guð það ekki. Munið þið hvað
stendur í Davíðssálmunum um þetta: „Guðs
orð mun alltaf reynast satt og rétt, jafnvel
þótt einhver dragi það í efa.“ 5 „Já, en, “segja
sumir, „sviksemi okkar við Guð verður til góðs
– syndir okkar þjóna góðum tilgangi. Þegar
fólk sér hversu vondir við erum, veitir það
því athygli hve Guð er góður. Og fyrst synd
okkar verður honum til hjálpar, er þá nokkuð
réttlæti í því að hann refsi okkur?“ 6 Þannig
tala sumir en slíkar röksemdir ná ekki nokkurri
átt. Hvers konar Guð væri hann ef honum væri
sama um syndina – ef hann léti sig einu gilda
hvort menn óhlýðnuðust boðum hans og vilja
– og hvernig gæti hann þá sakfellt nokkurn
mann? 7 Nei, hann gæti ekki dæmt mig og
sakfellt sem syndara ef óheiðarleiki minn og
lygi yrðu honum til dýrðar, við það að vera
borin saman við heiðarleika hans. 8 Sé þetta
hins vegar skoðun þín, þá verður niðurstaðan
þessi: Því verri sem við erum, því ánægðari
verður Guð! Þeir sem þannig tala verðskulda
glötun. Hvernig geta menn haldið því fram að
þetta sé sá boðskapur sem ég flyt? 9 En erum
við Gyðingar betri en annað fólk? Nei, alls ekki.
Við höfum þegar sýnt fram á að allir menn
eru syndarar, Gyðingar jafnt sem heiðingjar.
10 Um þetta segir Gamla testamentið: „Enginn
maður er réttlátur, ekki einn einasti. 11 Enginn
maður þekkir Guð í raun og veru né þráir að
kynnast honum. 12 Allir hafa farið sína eigin
leið – og villst. Enginn hefur í einu og öllu
lagt stund á hið góða, ekki einn einasti. 13 Tal
mannanna er viðbjóðslegt og rotið, já, rétt eins
og nálykt frá opinni gröf. Lygin loðir við tungu
þeirra og allt sem þeir segja hefur í sér brodd
og banvænt eitur höggormsins. 14 Munnur
þeirra er fullur formælinga og beiskju. 15 Þeir
eru fljótir til að drepa og hata hvern þann
sem er þeim ósammála. 16 Hvar sem þeir fara,
skilja þeir eftir sig eymd og ógæfu, 17 og þeir
hafa engan skilning á því hvað það er að njóta
öryggis og blessunar Guðs. 18 Þeim er alveg
sama um Guð og hvað honum finnst um þá.“
19 Dómur Guðs er þungur yfir Gyðingum, því
þeim ber að hlýða lögum Guðs, en ekki leggja
stund á hið illa. Þeir hafa því enga afsökun,
enginn þeirra. Þegar allt kemur til alls verður
heimurinn að þagna, því að hann er sekur
frammi fyrir hinum almáttuga Guði. 20 Skiljið
þið nú, að enginn getur orðið réttlátur í augum
Guðs með því að hlýðnast lögunum? Eftir því
sem við kynnumst lögum Guðs betur, því betur
sjáum við að við getum alls ekki hlýtt þeim.
Tilgangur laganna er sá einn að sýna okkur
fram á að við erum syndarar. 21 En nú hefur
Guð bent okkur á aðra leið til sín. Hún felst
ekki í því að menn skuli vera góðir og reyna
að hlýða lögunum, heldur er um nýja leið að
ræða (reyndar er hún nú ekki ný því að Gamla
testamentið sagði frá henni fyrir langa löngu).
22 Hún er þessi: Guð vill taka okkur í sátt við sig
og sýkna okkur, ef við treystum því að Jesús
Kristur fyrirgefi og taki burt syndir okkar. Öll
getum við frelsast á þennan eina og sama hátt:
Að koma til Krists, og þá skiptir engu hver við
erum eða hvernig við höfum lifað. 23 Allir hafa
syndgað – óhlýðnast Guði og skortir dýrð hans,
24 en Guð lýsir því yfir að við séum saklaus af
allri andstöðu við hann, ef við treystum Jesú
Kristi, sem í kærleika sínum vill fyrirgefa okkur
syndir okkar. 25 Guð sendi Jesú Krist til að taka
á sig hegninguna fyrir syndir okkar og að binda
enda á reiði Guðs í okkar garð. Við frelsumst
frá þessari reiði Guðs fyrir blóð Krists, það er
að segja, vegna dauða hans á krossinum – og
með því að trúa á hann og treysta hjálp hans. Í
öllu þessu var Guð fullkomlega réttlátur, jafnvel
þótt hann hafi ekki refsað þeim sem syndguðu
fyrr á tímum, því að hann leit fram til þess tíma
er Kristur kæmi og tæki burt syndir þeirra. 26
Guð getur á sama hátt tekið á móti syndurunum

nú á okkar dögum, því að Jesús dó einnig fyrir
þeirra syndir. En er nokkurt réttlæti í því að
Guð láti afbrotamenn ganga lausa og lýsi því
yfir að þeir séu saklausir? Já, það getur hann
ef þeir trúa því að Jesús hafi fyrirgefið þeim
syndir þeirra. 27 Getum við þá hrósað okkur
af góðverkum okkar og sagt að þeirra vegna
eigum við skilið að fá hjálp Guðs? Nei, alls ekki.
Hvers vegna ekki? Vegna þess að við fáum ekki
fyrirgefninguna sem laun fyrir góðverk okkar,
heldur fyrir trú á það sem Kristur gerði. 28
Þannig frelsumst við fyrir trúna á Krist en ekki
fyrir það góða sem við gerum. 29 Frelsar Guð
einungis Gyðinga á þennan hátt? Nei, þetta á
einnig við um heiðingjana, 30 því að Guð fer
ekki í manngreinarálit. Ef við trúum þá sýknar
Guð okkur, hvort sem við erum Gyðingar eða
heiðingjar. 31 Og segjum nú að við séum frelsuð
fyrir að trúa, þýðir það þá ekki að við séum þar
með laus undan því að þurfa að hlýða lögum
Guðs? Nei, þvert á móti, því að sannleikurinn
er sá að eina leiðin til að hlýða Guði er að trúa
á Jesú Krist.

4 Abraham var forfaðir Gyðingaþjóðarinnar.
Hvernig kemur nú þetta að frelsast fyrir trú,
heim og saman við það sem við vitum um hann?
2 Leit Guð á hann sem saklausan og réttlátan
mann vegna góðverka hans? Ef svo hefði verið
þá hefði Abraham haft ástæðu til að hrósa sér.
En frammi fyrir Guði hafði hann alls ekkert til
að hrósa sér af, 3 en hins vegar segir í Gamla
testamentinu: „Abraham trúði Guði, “og það er
ástæða þess að Guð strikaði yfir syndir hans og
úrskurðaði hann réttlátan. 4 En ávann Abraham
sér ekki rétt til að komast til himna með öllum
sínum góðu verkum? Nei, því að hjálpræðið er
alltaf óverðskulduð gjöf. Ef einhver gæti unnið
sér inn fyrir því með góðverkum, þá væri það
ekki lengur ókeypis! Það er gefið þeim sem
ekki hafa unnið fyrir því. Guð segir beinlínis:
„Syndarinn er sýknaður í mínum augum, ef
hann treystir því að Kristur frelsi hann frá
dómi mínum yfir syndinni.“ 6 Davíð konungur
ræddi um þetta og lýsti gæfu hins óverðuga
syndara sem Guð hefur úrskurðað saklausan. 7
Hann sagði: „Sæll er sá sem fær syndir sínar
fyrirgefnar og afmáðar. 8 Mikil er gæfa þess
manns sem Guð sýknar.“ 9 Nú spyr ég: Er þessi
blessun einungis handa þeim sem trúa á Krist
og halda samtímis lög Gyðinga, eða er hún
einnig ætluð þeim sem ekki halda lög Gyðinga,
en treysta einungis á Krist? Hvernig var það
með Abraham? Við tölum um að hann hafi
hlotið þessa blessun vegna trúar sinnar, en var
það vegna hennar einnar? Var það kannski
líka vegna þess að hann fór eftir gyðinglegum
siðum? 10 Til þess að fá svar við þessari
spurningu verðum við fyrst að svara annarri:
Hvenær veitti Guð Abraham blessunina? Það
var áður en hann varð Gyðingur, það er að
segja áður en hann tók hina gyðinglegu vígslu
sem kallast umskurn. 11 Það var ekki fyrr en
eftir að Guð hafði lofað að blessa hann, vegna
trúar hans, að hann var umskorinn. Umskurnin
var tákn þess að Abraham átti þá þegar trú
og að Guð hafði tekið hann að sér og lýst því
yfir að í sínum augum væri hann góður og
réttlátur. Samkvæmt þessu er Abraham hinn
andlegi faðir þeirra sem trúa og frelsast án
þess að halda sig við lögin. Af þessu sjáum við
að Guð réttlætir þá sem trúa, enda þótt þeir
haldi ekki þessar reglur. 12 Abraham er einnig
andlegur faðir hinna umskornu – Gyðinganna –
og með því að athuga líf hans geta þeir séð að
það er ekki þessi siðvenja – umskurnin – sem
frelsar þá, heldur trúin. Eingöngu hennar vegna
hlaut Abraham miskunn Guðs áður en hann var
umskorinn. 13 Ljóst er því að loforð Guðs um að
hann ætlaði að gefa Abraham og afkomendum
hans alla jörðina, var ekki gefið vegna þess að
Abraham hlýddi lögum Guðs, heldur hins, að
hann treysti Guði og því að hann stæði við heit
sín. 14 Ef þið haldið því ennþá fram að blessun
Guðs sé ætluð þeim einum sem halda lögin, þá
segið þið þar með að loforð Guðs til þeirra sem
trúa séu marklaus og að trúin sé heimska. 15
Sannleikurinn er hins vegar sá að ef við ætlum
að ná blessun Guðs og hjálpræði með því að
halda lög hans, þá köllum við að lokum reiði
hans yfir okkur, því að okkur mun aldrei takast
að halda þau. Eina leiðin til að komast hjá því
að brjóta lög er sú að hafa engin lög! 16 Blessun
Guðs veitist okkur ókeypis fyrir trúna, sem gjöf.
Við erum þess fullviss að okkur veitist hún,
ef við trúum eins og Abraham, hvort sem við
erum Gyðingar eða ekki, því að Abraham er
faðir okkar allra að því er trúna varðar. 17 Þetta
á Gamla testamentið við þegar það segir að
Guð hafi gert Abraham að föður margra þjóða.
Guð vill taka á móti öllum sem treysta honum
eins og Abraham gerði, hverrar þjóðar sem þeir

eru. Loforðið sem hann fékk var frá sjálfum
Guði, honum sem reisir hina dauðu og segir
fyrir um atburði framtíðarinnar af nákvæmni
eins og um liðinn tíma sé að ræða. 18 Þegar
Guð sagði Abraham að hann mundi gefa honum
son sem eignast mundi marga afkomendur og
verða faðir mikillar þjóðar, þá trúði Abraham
Guði, jafnvel þótt slíkt loforð virtist algjör
fásinna. 19 Abraham var ekki áhyggjufullur þótt
bæði hann, sem var á hundraðasta aldursári og
Sara sem var níræð, væru komin úr barneign,
því að hann treysti orðum Guðs óhikað. 20
Abraham efaðist aldrei. Hann trúði Guði. Trú
hans styrktist og hann þakkaði Guði fyrir þetta
loforð löngu áður en það rættist. 21 Hann var
sannfærður um að Guði reyndist auðvelt að
efna allt sem hann hefði lofað. 22 Vegna trúar
Abrahams fyrirgaf Guð honum syndir hans og
sýknaði hann. 23 Þessi mikilvæga yfirlýsing –
að hann væri tekinn gildur vegna trúar sinnar
og þar með viðurkenndur réttlátur – var ekki
aðeins Abraham til góðs, 24 heldur okkur líka.
Þetta er okkur trygging þess að Guð vilji taka
okkur að sér á sama hátt og Abraham, það er
að segja þegar við trúum loforðum Guðs, hans
sem reisti Jesú upp frá dauðum. 25 Jesús dó
fyrir syndir okkar og reis síðan upp til að sætta
okkur við Guð og gefa okkur réttlæti hans.

5 Fyrst við erum sýknuð og réttlát í augum
Guðs vegna trúarinnar á fyrirheit hans, þá
getum við lifað í friði og sátt við hann vegna
þess sem Jesús Kristur, Drottinn okkar, gerði
fyrir okkur. 2 Vegna trúar okkar hefur hann
veitt okkur hin æðstu forréttindi og þannig er
aðstaða okkar nú. Við horfum með djörfung
og gleði fram til alls þess sem Guð ætlar okkur
að verða. 3 Þegar við lendum í erfiðleikum og
raunum þá getum við líka glaðst, því að við
vitum að slíkt verður okkur til góðs. Það eflir
þolgæði okkar, 4 styrkir persónuleikann og það
auðveldar okkur að treysta Guði æ betur, eða
þangað til trú okkar verður að lokum sterk og
óhagganleg. 5 Þegar þessu marki er náð, getum
við verið hughraust, hvað sem á dynur því að þá
vitum við að allt muni fara vel. Við vitum að Guð
elskar okkur og hann hefur gefið okkur heilagan
anda og fyllt hjörtu okkar af kærleika sínum.
Við finnum að við erum umvafin kærleika
hans! 6 Við vorum hjálparvana og sáum enga
undankomuleið. Þá kom Kristur á réttum tíma
og dó fyrir okkur syndarana, enda þótt við
bæðum hann ekki um slíkt. 7 Þess er varla að
vænta að nokkur hafi viljað deyja fyrir okkur,
jafnvel þótt við hefðum verið góðir menn,
þó að það sé auðvitað hugsanlegt. 8 En Guð
sýndi okkur takmarkalausan kærleika sinn, er
hann sendi Krist í dauðann fyrir okkur meðan
við vorum enn fjötruð í synd og aðskilin frá
honum. 9 Allt þetta gerði Kristur fyrir okkur
syndarana með dauða sínum og hversu miklu
meira skyldi hann þá ekki vilja gera fyrir okkur
nú, eftir að hann hefur sýknað okkur? Nú vill
hann forða okkur undan dómi Guðs sem er í
vændum. 10 Við vorum óvinir Guðs, en fyrst
hann, þrátt fyrir það, leiddi okkur aftur til sín
fyrir dauða sonar síns, hvílíka blessun hlýtur
hann þá ekki að hafa búið okkur nú, eftir að við
erum orðnir vinir hans? 11 Við gleðjumst vegna
þessa nýja og undursamlega sambands okkar
við Guð og allt er það að þakka því sem Jesús
Kristur, Drottinn okkar, gerði, þegar hann dó
fyrir syndir okkar og sætti okkur við Guð. 12
Þegar Adam syndgaði, kom syndin inn í líf allra
manna. Með synd hans hélt dauðinn innreið
sína í þennan heim og þar sem allir syndguðu,
tók allt að hrörna og deyja. 13 Við vitum að
synd Adams var orsök alls þessa en þrátt fyrir
syndir mannanna, allt frá dögum Adams og til
Móse, þá dæmdi Guð þá ekki til dauða fyrir að
brjóta lögin, því þá hafði hann ekki enn birt
þeim þau né sagt þeim hvað hann vildi að þeir
gerðu. 14 Þegar þessir menn dóu, var það ekki
vegna þess að þeir höfðu syndgað, því að þeir
höfðu aldrei brotið það boðorð Guðs að borða
forboðna ávöxtinn, eins og Adam hafði gert.
15 Hvílíkur reginmunur var á Adam og Kristi –
honum sem koma átti. Hvílíkur munur einnig á
synd mannsins og fyrirgefningu Guðs! Þessi eini
maður, Adam, leiddi marga í dauðann með synd
sinni. Jesús Kristur veitti mörgum fyrirgefningu
vegna miskunnar Guðs. 16 Annars vegar leiddi
þessi eina synd Adams dauðadóm yfir marga,
en hins vegar fjarlægir Kristur fúslega syndir
hinna mörgu og gefur dýrlegt líf í staðinn. 17
Synd þessa eina manns, Adams, gerði dauðann
að húsbónda í lífi mannanna en allir sem taka
á móti gjöf Guðs – fyrirgefningu og sýknun –
fá mátt til að lifa vegna hins eina manns, Jesú
Krists. 18 Synd Adams leiddi hegningu yfir alla,
19 en réttlæti Krists leiddi hins vegar af sér, að
margir verða þóknanlegir í augum Guðs. 20

Boðorðin tíu voru gefin mönnunum til þess að
þeir sæju að í eigin mætti er þeim ómögulegt
að hlýða lögum Guðs, því betur sem við sjáum
syndina – því ljósari verður okkur takmarkalaus
miskunn Guðs og fyrirgefning. 21 Áður fyrr ríkti
syndin í lífi allra manna og dró þá til dauða, en
nú ríkir gæska Guðs og hún veitir okkur á ný
samfélag við Guð og hlut í eilífa lífinu sem fæst
fyrir Jesú Krist, Drottin okkar og frelsara. (aiōnios g166)

6 Hvað er um þetta að segja? Eigum við að
halda áfram að syndga svo að Guð geti sýnt
okkur kærleika sinn og fyrirgefningu enn betur?
2 Nei, alls ekki! Hvaða vit er í því að syndga ef
hægt er að komast hjá því? Valdið sem syndin
hafði yfir okkur, var brotið á bak aftur þegar
við urðum kristin og vorum skírð til að verða
samgróin Kristi. Dauði Krists braut á bak aftur
það afl sem syndin hafði í lífi okkar. 4 Okkar
gamla eðli, sem elskaði syndina, var grafið með
honum í skírninni þegar hann dó. Og þegar Guð
faðir reisti hann aftur til lífsins með dýrlegum
krafti, þá eignuðumst við hlutdeild í lífi hans.
5 Við erum orðin samgróin honum og þegar
hann dó, þá dóum við með honum. Nú eigum
við sameiginlega hlutdeild í nýja lífinu hans
og munum rísa upp á sama hátt og hann. 6
Þegar Kristur var krossfestur, voru gömlu og
illu hvatirnar okkar krossfestar með honum.
Þessar hvatir sem þrá syndina, voru særðar til
ólífis. Líkami okkar er því ekki lengur á valdi
syndarinnar og þarf ekki að vera þræll hennar.
7 Þegar við dóum syndinni, vorum við leyst
undan öllu því táli og valdi sem hún beitti okkur.
8 Fyrst löngunin til að elska syndina „dó“ með
Kristi, þá vitum við að við eigum hlutdeild í
nýja lífinu sem birtist í upprisu hans. 9 Kristur
reis upp frá dauðum og hann mun aldrei aftur
deyja. Dauðinn hefur ekki framar neitt vald yfir
honum. 10 Hann dó í eitt skipti fyrir öll, til að
brjóta á bak aftur vald syndarinnar og lifir nú
í eilífu og órjúfanlegu samfélagi við Guð. 11
Lítið því á ykkar gamla synduga eðli sem dautt
og ónæmt fyrir syndinni og kröfum hennar,
en lifið þess í stað fyrir Guð í samfélaginu
við Drottin Jesú Krist. 12 Leyfið syndinni ekki
framar að stjórna dauðlegum líkömum ykkar
og látið ekki undan girnd þeirra. 13 Látið engan
hluta líkamans verða verkfæri í höndum hins
illa, til að drýgja synd, en gefið ykkur algjörlega
Guði á vald – hvern einasta líkamshluta – því
þið hafið snúið baki við dauðanum. Nú þráið
þið að verða verkfæri í höndum Guðs, svo að
hann geti notað ykkur til að framkvæma góðar
fyrirætlanir sínar. 14 Syndin þarf ekki lengur að
vera húsbóndi ykkar, því að nú eruð þið laus við
lögin sem syndin þrælkaði ykkur með. Nú eruð
þið frjáls vegna kærleika og miskunnar Guðs. 15
Þýðir þetta að við getum haldið áfram að syndga
og kært okkur kollótt um afleiðingarnar? Vegna
þess að hjálpræði okkar byggist ekki á því að
hlýða lögunum heldur á því að taka á móti náð
Guðs! Nei, auðvitað ekki! 16 Skiljið þið ekki að
það er á ykkar valdi að velja ykkur húsbónda?
Annars vegar getið þið valið syndina, og þar
með dauðann, eða þá hlýðni og hlotið sýknun.
Sá sem þið gefið ykkur á vald, hann mun taka
við ykkur og verða húsbóndi ykkar og þið
þrælar hans. 17 Þakkið Guði, því að þótt þið
væruð einu sinni þrælar syndarinnar, þá hafið
þið nú hlýðnast þeim boðskap sem Guð flutti
ykkur. 18 Nú eruð þið laus úr ánauð gamla
húsbóndans, syndarinnar, og eruð þess í stað
orðin þjónar nýs húsbónda: Réttlætisins! 19 Ég
tala á þennan hátt og nota líkingar af þrælum
og húsbændum til þess að þið skiljið þetta
betur. Eins og þið eitt sinn voruð þrælar margs
konar synda, þá verðið þið nú að gerast þjónar
hins góða og heilaga. 20 Þegar þið voruð þrælar
syndarinnar þá skeyttuð þið lítið um hið góða.
21 Hver var afleiðingin? Hún hefur áreiðanlega
ekki verið af betra taginu, fyrst þið skammist
ykkar jafnvel fyrir að hugsa um það sem þið
voruð áður vön að gera, en allt leiddi það til
eilífs dóms. 22 Nú eruð þið hins vegar laus
undan valdi syndarinnar og hafið gerst þjónar
Guðs. Hlunnindin, sem Guð veitir ykkur, eru
meðal annars helgun og eilíft líf. (aiōnios g166) 23
Laun syndarinnar eru dauði, en óverðskuldað
gjöf Guðs til okkar er eilíft líf í Kristi Jesú,
Drottni okkar og frelsara. (aiōnios g166)

7 Kæru Gyðingar, trúsystkini, skiljið þið ekki
enn, að þegar einhver deyr þá ná lögin ekki
lengur yfir hann? 2 Leyfið mér að útskýra
þetta með dæmi: Þegar kona hefur gifst er hún
bundin eiginmanni sínum lögum samkvæmt,
þar til hann deyr. Missi hún mann sinn er
hún ekki lengur bundin honum og því laus
undan hjúskaparlögunum. 3 Eftir það gæti
hún gifst hverjum sem hún vill. Slíkt væri

óheimilt ef maður hennar væri á lífi, en að
honum látnum er það fullkomlega heimilt. 4
Áður fyrr voru lög Gyðinga eiginmaður ykkar
og húsbóndi. Síðan „dóuð“þið með Kristi á
krossinum og fyrst þið eruð „dáin“þá eruð þið
ekki lengur „gift“lögunum. Þau ná ekki lengur
yfir ykkur. Þegar Kristur reis upp, þá risuð þið
einnig upp með honum og eruð því nýir menn.
Við getum því sagt að nú séuð þið „gengin
í hjónaband“með honum sem reis upp frá
dauðum, til að þið getið borið góðan ávöxt, það
er að segja, gert það sem Guði er þóknanlegt. 5
Meðan þið hlýdduð ykkar gamla synduga eðli,
hneigðust þið sífellt til að óhlýðnast vilja Guðs
og syndga. Þannig gerðuð þið það sem illt var
og báruð skemmdan ávöxt – ávöxt dauðans. 6
Nú eruð þið hins vegar leyst undan lögum og
siðum Gyðinga, því að þið „dóuð“meðan þið
voruð í ánauð hjá þeim. Nú getið þið þjónað
Guði – ekki með gömlu aðferðinni, að hlýða
fjölda reglna á vélrænan hátt – heldur með
þeirri nýju – að vera leidd af heilögum anda. 7
En er ég þá að segja að þessi lög Guðs séu vond?
Nei, auðvitað ekki. Lögin eru ekki syndsamleg,
en þau sýndu mér synd mína. Ef lögin hefðu
ekki sagt: „Þú skalt ekki girnast...“þá hefði ég
aldrei komið auga á syndina í hjarta mínu, þær
illu hvatir og girndir sem þar leynast. 8 Syndin
tók þessi lög, sem sett voru til að ég mætti
verjast illum hvötum og notaði þau til að vekja
hjá mér löngun til þess, sem bannað er. Ef ekki
væru til nein lög sem hægt væri að brjóta, væri
ekki heldur til nein óhlýðni og þar með engin
synd. 9 Því var það, að á meðan ég skildi ekki
hvers lögin kröfðust, fannst mér allt í góðu lagi,
en þegar sannleikurinn rann upp fyrir mér, þá
sá ég að ég var syndari sem hafði brotið lögin
og var því dauðasekur. 10 Lögin voru góð og
áttu að benda mér á veg lífsins, en þau urðu
hins vegar til þess að ég hlaut dauðadóm. 11
Syndin blekkti mig með því að nota þessi góðu
lög Guðs til að dæma mig til dauða. 12 Þrátt
fyrir þetta voru lögin sjálf góð og réttlát. 13
Hvernig getur það verið? Voru þau ekki orsök
þess að ég var dæmdur? Hvernig geta þau þá
verið góð? Þau eru vissulega góð, en það var
hins vegar syndin, það djöfullega fyrirbæri, sem
notaði hið góða til að dæma mig til dauða. Af
þessu ættuð þið að skilja hve slæg, banvæn og
bölvuð hún er. Hún notar lög Guðs, sem eru
góð, til að koma fram sínum illu fyrirætlunum.
14 Lögin eru góð og vandinn liggur ekki þar,
heldur hjá mér, því að ég er seldur í þrældóm
fyrir synd. 15 Ég get alls ekki skilið sjálfan mig.
Mig langar til að gera það sem er rétt, en ég get
það ekki. Ég geri það sem mér er ógeðfellt –
það sem ég hata. 16 Mér er fullkomlega ljóst að
það sem ég geri er rangt, því að slæm samviska
mín segir mér það. Hún bendir mér á að lögin,
sem ég brýt, séu réttlát og sönn. 17 Samt get ég
ekkert að þessu gert, því að það er ekki lengur
ég sem vinn verkið. Syndin, sem í mér er, er
sterkari en ég og fær mig til að gera hið illa.
18 Ég veit að mitt gamla eðli er gegnsýrt af
syndinni. Mér er auðvelt að vilja hið góða, en
ekki að framkvæma það, 19 því að hið góða,
sem ég vil, það geri ég ekki, en hið vonda, sem
ég ekki vil, það geri ég. 20 Fyrst ég geri það sem
mér er ógeðfellt, þá er auðséð hvað að er: Ég er
í klóm syndarinnar. 21 Það virðist regla hjá mér,
sem vil gera hið rétta, að hið illa er mér tamast.
22 Samkvæmt mínu nýja eðli þrái ég að gera
vilja Guðs, 23 en það er eitthvað annað djúpt
innra með mér – lægri hvatir – sem berst gegn
vilja mínum, hefur yfirburði, sem gerir mig að
þræli syndarinnar sem í mér er. 24 Ásetningur
minn er að vera hlýðinn þjónn Guðs, en þess í
stað finn ég að ég er enn í ánauð syndarinnar.
Þið sjáið þetta sjálf: Hið nýja líf mitt segir mér
að gera það rétta en gamla eðlið, sem enn er
í mér, þráir syndina. 25 Æ, þetta er hræðileg
aðstaða! Hver getur frelsað mig frá þrældómi
syndarinnar? Þökk sé Guði að Jesús Kristur,
Drottinn okkar og frelsari, hefur þegar gert það
og þar með leyst mig úr ánauðinni.

8 Þeir sem tilheyra Jesú Kristi verða ekki
fordæmdir. 2 Kraftur heilags anda, sem
fæst af trúnni á Jesú Krist, hefur leyst mig út
úr þessum vítahring syndar og dauða. 3 Við
frelsumst ekki úr klóm syndarinnar með því að
kunna boðorðin, því að við getum ekki haldið
þau. Guð opnaði hins vegar aðra leið til að frelsa
okkur. Hann sendi okkur einkason sinn sem
varð maður eins og við, að öðru leyti en því að
við erum syndug. Sonurinn braut á bak aftur
það vald sem syndin hafði yfir okkur, með því
að deyja fyrir syndir okkar. 4 Þess vegna getum
við nú hlýtt lögum Guðs, það er að segja, ef við
förum eftir því sem heilagur andi segir, í stað
þess að hlýðnast eigingirni okkar. 5 Þeir sem
láta eigin vilja ráða, stjórnast af lægstu hvötum

sínum og lifa aðeins til að þóknast sjálfum sér,
en þeir sem hlýða heilögum anda gera það sem
Guði er þóknanlegt. 6 Heilagur andi veitir líf og
frið, en ef við hlýðum eigingirninni þá endar
slíkt með dauða, 7 því að hún er í andstöðu við
Guð. Hún hefur ekki hlýtt lögum Guðs hingað
til og mun aldrei gera. 8 Þetta er ástæða þess að
þeir sem enn láta eigingirnina, sjálfselskuna og
syndina móta líf sitt, geta aldrei þóknast Guði.
9 En þannig er ekki ástatt um ykkur, því að þið
hljótið að láta stjórnast af nýja hugarfarinu
ykkar, svo framarlega sem heilagur andi býr
í ykkur. (Minnist þess að sá sem ekki á anda
Krists er alls ekki kristinn.) 10 Syndin veldur
því að líkamar ykkar munu deyja þótt þið séuð
kristin, en andi ykkar mun hins vegar lifa, því
að Kristur hefur lífgað hann. 11 Ef nú andi
Guðs, sem reisti Jesú upp frá dauðum, býr í
ykkur, þá mun Guð síðar reisa líkama ykkar
upp frá dauðum með krafti anda síns. 12 Kæru
systkini í Kristi, af þessu sjáið þið að þið hafið
alls engar skyldur við gamla synduga eðlið
ykkar og þurfið ekki að hlýðnast því. 13 Ef þið
haldið því áfram þá glatist þið, en ef þið deyðið
það og allar afleiðingar þess með krafti heilags
anda, þá munuð þið lifa, 14 því að allir þeir,
sem láta anda Guðs leiða sig, eru Guðs börn.
15 Við eigum því ekki að líkjast hræddum og
niðurlútum þrælum, heldur eigum við að hegða
okkur eins og einkabörn Guðs. Hann hefur tekið
okkur inn í fjölskyldu sína og leyft okkur að
kalla sig föður, já, pabba! 16 Heilagur andi segir
okkur að við séum Guðs börn og það erum við!
17 Og fyrst við erum börnin hans, erum við
líka erfingjar hans og fáum að njóta auðæfa
hans með honum, því að allt sem Guð gefur
syni sínum Jesú, eigum við með honum. En
ef við eigum að fá hlutdeild í dýrð hans, þá
verðum við einnig að vera reiðubúin að þjást
með honum. 18 Þjáningar þessa lífs eru þó
ekkert í samanburði við þá miklu dýrð sem
hann mun gefa okkur síðar. 19 Öll sköpunin
bíður þess dags, þolinmóð og vongóð, er Guð
vekur börnin sín. 20 Þá mun synd, dauði og
rotnun – allt það sem með leyfi Guðs hefur
spillt sköpuninni, gegn hennar eigin ósk – það
mun allt hverfa og heimurinn umhverfis okkur
mun gleðjast með okkur, börnum Guðs, er við
losnum að fullu og öllu úr viðjum syndarinnar.
22 Okkur er ljóst að náttúran – bæði dýrin og
jurtirnar – er ofurseld sjúkdómum og dauða
meðan hún bíður þessa stórkostlega atburðar.
23 En náttúran er ekki ein um að þjást. Við,
sem eigum heilagan anda, forsmekkinn að dýrð
framtíðarinnar, þráum einnig að losna frá kvöl
og þjáningum. Ó, hve við þráum þann dag er
Guð veitir okkur hinn fullkomna barnarétt og
um leið nýju líkamana sem hann hefur lofað
okkur – líkama sem hvorki veikjast né deyja. 24
Þessi von okkar hefur frelsað okkur. Að trúa
er hið sama og að vænta einhvers sem enn er
ekki orðið, en sá sem á, þarf ekki að vona og
trúa að hann muni fá. 25 Að bíða í von eftir
því sem Guð mun gefa, styrkir trú okkar og
þolinmæði. 26 Eins er með trúna og heilagan
anda. Heilagur andi hjálpar okkur að biðja og
leysa dagleg vandamál. Oft vitum við ekki hvers
við eigum að biðja eða hvaða orð við eigum
að nota, en þá kemur heilagur andi okkur til
hjálpar og gefur okkur réttu orðin í bænina. 27
Faðirinn, sem þekkir hjörtu allra, veit auðvitað
hvað heilagur andi á við þegar hann biður fyrir
okkur samkvæmt vilja Guðs, 28 og við vitum að
allt sem gerist í lífi okkar verður til góðs, ef við
elskum Guð og lifum í samræmi við vilja hans.
29 Guð ákvað í upphafi að þeir sem til hans
kæmu – hann hefur alltaf vitað hverjir það yrðu
– skyldu líkjast syni hans, svo að sonur hans
yrði hinn fyrsti í hópi margra systkina. 30 Þegar
hann hafði valið okkur, þá kallaði hann okkur
til sín og þegar við komum, þá sýknaði hann
okkur. Síðan gaf hann okkur kærleika Krists og
kom öllu í sátt á milli okkar og sín og hét okkur
dýrð sinni. 31 Hvað getum við sagt við slíkri
gæfu? Fyrst Guð er með okkur, hver megnar
þá að standa gegn okkur? 32 Guð hlífði ekki
sínum eigin syni, heldur lagði hann í sölurnar
fyrir okkur öll, og fyrst svo er, skyldi hann
þá ekki gefa okkur allt annað að auki? Jú, svo
sannarlega! 33 Hver dirfist að ákæra okkur fyrst
Guð hefur valið okkur til að vera börnin sín?
Hann fyrirgaf okkur og kom okkur í sátt við sig.
34 Hver mun þá geta fordæmt okkur? Kristur?
Nei! Því að hann dó fyrir okkur og situr nú í
hásæti dýrðarinnar á himnum, næstur Guði, og
biður fyrir okkur. 35 Getur þá nokkuð útilokað
okkur frá kærleika Krists? Hvað með erfiðleika
og ógæfu ýmiss konar? Eru ekki ofsóknir og
niðurlæging, sem við verðum fyrir, sönnun þess
að hann hafi ekki lengur velþóknun á okkur?
Eða hvað um hungur, fátækt og lífshættu? Gefur
slíkt ekki til kynna að Guð hafi yfirgefið okkur?

36 Nei! Gamla testamentið segir að sé það vilji
Guðs, verðum við að vera reiðubúin að horfast í
augu við dauðann hvenær sem er – já, vera eins
og lömb sem bíða slátrunar. 37 En hvað sem
þessu líður þá erum við sigursæl í Kristi, honum
sem elskaði okkur svo heitt að hann dó fyrir
okkur. 38 Ég er sannfærður um að ekkert mun
geta gert okkur viðskila við kærleika Krists,
hvorki dauði né líf, né nokkur önnur öfl á himni
eða jörðu. Atburðir líðandi stundar, áhyggjuefni
morgundagsins, 39 hamfarir náttúrunnar –
ekkert af þessu mun nokkru sinni megna að
gera okkur viðskila við kærleika Guðs, sem
birtist í Kristi Jesú, Drottni okkar og frelsara.

9 Æ! Ísrael, þjóð mín! Gyðingar, samlandar
mínir. Ó, hve ég vildi að þeir hefðu tekið við
Kristi! 2 Þetta veldur mér angist og kvöl, jafnt
daga sem nætur. 3 Bæði Kristur og heilagur
andi vita að ég er ekki að hræsna þótt ég segi að
ég sé fús að velja eilífa glötun, ef það gæti orðið
þeim til hjálpræðis. 4 Guð hefur verið þeim
góður en samt vilja þeir ekki hlýða honum.
Hann tók þá að sér sem útvalda þjóð og leiddi
þá áfram í björtu og dýrlegu skýi og sýndi þeim
blessun sína. Hann setti þeim lög og reglur til
að fara eftir í daglegu lífi, svo að þeir þekktu
vilja hans. Hann leyfði þeim að tilbiðja sig og
hann gaf þeim mikil fyrirheit. 5 Forfeður þeirra
voru miklar trúarhetjur og sjálfur var Kristur
einn af þeim. Hann fæddist sem Gyðingur en nú
er hann öllum æðri. Dýrð sé Guði um aldur og
ævi! (aiōn g165) 6 Já, en hefur Guð þá ekki getað
staðið við loforðin sem hann gaf Gyðingunum?
Jú, (en athugið að þessi loforð eru einungis
ætluð þeim sem eru sannir Gyðingar). Ekki eru
allir þeir, sem fæðast Gyðingar, sannir Gyðingar.
7 Það eitt að þeir eru afkomendur Abrahams,
gerir þá ekki að sönnum börnum Abrahams.
Abraham átti mörg börn, en Gamla testamentið
segir að loforðin séu aðeins ætluð Ísak syni hans
og afkomendum hans. 8 Þetta þýðir að ekki
hafa allir afkomendur Abrahams verið börn
Guðs, heldur þeir einir sem trúa loforðinu sem
Guð gaf Abraham um hjálpræðið. 9 Loforðið var
þannig: „Á næsta ári mun ég gefa ykkur, þér
og Söru, son.“ 10 Og árin liðu og þessi sonur,
Ísak, óx og þegar hann var orðinn fullorðinn,
giftist hann konu sem hét Rebekka. 11 Þegar
Rebekka eignaðist tvíbura, sagði Guð henni að
Esaú, barnið sem fæddist fyrst, myndi verða
þjónn Jakobs, tvíburabróður síns. 12 Gamla
testamentið lýsir þessu svo: „Jakob mun ég
blessa en ekki Esaú.“Þetta sagði Guð áður en
drengirnir fæddust, áður en þeir höfðu tækifæri
til að gera gott eða illt. 13 Af þessu má sjá að
Guð var að framkvæma fyrirætlun sína, sem
hann hafði ákveðið löngu áður, en hann var
ekki að launa drengjunum fyrir neitt, hvorki
gott né illt. 14 Var Guð ósanngjarn að fara
þannig að? Nei, vissulega ekki. 15 Guð sagði við
Móse: „Vilji ég sýna einhverjum góðvild, þá
geri ég það. Ég miskunna þeim sem mér sjálfum
sýnist.“ 16 Blessun Guðs veitist ekki þeim einum
sem ákveðið hafa að öðlast hana og sem leggja
á sig erfiði í þeim tilgangi, heldur þeim sem
Guð hefur ákveðið að miskunna. 17 Gott dæmi
um þetta er Faraó Egyptalandskonungur. Guð
sagði við Faraó, að hann hefði gefið honum
konungdóm yfir Egyptalandi til þess eins að
sýna á honum sinn mikla mátt, svo að allur
heimurinn fengi að heyra um mátt Guðs og
mikilleika. 18 Af þessu sjáið þið að Guð er góður
við suma vegna þess eins að hann kýs að vera
það og einnig kemur hann því til leiðar að
aðrir vilja ekki hlusta. 19 „Já, en, “segir þú,
„hvers vegna ásakar þá Guð þá um að vilja
ekki hlusta? Var það ekki hann sjálfur sem olli
því?“ 20 Segðu þetta ekki. Telur þú þig geta
gagnrýnt Guð? Á smíðisgripurinn að segja við
smiðinn: „Af hverju gerðir þú mig svona?“ 21
Leirkerasmiðurinn hefur jafnan rétt til að móta
fagran skrautvasa og krukku undir rusl, úr
leirnum. 22 Hefur Guð ekki fullkominn rétt til
að sýna mátt sinn og reiði gegn þeim sem hann
hefur umborið lengi og bíða þess eins að verða
eyðileggingu að bráð? 23 Sömuleiðis hefur hann
rétt til að hlífa öðrum – eins og til dæmis okkur.
Hann skapaði okkur í þeim tilgangi að auðga
okkur af allri dýrð sinni og þá er sama hvort
við erum Gyðingar eða heiðingjar. Þetta gerði
hann til að sýna okkur kærleika sinn, svo allir
gætu séð hve dýrð hans er mikil. 25 Munið þið
eftir spádómi Hósea? Þar segir Guð að hann
muni leita sér að öðrum börnum (sem ekki eru
gyðingaættar) og hann muni elska þau, þótt
enginn hafi elskað þau áður. 26 Munið það sem
eitt sinn var sagt um heiðingjana: „Ekki eruð þið
mitt fólk, “og þeir sömu munu kallaðir verða
„synir hins lifandi Guðs.“ 27 Jesaja kallaði til
Gyðinganna: „Enda þótt þið skiptið milljónum,
þá mun aðeins lítill hluti ykkar frelsast!“ 28

„Drottinn mun fullnægja dómi sínum á jörðinni
án tafar.“ 29 Á öðrum stað segir Jesaja, að væri
Guð ekki miskunnsamur myndu allir Gyðingar
farast – hver einn og einasti – rétt eins og þeir
sem bjuggu í borgunum Sódómu og Gómorru.
30 Hvað finnst ykkur um það, að Guð hefur gefið
heiðingjunum tækifæri til að fá fyrirgefningu
syndanna með því að trúa, þótt þeir í raun hafi
alls ekki leitað Guðs? 31 Gyðingarnir lögðu hins
vegar mikið á sig til að þóknast Guði með því
að hlýða lögum hans, en án árangurs. 32 Hvers
vegna? Vegna þess að þeir reyndu að frelsast
með því að halda lögin og gera gott, í stað þess
að treysta á leið trúarinnar. Þeir hafa hrasað
um stóra hrösunarsteininn. 33 Guð varaði þá
við með þessum orðum í Gamla testamentinu:
„Ég hef lagt hornstein meðal Gyðinga, og um
hann (Jesú) munu margir hrasa, en þeir sem á
hann trúa verða aldrei fyrir vonbrigðum, né til
skammar.“

10 Kæru systkini, það er þrá mín og bæn að
Gyðingaþjóðin frelsist. 2 Ég veit hve mjög
þeim er umhugað að þóknast Guði, en þeir gera
það bara ekki á réttan hátt, 3 því að þeir skilja
ekki að Kristur dó til að sætta þá við Guð. Með
góðverkum og hlýðni við lög sín og siði reyna
þeir að afla sér viðurkenningar hjá Guði, en það
er ekki leið Guðs til hjálpræðis. 4 Þeir skilja
ekki að það, sem þeir eru að reyna að öðlast
fyrir hlýðni við lögin, gefur Kristur þeim fyrir
trúna á sig og þannig bindur hann enda á allan
lagaþrældóminn. 5 Móse sagði að eina leiðin til
að frelsast, væri að gera gott alla ævi, standast
allar freistingar og komast hjá því að drýgja
svo mikið sem eina synd. 6 Hjálpræðið sem
fæst fyrir trú, segir hins vegar: „Þú þarft ekki
að fara upp til himna og leita að Kristi til að
fá hann niður með þér, til að hjálpa þér, “og
enn fremur: 7 „Þú þarft ekki að fara til hinna
dauðu, til að leiða Krist aftur fram til lífsins, “
(Abyssos g12) 8 því að hjálpræðið sem fæst fyrir
trú á Krist – einmitt það sem við predikum –
er alltaf innan seilingar. Sannleikurinn er sá
að það er eins nálægt okkur og hjarta okkar
og munnur! 9 Ef þú játar með munni þínum
að Jesús Kristur sé Drottinn þinn og trúir í
hjarta þínu að Guð hafi reist hann upp frá
dauðum, þá muntu frelsast. 10 Trú mannsins
veldur því að Guð lítur á hann sem hreinan
og syndlausan. Með munni sínum segir hann
síðan öðrum frá trú sinni og staðfestir þannig
að hann sé hólpinn. 11 Biblían segir að enginn,
sem trúi á Krist, muni nokkru sinni verða fyrir
vonbrigðum. 12 Þetta á jafnt við um Gyðinga og
heiðingja. Því að allir hafa þeir sama Drottin,
sem gefur öllum sem hann biðja af miklu örlæti
af auðæfum sínum, 13 því að hver sem ákallar
Drottin mun frelsast. 14 En hvernig geta menn
beðið Drottin um frelsun nema þeir trúi á hann?
Og hvernig eiga þeir að trúa, ef þeir hafa ekki
heyrt hans getið? Hvernig fá þeir heyrt nema
einhver segi þeim frá? 15 Og mun þá nokkur
fara til þeirra nema einhver sendi hann? Um
þetta segir Gamla testamentið: Með öðrum
orðum, þeir sem koma og flytja fagnaðarerindi
Guðs eru sannarlega góðir gestir. 16 En ekki
hafa allir sem heyrt hafa gleðiboðskapinn trúað
honum, það sýna þessi orð Jesaja: „Drottinn,
hver trúði því sem ég sagði þeim?“ 17 Samt
er það svo að trúin kemur af því að hlusta á
gleðiboðskapinn – gleðiboðskapinn um Krist.
18 Hvað um Gyðingana? Hafa þeir heyrt orð
Guðs? Já, það hefur fylgt þeim hvert sem þeir
hafa farið og gleðiboðskapurinn hefur verið
fluttur um alla heimsbyggðina. 19 En skildu
Gyðingarnir þetta (að Guð mundi veita öðrum
hjálpræði sitt ef þeir sjálfir tækju ekki á móti
því?). Já, því jafnvel á dögum Móse sagði Guð,
að hann myndi gera þjóð sína afbrýðisama
og reyna að opna augu hennar, með því að
gefa fáfróðu og heiðnu þjóðunum hjálpræði
sitt. 20 Seinna talaði Jesaja djarflega um þessa
hluti og sagði að fólk, sem alls ekki hefði leitað
Guðs mundi finna hann. 21 Allan þennan tíma
hefur Guð rétt fram hendur sínar Gyðingum til
hjálpar, en þeir kvarta bara og kveina og neita
að hlýða honum.

11 Þá vil ég spyrja: Hefur Guð hafnað þjóð
sinni – Gyðingunum – og yfirgefið þá?
Nei, alls ekki. Minnist þess að ég er sjálfur
Gyðingur. Ég er afkomandi Abrahams og af
ættkvísl Benjamíns. 2 Nei, Guð hefur ekki
yfirgefið þjóð sína, sem hann tók að sér í
upphafi. Munið þið hvað Gamla testamentið
segir um þetta? Spámaðurinn Elía kvartaði við
Guð vegna Gyðinganna og sagði að þeir hefðu
drepið spámennina og rifið niður ölturu Guðs.
Elía hélt því fram að hann væri eini maðurinn
í öllu landinu sem enn elskaði Guð, og að nú
væri sóst eftir lífi hans. 4 Munið þið hverju Guð

svaraði? Hann sagði: „Nei, þú ert ekki sá eini
sem eftir er. Ennþá eru sjö þúsund aðrir, sem
elska mig og hafa ekki tilbeðið hjáguðina!“ 5
Eins er þetta enn í dag. Ekki hafa allir Gyðingar
snúið baki við Guði. Fáeinir hafa frelsast vegna
þess að Guð var þeim náðugur og tók þá að sér,
6 og fyrst það er gæsku Guðs að þakka, þá er það
ekki vegna þeirra eigin góðverka. Ef svo væri,
þá væri lífið með Guði – þessi óverðskuldaða
gjöf – ekki lengur óverðskulduð, því að þá gætu
menn unnið sér fyrir henni með góðverkum.
7 Sannleikurinn er þessi: Gyðingarnir sóttust
eftir velþóknun Guðs, en aðeins fáeinir þeirra
öðluðust hana – þeir sem Guð valdi – en augu
hinna hafa blindast. 8 Það er þetta sem Gamla
testamentið á við þegar það segir að Guð hafi
lokað augum þeirra og eyrum, svo að þeir gætu
ekki skilið okkur þegar við segjum þeim frá
Kristi. Og þannig er þetta enn í dag. 9 Einmitt
þetta átti Davíð konungur við þegar hann sagði:
„Leyfum þeim að halda að allsnægtir og önnur
gæði séu staðfesting þess að Guð hafi velþóknun
á þeim. Öll þessi gæði snúist gegn þeim og verði
þeim til falls. 10 Augu þeirra lokist og bogni
þeir undan sinni eigin byrði.“ 11 Þýðir þetta
að Guð hafi hafnað Gyðingaþjóðinni fyrir fullt
og allt? Nei, vissulega ekki! Ætlun hans var
að gefa heiðingjunum hjálpræði sitt, til þess
að Gyðingarnir yrðu afbrýðisamir og tækju að
sækjast eftir hjálpræði Guðs fyrir sjálfa sig. 12
Fyrst allur heimurinn hefur notið góðs af því
að Gyðingarnir hrösuðu um hjálpræði Guðs
og höfnuðu því, þá mun mikil blessun síðar
falla heiminum í skaut, þegar Gyðingarnir snúa
sér einnig til Krists! 13 Eins og þið vitið, hefur
Guð sent mig sem sérstakan erindreka sinn
til ykkar heiðingjanna. Á þetta vil ég leggja
áherslu og jafnframt minna Gyðinga á það eins
oft og ég get, 14 til þess að ég, ef mögulegt er,
geti fengið þá til að sækjast eftir því sem þið
heiðingjarnir hafið eignast, svo að einhverjir
þeirra mættu frelsast. 15 Þegar Gyðingarnir
höfnuðu hjálpræðinu sem Guð bauð þeim,
sneri hann sér að öðrum þjóðum heimsins og
bauð þeim hjálpræði sitt. Þess vegna er það
mikið gleðiefni er Gyðingar verða kristnir, það
er líkast því að dauður maður lifni við. 16
Abraham og spámennirnir tilheyra þjóð Guðs
og það gera afkomendur þeirra einnig – séu
rætur trésins heilar, verða greinarnar það líka.
17 Sumar greinarnar á tré Abrahams (sumir
Gyðinganna) voru sniðnar af og síðan voruð
þið, heiðingjarnir, sem voruð greinar af villtu
olíutré, græddir á tré Abrahams. Þið hafið þar
með hlotið blessunina sem Guð lofaði Abraham
og afkomendum hans, og takið nú til ykkar,
ásamt okkur, þá ríkulegu næringu sem útvalda
olíutréð gefur. 18 En gætið þess að stæra ykkur
ekki af því að hafa verið græddir á tré, í stað
greinanna sem skornar voru af. Minnist þess
að eina ástæðan fyrir upphefð ykkar er að nú
hafið þið verið græddir á tré Guðs. – Munið að
þið eruð aðeins greinar en ekki rótin. 19 „Já, en,
“segir þú kannski, „þessar greinar voru skornar
af til að rýma fyrir mér og ég hlýt því að hafa
eitthvað til míns ágætis.“ 20 Gætið ykkar! Munið
að þessar greinar, Gyðingarnir, voru fjarlægðar
vegna þess að þær trúðu ekki Guði, en þið trúið
honum og þess vegna eruð þið þarna. Verið
ekki stolt, verið heldur auðmjúk, þakklát og
gætin, 21 því að fyrst Guð hlífði ekki upphaflegu
greinunum, þá kann svo að fara að hann hlífi
ykkur ekki heldur. 22 Munið að Guð er bæði
vægur og strangur. Hann er strangur við þá
sem óhlýðnast og sníður þá af, en ef þið haldið
áfram að elska hann, þá mun hann miskunna
ykkur. 23 Ef Gyðingar snúa sér frá vantrúnni
og koma til Guðs, þá mun hann græða þá við
stofninn á ný, því að til þess hefur hann mátt.
24 Fyrst Guð er fús að taka ykkur að sér, ykkur
sem voruð fjarri honum – voruð greinar á villtu
olíutré – og græða ykkur á sitt eigið gæðatré –
en slíkt er mjög óvenjulegt – þá hljótið þið að
skilja löngun hans til að setja Gyðingana aftur
þar sem þeir voru í upphafi. 25 Kæru vinir, ég
vil að þetta sé ykkur ljóst svo að stoltið nái ekki
tökum á ykkur. Satt er það að sumir Gyðinganna
hafa risið gegn gleðiboðskap Krists, en það mun
breytast þegar allir heiðingjarnir hafa tekið
á móti Kristi. 26 Þá mun allur Ísrael frelsast.
Munið þið hvað spámennirnir sögðu um þetta?
„Frelsari mun koma fram í Síon og hann mun
snúa Gyðingunum frá öllum óguðleika. 27 Þá
mun ég nema burt syndir þeirra, eins og ég
hafði lofað.“ 28 Margir Gyðingar eru andsnúnir
gleðiboðskapnum – þeir hata hann. En hatur
þeirra hefur orðið ykkur til gagns, því að þess
vegna hefur Guð gefið ykkur heiðingjunum
gjafir sínar. En þrátt fyrir þetta elskar Guð
Gyðingana, vegna loforðanna sem hann gaf
Abraham, Ísak og Jakob. 29 Guð mun aldrei
sjá eftir gjöfum sínum, né iðrast köllunar

sinnar, því að hann gengur aldrei á bak orða
sinna. 30 Áður fyrr voruð þið andsnúnir Guði,
en þegar Gyðingarnir höfnuðu gjöfum hans,
sneri hann sér að ykkur með miskunn sína.
31 Nú eru Gyðingarnir í uppreisn gegn Guði,
en seinna munu þeir njóta með ykkur þeirrar
miskunnar hans sem þið hafið öðlast. 32 Guð
hefur gefið þá alla syndinni á vald til að hann
geti miskunnað þeim öllum. (eleēsē g1653) 33 Við
eigum undursamlegan Guð! Mikil er viska hans,
þekking og auðlegð! Hvernig eigum við að skilja
ákvarðanir hans og aðferðir? 34 Hvert okkar
þekkir hugsanir Drottins? Hver getur ráðlagt
Guði eða leiðbeint honum? 35 Hver hefur að
fyrra bragði gefið honum svo mikið að hann
geti krafist einhvers í staðinn? 36 Allt er komið
frá Guði. Allt er orðið til fyrir mátt hans og
allt skal verða honum til vegsemdar. Honum sé
dýrð um alla eilífð! (aiōn g165)

12 Kæru vinir, bræður og systur, ég minni
ykkur á að fyrst Guð hefur miskunnað
ykkur þá skuluð þið gefast Guði heilshugar sem
lifandi, heilög og honum þóknanleg fórn. Það er
skynsamleg guðsdýrkun. 2 Takið ekki framkomu
og lífsvenjur heimsins ykkur til fyrirmyndar.
Lifið sem nýir menn! Látið orð Guðs og anda
hans móta hugarfar ykkar og alla framkomu
ykkar, orð og verk. Ef þið gerið þetta, þá munuð
þið fá að reyna og þekkja vilja Guðs sem er
hið góða, fagra og fullkomna. (aiōn g165) 3 Nú
ætla ég, sem er sendiboði Guðs, að gefa ykkur
hverju og einu þessa viðvörun: Metið hæfileika
sjálfra ykkar af réttsýni, í samræmi við þann
trúarstyrk sem Guð hefur gefið ykkur. 4 Eins og
líkami ykkar hefur marga limi, eins er líkami
Krists. Öll erum við hlutar af honum, og ef hann
á að vera heill, þá verðum við að standa saman,
því að hvert um sig höfum við mismunandi
verk að vinna. Þannig tilheyrum við hvert
öðru, og hvert um sig þarf á öllum hinum að
halda. 6 Guð hefur gefið okkur hverju og einu
hæfileika til ákveðinna hluta. Ef Guð hefur gefið
þér hæfileika til að spá – flytja öðrum boð
frá sér – spáðu þá hvenær sem þú getur, eins
oft og trú þín er nægilega sterk til að taka á
móti boðum frá honum. 7 Hafir þú fengið þá
náðargjöf að þjóna öðrum, gerðu það þá vel. Ef
þú kennir, gerðu það þá af kostgæfni. 8 Sértu
predikari, gættu þess þá að predikanir þínar
séu þróttmiklar og öðrum til hjálpar. Ef Guð
hefur falið þér ábyrgð á efnislegum gæðum,
vertu þá gjafmildur og notaðu þau öðrum til
gagns. Hafi Guð gefið þér stjórnunarhæfileika
og sett þig sem leiðtoga yfir aðra, ræktu þá
hlutverk þitt og ábyrgð af alúð. Þeir sem hafa
það hlutverk að hugga og sýna miskunnsemi,
geri það með gleði. 9 Talið ekki bara um að þið
elskið hvert annað, heldur sýnið það í verki.
Hatið hið illa en styðjið hið góða. 10 Elskið
hvert annað með djúpri umhyggju og verið
hvert öðru fyrra til að veita hinum virðingu.
11 Verið aldrei löt við vinnu, heldur þjónið
Drottni með gleði og í krafti heilags anda. 12
Gleðjist yfir öllu því sem Guð hefur gefið ykkur.
Sýnið þolinmæði í mótlæti og biðjið án afláts.
13 Takið þátt í að sinna efnislegum þörfum
annarra og stundið gestrisni. 14 Blessið þá sem
ofsækja ykkur vegna trúarinnar en bölvið þeim
ekki. 15 Gleðjist með þeim sem eru glaðir og
samhryggist þeim sem eru sorgbitnir. 16 Starfið
saman af gleði. Þykist ekki vera vitrir og sækist
ekki eftir vinsældum þeirra sem hátt eru settir.
Leitið heldur samfélags við þá sem lægra eru
settir og látið ykkur ekki detta í hug að þið vitið
allt! 17 Gjaldið engum illt fyrir illt. Látið alla
sjá að þið hafið hreinan skjöld. 18 Forðist allar
deilur og lifið í sátt og samlyndi við alla menn,
ef mögulegt er. 19 Kæru vinir, hefnið ykkar
aldrei, heldur látið Guð um slíkt. Guð hefur sagt
að hann muni endurgjalda hverjum um sig eins
og hann á skilið. 20 Gefið heldur óvini ykkar
mat sé hann svangur og drykk sé hann þyrstur
og þá mun hann iðrast þess að hafa gert ykkur
illt. 21 Láttu ekki hið vonda yfirbuga þig, heldur
sigraðu illt með góðu.

13 Hlýddu yfirvöldunum, því að öll yfirvöld
hafa fengið hlutverk sitt frá Guði. 2 Þeir
sem neita að hlýða landslögum, neita þar með
að hlýða Guði og eiga hegningu yfir höfði
sér. 3 Hinir löghlýðnu þurfa ekki að hræðast
dómstólana en þeir sem illt aðhafast bera
stöðugt ótta til þeirra. Viljir þú losna við óttann,
hlýddu þá landslögum og þér mun farnast vel.
4 Guð hefur sett dómsvaldið þér til hjálpar,
en ef þú gerir það sem rangt er, þá hefur
þú sannarlega ástæðu til að óttast, því þá
vofir refsingin yfir þér. Nú skilur þú hvers
vegna Guð stofnaði dómsvaldið. 5 Það eru tvær
ástæður fyrir því að þú átt að hlýða lögunum: í
fyrsta lagi til þess að komast hjá refsingu og í

öðru lagi til að gera skyldu þína. 6 Af þessum
sömu ástæðum ber þér einnig að greiða skatta.
Yfirvöldin þarfnast skatta til að geta unnið það
verk sem Guð fól þeim og þar með þjónað þér.
7 Gjaldið það sem ykkur er skylt: Þeim skatt
sem skattur ber, þeim hlýðni sem hlýðni ber og
þeim heiður sem heiður ber. 8 Skuldið engum
neitt, nema það eitt að elska hver annan og
látið ekki dragast að greiða afborganir af þeirri
skuld! Með því að elska aðra, þá hlýðir þú öllum
lögum Guðs og uppfyllir kröfur hans. 9 Elskir
þú meðbróður þinn jafn mikið og sjálfan þig,
þá forðastu að valda honum tjóni eða svíkja
hann, ógna lífi hans eða stela frá honum. Þá
munt þú ekki heldur vilja syndga með konunni
hans né öfunda hann af eignum hans eða gera
neitt annað sem boðorðin tíu segja að sé rangt.
Öll boðorðin tíu felast í þessu eina: Elskaðu
meðbróður þinn eins og sjálfan þig. 10 Sá sem
elskar meðbróður sinn, mun aldrei gera honum
mein og þess vegna uppfyllir hann líka allar
kröfur Guðs, sem eru í raun ekki annað en
útlistanir á hinu æðsta boðorði – kærleikanum.
11 Önnur ástæða þess að við eigum að lifa
heiðvirðu lífi er sú, að við vitum að tíminn er
orðinn naumur. Vaknaðu! Endurkoma Drottins
er nú nær en þegar við tókum trú. 12 Liðið er á
nóttina og brátt mun birta af endurkomudegi
hans. Leggið því niður hin illu verk myrkursins
og takið vopnin sem ljósinu tilheyra, því að það
er skylda okkar sem lifum í ljósi Krists. Látið allt
sem þið gerið bera vott um sanngirni ykkar og
manngæsku, svo að öllum líki líferni ykkar vel.
Sóið ekki tíma ykkar við siðlaus samkvæmi og
drykkjuskap, ekki heldur við kynsvall og fýsn,
rifrildi eða öfund. 14 Biðjið heldur Drottin Jesú
Krist að hjálpa ykkur til að lifa sómasamlegu
lífi og gælið ekki við lægri hvatir ykkar, því að
þá gæti girndin náð yfirhöndinni og leitt ykkur
í synd.

14 Sýndu hverjum kristnum manni, sem til
þín leitar, vinarhug og gagnrýndu hann
ekki þótt trú hans sé veik og hann hafi aðrar
skoðanir en þú um hvað sé rétt eða rangt. 2
Þú ættir til dæmis ekki að deila við hann um
hvort leyfilegt sé að borða kjöt, sem notað
hefur verið í fórn til skurðgoðanna, eða ekki.
Slíkt er þér ef til vill ekkert vandamál, en trú
hans er veikari en þín og honum finnst það
vera rangt og því neytir hann alls ekki kjöts,
sé það fórnarkjöt, heldur grænmetis. 3 Þeir
sem ekkert sjá athugavert við það að borða
slíkt kjöt, mega ekki líta niður á þá sem láta
þess óneytt og sért þú einn þeirra, þá skaltu
ekki gagnrýna þá sem hafa aðra skoðun, því
að Guð hefur tekið þá að sér sem sín börn. 4
Þeir eru þjónar Guðs en ekki ykkar. Látið Guð
um að segja þeim hvort þeir hafi á réttu eða
röngu að standa, því hann er fullkomlega fær
um að gera það. 5 Sumum finnst að kristnir
menn eigi að líta á helgidaga Gyðinga sem sína
tilbeiðsludaga, en aðrir segja það rangt og finnst
heimskulegt að fara eftir reglum Gyðinga að
því leyti, því að allir dagar séu jafnir fyrir Guði.
Hver og einn verður að taka eigin ákvörðun
um slíka hluti. 6 Notir þú ákveðna daga til
að tilbiðja Drottin, þá er það gert honum til
heiðurs og slíkt er góður siður. Sama er að segja
um þann sem neytir kjöts sem fórnað hefur
verið skurðgoðunum, hann þakkar Guði fyrir
kjötið og er það rétt. Þeim, hins vegar, sem
ekki vill snerta slíkt kjöt, er einnig umhugað
um að þóknast Drottni og hann er þakklátur.
7 Við lifum ekki aðeins sjálfra okkar vegna og
getum því ekki lifað og dáið eins og okkur
þóknast. 8 Hvort sem við lifum eða deyjum, þá
tilheyrum við Drottni, því hans erum við. 9
Kristur dó og reis síðan upp til að vera Drottinn
okkar og konungur, bæði í lífi og dauða. 10
Þú hefur engan rétt til að gagnrýna trúbróður
þinn né líta niður á hann. Minnstu þess að
við verðum hvert um sig að standa frammi
fyrir dómstóli Guðs. 11 Í Gamla testamentinu
stendur: „Svo sannarlega sem ég lifi, “segir
Drottinn, „mun hver maður verða að krjúpa
á kné fyrir mér og sérhver tunga viðurkenna
að ég er Guð.“ 12 Sérhvert okkar verður að
standa Guði reikningsskil á lífi sínu, 13 hættið
því að gagnrýna hvert annað! Reynið heldur að
lifa þannig að þið verðið aldrei trúsystkinum
ykkar að falli og látið þau því ekki sjá ykkur
gera neitt það sem þau álíta vera rangt. 14
Ég er þess fullviss, vegna samfélags míns við
Drottin Jesú, að ekkert er rangt við það að neyta
kjöts sem fórnað hefur verið skurðgoðunum,
en ef einhver álítur það rangt, þá ætti hann
ekki að neyta þess trúar sinnar vegna. 15 Viljir
þú halda áfram að neyta þess matar sem þú
veist að veldur trúsystkini þínu hugarangri,
þá framgengur þú ekki í kærleika. Láttu ekki
neysluvenjur þínar verða þeim til tjóns, sem

Kristur dó fyrir. 16 Forðastu að gera það sem þú
veist að verður gagnrýnt, enda þótt þú vitir að
sú gagnrýni sé ósanngjörn. 17 Þegar allt kemur
til alls, þá skiptir það okkur kristna menn ekki
mestu hvað við borðum eða drekkum, heldur
að lifa í kærleika, friði og fögnuði heilags anda.
18 Ef þú gerir Krist að húsbónda í lífi þínu að því
er þetta varðar, þá mun það bæði gleðja Guð
og menn. 19 Keppum því eftir að efla frið og
sameiginlega uppbyggingu kirkjunnar, 20 og
rífum ekki niður verk Guðs fyrir einn kjötbita!
21 Bindindi á kjöt og vín er rétt ef neysla þess
hneykslar trúsystkini okkar og leiðir þau í synd.
22 Haltu fast við trúarsannfæringu þína, en
notaðu hana samt ekki til að storka öðrum. 23
Sá sem fær slæma samvisku af að hafa borðað
kjöt, ætti að láta það ógert, því að sá syndgar
sem gerir eitthvað gegn betri vitund.

15 Þótt við álítum að Drottni sé sama hvort
við gerum það sem ég var að tala um eða
látum það ógert, þá getum við samt ekki haldið
því áfram til að þóknast sjálfum okkur, því að
við verðum að bera þá „byrði“ að taka tillit til
viðhorfa þeirra, sem álíta að rangt sé að snerta
þessa hluti. 2 Við ættum því að þóknast hinum
en ekki sjálfum okkur og gera það sem þeim
er fyrir bestu og efla þá þannig í Drottni. 3
Kristur reyndi aldrei að þóknast sjálfum sér. Um
það segir í Davíðssálmi: „Hann kom til að þjást
og þola fyrirlitningu andstæðinga Drottins.“
4 Þessi orð Gamla testamentisins voru skrifuð
fyrir löngu og eiga að kenna okkur þolinmæði
og vera til uppörvunar, svo að við getum horft
full eftirvæntingar fram til þess tíma er Guð
hefur sigrað synd og dauða að fullu. 5 Guð,
sem uppörvar og eykur þolinmæði og staðfestu,
hann hjálpi ykkur til að vera samhuga svo að
þið getið umgengist hvert annað með hugarfari
Krists. 6 Þá munuð þið getað lofað Drottin
einum rómi og gefið Guði föður og Drottni
Jesú Kristi dýrðina. 7 Takið því hvert annað að
ykkur, eins og Kristur tók ykkur að sér, því að
slíkt er Guði að skapi. 8 Munið að Jesús Kristur
kom til að hjálpa Gyðingunum og sanna að
Guð stendur við loforðin sem hann gaf þeim.
9 Munið og að hann kom einnig til þess að
heiðingjarnir gætu frelsast og vegsamað Guð
fyrir miskunnina sem hann auðsýndi þeim.
Þessu lýsti sálmaskáldið svo: „Ég mun vegsama
þig meðal heiðingjanna og lofsyngja nafn þitt.“
10 Á öðrum stað stendur: „Fagnið þið heiðingjar
ásamt þjóð hans, Ísrael.“ 11 Og enn segir hann:
„Lofið Drottin allar þjóðir og vegsamið hann
allir lýðir!“ 12 Jesaja spámaður lýsti þessu svo:
„Sá mun fæðast af ætt Ísaí sem verða mun
konungur allra þjóða og honum einum munu
þeir treysta.“ 13 Með þetta í huga bið ég fyrir
ykkur, heiðingjunum, að Guð vonarinnar fylli
ykkur fögnuði og friði trúarinnar, svo að von
ykkar styrkist æ meira í krafti heilags anda.
14 Ég veit, vinir mínir, að þið eruð skynsamir
og kærleiksríkir og þess vegna skiljið þið þetta
vel og eruð færir um að uppfræða hver annan.
15 Samt sem áður árræddi ég að leggja áherslu
á sum þessara atriða, því að ég vissi að þið
þörfnuðust einmitt þessara áminninga minna.
Guð hefur nefnilega veitt mér þá náð að vera
sérlegur sendiboði Jesú Krists til ykkar, sem ekki
eruð Gyðingar. Ég flyt fagnaðarerindið og ber
ykkur síðan fram fyrir Guð sem fórn, honum
velþóknanlega, því að þið eruð orðin hrein og
honum að skapi, fyrir áhrif heilags anda. 17
Mér er því heimilt að vera dálítið hróðugur af
öllu því sem Kristur Jesús hefur notað mig til
að gera. 18 Ég dirfist ekki að dæma um með
hve miklum árangri hann hefur notað aðra en
eitt veit ég: Hann hefur notað mig til að leiða
heiðingjana til Guðs. 19 Ég hef unnið þá með
boðskap mínum og líferni, sem þeir hafa veitt
eftirtekt, með kraftaverkum sem Guð hefur
látið mig gera, en þau eru tákn frá honum og
allt er þetta fyrir kraft heilags anda. Þannig hef
ég predikað allan fagnaðarboðskap Krists, allt
frá Jerúsalem og sem leið liggur til Illyríu. 20 En
allan þennan tíma hef ég þráð að komast enn
lengra og predika þar sem nafn Krists hefur
ekki enn heyrst, fremur en á stöðum þar sem
aðrir hafa þegar stofnað söfnuði. 21 Ég hugfesti
orð Jesaja, en hann segir að þeir sem aldrei hafi
heyrt nafn Krists, muni sjá og skilja, 22 og það
er reyndar ástæða þess hve ég hef þráð að koma
til ykkar. 23 Nú er ég loks tilbúinn að koma eftir
öll þessi ár, því verki mínu hér er lokið. 24 Nú
er ég að ráðgera ferð til Spánar og þegar að
henni kemur, mun ég koma við hjá ykkur í Róm.
Þegar við höfum notið þess að vera saman um
stund, getið þið fylgt mér á leið. 25 En áður en
ég kem, verð ég fyrst að fara til Jerúsalem með
gjöf til Gyðinganna, sem þar eru kristnir. 26
Söfnuðirnir í Makedóníu og Akkeu hafa safnað
fé handa þeim í Jerúsalem, því að þeir hafa

þolað mikla erfiðleika. 27 Þetta gerðu þeir með
glöðu geði, því þeim finnst þeir vera í mikilli
skuld við kristna söfnuðinn í Jerúsalem. Hvers
vegna? Vegna þess að fréttirnar um Krist bárust
þessum heiðingjum frá kirkjunni í Jerúsalem.
Og fyrst þessi mikla gjöf, gleðiboðskapurinn,
hefur borist þeim þaðan, þá finnst þeim ekki
nema sjálfsagt að veita fjárhagslega aðstoð. 28
Þegar ég hef afhent þeim peningana og þar með
komið góðverki þeirra í höfn, mun ég koma við
hjá ykkur á leiðinni til Spánar. 29 Ég er viss um
að þegar ég kem, mun Drottinn nota mig til
að veita ykkur ríkulega blessun. 30 Kæru vinir,
ég bið þess að þið berjist með mér í bæn til
Guðs, fyrir mér og starfi mínu vegna Drottins
Jesú Krists, og kærleika heilags anda. 31 Biðjið
Guð að hann varðveiti mig fyrir andstæðingum
Krists í Jerúsalem. Biðjið þess einnig að hinir
kristnu þar taki fúslega við peningunum sem ég
færi þeim, 32 og að ég síðan, ef Guð lofar, geti
komið til ykkar glaður í anda og við uppörvast
sameiginlega. 33 Guð friðarins sé með ykkur
öllum. Amen.

16 Innan skamms kemur kristin kona, að
nafni Föbe, í heimsókn til ykkar. Hún hefur
lagt mikið á sig fyrir söfnuðinn í Kenkreu og
nú bið ég ykkur að taka vel á móti henni, eins
og hæfir systur í Drottni. 2 Veitið henni alla
þá aðstoð sem ykkur er unnt, því að mörgum
hefur hún hjálpað og þar á meðal mér. 3 Berið
Prisku og Akvílasi kveðju mína. Þau hafa starfað
með mér við verk Jesú Krists. 4 Þau hættu lífi
sínu mín vegna og ég er ekki sá eini sem stend í
þakkarskuld við þau, það gera allir söfnuðirnir
meðal heiðingjanna. 5 Gjörið svo vel að flytja
einnig kveðjur mínar þeim sem koma saman til
guðsþjónustu á heimili þeirra. Ég bið að heilsa
Epænetusi vini mínum. Hann var sá fyrsti sem
tók kristna trú í Asíu. 6 Skilið kveðju til Maríu,
hún lagði á sig mikið erfiði til að geta hjálpað
okkur. 7 Skilið einnig kveðju til Andróníkusar
og Júníasar, ættingja minna sem voru með mér
í fangelsi. Þeir urðu kristnir á undan mér og
postularnir virða þá mikils – ég bið kærlega að
heilsa þeim. 8 Skilið kveðju til Amplíatusar, en
hann elska ég sem barn Guðs, 9 og einnig til
Urbanusar, samstarfsmanns okkar, og Stakkýss
okkar elskaða vinar. 10 Apellesi, honum sendi
ég kveðju mína en hann er góður maður og
reyndur í Guði. Ég bið einnig kærlega að heilsa
heimamönnum Aristóbúls. 11 Skilið kveðju til
Heródíons ættingja míns. Berið heimilisfólkinu
hjá Narkissusi kveðju mína. 12 Skilið kveðju til
Trýfænu og Trýfósu, samverkamanna Drottins,
og kæru Persis, sem lagt hefur mikið á sig
fyrir Drottin. 13 Ég bið að heilsa Rúfusi, sem
Drottinn tók að sér, og móður hans, en hún
var mér sem móðir. 14 Ég bið einnig að heilsa
Asýnkritusi, Flegon, Hermes, Patróbasi, Hermasi
og bræðrunum sem með þeim eru. 15 Skilið
kærum kveðjum til Fílólógusar, Júlíu, Nerevs og
systur hans, einnig til Ólympasar og allra hinna
kristnu sem með þeim eru. 16 Heilsið hvert
öðru innilega. Allir söfnuðirnir hér um slóðir
senda ykkur kveðju sína. 17 Eitt á ég eftir að
segja ykkur áður en ég lýk þessu bréfi og það er:
Forðist þá sem valda klofningi og sundurþykkju,
þá sem fara með rangar kenningar um Krist. 18
Slíkir kennarar starfa ekki fyrir Drottin Jesú,
heldur skara þeir eld að eigin köku. Þessir menn
eru mælskir og oft láta einfeldningar glepjast
af því sem þeir segja. 19 En altalað er að þið
séuð áreiðanleg og hlýðin og slíkt gleður mig
mjög. Ég vil að þið haldið ykkur áfram að því
sem rétt er og takið engan þátt í hinu illa.
20 Guð friðarins mun brátt merja Satan undir
fótum ykkar! Blessun Drottins Jesú Krists sé
yfir ykkur. 21 Tímóteus, samstarfsmaður minn,
Lúkíus, Jason og Sósípater, ættmenn mínir biðja
kærlega að heilsa ykkur. 22 Ég, Tertíus, sem
hef skrifað þetta bréf fyrir Pál, sendi ykkur
einnig vinarkveðju. 23 Gajus bað mig að skila
kveðju til ykkar frá sér. Ég gisti hjá honum og
söfnuðurinn kemur saman hér á heimili hans.
Erastus, gjaldkeri borgarinnar, biður að heilsa,
svo og Kvartus, en hann er bróðir í Kristi. 24
Verið þið sæl. Náð Drottins Jesú Krists sé með
ykkur öllum. 25 Ég fel ykkur Guði, honum sem
megnar að styrkja ykkur og staðfesta í trúnni,
eins og talað er um í gleðiboðskapnum sem
ég flyt. Sá boðskapur er leiðin sem Guð hefur
opnað öllum mönnum til hjálpræðis og sem
öldum saman hefur legið í þagnargildi. (aiōnios
g166) 26 En nú hefur það gerst samkvæmt skipun
Guðs, eins og spámennirnir sögðu fyrir, að þessi
boðskapur er fluttur meðal allra þjóða, svo að
fólk um víða veröld trúi Kristi og hlýði honum.
(aiōnios g166) 27 Guði, sem þekkir alla hluti, sé
dýrð að eilífu fyrir Drottin Jesú Krist. Amen.
(aiōn g165)

1 Korintubréf

1 Frá: Páli, sem Guð hefur kjörið sendiboða Jesú
Krists, og bróður Sósþenesi. **2** Til: Kristinna
manna í Korintu sem Guð hefur kallað sér til
eignar og Jesús Kristur hefur helgað honum;
og til: Allra kristinna manna, hvar sem þeir
eru, þeirra sem ákalla nafn Jesú Krists, sem
er Drottinn okkar allra. **3** Guð, faðir okkar, og
Drottinn Jesús Kristur blessi ykkur og veiti frið
í hug og hjarta. Fyrst Guð hefur blessað ykkur,
hvers vegna eruð þið þá ósátt? **4** Ég get ekki
látið af að þakka Guði fyrir alla þá náð sem
hann hefur gefið ykkur í Jesú Kristi. **5** Hann
hefur auðgað allt líf ykkar, gert ykkur kleift
að bera honum vitni og aukið ykkur skilning á
sannleikanum. **6** Það sem ég sagði að Kristur
gæti gert fyrir ykkur, hefur gerst! **7** Nú njótið
þið blessunar hans í ríkum mæli og skortir
enga náðargjöf meðan þið bíðið endurkomu
Drottins Jesú Krists. **8** Og Guð mun gera ykkur
staðföst svo að enginn geti ásakað ykkur á
endurkomudegi hans. **9** Guð, sem kallaði ykkur
til samfélags við son sinn, Jesú Krist, Drottin
okkar, mun standa við allt sem hann hefur
lofað ykkur – hann er vissulega trúfastur. **10** En,
kæru vinir, ég bið ykkur í nafni Drottins Jesú
Krists. Hættið þessum deilum ykkar í milli en
gætið þess að lifa í sátt og samlyndi, svo að ekki
sé klofningur í söfnuðinum. Ég grátbið ykkur:
Verið einhuga – sameinuð í hugsun og verki. **11**
Nokkrir þeirra sem búa heima hjá Klóe hafa
sagt mér frá rifrildi ykkar og deilum, kæru vinir.
12 Sum ykkar segja: „Ég fylgi Páli!“Aðrir segjast
fylgja Apollós eða Pétri, og enn aðrir Kristi. **13**
Þannig hafið þið í reynd skipt Kristi í marga
hluta! Hef ég, Páll, þá dáið fyrir syndir ykkar?
Eða var nokkurt ykkar skírt í mínu nafni? **14** Ég
er mjög feginn því að ég skuli ekki hafa skírt
neitt ykkar, nema þá Krispus og Gajus, **15** því
annars gæti einhver haldið að ég hafi verið
að stofna nýjan söfnuð, „Pálssöfnuðinn!“ **16**
Jú, reyndar skírði ég líka fjölskyldu Stefanasar,
en ekki man ég til að hafa skírt fleiri. **17** Því
að Kristur sendi mig ekki til að skíra, heldur
til að flytja gleðiboðskapinn. Og predikun mín
einkennist ekki af skrúðmælgi eða háfleygum
orðum, því að þá ætti ég á hættu að draga
úr þeim mikla mætti sem boðskapurinn um
krossdauða Krists býr yfir. **18** Mér er vel ljóst
hve þeim sem glatast finnst heimskulegt að
heyra að Jesús Kristur hafi dáið til að frelsa
þá. En við, sem frelsumst, fáum að reyna að
þessi boðskapur er sjálfur kraftur Guðs. **19**
Því Guðs orð segir: „Ég mun gera að engu
allar mannlegar tilraunir til að frelsast; hversu
skynsamlegar sem þær virðast vera, og láta mig
engu varða bestu hugmyndir manna, jafnvel
þær snilldarlegustu.“ **20** Og hvað um þessa
spekinga, þessa lærðu menn og snjöllu, sem vit
hafa á öllu milli himins og jarðar? Guð hefur gert
þá alla hlægilega og sýnt fram á að speki þeirra
er tóm vitleysa. **(aiōn g165)** **21** Því að Guð kom því
svo fyrir af visku sinni að menn gætu aldrei
fundið hann með mannlegri snilli. Síðan greip
hann sjálfur inn í og frelsaði alla þá sem trúðu
boðskap hans, sem heimurinn telur heimskulegt
þvaður. **22** Gyðingum finnst hann fávíslegur,
því að þeir vilja tákn frá himni sem sönnun
þess að það sem boðað er sé satt. Heiðingjum
hins vegar finnst hann þvaður, af því að þeir
trúa því einu sem er í samræmi við heimspeki
þeirra og það sem þeir kalla skynsemi. **23** Svo
þegar við boðum að Kristur hafi dáið til að
frelsa mennina, þá hneykslast Gyðingar, en
heiðingjarnir segja að slíkur boðskapur nái
ekki nokkurri átt. **24** En Guð hefur opnað augu
þeirra sem kallaðir eru til að frelsast, bæði
Gyðinga og heiðingja, svo að nú sjá þeir að
Kristur er kraftur Guðs, þeim til hjálpræðis.
Kristur er sjálfur þungamiðja hinnar máttugu
fyrirætlunar Guðs þeim til björgunar. **25** Þessi
svokallaða „heimskulega fyrirætlun Guðs“er
mun skynsamlegri en gáfulegasta úrræði hinna
mestu spekinga. Guð í vanmætti sínum – þegar
Kristur dó á krossinum – er stórum máttugri en
nokkur maður. **26** Takið eftir, vinir mínir, að fá
ykkar sem fylgið Kristi eruð fræg, voldug eða
rík. **27** Þess í stað hefur Guð af ásettu ráði kosið
að nota það, sem heimurinn telur heimsku og
fánýti, til að láta þá verða sér til minnkunar,
sem heimurinn telur skynsama og mikla. **28**
Hann hefur valið það, sem heimurinn fyrirlítur
og metur einskis, og notar það til að gera að
engu það sem heimurinn hrósar sér af, **29** svo
að enginn geti nokkurn tíma hreykt sér frammi
fyrir Guði. **30** Það er Guði að þakka að þið eigið
samfélag við Jesú Krist og í Jesú hafið þið öðlast
þekkingu á Guði. En Jesús gerði meira en það,
hann hefur líka réttlætt ykkur, helgað og leyst
ykkur frá afleiðingum syndafallsins. **31** Ég tek

því undir orð Biblíunnar: „Vilji einhver hrósa
sér, þá hrósi hann sér aðeins af því sem Guð
hefur gert.“

2 Kæru bræður og systur, þegar ég kom til
ykkar fyrst, þá notaði ég ekki háleit orð
og snilldarlegar hugmyndir til að flytja ykkur
boðskap Guðs. **2** Ég ákvað að tala eingöngu um
Jesú Krist og dauða hans á krossinum. **3** Ég kom
til ykkar í vanmætti, feiminn og hræddur. **4**
Boðun mín var mjög fábrotin. Hún var ekki með
mælskusnilld og mannlegri speki, heldur var
kraftur heilags anda í orðum mínum og sannaði
fyrir þeim, sem þau heyrðu, að boðskapurinn
var frá Guði. **5** Þetta gerði ég af því að ég vildi
að trú ykkar væri byggð á Guði einum, en ekki
á háleitum hugsjónum einhvers manns. **6** En
þegar ég er meðal þroskaðra, kristinna manna
þá nota ég vísdómsorð, þó ekki mannlegan
vísdóm eða þann sem höfðar til stórmenna
þessa heims, sem dæmd eru til að falla. **(aiōn
g165)** **7** Orð okkar eru skynsamleg af því að
þau eru frá Guði og þau segja frá skynsamlegri
fyrirætlun Guðs, um að leiða okkur inn í dýrð
himinsins. Þessi fyrirætlun var hulin forðum
daga enda þótt hún hafi verið gerð okkur til
hjálpar og það áður en heimurinn varð til. **(aiōn
g165)** **8** En stórmenni þessa heims hafa ekki
skilið hana, annars hefðu þeir ekki krossfest
konung dýrðarinnar. **(aiōn g165)** **9** Það er þetta
sem átt er við þegar Biblían segir að enginn
maður hafi nokkurn tíma séð, heyrt eða jafnvel
ímyndað sér allt það dásamlega sem Guð hefur
í hyggju handa þeim sem elska Drottin. **10** Þetta
vitum við af því að Guð hefur sent anda sinn
til að segja okkur það og andi hans þekkir og
sýnir okkur allar leyndustu hugsanir Guðs. **11**
Enginn getur vitað með vissu hvað einhver
annar hugsar eða hvernig sá er í raun og veru,
heldur þekkir hver og einn aðeins sjálfan sig.
Og enginn getur þekkt hugsanir Guðs nema
andi Guðs sjálfs. **12** Guð hefur sent okkur anda
sinn (ekki anda heimsins) til að segja okkur frá
þeim dýrlegu gjöfum náðar og blessunar sem
hann hefur gefið okkur. **13** Þegar við segjum
frá þessum gjöfum, þá höfum við notað sömu
orð og heilagur andi hefur gefið okkur en ekki
orð sem við menn hefðum valið. Þannig notum
við orð heilags anda til að útskýra verk heilags
anda. **14** Sá maður, sem ekki hefur anda Guðs,
getur hvorki skilið né meðtekið þær hugsanir
Guðs, sem heilagur andi kennir okkur. Þær eru
fáránlegar í augum hans, því að þeir einir sem
eiga heilagan anda geta skilið hvað heilagur
andi á við. Aðrir botna hreint ekkert í því. **15** Sá
maður sem hefur heilagan anda, hefur innsýn í
allt. Það veldur undrun og heilabrotum þess
sem ekki er kristinn, **16** og hvernig ætti hann
líka að geta skilið það? Sá maður er alls ekki
fær um að þekkja hugsanir Drottins eða ræða
þær við hann. Það er undarlegt en satt, að við
kristnir menn, skulum eiga hlutdeild í hugsun
og huga Krists!

3 Kæru systkini, nú hef ég talað við ykkur eins
og þið væruð enn ungbörn í trúnni eða eins
og þeir sem ekki fylgja Drottni, heldur sínum
eigin hvötum. Ég get ekki talað við ykkur eins
og ég myndi tala við þroskaða menn, sem fylltir
eru anda Guðs. **2** Ég hef orðið að næra ykkur á
mjólk en ekki á kjarngóðum mat, af því að hann
hafið þið ekki þolað og þið verðið jafnvel enn að
láta ykkur nægja mjólkina. **3** Þið eruð enn eins
og smábörn og látið stjórnast af hvötum ykkar
eingöngu, en ekki vilja Guðs. Þið eruð ennþá
börn, sem fara sínu fram. Það sýnir afbrýðisemi
ykkar hvers í annars garð og það að þið skiptið
ykkur í deiluhópa. Satt að segja látið þið eins og
fólk sem alls ekki tilheyrir Drottni. **4** Þarna eruð
þið og rífist um hvort ég sé meiri en Apollós og
kljúfið þar með söfnuðinn. Sýnir þetta ekki hve
lítið þið hafið þroskast í Drottni? **5** Hver er ég,
og hver er Apollós, að við skulum vera deiluefni
ykkar? Við erum aðeins þjónar Guðs, hvor um
sig með sína sérstöku hæfileika, og með hjálp
okkar komust þið til trúar. **6** Mitt verk var að
sá fræinu, orði Guðs, í hjörtu ykkar og verk
Apollóss var að vökva það en það var Guð, en
ekki við, sem lét það vaxa. **7** Þeir sem sá og þeir
sem vökva skipta ekki máli, en Guð skiptir öllu
máli því að hann gefur vöxtinn. **8** Við Apollós
vinnum saman að sama markmiði, þótt hvor
okkar um sig muni hljóta laun í samræmi við
erfiði sitt. **9** Við erum samverkamenn Guðs.
Þið eruð akur Guðs en ekki okkar. Þið eruð
hús Guðs en ekki okkar. **10** Guð hefur af gæsku
sinni kennt mér hvernig á að byggja. Ég lagði
grunninn en Apollós byggði ofan á, og sá sem
byggir ofan á verður að gæta vel að hvernig
hann byggir. **11** Annan grundvöll getur enginn
lagt en þann sem þegar er lagður og er Jesús
Kristur. **12** En margs konar efni er hægt að nota

til að byggja ofan á þennan grunn. Sumir nota
gull, silfur og dýra steina en aðrir nota tré,
hey eða strá. 13 Þegar Kristur kemur að dæma
heiminn, mun reyna á, hvers konar efni það er
sem hver um sig hefur notað. Verk hvers og
eins verður reynt í eldi, svo að allir geti séð
hvort það stenst og hvort eitthvert gagn var að
því. 14 Þá mun hver sá hljóta laun, sem stenst
prófið, það er að segja sá sem hefur byggt ofan
á grunninn úr réttu efni. 15 Brenni hins vegar
það sem einhver hefur reist, þá mun hann verða
fyrir miklu tjóni. Sjálfur mun hann þó frelsast
eins og sá sem bjargast úr eldi. 16 Skiljið þið
ekki að þið eruð öll hús Guðs og andi Guðs býr
með ykkur í því húsi? 17 Ef einhver óhreinkar
eða spillir húsi Guðs, þá mun Guð eyða honum,
því að hús Guðs er heilagt og hreint og slíkt
hús eruð þið. 18 Hættið að blekkja sjálf ykkur!
Ef þið teljið ykkur vel greind, eftir mati þessa
heims, leggið þá allt slíkt sjálfsmat á hilluna og
teljið ykkur vankunnandi, annars missið þið af
hinni sönnu visku frá Guði. (aiōn g165) 19 Viska
þessa heims er heimska í augum Guðs. Eins og
Jobsbók segir þá notar Guð snilli mannsins til
að veiða hann í gildru. Hann hrasar um sína
eigin speki og dettur. 20 Og í Davíðssálmum
er okkur sagt að Drottinn viti fullvel hvernig
mannleg speki bregst við og hversu heimskuleg
og fánýt þau viðbrögð séu. 21 Stærið ykkur
ekki af visku einhverra spekinga. Guð hefur
þegar gefið ykkur allt sem þið þurfið. 22 Hann
hefur gefið ykkur Pál og Apollós til hjálpar.
Hann hefur gefið ykkur allan heiminn til afnota.
Einnig lífið og dauðinn eru ykkur til þjónustu.
Hann hefur gefið ykkur allt hið liðna og alla
framtíð. Allt tilheyrir ykkur 23 og þið tilheyrið
Kristi, og Kristur er Guðs.

4 Við Apollós erum þjónar Krists sem
miðla blessun Guðs með því að útskýra
leyndardóma hans. 2 Það sem mestu máli skiptir
varðandi þjóna, er að þeir séu trúir og geri það,
sem húsbóndi þeirra segir þeim. 3 Hvað um
mig? Hef ég verið góður þjónn? Reyndar varðar
mig ekkert um hvað ykkur finnst um það eða
hvað aðrir hugsa. Ég treysti ekki einu sinni mínu
eigin mati í því efni. 4 Samviska mín er hrein,
en það sannar ekkert. Það er Drottinn sjálfur
sem mun rannsaka mig og dæma. 5 Gætið þess
því að fella ekki dóma áður en Drottinn kemur,
um það hvort einhver er góður þjónn eða ekki.
Þegar Drottinn kemur, mun hann varpa ljósi
á allt, svo að hver og einn geti séð greinilega
hvernig við erum innst inni. Þá munu allir
sjá og vita hvers vegna við höfum verið að
vinna verk Drottins. Á þeim degi mun Guð veita
hverjum manni það hrós sem hann á skilið. 6 Ég
hef notað Apollós og sjálfan mig sem dæmi til
að skýra nánar það, að þið megið ekki taka einn
þjón Guðs fram yfir annan. 7 Af hverju eruð þið
að stæra ykkur? Hvað hafið þið, sem þið hafið
ekki þegið af Guði? Og fyrst allt sem þið hafið,
er frá Guði, hvers vegna látið þið þá eins og
þið séuð miklir menn og hafið afrekað eitthvað
af eigin rammleik? 8 Þið virðist halda að þið
séuð andleg ofurmenni! Þið eruð saddir og
andlega mettir, ríkir kóngar á hásætum ykkar,
komnir langt fram úr okkur vesalingunum!
Ég vildi óska að þið væruð nú þegar orðnir
kóngar, því þá mundum við vissulega ríkja með
ykkur. 9 Stundum virðist mér sem Guð hafi
sett okkur postulana alveg neðst á listann –
eins og dauðadæmda fanga, sem hafðir eru
aftast í skrúðgöngu sigurvegarans, til sýnis
englum og mönnum. 10 „Trúin hefur gert ykkur
heimska, “segið þið. En þið? Þið eruð auðvitað
vitrir og skynsamir kristnir menn! Við erum
máttlausir en ekki þið! Þið eruð vinsælir, en við
athlægi allra. 11 Allt til þessa höfum við orðið
að þola hungur, þorsta og klæðleysi. Okkur er
misþyrmt og við erum heimilislausir. 12 Við
höfum unnið fyrir okkur með erfiði og striti.
Við höfum blessað þá sem okkur bölva og sýnt
þolinmæði þeim sem ofsækja okkur. 13 Árásum
höfum við svarað með hógværð, en samt erum
við allt til þessarar stundar eins og fótþurrka
allra, eins og úrhrök. 14 Þetta skrifa ég ykkur
ekki til blygðunar, heldur til að aðvara ykkur og
áminna eins og elskuð börn. 15 Því að ég einn er
andlegur faðir ykkar, þótt þið hafið tíu þúsund
aðra til þess að kenna ykkur um Krist. Það var
ég sem leiddi ykkur til Krists þegar ég flutti
ykkur gleðiboðskapinn. 16 Ég bið ykkur því að
líkja eftir mér og gera eins og ég. 17 Ástæðan
fyrir því að ég sendi Tímóteus var að hann
skyldi hjálpa ykkur til þess. Tímóteus er einn
þeirra sem ég leiddi til Krists og hann er Drottni
elskað og hlýðið barn. Hann mun minna ykkur
á það sem ég kenni í allri kirkjunni, hvar sem
ég fer. 18 Ég veit að sum ykkar eru hreykin og
halda að ég þori ekki að koma til ykkar í eigin
persónu. 19 En ég mun koma, og það fljótlega,

ef Drottinn leyfir mér, og þá mun ég komast að
raun um, hvort þeir sem stæra sig, hafa kraft
Guðs eða hvort þeir eru aðeins orðhákar. 20
Guðsríki er ekki innantómt orð heldur líf í krafti
Guðs. 21 Hvort viljið þið heldur að ég komi með
hirtingu og ávítur eða ástúð og mildi?

5 Það er á allra vörum að viðbjóðslegir hlutir
eigi sér stað á meðal ykkar, já verri en meðal
nokkurra heiðingja – að í söfnuði ykkar sé
maður sem lifir í synd með konu föður síns. 2
Eruð þið enn jafn montin og „andleg“? Hvers
vegna fyllist þið ekki heldur hryggð og blygðun
og gerið gangskör að því að víkja þessum manni
úr söfnuði ykkar? 3 Þótt ég sé ekki hjá ykkur, þá
hef ég hugsað mikið um þetta og í nafni Drottins
Krists, hef ég nú þegar ákveðið hvað gera skal,
rétt eins og ég væri þarna hjá ykkur. Kallið
saman fund safnaðarins – kraftur Drottins Jesú
mun vera með ykkur er þið komið saman, og
ég mun verða viðstaddur í andanum – 5 og
víkið þessum manni úr samfélagi kirkjunnar
í hendur Satans, honum til refsingar, í þeirri
von að sál hans frelsist við endurkomu Jesú
Krists. 6 Það er þokkalegt eða hitt þó heldur
að þið skulið vera að hrósa ykkur af dyggðum
ykkar og látið slíkt samt eiga sér stað! Vitið þið
ekki að sé einum manni leyft að halda áfram að
syndga, munu brátt allir flekkast? 7 Fjarlægið
þetta illkynjaða mein úr ykkar hópi svo að þið
getið verið hrein. Kristi, guðslambinu, hefur
verið slátrað fyrir okkur. 8 Höldum því hátíð
með honum og styrkjumst í kristilegu líferni.
Snúum algjörlega baki við hinu sýkta, gamla
líferni með öllu þess hatri og illsku. Höldum
hátíð með hreinu, ósýrðu brauði hreinleikans
og sannleikans. 9 Í bréfinu, sem ég skrifaði
ykkur, sagði ég að þið skylduð halda ykkur
frá vondu fólki. 10 En þegar ég sagði það, átti
ég ekki við trúleysingja, sem lifa í synd eða
ágjarna svindlara og hjáguðadýrkendur, því
það er útilokað að lifa í þessum heimi án þess
að eiga einhver samskipti við slíkt fólk. 11 Ég
átti við að þið eigið ekki að blanda geði við
neinn sem telur sig vera bróður í trúnni, en er
saurlífismaður eða svindlari, hjáguðadýrkari
eða drykkjumaður eða ágjarn. Þið ættuð ekki
einu sinni að neyta matar með þess háttar
manni. 12 Það er ekki okkar að dæma þá sem
utan kirkjunnar eru. En vissulega er það okkar
að dæma þá sem eru í kirkjunni og sem syndga
á þennan hátt. 13 Guð einn dæmir þá sem eru
utan kirkjunnar en þið verðið sjálf að dæma
þennan mann og reka hann úr söfnuðinum.

6 Hvernig stendur á því að ef þið eigið eitthvað
sókótt við annan safnaðarbróður, þá kærið
þið og látið heiðinn dómstól dæma í málinu, í
stað þess að láta aðra kristna menn skera úr um
það hvor hafi á réttu að standa. 2 Vitið þið ekki,
að við kristnir menn eigum að dæma heiminn
og stjórna honum? Hvers vegna getið þið þá
ekki gert út um svona smámál ykkar í milli?
3 Vitið þið ekki að við kristnir menn munum
dæma og launa sjálfum englum himinsins?
Ykkur ætti því að vera í lófa lagið að leysa
vandamál ykkar hér á jörðu. 4 Hvers vegna
leitið þið þá til utanaðkomandi dómara, sem
eru ekki einu sinni kristnir? 5 Ég segi þetta
svo að þið blygðist ykkar. Er enginn í kirkjunni
nógu vitur til að setja niður þessar deilur? 6 Þið
eruð kristin en ákærið samt hvert annað og það
í áheyrn trúleysingja! 7 Slík málaferli eru flest
algjör ósigur ykkar sem kristins fólks. Hvers
vegna þolið þið ekki heldur órétt? Látið heldur
hafa af ykkur, það væri Drottni þóknanlegra.
8 En þess í stað hafið þið rangt við og níðist
jafnvel á systkinum ykkar í trúnni. 9 Vitið
þið ekki, að þeir sem svona hegða sér eiga
engan hlut í guðsríki? Látið ekki blekkjast!
Þeir sem lifa siðlausu lífi – hjáguðadýrkendur,
hórkarlar, kynvillingar – munu engan hlut eiga
í ríki Guðs, ekki heldur þjófar eða ágjarnir,
drykkjumenn, rógberar eða ræningjar. 11 Þetta
voruð þið sumir hverjir eitt sinn, en nú eru
syndir ykkar burt þvegnar og þið eruð helgaðir
og teknir frá handa Guði. Hann hefur sýknað
og viðurkennt ykkur sem sín börn, vegna þess
sem Drottinn Jesús Kristur og andi Guðs hafa
gert fyrir ykkur. 12 Ég get gert hvað sem ég
vil, hafi Kristur ekki bannað það, en sumt er
mér ekki til góðs. Þótt það sé leyfilegt, þá mun
ég standa gegn því, ef ég held að það geti náð
þeim tökum á mér að ég ætti erfitt með að
hætta því. 13 Takið til dæmis matinn. Guð hefur
gefið okkur matarlyst og maga til að melta. En
það þýðir ekki að við eigum að borða meira en
við þurfum. Fæðan er ekki mikilvæg, því að
Guð mun á sínum tíma gera að engu bæði mat
og maga. Saurlífi á aldrei rétt á sér. Líkamar
okkar voru ekki skapaðir til þess, heldur handa
Drottni, og Drottinn vill sjálfur helga líkama

okkar. 14 Guð mun sjálfur reisa líkama okkar
frá dauðum, með mætti sínum á sama hátt
og hann reisti Drottin Jesú Krist. 15 Vitið þið
ekki að líkamar ykkar eru limir Krists – hlutar
af honum? Ætti ég þá að taka hluta Krists og
sameina hann skækju? Nei. 16 Vitið þið ekki að
hafi maður mök við vændiskonu, verður hann
hluti af henni og hún hluti af honum? Guð segir
í orði sínu að í augum hans verði þau eitt hold.
17 En ef þú gefst Drottni, þá ert þú og Kristur
samtengdir sem einn maður. 18 Haldið ykkur
því frá öllu kynferðislegu lauslæti. Engin synd
hefur jafnmikil áhrif á líkamann og sú. Ef þið
syndgið á þennan hátt, þá er það gegn ykkar
eigin líkama. 19 Hafið þið ekki skilið að líkami
ykkar er hýbýli heilags anda, sem Guð gaf ykkur
og lifir í ykkur? Þið eigið ekki líkama ykkar! 20
Guð hefur keypt ykkur dýru verði. Vegsamið
því Guð með líkama ykkar.

7 Svo við víkjum nú að spurningum ykkar, þá er
svar mitt það, að það sé gott að vera ógiftur.
2 Að öllu jöfnu er þó best að vera giftur og hver
maður hafi sína konu og hver kona sinn mann,
svo að þið leiðist ekki í synd. 3 Karlmaðurinn
á að veita konu sinni það sem henni ber og
konan manninum. 4 Stúlka sem giftist hefur
ekki lengur fullan rétt yfir eigin líkama, því
eiginmaður hennar hefur einnig sinn rétt til
hans. Á sama hátt hefur eiginmaðurinn ekki
lengur fullt vald yfir sínum líkama, því að hann
tilheyrir konu hans. 5 Samkvæmt þessu skulu
hjón ekki neita hvort öðru um rétt hins, nema
þau séu sammála um það stuttan tíma, til að
geta helgað sig bæninni. Síðan ættu þau að
koma saman á ný, svo að Satan freisti þeirra
ekki vegna veikleika þeirra. 6 Ég er ekki að
segja að það sé skylda að giftast, en þið megið
það vissulega ef þið óskið. 7 Sjálfur vildi ég að
allir gætu lifað ógiftir eins og ég, en við erum
ekki öll eins. Guð gefur sumum að giftast og
öðrum að geta lifað ógiftum. 8 Því segi ég við
þá sem ógiftir eru og ekkjumenn, betra væri að
vera ógiftur eins og ég er. 9 En ef þið getið ekki
haft fullt vald á sjálfum ykkur, þá skuluð þið
giftast, því að betra er að giftast en brenna af
girnd. 10 En ég hef ekki aðeins ábendingar til
þeirra sem giftir eru, heldur einnig fyrirmæli.
Og það eru ekki bara fyrirmæli frá mér, heldur
sjálfum Drottni: Eiginkona má ekki skilja við
mann sinn. 11 En hafi hún skilið við hann, þá á
hún að vera áfram ógift eða fara til hans aftur.
Eiginmaður má ekki heldur skilja við konu sína.
12 Við þetta hef ég nokkrum atriðum að bæta;
það eru að vísu ekki bein fyrirmæli Drottins, en
mér virðist þau samt eiga rétt á sér. Ef kristinn
maður á konu, sem ekki er kristin, en vill þó búa
með honum, þá má hann ekki skilja við hana
eða fara frá henni. 13 Og ef kristin kona er gift
manni, sem ekki er kristinn og hann vill að hún
búi með honum, þá má hún ekki skilja við hann.
14 Hinn trúlausi maður færist nær Guði vegna
kristinnar konu sinnar og trúlaus kona færist
nær Guði vegna kristins eiginmanns. Ef svo væri
ekki, teldust börn ykkar yfirleitt trúlaus, en nú
eru þau álitin heilög – frátekin Guði til handa.
15 En ef sá aðilinn, sem ekki er kristinn, vill
skilja, þá er það leyfilegt. Í þeim tilvikum ætti
kristinn eiginmaður eða kona ekki að standa
fast gegn skilnaði, því að Guð vill að við börnin
hans lifum í sátt og samlyndi. 16 Konur, þegar
allt kemur til alls, er engin trygging fyrir því að
menn ykkar taki trú, og sama er að segja um
konur ykkar, eiginmenn. 17 En ef þið ákveðið
þessa hluti, verið þá viss um að þið lifið eins og
Guð hefur ætlast til, gift eða ógift, í samræmi
við leiðsögn og hjálp Guðs og sættið ykkur
við þær aðstæður sem Guð hefur leitt ykkur í.
Þetta eru fyrirmæli mín í allri kirkjunni. 18 Hafi
til dæmis einhver látið umskerast samkvæmt
siðum Gyðinga, áður en hann tók kristna trú,
þá ætti hann ekki að láta það ónáða sig. Hafi
hins vegar einhver látið hjá líða að umskerast,
þá skyldi hann ekki gera það nú. 19 Það skiptir
alls engu máli hvort kristinn maður hefur fylgt
þessari siðvenju eða ekki, það sem skiptir öllu
máli er að hann þóknist Guði og haldi boðorð
hans. Það er mikilvægast. 20 Að öllu jöfnu ætti
maður að halda sig við það starf sem hann hafði
þegar Guð kallaði hann. 21 Sértu þræll, þá sættu
þig við það – en hafirðu tækifæri til að verða
frjáls þá skaltu auðvitað notfæra þér það. 22 Ef
þú ert þræll þegar Drottinn kallar þig, skaltu
muna að Kristur hefur frelsað þig frá fjötrum
syndarinnar. Hafir þú hins vegar verið frjáls
þegar Kristur kallaði þig, skaltu minnast að
nú ert þú þræll Krists. 23 Kristur hefur keypt
ykkur dýru verði, svo þið eruð hans eign – verið
því frjáls frá öllu jarðnesku stolti og ótta. 24
Sem sagt, kæru vinir, sérhver kristinn maður
ætti að vera kyrr í þeirri stöðu sem hann var í,
þegar hann tók trú, því að nú er Drottinn þar

hjá honum til hjálpar. 25 Nú vil ég svara hinni
spurningunni. Hvað um stúlkur sem enn eru
ógiftar? Ættu þær að giftast? Sem svar við þeirri
spurningu hef ég enga skipun frá Drottni. En af
miskunn sinni hefur Drottinn veitt mér að vera
trúr sínu heilaga orði og ég skal með gleði segja
ykkur álit mitt. 26 Sem stendur, horfumst við
kristnir menn í augu við mikla hættu og því tel
ég vera best að lifa ógiftur á tímum sem þessum.
27 Ef þið eruð þegar gift, þá skuluð þið auðvitað
alls ekki skilja, en sért þú ekki í hjónabandi,
skaltu ekki flana að neinu eins og nú standa
sakir. 28 Ef þið karlmenn ákveðið að ganga í
hjónaband þrátt fyrir allt, er það meinalaust og
þótt stúlka giftist á hættutímum sem þessum,
er það vissulega engin synd. En hjónaband mun
hafa í för með sér ýmis vandamál, sem ég vildi
forða ykkur frá. 29 Munið umfram allt að við
höfum nauman tíma (og tækifærum til að vinna
verk Drottins fækkar). Giftir menn ættu því að
vera eins frjálsir og unnt er til að vinna verk
Drottins. 30 Hvorki sorg, gleði né auður ættu að
hindra neinn í starfi fyrir Drottin. 31 Þeir sem
umgangast gæði þessa heims og notfæra sér þau
í ríkum mæli, ættu að umgangast þau með það
í huga að heimurinn í sinni núverandi mynd,
mun líða undir lok. 32 Verið þó áhyggjulaus
með öllu. Ókvæntur maður getur nýtt tíma sinn
til að vinna verk Drottins og reynt að þóknast
honum. 33 Kvæntur maður á ekki eins auðvelt
með það, hann verður að hugsa um jarðneska
ábyrgð sína og hvernig hann geti þóknast konu
sinni. 34 Áhugamálum hans er skipt. Sama er
að segja um stúlku sem giftist. Hún verður
að horfast í augu við sama vanda. Gift stúlka
leggur sig fram um að þóknast Drottni í öllu
sem hún er og gerir. Gift kona verður hins vegar
að taka tillit til annarra hluta, svo sem húshalds
og að þóknast manni sínum. 35 Þetta segi ég
ekki til að ráða ykkur frá hjónabandi, heldur
til að hjálpa ykkur. Ég vil að þið gerið það eitt
sem auðveldar ykkur að þjóna Drottni sem best
og að sem fæst dreifi athyglinni frá honum. 36
En finnist einhverjum að hann ætti að giftast
vegna þess að hann á í erfiðleikum með að
hemja hvatir sínar, þá er rétt að hann giftist,
slíkt væri engin synd. 37 Haldi maður það hins
vegar út að vera ógiftur, þá hefur hann tekið
skynsamlega ákvörðun. 38 Þannig gerir sá vel
sem giftist, þótt sá sem ekki giftist geri jafnvel
enn betur. 39 Kona er bundin eiginmanni sínum
svo lengi sem hann lifir, en deyi hann, má hún
giftast á ný, þó aðeins kristnum manni. 40
Hún yrði þó hamingjusamari að mínu áliti, ef
hún giftist ekki og ég tel að ég flytji ykkur ráð
heilags anda er ég segi þetta.

8 Næst er það spurning ykkar um neyslu þess
sem fórnað hefur verið skurðgoðum. Um
þetta mál finnst öllum sitt svar vera hið eina
rétta. En þótt við þykjumst hafa vit á öllu,
þá er kærleikurinn nauðsynlegur til að efla
kirkjuna. 2 Telji einhver sig vita svör við öllu,
þá sýnir hann með því fáfræði sína. 3 Sá einn,
sem elskar Guð, er opinn og móttækilegur fyrir
þekkingu frá Guði. 4 Nú, hvað um það? Ættum
við að neyta kjöts sem fórnfært hefur verið
skurðgoðum? Við vitum öll að skurðgoð er ekki
raunverulegur Guð, það er aðeins einn Guð og
enginn annar. 5 Sumir segja að til séu fjölmargir
guðir, bæði á himni og jörðu. 6 En við vitum að
Guð er aðeins einn, faðirinn, sem skapaði alla
hluti, okkur líka, og einn Drottinn Jesús Kristur,
sem allt var skapað fyrir og gefur okkur líf. 7
Samt gera sumir kristnir menn sér ekki grein
fyrir þessu. Alla sína ævi hafa þeir vanist því að
hugsa sér skurðgoð sem lifandi máttarvöld og
trúað því að kjöti, sem fórnað er skurðgoðunum,
sé raunverulega fórnað lifandi guðum. Þegar
þeir svo neyta slíks kjöts, veldur það þeim
áhyggjum og særir viðkvæma samvisku þeirra.
8 Gleymið því ekki, að Guð lætur sig engu skipta
hvort við borðum slíkt kjöt eða ekki, það gerir
okkur hvorki gott né illt. 9 En gætið þó að er þið
notið frelsi ykkar og borðið þennan mat, að þið
leiðið ekki afvega einhvern kristinn bróður, eða
systur, sem hefur viðkvæmari samvisku en þið.
10 Sjáið nú til, þetta getur gerst: Einhver sem
telur rangt að neyta fórnarkjöts, sér þig – sem
veist að það er skaðlaust borða það, þá mun
hann líkja eftir þér, þótt honum finnist það vera
rangt. 11 Með þekkingu þinni (um að neysla þess
sé skaðlaus) veldur þú viðkvæmum trúbróður
miklum andlegum skaða, manni sem Kristur dó
fyrir. 12 Það er synd gegn Kristi, að syndga gegn
trúbróður með því að hvetja hann til einhvers
sem honum finnst rangt. 13 Ef neysla kjöts,
sem fórnað hefur verið skurðgoðum, leiðir
trúbróður afvega, mun ég ekki neyta þess svo
lengi sem ég lifi, til þess að ég valdi honum ekki
slíku tjóni. (aiōn g165)

9 Ég er postuli, sendiboði Guðs, og ábyrgur
gagnvart honum einum. Ég hef séð Drottin
Jesú, konung okkar, með eigin augum og trú
ykkar á hann er árangur erfiðis míns fyrir hann.
2 Finnist öðrum ég ekki vera postuli, þá er ég
það samt í ykkar augum, því þið hafið gefist
Kristi vegna starfs míns. **3** Þetta er svar mitt til
þeirra sem efast um rétt minn. **4** Hef ég kannski
engan rétt? Get ég ekki krafist sömu réttinda
og hinir postularnir til að njóta gestrisni ykkar?
5 Ef ég ætti kristna eiginkonu, gæti ég þá ekki
tekið hana með mér í ferðir mínar alveg eins
og postularnir, bræður Drottins, og Pétur? **6**
Verðum við Barnabas einir að vinna fyrir okkur,
á meðan þið haldið hinum uppi? **7** Hvaða
hermaður verður að greiða kostnaðinn við
herþjónustuna úr eigin vasa? Hafið þið nokkru
sinni heyrt um bónda sem hirðir tún sín en er
síðan meinað að nýta heyið til eigin þarfa? Og
hvaða sjómaður er ráðinn á bát án þess að fá
hlut? **8** Hér er ég ekki aðeins að vitna í skoðanir
manna um hvað sé rétt, heldur í lög Guðs, því
þau segja þetta sama. **9** Í lögunum, sem Guð birti
Móse, segir hann að ekki megi múlbinda uxa
sem þreskir korn og meina honum þannig að
eta af korninu. Haldið þið að Guð hafi eingöngu
verið að hugsa um uxana er hann sagði þetta?
10 Var hann ekki líka með okkur í huga er
hann gaf þessi fyrirmæli? Vitaskuld! Hann sagði
þetta til þess að sýna að þeir sem vinna, skuli
fá borgað fyrir störf sín. Þeir sem plægja og
þreskja, ættu að fá hluta uppskerunnar. **11** Við
höfum sáð andlegu sæði í sálir ykkar. Er þá of
mikið að fara fram á fæði og klæði að launum?
12 Þetta veitið þið öðrum sem predika yfir ykkur,
enda ber ykkur að gera slíkt, en ættum við
ekki að hafa jafnvel meiri rétt en þeir? Samt
höfum við aldrei krafist þess, heldur sjáum við
fyrir þörfum okkar án hjálpar ykkar. Við höfum
aldrei krafist launa, af ótta við að ef við gerðum
það þá hefðuð þið minni áhuga á boðskap okkar
um Krist. **13** Vitið þið ekki að Guð lagði svo
fyrir að þeir sem vinna við musterið, skuli njóta
hluta þeirra gjafa sem berast til musterisins?
Og þeir sem starfa við fórnaraltarið fá hluta
þess matar sem fórnað er Guði? **14** Á sama hátt
hefur Drottinn gefið fyrirmæli um að þeir sem
flytja gleðiboðskapinn, skuli hljóta lífsviðurværi
sitt frá þeim sem við honum taka. **15** Samt
hef ég aldrei beðið ykkur um eina einustu
krónu, hvað þá meira. Þetta skrifa ég ekki til
að gefa í skyn að ég hafi slíkt í hyggju. Satt
að segja vildi ég frekar deyja úr hungri en að
verða af þeirri ánægju, sem ég fæ við að flytja
ykkur gleðiboðskapinn án endurgjalds. **16** Það
eitt að flytja gleðiboðskapinn er mér ekkert
hrósunarefni. Ég gæti ekki hætt þótt ég vildi.
Þá yrði ég ófær til alls. Ég væri búinn að vera
ef ég hætti að boða Guðs orð. **17** Ef ég væri í
sjálfboðavinnu af eigin frumkvæði og vilja þá
mundi Guð launa mér ríkulega, en þannig er
því ekki farið. Því að Guð hefur kallað mig til
þessa verks, falið mér þetta trúnaðarstarf, og
ég á hreint ekkert val. **18** Fyrst svo er, hvað
hlýt ég þá að launum? Jú, þá gleði og fögnuð
sem fylgir því að flytja boðskapinn öðrum að
kostnaðarlausu og án þess að krefjast þess sem
mér ber. **19** Það hefur einnig þann mikla kost
að ég er engum háður vegna launanna, þó hef
ég af fúsum og frjálsum vilja gerst allra þjónn,
svo ég geti unnið þá fyrir Krist. **20** Þegar ég er
með Gyðingum er ég sem einn þeirra, svo þeir
vilji hlusta á boðskapinn og ég geti leitt þá til
Krists. Þegar ég er meðal þeirra sem ekki eru
Gyðingar, en fylgja þó siðum þeirra og venju, þá
deili ég ekki við þá, jafnvel þótt ég sé þeim ekki
sammála, því ég vil geta hjálpað þeim. **21** Þegar
ég er meðal heiðingja er ég þeim sammála að
svo miklu leyti sem ég get, þó auðvitað verð ég
sem kristinn maður að gera alltaf það sem rétt
er. Þannig vinn ég traust þeirra og þá get ég
líka hjálpað þeim. **22** Þegar ég er með þeim sem
viðkvæmir eru og óstyrkir, þá læt ég ógert að
finna að við þá, til þess að ég geti orðið þeim
til góðs. Hvernig sem maðurinn er þá reyni ég
alltaf að vera honum sammála að einhverju
leyti, til að ég geti nálgast hann, sagt honum frá
Kristi og Kristur frelsi hann. **23** Þetta geri ég til
þess að ég geti komið gleðiboðskapnum að og
einnig vegna þeirra blessunar er ég sjálfur hlýt
við að sjá fólk koma til Krists. **24** Í kapphlaupi
hlaupa allir en aðeins einn fær gullið. Hlaupið
þannig að þið getið sigrað! **25** Til að vinna
keppni verður þú að neita þér um ýmislegt,
sem hindrað gæti árangur þinn. Íþróttamaður
leggur hart að sér, til þess eins að vinna fánýtan
verðlaunagrip, en við til að vinna himnesk
laun, sem vara að eilífu. **26** Ég stefni því beint á
markið og hvert skref færir mig nær sigrinum
– ég keppi til sigurs! Ég er ekki að þessu til
að leika mér eða eyða tímanum. **27** Ég leik
sjálfan mig hart eins og íþróttamaður. Ég aga

mig og þjálfa til þess að ég, sem hef lagt öðrum
lífsreglurnar, verði ekki sjálfur dæmdur úr leik!
10 Gleymum aldrei, vinir mínir, því sem kom
fyrir þjóð okkar í eyðimörkinni forðum.
Guð vísaði þeim veginn með skýi sem fór á
undan þeim, og leiddi þá heilu og höldnu yfir
Rauðahafið. **2** Þetta mætti kalla skírn þeirra til
fylgdar við Móse – því þeir voru skírðir bæði í
hafinu og skýinu. **3** Og á yfirnáttúrlegan hátt
sendi Guð þeim fæðu að eta og vatn að drekka
þarna í miðri eyðimörkinni – þeir drukku vatnið
sem Kristur gaf þeim. Hann var þar hjá þeim
eins og klettur og veitti andlega svölun og
endurnæringu. **5** En þrátt fyrir allt þetta, þá
óhlýðnuðust flestir þeirra Guði og hann lét þá
falla í eyðimörkinni. **6** Af þessu sjáum við að
við eigum ekki að girnast það sem illt er, eins
og þeir gerðu, **7** né tilbiðja hjáguði, eins og þeir.
Biblían segir: Fólkið settist niður til að eta og
drekka og stóð upp til að dansa – kring um
gullkálfinn. **8** Önnur aðvörun felst í því sem
gerðist þegar sumir þeirra drýgðu hór. Afleiðing
þess var að 23.000 þeirra dóu á einum degi! **9**
Misbjóðið ekki heldur þolinmæði Drottins, það
gerðu þeir og dóu því af höggormsbitum. **10**
Kvartið ekki gegn Guði og verkum hans, eins
og þeir gerðu, munið að Guð sendi engil sinn
til að eyða þeim. **11** Allt þetta henti þá, okkur
til viðvörunar. Þessir atburðir voru færðir í
letur til þess að við gætum lesið um þá og lært
af þeim nú er endalok heimsins nálgast. **(aiōn
g165)** **12** Gætið því að ykkur. Hugsið ekki sem
svo: Þannig mundi ég aldrei hegða mér, þetta
kemur aldrei fyrir mig! Látið þetta ykkur að
kenningu verða, því þið gætuð líka gert rangt.
13 En munið þetta: Þær girndir sem þið þurfið
að takast á við í lífi ykkar, eru ekkert nýtt eða
einstakt. Margir hafa áður orðið að kljást við
sömu vandamál og þið. En engin freisting er
óyfirstíganleg. Þið getið treyst því að Guð muni
ekki leyfa freistingunni að sigra ykkur. Þessu
hefur hann lofað og hann stendur við orð sín.
Hann mun sýna ykkur leið til að komast undan
freistingunni, til þess að þið getið staðist hana
ef þið viljið. **14** Gætið þess, vinir mínir umfram
allt, að forðast hvers konar hjáguðadýrkun. **15**
Þið eruð skynsemdarfólk. Dæmið því um það
sem ég ætla nú að segja: **16** Þegar við biðjum um
blessun Guðs yfir bikarinn, sem við drekkum
af við heilaga kvöldmáltíð, þýðir það þá ekki
að allir, sem drekka af honum, njóti saman
blessunar af blóði Krists? Og þegar við brjótum
brauðið og neytum þess saman, þá sýnir það að
við njótum öll sameiginlega gjafa líkama hans.
17 Ekki skiptir máli hve mörg við erum, við
neytum öll af sama brauði og sýnum þar með að
við erum öll limir á líkama Krists. **18** Eins er með
Gyðingana, allir sem borða fórnarkjötið eru
sameinaðir, bæði innbyrðis og í Guði, í þeirri
athöfn. **19** Hvað er ég að reyna að segja? Er ég
að segja að skurðgoðin, sem heiðingjarnir færa
fórnir, séu lifandi og raunverulegir guðir og að
kjöt, þeim fórnað, verði fyrir illum áhrifum?
Nei, alls ekki. **20** Ég á við að þeir, sem fórna
til þessara skurðgoða, eru sameinaðir í því að
fórna til illra anda en alls ekki Guðs og ég vil
ekki að neitt ykkar eigi samfélag við illa anda.
21 Þið getið ekki drukkið af bikar Drottins og
einnig af bikar Satans. Þið getið ekki meðtekið
brauð við máltíð Drottins og einnig við borð
illra anda. **22** Eigum við að reita Drottin til
reiði? Erum við öflugri en hann? **23** Auðvitað
megið þið borða mat sem fórnað hefur verið
skurðgoðum, ef þið viljið. Neysla slíks kjöt er
ekki brot á lögum Guðs, en það þýðir þó ekki að
þið eigið að gera það. Það getur verið leyfilegt
en kann þó að vera óráðlegt. **24** Hugsið ekki
aðeins um ykkur sjálf. Reynið líka að hugsa
um meðbróður ykkar og systur og hvað þeim
sé fyrir bestu. **25** Farið þannig að: Kaupið það
kjöt sem selt er á torginu. Spyrjið ekki hvort
það sé fórnarkjöt. **26** Jörðin og öll hennar gæði
tilheyra Guði og eru ykkur til gagns og gleði.
27 Ef einhver, sem ekki er kristinn, býður þér í
kvöldmat, þá skaltu hiklaust þiggja boðið ef þú
vilt. Borðaðu allt sem fyrir þig er sett og spurðu
einskis. Þá veistu ekki hvort maturinn hefur
verið notaður til fórna eða ekki, og átt því ekki
á hættu að fá samviskubit. **28** En ef einhver
aðvarar þig og segir að þetta sé fórnarkjöt,
skaltu ekki borða það, af tillitssemi við þann
sem varaði þig við og samvisku hans. **29** Í þessu
tilviki er það hans afstaða sem máli skiptir en
ekki þín. Nú finnst þér ef til vill undarlegt hvers
vegna þér ber að láta skoðanir annarra hafa
áhrif á og stjórna gerðum þínum. **30** Geti ég
þakkað Guði fyrir matinn og notið hans, hvers
vegna á ég þá að láta einhvern annan eyðileggja
allt, bara af því að honum finnst ég hafa rangt
fyrir mér? **31** Jú, sjáið til. Það er vegna þess að
allt sem þið gerið á að vera Drottni til dýrðar,

jafnvel matur ykkar og drykkur. 32 Verið því
ekki öðrum til hneykslunar, hvort sem það eru
Gyðingar, heiðingjar eða trúbræður. 33 Þannig
fer ég að: Ég reyni að þóknast öllum í öllu sem
ég geri, og hugsa þá ekki aðeins um það sem
mér fellur best eða gagnast mest, heldur um
það sem getur orðið þeim fyrir bestu, svo að
þeim verði bjargað – þeir frelsist.

11 Fylgið því fordæmi mínu eins og ég fylgi
fordæmi Jesú Krists. 2 Það gleður mig
mjög, kæru vinir, að þið hafið munað og iðkað
allt sem ég kenndi ykkur. 3 En ég vil að þið
vitið að eiginkona ber ábyrgð gagnvart manni
sínum, eiginmaðurinn er ábyrgur gagnvart
Kristi, og Kristur gagnvart Guði. 4 Ef karlmaður
ber höfuðfat, meðan hann biður eða predikar,
vanvirðir hann því Krist. 5 Af sömu ástæðu
mun sú kona, er biður opinberlega eða spáir,
það er, flytur boðskap frá Guði, án þess að
hafa á höfðinu, vanvirða eiginmann sinn, því
að höfuðbúnaður hennar er tákn undirgefni
hennar. 6 Ef hún neitar að hafa á höfðinu, gæti
hún eins vel rakað af sér hárið. Og fyrst það
er niðurlægjandi fyrir konu að vera sköllótt,
þá ætti hún að hylja höfuð sitt. 7 Karlmaður
ætti hins vegar ekkert að hafa á höfðinu er
hann biðst fyrir, því að hlutverk hans sem
yfirvalds er að vera ímynd vegsemdar Guðs.
Konan er hins vegar vegsemd mannsins. 8 Fyrsti
karlmaðurinn kom ekki af konu, heldur kom
konan af karlinum. 9 Adam – karlmaðurinn –
var ekki skapaður vegna Evu, heldur Eva handa
Adam. 10 Konan ætti því að bera höfuðbúnað,
sem tákn þess að hún lýtur yfirráðum manns sín
á sama hátt og englarnir lúta vilja og valdi Guðs.
11 En minnist þess að samkvæmt vilja Drottins,
þarfnast maður og kona hvers annars, 12 því að
þótt fyrsta konan hafi komið frá manninum, eru
allir karlmenn síðan fæddir af konum og bæði
konur og karlmenn koma frá Guði, skaparanum.
13 Hvað finnst ykkur sjálfum? Er rétt að kona
biðjist opinberlega fyrir berhöfðuð? 14 Höfum
við það ekki á tilfinningunni að höfuð kvenna
eigi að vera hulin? Konur eru nefnilega stoltar
af síðu hári sínu en síðhærður karlmaður er
langt frá því að vera karlmannlegur. 16 En
vilji einhver gera þetta að deilumáli, þá vil ég
segja eitt, að við höfum ekki þann sið, né kirkja
Guðs yfirleitt, að setja þess konar mál á oddinn.
17 Næst vil ég taka fyrir annað atriði sem ég
felli mig ekki við hjá ykkur. Það virðist vera
frekar til tjóns en gagns er þið komið saman
til heilagrar kvöldmáltíðar. 18 Mér er sagt að
við slíkar guðsþjónustur séu flokkadrættir og
deilur á meðal ykkar og því trúi ég vel. 19 Ég
geri ráð fyrir að ykkur finnist slíkt nauðsynlegt,
svo að þið, sem alltaf hafið rétt fyrir ykkur, fáið
athygli annarra og viðurkenningu. 20 Þegar
þið hegðið ykkur á þennan hátt, þá er það
ekki kvöldmáltíð Drottins sem þið neytið, 21
heldur ykkar eigin máltíð. Mér hefur nefnilega
verið sagt að hver og einn hrifsi til sín það
sem hann getur, án þess að bíða eftir hinum.
Þannig fær einn ekki nóg meðan annar fær
of mikið. 22 Er þetta ekki satt? Getið þið ekki
borðað og drukkið að vild heima hjá ykkur,
til að forðast það að vanvirða söfnuðinn og
valda þeim blygðun sem fátækir eru og ekkert
geta tekið með sér að heiman? Hvað á ég að
segja við þessu? Á ég að hrósa ykkur? Nei, það
get ég ekki. 23 Drottinn sjálfur sagði þetta um
heilaga kvöldmáltíð, og ég hef reyndar sagt
ykkur það áður: Á þeirri nótt, sem hann var
svikinn, tók hann brauð, 24 og er hann hafði
þakkað Guði, braut hann það og gaf lærisveinum
sínum og sagði: „Takið og etið. Þetta er líkami
minn sem fyrir ykkur er gefinn. Gerið þetta í
mína minningu.“ 25 Á sama hátt tók hann eftir
kvöldverðinn bikarinn með víninu og sagði:
„Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli milli Guðs og
ykkar, sem gerður hefur verið og staðfestur
með dauða mínum – blóði mínu. Gerið þetta
ætíð er þið drekkið í mína minningu.“ 26 Því að
hvert sinn sem þið etið þetta brauð og drekkið
af þessum bikar, þá boðið þið dauða Drottins
og allt það sem hann hefur gert, allt til þess er
hann kemur aftur. 27 Hver sem borðar því þetta
brauð og drekkur af þessum bikar á óverðugan
hátt, verður sekur um synd gegn líkama og
blóði Drottins. 28 Þess vegna ætti sérhver að
skoða hug sinn rækilega, sem hyggst neyta
brauðsins og drekka af bikarnum. 29 Hver sá
sem etur brauðið og drekkur af bikarnum án
þess að minnast líkama Krists og hvað hann
merkir, hann etur og drekkur dóm Guðs yfir
sig, því að hann óvirðir dauða Krists. 30 Þetta er
ástæða þess hve margir eru veikir og lasburða
á meðal ykkar og að margir hafa dáið. 31 Ef
þið hins vegar gætið vel að sjálfum ykkur áður
en þið neytið kvöldmáltíðarinnar, þá er ekki
þörf á að ykkur sé refsað. 32 Þó er það svo að

þegar Drottinn dæmir okkur, þá er hann að
aga okkur til þess að við verðum ekki fordæmd
ásamt heiminum. 33 Þess vegna skuluð þið bíða
hvert eftir öðru, kæru vinir, þegar þið komið
saman til kvöldmáltíðar Drottins. 34 Sé einhver
sársvangur, þá borði hann heima hjá sér, svo
hann leiði ekki yfir sig refsingu er þið komið
saman. Önnur mál mun ég ræða nánar þegar ég
kem til ykkar.

12 Vinir, nú langar mig að minnast á þá
sérstöku hæfileika – náðargjafir – sem
heilagur andi gefur hverju og einu ykkar, því
að ég vil ekki að neinn misskilningur sé um
þau efni. 2 Þið munið að áður en þið urðuð
kristin, eltust þið við hvern hjáguðinn á fætur
öðrum og enginn þeirra gat sagt eitt einasta
orð. 3 Nú kynnist þið hins vegar fólki sem
telur sig flytja boð frá anda Guðs. Hvernig getið
þið þekkt hvort boðin eru frá heilögum anda
eða fölsuð? Það getið þið á þessu: Enginn, sem
bölvar Jesú eða lítilsvirðir hann, getur talað
af innblæstri heilags anda og enginn getur
sagt: „Jesús er konungurinn, hann er Drottinn,
“og meint það, án hjálpar heilags anda. 4 Guð
gefur okkur margvíslegar náðargjafir og þær
eru allar komnar frá einum og sama andanum
– heilögum anda. 5 Hægt er að þjóna Guði á
marga vegu. 6 Guð starfar á ýmsan hátt í lífi
okkar, en samt er það hinn eini sanni Guð,
sem vinnur verkið. 7 Heilagur andi opinberar
kraft Guðs í hverjum og einum, með þeim hætti
sem helst verður kirkju hans til eflingar. 8
Einum gefur andi Guðs hæfileika til að veita
góð ráð – tala vísdómsorð. Öðrum er gefið
að geta talað af þekkingu og það kemur frá
sama anda. 9 Öðrum gefur hann mikla trú og
enn öðrum kraft til að lækna sjúka. 10 Sumum
gefur hann hæfileika til að gera kraftaverk,
öðrum að geta spáð og predikað af innblæstri.
Aðrir fá hæfileika til að skynja hvort illir andar
tali í gegnum þá um það sem þeir ekki vita.
Enn aðrir geta talað tungumál, sem þeir hafa
aldrei lært – talað tungum – og öðrum sem
ekki kunna viðkomandi tungumál, er gefið að
skilja hvað hinn segir. 11 Hinn sami heilagi
andi gefur allar þessar gjafir og hann ákveður
hvað hver og einn okkar skuli hljóta. 12 Margir
líkamshlutar mynda saman einn líkama. Þannig
er einnig með líkama Krists – kirkjuna. 13 Hvert
og eitt okkar er hluti af líkama Krists. Sumir eru
Gyðingar, aðrir Grikkir, sumir eru þrælar, aðrir
frjálsir, en heilagur andi hefur í skírninni tengt
okkur öll saman í líkama Krists og öll höfum
við fengið hlutdeild í sama heilaga anda. 14
Líkaminn hefur marga líkamshluta, ekki aðeins
einn. 15 Ef fóturinn segði: „Ég er ekki hönd, og
mig varðar því ekkert um líkamann“þá yrði
hann samt ekki líkamanum óviðkomandi. 16
Og hvað fyndist þér ef þú heyrðir eyrað segja:
„Ég tilheyri ekki þessum líkama, því að ég er
aðeins eyra en ekki auga!“Væri það þá laust
við líkamann? 17 Ef líkaminn væri allur eitt
auga, hvernig gæti hann þá heyrt? Eða væri
hann aðeins eitt stórt eyra, gæti hann þá fundið
lykt? 18 Nei, þannig skapaði Guð okkur ekki.
Hann skapaði okkur með marga líkamshluta
og hver hluti er á réttum stað. 19 Það væri
furðulegur líkami, sem væri aðeins einn limur!
20 Guð gerði því marga líkamshluta – marga
limi – sem saman mynda einn líkama. 21 Augað
getur aldrei sagt við höndina: „Ég þarf ekkert á
þér að halda!“Og höfuðið getur ekki sagt við
fótinn: „Ég hef enga þörf fyrir þig!“ 22 Sumir
þeir líkamshlutar sem virðast veikbyggðastir,
eru jafnvel nauðsynlegastir. 23 Já, við erum
ánægð yfir að hafa vissa hluta sem skrýtnir eru.
Og þá sem við viljum ekki að aðrir sjái og sem
við blygðumst okkar fyrir, hyljum við vandlega,
24 meðan þeir líkamshlutar, sem allir mega sjá,
krefjast ekki slíkrar umhyggju. Guð kom því
þannig fyrir að meiri umhyggja og virðing er
sýnd þeim sem gætu virst minni háttar. 25 Þetta
hefur það í för með sér að allir líkamshlutarnir
eru ánægðir og bera sömu umhyggju hver fyrir
öðrum og þeir bera fyrir sjálfum sér. 26 Ef
einn limur þjáist, finna allir til með honum
og veitist einhverjum sæmd, samgleðjast allir
hinir. 27 Jæja, ég er að reyna að segja þetta: Þið
eruð öll sameiginlega líkami Krists og hver um
sig sérstakur og nauðsynlegur hluti hans. 28 Í
kirkju sinni, sem er líkami hans, hefur hann í
fyrsta lagi postula, í öðru lagi spámenn – þá
sem af innblæstri heilags anda flytja boðskap
frá Guði – og í þriðja lagi kennara. Sumir gera
kraftaverk, aðrir hafa hæfileika til að lækna,
enn aðrir helga sig líknarstörfum. Sumir hafa
skipulagsgáfu, – eiga gott með að láta menn
vinna saman, – og tala tungum – tala tungumál
sem þeir hafa ekki lært. 29 Eru allir postular?
Auðvitað ekki! Eru allir postular og spámenn?
Nei. Eru allir kennarar? Gera allir kraftaverk?

30 Fást allir við lækningar? Vitaskuld ekki! Tala
allir tungum? Útlista allir tungutal? 31 Nei, en
keppist öll eftir því að eignast þá af þessum
hæfileikum sem mikilvægastir eru. Leyfið mér
nú að segja ykkur frá öðru sem er betra en allir
þessir hæfileikar.

13 Þótt ég hefði hæfileika til að tala tungum
og talaði öll tungumál, bæði jarðnesk og
himnesk, en elskaði ekki aðra, þá væri það
ómerkilegt glamur – tilgangslaus orðaflaumur.
2 Ef ég hefði spádómsgáfu og vissi allt um
framtíðina, vissi bókstaflega allt um allt, en
hefði ekki kærleika, hvaða gagn væri þá í því?
Og jafnvel þó að ég hefði svo mikla trú að ég
gæti skipað fjöllum að færast úr stað, þá væri
ég einskis virði án kærleika. Ef ég elskaði ekki
meðbræður mína, þá væri ég engu bættari.
3 Þótt ég gæfi fátækum aleiguna eða yrði
brenndur á báli fyrir trúna á Jesú, en hefði ekki
kærleika, væri ég ekkert betri. 4 Kærleikurinn
er þolinmóður og góðviljaður. Hann er hvorki
öfundsjúkur, montinn né hrokafullur. 5 Hann
er aldrei yfirlætislegur, eigingjarn eða ókurteis.
Hann krefst ekki réttar síns, reiðist ekki og er
ekki langrækinn né smámunasamur. 6 Hann
gleðst aldrei yfir ranglæti, heldur fagnar þegar
sannleikurinn nær fram að ganga. 7 Sá sem
hlýðir rödd kærleikans, breiðir yfir mistök
annarra, treystir orðum þeirra, umber þá og
væntir góðs frá þeim. 8 Kærleikurinn mun
aldrei falla úr gildi, en hæfileikinn til að spá og
tala tungum, og þekkingargáfa, allt mun þetta
líða undir lok. 9 Þekking okkar nær skammt, og
spádómar okkar líka, 10 en þegar við verðum
orðin fullkomin í eilífðinni, þá þurfum við ekki
lengur á þessum sérstöku hæfileikum að halda,
og þá munu þeir hverfa. 11 Þegar ég var barn,
þá talaði ég, hugsaði og ályktaði eins og barn,
en þegar ég varð fullorðinn þá óx ég frá því
öllu og lagði niður barnaskapinn. 12 Á sama
hátt skiljum við Guð aðeins á takmarkaðan
hátt, enn sem komið er, rétt eins og við sæjum
spegilmynd hans í lélegum spegli. En sú stund
mun koma að við fáum að sjá hann augliti til
auglitis, eins og hann er. Nú er þekking mín
og skilningur í molum, en þá mun ég sjá allt
skýrt og greinilega, á sama hátt og Guð sér mig
nú og allar mínar hugsanir og þrár. 13 Það sem
nú skiptir máli er þetta þrennt: Trúin, vonin
og kærleikurinn, og þeirra er kærleikurinn
mestur.

14 Keppið eftir kærleikanum og sækist eftir
gjöfum og hæfileikum heilags anda, sér í
lagi spádómsgjöfinni, en hún gerir okkur kleift
að flytja öðrum boðskap og skilaboð frá Guði. 2
Hafir þú hlotið þá náðargjöf að tala tungum –
tala orð sem heilagur andi leggur þér í munn
– þá talar þú við Guð en ekki menn, því þeir
munu ekkert skilja. Þú talar í krafti andans, en
það er öðrum óskiljanlegt og leyndardómsfullt.
3 En sá sem spáir – það er flytur boðskap frá
Drottni – hjálpar öðrum að vaxa í trúnni á
Guð, hann uppörvar þá og huggar. 4 Sá sem
talar tungum, hjálpar sjálfum sér til andlegs
þroska, en sá sem flytur orð Guðs, spáir, hjálpar
öllum söfnuðinum til að vaxa að helgun og gleði
trúarinnar. 5 Ég vildi óska að þið gætuð öll talað
tungum, þó vildi ég enn frekar að þið gætuð
spáð, því að það er meiri og gagnlegri hæfileiki
en að tala tungum – nema ef þið getið túlkað
það fyrir öðrum, til að söfnuðurinn hafi gagn og
fræðslu af. 6 Kæru vinir, ef ég kæmi til ykkar og
talaði tungumál sem þið skilduð ekki – hvaða
gagn væri ykkur að því? Það sem kemur ykkur
að raunverulegu gagni er að ég greini ykkur
skilmerkilega frá því sem Guð hefur opinberað
mér. Segi ykkur frá því sem ég þekki og líka
því sem á eftir að gerast, hlutum sem verða
ykkur til leiðbeiningar í trúnni. 7 Ég ætla að
taka dæmi: Ef dauðir hlutir eins og flauta eða
harpa gefa frá sér óskýran eða falskan tón, hver
þekkir þá lagið sem leikið er? 8 Sama er að segja
um herlúðurinn. Sé blásið rangt í hann, þá vita
hermennirnir ekki hvort verið sé að kalla þá til
orustu. 9 Eins er ef þú talar við mann á máli sem
hann skilur ekki, hann veit ekki hvað þú ert að
segja. Þú gætir þá alveg eins talað út í bláinn!
10 Öll tungumál sem menn tala í heiminum
eru gagnleg þeim sem þau skilja, 11 en þeim
sem ekki skilur, eru þau algjörlega marklaus.
Sá sem talaði við mig á slíku máli, væri jafn
ókunnugur eftir sem áður. 12 Fyrst þið sækist
eftir gjöfum heilags anda, biðjið hann þá um þá
mikilvægustu – þá sem getur orðið kirkjunni
í heild að sem mestu gagni. 13 Sá sem hefur
hæfileika til að tala tungum, ætti líka að biðja
um hæfileika til að túlka það sem hann hefur
sagt, til þess að hann geti útskýrt það fyrir
fólki, vel og greinilega. 14 Ef ég bið í tungum,

þá biður andi minn, en sjálfur skil ég ekki hvað
ég segi. 15 Hvað á ég þá að gera? Hvort tveggja.
Ég vil biðja í tungum og líka á venjulegu máli,
sem allir skilja. Ég vil syngja í tungum, en líka á
venjulegu máli, svo ég geti skilið lofgjörð þá sem
ég flyt. 16 Því ef þú aðeins lofar og þakkar Guði í
andanum og talar tungum, hvernig geta þá þeir,
sem ekki skilja þig, tekið þátt í lofgjörðinni?
Hvernig geta þeir tekið undir þakkargjörð þína
ef þeir vita ekki hvað þú ert að segja? 17 Þú
myndir vissulega þakka afar fallega, en þeir
sem heyra njóta þess ekki. 18 Ég er þakklátur
Guði fyrir að í einrúmi tala ég tungum meira en
þið öll. 19 Í guðsþjónustu vil ég þó frekar segja
fimm orð sem allir skilja og verða til gagns,
en tíu þúsund á óskiljanlegu máli. 20 Kæru
vinir, verið ekki barnaleg í skilningi ykkar á
þessum hlutum. Verið sem saklaus börn þegar
ráðið er illráðum, en fullþroska að dómgreind í
þessum málum. 21 Í Biblíunni er sagt að Guð
muni senda þjóð sinni útlenda menn, sem tala
óskiljanleg mál, en samt muni þjóð hans ekki
hlusta. 22 Af þessu sjáið þið að tungutalið er
tákn þeim sem ekki trúa – þeir skilja ekki það
sem Guðs er. Spádómsgáfan er hins vegar það
sem kristnir menn þurfa sérstaklega á að halda.
Hún er þeirra tákn. Hún opinberar þeim vilja
Guðs. 23 Segjum að einhver, sem ekki trúir eða
þekkir þessa hæfileika sem Guðs andi gefur,
kæmi til guðsþjónustu og heyrði ykkur öll tala
tungum, þá myndi hann líklega halda að þið
væruð gengin af vitinu! 24 En ef allir flyttu
opinberun frá Guði – spádómsorð og einhver
sem ekki trúir eða fáfróður kæmi þangað inn,
þá mundi boðskapurinn sannfæra hann um
synd hans og vekja samvisku hans. 25 Hann
mundi finna augu Guðs rannsaka hjarta sitt,
falla á kné og vegsama Guð og segja, að Guð
væri sannarlega á meðal ykkar. 26 Jæja, vinir
mínir, við skulum þá draga saman þetta sem ég
hef verið að segja. Þegar þið komið saman þá
mun einhver syngja, annar kenna, einhver segja
frá hlutum sem Guð hefur opinberað honum,
annar mun tala tungum og einn annar túlka
tungutalið. Munið að allt sem þið gerið verður
að vera til uppbyggingar í trúnni. 27 Ekki ættu
fleiri en tveir eða þrír að tala tungum, og þá
aðeins einn í einu, og einhver verður að vera
þar til að túlka. 28 Sé enginn viðstaddur sem
getur túlkað tungutalið, mega þeir sem tala
tungum ekki gera það upphátt, heldur skulu
þeir þá aðeins tala lágt við sjálfa sig og Guð.
29 Tveir eða þrír mega spá á samkomunni, og
þá einn í einu en allir aðrir hlusti. Sé einn að
spá og einhver annar fær boðskap á meðan, eða
sérstaka innsýn í eitthvað frá Guði, þá má hann
ekki grípa fram í, heldur skal hann leyfa þeim
sem er að tala að ljúka máli sínu. 31 Þannig
geta allir, sem hafa fengið spádóm, talað og
þá hver á eftir öðrum og allir munu læra af
og hljóta uppörvun og hjálp. 32 Munið að sá
sem fær boðskap frá Guði, hefur líka mátt til
að halda aftur af sér uns röðin er komin að
honum. 33 Guð vill ekki skipulagsleysi í söfnuði
ykkar, heldur að þar ríki friður og regla. Þannig
er það líka í öllum kristnum söfnuðum. 34
Konur skulu ekki tala í guðsþjónustunum. Það
er regla alls staðar. Þær skulu vera mönnum
sínum undirgefnar eins og Biblían kennir. 35
En þurfi þær að spyrja um eitthvað sem fram
fer í guðsþjónustunni, þá spyrji þær eiginmenn
sína heima, því það er ekki viðeigandi að konur
tali í guðsþjónustu. 36 Eruð þið ósammála?
Haldið þið kannski að orð Guðs komi frá ykkur,
Korintumenn, eða sé ykkur einum ætlað? 37
Þið sem teljið ykkur geta spáð eða hafa aðra
sérstaka hæfileika frá heilögum anda, ættuð
manna fyrstir að gera ykkur grein fyrir því
að það sem ég segi, eru fyrirmæli frá Drottni
sjálfum. 38 Ef einhver er enn ósammála, þá
hann um það. 39 Vinir mínir, sækist því eftir
spádómsgáfunni til þess að þið getið boðað
orð Guðs hreint og ómengað, og ekkert fari
milli mála. Komið ekki í veg fyrir að talað sé í
tungum og 40 gætið þess að allt fari skipulega
og sómasamlega fram.

15 Kæru vinir, nú vil ég minna ykkur á
kjarna fagnaðarerindisins. Hann hefur ekki
breyst – það er sami góði boðskapurinn sem
ég flutti ykkur forðum. Þið tókuð við honum
með fögnuði og gerið enn, því að trú ykkar er
grundvölluð á þessum dásamlega boðskap. 2
Hann mun verða ykkur til hjálpræðis ef þið
haldið fast í trúna, annars ekki til neins. 3
Ég sagði ykkur þegar frá byrjun, eins og mér
hafði verið kennt, að Kristur dó vegna synda
okkar – alveg eins og Biblían hafði sagt fyrir.
4 Hann var grafinn og reis á þriðja degi frá
dauðum, eins og spámennirnir höfðu talað
um. 5 Eftir það birtist hann Pétri og því næst
hinum postulunum. 6 Síðan sáu hann meira

en fimm hundruð trúbræður okkar í einu og
eru flestir þeirra á lífi enn í dag. 7 Þá birtist
hann líka Jakobi og loks postulunum öllum. 8
Síðast allra birtist hann svo mér, löngu síðar
– eins og ég hefði fæðst of seint – 9 því að ég
er sístur allra postulanna og reyndar ætti ég
alls ekki að kallast postuli, því að ég ofsótti
söfnuðinn – kirkju Guðs. 10 En það sem ég
er nú, er allt því að þakka að Guð veitti mér
óverðskuldaða miskunn og náð. Það varð ekki
heldur til einskis, því ég hef lagt harðar að
mér en nokkur hinna postulanna. Slíkt er þó
ekki mér að þakka heldur hefur Guð komið því
til leiðar. 11 Það skiptir ekki máli hver hefur
unnið mest, ég eða þeir, mikilvægast er að við
fluttum ykkur gleðiboðskapinn og að þið trúðuð
honum. 12 En bíðið nú við! Hvernig stendur á
því að sum ykkar segja að hinir dauðu muni
ekki lifna á ný, fyrst þið trúið boðskap okkar
um að Kristur sé upprisinn frá dauðum? 13 Ef
ekki er til upprisa dauðra, þá hlýtur Kristur að
liggja dáinn í gröf sinni. 14 Og sé hann ekki
upprisinn, þá höfum við predikað til ónýtis og
þá er trú ykkar og traust á Guði einskis virði, og
allt vonlaust! 15 Þá erum við postularnir allir
lygarar, því að við höfum staðhæft að Guð hafi
reist Krist úr gröfinni – það er þá auðvitað ósatt
ef dauðir geta ekki risið upp. 16 Ef þeir geta það
ekki, þá er Kristur ekki heldur upprisinn. 17
Þá er líka trú ykkar, að Guð geti hjálpað ykkur
og frelsað, tóm vitleysa og þið þar með enn
ofurseld bölvun syndarinnar. 18 Þá eru þeir allir
glataðir, sem dáið hafa í trú á upprisu Krists,
19 og við sem nú trúum vonlaus og aumust
allra manna. 20 Nei og aftur nei! Kristur er svo
sannarlega upprisinn! Hann er hinn fyrsti allra
þeirra sem eiga eftir að rísa upp frá dauðum. 21
Dauðinn kom inn í þennan heim vegna syndar
eins manns Adams, en fyrir tilverknað Krists
er nú til upprisa dauðra. 22 A sama hátt og
allir deyja vegna þess að þeir eru afkomendur
Adams, svo munu og allir þeir sem tilheyra
Kristi, rísa upp frá dauðum. 23 Þó hver í réttri
röð: Kristur fyrst, og síðan – er Kristur kemur
aftur – munu allir sem honum tilheyra rísa
upp til lífsins á ný. 24 Þegar hann hefur lagt að
velli alla óvini sína, koma endalokin og hann
afhendir Guði föður konungsvald sitt. 25 Kristur
mun verða konungur uns hann hefur sigrað
alla óvini sína, 26 þar á meðal síðasta óvininn,
dauðann. 27 Guð gefur Kristi allt vald á himni
og jörðu, en Kristur ríkir þó auðvitað ekki yfir
Guði föður, sem gaf honum þetta vald og ráð.
28 Þegar Kristur hefur loks unnið sigur á öllum
óvinum sínum, mun hann, sonur Guðs, fela allt
undir vald föðurins, svo að Guð, sem hefur gefið
honum sigur yfir öllu, mun verða allsráðandi og
æðstur. 29 Til hvers eru menn að láta skíra sig
fyrir þá dánu, ef dánir menn rísa alls ekki upp?
30 Og hvers vegna ættum við þá sífellt að leggja
líf okkar í hættu? 31 Dag hvern er ég í bráðri
lífshættu. Það er eins satt og ég er hreykinn
af því að hafa leitt ykkur til trúar á Drottin,
Jesú Krist. 32 Og hvaða vit væri þá í því að
berjast við óargadýr, eins og í Efesus, ef það væri
aðeins til þess að hljóta ávinning í þessu lífi?
Ef Drottinn vekur okkur ekki upp frá dauðum
þá skulum við bara borða, drekka, vera glöð og
njóta líðandi stundar, því að á morgun deyjum
við og þá er allt búið! 33 Nei, látið ekki þá sem
svona tala blekkja ykkur. Ef þið hlustið á þá, þá
farið þið fljótlega að líkja eftir þeim. 34 Verið
á verði og syndgið ekki. Ykkur til blygðunar
segi ég: Sum ykkar eru hreint ekki kristin og
hafa aldrei kynnst Guði í raun og veru. 35 Nú
kann einhver að spyrja: „Hvernig munu dauðir
rísa upp? Hvers konar líkama munu þeir fá?“
36 Svona spurning er óþörf. Líttu á garðinn
þinn. Þegar þú sáir fræi í mold, þá verður það
ekki að jurt nema það deyi fyrst. 37 Græni
sprotinn, sem springur út úr fræinu, er harla
ólíkur fræinu sem þú sáðir. Það sem þú sáðir
í moldina var örsmátt korn – hvort sem það
var hveiti eða eitthvað annað. 38 Síðan gefur
Guð því nýjan líkama, einmitt af þeirri gerð
sem hann sjálfur vill. Af hverri frætegund vex
sérstök jurt, ólík öðrum tegundum. 39 Rétt eins
og til eru mismunandi tegundir jurta, þannig
eru til mismunandi gerðir holds: Menn, dýr,
fiskar, fuglar – allt er þetta sitt með hverju móti.
40 Englarnir á himnum hafa líkama, sem eru
gjörólíkir okkar. Fegurð þeirra og vegsemd er
önnur en fegurð og vegsemd okkar. 41 Sólin er
dýrleg í ljóma sínum, og tunglið og stjörnurnar
eru það líka, en þó á annan hátt, og innbyrðis
ber stjarna af stjörnu í birtu og ljóma. 42 Á sama
hátt eru jarðneskir líkamar okkar, sem deyja
og rotna, ólíkir þeim líkömum sem við fáum í
upprisunni, því að þeir munu aldrei deyja. 43
Þeir líkamar sem við höfum nú, valda okkur
oft erfiðleikum, því að þeir sýkjast, hrörna
og deyja, en í upprisunni munu þeir breytast

á dýrlegan hátt. Nú eru þeir veikbyggðir og
dauðlegir, en þá verða þeir þrungnir lífskrafti.
44 Í dauðanum eru þeir mannlegir líkamar, en í
upprisunni himneskir líkamar. 45 Biblían segir
að hinum fyrsta manni, Adam, hafi verið gefinn
jarðneskur líkami en Kristur er meira en það,
því að hann er lífgefandi andi. 46 Sem sagt: Fyrst
höfum við jarðneskan líkama, en síðan gefur
Guð okkur andlegan, himneskan líkama. 47
Adam var myndaður af efnum jarðar, en Kristur
kemur af himnum. 48 Sérhver maður hefur
líkama af sömu gerð og Adam, úr jarðnesku efni,
en allir sem Kristi tilheyra, munu hljóta sams
konar líkama og hann – himneskan líkama.
49 Eins og við nú höfum sams konar líkama
og Adam, munum við í upprisunni fá sams
konar líkama og Kristur. 50 Því segi ég ykkur,
kæru vinir, jarðneskur líkami úr holdi og blóði
getur ekki komist inn í guðsríki, því að okkar
dauðlegu líkamar geta ekki lifað að eilífu. 51
En nú segi ég ykkur furðulegan og dásamlegan
leyndardóm: Við munum ekki öll deyja, en þó
munum við öll fá nýjan líkama – við munum
umbreytast! Allt mun þetta gerast á svipstundu,
þegar síðasti lúðurinn hljómar. 52 Þá munu
allir kristnir menn, sem dánir eru, rísa upp,
íklæddir nýjum líkömum, sem aldrei hrörna
eða deyja. Þeir sem þá verða enn á lífi, munu
allt í einu umbreytast og fá nýjan líkama eins
og hinir. 53 Þessir jarðnesku dauðlegu líkamar
okkar, sem við berum nú, verða að umbreytast
í himneska líkama sem aldrei deyja. 54 Þegar
þetta gerist, munu rætast þessi orð Biblíunnar:
„Dauðinn er uppsvelgdur í sigur. 55 Dauði, hvar
er sigur þinn? Hvar er broddur þinn?“Syndin
– broddurinn sem veldur dauða – verður þá
orðin að engu og lögmálið, sem afhjúpar syndir
okkar, mun ekki lengur dæma okkur. (Hadēs g86)
57 Þökkum Guði fyrir allt þetta. Það er Guð
sem gefur okkur sigurinn fyrir Drottin, Jesú
Krist. 58 Kæru vinir – framtíðarsigurinn er
tryggður! Verið því sterk, óbifanleg, sístarfandi
fyrir Drottin, og vitið að ekkert, sem þið gerið
fyrir hann, er til einskis.

16 Varðandi peningana, sem þið eruð að safna
handa söfnuðinum í Jerúsalem, þá skuluð
þið fara eins að og ég hef sagt söfnuðinum í
Galatíu. 2 Hvern sunnudag skuluð þið, hvert og
eitt, leggja til hliðar þá upphæð sem efni leyfa.
Látið þetta ekki dragast þangað til ég kem. 3
En þegar ég kem, mun ég senda kærleiksgjöf
ykkar til Jerúsalem, ásamt bréfi mínu, með
traustum sendiboðum, sem þið hafið sjálf valið
til fararinnar. 4 Hafi ég sjálfur tíma til að fara,
þá geta þeir orðið mér samferða. 5 Ég kem til
ykkar frá Makedóníu, en þar mun ég aðeins
hafa stutta viðdvöl. 6 Ef til vill mun ég dvelja
nokkuð hjá ykkur, jafnvel allan veturinn, og
eftir það getið þið sent mig áfram til næsta
ákvörðunarstaðar. 7 Í þetta sinn ætla ég sem
sagt að vera lengur með ykkur, ef Drottinn
leyfir. 8 Hér í Efesus ætla ég að dveljast fram
að hvítasunnu, 9 því að hér hef ég nóg að gera
við að predika og kenna. Hér er mikið um að
vera, en andstæðingarnir eru líka margir. 10
Ef Tímóteus skyldi koma, sjáið þá til þess að
honum líði vel, því að hann vinnur verk Drottins
eins og ég. 11 Látið engan lítilsvirða hann vegna
þess hve ungur hann er og þegar hann hefur
lokið sér af hjá ykkur, sendið hann þá ánægðan
til mín. Ég hlakka til að sjá hann, svo og hina
bræðurna, sem væntanlegir eru. 12 Ég bað
Apollós að verða samferða bræðrunum til ykkar,
en hann fékkst ekki til þess nú, hann kemur
seinna, ef tækifæri býðst. 13 Vakið! Standið
stöðug í trúnni. Verið djörf og sterk 14 og látið
kærleikann leiða ykkur í öllu. 15 Þið munið eftir
Stefanasi og fjölskyldu hans, en þau voru fyrst
til að taka trú í Grikklandi. Þau hafa helgað sig
starfinu til hjálpar kristnum mönnum. 16 Verið
þeim hjálpleg og fylgið ráðleggingum þeirra,
svo og öðrum þeim er vinna meðal ykkar af
sömu alúð og dugnaði og þau. 17 Það gleður mig
mjög að Stefanas, Fortúnatus og Akkaíkus hafa
heimsótt ykkur. 18 Þeir hafa veitt mér mikla
hjálp og bætt mér upp fjarveru ykkar. Þeir hafa
verið mér til mikillar uppörvunar og styrktar,
og ég er viss um að þið hafið sömu reynslu af
þeim og ég. 19 Söfnuðirnir hér í Litlu-Asíu senda
ykkur kærar kveðjur. Akvílas og Priska biðja að
heilsa, svo og söfnuðurinn sem kemur saman á
heimili þeirra. 20 Allir vinirnir hér senda ykkur
kveðjur. Heilsið hvert öðru hjartanlega. 21 Þessi
kveðjuorð rita ég eigin hendi: 22 Sá sem ekki
elskar Drottin, er útilokaður frá samfélaginu við
Guð og þar með undir bölvun. Kom þú Drottinn
Jesús! 23 Kærleikur og náð Drottins Jesú sé með
ykkur. 24 Mínar innilegustu kveðjur til ykkar
allra sem tilheyrið Kristi Jesú. Amen. Páll

2 Korintubréf

1 Kæru vinir. Þetta bréf er frá mér, Páli, sem
Guð sendi sem boðbera Jesú Krists, og frá
okkar kæra bróður, Tímóteusi. Bréfið er til allra
kristinna í Korintu og Grikklandi öllu. **2** Guð
faðir og Drottinn Jesús Kristur blessi ykkur
með náð sinni og friði. **3** Lofaður sé Guð, faðir
Drottins Jesú Krists. Hann er uppspretta allrar
miskunnar og sá sem huggar okkur og styrkir í
þrengingum og mótlæti. Þess vegna getum við,
sem höfum hlotið huggun hans og hjálp, huggað
og uppörvað aðra, sem eiga í erfiðleikum. **5**
Það er öruggt, að því meiri þjáningar sem við
þolum vegna Krists, því ríkulegar mun hann
hugga og uppörva. **6** Það hefur kostað okkur
miklar þrengingar að flytja ykkur huggun og
hjálpræði Guðs. En Guð hefur gefið okkur nýjan
styrk í erfiðleikunum. Það hefur hann einnig
gert ykkar vegna, því að hann vill nota reynslu
okkar, ykkur til huggunar, þegar þið lendið í
sams konar raunum. Hann mun veita ykkur
styrk svo að þið gefist ekki upp. **8** Kæru vinir,
ég álít rétt að þið fáið að vita um allar þær
þrengingar sem við urðum að þola í Litlu-
Asíu. Við vorum að því komnir að gefast upp
og óttuðumst að það væri úti um okkur. **9**
Okkur fannst við vera dauðans matur, sáum
enga undankomuleið. En þetta varð til góðs,
því að þá lögðum við allt í hendur Guðs, hans
sem einn gat hjálpað og getur jafnvel lífgað
hina dauðu. **10** Hann bjargaði okkur úr klóm
dauðans og við trúum því að hann muni gera
það á ný. **11** En þið verðið einnig að hjálpa
okkur með fyrirbæn og þá munuð þið hafa
ástæðu til að þakka og lofa Guð, þegar þið sjáið
undursamlegt svar hans við bænum ykkar. **12**
Okkur finnst gott að geta sagt í fullkominni
hreinskilni, að í öllu okkar starfi höfum við gert
það eitt sem rétt var og treyst á hjálp Drottins,
en ekki eigin hæfileika. Þetta á sérstaklega við
um framkomu okkar við ykkur. **13** Bréf mín hafa
verið skrifuð í einlægni og hreinskilni – þar er
ekkert hægt að lesa á milli lína! Ég vona að þið
verðið hreykin af mér, þegar þið kynnist mér
betur, á sama hátt og ég verð hreykinn af ykkur
á endurkomudegi Drottins Jesú. **15** Ég hafði
ákveðið að koma við og hitta ykkur á leið minni
til og frá Makedóníu, vegna þess að ég var viss
um trúnað ykkar og skilning. Þannig hefði ég
orðið ykkur til tvöfaldrar blessunar og þið getað
aðstoðað mig við förina til Júdeu. **17** „Já, en
hvers vegna breyttirðu áætlun þinni?“gætuð
þið spurt. Hafði ég þá ekki enn tekið ákvörðun?
Er ég ef til vill eins og sumir sem segja já, en
meina nei. **18** Nei, alls ekki! Slíkur maður er ég
ekki, það er eins víst og að Guð er sannorður.
Þegar ég segi já, þá meina ég já. **19** Við þrír –
Tímóteus, Silvanus og ég – höfum sagt ykkur frá
Jesú Kristi syni Guðs. Hann er ekki einn þeirra
sem segja já þegar þeir meina nei. Hann stendur
við orð sín. **20** Hann framkvæmir og uppfyllir
öll loforð Guðs, hversu mörg sem þau eru. Við
höfum sagt frá trúfesti hans og heiðrað nafn
hans. **21** Þessi Guð hefur gert ykkur, ásamt mér,
að traustum kristnum mönnum og valið okkur
til að útbreiða fagnaðarerindið. **22** Hann hefur
sett á okkur innsigli sitt – tákn eignarréttar síns
– og blásið okkur heilögum anda í brjóst, sem
tryggingu þess að við tilheyrum honum. Þetta
er aðeins upphaf alls þess sem hann ætlar að
gefa okkur. **23** Ég kalla Guð til vitnis gegn mér,
ef það sem ég nú segi er ekki sannleikanum
samkvæmt. Ástæðan fyrir því að ég hef enn
ekki komið til ykkar er sú, að ég vildi hlífa
ykkur við hörðum áminningum. **24** En þótt trú
ykkar styrkist ekki við komu mína, því hún er
þegar orðin sterk, þá langar mig samt að gera
eitthvað til að gleðja ykkur. Því ég vil að þið
séuð glöð, en ekki döpur.

2 „Nei, “sagði ég við sjálfan mig, „ég skal
ekki fara aftur og hryggja þau með annarri
heimsókn, því að hún mun aðeins valda þeim
sársauka.“ **2** Ef ég hryggi ykkur, hver mun þá
geta hughreyst mig? Aðeins þið. En hvernig
ættuð þið að geta það, ef ég hryggi ykkur? **3**
Ástæðan fyrir því að síðasta bréfið mitt var
eins og það var, er sú, að mig langaði til að þið
leystuð vandann sjálf áður en ég kæmi. Þegar
ég svo loksins kæmi, þyrfti ég ekki að verða
fyrir vonbrigðum vegna þeirra sem ættu að
gleðja mig. Mér fannst gleði ykkar svo nátengd
gleði minni. Mér fannst að ef ég kæmi til ykkar
dapur í bragði, þá gætuð þið ekki glaðst. **4**
Þið getið ekki ímyndað ykkur hve erfitt það
var fyrir mig að skrifa ykkur fyrra bréfið. Það
olli mér mjög miklum sársauka og ég grét yfir
því. Ég ætlaði ekki að særa ykkur – heldur
gera ykkur grein fyrir því hversu annt mér
var um ykkur. **5** Sá sem hefur hryggt ykkur

hefur líka hryggt mig, þótt í minna mæli sé.
Ég vil ekki vera strangari við hann en ástæða
er til. Vanþóknun ykkar hefur orðið honum
nægileg refsing. 7 Nú er kominn tími til að veita
honum fyrirgefningu og huggun, því að verði
það ekki gert, þá getur hann orðið svo bitur
og miður sín að hann eigi sér ekki viðreisnar
von. 8 Leyfið honum nú að finna að ykkur sé
enn hlýtt til hans. 9 Fyrra bréfið skrifaði ég
ykkur til að komast að raun um heilindi ykkar
og hlýðni. 10 Þegar þið fyrirgefið einhverjum,
þá geri ég það líka. Hafi ég fyrirgefið eitthvað
(að því leyti sem það hefur varðað mig), þá
er það gert með vilja Krists og ykkur til góðs.
11 Okkur ber einnig að fyrirgefa svo að Satan
geti ekki beitt okkur brögðum – við þekkjum
fyrirætlanir hans. 12 Þegar ég kom til Tróas, gaf
Drottinn mér mikilvægt tækifæri til að boða
fagnaðarerindið. 13 Títus, okkar kæri bróðir, var
ekki staddur þar þá til að taka á móti mér og
ég var órólegur, því að ég vissi ekki hvar hann
var eða hvað hefði komið fyrir hann. Ég kvaddi
því og fór rakleitt til Makedóníu til að reyna að
hafa upp á honum. 14 Þökk sé Guði fyrir sigur
hans í Kristi og að hann skuli hafa leyft okkur
að taka þátt í sigurgöngu hans, og segja öðrum
frá honum. Boðskapurinn um hann berst eins
og sætur reykelsisilmur út um allan heiminn.
15 Við erum eins og góðilmur reykelsis, sem
Kristur brennir frammi fyrir Guði og berst
ilmur þess jafnt til frelsaðra og ófrelsaðra. 16
Hinir ófrelsuðu skelfast, því að þeim finnst
ilmurinn minna á dauða og dóm, en okkur
hinum frelsuðu er hann ilmur lífsins. Hverjir
eru hæfir til að boða fagnaðarerindið? 17 Við
erum ekki eins og þeir sem predika Guðs orð
launanna vegna, heldur tölum við af einlægni
hjartans það sem Guð vill að við segjum, af
því að við erum þjónar Krists og störfum fyrir
augliti Guðs.

3 Erum við nú orðnir eins og falskennendur
sem eru alltaf að tala um sjálfa sig, og hafa
með sér löng meðmælabréf? Ég held þið þarfnist
þess ekki að neinn skrifi ykkur bréf um líferni
okkar – eða hvað? Við þurfum ekki heldur
meðmælabréf frá ykkur. 2 Eina bréfið sem ég
þarf, eruð þið sjálf. Ef fólk skoðar þá góðu
breytingu sem orðið hefur á ykkur, þá sér það
að við höfum unnið gott verk á meðal ykkar. 3
Menn sjá ljóslega að þið eruð eins og bréf frá
Kristi, skrifað af okkur. Það er ekki skrifað með
penna og bleki, heldur með anda hins lifandi
Guðs. Ekki er það höggvið í stein, heldur í hjörtu
manna. 4 Við þorum að tala svona vel um okkur
sjálf vegna þess að við treystum því að Guð
hafi velþóknun á okkur, vegna trúar okkar á
Krist. Við treystum því að hann hjálpi okkur
að standa við orð okkar. 5 Við álítum okkur
sjálfa, í eigin mætti, ekki færa um að gera neitt
það sem hefur varanlegt gildi. Allur árangur
okkar og máttur er Guði einum að þakka. 6
Hann einn hefur gert okkur kleift að kunngjöra
fagnaðarerindið – nýja sáttmálann – sem hann
gaf mönnunum til frelsis. Við erum ekki að boða
lögmál Gyðinga, heldur líf í heilögum anda.
Gamla leiðin – sú að reyna að frelsast með því að
halda lög Gyðinga – endar með dauða, en ef við
förum nýju leiðina, þá gefur andi Guðs okkur
hið sanna líf. 7 Gamli sáttmálinn – þetta gamla
lagakerfi sem leiddi til dauða – byrjaði í slíkri
dýrð að fólk þoldi ekki að horfa framan í Móse
þegar hann færði því lög Guðs, því að andlit
hans ljómaði af dýrð Guðs. Samt fölnaði sá ljómi
brátt. 8 Eigum við þá ekki að vænta meiri dýrðar
nú þegar heilagur andi hefur sjálfur gefið okkur
lífið? 9 Fyrst ráðstöfunin sem leiddi til dóms
var dýrleg, þá hlýtur hin ráðstöfunin að vera
mun dýrlegri, sú sem helgar mennina í augum
Guðs. 10 Staðreyndin er sú að í samanburði við
yfirgnæfandi dýrð nýja sáttmálans, þá er hin
fyrri dýrð, sem skein af andliti Móse, einskis
virði. 11 Og fyrst það, sem varaði aðeins skamma
stund, ljómaði af himneskri dýrð, mun þá ekki
hin nýja áætlun Guðs um hjálpræði mannanna
vera miklu stórfenglegri, því hún varir að eilífu!
12 Fyrst við treystum því að þessi nýja dýrð muni
aldrei hverfa, þá getum við predikað með mikilli
djörfung. 13 Þá gerum við ekki eins og Móse,
sem setti blæju fyrir andlit sér til að Ísraelsmenn
gætu ekki séð hvernig ljóminn hvarf smátt og
smátt. 14 Andlit Móse var ekki aðeins hulið,
heldur var einnig hugur og skilningur fólksins
blindaður. Þannig er það jafnvel enn þegar
Gyðingar lesa Gamla testamentið. Þá virðist
sem hugur þeirra og hjarta sé hulið þykkri
blæju, enda koma þeir hvorki auga á né skilja
hið raunverulega innihald textans. Eina leiðin
til að fjarlægja þessa blæju skilningsleysis, er að
þeir taki trú á Krist. 15 Þess vegna er svo enn í
dag að þegar þeir lesa rit Móse, þá eru hjörtu
þeirra blind og þeir trúa að leiðin til hjálpræðis

sé sú að hlýða lögmálinu. 16 Í hvert skipti
sem einhver snýr sér frá syndum sínum og til
Drottins, er þessi blæja tekin frá. 17 Drottinn er
andinn sem gefur þeim líf, og þar sem hann er,
þar er frelsi (frá þeirri kvöð að þurfa að hlýða
lögmálinu í einu og öllu til þess að geta þóknast
Guði). 18 Við sem kristin erum höfum enga
blæju fyrir andlitum okkar. Við getum verið
eins og speglar sem endurvarpa dýrð Drottins
og þegar andi hans starfar í okkur, þá líkjumst
við honum sífellt meira.

4 Sjálfur Guð hefur af miskunn sinni fengið
okkur þetta mikla hlutverk (að flytja öðrum
gleðiboðskapinn) og þess vegna gefumst við
aldrei upp. 2 Við reynum ekki að fá fólk til að
trúa með því að beita það brögðum – við höfum
ekki áhuga á að blekkja neinn. Við reynum
aldrei að telja neinum trú um að Biblían kenni
eitthvað sem hún alls ekki kennir. Við forðumst
alla slíka pretti. Þegar við tölum, þá stöndum
við frammi fyrir augliti Guðs og því segjum
við sannleikann – um það eru allir sammála
sem okkur þekkja. 3 Ef einhverjir skilja ekki
fagnaðarerindið sem við flytjum, þá eru það þeir
sem ganga veg hins eilífa dauða. 4 Satan, – guð
þessa heims, sem sneri baki við Drottni – hefur
blindað þá og komið í veg fyrir að þeir sæju
birtuna sem stafar af fagnaðarerindinu. Þeir
skilja ekki heldur hinn stórkostlega boðskap
sem við flytjum, boðskapinn um dýrð Krists,
hann sem birtir okkur Guð. (aiōn g165) 5 Við
ferðumst ekki um til að predika um okkur sjálfa,
heldur til að boða að Jesús Kristur sé Drottinn.
Við segjum að við séum þjónar ykkar, vegna
þess sem Jesús hefur gert fyrir okkur. 6 Guð
sagði: „Ljós skal skína í myrkrinu.“– Hann lét
það skína inn í sálir okkar til þess að þaðan
bæri birtu af dýrð Guðs, eins og hún birtist í
Jesú Kristi sjálfum. 7 Við sem höfum þennan
mikla fjársjóð – ljósið og kraftinn sem nú skín
innra með okkur – erum bara eins og brothætt
ílát, leirker, til að öllum verði ljóst að þessi
dýrlegi kraftur, sem í okkur er, hlýtur að vera
frá Guði en ekki frá sjálfum okkur. 8 Erfiðleikar
þrengja að á báða bóga, en samt höfum við
ekki látið undan síga. Við erum oft spyrjandi,
því við skiljum alls ekki hvers vegna margt fer
eins og það fer, en samt hættum við hvorki
né gefumst upp. 9 Við erum ofsóttir eins og
frekast er unnt, en Guð sleppir samt aldrei af
okkur hendi sinni. Við erum felldir til jarðar, en
rísum þó aftur á fætur og höldum leiðar okkar.
10 Við horfumst sífellt í augu við dauðann, eins
og Jesús, og því er augljóst mál að það er aðeins
hinn upprisni Kristur, sem heldur í okkur lífinu
og verndar okkur. 11 Já, við erum í stöðugri
lífshættu vegna þess að við þjónum Drottni,
en þannig fáum við ný tækifæri til að sýna
kraft Jesú Krists í dauðlegum líkömum okkar.
12 Vegna predikunar okkar horfumst við í augu
við dauðann, en það sem við berum úr býtum er
eilíft líf ykkur til handa. 13 Við tölum djarflega
um trú okkar á sama hátt og sálmaskáldið gerði,
þegar hann sagði: „Ég trúi – þess vegna tala ég.“
14 Við vitum að sá sami Guð sem reisti Drottin
Jesú upp frá dauðum, mun einnig reisa okkur
frá dauðum ásamt Jesú og leiða okkur fram fyrir
hann ásamt ykkur. 15 Þjáningar okkar verða
ykkur til góðs og því fleiri sem vinnast fyrir
Krist ykkar á meðal, því fleiri þakka honum
og því meira verður nafn Drottins vegsamað.
16 Þetta er ástæða þess að við gefumst aldrei
upp. Þótt líkamar okkar hrörni smátt og smátt,
þá vex styrkur okkar í Drottni dag frá degi.
17 Erfiðleikar okkar eru smámunir einir, sem
vara munu stuttan tíma. Þessir skammvinnu
erfiðleikar leiða þó ríkulega blessun Guðs yfir líf
okkar – blessun sem vara mun til eilífðar! (aiōnios
g166) 18 Þess vegna horfum við ekki á það sem við
sjáum þessa stundina, erfiðleikana sem eru allt
í kring um okkur, heldur fram til þeirrar gleði á
himnum sem við munum sjá. Þrengingarnar eru
skammvinnar en fögnuðurinn, sem í vændum
er, mun aldrei taka enda. (aiōnios g166)

5 Við vitum að þegar tjaldið sem við nú búum
í – okkar jarðneski líkami – verður fellt,
en það gerist þegar við deyjum, þá munum
við fá nýja líkama á himnum – bústað sem
endist okkur um alla eilífð. Sá bústaður verður
ekki gerður af manna höndum, heldur af Guði
sjálfum. (aiōnios g166) 2 Við þreytumst í þessu lífi
og því hlökkum við til þess dags er við fáum
hina himnesku líkama, sem við íklæðumst eins
og nýjum fötum, 3 því að ekki munum við vera
andar án líkama. 4 Í þessu lífi er mæða og strit
en samt kvíðum við dauðanum, af því að allt hið
líkamlega og jarðneska er okkur svo kært. En við
viljum íklæðast nýju líkömunum, svo að þessir
deyjandi líkamar umbreytist til eilífs lífs. 5 Þessu
hefur Guð lofað okkur og því til staðfestingar

hefur hann gefið okkur sinn heilaga anda. 6 Nú
horfum við glöð fram til þess tíma er við fáum
þessa himnesku líkama okkar. En minnumst
þess jafnframt að hvert andartak, sem við lifum
í jarðnesku líkömunum, er tími sem við eyðum
fjarri okkar eilífa heimili á himnum hjá Jesú. 7
Þetta sjáum við ekki með líkamlegum augum,
heldur með augum trúarinnar. 8 Við erum alls
óhrædd við dauðann, því að þá fáum við að fara
heim til Drottins. 9 Markmið okkar er því ávallt
að þóknast honum í öllu sem við gerum, hvort
sem það er í líkamanum, á jörðu, eða á himnum
hjá Drottni. 10 Öll verðum við að standa frammi
fyrir dómstóli Krists. Hann mun rannsaka líf
okkar og kveða upp sinn dóm. Þá mun sérhver
fá endurgoldið eins og hann hefur til unnið,
eftir því hvort hann hefur gert gott eða illt
meðan hann lifði hér á jörðu. 11 Vegna þess að
við óttumst Drottin – elskum hann, virðum og
heiðrum – þá leggjum við hart að okkur við að
ávinna menn til trúar á hann. Guð þekkir hjörtu
okkar og einlægni í þessu efni og ég vona að
þið gerið það einnig. 12 Erum við nú enn að
reyna að hæla sjálfum okkur? Nei, en ég er að
fá ykkur í hendur ágætt vopn. Þetta vopn getið
þið notað gegn predikurum þeim sem stæra
sig af útliti sínu og ræðum og láta stjórnast af
óhreinu hugarfari. En hvað sem því líður, þá
getið þið verið hreykin af heiðarleika okkar og
góðum ásetningi. 13 Sumir telja okkur ruglaða,
en allt sem við gerum er vegna Guðs, vegna
þess að kærleikur Krists knýr okkur. Fyrst við
trúum því að Kristur hafi dáið fyrir okkur öll, þá
eigum við einnig að trúa því að við séum dáin
því lífi sem við lifðum. 15 Hann dó fyrir alla til
að allir sem lifa – og hafa eignast eilíft líf hjá
honum – lifi ekki framar til að þóknast sjálfum
sér, heldur honum sem dó og reis upp þeirra
vegna. 16 Hættið því að vega og meta kristna
menn eftir því hvað heimurinn segir um þá eða
eftir útliti þeirra. Áður fyrr leit ég á Krist aðeins
frá mannlegu sjónarmiði, en þar urðu mér á
mikil mistök. Nú hef ég svo sannarlega aðra
skoðun. 17 Sá sem verður kristinn, verður nýr
maður. Hann er ekki lengur sá sami, því hann
hefur eignast nýtt líf! 18 Allt þetta nýja er frá
Guði, sem leiddi okkur aftur til sín með því sem
Kristur Jesús gerði. Því næst veitti Guð okkur
þau forréttindi að fá að hvetja alla menn til að
koma og sættast við hann. 19 Guð sætti heiminn
við sig í Kristi og hann ákærir mennina ekki
lengur fyrir syndir þeirra, heldur fyrirgefur
þeim. Þennan stórkostlega boðskap hefur hann
falið okkur að flytja öllum mönnum. 20 Við
erum erindrekar Krists. Við biðjum í Krists stað:
Sættist við Guð! 21 Guð lagði syndir okkar á
Krist, sem var syndlaus, en í staðinn jós hann
kærleika sínum yfir okkur.

6 Sem samstarfsmenn Guðs biðjum við ykkur
að láta ekki þessi góðu skilaboð, um kærleika
hans ganga ykkur úr greipum. 2 Guð hefur
sagt: „Þegar þið hrópuðuð, þá heyrði ég, og
hjálp mín stóð ykkur til boða, því að þá
var hjálpræðisdagur.“Já, einmitt nú er Guð
reiðubúinn að svara ykkur. Í dag vill hann
frelsa ykkur! 3 Við kappkostum að lifa þannig
að hegðun okkar hneyksli engan né hindri í
því að finna Drottin. 4 Látum það sjást að við
séum sannir þjónar Guðs í öllu sem við gerum.
Þolinmæði okkar stendur af sér allar þjáningar,
þrengingar og erfiðleika. 5 Við höfum verið
barðir, okkur hefur verið stungið í fangelsi og
oft höfum við horfst í augu við trylltan múg.
Við höfum unnið meðan kraftar entust, vakað
margar nætur og liðið hungur. 6 Við höfum
staðið við orð okkar og lifað heilbrigðu lífi.
Þessu hefur þrautseigja og skilningur okkar á
fagnaðarerindinu komið til leiðar. Við höfum
iðkað góðsemi og sannan kærleika og verið
leiddir af heilögum anda. 7 Við höfum talað
sannleikann og máttur Guðs hefur hjálpað
okkur í öllu sem við höfum gert. Við höfum
íklæðst herklæðum hins kristna manns – og
notað vopnin til sóknar og varnar. 8 Við höfum
verið Drottni trúir, hvort sem aðrir heiðra okkur
eða forsmá, lasta eða lofa. Við erum heiðarlegir,
þótt þeir kalli okkur lygara. 9 Heimurinn lætur
sér fátt um okkur finnast, en Guð þekkir okkur.
Við erum í stöðugri lífshætttu, en þó lifum við
enn. Við höfum hlotið sár, en þó haldið lífi. 10
Við erum hryggir, en þó alltaf glaðir í Drottni.
Við erum fátækir, en auðgum þó marga með
andlegum gjöfum. Við erum allslausir, en eigum
þó allt. 11 Kæru vinir í Korintu. Ég hef talað
af hreinskilni og ég elska ykkur af öllu hjarta.
12 Ef einhver kuldi er enn okkar á milli, þá er
hann ekki vegna skorts á kærleika af minni
hálfu, heldur vegna þess að kærleikur ykkar
nær ekki til mín og megnar því ekki að draga
mig til ykkar. 13 Nú tala ég við ykkur eins og þið
væruð mín eigin börn. Opnið hjörtu ykkar fyrir

okkur. Endurgjaldið kærleika okkar. 14 Forðist
félagsskap við þá sem ekki elska Drottin, því
hvað eiga börn Guðs sameiginlegt með börnum
syndarinnar? Hvernig er hægt að sameina ljós
og myrkur? 15 Hvað á Kristur saman við Satan
að sælda? Hvernig getur kristinn maður átt
samfélag við þann sem ekki trúir? 16 Getur
nokkurt samband verið milli musteris Guðs og
skurðgoðanna? Þið eruð musteri Guðs, bústaður
hins lifandi Guðs, og um ykkur segir hann: „Ég
vil búa hjá þeim og ganga um meðal þeirra.
Ég mun vera þeirra Guð og þeir munu vera
mitt fólk.“ 17 Af þessari ástæðu segir Drottinn:
„Yfirgefið þá! Farið burt frá þeim. Snertið ekkert
óhreint og þá mun ég taka ykkur með mér. 18
Þá mun ég vera faðir ykkar og þið munuð vera
synir mínir og dætur.“

7 Kæru vinir, fyrst við eigum slík loforð sem
þessi, snúum þá baki við öllu sem rangt
er, hvort sem það er líkamlegt eða andlegt.
Hreinsum okkur, lifum í sannri trú og gefum
okkur Guði einum á vald. 2 Því segi ég ykkur:
Opnið hjörtu ykkar á ný fyrir okkur, því að
ekkert ykkar hefur orðið að þola neitt rangt af
okkar hendi. Ekkert ykkar leiddum við afvega.
Ekki höfum við svikið neitt ykkar eða rænt ykkur
neinu. 3 Þetta segi ég ekki í ávítunartón eða til
að ásaka ykkur, því – eins og ég hef áður sagt –
þá elska ég ykkur í lífi og dauða. 4 Ég ber mikið
traust til ykkar og er mjög hreykinn af ykkur.
Þið hafið orðið mér til mikillar uppörvunar og
glatt mig stórlega í öllum þrengingum mínum.
5 Þegar við komum til Makedóníu, höfðum við
enga eirð. Erfiðleikar mættu okkur hvert sem
litið var. Bæði ytra og innra var ótti og barátta.
6 En sá Guð, sem huggar niðurbeygða, styrkti
okkur einmitt þá með því að senda Títus til
okkar. 7 En heimsókn Títusar var ekki eina
uppörvunin, heldur einnig fréttirnar, sem hann
flutti okkur, um þá yndislegu dvöl sem hann
átti hjá ykkur. Mikið gladdist ég þegar hann
sagði mér hversu mjög þið hlökkuðuð til að sjá
mig og hve leitt ykkur þótti það sem fyrir kom.
Já, það gladdi mig að heyra um tryggð ykkar og
hlýhug til mín. 8 Nú er ég ekki lengur hryggur
út af þessu bréfi sem ég sendi ykkur. Ég var
mjög hryggur um tíma, því að ég vissi að bréfið
mundi valda ykkur miklum sársauka, þó aðeins
um skamma hríð. 9 Nú finnst mér gott að ég
skyldi hafa sent það, ekki vegna þess að það
særði ykkur, heldur vegna þess að sársaukinn
leiddi ykkur til Guðs. Hryggðin sem náði tökum
á ykkur, varð til góðs. Það er sú hryggð sem Guð
vill finna meðal barna sinna og því þarf ég ekki
að vera strangur við ykkur þegar ég kem. 10
Stundum notar Guð hryggð okkar til að leiða
okkur frá syndinni og til eilífs lífs og þá verður
hún okkur til blessunar. Hryggð hinna er hins
vegar ekki sú sem fylgir sannri iðrun og forðar
því ekki frá eilífum dauða. 11 Sjáið nú til: Þessi
hryggð frá Guði varð ykkur til góðs. Kæruleysið
hvarf, en í staðinn urðuð þið grandvör og
einlæg og vilduð umfram allt losna við syndina,
sem ég benti ykkur á í bréfi mínu. Þið urðuð
hrædd vegna þess sem gerst hafði og þráðuð að
ég kæmi og hjálpaði ykkur. Þið sneruð ykkur
strax að því að leysa vandann og upplýsa málið.
Þið hafið gert allt, sem í ykkar valdi stóð, til
að koma þessu í lag. 12 Ég skrifaði ykkur til
þess að umhyggja ykkar fyrir okkur yrði Guði
augljós. Sá var tilgangur minn með bréfinu,
miklu fremur en sá að hjálpa manninum sem
syndgaði eða þeim sem var órétti beittur. 13
Auk þeirrar uppörvunar, sem þið veittuð okkur
með kærleika ykkar, þá glöddumst við enn meir
vegna Títusar, vegna þess hve hann varð glaður
og hve vel þið tókuð á móti honum. 14 Ég
sagði honum hvernig allt ætti að vera. Ég sagði
honum líka hve hreykinn ég væri af ykkur, áður
en hann lagði af stað – og ég varð ekki fyrir
vonbrigðum með ykkur. Ég hef alltaf sagt ykkur
sannleikann og hrós það, sem ég veitti ykkur
í áheyrn Títusar, hefur einnig reynst rétt. 15
Kærleikur hans til ykkar er meiri nú en nokkru
sinni fyrr, einmitt vegna þess að hann minnist
þess hve fús þið voruð að hlusta á orð hans og
hve áhugi ykkar og einlægni ristu djúpt. 16 Nú
er ég glaður! Nú veit ég að allt er komið í lag
okkar á milli. Enn einu sinni get ég sagt: Ég ber
fullkomið traust til ykkar.

8 Nú langar mig að segja ykkur frá því sem
Guð hefur gert af náð sinni fyrir söfnuðina í
Makedóníu. 2 Enda þótt hinir kristnu þar hafi
reynt mikla erfiðleika og þrengingar, þá hafa
þeir haldið gleði sinni mitt í allri fátæktinni.
Þetta hefur vakið hjá þeim mikla umhyggju fyrir
þörfum annarra. 3 Þeir hafa gefið ríkulega –
reyndar miklu meira en þeir höfðu efni á. Ég get
staðfest hér, að þetta gerðu þeir af fúsum vilja.
4 Þeir báðu okkur fyrir þessa peninga, því að

þeir vildu einnig fá að vera með í því að hjálpa
hinum kristnu í Jerúsalem. 5 Það besta var að
þetta fór langt fram úr okkar vonum, því að það
fyrsta sem þeir gerðu var að fórna sér algjörlega
fyrir Drottin og síðan fyrir okkur, samkvæmt
vilja Guðs. 6 Þeir voru svo áhugasamir um þetta
að nú höfum við hvatt Títus, hann sem hóf
verkið, til að heimsækja ykkur og biðja ykkur að
bæta við því sem á vantar í þessa kærleiksgjöf.
7 Kæru vinir, þið hafið forystu í mörgu: Þið hafið
mikla trú, marga góða predikara, mikla fræðslu,
mikinn áhuga og mikinn kærleika til okkar. Nú
langar mig einnig til að þið hafið forystu í því
að gefa, og það með gleði. 8 Ég er ekki að skipa
fyrir. Ég er ekki að segja að þið verðið að gera
þetta, heldur er ég að prófa kærleika ykkar með
samanburði við dugnað annarra. Þetta gefur
ykkur tækifæri til að sanna kærleika ykkar í
verki og sýna að hann sé ekki aðeins orðin tóm.
9 Því að þið þekkið kærleika Drottins Jesú Krists:
Þótt hann væri ríkur, þá gerðist hann fátækur
ykkar vegna svo að þið auðguðust af fátækt
hans. 10 Mig langar að leggja til að þið ljúkið því
sem þið byrjuðuð á í fyrra. Reyndar var þetta
ekki ykkar hugmynd, en þið voruð fyrst til að
gera eitthvað í málinu. 11 Þið komuð þessu af
stað og ættuð því að hafa mikinn áhuga á að
koma því í höfn, með því að gefa eins og efni
standa til. 12 Ef þið hafið áhuga á að gefa, þá
skiptir ekki öllu máli hve mikið þið gefið. Guð
vill að þið gefið af því sem þið eigið, en ekki
af því sem ekki er til. 13 Auðvitað á ég ekki
við að þeir sem fá gjafir ykkar eigi að hafa það
náðugt, á ykkar kostnað, en við skulum stuðla
að jöfnuði. Nú sem stendur hafið þið nóg af öllu
og ættuð því að geta rétt þeim hjálparhönd.
14 Síðar meir geta þeir svo aðstoðað ykkur á
sama hátt þegar þið hafið þörf fyrir hjálp. Á
þennan hátt geta báðir haft nóg. 15 Munið
þið hvað Biblían segir um þetta? Hún segir:
„Sá sem miklu safnaði, átti ekkert afgangs,
en sá sem litlu safnaði, hafði nóg.“Af þessari
ástæðu ættuð þið einnig að veita þeim hjálp sem
hjálpar eru þurfi. 16 Ég þakka Guði sem vakti
hjá Títusi sömu umhyggju fyrir ykkur og hann
hefur gefið mér. 17 Samkvæmt uppástungu
minni vill hann fúslega fara til ykkar á ný –
ég held reyndar að hann hefði gert það hvort
sem var, því að hann hefur mikinn áhuga á
að hitta ykkur. 18 Ég mun einnig senda annan
vel þekktan bróður með honum. Sá maður
er rómaður af öllum söfnuðunum sem góður
boðberi fagnaðarerindisins. 19 Sannleikurinn er
sá að söfnuðirnir kusu hann til að verða mér
samferða og fara með gjöfina til Jerúsalem. Þetta
mun verða Drottni til dýrðar og jafnframt sýna
löngun okkar til að hjálpa hvert öðru. 20 Með
því að hafa samflot, verjumst við allri tortryggni
annarra. Okkur er nefnilega mjög umhugað
um að enginn geti fundið neitt ámælisvert við
vinnubrögð okkar varðandi þessa miklu gjöf.
21 Guð veit að við erum heiðarlegir, en ég vil
einnig að aðrir viti það og því höfum við unnið
að þessu á þennan hátt. 22 Ég sendi þar að
auki enn einn bróður til ykkar. Af eigin reynslu
vitum við að hann er einlægur maður og eftir
að ég sagði honum frá löngun ykkar til að veita
hjálp, þá hlakkar hann mjög til ferðarinnar.
23 Ef einhver spyr hver Títus sé, segið þá að
hann sé samstarfsmaður minn, sem aðstoði
ykkur við að hjálpa öðrum. Auk þess getið
þið sagt að hinir tveir bræðurnir séu fulltrúar
kirkjunnar hér og séu báðir til fyrirmyndar í
trúnni á Drottin. 24 Sýnið þessum mönnum
kærleika og látið söfnuðina sjá að það var ekki
að ástæðulausu sem ég hrósaði ykkur.

9 Ég veit reyndar að það er óþarfi að nefna við
ykkur þessa aðstoð við söfnuði Guðs. 2 Mér
er ljóst að áhugi ykkar fyrir þeim er óskiptur.
Ég hrósaði ykkur fyrir vinunum í Makedóníu og
sagði að fyrir ári hefðuð þið verið reiðubúin að
senda gjöf. Sannleikurinn er sá að það var áhugi
ykkar, sem varð hinum hvatning til að veita
aðstoð. 3 Nú sendi ég þessa menn til þess eins
að ganga úr skugga um að þið séuð reiðubúin,
eins og ég sagði þeim að þið væruð, og hvort
söfnunarféð lægi þegar fyrir. Ég vona að sú verði
ekki reyndin, að í þetta sinn hafi ég tekið of
djúpt í árinni með hrósyrðum mínum um ykkur.
4 Mikið myndi ég blygðast mín – og þið reyndar
líka – ef einhverjir þeirra frá Makedóníu yrðu
mér samferða og sæju, að þegar allt kæmi til
alls, þá væruð þið ekki tilbúin þrátt fyrir allt
lofið sem ég hef borið á ykkur. 5 Við töldum því
nauðsynlegt að hvetja bræðurna til að fara á
undan til ykkar og undirbúa þessa gjöf, sem
þið höfðuð áður lofað, svo að hún gæti verið til
taks þegar á þyrfti að halda. Ég vil svo gjarnan
að hér sé um raunverulega gjöf að ræða, gjöf
sem ekki hafi á sér nískublæ. 6 Nú ætla ég
að minna ykkur á eitt: Ef þið gefið lítið, þá

fáið þið lítið. Bóndi sem sáir sparlega fær rýra
uppskeru, en sái hann miklu, fær hann mikla
uppskeru. 7 Hver um sig verður að ákveða hve
mikið hann gefur. Reynið ekki að þvinga neinn
til að gefa meira en hann sjálfur vill. Guð elskar
glaðan gjafara. 8 Guð mun uppfylla þarfir ykkar
með því að veita ykkur allt sem þið þurfið, og
meira til, svo að þið hafið nóg fyrir ykkur sjálf
og getið gefið öðrum með gleði. 9 Um þetta
segir Biblían: „Hinn guðrækni gefur fátækum
með gleði. Góðverk hans munu verða honum
til heiðurs í eilífðinni.“ (aiōn g165) 10 Guð, sem
gefur bóndanum útsæði og síðan góða uppskeru
honum til framfæris, mun einnig gefa ykkur
útsæði og margfalda uppskeru, svo að þið getið
gefið æ meira. 11 Hann mun gefa ykkur mikið
til þess að þið getið verið rausnarleg við aðra.
Þegar við afhendum gjöf ykkar þeim sem hana
eiga að fá, þá mun streyma fram lofgjörð og
þökk til Guðs fyrir hjálp hans. 12 Þið sjáið að
tvennt gott hlýst af gjöf ykkar. Í fyrsta lagi fá
þeir sem þurfandi eru hjálp og í öðru lagi fyllast
þeir þakklæti til Guðs. 13 Þeir sem fá aðstoð
ykkar, gleðjast ekki aðeins vegna þessarar miklu
gjafar, heldur munu þeir einnig lofa Guð, því að
þetta mun sanna að verk ykkar eru í samræmi
við orð ykkar. 14 Þeir munu einnig biðja fyrir
ykkur og hugsa hlýtt til ykkar vegna þess hve
Guð hefur verið ykkur góður. 15 Guði séu þakkir
fyrir son sinn – þá gjöf sem engin orð fá lýst.

10 Nú bið ég ykkur – já, ég Páll – og það
af einlægni og mildi eins og Kristur
mundi gera. Sum ykkar segja reyndar að ég
sé harðorður í bréfum mínum en þori svo
ekki að opna munninn þegar á hólminn er
komið! 2 Ég vona að ég þurfi ekki að sýna ykkur
myndugleika og hörku þegar ég kem. Ég hef
ekki áhuga á að láta til skarar skríða gegn þeim
ykkar sem virðast halda að orð mín og verk
séu rétt eins og gerist hjá fólki almennt. 3
Satt er það, ég er ósköp venjulegur, veikburða
maður, en ég nota þó ekki mannleg áform og
mannlegar aðferðir til að vinna mína sigra. 4
Ég nota ekki mannleg vopn, heldur hin öflugu
vopn Guðs og með þeim brýt ég niður vígi
Satans. 5 Þessi vopn kveða niður öll hrokafull
stóryrði sem beint er gegn Guði og ryðja öllum
þeim hindrunum úr vegi, sem settar eru upp til
að útiloka menn frá Guði. Með vopnum þessum
get ég yfirbugað uppreisnarseggi, leitt þá fram
fyrir Guð og breytt þeim í menn sem þrá það
eitt að hlýðnast Kristi. 6 Ég mun nota þessi
vopn gegn ykkur til að þið gefist upp fyrir Kristi
og ekki hætta fyrr en síðasti andófsmaðurinn
fellur. 7 Gallinn við ykkur er sá að þegar þið
horfið á mig, þá sjáið þið aðeins hið veika og
vanmáttuga. Af hverju gægist þið ekki inn fyrir
skinnið? Ef nokkur telur sig hafa mátt Krists og
myndugleika, þá er það ég! 8 Sumum finnst ég
kannski hrósa mér meira en góðu hófi gegnir, af
valdi því sem ég hef yfir ykkur – og nota ykkur
til hjálpar en ekki til tjóns – en ég skal standa
við hvert orð. 9 Þetta segi ég svo þið haldið
ekki að ég sé að hræða ykkur með áminningum
í bréfum mínum. 10 „Kærið ykkur kollótt um
þessi bréf hans, “segja sumir. „Hann er að vísu
stórorður en það er ekkert að marka. Þegar
hann kemur, þá getið þið séð að þar er ekki
stórmenni á ferð og lélegri predikara þekkjum
við ekki!“ 11 Ég skal segja ykkur eitt: Næst þegar
ég kem verð ég strangur, jafn strangur og ég
hef verið í bréfum mínum. 12 En verið ekki
áhyggjufull! Ég mun ekki dirfast að bera mig
saman við fjálglegar lýsingar þeirra á sjálfum
sér. Þeir eru því miður alltaf að bera sig saman
hver við annan. Þeir vega sjálfa sig og meta á
sinn eigin smáa mælikvarða. Ja, hvílík heimska!
13 En við? – við hrósum okkur ekki meira en efni
standa til. Okkur er efst í huga að ná markinu
sem Guð setti okkur, og starf okkar á meðal
ykkar er unnið með það í huga. 14 Við tökum
ekki of djúpt í árinni þótt við segjumst hafa
vald yfir ykkur, því að við vorum þeir fyrstu
sem fluttu ykkur gleðifréttirnar um Krist. 15
Við hrósum okkur ekki fyrir eitthvað sem aðrir
hafa gert á meðal ykkar. Nei, en við vonum að
trú ykkar vaxi og sömuleiðis starf okkar, ykkar
á meðal, þó innan þeirra marka sem Drottinn
hefur sett okkur. 16 Eftir það getum við farið
og predikað gleðiboðskapinn annars staðar, í
borgum sem standa enn fjær, þar sem enginn
hefur enn hafið starf. Þar verður engin hætta á
að við fiskum á annarra miðum. 17 Í Biblíunni
stendur: „Vilji einhver hrósa sér, þá hrósi hann
því, sem Drottinn hefur gert, en ekki hann
sjálfur.“ 18 Hrósi einhver sjálfum sér og verki
sínu, þá er af litlu að státa, en mæli Drottinn
með honum, horfir öðruvísi við.

11 Ég vona að þið umberið mig þótt ég haldi
áfram að tala eins og heimskingi. Umberið

mig og leyfið mér að segja það sem mér liggur
á hjarta. 2 Mér stendur ekki á sama um ykkur
– ég ber sömu umhyggju fyrir ykkur og Guð.
Ó, hve ég þrái að kærleikur ykkar beinist að
Kristi einum, á sama hátt og ung og hrein stúlka
geymir ást sína handa þeim sem hún elskar,
og síðar giftist. 3 En eitt óttast ég og það er
að hugsanir ykkar spillist og einlægni ykkar
gagnvart Drottni fari dvínandi, rétt eins og
þegar Satan tældi Evu í Edensgarði. 4 Þið virðist
svo auðtrúa! Þið trúið öllu sem ykkur er sagt.
Þið trúið jafnvel mönnum sem koma og boða
annan Jesú en þann sem við boðum, annan
anda en heilagan anda sem þið tókuð á móti og
aðra leið til hjálpræðis en þá sem við sýndum
ykkur. Þið gleypið við öllu. 5 Mér finnast þessir
„stórkostlegu sendimenn Guðs“, eins og þeir
kalla sig, ekki standa mér framar í neinu. 6 Þótt
ég sé lélegur ræðumaður þá veit ég þó hvað ég
segi, það vona ég að ykkur sé ljóst. 7 Ég flutti
ykkur fagnaðarerindið en ég krafðist einskis
af ykkur í staðinn. Voru það mistök hjá mér?
Átti ég að fara fram á einhverja þóknun og var
rangt af mér að auðmýkja mig? 8 Ég rúði aðra
söfnuði og lifði á því sem þeir sendu mér, einnig
þann tíma sem ég var hjá ykkur. Þannig þjónaði
ég ykkur án þess að það kostaði ykkur neitt.
Og þótt allt þryti og ég liði skort, þá bað ég
ykkur samt ekki um neitt, því að hinir kristnu í
Makedóníu færðu mér aðra gjöf. Ég hef aldrei
beðið ykkur um krónu og mun aldrei gera það.
10 Þetta skal ég standa við og segja öllum í
Grikklandi. 11 Hvers vegna? Er það vegna þess
að mér þyki ekki vænt um ykkur? Nei, Guð veit
að mér þykir það. 12 En þetta geri ég til að kippa
fótunum undan þeim sem stæra sig og segjast
vinna verk Guðs eins og við. 13 Þessir menn
eru ekki sendir af Guði, það er áreiðanlegt.
Þeir eru svikarar sem hafa fengið ykkur til að
halda að þeir séu postular Krists. 14 Það undrar
mig reyndar ekki. Satan getur brugðið sér í
gervi ljósengils. 15 Verum því ekki hissa þótt
þjónar hans geti gert það sama og látist vera
þjónar Guðs. Þessir menn munu þó að lokum
verða að súpa seyðið af illverkum sínum, rétt
eins og þeir eiga skilið. 16 Ég bið ykkur enn,
og það vegna þessara orða, að halda ekki að
ég sé búinn að missa vitið. En þótt þið haldið
að svo sé, þá hlustið samt á mig – glórulausan
manninn – heimskingjann. Nú ætla ég að hrósa
mér dálítið á sama hátt og þeir. 17 Slíkt grobb
er ekki að vilja Guðs og því tala ég nú eins
og algjör fáviti. 18 Þessir menn eru sífellt að
ræða við ykkur um hæfileika sína. 19 Þið álítið
ykkur skynsöm, en hlustið samt með ánægju á
þessa heimskingja. Ykkur er alveg sama þótt
þeir geri ykkur að þrælum, taki frá ykkur allt
sem þið eigið, græði á ykkur og setji síðan upp
merkissvip og slái ykkur utan undir. 21 Mér
þykir leitt, en ég mundi aldrei áræða að gera
slíkt. En hverju sem þeir stæra sig af – og nú
tala ég aftur eins og bjáni – þá get ég það líka.
Jæja, lítum nú á hvað þeir segja. 22 Þeir hrósa
sér af því að vera Hebrear. Gott og vel, það er ég
líka. Þeir segjast vera Ísraelsmenn og tilheyra
Guðs útvöldu þjóð, ekki satt? Ég líka. Segjast
þeir ekki vera afkomendur Abrahams? Sama er
að segja um mig. 23 Þeir halda því fram að þeir
þjóni Kristi. Ég hef þjónað honum betur en þeir
allir. (Nú tala ég eins og vitfirringur!) Ég hef lagt
á mig meira erfiði en þeir, verið oftar í fangelsi,
verið húðstrýktur mörgum sinnum og horfst í
augu við dauðann hvað eftir annað. 24 Fimm
sinnum létu Gyðingar húðstrýkja mig, þrjátíu
og níu högg í hvert sinn. Það var hræðilegt.
25 Þrisvar hef ég verið barinn með prikum.
Eitt sinn grýttur, þrisvar hef ég liðið skipbrot
og eitt skiptið var ég sólarhring í sjó. 26 Það
er mörg leiðin og erfið sem ég hef orðið að
ganga. Oft hef ég komist í hann krappan. Ég
hef þurft að vaða vatnsmiklar ár. Ræningjar
hafa verið á leið minni og lent hef ég í kasti
við landa mína Gyðinga jafnt sem heiðingja.
Margsinnis hef ég verið í lífshættu. Víða í
borgum hef ég verið umkringdur af æstum
múg. 27 Ég hef verið útslitinn, sárþjáður, og
margar andvökunæturnar hef ég átt. Oft hef ég
þurft að þola hungur og þorsta, verið klæðlítill
og þjáðst af kulda. 28 Auk alls þessa hef ég
sífelldar áhyggjur af því hvernig söfnuðunum
líður. 29 Hver gerir mistök án þess að ég verði
hryggur? Hver fellur án þess að ég hafi áhuga á
að reisa hann á fætur? 30 Ef ég á annað borð
verð að hrósa mér, þá vil ég heldur hrósa mér
af veikleika mínum. 31 Guð, faðir Drottins Jesú
Krists, hann sem lofaður verður um aldir alda,
veit að ég segi satt. (aiōn g165) 32 Í Damaskus lét
til dæmis landshöfðingi Areta konungs setja
varðmenn við borgarhliðin til að handsama
mig. 33 En þá var ég látinn síga í körfu út
um gat á borgarmúrnum og þannig slapp ég.
(Eftirsóttur? Já, það má nú segja!)

12 Allt slíkt sjálfshól er heimskulegt, en leyfið
mér þó að halda aðeins áfram. Leyfið mér
að segja ykkur frá opinberunum þeim sem
Drottinn hefur gefið mér. 2 Fyrir fjórtán árum
var ég hrifinn upp til himna. Spyrjið mig ekki
hvort líkami minn var með í för eða aðeins
andi minn, það hef ég ekki hugmynd um, það
veit Guð einn. Hvað sem því líður, þá var ég
þarna í Paradís og heyrði margt undarlegt, 4
sem ekki er í mannlegu valdi að lýsa (og þar
að auki er mér óheimilt að segja það öðrum).
5 Það er hægt að stæra sig af slíkri reynslu,
en það ætla ég ekki að gera. Það eina sem ég
ætla að hrósa mér af er vanmáttur minn og
hve Guð er mikill að geta notað vanmátt minn
sér til dýrðar. 6 Ég get hrósað mér af ýmsu, og
slíkt væri engin firra, en ég vil ekki að neinn
geri sér hærri hugmyndir um mig en þær sem
hann fær við að sjá mig og heyra. 7 Nú ætla
ég að segja ykkur nokkuð: Ég hef fengið að
reyna margt stórmerkilegt og því óttaðist Guð
að ég yrði stoltur. Hann lagði því á líkama minn
nokkuð sem stingur líkt og þyrnir. Þetta er
sendiboði Satans og veldur hann mér sársauka
og óþægindum og kveður þannig niður stolt
mitt. 8 Þrisvar hef ég beðið Guð að taka þetta
burt, 9 en í hvert sinn hefur hann svarað: „Nei,
náð mín nægir þér.“Nú gleðst ég yfir því hve
vanmegna ég er og að ég skuli fá að vera lifandi
vitnisburður um kraft Krists, og þurfi ekki að
treysta á mátt minn og megin. 10 Ég veit að
þetta er vilji Krists og því felli ég mig vel við
„þyrninn“og sömuleiðis óþægindi, mannraunir,
ofsóknir og erfiðleika. Þegar ég er vanmegna,
þá er ég sterkur. Því minna sem ég hef, því
meira gefur Kristur mér. 11 Ykkar vegna hef ég
hegðað mér eins og kjáni með öllum þessum
hrósyrðum. Þið hefðuð átt að skrifa um mig, en
ekki láta mig sjálfan þurfa að gera það. Í engu
stóð ég hinum miklu postulum að baki, jafnvel
þótt ég sé ekki neitt. 12 Þegar ég var hjá ykkur
þá sannaði ég, svo ekki varð um villst, að ég
var ósvikinn postuli, sendur til ykkar af Guði
sjálfum. Ég sýndi ykkur þolinmæði og gerði
mörg tákn, undur og kraftaverk á meðal ykkar.
13 Það eina sem ég lét ógert var að íþyngja
ykkur. Ég bað hvorki um mat né húsaskjól. Nú
bið ég ykkur að fyrirgefa mér, því að þarna
urðu mér á mistök! 14 Nú er ég á leið til ykkar í
þriðja sinn og enn ykkur að kostnaðarlausu, því
að ekki þrái ég peningana ykkar, heldur ykkur
sjálf. Þið eruð reyndar börnin mín og börn
sjá ekki fyrir foreldrum sínum, heldur öfugt.
15 Mér er gleðiefni að gefa ykkur sjálfan mig
og allt sem ég á, ykkur til andlegra framfara,
enda þótt svo virðist að því heitar sem ég elska
ykkur, því minna elskið þið mig. 16 Sum ykkar
segja: „Satt er það, svo virtist sem heimsókn
hans hafi ekki kostað okkur neitt, en þessi Páll
er slóttugur náungi. Hann gabbaði okkur. Það
er engum blöðum um það að fletta, hann hlýtur
að hafa grætt á okkur á einhvern hátt.“ 17 En
hvernig? Hef ég notað einhvern þeirra, sem ég
hef sent til ykkar, til að hagnast á ykkur? 18
Var það gert í auðgunarskyni að hvetja Títus til
að heimsækja ykkur ásamt hinum bróðurnum?
Nei, auðvitað ekki. Við framgengum allir í Guðs
anda og fórum allir eins að. 19 Þið haldið, að
með þessum orðum séum við að verja okkur
gagnvart ykkur. Svo er ekki. Ég segi ykkur satt,
og Guð er vitni að því, að orð mín hafa öll
verið sögð ykkur til hjálpar, kæru vinir. Ég hef
viljað efla ykkur andlega, en ekki maka minn
eigin krók. 20 Þegar ég kem til ykkar, óttast
ég að mér líki ekki það sem ég sé og að ykkur
mislíki það sem ég verð að gera. Ég býst við að
ég muni finna ykkur ósátt, full öfundar, reiði,
hroka og talandi illa hvert um annað. Já, ég
óttast að þið séuð stolt og breiðið út óhróður
um náungann. 21 Ég býst við að Guð muni
auðmýkja mig frammi fyrir ykkur og að ég
muni fyllast hryggð vegna þess hve mörg ykkar
hafa syndgað. Þið hafið vanið ykkur á syndina
og finnst allt í lagi að vera ánetjuð siðleysi og
girnd og halda framhjá mökum ykkar.

13 Þetta er nú í þriðja sinn sem ég kem til
ykkar. Biblían segir að hafi tveir eða þrír
orðið vitni að rangindum, þá beri að refsa. Nú
þegar ég kem vara ég ykkur við í þriðja sinn. 2
Ég hef þegar varað þá við sem syndguðu, það
gerði ég síðast þegar ég var hjá ykkur. Nú vara
ég þá aftur við og alla hina eins og ég gerði
þá. Ég segi ykkur hér með að þegar ég kem þá
verð ég undir það búinn að refsa þeim harðlega
og án undanbragða. 3 Ef þið viljið, þá mun
ég sanna á fullnægjandi hátt að ég tala fyrir
munn Krists. Kristur er ekki máttlaus þegar
hann fer höndum um ykkur, nei, hann er sterkt
afl hið innra með ykkur. 4 Vanmegna, kvalinn
og hrjáður dó hann á krossinum, en nú lifir
hann fyrir kraft Guðs. Eins og hann var, erum

við líkamlega veikburða, en lifum þó eins og
hann í styrkleika. Við höfum aðgang að krafti
Guðs og þann kraft munum við nota ykkar á
meðal. 5 Prófið ykkur sjálf. Eruð þið trúuð þegar
allt kemur til alls? Munuð þið standast prófið?
Finnið þið fyrir nálægð Krists? Vex máttur hans
í ykkur? Eða eruð þið kannski aðeins kristin að
nafninu til? 6 Ég vona að þið séuð mér sammála
um að ég hafi staðist prófið og tilheyri Drottni,
svo ekki verði um villst. 7 Ég bið til Guðs að
þið lifið sómasamlegu lífi, en ekki til þess að
þið verðið skrautfjöður í hatt okkar, sem sanni
kenningu okkar. Við viljum að þið gerið það
sem rétt er og jafnvel þótt við sjálfir verðum
fyrirlitnir. 8 Okkar hlutverk er að hvetja ávallt
til þess sem rétt er, því hvernig færi fyrir okkur
ef við ættum að standa gegn sannleikanum? 9
Við gleðjumst þótt við séum veikburða, bara ef
þið verðið styrk. Okkar hjartans bæn og þrá er
að þið verðið fullþroska í trúnni. 10 Þetta skrifa
ég í þeirri von að ég þurfi ekki að ávíta ykkur
eða refsa, þegar ég kem, því að ekki langar mig
til að nota það vald sem Drottinn hefur gefið
mér til að refsa, heldur það vald sem ætlað
er til uppbyggingar hinum trúuðu. 11 Ég lýk
bréfi mínu með þessum orðum: Verið glöð og
vaxið í Kristi. Farið eftir orðum mínum og lifið
í sátt og samlyndi. Friður Guðs og kærleikur
sé með ykkur. 12 Heilsið hvert öðru með hlýju
og kærleika Drottins. 13 Trúsystkini ykkar hér
senda sínar bestu kveðjur. 14 Friður Drottins
Jesú Krists, kærleikur Guðs og samfélag heilags
anda eflist ykkar á meðal. Páll

Galatabréfið

1 Frá Páli, boðbera Krists, og öðrum kristnum
mönnum sem hér eru. **2** Til safnaðanna í
Galatalandi. Köllun mína til kristniboðs fékk
ég ekki frá hópi manna eða félagi, heldur frá
Kristi Jesú sjálfum og Guði föður sem reisti
Krist upp frá dauðum. **3** Friður og blessun Guðs
föður og Drottins Jesú Krists sé með ykkur. **4**
Kristur dó fyrir syndir okkar eins og Guð faðir
hafði ætlast til, og frelsaði okkur frá öllu því
illa sem ræður ríkjum í þessum heimi. **(aiōn g165)**
5 Dýrð sé Guði um aldir alda. Amen. **(aiōn g165)**
6 Ég undrast hve fljótt þið hafið snúið ykkur
frá Guði, sem af kærleika sínum og miskunn
bauð ykkur hlut í eilífa lífinu, sem hann gefur í
Kristi. Þið eruð strax komin út á annan „veg til
himins“, – veg sem hreint ekki liggur til himins!
7 Það er ekki um neina aðra leið að ræða en
þá sem við bentum ykkur á. Þið hafið látið
blekkjast af þeim sem rangsnúa sannleikanum
um Krist. **8** Ef einhver boðar aðra leið til Guðs
en þá sem við boðuðum ykkur, þá sé hann
bölvaður, jafnvel þótt það væri ég eða engill
frá himni. **9** Ég endurtek: Ef einhver boðar
annað fagnaðarerindi en það sem þið hafið
tekið á móti, þá komi bölvun Guðs yfir hann.
10 Ykkur er ljóst að ég er ekki að reyna að þóknast
ykkur með fagurgala og smjaðri. Nei, ég reyni
að þóknast Guði. Ef ég væri enn að reyna að
þóknast mönnum, þá gæti ég ekki verið þjónn
Krists. **11** Kæru vinir, sú leið til himins, sem
ég predika, er ekki byggð á hugmyndum eða
óskhyggju manna. **12** Boðskapur minn er frá
sjálfum Kristi Jesú og engum öðrum! Það var
hann sem lagði mér orð í munn. Hann einn
uppfræddi mig. **13** Þið vitið hvernig ég var
meðan ég var í Gyðingdómnum. Ég elti hina
kristnu miskunnarlaust, kom þeim á kné og
gerði mitt besta til að útrýma þeim. **14** Ég
var einn trúhneigðasti Gyðingur landsins og
reyndi eins og ég gat að fara eftir öllum gömlu
siðareglum trúar minnar. **15** En skyndilega
breyttist allt! Sannleikurinn er sá, að áður en ég
fæddist, hafði Guð af miskunn sinni útvalið mig
sér til eignar. **16** Síðan kallaði hann mig, því
hann ætlaði mér að bera syni sínum vitni meðal
heiðingjanna og kynna þeim gleðitíðindin um
Jesú. Fyrst í stað sagði ég engum frá þessu. **17** Ég
fór ekki til Jerúsalem til að ráðgast við þá sem
höfðu orðið postular á undan mér, heldur fór
ég til Arabíu. Síðan fór ég aftur til Damaskus. **18**
Og loks þrem árum síðar fór ég til Jerúsalem til
að heimsækja Pétur og dvaldist hjá honum í
fimmtán daga. **19** Ég hitti aðeins einn annan
postula, Jakob, bróður Drottins. **20** Þetta sem ég
nú hef sagt ykkur er satt, það veit Guð. Þannig
var þetta nákvæmlega, ég lýg ekki. **21** Eftir þessa
heimsókn fór ég til Sýrlands og Kilikíu. **22** Hinir
kristnu í Júdeu þekktu mig ekki persónulega. **23**
Allt sem þeir vissu um mig, voru þessi ummæli:
„Sá sem áður ofsótti, boðar nú trúna.“ **24** Og
þeir lofuðu Guð vegna mín.

2 Fjórtán árum síðar fór ég aftur til Jerúsalem
og þá með Barnabasi. Títus varð samferða
okkur. **2** Ég fór þangað eftir beinni skipun frá
Guði, til að gera bræðrunum þar grein fyrir
þeim boðskap sem ég hafði flutt heiðingjunum.
Ég talaði við leiðtoga safnaðarins í þeirri von
að þeir legðu blessun sína yfir boðskapinn, **3**
sem þeir og gerðu. Þeir fóru ekki einu sinni
fram á að Títus, félagi minn, yrði umskorinn, en
hann var áður heiðingi. **4** Slík krafa hefði ekki
heldur getað komið fram þar, nema þá frá þeim
sem kalla sig kristna, en eru það ekki í reynd.
Þeir – þessir falsbræður – höfðu laumast inn og
njósnað um okkur til að komast á snoðir um
frelsið, sem við njótum í Kristi Jesú, og einnig
til að sjá hvort við hlýddum lögum Gyðinga eða
ekki. Þeir reyndu að flækja okkur með ýmsum
lagakrókum, til að hneppa okkur í bönd eins
og þræla. **5** En við svöruðum þeim ekki, því
við vildum ekki rugla ykkur með vangaveltum
um hvort hægt væri að ávinna sér hjálpræði
Guðs, með því að láta umskerast og hlýða
lögum Gyðinga. **6** En hvað um það, leiðtogar
safnaðarins í Jerúsalem gerðu enga athugasemd
við það sem ég predikaði. Það skiptir raunar
engu máli þótt þeir væru miklir leiðtogar, því
að allir eru jafnir fyrir Guði. **7** Sem sagt, þegar
máttarstólpum safnaðarins, þeim Pétri, Jakobi
og Jóhannesi, varð ljóst hversu Guð hafði notað
mig til að ávinna heiðingjana, á sama hátt og
Pétur hafði orðið til mikillar blessunar með
predikunum sínum meðal Gyðinga – því það
var Guð sem fékk okkur sitt verkefnið hvorum
– þá tókust þeir í hendur við okkur Barnabas
og hvöttu okkur til að halda áfram að starfa
á meðal heiðingjanna. Sjálfir ætluðu þeir að
halda áfram starfi sínu meðal Gyðinga. **10** Það

einа sem þeir tóku fram, var að við skyldum
jafnan muna eftir að rétta fátækum hjálparhönd
og sjálfur hef ég reynt að kappkosta það. 11
Seinna kom Pétur frá Antíokkíu og þá varð ég
að mótmæla framkomu hans harðlega í allra
áheyrn, því að hún var allsendis óverjandi. 12
Ástæðan var sú að fyrst eftir að hann kom, þá
borðaði hann með kristnum mönnum sem áður
höfðu verið heiðingjar (en höfðu hvorki verið
umskornir né gengist undir lög Gyðinga). Síðar
komu nokkrir Gyðingar, vinir Jakobs, en þá vildi
hann ekki lengur borða með heiðingjunum, því
að hann var hræddur um að Gyðingunum myndi
ekki líka það. En þeir voru þeirrar skoðunar
að nauðsynlegt væri að láta umskerast til að
geta frelsast. 13 Þá gerðist það að allir kristnu
Gyðingarnir, ásamt Barnabasi, tóku að hræsna
eins og Pétur, þótt þeir vissu auðvitað betur. 14
Þegar ég sá þá breyta þannig gegn betri vitund
og fara ekki eftir sannleika fagnaðarerindisins,
sagði ég við Pétur svo allir heyrðu: „Þótt þú sért
fæddur Gyðingur, er langt um liðið frá því þú
lagðir lög þeirra og siði á hilluna. Segðu mér:
Hvers vegna tekur þú allt í einu upp á því núna
að fá þessa heiðingja til að fylgja siðvenjum
Gyðinga? 15 Báðir erum við fæddir Gyðingar og
erum því ekki „syndugir heiðingjar“. 16 Samt
vitum við vel, sem kristnir Gyðingar, að við
getum ekki orðið réttlátir í augum Guðs með
því að halda lög Gyðinga. Það er aðeins hægt
með því að trúa að Jesús Kristur taki burt syndir
okkar. Einmitt þess vegna tókum við trú á Krist,
til að við réttlættumst fyrir trúna, en ekki fyrir
hlýðni við lög Gyðinga. Enginn maður mun
nokkru sinni frelsast fyrir slíka löghlýðni.“ 17 En
hvernig færi ef við sem treystum því að Kristur
frelsi okkur, kæmumst að því að við hefðum á
röngu að standa og gætum ekki frelsast, nema
því aðeins að við létum umskerast og héldum
lög Gyðinga? Yrðum við þá ekki að segja að
trúin á Krist hefði orðið okkur til tjóns? Nei,
slíkt er fráleitt! 18 Sannleikurinn er sá að ef
við förum að endurreisa gamla kerfið, sem ég
hef verið að rífa niður, og reynum að frelsast
með því að halda lög Gyðinga, þá sitjum við
rækilega föst í syndinni. 19 Hvað lögin snertir,
er mér ljóst að ég mundi aldrei geta unnið
hylli Guðs með því að reyna að hlýðnast þeim,
því mér tækist það aldrei. Með því væri ég
einungis að undirrita minn eigin dauðadóm.
Mér varð ljóst að mennirnir geta aðeins orðið
Guði velþóknanlegir fyrir trúna á Krist. 20 Þegar
Kristur var krossfestur, var það vegna óhlýðni
minnar og synda. Því er ég krossfestur með
honum, sjálfur lifi ég ekki framar, heldur lifir
Kristur í mér. Það líf sem ég lifi nú í líkamanum
er byggt á trú minni á Guðs son, sem elskaði
mig og dó í minn stað. 21 Sumum finnst Kristur
hafa dáið til einskis en það finnst mér ekki.
Ef hins vegar væri hægt að frelsast með því
að halda lög Gyðinga, þá hefði Kristur dáið til
einskis.

3 Æ, þið heimsku Galatar! Hvaða galdrameistari
hefur dáleitt ykkur og lagt á ykkur þessi illu
álög? Sú var tíðin að þið sáuð tilganginn með
dauða Jesú Krists, jafn skýrt og ég hefði sýnt
ykkur mynd af Jesú á krossinum. 2 Leyfið mér
að spyrja ykkur einnar spurningar: Fenguð þið
heilagan anda fyrir að halda lög Gyðinga? Nei,
svo sannarlega ekki! Heilagur andi kom ekki
yfir ykkur fyrr en þið höfðuð heyrt um Krist og
tekið trú á hann. 3 Eruð þið orðin rugluð eða
hvað? Í fyrra sinnið mistókst ykkur að eignast
andlegt líf, því að þið hélduð að leiðin til þess
væri að halda lög Gyðinga. Hvernig getur ykkur
þá dottið í hug að nú gætuð þið þroskast í
trúnni á Krist, með því að hlýða þessum lögum?
4 Þið sem hafið orðið að líða svo mikið vegna
fagnaðarerindisins, ætlið þið nú að varpa öllu
fyrir borð? Ég trúi því ekki? 5 Ég spyr aftur:
Gefur Guð ykkur kraft heilags anda og lætur
hann ykkur vinna máttarverk vegna hlýðni
ykkar við lög Gyðinga? Nei, auðvitað ekki!
Slíkt gerist hins vegar þegar þið trúið Kristi
og treystið honum algjörlega. 6 Slík var einnig
reynsla Abrahams. Guð lýsti hann réttlátan
fyrir það eitt að hann trúði loforðum Guðs. 7
Af þessu getið þið séð að hinir raunverulegu
afkomendur Abrahams eru þeir sem trúa á
Guð og treysta honum heilshugar. 8 Auk þessa
benti Biblían fram til þess tíma, er Guð mundi
einnig frelsa heiðingjana vegna trúar þeirra.
Fyrir löngu sagði Guð við Abraham: „Eins og
ég hef blessað þig, svo mun ég og blessa aðra
þá sem mér treysta, hverrar þjóðar sem þeir
eru.“Af þessu er auðséð að allir sem treysta
Kristi, fá hlutdeild í blessun Abrahams. 10 Þeir
sem álíta að lög Gyðinga frelsi þá, eru undir
bölvun Guðs. Biblían segir skýrt og skorinort:
„Bölvaður er hver sá er brýtur lögin í lögbók
minni, þótt ekki sé nema eitt ákvæði þeirra.“

11 Af þessu er ljóst að aldrei mun neinn geta
unnið sér hylli Guðs með því að reyna að halda
lög Gyðinga, því að Guð hefur sagt að eina
leiðin til að verða réttlátur í hans augum sé
leið trúarinnar. Um þetta segir spámaðurinn
Habakúk: „Sá sem finnur lífið, finnur það í
trúnni á Guð.“ 12 Hvílíkur reginmunur á þessum
vegi trúarinnar og vegi laganna. Vegur laganna
er þessi: Ef þú hlýðir lögunum í hverju einstöku
atriði, þá muntu frelsast. 13 Nú hefur Kristur
hins vegar keypt okkur laus undan dómi þessa
vonlausa lagakerfis, með því að taka á sig
bölvunina sem fylgdi óhlýðni okkar. Það gerði
hann á krossinum og það minnir ykkur eflaust
á orð Biblíunnar: „Bölvaður er hver sá sem á
tré hangir.“ 14 Nú getur Guð einnig blessað
heiðingjana með sömu blessun og hann hét
Abraham. Sömuleiðis getum við öll sem kristin
erum, fengið heilagan anda með því að trúa,
eins og okkur hafði verið lofað. 15 Kæru vinir,
við vitum að í daglegu lífi er það svo að gefi
einhver skriflegt loforð og undirriti það, þá
verður hann að halda það. Hann getur ekki allt
í einu ákveðið að ganga á bak orða sinna. 16 Nú
var það svo að Guð gaf Abraham og barni hans
ákveðin loforð. Takið eftir, að ekki er sagt að
loforðin væru til barna hans, eins og ef um alla
syni hans hefði verið að ræða – alla Gyðinga. –
Nei, hér var talað um barn – og þar er auðvitað
átt við Krist. 17 Með þessu á ég við að loforð
sem Guð gaf – ritaði og síðan staðfesti – um
að við frelsumst fyrir trú, var útilokað að fella
úr gildi eða breyta fjögur hundruð og þrjátíu
árum síðar, þegar Guð birti lög sín. 18 Ef hlýðni
við þau lög gæti frelsað okkur, er augljóst að
þar er um aðra leið að ræða til að ná vináttu
Guðs, en þá sem Abraham fór, því hann trúði
hiklaust loforði Guðs. 19 En til hvers voru þá
lögin? Jú, þeim var bætt við eftir að loforðið
hafði verið gefið, til að sýna mönnunum hversu
sekir þeir væru þegar þeir brytu lög Guðs. Þessi
lög áttu aðeins að gilda þar til Kristur kæmi,
en hann er barnið sem loforð Guðs snerist
um. (Á þessu tvennu er reyndar enn meiri
munur: Guð lét engla færa Móse lögin sem
hann síðan færði fólkinu, 20 en þegar Guð hins
vegar gaf Abraham loforð sitt, þá gerði hann
það sjálfur milliliðalaust.) 21 Eru þá lög Guðs í
andstöðu við loforð hans? Nei, vissulega ekki!
Ef við gætum frelsast með því að halda lögin,
þá hefði Guð ekki þurft að opna okkur aðra leið
til að losna úr klóm syndarinnar – en Biblían
leggur áherslu á að allir séu fangar hennar. Eina
undankomuleiðin er trúin á Jesú Krist og hún
er öllum opin. 23 Áður en Kristur kom, vorum
við undir ströngu eftirliti laganna. Við vorum
bókstaflega í fjötrum, þar til við eignuðumst
trúna á frelsarann. 24 Segja má að lögin hafi
rekið okkur til Krists, sem síðan leiddi okkur
með trúnni á veginn til Guðs. 25 En fyrst Kristur
er kominn, þurfum við ekki lengur á þessum
lögum að halda til að gæta okkar og leiðbeina
okkur til hans. 26 Nú erum við börn Guðs fyrir
trúna á Jesú Krist, 27 og við sem skírð erum til
að sameinast honum, höfum íklæðst honum. 28
Nú skiptir engu máli hvort við erum Gyðingar
eða Grikkir, frjálsir menn eða þrælar, karlar eða
konur. Við erum öll kristin og eitt í Kristi Jesú.
29 Nú tilheyrum við Kristi og erum því sannir
afkomendur Abrahams og öll þau loforð sem
Guð gaf honum, tilheyra okkur.

4 Þið vitið að ef faðir deyr og eftirlætur ungum
syni sínum mikil auðæfi, þá er barnið lítið
betur statt en þræll meðan það vex úr grasi,
enda þótt það hafi erft allar eigur föður síns.
2 Barnið verður að gera það sem forráða- og
fjárhaldsmenn þess segja, þar til það nær þeim
aldri sem faðir þess tiltók. 3 Við vorum í svipaðri
aðstöðu áður en Kristur kom, undir lögum og
reglum Gyðinga, því við töldum það einu leiðina
til hjálpræðis. 4 En þegar rétti tíminn kom,
sem Guð hafði ákveðið, þá sendi hann son sinn.
Hann fæddist af konu sem Gyðingur og varð
að lúta öllum lögum Gyðinga, 5 til að kaupa
okkur frelsi, okkur sem voru þrælar laganna,
svo að hann gæti ættleitt okkur – gert okkur að
börnum sínum. 6 Og fyrst við erum börn hans,
þá sendi hann anda sonar síns í hjörtu okkar
og því getum við nú með sanni sagt að Guð sé
faðir okkar. 7 Nú erum við ekki framar þrælar,
heldur börn Guðs! Fyrst við erum börn hans,
þá erum við um leið erfingjar að öllum eigum
hans, og það var einmitt áform Guðs. 8 Áður
en þið kynntust Guði, voruð þið heiðingjar. Þið
voruð þrælar svokallaðra guða sem voru ekki
einu sinni til. 9 En fyrst svo var, hvers vegna
viljið þið, sem funduð Guð (eða ætti ég heldur
að segja að Guð hafi fundið ykkur?), þá snúa
við og verða aftur þrælar máttvana og einskis
nýtra trúarbragða og komast til himins fyrir
hlýðni við lög Guðs? 10 Þið eruð að reyna að

ná hylli Guðs með verkum ykkar eða því sem
þið látið ógert tiltekna daga eða mánuði. 11 Ég
óttast um ykkur. Ég óttast að allt erfiðið sem ég
lagði á mig ykkar vegna, hafi verið til einskis.
12 Kæru vinir, lítið á málið frá minni hlið. Ég er
jafn laus við þessa lagaáþján og þið voruð. Ekki
sýnduð þið mér fyrirlitningu þegar ég flutti
ykkur gleðiboðskapinn um Krist í fyrsta sinn, 13
og það þrátt fyrir að ég væri sjúkur. 14 Veikindi
mín hefðu getað vakið viðbjóð ykkar, en samt
sneruð þið ekki við mér bakinu né senduð mig
burt. Nei! Þið tókuð við mér og önnuðust mig
eins og engil frá Guði eða þá sjálfan Jesú Krist.
15 Hvað varð um þann góða anda sem þá ríkti
milli okkar? Ég er viss um að þið hefðuð þá
verið fúsir að taka úr ykkur augun og gefa
mér, í stað minna, ef einhver hjálp hefði verið
í því. 16 Er ég nú orðinn óvinur ykkar vegna
þess eins að ég segi ykkur sannleikann? 17
Þessir falskennendur sem leggja ofurkapp á að
fá ykkur á sitt band, eru ekki að því ykkur til
góðs, heldur til að komast upp á milli ykkar og
mín, svo að þið takið frekar mark á þeim. 18 Það
er gott og blessað að fólk sýni ykkur vinsemd,
ef það er gert af góðum hug og einlægu hjarta
og ekki bara til að sýnast fyrir mér. 19 Þið
hafið sært mig, börnin mín! Ykkar vegna er
ég enn að taka út þjáningar móðurinnar sem
bíður þess að barn hennar fæðist – og mikið
þrái ég þá stund er þið að lokum verðið lík
Kristi. 20 Ó, hve ég vildi geta verið hjá ykkur
núna, einmitt núna, og þurfa ekki að vera að
rökræða svona við ykkur. Nú er langt á milli
okkar og ég veit alls ekki hvað ég á til bragðs
að taka. 21 Hlustið nú vinir mínir, þið sem
álítið að þið þurfið að hlýða lögum Gyðinga
til að frelsast. Hvers vegna reynið þið ekki að
skilja tilgang laganna? 22 Í Biblíunni segir að
Abraham hafi átt tvo syni, annan með Hagar, en
hún var ambátt, og hinn með Söru, frjálsborinni
konu sinni. 23 Það var ekkert óvenjulegt við
fæðingu barnsins sem Hagar eignaðist, en barn
frjálsu konunnar fæddist samkvæmt sérstöku
loforði sem Guð hafði gefið. 24 Þessi frásaga
sýnir ljóslega þær tvær leiðir sem Guð fer til
að hjálpa fólki. Önnur var sú að gefa því lög
til að fara eftir. Það gerði hann á Sínaífjalli
þegar hann gaf Móse boðorðin tíu. Sínaífjall
er reyndar kallað Hagarfjall af Aröbum. 25 Í
myndinni sem ég er að draga upp, táknar Hagar,
hin þrælborna kona Abrahams, Jerúsalem,
höfuðborg Gyðinga, en hún er miðstöð þeirra
kenninga sem segja að við getum þóknast Guði
með því að hlýða boðorðunum. Og Gyðingarnir,
sem aðhyllast þessa skoðun, eru börn hennar –
fædd í þrældómi. 26 Okkar höfuðborg er hins
vegar hin himneska Jerúsalem og sú borg er ekki
þrælkuð af lögum Gyðinga. 27 Þessu spáði Jesaja
er hann sagði: „Gleðstu nú, barnlausa kona!
Hrópaðu af gleði, þú sem engar hefur hríðirnar
haft, því að börn hinnar yfirgefnu eru fleiri en
þeirrar sem manninn á.“ 28 Kæru vinir, það
sama gildir um okkur og Ísak, við erum börnin
sem Guð gaf loforð um að fæðast myndu. 29
Ísak, barn fyrirheitisins, var ofsóttur af Ísmael,
syni þrælbornu konunnar, og á sama hátt erum
við, sem fædd erum af heilögum anda, ofsótt af
þeim sem vilja að við höldum lög Gyðinga. 30
Biblían segir enn fremur að Guð hafi fyrirskipað
Abraham að senda ambáttina burt ásamt syni
hennar, því að ekki gat sonur hennar erft eigur
Abrahams ásamt syni frjálsu konunnar. 31 Kæru
vinir, við erum ekki þrælabörn og því ekki
skyldug að hlýða lögum Gyðinga. Við erum börn
frjálsu konunnar og vegna trúarinnar erum við
velþóknanleg í augum Guðs.

5 Kristur frelsaði okkur til þess að við skyldum
lifa í frelsi. Verið því staðföst og látið ekki
aftur leggja á ykkur þrældómsfjötra, sem binda
ykkur föst við lög og siðvenjur Gyðinga. 2 Takið
eftir, því þetta er mikilvægt: Ef þið ætlið að
verða réttlát í augum Guðs með því að láta
umskerast og hlýða lögum Gyðinga, þá getur
Kristur ekki frelsað ykkur. 3 Ég endurtek: Hver
sá sem reynir að þóknast Guði með því að láta
umskerast, verður upp frá því að hlýða öllum
lögum Gyðinga eða glatast ella. 4 Kristur er
ykkur gagnslaus, ef þið haldið að þið getið greitt
skuld ykkar við Guð með því að halda þessi lög
– og þar með hafið þið misst af náð Guðs. 5
En með hjálp heilags anda, trúum við því hins
vegar að Kristur hafi dáið til að hreinsa burt
syndir okkar og að hann komi öllu í lag milli
okkar og Guðs. 6 Við, sem höfum eignast eilíft
líf hjá Kristi, þurfum hvorki að hafa áhyggjur
af því hvort við séum umskorin eða ekki, né
hvort við förum eftir siðum Gyðinga eða ekki
– allt sem við þörfnumst er trú sem starfar í
kærleika. 7 Þið byrjuðuð vel, en hver truflaði
ykkur eða hindraði í að fylgja sannleikanum?
8 Áreiðanlega ekki Guð, því að það var hann

sem kallaði ykkur til frelsis í Kristi. 9 Ef eitt
ykkar er vegvillt, þá nægir það til að villa um
fyrir öllum hinum. 10 Ég treysti því að Drottinn
muni aftur koma ykkur á sömu skoðun og þá
sem ég hef á þessum hlutum. Guð mun hafa
afskipti af manninum sem truflaði ykkur og olli
ruglingnum. 11 Sumir segja, að ég prediki sjálfur
að umskurn og hlýðni við lög Gyðinga séu
nauðsynlegir þættir í hjálpræðinu. Þá væri ég
ekki lengur ofsóttur – því að slíkur boðskapur
hneykslar engan. Sú staðreynd, að ég er alltaf
ofsóttur, sannar hins vegar að ég predika enn
að hjálpræðið fáist einungis fyrir trú á það verk
sem Kristur vann á krossinum. 12 Ég óska þess
eins að þessir fræðimenn sem vilja umskera
ykkur, skeri þess í stað á allt samband sitt við
ykkur og láti ykkur í friði. 13 Kæru vinir, þið
hafið öðlast frelsi – ekki til að gera það sem
rangt er, heldur til að elska og þjóna hvert öðru.
14 Öll lög Gyðinga má draga saman í eitt boðorð:
Elskaðu aðra eins og sjálfan þig. 15 Ef þið eruð
sífellt að finna að og kvarta, í stað þess að
sýna hvert öðru kærleika, þá gætið ykkar! Varið
ykkur á að spilla ekki hvert fyrir öðru. 16 Ég
hvet ykkur til að hlýða aðeins því sem heilagur
andi segir ykkur. Hann mun segja ykkur hvert
þið eigið að fara og hvað þið eigið að gera, og þá
munuð þið ekki lengur hlýðnast sjálfselskunni.
17 Það er í eðli okkar að gera hið illa, einmitt
það sem heilagur andi segir okkur að láta ógert.
Sama er að segja um hið góða sem heilagur
andi kemur til leiðar, þegar hann fær rúm í lífi
okkar, það stendur í gegn okkar illa eðli. Þessi
tvö öfl innra með okkur eiga í stöðugri baráttu
um yfirráð yfir okkur og þau munu aldrei láta
okkur afskiptalaus. 18 Þegar þið látið leiðast
af heilögum anda, þá þurfið þið ekki lengur
að þvinga ykkur til hlýðni við lög Gyðinga. 19
En ef þið hins vegar látið eigingirnina leiða
ykkur, þá verður afleiðingin þessi í lífi ykkar:
Óhreinar hugsanir, löngun í siðlausar nautnir,
20 hjáguðadýrkun, andakukl, fjandskapur og
deilur, afbrýðisemi, reiði, eigingirni, sundrung
og flokkadrættir. Rangkenningar munu koma
fram, 21 öfund, drykkjuskapur, svall og fleira
í þeim dúr. Og enn einu sinni segi ég ykkur,
eins og ég hef oft sagt áður, að sá sem lifir slíku
lífi mun ekki erfa guðsríki. 22 Ef hins vegar
heilagur andi stjórnar lífi okkar, þá skapar hann
eftirfarandi ávexti í okkur: Kærleika, gleði, frið,
þolinmæði, gæsku, góðvild, trúmennsku, 23
hógværð, sjálfsstjórn og bindindi, – ekkert af
þessu er í andstöðu við lög Gyðinga. 24 Þeir
sem tilheyra Kristi, hafa krossfest hinar illu og
holdlegu hvatir sínar á krossi hans. 25 Ef við
lifum í krafti heilags anda, þá fylgjum við einnig
leiðsögn hans í einu og öllu. 26 Þá þurfum við
ekki að keppa eftir heiðri og vinsældum, því
slík samkeppni vekur aðeins afbrýðisemi og
fjandskap.

6 Kæru trúsystkin, ef kristinn maður fellur
fyrir einhverri synd, þá ber ykkur sem
guðrækin eruð, að leiða hann aftur á réttan veg
og það með hógværð og auðmýkt. Minnist þess
jafnframt að næst gæti eitthvert ykkar orðið
fyrir hinu sama. 2 Takist á við vandamál og
erfiðleika hvers annars og hlýðið þannig boði
Drottins. 3 Finnist einhverjum hann of mikill
maður til að auðmýkja sig á þennan hátt, þá
blekkir hann sjálfan sig, því að sjálfur er hann
ekkert. 4 Hver um sig gæti þess að gera sitt
besta og þá getur hann glaðst hið innra yfir vel
unnu verki og þarf ekki að bera sig saman við
aðra. 5 Hver og einn verður að berjast við eigin
veikleika og vandamál, því að ekkert okkar er
fullkomið. 6 Þeim sem fræðslu njóta í guðsorði,
ber að veita kennurum sínum fjárhagslegan
stuðning. 7 Forðist alla sýndarmennsku fyrir
Guði, því þið munuð uppskera eins og þið
sáið. 8 Sá sem vill fullnægja sínum illu hvötum,
sáir illgresi í hjarta sitt og uppsker andlega
niðurlægingu og dauða. Ef hann hins vegar sáir
hinu góða sæði Guðs anda, þá uppsker hann
eilíft líf sem andinn gefur honum. (aiōnios g166)
9 Þreytumst ekki á að gera hið góða, því að á
sínum tíma munum við uppskera blessun, ef við
gefumst ekki upp. 10 Notum því hvert tækifæri
til að sýna öðrum vináttu og þá sérstaklega
trúsystkinum okkar. 11 Niðurlag bréfsins ætla
ég að skrifa með eigin hendi. Sjáið hvað ég
skrifa stóra stafi! 12 Þessir fræðarar ykkar, sem
leggja hart að ykkur að láta umskerast, hafa
aðeins eitt í huga. Þeir vilja ná vinsældum, svo
þeir komist hjá ofsóknunum sem þeir annars
ættu í vændum, ef þeir segðu að verk Krists á
krossinum nægði til hjálpræðis. 13 Þessir menn,
sem fylgja umskurninni, reyna ekki einu sinni
að halda lög Gyðinga að öðru leyti. Þeir vilja að
þið látið umskerast, svo að þeir geti stært sig af
ykkur sem sínum lærisveinum. 14 Guð forði mér
frá því að hrósa mér af nokkru öðru en krossi

Drottins Jesú Krists. Langt er nú síðan kross
þessi deyddi alla löngun mína í lystisemdir
heimsins og áhugi heimsins á mér er einnig
löngu horfinn. **15** Það skiptir ekki lengur máli
hvort við erum umskornir eða ekki. Það sem
máli skiptir er hvort við erum orðin ný sköpun
– nýjar manneskjur. **16** Miskunn og friður Guðs
sé með ykkur öllum sem lifið eftir reglu þessari,
öllum þeim sem Guði tilheyra, hvar sem þeir
eru. **17** Ég bið ykkur að mæða mig ekki framar
með þessum deilum, því að líkami minn ber
ör eftir svipuhögg og sár, sem óvinir Jesú hafa
veitt mér. **18** Kæru vinir, náð Drottins Jesú Krists
sé með ykkur öllum. Amen. Páll.

Efesusbréfið

1 Páll, sem Guð valdi til að vera sendiboði Jesú
Krists, sendir kveðju ykkur öllum sem kristin
eruð í Efesus. **2** Náð og friður sé með ykkur frá
Guði föður og Drottni Jesú Kristi. **3** Lofaður sé
Guð, faðir Drottins Jesú Krists, sem frá himnum
hefur blessað okkur ríkulega, vegna þess að við
tilheyrum Jesú. **4** Áður en heimurinn varð til,
ákvað hann að við skyldum verða börnin hans,
vegna trúar okkar á Jesú Krist. Þá ákvað hann
að gera okkur heilög og lýtalaus, okkur, sem
stöndum frammi fyrir honum umvafin kærleika
hans. **5** Allt frá upphafi var það óumbreytanleg
ákvörðun hans að ættleiða okkur inn í fjölskyldu
sína og það gerði hann með því að senda Jesú
Krist og láta hann deyja fyrir okkur. Þetta
var hans eigin ósk. **6** Lofaður sé Guð vegna
undursamlegrar miskunnar sinnar við okkur og
vegna kærleikans sem hann hefur sýnt okkur í
sínum elskaða syni. **7** Kærleikur hans er svo
takmarkalaus að hann tók burt allar syndir
okkar, með dauða sonar síns, og frelsaði okkur.
8 Hann hefur látið blessun sína streyma ríkulega
yfir okkur og veitt okkur þekkingu og skilning
á fyrirætlunum sínum og leyndardómum. **9** Í
upphafi tók Guð þá ákvörðun, af miskunn sinni,
að senda Krist, og nú hefur hann upplýst hvers
vegna. **10** Fyrirætlun hans var þessi: í fyllingu
tímans ætlar hann að safna okkur saman úr
öllum áttum – hvort sem við þá verðum á himni
eða jörðu – svo að við getum verið með Kristi
að eilífu. **11** Vegna þess sem Kristur hefur gert,
erum við gjöf til Guðs, sem gleður hann, því að í
upphafi valdi hann okkur til að tilheyra sér. Allt
mun þetta fara eins og Guð ákvað í upphafi. **12**
Því skulum við, sem höfum tekið trú á Krist, lofa
og vegsama Guð og gefa honum dýrðina vegna
þess sem hann hefur gert fyrir okkur. **13** Eftir
að þið heyrðuð gleðiboðskapinn um hvernig
hægt væri að frelsast og trúðuð Kristi, merkti
Guð ykkur sem sína eign, með því að gefa ykkur
heilagan anda. En því hafði Guð fyrir löngu
heitið öllum þeim sem kristnir yrðu. **14** Það að
heilagur andi býr í okkur, er trygging þess að
Guð muni veita okkur allt það sem hann hefur
lofað. Það er einnig tákn þess að Guð hafi þegar
keypt okkur sér til eignar og að hann ábyrgist
að taka okkur til sín. Þetta er enn ein ástæða
þess að við eigum að vegsama Guð. **15** Eftir að
ég heyrði um það hvernig þið treystið Jesú í
öllu og um kærleika ykkar til allra kristinna
manna **16** hef ég ekki látið af að þakka Guði
fyrir ykkur. Ég bið Guð þess stöðugt að hann,
faðir Drottins Jesú Krists, gefi ykkur visku, svo
að þið skiljið fullkomlega hver Kristur er og
hvað hann hefur gert fyrir ykkur. **18** Ég bið þess
að hugur ykkar opnist fyrir ljósi hans, svo að
þið getið skilið þá framtíð sem hann vill gefa
ykkur og hefur kallað ykkur til. Ég vil að þið
gerið ykkur grein fyrir þeim auðæfum sem við
höfum eignast, við að taka á móti Kristi Jesú.
19 Svo bið ég þess að skilningur ykkar opnist,
svo að þið sjáið hve óendanlega mikill máttur
hans er, þeim til hjálpar, sem á hann trúa. Þetta
er sami kröftugi mátturinn **20** og reisti Krist
upp frá dauðum og leiddi hann til heiðurssætis
hjá Guði á himnum. **21** Vald hans er meira en
nokkurs konungs, foringja, einræðisherra eða
leiðtoga, hvort heldur þessa heims eða annars.
(aiōn g165) **22** Guð hefur lagt allt að fótum hans og
gert hann höfuð kirkjunnar. **23** Kirkjan er líkami
hans og verkfæri – hans, sem er höfundur og
gjafari alls á himni og jörðu.

2 Áður voruð þið undir bölvun Guðs – þið
voruð dauðadæmd vegna synda ykkar. **2** Þið
bárust með straumnum og voruð eins og allir
aðrir, bundin af synd og hlýðni við hinn volduga
Satan, hinn volduga, sem ríkir í andaheiminum
og starfar í þeim sem ekki trúa á Drottin. **(aiōn
g165)** **3** Þannig var eitt sinn ástatt um okkur
öll. Við létum stjórnast af illum hvötum, og
gerðum allt það sem eigingirni okkar og vondar
hugsanir leiddu okkur til – við gerðum bara eins
og okkur sýndist. Þess vegna beið okkar ekki
annað en dómur Guðs. Við vorum ofurseld reiði
Guðs, eins og allir sem þannig er ástatt um. **4**
En Guð er svo sannarlega auðugur að miskunn.
5 Þótt við værum andlega dauð og dæmd vegna
synda okkar, elskaði hann okkur svo heitt að
hann gaf okkur lífið á ný – það gerði hann þegar
hann reisti Krist upp frá dauðum. Það er aðeins
óverðskuldaðri miskunn hans að þakka að við
höfum bjargast. **6** Hann vakti okkur til nýs lífs
með Kristi, flutti okkur inn í ríki hans og bjó
okkur stað með honum í hinu himneska ríki –
allt árangur af verki Jesú Krists. **7** Til þess að við
gætum borið vitni um óendanlegan kærleika
hans, sem birtist í öllu því sem hann hefur gert
fyrir okkur. **(aiōn g165)** **8** Það var miskunn Guðs

að þakka að þið frelsuðust, með því að trúa á
Krist. Trú ykkar er ekki ykkur að þakka, hún
er líka gjöf frá Guði. 9 Hjálpræði Guðs er ekki
laun fyrir góðverk ykkar og þess vegna getur
heldur enginn þakkað sjálfum sér það. 10 Guð
einn hefur gert okkur að því sem við erum og
gefið okkur nýtt líf í Kristi Jesú, og hann ákvað
fyrir löngu að þetta nýja líf skyldum við nota
öðrum til hjálpar. 11 Því skuluð þið ekki gleyma
að eitt sinn voruð þið heiðingjar og Gyðingarnir
kölluðu ykkur guðlaus og „óhrein“. (Hjörtu
þeirra voru reyndar líka óhrein, enda þótt þeir
hefðu haldið fast við allar sínar trúarvenjur og
látið umskera sig sem tákn um guðrækni.) 12
Minnist þess að á þeim tíma þekktuð þið alls
ekki Krist, þið voru óvinir þeirra sem tilheyra
Guði og vissuð ekki að Guð vildi hjálpa ykkur.
Þið voru glötuð, guðvana og vonlaus. 13 Nú
tilheyrið þið Kristi Jesú! Þótt þið væruð áður
fyrr langt frá Guði, eruð þið nálæg honum nú.
Allt er það því að þakka, sem Jesús Kristur
gerði fyrir ykkur með dauða sínum. 14 Jesús
Kristur veitir okkur frið, og enginn annar.
Hann hefur komið á friði milli okkar sem erum
Gyðingar, og ykkar heiðingjanna, með því að
gera okkur öll að einni fjölskyldu og brjóta niður
vegginn, sem hafði aðskilið okkur svo lengi.
15 Með dauða sínum batt hann enda á þann
bitra fjandskap sem var okkar á milli vegna
lögmáls Gyðinganna. Lögin veittu Gyðingunum
sérstöðu, en útilokuðu heiðingjana. Jesús dó til
að binda enda á þetta lagakerfi Gyðinga. Eftir
það sameinaði hann þessa tvo andstöðuhópa,
með því að sameina þá sjálfum sér. Hann
sameinaði okkur, svo að við urðum öll eitt.
Hann gerði okkur að nýjum mönnum og þá
loks komst friður á. 16 Af því að við erum nú
limir á sama líkama, getum við ekki lengur
borið kala hvert til annars, því að við höfum
sæst við Guð. Þessari deilu lauk á krossinum.
17 Síðan boðaði Guð okkur friðinn – ykkur
heiðingjunum sem voruð svo fjarri honum og
einnig okkur Gyðingunum sem stóðum nær. 18
Nú eigum við öll, hvort sem við erum Gyðingar
eða heiðingjar, aðgang að Guði föður með hjálp
heilags anda, vegna þess sem Kristur hefur
gert fyrir okkur. 19 Nú eruð þið ekki lengur
ókunnug Guði og himinninn ekki framandi
land. Nú eruð þið meðlimir í fjölskyldu Guðs.
Þið eruð ríkisborgarar og heimamenn í landi
hans, ásamt öllum öðrum sem kristnir eru. 20
Þið eruð eins og bygging sem stendur á grunni
postulanna og spámannanna, en hornsteinn
byggingarinnar er sjálfur Kristur Jesús. 21 Hann
tengir okkur öll, sem trúum, saman og lætur
okkur vaxa og styrkjast sem fagran helgidóm
Guðs. 22 Já, þið eruð líka, Krists vegna, bústaður
fyrir anda Guðs.

3 Ég, Páll, þjónn Krists, er hér í fangelsi ykkar
vegna. Ástæðan er sú að ég boðaði ykkur
fagnaðarerindið. 2 Ég geri ráð fyrir að þið vitið
að Guð hefur falið mér þetta sérstaka verkefni,
að kunngjöra ykkur heiðingjunum kærleika
Guðs, eins og ég hef áður skýrt tekið fram í einu
bréfa minna. Það var sjálfur Guð sem birti mér
leyndarmál sitt, að heiðingjarnir fengju einnig
að njóta kærleika hans. 4 Þetta segi ég til þess
að þið vitið hvaðan ég hef vitneskju mína. 5 Frá
örófi alda var þessi leyndardómur hulinn í Guði,
en nú hefur hann opinberað þetta postulum
sínum og spámönnum með heilögum anda.
6 Þetta er leyndarmálið: Heiðingjarnir munu
ásamt Gyðingum, fá fulla hlutdeild í öllum þeim
gæðum sem börn Guðs erfa. Kirkjan stendur
þeim opin og loforð Guðs tilheyra þeim, þegar
þeir trúa gleðiboðskapnum um Krist. 7 Guð
hefur veitt mér þau miklu forréttindi að mega
birta þessa áætlun hans og hann hefur gefið
mér kraft sinn, og sérstaka hæfileika, til að
leysa þetta verkefni vel af hendi. 8 Hugsið
ykkur! Ekki hafði ég unnið til þess á nokkurn
hátt, en samt valdi hann mig, sem er sístur
allra kristinna manna, til að verða þeirrar
gæfu aðnjótandi, að fá að flytja heiðingjunum
fagnaðarerindið um þá miklu auðlegð sem þeir
eiga í Kristi. 9 Mér var falið að útskýra fyrir
öllum að Guð væri einnig frelsari heiðingjanna
– kunngjöra áætlun hans frá örófi alda, hans,
sem allt hefur skapað. (aiōn g165) 10 Hvers vegna
gerði Guð þetta? Hann gerði það til að sýna
öllum valdhöfum í himinhæðum sinn fullkomna
vísdóm: Að öll fjölskylda hans – jafnt Gyðingar
sem heiðingjar – er sameinuð í kirkju hans, 11
einmitt eins og hann hugsaði sér í upphafi að
hafa það í Jesú Kristi, Drottni okkar. (aiōn g165)
12 Nú megum við ganga rakleiðis fram fyrir
Guð, án þess að hræðast, fullviss þess að hann
muni taka vel á móti okkur þegar við komum í
fylgd með Kristi og í trú á hann. 13 Látið því
ekki meðferðina sem ég hef hlotið hér, draga úr
ykkur kjarkinn. Ég þjáist ykkar vegna, ykkur til

heiðurs og uppörvunar. 14 Þegar ég hugsa um
mikilleik Guðs og visku, þá krýp ég á kné og
bið til föðurins fyrir þessari stóru fjölskyldu
hans – hluti hennar er þegar á himnum en
hinir eru enn hér á jörðu. 16 Ég bið að hann
gefi ykkur af ríkdómi sínum, sem aldrei þrýtur,
svo að þið styrkist fyrir heilagan anda hið innra
með ykkur. 17 Ég bið þess einnig að Kristur fái
stöðugt meira rúm í hjörtum ykkar og megi
búa í ykkur vegna trúarinnar. Ég bið þess að
þið festið djúpar rætur í kærleika Guðs – það
er góður jarðvegur. 18 Það er einnig bæn mín
að þið fáið sjálf að reyna og skilja, eins og öll
börn Guðs ættu að gera, hversu víður og langur,
djúpur og hár, kærleikur hans er. Kærleikur
hans er svo mikill að þið munuð aldrei geta
þekkt hann eða skynjað til fulls. Þannig mun
Guð fylla og auðga líf ykkar með elsku sinni og
blessun. 20 Dýrð sé Guði, sem starfar í okkur
með krafti sínum og getur gert langtum meira
en við munum nokkru sinni þora að biðja eða
láta okkur dreyma um. 21 Dýrð sú er hann birti
heiminum í Kristi Jesú, verði augljós í söfnuði
hans um alla framtíð, öld eftir öld. (aiōn g165)

4 Ég, sem sit í fangelsi fyrir að þjóna Drottni
– ég bið ykkur að lifa og starfa eins og sæmir
þeim sem hlotið hafa svo dýrlega köllun. 2 Verið
auðmjúk og blíð. Verið þolinmóð og umberið
hvert annað í kærleika. 3 Látið heilagan anda
leiða ykkur og lifið í sátt og samlyndi. 4 Við
erum öll hlutar af einum og sama líkama. Öll
höfum við sama heilaga andann. Við erum öll
kölluð til að eiga hina sömu dýrlegu framtíð. 5
Við eigum aðeins einn Drottin, eina trú, eina
skírn, 6 og við höfum öll sama Guð og föður,
sem er yfir okkur og með okkur og býr í okkur
hverju og einu. 7 En þótt við séum öll eitt,
þá hefur Kristur samt gefið okkur, hverju um
sig, mismunandi hæfileika. 8 Í Davíðssálmum
stendur að þegar hinn sigrandi Kristur hafi
snúið aftur til himins, eftir að hafa risið upp og
yfirbugað Satan, þá hafi hann gefið mönnunum
dýrmætar gjafir. 9 Takið eftir að sagt er, að hann
hafi snúið aftur til himins. Þetta sýnir að hann
steig niður frá upphæðum himnanna og alla
leið niður til neðstu hluta jarðarinnar. 10 Sá sem
steig niður, er hinn sami og steig upp, og þetta
gerði hann til að geta fyllt allt með sjálfum
sér, hvar sem það er, allt frá því lægsta til hins
hæsta. 11 Sum okkar hafa hlotið að gjöf sérstaka
hæfileika til að vera postular, öðrum er gefið
að predika og flytja boðskap frá Guði, sumum
að vinna fólk til trúar á Krist og leiðbeina því
fyrstu skrefin. Enn aðrir eru prestar eða hirðar
og þeir fræða og leiðbeina hinum trúuðu á
göngunni með Guði. 12 Þeir sem hafa hlotið
þessa hæfileika, eiga að fullkomna þá sem trúa
og þjóna þeim. Það er til þess að líkami Krists,
söfnuðurinn, styrkist og þroskist, 13 þar til við
að lokum verðum öll einhuga í trúnni á frelsara
okkar, Guðs son, og fullvaxta í Drottni – fyllumst
lífi, blessun og kærleika Krists. 14 Þá verðum
við ekki lengur sem börn. Börn skipta sífellt
um skoðun. Menn koma og segja þeim eitthvað
nýtt eða blekkja þau vísvitandi og þá trúa þau
því sem þeim er sagt. 15 Nei, við þráum að
fylgja sannleikanum og segja sannleikann, gera
það sem rétt er og lifa heiðvirðu lífi, Með því
líkjumst við Kristi meir og meir, honum sem er
höfuð líkamans, en líkaminn er kirkjan. Þegar
líkaminn – söfnuðurinn – er undir hans stjórn,
þá er hann allur samtengdur á fullkominn hátt.
Hver líkamshluti vinnur sitt sérstaka starf og
hjálpar hinum hlutum líkamans, þannig að
allur líkaminn vex og uppbyggist í kærleika.
17 Mig langar að segja ykkur nokkuð og það
eru boð frá Drottni: Héðan í frá skuluð þið
ekki lifa eins og guðleysingjar, því að þeir eru
blindir og á villuvegi. Hjörtu þeirra eru lokuð
og full af myrkri. Þeir eru fjarlægir lífinu í Guði,
því að þeir hafa snúið við honum bakinu og
geta því hvorki skilið vilja hans né verk. 19
Þeir eru hættir að gera greinarmun á réttu og
röngu og hafa ofurselt sig óhreinleika. Þeir eru
andlega sljóir, knúðir áfram af girnd og illum
hugsunum og svífast einskis. 20 Kristur ætlaði
ykkur ekki að lifa slíku lífi. 21 Þið sem hafið
lært að þekkja sannleikann um Krist, 22 eigið
að leggja af ykkar gömlu hegðun. Þá var líf
ykkar rotið og spillt af tælandi girndum. 23
Héðan í frá verða viðhorf ykkar og hugsanir að
breytast til hins betra. 24 Þið eigið að vera sem
nýir menn. Menn sem lifa allt öðru lífi en þið
lifðuð áður – heilagir og góðir menn. Klæðist
þessu nýja lífi eins og nýrri flík. 25 Hættið að
ljúga en segið sannleikann. Við erum eitt, og
ef við ljúgum hvert að öðru, þá spillum við
fyrir okkur sjálfum. 26 Ef þið reiðist, þá syndgið
ekki með því að ala á reiðinni. Leggið reiðina
af áður en sólin sest, 27 því að reiður maður
er gott skotmark hins vonda. 28 Sá sem hefur

vanið sig á að stela, hætti því og noti þess í stað
hendur sínar við heiðarleg störf, svo að hann
hafi eitthvað að gefa þeim sem þurfandi eru.
29 Forðist allt óhreint tal. Segið það eitt sem
gott er, og getur orðið til hjálpar og blessunar
þeim sem á hlusta. 30 Hryggið ekki heilagan
anda með líferni ykkar. Hann hefur innsiglað
okkur Guði, til þess að við varðveitumst allt til
endurlausnardagsins, er við losnum við syndina
fyrir fullt og allt. 31 Sýnið hér eftir hvorki
beiskju, ofsa né reiði. Rifrildi, grófyrði og baktal
ætti ekki að vera til á meðal ykkar. 32 Verið þess
í stað vingjarnleg hvert við annað, góðhjörtuð
og fús að fyrirgefa hvert öðru, rétt eins og Guð
hefur fyrirgefið ykkur í Kristi.

5 Takið Guð til fyrirmyndar í öllu, eins og
barn sem elskar föður sinn og hlýðir honum.
2 Lifið í kærleika og fylgið þannig fordæmi
Krists, sem elskaði ykkur og fórnaði sjálfum
sér frammi fyrir Guði til að taka burt syndir
ykkar. Kærleikur Krists til ykkar var Guði mjög
að skapi, rétt eins og sætur ilmur. 3 Lauslæti,
óhreinleiki eða ágirnd á ekki að nefnast á nafn
á meðal ykkar. 4 Klúrar sögur, heimskulegt tal
og grófir brandarar – slíkt hæfir ykkur ekki.
Í stað þess skuluð þið minna hvert annað á
gæsku Guðs og verið þakklát. 5 Eitt getið þið
verið viss um: Sá sem er lauslátur og lifir í
óhreinleika og ágirnd mun ekki fá inngöngu í
ríki Krists og Guðs. Hinn ágjarni er í raun og
veru hjáguðadýrkandi – hann elskar og tignar
lífsgæðin í stað Guðs. 6 Látið ekki blekkjast af
þeim sem afsaka þessar syndir, því að reiði Guðs
kemur yfir alla sem þær drýgja. 7 Hafið ekkert
samband við slíkt fólk, 8 því að þótt myrkrið
hafi eitt sinn ríkt í hjörtum ykkar, þá eru þau
nú böðuð ljósi Drottins. Líferni ykkar ætti að
bera því gleggstan vott! 9 Í ljósi Drottins eflist
góðvild, réttlæti og sannleikur. 10 Reynið að
skilja hver er vilji Drottins. 11 Takið engan þátt
í því sem illt er – verkum myrkursins, þau leiða
aðeins til spillingar. Bendið heldur á þau og
flettið ofan af þeim. 12 Það sem hinir óguðlegu
leggja stund á í leyndum, er svo svívirðilegt, að
mér er jafnvel ómögulegt að nefna það á nafn!
13 Þegar þið flettið ofan af þessum hlutum, skín
ljósið á syndir þeirra og þær verða augljósar.
En þegar þeir sem þannig lifa, sjá hve illa þeir
eru á vegi staddir, snúa sumir þeirra sér ef
til vill til Guðs og verða börn ljóssins. 14 Um
þetta segir Guðs orð: „Vakna þú sem sefur og
rís upp frá dauðum og þá mun Kristur lýsa
þér.“ 15 Gætið vel að hegðun ykkar, því við
lifum á erfiðum tímum. Verið ekki óskynsöm,
heldur skynsöm! Notið til fullnustu hvert það
tækifæri sem þið fáið til að gera hið góða. 17
Gerið ekkert í hugsunarleysi en reynið að skilja
hver er vilji Drottins og framkvæmið hann.
18 Drekkið ykkur ekki drukkin af víni, því að
drykkjuskapur leiðir aðeins til ills, fyllist heldur
heilögum anda og látið stjórnast af honum.
19 Ræðið saman um Drottin, vitnið í sálma og
söngva, syngið andlega söngva. Syngið og leikið
Drottni lof í hjörtum ykkar 20 og þakkið Guði
föður fyrir alla hluti í nafni Drottins Jesú Krists.
21 Verið hvert öðru undirgefin, slíkt hugarfar
er Drottni velþóknanlegt. 22 Eiginkonur, lútið
eiginmönnum ykkar eins og um Drottin væri
að ræða. 23 Eiginmaður ber ábyrgð á konu
sinni, á sama hátt og Kristur ber ábyrgð á
líkama sínum, kirkjunni, en hann gaf líf sitt til
að vernda hana og frelsa. 24 Eiginkonur, lútið
mönnum ykkar í öllu og það fúslega, á sama
hátt og söfnuðurinn er undirgefinn Kristi. 25
Eiginmenn! Sýnið konum ykkar sömu ást og
umhyggju og Kristur söfnuðinum, þegar hann
dó fyrir hann, 26 til að helga, hreinsa og þvo
hann í skírninni og orði Guðs. 27 Þetta gerði
hann til að geta leitt til sín fullkominn söfnuð,
án bletts eða hrukku, heilagan og lýtalausan.
28 Á sama hátt eiga eiginmenn að koma fram
við konur sínar. Þeir eiga að elska þær sem
hluta af sjálfum sér. Fyrst eiginmaðurinn og
eiginkonan eru eitt, þá er maðurinn í raun
og veru að gera sjálfum sér greiða og elska
sjálfan sig, þegar hann elskar eiginkonu sína!
29 Enginn hatar sinn eigin líkama, heldur gæta
menn hans af mikilli umhyggju. Eins er með
Krist, hann gætir líkama síns, safnaðarins, en
við erum hvert um sig limir á þeim líkama. 31
Biblían sýnir ljóslega með eftirfarandi orðum
að eiginmaður og eiginkona séu einn líkami:
„Þegar maðurinn giftist verður hann að yfirgefa
föður sinn og móður, svo að hann geti að
fullu og öllu sameinast konunni og þau tvö
orðið eitt.“ 32 Ég veit að þetta er torskilið, en
sambandið milli Krists og safnaðar hans hjálpar
okkur þó að skilja það. 33 Ég endurtek því:
Maðurinn verður að elska konu sína sem hluta
af sjálfum sér og konan verður að gæta þess að
heiðra mann sinn og hlýða honum.

6 Þið börn, hlýðið foreldrum ykkar! Það skuluð
þið gera, því að Guð hefur falið þeim að bera
ábyrgð á ykkur. **2** „Heiðra skaltu föður þinn og
móður.“Þetta er fyrsta boðorðið af hinum tíu
boðorðum Guðs sem endar á loforði. **3** Hvert
er þá loforðið? Það er þetta: „Þá muntu lifa
langa og blessunarríka ævi.“ **4** Foreldrar, hér
eru nokkur orð til ykkar. Venjið ykkur ekki á
að skamma börn ykkar og jagast í þeim, því þá
verða þau afundin og bitur. Alið þau heldur upp
í kærleika og með aga, á sama hátt og Drottinn,
og þá með ábendingum og góðum ráðum. **5**
Þrælar, hlýðið húsbændum ykkar. Leitist við að
sýna þeim allt hið besta. Þjónið þeim eins og þið
væruð að þjóna Kristi. **6** Vinnið vel, ekki aðeins
meðan yfirmaður ykkar fylgist með, til þess að
svíkjast síðan um þegar hann snýr sér að öðru.
Vinnið alltaf samviskusamlega og með gleði,
eins og þið væruð að vinna fyrir Krist og þá gerið
þið vilja Guðs. **8** Munið að Drottinn mun launa
ykkur allt sem þið hafið gert vel, hvort sem þið
eruð þrælar eða frjálsir menn. **9** Þrælaeigendur!
Komið vel fram við þræla ykkar, eins og ég
sagði þeim að koma fram við ykkur. Hafið
ekki í hótunum við þá og munið að þið eruð
sjálfir þrælar Krists. Þið hafið sama yfirmann
og þeir, og sá fer ekki í manngreinarálit. **10** Að
síðustu ætla ég að minna ykkur á að styrkur
ykkar verður að koma frá Drottni og hans
volduga mætti, sem er hið innra með ykkur. **11**
Klæðist alvæpni Guðs, svo að þið getið staðist
öll þau svik og blekkingar sem Satan beitir í
árásum sínum gegn ykkur. **12** Barátta okkar er
alls ekki gegn holdiklæddu fólki, heldur gegn
ósýnilegum öflum eyðingar og upplausnar,
hinum máttugu og illu myrkraöflum sem ríkja í
þessum fallna heimi. Barátta okkar er einnig
við mikinn fjölda illra anda í andaheiminum.
(aiōn g165) **13** Notið öll þau vopn sem Guð hefur
gefið okkur til að verjast árásum óvinarins, því
að þá munuð þið standa sem sigurvegarar að
átökunum loknum. **14** Ef þetta á að takast, þá
þurfið þið belti sannleikans og réttlætisbrynju
Guðs. **15** Verið skóuð fúsleik til að flytja öðrum
gleðiboðskapinn um frið við Guð. **16** Beitið trú í
hverri orrustu, því að hún er skjöldur sem getur
stöðvað þær glóandi örvar sem Satan skýtur að
ykkur. **17** Gleymið ekki hjálmi hjálpræðisins og
sverði heilags anda, sem er Guðs orð. **18** Verið
ávallt í bæn. Biðjið um allt það sem heilagur
andi minnir ykkur á og látið hann leiða ykkur í
bæninni. Minnið Guð á þarfir ykkar og biðjið
stöðugt fyrir öllum kristnum mönnum, hvar
sem þeir eru. **19** Biðjið einnig fyrir mér, að Guð
gefi mér rétt orð og djörfung, þegar ég tala
við aðra um Drottin og skýri fyrir þeim, að
hjálpræði hans sé einnig ætlað heiðingjunum.
20 Nú er ég hér hlekkjaður fyrir að hafa boðað
þetta. Biðjið að mér auðnist enn að boða það
sama með djörfung, eins og mér ber hér í
fangelsinu. **21** Týkíkus, heittelskaður bróðir og
trúr aðstoðarmaður minn í verki Drottins, mun
flytja ykkur fréttir af mér. **22** Ástæða þess að
ég sendi hann til ykkar, er einmitt sú að láta
ykkur vita hvernig okkur líður og að uppörva
ykkur. **23** Kristnu vinir! Friður Guðs sé með
ykkur, ásamt kærleika og trú frá Guði föður og
Drottni Jesú Kristi. **24** Náð og blessun Guðs sé
með öllum sem í einlægni elska Drottin Jesú
Krist. Páll

Filippíbréfið

1 Frá Páli og Tímóteusi, þjónum Krists. Til
leiðtoga safnaðanna, aðstoðarfólks þeirra og
allra annarra sem kristnir eru í Filippí. **2** Guð
blessi ykkur öll. Ég bið þess að Guð faðir okkar
og Drottinn Jesús Kristur blessi ykkur ríkulega,
eitt og sérhvert, og að friður hans umlyki ykkur.
3 Ég lofa Guð í hvert sinn sem ég bið fyrir ykkur.
4 Hjarta mitt er gagntekið gleði, **5** vegna þeirrar
miklu aðstoðar sem þið hafið veitt mér við
útbreiðslu gleðiboðskaparins, allt frá því er þið
heyrðuð hann fyrst og fram á þennan dag. **6** Eitt
er víst, Guð, sem byrjaði í ykkur góða verkið,
mun halda því áfram þar til það fullkomnast á
endurkomudegi Jesú Krists. **7** Það er eðlilegt
að ég beri slíkan hug til ykkar, því að þið eigið
sérstakt rúm í hjarta mínu. Við höfum notið
blessunar Guðs sameiginlega, bæði þegar ég
var í fangelsi og einnig meðan ég var frjáls og
barðist fyrir sannleikanum, og sagði öðrum frá
Kristi. **8** Guð einn veit hve heitt ég elska ykkur
og þrái ykkur með ástúð Krists. **9** Ég bið þess að
kærleikurinn sem þið berið til annarra, komi æ
betur í ljós og að andlegur skilningur ykkar og
þekking vaxi jafnt og þétt. **10** Ég vil að ykkur sé
ætíð ljós munurinn á réttu og röngu, og að þið
varðveitið hreinleik huga ykkar og vilja, svo
að héðan í frá og til endurkomu Drottins geti
enginn ásakað ykkur um neitt. **11** Ég bið þess að
þið gerið það eitt sem gott er og sýnið að þið
séuð börn Guðs, því að það mun verða Drottni
til lofs og dýrðar. **12** Kæru vinir, mig langar
að segja ykkur eitt: Allt sem ég hef orðið að
reyna hér, hefur stórlega stuðlað að útbreiðslu
gleðiboðskaparins um Krist. **13** Allir sem hér
eru, þar á meðal hermennirnir sem búa hér,
vita nú að eina ástæðan fyrir fangavist minni
er, að ég er kristinn. **14** Fangavistin hefur einnig
orðið til þess að margir hinna kristnu sem
hér búa, virðast ekki lengur hræðast hlekkina.
Þolinmæði mín hefur orðið þeim hvatning og
þeir eru djarfari en áður að vitna um Krist. **15**
Sumir predika að vísu gleðiboðskapinn vegna
þess eins að þeir öfunda mig af því hvernig Guð
hefur notað mig. Þeir vilja að fólk tali um sig
sem djarfa predikara, sem bjóða öllu birginn!
Aðrir hafa hins vegar hreinan skjöld, **16** og þeir
predika af kærleika til mín, því að þeir vita að
Drottinn hefur leitt mig hingað til að standa
vörð um sannleikann. Sumir predika til að
gera mig afbrýðisaman. Þeir halda að vinsældir
þeirra og árangur valdi mér hugarangri hér í
fangelsinu. **18** En hvert svo sem viðhorf þeirra
er, þá er það staðreynd að gleðiboðskapurinn
um Krist heyrist og það gleður mig. **19** Gleði
mín er ekki á þrotum, því ég veit að þið biðjið
fyrir mér og heilagur andi hjálpar mér, og þá
verður þetta allt mér til góðs. **20** Það segi ég
satt, að ég vona að ég geri aldrei neitt það
sem ég þurfi að skammast mín fyrir, heldur
að ég fái framvegis, eins og hingað til, að vera
reiðubúinn að vitna um Krist, með djörfung, að
ég fái að verða honum til dýrðar, hvort sem ég
lifi eða dey. **21** Ég lifi með Kristi og fyrir hann
og því veit ég að dauðinn færir mér þá blessun
að vera með honum. **22** En ef það að lifa færir
mér fleiri tækifæri til að ávinna Kristi fólk, þá
veit ég satt að segja ekki hvort ég ætti að kjósa
að lifa eða deyja. **23** Stundum langar mig að
lifa lengur, en stundum ekki, því mig langar
einnig til að fara héðan og vera með Kristi. Það
væri miklu betra fyrir mig að deyja, en að þurfa
að vera hér. **24** Staðreyndin er hins vegar sú
að verði ég hér áfram, þá get ég orðið ykkur
til enn meiri hjálpar. **25** Enn er þörf fyrir mig
hér og því er ég viss um að ég muni lifa hér á
jörðinni, enn um sinn, til að efla vöxt ykkar og
auka gleði ykkar í trúnni. **26** Það gleður ykkur
að ég skuli verða hér áfram og gefur ykkur
tilefni til að lofa Jesú fyrir að hann varðveiti
mig, svo að ég geti heimsótt ykkur á ný. **27** En
hvað sem um mig verður, þá skiptir mestu að
líferni ykkar sé í samræmi við fagnaðarerindið.
Þannig að hvort sem ég hitti ykkur aftur eða
ekki, þá fái ég áfram góðar fréttir um að þið
standið saman sem einn maður við að útbreiða
gleðiboðskapinn, **28** og það óttalaust, hvað svo
sem óvinir ykkar gera. Það verður þeim tákn
um eigin ósigur, en ykkur verður það greinilegt
tákn frá Guði um að hann sé með ykkur og að
hann hafi gefið ykkur eilíft líf með sér. **29** Þið
hafið hlotið þau forréttindi að trúa á hann, og
ekki aðeins það, heldur einnig að þjást hans
vegna. **30** Stöndum saman í þessari baráttu. Þið
hafið séð mig þjást þennan tíma sem liðinn er
og eins og þið vitið, þá á ég nú í mikilli baráttu.

2 Eiga kristnir menn ekki að uppörva hver
annan? Elskið þið mig svo mikið að þið
viljið hjálpa mér? Hefur það einhverja þýðingu

fyrir ykkur að við erum systkini í Drottni og
eigum öll heilagan anda? Finnst einhver ástúð
og meðaumkun hjá ykkur? 2 Ef svo er, þá
gleðjið mig með því að elska hvert annað og
standa saman sem einn maður, einhuga með
sameiginlegt takmark. 3 Verið ekki eigingjörn!
Sækist ekki eftir því að vaxa í áliti hjá öðrum.
Verið auðmjúk. Haldið ykkur ekki betri en aðra.
4 Hugsið ekki aðeins um eigin hag, heldur sýnið
öðrum áhuga og því sem þeir hafa fyrir stafni.
5 Hafið sama huga og Jesús Kristur hafði. 6 Þótt
hann væri Guð, þá krafðist hann þess ekki að fá
að halda rétti sínum sem Guð, 7 heldur lagði
til hliðar mátt sinn og dýrð, varð maður og
gekk um sem þjónn. 8 En auðmýkingu hans
var ekki þar með lokið. Hann gekk svo langt að
deyja á krossi, eins og glæpamaður. 9 Einmitt
þess vegna hóf Guð hann upp til hæstu himna
og gaf honum nafn, sem hverju öðru nafni er
æðra. 10 Svo að fyrir nafni Jesú skuli hvert kné
krjúpa, á himni, jörðu eða undir jörðinni, 11 og
hver tunga játa að Jesús Kristur er Drottinn,
Guði föður til dýrðar. 12 Kæru vinir, ég man að
meðan ég var hjá ykkur, þá fóruð þið fúslega
eftir ráðleggingum mínum. Og fyrst þið eruð
frelsuð, þá hljótið þið nú, að mér fjarverandi,
að ástunda hið góða af enn meiri áhuga en
áður. Þið hljótið einnig að heiðra Guð og hlýða
honum heilshugar og halda ykkur frá öllu því
sem honum er á móti skapi. 13 Guð hefur þau
áhrif á ykkur að þið bæði viljið og framkvæmið
það sem honum er þóknanlegt. 14 Hvert sem
starf ykkar er, þá gætið þess að kvarta hvorki
né deila, 15 því að þá hefur enginn ástæðu til að
tala illa um ykkur. Lifið hreinu, saklausu lífi,
eins og börn Guðs, í myrkum heimi óheiðarleika
og miskunnarleysis. Þið eruð leiðarljós sem á
að vísa öðrum veginn til himins. 16 Ég hvet
ykkur til að halda fast við orð lífsins, því þá hef
ég tilefni til að gleðjast þegar Kristur kemur
aftur. Þá hefur starf mitt og erfiði ykkar á
meðal, ekki verið til einskis. 17 Jafnvel þótt
blóði mínu yrði úthellt við þjónustu mína, við
trú ykkar og mér fórnað – svo ég noti líkingu,
það er að segja ef ég ætti að deyja fyrir ykkur
– þá mundi ég samt geta glaðst og samglaðst
ykkur. 18 Þið ættuð einnig að gleðjast yfir
slíku og samgleðjast mér, að ég skuli hafa þau
forréttindi að mega deyja fyrir ykkur. 19 Sé það
vilji Drottins, þá sendi ég bráðlega Tímóteus til
ykkar. Þegar hann síðan kemur aftur, mun hann
geta uppörvað mig með fréttum af ykkur. 20
Tímóteus er sérlega áhugasamur um hagi ykkar.
21 Allir aðrir virðast niðursokknir í sín eigin
áhugamál og hafa því engan tíma til að spyrja
um vilja Jesú Krists. 22 Þið þekkið Tímóteus,
hann hefur verið mér sem sonur og aðstoðað
mig við útbreiðslu gleðiboðskaparins. 23 Ég
vona að ég geti sent hann til ykkar strax og
ég veit hvað um mig verður. 24 Ég treysti því
að Drottinn muni einnig leyfa mér að koma til
ykkar áður en langt um líður. 25 Mér fannst rétt
af mér að senda Epafrodítus aftur til ykkar. Þið
senduð hann til að bæta úr þörf minni og ég get
sagt ykkur að við urðum góðir vinir, störfuðum
saman og stóðum hlið við hlið í baráttunni. 26
Ég sendi hann nú aftur til ykkar, því að hann
hefur orðið svo mikla heimþrá og langar að sjá
ykkur á ný. Hann varð mjög leiður þegar hann
vissi að þið hefðuð frétt að hann hefði veikst.
27 Reyndar varð hann svo hættulega veikur að
hann var nær dauða en lífi, en Guð miskunnaði
bæði honum og mér, svo að ég þyrfti ekki að
bera sorg hans vegna, ofan á allt annað. 28 Þrá
ykkar eftir honum varð mér því sterk hvatning
til að senda hann aftur heim. Ég veit að þið
fagnið honum og það gleður mig. 29 Takið á
móti honum með fögnuði í nafni Drottins og
sýnið honum heiður. 30 Hann hætti lífi sínu í
þjónustu Krists og var í dauðann kominn er
hann reyndi að gera fyrir mig, það sem þið
gátuð ekki vegna fjarveru ykkar.

3 Kæru vinir, verið glaðir vegna samfélagsins
við Drottin. Ég þreytist ekki á að segja þetta
og þið hafið gott af slíkri hvatningu. 2 Gætið
ykkar á þessum vondu mönnum – ég kalla þá
hunda – þeim sem segja að þið verðið að láta
umskerast til að geta frelsast. 3 Við verðum
ekki börn Guðs með því að skera í líkama okkar,
heldur með því að tilbiðja hann í anda okkar
– það er hin eina og sanna „umskurn“. Hrós
okkar kristinna manna er það sem Jesús Kristur
hefur gert fyrir okkur og okkur er ljóst að við
getum ekkert gert sjálf til eigin frelsunar. 4 Ef
einhver hefði nokkru sinni minnstu von um að
geta frelsað sjálfan sig, þá væri það ég. Ef aðrir
gætu frelsast fyrir það sem þeir hafa gert, þá
gæti ég það áreiðanlega! 5 Ég var umskorinn,
og þar með vígður gyðingdómnum átta daga
gamall. Ég er fæddur Gyðingur – kominn af
hinni gömlu Benjamínsætt – og er þar með

ósvikinn Gyðingur, ef hægt er að taka svo til
orða. En það sem meira er, ég tilheyrði flokki
farísea og þeir kröfðust skilyrðislausrar hlýðni
við öll lög og siðvenjur Gyðinga. 6 Skyldi ég
hafa tekið það alvarlega? Já, hvort ég gerði!
Ég ofsótti hina kristnu hatrammlega og reyndi
að hlýða hverri einustu reglu og lagagrein út í
ystu æsar. 7 En hvað er nú orðið um allt þetta
sem mér þótti svo mikils virði? Ég fleygði því
burt, svo að ég gæti sett allt mitt traust á Krist
og hann einan. 8 Samanborið við þekkinguna á
Kristi Jesú Drottni mínum, er allt annað rusl í
mínum augum. Ég hef ýtt öllu öðru til hliðar og
met það einskis, til þess að ég geti verið með
Kristi og orðið eitt með honum. 9 Nú treysti
ég ekki lengur á það, að eigin góðverk eða
hlýðni við lög Guðs frelsi mig, heldur treysti
ég Kristi einum til þess. Hvernig eignumst við
rétta afstöðu til Guðs? Með því að trúa – trúa
og treysta Kristi einum. 10 Nú hef ég varpað
öllu öðru fyrir borð, það var eina leiðin til að
kynnast Kristi í raun og veru, og því feiknar afli
sem reisti hann upp frá dauðum. Að yfirgefa
allt var líka eina leiðin til að skilja hvað það er
að þjást og deyja með honum. 11 Ég vil verða
einn þeirra sem fá hlut í upprisu lífsins hvað
sem það kostar. 12 Ég er ekki að segja að ég sé
fullkominn. Enn hef ég ekki lært allt það sem
ég á að læra, en ég stefni að því að verða það
sem Kristur frelsaði mig til og vill að ég sé. 13
Nei, kæru vinir, enn er ég ekki fullkominn, en
þetta er mér efst í huga: Að gleyma fortíðinni
og horfa fram á við til þess sem í vændum er.
14 Ég tek á öllu sem ég á til að ná markinu og
fá verðlaunin sem Guð hefur heitið okkur á
himnum, og allt er það Kristi Jesú að þakka. 15
Ég vona að þið sem þroskuð eruð í trúnni, séuð
mér sammála, en ef þið eruð ósammála um
eitthvert atriði, þá trúi ég því að Guð muni leiða
ykkur í allan sannleikann 16 – það er að segja ef
þið breytið samkvæmt þeim sannleika sem þið
hafið lært. 17 Kæru vinir, takið líferni mitt til
fyrirmyndar og veitið þeim athygli sem feta í
mín fótspor. 18 Ég hef sagt ykkur það oft áður
og ég segi það enn og nú með tárin í augunum:
Margir sem telja sig kristna eru í raun og veru
óvinir kross Krists. 19 Glötunin bíður þeirra
því að þeir hafa ofurselt sig ágirndinni. Þeir
stæra sig af því sem þeir ættu að blygðast sín
fyrir og jarðlífið er það eina sem þeir hugsa
um. 20 En föðurland okkar er á himnum og
þar er Drottinn okkar og frelsari, Jesús Kristur,
sem við væntum. 21 Þegar hann kemur, mun
hann breyta stöðugt hrörnandi líkömum okkar
í dýrðarlíkama, eins og þann sem hann sjálfur
hefur, með guðdómskrafti sínum, sem hann
beitir er hann leggur allt undir sig.

4 Kæru vinir í Kristi, ég elska ykkur og þrái
að sjá ykkur, því að þið eruð gleði mín og
kóróna, verkalaun mín. Elsku vinir, verið stöðug
í Drottni framvegis eins og hingað til. 2 Nú
langar mig að biðja ykkur, Evódídu og Sýntýke,
um eitt: Gerið það fyrir mig, með hjálp Drottins,
að sættast og standa saman. 3 Ég bið þig, kæri
samherji, að hjálpa þessum konum, því að þær
unnu við hlið mér að flytja öðrum gleðitíðindin.
Þær störfuðu einnig með Klemens og öðrum
félögum mínum, sem eiga nöfn sín rituð í lífsins
bók. 4 Verið ávallt glöð vegna samfélagsins við
Drottin. Ég endurtek: Verið glöð! 5 Ljúflyndi
ykkar verði öllum kunnugt. Munið að Drottinn
kemur skjótt! 6 Hafið ekki áhyggjur af neinu.
Segið Guði frá öllum þörfum ykkar og gleymið
ekki að þakka honum, því að hann svarar
bænum. 7 Þá mun friður Guðs, sem er ofar
öllum skilningi, fylla hjörtu ykkar og hugsanir,
vegna þess að þið tilheyrið og treystið Kristi
Jesú. 8 Vinir mínir, nú fer ég að ljúka þessu
bréfi, en mig langar þó að nefna eitt enn: Venjið
ykkur á að hugsa um það sem er satt, gott og
rétt. Festið í huga ykkar hið fagra og hreina og
það sem gott er í fari annarra. Hugsið um allt
það sem þið getið glaðst yfir og lofað Guð fyrir.
9 Venjið ykkur á að gera það sem þið lærðuð af
mér og sáuð mig gera, og Guð friðarins mun
vera með ykkur. 10 Ég er glaður og þakklátur og
lofa Guð fyrir að þið skylduð aftur veita mér
aðstoð. Ykkur hefur alltaf verið umhugað að
senda mér það sem þið gátuð, en ég veit að um
tíma höfðuð þið ekki aðstöðu til þess. 11 Þið
megið ekki halda að ég hafi alltaf liðið skort,
því að ég hef lært að komast af með það sem
ég hef og gleðjast yfir því, hvort sem það er
mikið eða lítið. 12 Ég kann að lifa af því sem
lítið er og einnig því sem mikið er. Ég hef lært
þann leyndardóm að láta mér nægja það sem
ég hef, hvort sem það er magafylli eða hungur,
allsnægtir eða skortur. 13 Með hjálp Krists get
ég gert allt sem Guð biður mig um. Kristur
gefur mér styrk og kraft. 14 En hvað sem því
líður, þá var fallega gert af ykkur að hjálpa mér

í erfiðleikum mínum. 15 Ykkur er vel ljóst að
þegar ég kom fyrst með gleðitíðindin til ykkar
og einnig eftir að ég yfirgaf Makedóníu, þá
voruð þið þeir einu sem hjálpuðu mér, bæði við
að gefa og þiggja. Þið voruð eini söfnuðurinn
sem slíkt gerði. 16 Og þegar ég var í Þessaloníku,
þá senduð þið mér tvívegis pakka. 17 Ég kann
vel að meta gjafir ykkar, en það sem gleður mig
mest eru launin sem þið munuð uppskera og
fyrir þeim hafið þið vissulega unnið. 18 Nú sem
stendur hef ég allt sem ég þarf og meira en
það! Gjafirnar sem Epafrodítus kom með frá
ykkur voru ríkulegar. Þær eru eins og ilmandi
fórnir og eru Guði þóknanlegar. 19 Guð mun
veita ykkur ríkulega allt sem þið þarfnist vegna
samfélags ykkar við Krist Jesú. 20 Guði föður sé
dýrð um aldir alda. Amen. Páll P. S. (aiōn g165) 21
Skilið kærri kveðju frá mér til allra kristinna í
Filippí. Bræðurnir sem með mér eru, biðja að
heilsa. 22 Allir aðrir sem kristnir eru hér, biðja
einnig að heilsa ykkur, sérstaklega þeir sem
starfa í höll keisarans. 23 Blessun Drottins Jesú
Krists sé með anda ykkar.

Kólossubréfið

1 Frá Páli, sem Guð hefur valið til að vera
boðberi Jesú Krists, og frá bróður Tímóteusi.
2 Til ykkar, trúuðu vinir – fólks Guðs – í Kólossu.
Ég bið þess að Guð faðir úthelli blessun sinni
yfir ykkur og fylli ykkur friði sínum. **3** Í hvert
sinn sem við biðjum fyrir ykkur þökkum við
Guði, föður Drottins Jesú Krists, **4** því að við
höfum heyrt um traust ykkar til Drottins og
innilegan kærleika til þeirra sem á hann trúa.
5 Það er auðséð að þið hlakkið til að komast
til himins! Það var í fagnaðarerindinu sem
þið fyrst heyrðuð um þann yndislega stað. **6**
Fagnaðarerindið, sem þið heyrðuð, berst nú
um allan heim og breytir hvarvetna lífi fólks,
alveg eins og það breytti lífi ykkar strax fyrsta
daginn sem þið heyrðuð það – þegar ykkur
varð ljós sá mikli kærleikur sem Guð ber til
syndugra manna. **7** Það var Epafras, okkar
heittelskaði samstarfsmaður, sem flutti ykkur
gleðiboðskapinn. Nú er þessi þjónn Jesú Krists
hér í ykkar stað til að hjálpa okkur. **8** Hann
hefur sagt okkur frá kærleika ykkar til annarra
manna og þann kærleika hefur heilagur andi
gefið ykkur. **9** Þess vegna höfum við haldið
áfram að biðja Guð, allt frá því er við fréttum
fyrst af ykkur, að hann hjálpi ykkur að skilja
vilja sinn og breyta eftir honum. Við höfum
beðið hann að auka andlegan skilning ykkar **10**
og helga líferni ykkar, svo að þið verðið honum
til dýrðar og stundið það eitt sem gott er, öðrum
til hjálpar. **11** Þar að auki biðjum við hann að
styrkja ykkur og fylla af sínum dýrlega mætti.
Þá getið þið haldið áfram, á hverju sem gengur,
12 og þakkað föðurnum, sem hefur gefið okkur
hlutdeild í öllum þeim gæðum sem tilheyra
ríki ljóssins. **13** Hann hefur hrifið okkur frá
valdi myrkursins, úr ríki Satans, og leitt okkur
inn í ríki síns elskaða sonar, **14** sem keypti
okkur frelsi með krossdauða sínum og fyrirgaf
okkur syndirnar. **15** Kristur er sýnileg mynd
hins ósýnilega Guðs. Hann var til áður en Guð
skapaði heiminn. **16** Það var reyndar hans vegna
sem allt var skapað á himni og jörðu, bæði það
sem sést og einnig hið ósýnilega – hinn andlegi
heimur með tignum sínum og völdum. Krists
vegna varð allt þetta til, honum til dýrðar og
þjónustu. **17** Hann var á undan öllu öðru og
það er hans kraftur sem viðheldur því. **18** Hann
er höfuð líkamans, en líkaminn er fólk hans –
söfnuðurinn, kirkjan. Kirkjan á upphaf sitt í
honum og hann er leiðtoginn – hinn fyrsti sem
rís upp frá dauðum. Þannig er hann fremstur í
öllu. **19** Það var vilji Guðs að allir eiginleikar
guðdómsins væru í syninum. **20** Með lífi Jesú og
starfi opnaði Guð allri sköpun sinni – bæði á
himni og jörðu – leið til sín. Með krossdauða
sínum, blóði sínu, kom hann á friði milli Guðs
og alls á himni og jörðu – ykkar líka. **21** Því að
þið voruð eitt sinn fjarri Guði og óvinir hans.
Þið vilduð ekkert af honum vita. Hugsanir ykkar
og verk voru eins og veggur milli ykkar og hans.
En þrátt fyrir það hefur Jesús leitt ykkur til
sín sem vini sína. **22** Það gerði hann með því
að deyja á krossi sem raunverulegur, sannur
maður og því næst hefur hann leitt ykkur til
samfélags við Guð. Þar standið þið nú, helguð
og að fullu sýknuð í hans augum. **23** Það eina
sem Guð krefst, er að þið trúið sannleikanum
eins og hann er. Standið föst og óhagganleg í
þeirri sannfæringu að gleðiboðskapurinn um
að Jesús hafi dáið fyrir ykkur sé sannur og að
þið hvikið aldrei frá þeirri trú að hann hafi
frelsað ykkur. Þennan undursamlega boðskap
fenguð þið að heyra hvert og eitt og nú breiðist
hann út um allan heiminn, og hef ég, Páll,
verið svo gæfusamur að fá að taka þátt í því.
24 Einn þáttur í starfi mínu er að þjást ykkar
vegna og ég gleðst yfir að fá að gera það,
því að þannig hjálpa ég til við að fullkomna
það, sem enn vantar á þjáningar Krists, vegna
líkama hans, safnaðarins. **25** Guð hefur sent
mig til að hjálpa söfnuði sínum – kirkjunni
– og birta ykkur fyrirætlun sína, sem enginn
þekkti. **26** Aldir liðu, kynslóðir komu og fóru, og
hann gætti leyndarmálsins; en nú hefur honum
þóknast að segja það þeim sem elska hann og
lifa fyrir hann. Þið voruð heiðingjar en hans
dýrlega áætlun nær einnig til ykkar! Og þetta
er leyndarmálið: Kristur, sem nú lifir í hjörtum
ykkar, er ykkar eina von um eilíft líf. **(aiōn g165)**
28 Þess vegna segjum við líka öllum sem vilja
hlusta, hvar sem er, frá Kristi og leiðbeinum
þeim og fræðum eins vel og við getum. Við
þráum að geta leitt hvern mann fullkominn
fram fyrir Guð og það er hægt vegna þess sem
Kristur gerði. **29** Að þessu erfiða ég og kraftinn
– og hann er ekki lítill – fæ ég frá Kristi.

2 Ég vil gjarnan að þið vitið hve mikið ég hef
barist í bæn fyrir ykkur og fyrir söfnuðinum
í Laódíkeu. Einnig fyrir mörgum öðrum
vinum mínum, sem aldrei hafa kynnst mér
persónulega. 2 Þetta er bæn mín fyrir ykkur: Að
þið mættuð hljóta uppörvun, tengjast sterkum
kærleiksböndum og eignast þá dýrmætu reynslu
að kynnast Kristi náið og af eigin raun. Hann
er sjálfur þetta leyndarmál Guðs, sem nú loks
hefur verið kunngert. 3 Í honum er að finna
alla fjársjóði vísdóms og þekkingar. 4 Þetta
segi ég vegna þess að ég óttast að einhver
reyni að blekkja ykkur með áróðri. 5 Þótt ég
nú sé fjarri ykkur, þá er ég hjá ykkur í anda,
og gleðst yfir velgengni ykkar og staðfestu í
trúnni á Krist. 6 Nú skuluð þið, sem tókuð á
móti Kristi, einnig treysta honum til að ráða
fram úr vandamálum líðandi stundar og lifa í
stöðugu samfélagi við hann. 7 Verið staðföst
í honum, eins og jurt sem skýtur rótum og
sýgur til sín næringu. Gætið þess að halda
áfram að vaxa í Drottni, svo að þið styrkist í
sannleikanum. Látið líf ykkar geisla af gleði og
þakklæti fyrir allt, sem hann hefur gert. 8 Látið
engan villa um fyrir ykkur með heimspekilegum
vangaveltum. Þessi heimskulegu svör þeirra
eru byggð á hugmyndum og ályktunum manna,
en ekki á orðum Krists. 9 Í Kristi sjáum við
Guð holdi klæddan og í honum einum er hina
sönnu visku og þekkingu að finna. 10 Þegar
þið lifið með Kristi, þá hafið þið allt sem þið
þarfnist, því þá eruð þið í samfélagi við sjálfan
Guð. Kristur er æðstur allra valdhafa og öll
máttarverk eru honum undirgefin. 11 Þegar
þið komuð til Krists, frelsaði hann ykkur frá
hinum illu hvötum ykkar. Þetta gerði hann
ekki með líkamlegum uppskurði eða umskurn,
heldur með andlegum uppskurði – skírninni. 12
Í skírninni dó ykkar gamla, eigingjarna eðli og
var grafið með honum. Síðan risuð þið upp frá
dauðum ásamt honum og hófuð nýtt líf í trú á
orð hins almáttuga Guðs, sem vakti Krist frá
dauðum. 13 Þið voruð dáin í syndinni, en Guð
gaf ykkur hlutdeild í lífi Krists, fyrirgaf ykkur
syndirnar, 14 ógilti allar kröfur á hendur ykkar
og strikaði yfir öll ykkar brot gegn boðorðunum.
Hann tók þessa sakaskrá og eyðilagði hana
með því að negla hana á kross Krists. 15 Á
þennan hátt ógilti Guð þær ákærur, sem Satan
bar fram gegn okkur vegna synda okkar, og
kunngjörði öllum heiminum sigur Krists á
krossinum, þar sem allar okkar syndir voru
afmáðar. 16 Látið því engan ásaka ykkur fyrir
það sem þið borðið eða drekkið, né fyrir að
halda ekki gyðinglega hátíðis- og tyllidaga,
tunglkomuhátíðir eða hvíldardaga Gyðinga. 17
Þetta voru aðeins tímabundnar reglur, sem féllu
úr gildi þegar Kristur kom. Þær voru aðeins
ímynd raunveruleikans – Krists. 18 Látið engan
segja ykkur að þið glatist ef þið tilbiðjið ekki
engla, eins og sumir halda fram. Þeir segjast
hafa fengið vitrun um þetta og því beri ykkur
að hlýða. Þetta veldur því einu að menn hrokast
upp 19 og missa tengslin við Krist, höfuðið,
sem við öll, líkami hans, tengjumst. Líkami
Krists – söfnuðurinn – er tengdur saman og
styrktur með taugum og sinum, og vex því
aðeins að hann fái næringu og styrk frá Guði.
20 Þið dóuð með Kristi og þurfið því ekki að
fylgja hugmyndum heimsins um hvernig eigi
að frelsast. Vinna góðverk og fara eftir alls
konar reglum. En hvers vegna haldið þið samt
áfram að fylgja þessum hugmyndum og hvers
vegna eruð þið ennþá bundin af reglum 21
sem banna ykkur að borða, smakka eða snerta
vissan mat? 22 Slíkar reglur eru ekki annað en
mannaboðorð, því að maturinn er ætlaður til
neyslu. 23 Þessar reglur kunna að virðast góðar,
því að þær krefjast mikillar sjálfsafneitunar, eru
auðmýkjandi og valda líkamlegum óþægindum.
En þær veita mönnum engan kraft til að sigrast
á illum hugsunum og eigingjörnum hvötum,
heldur auka aðeins á stolt þeirra.

3 Þið eigið hlutdeild í upprisu Krists. Beinið því
augum ykkar að því sem er á himnum, þar
sem Kristur situr á heiðurs- og valdastóli við
hlið Guðs. 2 Hugsið um himininn og hafið ekki
áhyggjur af hinu jarðneska. 3 Þið ættuð að hafa
svipaðan áhuga á veraldarvafstrinu og þeir sem
eru dauðir! Líf ykkar er fólgið með Kristi í Guði
4 og þegar Kristur – lífgjafi okkar – kemur aftur,
þá munuð þið fá hlutdeild í allri hans dýrð. 5
Snúið því baki við syndinni. Deyðið allar illar
hvatir sem leynast hið innra með ykkur. Eigið
engan þátt í lauslæti, siðleysi eða svívirðilegri
girnd. Verið ekki bundin af veraldlegum gæðum,
það er skurðgoðadýrkun. 6 Reiði Guðs er yfir
þeim sem það gera. 7 Þið voruð áður í þeim
hópi og það var ykkur eðlilegt, 8 en nú er
kominn tími til að segja skilið við bræði, vonsku
og formælingar. 9 Ljúgið ekki framar hvert að

öðru. Það tilheyrði ykkar gamla og óhreina lífi,
sem er dautt og grafið. 10 Nú lifið þið nýju lífi,
sem felst í því að læra að þekkja vilja Guðs og
líkjast Kristi meir og meir. 11 Nú skiptir þjóðerni
ekki lengur máli, né litarháttur, menntun eða
þjóðfélagsstaða – það skiptir engu. Nú skiptir
máli hvort viðkomandi lifir í trúnni á Krist og
það stendur öllum til boða. 12 Fyrst Guð hefur
elskað ykkur svo heitt og útvalið, þá ættuð
þið að kappkosta að sýna öllum góðvild og
miskunnsemi. Reynið ekki að þykjast öðrum
fremri, heldur verið fús að þola mótlæti með
þögn og þolinmæði. 13 Verið hógvær og fljót að
fyrirgefa og berið ekki kala til nokkurs manns.
Minnist þess að Drottinn hefur fyrirgefið ykkur
og því verðið þið einnig að fyrirgefa öðrum.
14 En umfram allt, látið kærleikann ráða í lífi
ykkar, því að þá verður fullkomið samstarf
og eining í söfnuðinum. 15 Látið frið Krists
búa í hjörtum ykkar, það er skylda ykkar og
jafnframt forréttindi sem hluta af líkama hans.
Verið þakklát. 16 Minnist alls þess sem Kristur
kenndi, því að orð hans lífga og auka skilning
og hyggindi. Uppfræðið hvert annað í orði hans
og flytjið það í sálmum, söngvum, andlegum
ljóðum og lofsyngið Drottni með þökk í huga. 17
Hvað sem þið gerið eða segið, þá gerið allt vegna
Drottins Jesú og þakkið Guði föður fyrir hann. 18
Eiginkonur, verið undirgefnar mönnum ykkar,
því það er vilji Drottins. 19 Og eiginmenn, elskið
konur ykkar! Sýnið þeim nærgætni en ekki
beiskju og hörku. 20 Börn! Hlýðið foreldrum
ykkar í öllu, því það hæfir þeim sem tilheyra
Drottni. 21 Og þið foreldrar, verið ekki harðir
við börn ykkar, því þá missa þau sjálfstraust og
fyllast vanmáttarkennd. 22 Þrælar, hlýðið ykkar
jarðnesku yfirmönnum undanbragðalaust og
reynið ávallt að geðjast þeim, en ekki aðeins
meðan þeir sjá til. Hlýðið þeim fúslega vegna
kærleika ykkar til Drottins og vegna þess að
þið viljið þóknast honum. 23 Hvað sem þið
gerið, þá vinnið af samviskusemi og gleði, eins
og þið væruð að vinna fyrir Drottin en ekki
menn. 24 Og munið að þið eruð erfingjar Guðs
– við öll, sem þjónum honum. 25 En ef þið
svíkist undan í verki hans, þá verða launin
öðruvísi en þið hefðuð kosið – því hann fer
ekki í manngreinarálit og þar kemst enginn
upp með svik.

4 Þrælaeigendur! Verið sanngjarnir og
heiðarlegir við þræla ykkar. Munið að þið
hafið sjálfir húsbónda á himnum sem fylgist
vel með ykkur. 2 Þreytist ekki á að biðja en
haldið því áfram uns þið fáið svar frá Guði og
gleymið þá ekki að þakka honum. 3 Gleymið
ekki heldur að biðja fyrir okkur, að Guð gefi
mörg tækifæri til að boða fagnaðarerindið um
Krist, en þess vegna er ég í fangelsi. 4 Biðjið
þess að ég fái djörfung til að tala opinskátt,
óhindrað og á einfaldan hátt, eins og mér ber
að gera. 5 Umgangist viturlega þá sem ekki
trúa og notið sérhvert tækifæri til að boða
þeim fagnaðarerindið. 6 Verið nærgætin en
markviss í samtölum ykkar við fólk, svo að þið
getið gefið því rétt svör við spurningum þess. 7
Týkíkus, okkar heittelskaði bróðir, mun segja
ykkur allt sem er að frétta af mér. Hann er
duglegur samstarfsmaður í þjónustu Drottins. 8
Það var ég sem sendi hann í þessa ferð, vegna
þess að mig langaði að fá að vita hvernig ykkur
liði og einnig að hugga ykkur og uppörva. 9 Ég
sendi einnig Onesímus, kæran og trúan bróður,
en hann er einn af ykkur. Hann og Týkíkus
munu segja ykkur allar nýjustu fréttir héðan. 10
Aristarkus er hér í fangelsinu ásamt mér. Hann
sendir ykkur kæra kveðju og einnig Markús,
en hann er ættingi Barnabasar. Eins og ég hef
áður sagt, bið ég ykkur að taka sérlega vel á
móti honum, ef hann kemur við hjá ykkur. 11
Júdas Jústus sendir einnig kæra kveðju. Þetta
eru einu kristnu Gyðingarnir sem starfa hér
með mér og þeir hafa sannarlega uppörvað
mig. 12 Epafras, þjónn Jesú Krists – hann er
frá Kólossu eins og þið – sendir ykkur kærar
kveðjur. Hann biður Guð að styrkja ykkur og
fullkomna og sýna ykkur vilja sinn í öllu. 13 Það
segi ég satt, að hann hefur barist fyrir ykkur í
bænum sínum og þeim í Laodíkeu og Híerapólis.
14 Lúkas, læknirinn kæri, sendir innilega kveðju
og sömuleiðis Demas. 15 Viljið þið skila kveðju
frá mér til kristnu vinanna í Laodíkeu og einnig
til Nýmfu og þeirra sem koma saman á heimili
hennar. 16 Þegar þið hafið lesið þetta bréf, þá
sendið það til safnaðarins í Laodíkeu. Þið ættuð
svo að lesa bréfið sem ég sendi þeim. 17 Segið
við Arkippus: „Gættu þess að vinna vel það verk
sem Drottinn hefur falið þér.“ 18 Ég rita kveðju
mína með eigin hendi. Minnist þess að ég er
fangi. Blessun Guðs umvefji ykkur! Páll

1 Þessaloníkubréf

1 Frá Páli, Sílasi og Tímóteusi. Til safnaðarins
í Þessaloníku – ykkar, sem tilheyrið Guði
föður og Drottni Jesú Kristi. Guð faðir og Jesús
Kristur, Drottinn okkar, blessi ykkur ríkulega og
gefi ykkur frið í hug og hjarta. **2** Mikið erum við
þakklátir Guði fyrir ykkur. Og við biðjum fyrir
ykkur. **3** Þegar við tölum við Guð föður okkar,
þá minnumst við kærleiksverka ykkar, sterkrar
trúar og hve óhagganleg þið eruð í voninni um
endurkomu Drottins Jesú Krists. **4** Kæru vinir,
við vitum að Guð hefur kallað ykkur og að hann
elskar ykkur. **5** Þetta segjum við vegna þess
að þegar við fluttum ykkur gleðiboðskapinn,
þá lituð þið ekki á hann sem eitthvert blaður,
heldur hlustuðuð með mikilli athygli. Orð okkar
höfðu sterk áhrif á ykkur og heilagur andi gaf
ykkur djúpa og einlæga sannfæringu um, að
það sem við sögðum væri satt. Þið vitið einnig
að framkoma okkar var í fullu samræmi við orð
okkar. **6** Þannig urðuð þið fylgjendur okkar,
og þar með Drottins, því að þið tókuð á móti
boðskapnum með gleði heilags anda, þrátt fyrir
ofsóknir og erfiðleika sem það færði ykkur.
7 Þið urðuð fyrirmynd kristnu fólki um alla
Makedóníu og Akkeu. **8** Nú hefur orð Drottins
borist frá ykkur, langt út fyrir landamæri ykkar.
Það er sama hvert við förum, alls staðar hittum
við fólk sem talar um ykkar sterku trú. Við
þurfum ekki að segja neitt, **9** því það segir
okkur að fyrra bragði frá þeim stórkostlegu
móttökum sem við fengum hjá ykkur. Hvernig
þið sneruð ykkur frá skurðgoðunum og til Guðs,
og í dag er hann – hinn lifandi og sanni Guð –
húsbóndinn í lífi ykkar. **10** Fólk hefur einnig
sagt okkur hve mjög þið væntið endurkomu
Guðs sonar frá himnum – Jesú sem Guð reisti
frá dauðum. Hann einn getur frelsað ykkur frá
reiði Guðs, vegna syndarinnar.

2 Þið vitið vel, kæru vinir, að heimsókn okkar
til ykkar var sannarlega ekki árangurslaus. **2**
Þið þekkið hve hart við vorum leiknir í Filippí,
rétt áður en við komum til ykkar! Þrátt fyrir
það gaf Guð okkur kjark til að flytja ykkur sama
boðskap, meira að segja með djörfung, enda
þótt við værum umkringdir óvinum. **3** Af þessu
getið þið séð að við predikuðum ekki á fölskum
forsendum eða með illt í huga. Við vorum
einlægir og komum til dyranna eins og við
vorum klæddir. **4** Við erum sendiboðar Guðs og
þannig tölum við. Guð hefur treyst okkur fyrir
sannleikanum og honum breytum við ekki til
að þóknast mönnum. Við þjónum Guði einum.
Hann rannsakar hjörtu okkar og þekkir okkar
leyndustu hugsanir. **5** Hvenær reyndum við að
vinna traust ykkar með smjaðri? Aldrei, það
vitið þið vel. Og Guð veit að ekki sóttumst við
eftir vináttu ykkar til að græða á ykkur. **6** Nei,
það getum við talið okkur til lofs að aldrei höfum
við beðið ykkur, né neinn annan, um peninga,
enda þótt við sem postular Krists hefðum fullan
rétt á að fara fram á fjárhagsstuðning eða
viðurkenningu. **7** Við sýndum ykkur eins mikla
nærgætni og móðir barni sínu. **8** Okkur þótti
svo vænt um ykkur, að við gáfum ykkur ekki
aðeins orð Guðs, heldur einnig líf okkar. **9** Kæru
vinir, munið þið hvernig við strituðum meðan
við vorum hjá ykkur? Við unnum dag og nótt
til að hafa í okkur og á, svo að þið þyrftuð
ekki að bera kostnað okkar vegna, meðan við
fluttum ykkur fagnaðarerindið. **10** Þið getið sjálf
borið vitni um það – ásamt Guði – að við höfum
hreinan skjöld gagnvart ykkur öllum. **11** Við
töluðum við ykkur eins og faðir við börn sín
– munið þið það? Við áminntum, hvöttum og
jafnvel grátbændum eitt og sérhvert ykkar, **12**
svo að líferni ykkar yrði Guði ekki til skammar
– honum sem kallaði ykkur inn í dýrðarríki
sitt. **13** Við erum Guði eilíflega þakklátir, því að
þið lituð ekki á boðskap okkar sem okkar eigin
orð, heldur sem Guðs orð, sem það vissulega er.
Þegar þið tókuð við því og trúðuð, þá breytti
það lífi ykkar! **14** Síðan fenguð þið, kæru vinir,
að reyna sömu þjáningar og kristnu söfnuðirnir
í Júdeu. Þið þolduð ofsóknir af hendi samlanda
ykkar, rétt eins og þeir í Júdeu meðal sinnar
eigin þjóðar, Gyðinga. **15** Gyðingarnir líflétu sína
eigin spámenn og síðan tóku þeir af lífi Drottin
Jesú og nú hafa þeir ofsótt okkur hatrammlega
og rekið okkur burt. Þeir rísa bæði gegn Guði og
mönnum **16** og reyna að hindra okkur í að ná til
heiðingjanna, af ótta við að einhverjir þeirra
muni frelsast. Með þessu bæta þeir gráu ofan
á svart og auka enn við syndir sínar. En reiði
Guðs nær til þeirra að lokum. **17** Kæru vinir, það
leið ekki langur tími frá því við fórum frá ykkur
(hjörtu okkar yfirgáfu ykkur reyndar aldrei!),
þar til við reyndum að snúa til ykkar á ný. **18**
Okkur langaði mjög mikið til að hitta ykkur og
ég, Páll, reyndi það hvað eftir annað, en Satan

hindraði okkur. 19 Til hvers haldið þið að við
lifum? Hvað haldið þið að sé von okkar, gleði og
kóróna, – hrósunarefni okkar? Það eruð þið. Þið
munuð verða gleði okkar þegar við stöndum
hlið við hlið frammi fyrir Drottni Jesú Kristi, við
endurkomu hans. 20 Þið eruð gleðiefni okkar og
staðfesting á sigri okkar.

3 Þegar ég gat ekki afborið þetta lengur, ákvað
ég að verða eftir í Aþenu. 2 Ég sendi Tímóteus,
bróður okkar og þjón Guðs, til ykkar, til að
styrkja ykkur og uppörva í trúnni og koma í
veg fyrir að þið misstuð kjarkinn vegna allra
erfiðleikanna sem þið mættuð. Auðvitað vitið
þið að slíkir erfiðleikar eru þáttur í áætlun
Guðs með okkur kristna menn. 4 Meðan við
vorum hjá ykkur, þá sögðum við ykkur að þið
mynduð brátt mæta ofsóknum og það stóð
heima. 5 En sem sagt, þegar ég þoldi ekki
lengur þessa óvissu, þá sendi ég Tímóteus til
að komast að því hvort þið væruð staðföst í
trúnni. Ég var hræddur um að Satan hefði ef til
vill fellt ykkur og erfiði okkar væri allt unnið
fyrir gýg. 6 En nú er Tímóteus nýkominn aftur
með þær gleðifréttir, að trú ykkar sé sterkari
og kærleikurinn dýpri en nokkru sinni. Hann
sagði einnig að þið hefðuð minnst heimsóknar
okkar með gleði og þráð jafn heitt og við að við
gætum hist á ný. 7 Kæru vinir, þessar fréttir, að
þið séuð stöðug í Drottni, hafa huggað okkur
stórlega í þeim erfiðleikum og þjáningum sem
við verðum að þola hér. 8 Við getum þolað hvað
sem er, svo framarlega sem við vitum að þið
séuð staðföst í trúnni á Jesú Krist. 9 Hvernig
getum við nógsamlega þakkað Guði fyrir gleðina
sem þið hafið veitt okkur í samfélaginu við
Drottin? 10 Við biðjum Guð þess dag og nótt
að við fáum að heimsækja ykkur á ný, svo
að við getum aukið enn meir við trú ykkar.
11 Ég bið þess að sjálfur Guð, faðir okkar, og
Drottinn Jesús, opni okkur leið til ykkar á ný.
12 Auk þess bið ég Drottin að kærleikur ykkar
hvers til annars og til allra, aukist æ meir, eins
og kærleikurinn sem við berum til ykkar. 13
Þannig mun Guð, faðir okkar, styrkja ykkur og
helga, og hreinsa hjörtu ykkar af allri synd, svo
að þið getið staðið hrein frammi fyrir honum
þann dag, er Drottinn Jesús Kristur kemur aftur
ásamt öllum þeim er honum tilheyra.

4 Kæru vinir, núorðið vitið þið hvernig við
eigum að lifa okkar daglega lífi svo að Guði
líki. 2 Þið þekkið þau boðorð sem við fluttum
ykkur frá sjálfum Drottni Jesú. Nú biðjum við
ykkur, og það af öllu hjarta og í nafni Drottins
Jesú, að þið fetið dyggilega í fótspor hans og
hlýðið honum. 3 Því að Guð vill að þið séuð
heilög og hrein og forðist allt lauslæti. Sérhver
umgangist maka sinn í heilagleik og sæmd, 5
en ekki í brennandi girnd eins og heiðingjarnir,
sem hvorki þekkja Guð né vilja hans. 6 Annað
langar mig að nefna í þessu sambandi og það
er líka vilji Guðs. Beitið engan þeim órétti að
taka frá honum konu hans, því að fyrir slíkt
mun Drottinn refsa harðlega, eins og við höfum
áður sagt. 7 Guð kallaði okkur ekki til að lifa
í óhreinleika og girnd, heldur í hreinleika og
helgun. 8 Ef einhver neitar að lifa eftir þessum
boðum, þá óhlýðnast hann ekki boðum manna,
heldur Guðs, sem gefur heilagan anda og vill
að þið séuð heilög. 9 En um bróðurkærleikann
sem á að ríkja meðal Guðs fólks, get ég verið
stuttorður, því ég þekki ykkur! Guð hefur sjálfur
kennt ykkur að elska hvert annað. 10 Kærleikur
ykkar til kristinna samlanda ykkar er orðinn
mjög rótgróinn. En jafnvel þótt svo sé, kæru
vinir, þá er það innileg bæn okkar að þið takið
enn meiri framförum. 11 Það er ykkur til sóma
að lifa kyrrlátu lífi, vera skyldurækin og stunda
störf ykkar, eins og við höfum áður sagt. 12
Þannig hegðið þið ykkur með sóma gagnvart
þeim sem ekki eru trúaðir og verðið upp á
engan komin. 13 Kæru vinir, nú langar mig að
segja ykkur hvað verður um þann sem kristinn
er, eftir að hann deyr, svo að þið séuð ekki
kvíðafull eins og þeir sem ekki hafa tekið á
móti hjálpræði Guðs. 14 Fyrst við trúum því að
Jesús hafi dáið og risið upp, þá getum við einnig
treyst því að þegar hann kemur aftur, þá muni
Guð vekja til lífs alla þá sem dáið hafa í trú á
hann. 15 Það sem ég nú segi byggir á orðum
Drottins. Við sem verðum á lífi þegar Drottinn
kemur, munum ekki rísa upp til fundar við hann
á undan þeim sem þegar eru dánir. 16 Þegar kall
erkiengilsins hljómar og básúna Guðs gellur, þá
mun Drottinn stíga niður af himni og kristnir
menn rísa upp til fundar við hann – fyrst hinir
dánu, 17 en síðan við, sem þá verðum á lífi. Við
verðum hrifin upp á skýjum ásamt þeim, til að
vera með Drottni um alla eilífð. 18 Huggið og
uppörvið hvert annað með þessum orðum.

5 Hvenær verður þetta? Reyndar er óþarfi
fyrir mig að ræða það, kæru vinir, **2** því að
ykkur er sjálfum ljóst að það veit enginn. Dagur
Drottins kemur fyrirvaralaust – eins og þjófur
um nótt. **3** Fólk segir: „Nú er friður og ró og allt
í besta lagi, "– en þá mun skelfingin dynja yfir,
eins og fæðingarhríðir hjá konu sem er að því
komin að ala barn. Fólk þetta mun ekki sjá neina
undankomuleið – hvergi mun skjól að finna. **4**
Kæru vinir, ég veit að ykkur er þetta ljóst og
þegar dagur Drottins kemur, kemur hann ykkur
ekki í opna skjöldu eins og óvinur, **5** því að
öll eruð þið börn ljóssins og börn dagsins. Þið
heyrið ekki nóttunni til né myrkrinu. **6** Verið
því allsgáð og sofið ekki á verðinum eins og
sumir. Vakið og væntið komu Drottins! **7** Nóttina
nota menn til svefns og sumir til að drekka sig
fulla, **8** en við, sem lifum í ljósinu skulum vera
allsgáð, vernduð brynju trúar og kærleika og
með hjálm hjálpræðisins á höfði. **9** Guð hefur
ekki kallað okkur til refsingar, **10** heldur til
eilífs lífs með sér, hvort sem við verðum lífs
eða liðin þann dag er Drottinn kemur aftur.
11 Uppörvið því hvert annað og hjálpist að,
hér eftir sem hingað til. **12** Kæru vinir, sýnið
leiðtogum safnaðar ykkar tilhlýðilega virðingu.
Þeir leggja hart að sér ykkar vegna og vara
ykkur við öllu því sem rangt er. **13** Hugsið vel
til þeirra og berið umhyggju fyrir þeim, því að
þeir gera sitt besta til að hjálpa ykkur. Haldið
svo frið hvert við annað. **14** Kæru vinir, áminnið
þá sem latir eru og uppörvið þá sem kjarklitlir
eru. Sýnið nærgætni og umhyggjusemi þeim
sem viðkvæmir eru og verið þolinmóð hvert
við annað. **15** Gætið þess að enginn gjaldi illt
fyrir illt, en reynið í hvívetna að gera hvert
öðru gott og einnig þeim sem ekki eru kristnir.
16 Verið ávallt glöð. **17** Verið stöðug í bæninni.
18 Þakkið Guði í öllum kringumstæðum, því
það er vilji Guðs með þá sem Kristi tilheyra.
19 Hindrið ekki heilagan anda **20** með því að
ávíta þá sem koma með spádóm frá Guði, **21**
en sannprófið það sem þeir segja í ljósi Guðs
orðs, til að ganga úr skugga um hvort það sé
rétt, og ef svo er, þá takið við því. **22** Haldið
ykkur frá öllu sem illt er. **23** Ég bið þess að Guð
friðarins hreinsi ykkur algjörlega og varðveiti
líkama ykkar, sál og anda, allt til þess dags er
Drottinn Jesús Kristur kemur aftur. **24** Guð, sem
kallaði ykkur til að verða börn sín, mun koma
þessu til leiðar, eins og hann hefur lofað. **25**
Kæru vinir, biðjið fyrir okkur. **26** Skilið kveðju
frá mér til allra bræðranna. **27** Ég bið þess og
krefst í nafni Drottins að þið látið lesa þetta
bréf upp fyrir öllum söfnuðinum. **28** Drottinn
blessi ykkur ríkulega, eitt og sérhvert. Páll

2 Þessaloníkubréf

1 Frá Páli, Sílasi og Tímóteusi. Til safnaðarins í
Þessaloníku, sem er varðveittur í Guði föður
og í Drottni Jesú Kristi. **2** Guð, faðir Drottins Jesú
Krists, blessi ykkur ríkulega og fylli hugi ykkar
og hjörtu friði sínum. **3** Kæru vinir, það er okkur
bæði rétt og skylt að þakka Guði fyrir ykkur,
því að trú ykkar hefur vaxið undursamlega og
kærleikur ykkar eflst innbyrðis. **4** Það er okkur
ljúft að segja öðrum söfnuðum frá þolinmæði
ykkar og trausti til Guðs, þrátt fyrir ógnir og
erfiðleika sem þið hafið orðið að þola. **5** Þetta er
enn ein staðfesting þess að Guð er sanngjarn og
réttlátur í öllu. Hann notar þjáningarnar til að
efla ykkur í trúnni, **6** og samtímis vinnur hann
að dómi og refsingu þeirra sem ofsækja ykkur.
7 Því segi ég við ykkur sem illt þolið: Guð mun
frelsa ykkur, og okkur, úr þessum þrengingum.
Það verður þegar Drottinn Jesús kemur frá
himnum ásamt sínum voldugu englum. **8** Hann
kemur í logandi eldi og mun kveða upp dóm
yfir þeim sem ekki þekkja Guð og þeim sem
óhlýðnast fagnaðarerindi hans. **9** Þeir munu
glatast og þeim refsað með eilífum aðskilnaði
frá Drottni. Þeir munu ekki sjá dýrð hans og
mátt, (aiōnios g166) **10** er hann birtist til að hljóta
lof og tilbeiðslu allra þeirra sem á hann trúa,
en þeirra á meðal verðið þið, því þið trúðuð
vitnisburði okkar um hann. **11** Þess vegna
biðjum við stöðugt fyrir ykkur, að Guð varðveiti
ykkur og fullkomni allt það góða sem þið vinnið
að í trú og krafti hans. **12** Þá mun nafn Drottins
verða vegsamlegt í lífi ykkar og þið sjálf verða
honum til dýrðar. Þessu mun kærleikur og
miskunn Guðs koma til leiðar.

2 Hvað um endurkomu Drottins Jesú Krists og
samfundi okkar við hann? **2** Kæru vinir, látið
engar sögusagnir, eins og þá að dagur Drottins
sé þegar runninn upp, koma ykkur úr jafnvægi
eða gera ykkur órótt. Ef þið heyrið um fólk
sem séð hefur sýnir eða fengið einhver sérstök
skilaboð frá Guði um þetta, eða þá fengið bréf
sem álitin eru frá mér, þá trúið því ekki. **3**
Látið ekkert slíkt rugla ykkur né blekkja, sama
hvað sagt er. Dagur Drottins kemur ekki fyrr en
tvennt hefur gerst: Fyrst kemur tími fráfalls
og andstöðu gegn Guði og síðan mun maður
syndarinnar birtast – glötunarsonurinn. **4** Hann
mun standa gegn öllu sem Guðs er og rífa niður
allt sem dýrkað hefur verið eða tilbeðið. Hann
tekur sér stöðu í musteri Guðs og kemur fram
eins og væri hann Guð. **5** Munið þið ekki eftir
þessu? Ég talaði um þetta þegar ég var hjá ykkur
síðast. **6** Þið vitið hvað heldur aftur af honum:
Hann fær ekki að birtast fyrr en tími hans er
kominn. **7** Vissulega eru hin illu öfl eyðingar og
upplausnar nú þegar að verki, en sjálfur mun
þessi uppreisnarmaður ekki koma fyrr en öllum
hindrunum hefur verið rutt úr vegi. **8** Eftir það
mun hann – maður illskunnar – vaða uppi. En
þegar Drottinn Jesús kemur aftur, mun hann
blása á hann og tortíma honum með nærveru
sinni. **9** Maður þessi verður verkfæri Satans.
Hann verður haldinn djöfullegum krafti og mun
beita furðulegum blekkingum og kraftaverkum.
10 Þannig villir hann sýn, þeim sem glatast. Þeir
glatast af því að þeir hafa ekki tekið á móti
kærleika og sannleika Guðs sér til frelsunar,
heldur hafnað því **11** og þess vegna leyfir Guð
þeim að trúa lyginni af öllu hjarta. **12** Þetta
fólk verður svo réttvíslega dæmt fyrir að trúa
blekkingunni, en hafna sannleikanum, og fyrir
að kasta sér út í syndina. **13** Okkur er skylt að
þakka Guði fyrir ykkur, því að Drottinn elskar
ykkur. Hann hafði þegar í upphafi ætlað sér
að frelsa ykkur og hreinsa fyrir verk heilags
anda og fyrir trú ykkar á sannleikann. **14** Hann
notaði fagnaðarerindið til að kalla ykkur til
sín, svo að hann gæti veitt ykkur hlutdeild í
dýrð Drottins. **15** Vinir! Standið stöðugir með
þetta í huga og haldið fast í sannleikann sem
við kenndum ykkur, hvort heldur var munnlega
eða bréflega. **16** Sjálfur Drottinn Jesús Kristur
og Guð faðir okkar, sem hefur elskað okkur
og gefið okkur eilífa huggun og óverðskuldaða
von, (aiōnios g166) **17** huggi hjörtu ykkar og styrki
ykkur í öllu góðu, bæði í orði og verki.

3 Kæru vinir, er ég nú lýk þessu bréfi, langar
mig að biðja ykkur um eitt: Biðjið fyrir okkur!
Biðjið fyrst að boðskapur Drottins fái að breiðast
út og fara sigurför hvar sem hann heyrist, og
að menn vinnist á sama hátt og gerðist meðal
ykkar. **2** Biðjið einnig um að við frelsumst úr
klóm vondra manna, því ekki elska allir Drottin.
3 Drottinn er trúfastur! Hann mun styrkja ykkur
og vernda gegn öllum árásum Satans, hvers
kyns sem þær eru. **4** Drottins vegna treystum
við því að þið, bæði nú og framvegis, farið eftir
því sem við kenndum og sögðum. **5** Drottinn

leiði ykkur til æ dýpri skilnings á kærleika Guðs
og langlyndi Krists. 6 Kæru vinir, hér er svo
boðorð sem ég gef ykkur í nafni Drottins Jesú –
í umboði hans og valdi: Forðist þá trúbræður
ykkar sem, andstætt kenningu okkar, liggja í leti
daginn út og inn og nenna ekki að vinna fyrir
sér. 7 Þið vitið að við gáfum ykkur gott fordæmi.
Hvenær sáuð þið okkur slæpast? Aldrei. 8 Við
þáðum aldrei mat frá ykkur án þess að greiða
fyrir, heldur unnum af kappi dag og nótt til að
afla lífsviðurværis, svo að við yrðum engum
ykkar byrði. 9 Vissulega höfðum við rétt til
að láta ykkur sjá fyrir okkur, en með þessu
vildum við sýna hvernig þið eigið að vinna fyrir
ykkur. 10 Við sögðum við ykkur: „Sá sem ekki
vill vinna, á ekki heldur að fá mat.“ 11 Engu
að síður höfum við frétt að sumir ykkar séu
óreglusamir, neiti að vinna, en séu þess í stað
að skipta sér af því sem þeim kemur ekki við. 12
Við biðjum þá menn, í nafni Drottins Jesú Krists,
að hætta öllu slóri, koma sér að verki og vinna
fyrir sér! 13 Við ykkur hin, kæru vinir, segi ég:
Þreytist aldrei á því að gera það sem gott er
og rétt. 14 Neiti einhver að hlýða orðum okkar
í þessu bréfi, þá fylgist með honum, en hafið
ekki samband við hann, svo að hann sjái að sér.
15 Lítið ekki á hann sem óvin, heldur talið til
hans sem bróður er fengið hefur aðvörun. 16
Guð friðarins gefi ykkur sinn frið! Drottinn sé
með ykkur. 17 Hér er kveðja mín, rituð með
eigin hendi, eins og í öllum mínum bréfum, og
er það sönnun þess að bréfið sé frá mér. Þetta
er mín eigin rithönd. 18 Blessun Drottins Jesú
Krists sé yfir ykkur öllum. Páll

1 Tímóteusarbréf

1 Frá Páli, sem eftir skipun Guðs, frelsara okkar
og Drottins Jesú Krists, er sendiboði Jesú
Krists – sem er von okkar. **2** Til Tímóteusar.
Tímóteus, þú sem ert mér sem sonur í trúnni
á Drottin. Guð faðir og Drottinn Jesús Kristur
auðsýni þér kærleika og miskunn og gefi
þér frið í hug og hjarta. **3** Ég endurtek það
sem ég sagði áður en ég fór frá Makedóníu:
Vertu kyrr í Efesus og þaggaðu niður í þeim
mönnum sem fara með rangar kenningar.
Reyndu að binda enda á þessar goðsagnir og
helgisögur og þær hugmyndir þeirra, að hægt
sé að frelsast með því að vinna sér hylli hjá
endalausri röð engla sem leiði menn upp til
Guðs. Þetta eru fáránlegar hugmyndir, sem
aðeins vekja þrætur í stað þess að benda fólki
á leið trúarinnar, eins og Guð ætlaðist til. **5**
Markmið kristinnar kenningar er að menn
fyllist sönnum kærleika, hafi góða samvisku
og eignist sterka trú. **6** Þessir menn hafa
misst sjónar á þessu markmiði og nú eyða þeir
tímanum í þras og heimskulegar vangaveltur.
7 Þá langar til að afla sér viðurkenningar sem
fræðimenn í lögum Móse, en þeir hafa bara
ekki minnstu hugmynd um efni þeirra. **8** Lög
þessi eru góð, ef þau eru notuð eins og Guð
ætlaðist til. **9** Þau voru alls ekki skrifuð fyrir
réttláta menn, sem frelsast hafa frá syndinni,
heldur fyrir syndara, sem eru óvinir Guðs.
Þau voru ætluð lögleysingjum, morðingjum
og öðrum vanheilögum syndurum. **10** Þau
voru fyrir hórkarla, kynvillinga, mannræningja,
lygara og alla aðra sem lifa í andstöðu við
gleðiboðskapinn, sem góður Guð gaf okkur og
mér var falið að boða. **12** Ég þakka Drottni Jesú
Kristi, að hann skyldi velja mig í hóp sendiboða
sinna og gera mig styrkan í trúnni, **13** Mig, sem
margoft hafði hætt hann og spottað. Ég ofsótti
þá sem á hann trúðu og olli þeim eins miklu
tjóni og ég frekast gat. En Guð miskunnaði
mér, því að ég vissi ekki hvað ég gerði, enda
þekkti ég þá ekki Krist. **14** Drottinn sýndi mér
mikla miskunn, því hann kenndi mér að treysta
sér og síðan fyllti hann mig kærleika sínum.
15 Það, að Jesús Kristur kom í heiminn til að
frelsa synduga menn, er satt og ég vildi að allir
fengju að heyra það og trúa. Sjálfur var ég mesti
syndarinn. **16** En Guð miskunnaði mér til að
Kristur Jesús skyldi sýna mér þolinmæði og
langlyndi sitt, til vitnisburðar öðrum syndurum
sem eignast trú á hann. **(aiōnios g166)** **17** Guði sé lof
og dýrð um aldir alda! Hann er hinn ódauðlegi
og ósýnilegi, konungur eilífðarinnar. Enginn er
Guð nema hann. Amen. **(aiōn g165)** **18** Tímóteus,
ég ætla að minna þig á spádómsorðin sem voru
töluð til þín, en samkvæmt þeim skaltu berjast
hinni góðu baráttu trúarinnar og hafa góða
samvisku. Sumir hafa gert ýmislegt gegn betri
vitund og syndgað af ásettu ráði. Það er reyndar
ekkert undarlegt þótt fólk sem þannig ögrar
Guði, falli fljótt frá trúnni á Krist. **20** Hýmeneus
og Alexander eru dæmi um slíka menn. Ég varð
að gefa þá Satani á vald til refsingar, svo að
þeim lærðist að lítilsvirða ekki nafn Krists.

2 Hér koma svo fyrirmæli mín: Gættu þess
að beðið sé fyrir öllum mönnum. Biðjið
Guð að miskunna þeim og þakkið honum fyrir
það sem hann mun gera fyrir þá. **2** Þannig
skaltu biðja fyrir konungum og öllu fólki í
valdastöðum, eða sem hefur mikla ábyrgð, svo
að við fáum að lifa heiðvirðu lífi í friði og ró og
iðka trú okkar. **3** Slíkt er gott og velþóknanlegt
Guði, frelsara okkar, **4** því hann vill að allir
frelsist og læri að þekkja sannleikann. **5** En
sannleikurinn er þessi: Það er aðeins til einn
Guð og sá sem vísar mönnunum veginn til hans
er maðurinn Jesús Kristur, **6** – þess vegna gaf
hann líf sitt í dauðann fyrir mannkynið. Þetta er
boðskapurinn, sem Guð flutti heiminum, þegar
rétti tíminn kom. **7** Síðan var ég valinn – og ég
segi satt frá – til að vera sendiboði og þjónn
Guðs, flytja heiðingjunum þennan sannleika
og boða þeim áform Guðs um það hvernig við
frelsumst fyrir trú. **8** Samkvæmt þessu vil ég að
karlmenn alls staðar, biðjist hvarvetna fyrir og
lyfti heilögum höndum í bæn til Guðs, án reiði
og þrætu. **9** Sama er að segja um konurnar. Þær
eiga að vera hæglátar, næmar á góða siði og
snyrtilegan klæðaburð. Trúaðar konur eiga að
vekja athygli fyrir hlýleik og góða framkomu en
ekki hárgreiðslu, skartgripi eða dýran klæðnað.
11 Konur ættu að hlusta og læra í kyrrþey og
auðmýkt. **12** Ég leyfi konum ekki að uppfræða
karlmenn eða taka sér vald yfir þeim. Þær eiga
að vera kyrrlátar. **13** Hvers vegna? Vegna þess
að fyrst skapaði Guð Adam en síðan Evu. **14** Og
ekki var það Adam sem lét blekkjast af Satan,
heldur Eva og afleiðingin var syndin. **15** En

Kristur fæddist inn í þennan heim og hann mun
frelsa sálir kvenna, ef þær treysta honum og
lifa hógværu lífi í helgun og kærleika.

3 Það er rétt og satt að sækist einhver eftir
prests- eða biskupsstarfi, þá girnist hann
fagurt hlutverk. **2** Slíkur maður skal vera til
fyrirmyndar og lifa hreinu og heiðvirðu lífi.
Hann verður að vera eiginkonu sinni trúr,
tillitssamur, reglusamur og láta jafnan gott af
sér leiða. Hann á að vera gestrisinn og góður
uppfræðari. **3** Hann má ekki vera drykkfelldur
eða þrasgjarn, heldur prúður og góðgjarn og
alls ekki sólginn í fé. **4** Fjölskylda hans verður að
sýna góða hegðun og börn hans eiga að hlýða
strax og athugasemdalaust, **5** því að hvernig
á maður að stjórna heilum söfnuði, sem ekki
getur stjórnað eigin fjölskyldu? **6** Biskup eða
safnaðarleiðtogi á ekki að vera nýr í trúnni,
svo að hann ofmetnist ekki og rógberarnir
fái höggstað á honum. **7** Hann verður einnig
að hafa gott orð á sér meðal þeirra sem ekki
eru kristnir, svo að Satan ásaki hann ekki og
hann missi kjarkinn til að leiða söfnuðinn. **8**
Aðrir þjónar og starfsmenn safnaðarins eiga
líka að vera góðir og traustir. Ekki óáreiðanlegir,
drykkfelldir eða gráðugir í peninga. **9** Þeir verða
að taka hlutina alvarlega og fylgja Kristi heils
hugar, því að hann er uppspretta trúar þeirra.
10 Látið þessa menn sinna fyrst öðrum minni
háttar störfum fyrir söfnuðinn, til að reyna
staðfestu þeirra og hæfileika, áður en þeim er
fengið fullt starf. Ef þeir standa sig vel, þá má
gjarnan velja þá sem safnaðarþjóna. **11** Konur
eiga að vera siðprúðar, en ekki raupsamar. Þær
stjórnist af hófsemi og séu trúar í öllu. **12**
Safnaðarþjónn á að vera eiginkonu sinni trúr,
og reglusemi og gleði skal ríkja á heimili þeirra.
13 Þeir sem standa sig vel sem safnaðarþjónar,
munu njóta virðingar fólksins, þeim mun aukast
kjarkur og trú þeirra vaxa. **14** Mér finnst rétt að
skrifa þér um þessa hluti, enda þótt ég vonist
til að hitta þig bráðlega, **15** því ef mér seinkar,
þá veistu hverja þú átt að velja til leiðtogastarfa
í söfnuði Guðs – þá sem halda sannleika Guðs
hátt á lofti. **16** Víst er guðrækilegt líferni enginn
leikur, en það er þó mögulegt í samfélaginu
við Krist. Hann kom til jarðarinnar sem maður.
Hann reyndist hreinn og syndlaus í anda sínum
og englar þjónuðu honum. Hann var boðaður
meðal þjóðanna, hvarvetna trúðu menn á hann
og síðan var hann hafinn upp í dýrð himnanna.

4 Heilagur andi segir skýrt og greinilega að
á síðustu tímum muni sumir snúa baki við
Kristi, hlýða lyga-öndum og fylgja kenningum
sem komnar eru frá Satani. **2** Þessir kennimenn
munu ljúga án þess að blikna, því þeir hafa
svæft samvisku sína. **3** Þeir munu banna fólki
að ganga í hjónaband og segja það rangt að
borða kjöt, þótt hvort tveggja sé frá Guði. Þetta
tvennt er vissulega ætlað trúuðu fólki sem
þekkir sannleikann. Það njóti þessara gjafa og
þakki Guði. **4** Allt sem Guð hefur skapað er gott
og við getum neytt þess með gleði eftir að hafa
þakkað Guði. **5** Það helgast af Guðs orði og bæn.
6 Ef þú brýnir þetta fyrir hinum trúuðu, ert þú
góður þjónn Jesú Krists, sem lifir í trú á hina
réttu kenningu, sem þú hefur fylgt. **7** Eyddu
ekki tíma í deilur um fánýt efni eða kjánalegar
goðsagnir og helgisögur. Kappkostaðu miklu
fremur að viðhalda andlegri hæfni þinni. **8**
Líkamsþjálfun getur að vísu verið gagnleg en
iðkun trúarlífsins er miklu þýðingarmeiri og er
þér til hressingar á allan hátt. Leggðu því stund
á andlega þjálfun og æfðu þig í því að verða
heilsteyptari í trúnni. Það er nytsamlegt, bæði
nú í þessu lífi og einnig í hinu komandi. **9** Þetta
er satt og eftir þessu ættu allir að fara. Við
leggjum hart að okkur og þolum miklar raunir í
viðleitninni til að fá fólk til að trúa þessu, því
við höfum sett von okkar á hinn lifandi Guð,
sem dó fyrir alla, en þó sérstaklega þá sem tekið
hafa við hjálpræði hans. **11** Þetta skaltu kenna
og gættu þess vel að allir taki námið alvarlega.
12 Láttu engan líta niður á þig, vegna þess hve
ungur þú ert, en vertu fyrirmynd trúaðra og
farðu sjálfur eftir því sem þú kennir og þá
munu þeir einnig gera það. Vertu þeim líka til
fyrirmyndar í kærleika, trú og hreinleika. **13** Ég
bið þig að lesa og útskýra orð Guðs af kostgæfni
fyrir söfnuðinum og boða það þangað til ég
kem. **14** Gættu þess vel að nota hæfileikana sem
Guð gaf þér, þegar leiðtogar safnaðarins lögðu
hendur yfir þig og fluttu þér spádóm frá Guði.
15 Notaðu nú þessa hæfileika og varpaðu þér út
í starfið, svo að allir geti séð hversu þér hefur
farið fram. **16** Hafðu gát á sjálfum þér og því
sem þú kennir. Haltu fast við sannleikann og þá
mun Guð bæði gera þig hólpinn og áheyrendur
þína.

5 Gættu þess að ávíta aldrei roskinn mann
harðlega en fræddu hann með hógværð
og virðingu, eins og hann væri faðir þinn.
Unga menn skaltu áminna sem elskaða bræður,
2 aldraðar konur sem mæður, stúlkur sem
systur og gættu þess að hugur þinn sé hreinn
gagnvart þeim. **3** Ef ekkjur hafa engan til að
sjá fyrir sér, þá á söfnuðurinn að sýna þeim
kærleika og annast þær. **4** Ef þær hins vegar
eiga börn eða barnabörn, þá ber þeim skylda til
að annast þær. Því að kærleikurinn á að eiga
upphaf sitt á heimilunum og birtast í aðstoð
við foreldrana, það er vilji Guðs. **5** Söfnuðurinn
á að annast fátækar ekkjur, sem engan eiga að,
sem treysta Guði og lifa bænalífi. **6** Hins vegar
ber söfnuðinum ekki skylda til þess, ef þær nota
tíma sinn til að rápa um og segja slúðursögur,
sjálfum sér til gamans en jafnframt til tjóns. **7**
Þetta skaltu hafa fyrir reglu í söfnuði þínum, og
í kirkju Krists yfirleitt, svo að menn viti hvað
rétt er og fari eftir því. **8** Ef einhver neitar að
hjálpa ættingjum sínum sem eru hjálpar þurfi,
og þá sérstaklega ef um fjölskyldumeðlimi hans
er að ræða, þá hefur hann engan rétt á að kalla
sig kristinn. Slíkur maður er verri en heiðingi!
9 Ekkja sem óskar eftir að vera á framfæri
safnaðarins verður að minnsta kosti að hafa náð
sextugsaldri og hafa aðeins verið gift einu sinni.
10 Hún verður að hafa gott orð á sér meðal fólks
vegna góðra verka. Hefur hún alið börnin sín
vel upp, verið gestrisin og þjónað trúsystkinum
sínum? Hefur hún hjúkrað slösuðum og sjúkum,
verið vingjarnleg og hjálpfús? **11** Ungar ekkjur
ætti ekki að taka í þennan sérstaka hóp, því
að þær munu líklega áður en langt um líður,
gifta sig á ný **12** og rjúfa þannig heitið sem þær
gáfu Kristi. **13** Þær munu venja sig á iðjuleysi og
rápa milli húsa til að segja nýjustu „söguna“og
hnýsast í einkamál annarra. **14** Ég álít því að
betra sé fyrir þessar ungu ekkjur að gifta sig á
ný, eignast börn og hugsa um sitt eigið heimili,
því að þá mun enginn hafa ástæðu til að klaga
þær fyrir neitt. **15** Þetta segi ég, því ég er
hræddur um að þær hafi nú þegar villst burt frá
söfnuðinum og látið Satan leiða sig afvega. **16**
Ég minni þig aftur á að ættingjum ber sjálfum
að annast þær ekkjur, sem þeim eru skyldar, en
ekki að koma því yfir á söfnuðinn. Söfnuðurinn
á að geta notað eigið fé til að aðstoða ekkjur,
sem eru raunverulegir einstæðingar og eiga
hvergi höfði sínu að að halla. **17** Prestar og
forstöðumenn sem vinna störf sín vel, skulu
hafðir í miklum metum og fá þau laun sem
þeir þurfa, sérstaklega þeir sem leggja hart
að sér við predikun og uppfræðslu. **18** Um
þetta segir Biblían: „Bittu ekki fyrir munninn á
uxanum meðan hann þreskir kornið, heldur
leyfðu honum að éta meðan hann vinnur.“Og
á öðrum stað: „Verður er verkamaður launa
sinna.“ **19** Taktu ekki mark á því þótt einhver
kvarti út af safnaðarleiðtoganum, nema þá
að aðrir tveir eða þrír beri einnig vitni gegn
honum. **20** Og hafi hann syndgað í raun og
veru, þá skal hann ávítaður frammi fyrir öllum
söfnuðinum, svo að enginn fari að dæmi hans.
21 Ég brýni alvarlega fyrir þér, og það frammi
fyrir augliti Guðs og Drottins Jesú Krists og
heilagra engla, að fara eftir þessu, hvort sem
viðkomandi leiðtogi er sérstakur vinur þinn eða
ekki. Hér verður eitt yfir alla að ganga. **22** Flýttu
þér aldrei að velja prest eða safnaðarleiðtoga,
því að vera kann að þú þekkir ekki syndir
hans og þá gætu menn haldið að þú takir þær
ekki svo alvarlega. Gættu þess vandlega að þú
flækist ekki í syndir annarra. **23** Drekktu ekki
einungis vatn, heldur líka dálítið af víni, því
það mun hafa góð áhrif á meltinguna hjá þér.
24 Mundu að sumir menn lifa syndugu lífi, og
það í allra augsýn en sumar syndir sjást ekki
og dómsdagurinn einn mun leiða þær í ljós. **25**
Á sama hátt eru sum góðverk augljós, en um
önnur veit enginn fyrr en löngu síðar.

6 Kristnir þrælar eiga að vinna vel fyrir
eigendur sína og bera virðingu fyrir þeim –
látum engan komast upp með að segja að kristið
fólk sé lélegt til vinnu! Látum hvorki nafn
Guðs né boðskap hans verða fyrir lasti í þessu
sambandi. **2** Ef eigandi þrælanna er kristinn, þá
er það ekki þrælunum tilefni til að svíkjast um,
heldur ættu þeir að vinna af enn meira kappi,
því að þannig hjálpa þeir kristnum meðbróður.
Allt þetta skaltu kenna, Tímóteus, og hvetja fólk
til að fara eftir því. **3** Vera má að sumir hafni
þessu en það er sannleikur þrátt fyrir það. Þetta
er hin heilnæma kenning Drottins Jesú Krists
og hún er undirstaða alls guðrækilegs lífernis.
Þeir sem hafna henni, sýna þar með stolt sitt
og heimsku. **4** Þeir lenda í endalausum þrætum
um skýringar á orðum Krists og vekja deilur,
öfund og reiði, sem svo endar í skömmum,
klögumálum og tortryggni. **5** Hugsanir þessara

orðháka eru myrkvaðar synd og þeir kunna ekki
að segja satt. Fyrir þeim er trúin aðeins leið til
fjár og frama. Forðastu slíka menn. 6 Hefur þú
áhuga á að verða ríkur? Þú ert ríkur, ef þú óttast
Guð og ert nægjusamur. 7 Ekki höfum við neitt
með okkur þegar við komum í þennan heim og
við tökum ekki eina einustu krónu með okkur
þegar við deyjum. 8 Verum því ánægð ef við
höfum í okkur og á. 9 Þeir sem ríkir vilja verða,
leiðast auðveldlega út í alls konar vitleysu, ef
þeir halda að þar sé gróðavon og þannig hafa
margir glatað sálarheill sinni. 10 Fégræðgin er
upphaf margra synda og peninganna vegna hafa
sumir snúið baki við Guði og lent í ógöngum. 11
Kæri Tímóteus, þú ert Guðs maður! Forðastu
allt illt, en snúðu þér í staðinn að því sem
rétt er og gott. Lærðu að treysta Guði og elska
aðra menn, og vertu þolinmóður og ljúfur. 12
Manstu hve djarfur þú varst þegar þú játaðir
í margra votta viðurvist að þú hefðir eignast
eilífa lífið? Haltu fast í það, því að það var Guð
sem gaf þér það. (aiōnios g166) 13 Nú skipa ég
þér, þar sem þú stendur frammi fyrir augliti
Guðs, sem gefur öllu líf, og frammi fyrir Kristi
Jesú, sem óhræddur bar fram játningu sína
frammi fyrir Pontíusi Pílatusi. 14 Framkvæm
þú allt það sem Guð bauð þér að gera, svo
að enginn geti fundið neitt að þér eða bent á
óheiðarleika í fari þínu, allt þar til Jesús Kristur
kemur aftur. 15 Þá mun Guð láta Krist birtast í
dýrð sinni – hann, hinn sæla og máttuga Guð,
konung konunganna, Drottin allra drottna, 16
hinn ódauðlega, sem býr í ljósi sem enginn fær
nálgast. Enginn maður hefur nokkru sinni séð
hann, né mun heldur sjá. Hans er mátturinn,
dýrðin og valdið um aldir alda. Amen. (aiōnios
g166) 17 Segðu þeim sem ríkir eru að forðast
allan hroka og ekki treysta á peningana, því að
þeir eyðast. Segðu þeim heldur að hrósa sér af
Guði og setja traust sitt á hann, því að hann
veitir okkur fúslega allt sem við þörfnumst. (aiōn
g165) 18 Segðu þeim að nota peningana til þess
sem gott er. Menn þessir ættu að vera ríkir af
góðum verkum og gefa með glöðu geði, þeim
sem þurfandi eru – vera reiðubúnir að deila með
öðrum því sem Guð hefur gefið þeim. 19 Þannig
gætu þeir safnað sér varanlegum fjársjóði á
himnum og það er eina örugga fjárfestingin,
ef eilífðin er höfð í huga! Þar að auki eiga þeir
svo að lifa ávaxtaríku trúarlífi hér á jörðinni.
20 Kæri Tímóteus, láttu ekki dragast að gera
það sem Guð hefur falið þér. Sumir stæra sig af
þekkingu sinni, en opinbera þar með fáfræði
sína. Forðastu heimskulegar deilur við slíka
menn. 21 Sumir þeirra hafa týnt því sem mestu
máli skiptir í lífinu: Þekkingunni á Guði. Náð
Guðs sé með þér. Páll

2 Tímóteusarbréf

1 Frá Páli, sem að vilja Guðs er sendiboði Jesú
Krists, til að flytja öllum boðskapinn um
eilífa lífið, sem fæst fyrir trúna á Jesú Krist. **2**
Til Tímóteusar, míns elskaða sonar. Guð, faðir,
og Kristur Jesús, Drottinn okkar, veiti þér náð,
miskunn og frið. **3** Tímóteus, mikið er ég Guði
þakklátur fyrir þig. Ég bið Guð dag og nótt að
blessa þig og veita þér allt sem þú þarfnast. Eins
og forfeður mínir, þjóna ég Guði og kappkosta
að hafa hreina samvisku. **4** Ég þrái mjög að
hitta þig á ný. Mikið yrði það gaman! Ég man
að þú táraðist þegar við skildum síðast. **5** Ég
veit að þú treystir Drottni af heilum hug, rétt
eins og móðir þín, hún Evníke, og Lóis amma
þín, og ég held að traust þitt hafi ekki minnkað.
6 Þess vegna hvet ég þig til að efla með þér þá
náðargjöf Guðs sem í þér býr – gjöfina sem þú
fékkst þegar ég lagði hendur yfir þig og bað
fyrir þér. **7** Heilagur andi sem Guð gaf þér, vill
ekki að við óttumst mennina, heldur vöxum í
kærleika og krafti Guðs og gætum stillingar. **8** Ef
þú endurnýjast í þessum krafti frá degi til dags,
muntu aldrei blygðast þín fyrir vitnisburðinn
um Drottin, eða fyrir mig, þótt ég sé í fangelsi
vegna Krists. Þá muntu líka verða reiðubúinn að
þjást með mér vegna Drottins, því að hann mun
styrkja þig. **9** Það var hann sem frelsaði okkur og
útvaldi til að vinna sitt heilaga verk, ekki vegna
þess að við ættum það skilið, heldur vegna eigin
ákvörðunar, löngu áður en heimurinn varð til.
Hann ætlaði að auðsýna okkur kærleika sinn
og gæsku í Kristi. **(aiōnios g166)** **10** Nú hefur hann
framkvæmt þessa áætlun sína og sent okkur
Jesú Krist, frelsarann, sem braut vald dauðans
á bak aftur og opnaði okkur veg til eilífs lífs
fyrir trúna á hann. **11** Síðan kaus hann mig
til að flytja heiðingjunum þennan boðskap og
uppfræða þá. **12** Þess vegna þarf ég að þjást
hér í fangelsinu, en ég skammast mín ekkert
fyrir það því ég veit á hvern ég trúi og er þess
fullviss að hann megnar að varðveita allt það
sem mér er trúað fyrir, allt til þess dags er
hann kemur á ný. **13** Haltu fast við sannleikann
eins og ég kenndi þér hann, einkum það sem
varðar trúna og kærleikann, sem Jesús Kristur
gefur. **14** Varðveittu vel þá góðu og guðlegu
hæfileika sem þér voru gefnir af heilögum
anda sem í þér býr. **15** Eins og þú veist eru
bræðurnir sem hingað komu frá Litlu-Asíu,
allir farnir frá mér og meira að segja Fýgelus
og Hermogenes. **16** Drottinn blessi Ónesífórus
og alla hans fjölskyldu. Oft vitjaði hann mín
og uppörvaði. Heimsóknir hans voru eins og
ferskur andblær og aldrei blygðaðist hann sín
fyrir fjötra mína. **17** Sannleikurinn er sá að
þegar hann kom til Rómar, leitaði hann mín um
allt og fann mig að lokum. **18** Guð blessi hann
ríkulega þegar Kristur kemur aftur – þú veist
manna best hversu hann hjálpaði til í Efesus.

2 Tímóteus, sonur minn, lifðu í krafti Jesú
Krists! **2** Þitt hlutverk er að fræða aðra um
það, sem þú heyrðir mig tala í áheyrn margra
votta. Þann sannleika skaltu kenna mönnum
sem hægt er að treysta, svo að þeir geti kennt
öðrum. **3** Vertu fús að þjást eins og sannur
hermaður Jesú Krists, því að það ber okkur að
gera. **4** Og sem hermaður Krists skaltu ekki binda
þig við nein aukastörf, því hvaða hermaður
heldur þú að stundi aukavinnu annars staðar?
Sá kæmi varla að miklum notum! **5** Sá sem
stundar íþróttir, verður að fara eftir settum
reglum til að geta sigrað, annars verður hann
dæmdur úr leik og á enga von um verðlaun. **6**
Og bóndinn – hann leggur hart að sér til að ná
góðri uppskeru. Eins gerum við. **7** Hugleiddu
þessi þrjú dæmi – hermanninn, íþróttamanninn
og bóndann, og Drottinn hjálpi þér að skilja
hvernig þau geta átt við þig. **8** Umfram allt,
mundu eftir Jesú Kristi. Hann fæddist sem
maður af ætt Davíðs konungs og sigraði dauðann
með upprisu sinni. **9** Þennan mikla sannleika
hef ég boðað. Þess vegna hef ég verið ofsóttur
og setið í fangelsi eins og afbrotamaður. En þótt
ég sé fjötraður, þá verður orð Guðs ekki fjötrað!
10 Ég er fús að þjást, ef það verður til þess að
þeir, sem Guð hefur útvalið, öðlist hjálpræðið
og dýrð Jesú Krists. **(aiōnios g166)** **11** Ég veit að það
er satt, að ef við deyjum fyrir Krist, þá fáum
við að lifa með honum á himnum. **12** Ef við
stöndum stöðugir í trúnni og þjónustunni, þá
munum við fá að ríkja með honum. En ef við
snúumst gegn Kristi og afneitum honum, þá
hlýtur hann einnig að hafna okkur. **13** En skorti
okkur þrek og sé trú okkar alveg á þrotum,
þá er hann samt trúr og hjálpar, því hann
getur ekki afneitað okkur – við erum hluti af
honum sjálfum. Loforð hans munu standa! **14**
Þennan sannleika skaltu minna hina trúuðu á

og bjóða þeim í nafni Drottins að deila ekki um
einskisverða hluti. Slíkar rökræður rugla menn
bara í ríminu. Þær eru algjörlega gagnslausar
og meira að segja skaðlegar. 15 Starfaðu af
trúmennsku svo að Guð geti gefið þér góðan
vitnisburð og þú þurfir ekki að blygðast þín
þegar Guð prófar verk þín. Þú verður að þekkja
orð hans, vita hvað það segir og hvað það þýðir.
16 Forðastu heimskulegar rökræður sem leiða af
sér synd og illindi manna á milli. 17 Sum orð
valda sári er seint grær. Dæmi um menn sem
ánægju hafa af slíku þrasi eru Hýmeneus og
Fíletus. 18 Þeir hafa villst af vegi sannleikans og
segja upprisu dáinna þegar um garð gengna
og rugla fólk þannig í trúnni. 19 En sannleikur
Guðs er óhagganlegur og honum getur enginn
breytt. Þar er skráð: „Drottinn þekkir sína, "og
„sá sem telur sig kristinn, forðist ranglæti." 20
Á ríkum heimilum eru sum ílát hver úr gulli og
silfri, önnur úr tré og leir. Þau fyrrnefndu eru
notuð fyrir gesti, en hin í eldhúsinu eða undir
úrgang. 21 Forðist þú syndina, líkist þú gullkeri
– því besta sem til er á heimilinu – og þá mun
sjálfur Kristur nota þig til þess sem göfugt er.
22 Haltu þig frá öllu sem vekur illar hugsanir,
eins og oft sækja á unga menn, en kepptu
eftir því sem gott er. Reyndu að vaxa í trú og
kærleika og sækja eftir félagsskap þeirra sem
elska Drottin og eru hjartahreinir. 23 Og enn
segi ég: Láttu ekki leiða þig út í heimskulegar
þrætur, sem aðeins valda ófriði og illdeilum.
24 Þjónar Drottins mega ekki vera þrasgjarnir,
heldur ljúfir og uppfræða fólk með þolinmæði.
25 Vertu hógvær þegar þú leiðbeinir þeim sem
ekki þekkja sannleikann, og mótmæla þér. Þess
meiri líkur eru á að þeir snúi sér frá villu sinni
með Guðs hjálp og trúi sannleikanum. 26 Þannig
gætu þeir áttað sig og losnað úr gildru Satans.
Hann reynir sífellt að fjötra menn í þrældóm
syndarinnar og fá þá til að þjóna sér.

3 Eitt er það enn sem þér er nauðsynlegt
að vita, Tímóteus, á hinum síðustu dögum
verður mjög erfitt að vera kristinn. 2 Þá munu
menn verða sjálfselskir og ágjarnir. Þeir verða
stoltir og hrokafullir, fyrirlíta Guð og verða
foreldrum sínum óhlýðnir og vanþakklátir.
Illskan mun vaxa á flestum sviðum. 3 Menn
verða miskunnarlausir og ófúsir að vægja. Þeim
verður eðlilegt að ljúga og sýna ýmiskonar
yfirgang. Menn kæra sig kollótta um gott
siðferði en verða óheflaðir og grimmir, og
fyrirlíta það sem gott er. 4 Þeir munu svíkja
vini sína, vera framhleypnir og hrokafullir og
elska lífsgæðin meira en Guð. 5 Menn munu að
vísu sækja kirkjur, en það mun hafa lítil áhrif á
þá. Haltu þér frá slíkum mönnum. 6 Úr þessum
hópi koma þeir sem smeygja sér inn á heimili
annarra og koma sér í mjúkinn hjá grunnhyggnu
og syndugu kvenfólki, sem lætur leiðast af
fýsnum sínum. 7 Þessar konur fylgja öllum
nýjum kenningum sem þær heyra en öðlast
þó aldrei skilning á sannleikanum. 8 Þessir
kennimenn vinna gegn sannleikanum, rétt eins
og Jannes og Jambres börðust gegn Móse. Þeir
eru afvegaleiddir, hafa óhreint hugarfar og hafa
snúist gegn kristinni trú. 9 En þeim verður
ekki stætt á þessu til lengdar, því að dag einn
munu svik þeirra verða lýðum ljós, rétt eins
og svik Jannesar og Jambresar. 10 Tímóteus,
þú þekkir mig og veist að ég er ekki af slíku
sauðahúsi. Þú veist hverju ég trúi, hvernig ég
lifi og hvert ég stefni. Þú þekkir trú mína á Krist
og veist hvað ég hef orðið að þola. Þú veist hve
heitt ég elska þig og þekkir einnig þolinmæði
mína. 11 Þér er kunnugt um alla erfiðleikana
sem ég hef mætt vegna fagnaðarerindisins. Þú
veist vel hvað gert var við mig í Antíokkíu,
Íkóníum og Lýstru en Drottinn bjargaði mér úr
því öllu. 12 Allir sem í sannleika hlýða Jesú Kristi
og lifa guðrækilegu lífi, munu ofsóttir verða.
13 Illmenni og falskennendur munu sækja í
sig veðrið og leiða marga í villu, enda sjálfir
afvegaleiddir af Satan. 14 Haltu fast í trúna á
það sem þér hefur verið kennt! Þú veist að það
er sannleikurinn, enda getur þú treyst okkur
sem kenndum þér það. 15 Þú manst að þegar
þú varst drengur, var þér kennt að þekkja Guðs
orð og þar er okkur sagt hvernig við eignumst
hjálpræði Guðs í trúnni á Jesú Krist. 16 Öll
Biblían er orð Guðs, því að hún er innblásin af
heilögum anda. Hún kennir okkur sannleikann
og bendir okkur á það sem rangt er í lífi okkar.
Hún leiðréttir okkur og hjálpar okkur að gera
það sem rétt er. 17 Hún er verkfæri Guðs til að
móta líf okkar og gera okkur hæf til að vinna
það sem gott er.

4 Ég hvet þig eindregið – og það frammi fyrir
augliti Guðs og Jesú Krists, sem dæma mun
lifendur og dauða, er hann kemur aftur til að
stofna ríki sitt – 2 að predika Guðs orð, í tíma

og ótíma. Leiðbeindu fólki og ávítaðu það ef
þörf krefur. Hvettu það til þess sem gott er
og fræddu það af þolinmæði í orði Guðs. 3
Þetta segi ég, því að þeir tímar koma að fólk
vill ekki hlusta á sannleikann, heldur kallar
eftir fræðimönnum sem kenna því það sem það
sjálft vill heyra. 4 Fólk mun hafna Biblíunni,
orði Guðs, og elta sínar eigin villukenningar. 5
En þú, Tímóteus, láttu ekki haggast! Vertu ekki
hræddur við að þurfa að þola illt vegna Drottins.
Leiddu aðra til Krists og fullnaðu verkið, sem
þér var falið að vinna. 6 Nú er svo komið að ég
er á förum og þá get ég ekki lengur hjálpað þér.
Ævi mín er á enda og brátt verð ég á leið til
himna. 7 Ég hef barist lengi og af kappi fyrir
Drottin, og verið trúr. Nú er barátta mín á enda
og hvíldin tekur við. 8 Á himnum bíður mín
kóróna, sem Drottinn, hinn réttláti dómari,
mun gefa mér á degi endurkomu sinnar. En
ég verð ekki sá eini sem hlýtur slíka kórónu,
hana fá allir sem vaka og vænta endurkomu
hans. 9 Komdu eins fljótt og þú getur, 10 því
Demas er farinn frá mér. Hann elskaði lífsgæðin
og fór til Þessaloníku. Kreskes er farinn til
Galatíu og Títus til Dalmatíu. (aiōn g165) 11 Lúkas
er einn hjá mér. Taktu Markús með þér þegar
þú kemur, því ég þarfnast hjálpar hans. 12
(Týkíkus er ekki lengur hér, ég sendi hann til
Efesus) 13 Mundu eftir, þegar þú kemur, að taka
með þér yfirhöfnina sem ég skildi eftir í Tróas
hjá bróður Karpusi, og bækurnar – sérstaklega
skinnbækurnar. 14 Alexander koparsmiður
hefur unnið mér mikið tjón. Drottinn mun refsa
honum. 15 Varaðu þig á honum, því að hann
stóð gegn öllu sem við sögðum. 16 Þegar ég var
leiddur fram fyrir dómarann í fyrsta skipti var
enginn hér til að aðstoða mig, allir höfðu forðað
sér. Ég vona að þeim verði ekki refsað fyrir það.
17 En Drottinn stóð með mér og veitti mér styrk
til að tala svo allir heiðingjarnir fengju að heyra
fagnaðarerindið. Hann forðaði mér líka frá því
að vera kastað fyrir ljónin. 18 Drottinn mun
vernda mig gegn öllu illu og leiða mig inn í
sitt himneska ríki. Guði sé dýrð um aldir alda.
Amen. (aiōn g165) 19 Skilaðu kveðju frá mér til
Prisku og Akvílasar og þeirra sem búa á heimili
Ónesífórusar. 20 Erastus varð eftir í Korintu
en Trófímus skildi ég eftir veikan í Míletus. 21
Reyndu að komast hingað áður en vetur gengur
í garð. Evbúlus biður að heilsa þér og sömuleiðis
Púdes, Línus, Kládía og allir hinir. 22 Drottinn
Jesús Kristur sé með anda þínum. Páll

Títusarbréfið

1 Frá Páli, þjóni Guðs og sendiboða Jesú Krists
– sendur til að efla trú þeirra sem Guð hefur
útvalið og kenna þeim að þekkja sannleika Guðs.
2 Sannleikur þessi vekur trú á Guð og leiðir til
eilífs lífs. Þetta var óhagganleg fyrirætlun hans,
áður en heimurinn varð til og það heit er enn
í fullu gildi, því að Guð stendur við orð sín.
(aiōnios g166) 3 En nú er rétti tíminn kominn, að
hans mati, til að birta gleðifréttirnar og flytja
þær öllum mönnum. Guð, frelsari okkar, trúði
mér fyrir orði sínu og gaf mér skipun um að
vinna að þessu verki. 4 Til Títusar, sonar míns
í sameiginlegri trú. Guð, faðirinn, og Kristur
Jesús, frelsari okkar, blessi þig og veiti þér frið.
5 Ég skildi þig eftir á Krít, til að gera það sem
þurfti til eflingar söfnuðunum þar. Ég bað þig
að útnefna presta og leiðtoga í hverri borg
– menn sem fylgja fyrirmælum þeim sem ég
gaf þér. 6 Menn þessir verða að hafa gott orð
á sér. Þeir verða að vera góðir eiginmenn og
eiga trúuð, hlýðin og siðprúð börn. 7 Biskupar
verða að vera óaðfinnanlegir, því að þeir eru
þjónar Guðs. Þeir mega hvorki vera drambsamir
né óþolinmóðir og ekki heldur drykkfelldir,
óeirðagjarnir eða sólgnir í peninga. 8 Þeir séu
gestrisnir og elski allt sem gott er, grandvarir og
heiðarlegir. Þeir verða að gæta hófs í hvívetna
og hafa hreint hugarfar. 9 Þeir skulu halda fast
við sannleikann, sem þeim var kenndur, svo
að þeir geti frætt aðra og hrakið kenningar
andstæðinganna. 10 Margir neita að hlýða
sannleikanum og þar á ég sérstaklega við þá
sem segja að kristnir menn verði að hlýða lögum
Gyðinga. Sú skoðun er út í hött. Hún hindrar að
fólk sjái sannleikann, 11 og þess vegna verður að
hrekja hana. Nú þegar hefur heilum fjölskyldum
verið snúið frá náð Guðs. Þessir predikarar vilja
fyrst og fremst komast yfir peninga fólks. 12
Maður úr þeirra eigin hópi, predikari frá Krít,
hefur sagt um þá: „Þessir Kríteyingar eru allir
lygarar! Þeir eru eins og latar skepnur, sem
hugsa um það eitt að kýla vömbina!“ 13 Þetta er
vissulega satt og þess vegna skaltu áminna hina
kristnu alvarlega, svo að þeir verði heilbrigðir í
trúnni, 14 og hafni þessum gyðingaævintýrum
og fyrirmælum þeirra, sem snúið hafa baki við
sannleikanum. 15 Sá sem hefur hreint hjarta sér
hið bjarta og góða við alla hluti en sá vantrúaði
sér engan mun góðs og ills. Hugarfar hans og
samviska er flekkað, eins og hann sjálfur, og
mótar allt sem hann sér og heyrir. 16 Þeir menn
telja sig þekkja Guð, en á líferni þeirra sést að
svo er ekki. Hugarfar þeirra er spillt, þeir eru
óhlýðnir og koma engu góðu til vegar.

2 Þú átt að kenna fólki að lifa heilbrigðu
trúarlífi í samræmi við Guðs orð. 2 Aldraðir
menn eiga að vera bindindissamir, heiðarlegir
og hógværir. Þeim ber að þekkja sannleikann
og trúa honum, sýna kærleika og þolinmæði. 3
Segðu öldruðum konum að vera hæglátar og
grandvarar í öllu, eins og trúuðum sæmir. Þær
eiga hvorki að vera rógberar né drykkfelldar,
heldur til fyrirmyndar í hinu góða. 4 Þær
kenni ungum konum að vera hæglátar, elska
eiginmenn sína og börn, 5 sýna grandvarleik og
hafa hreint hugarfar, hugsa um heimili sitt og
sýna eiginmönnum sínum góðvild og hlýðni,
svo að fólk lasti ekki trúna þeirra vegna. 6 Á
sama hátt skaltu hvetja unga menn til að hegða
sér vel og vera ábyrgir. 7 Þú verður auðvitað
sjálfur að vera þeim fyrirmynd í öllu sem gott er.
Allt sem þú gerir á að bera þess vott að þú elskir
sannleikann og viljir veg hans sem mestan. 8
Vertu skynsamur og rökfastur og láttu engan
veikan hlekk finnast í því sem þú segir, svo að
þeir sem gagnrýna þig verði sér til skammar. 9
Minntu þræla á að hlýða húsbændum sínum og
koma vel fram við þá. Þeir mega hvorki tala illa
um yfirmenn sína 10 né vera þjófóttir, heldur
skulu þeir vera áreiðanlegir í öllu og verða
þannig öðrum hvatning til að trúa Guði, frelsara
okkar. 11 Því að fyrirgefning Guðs og hjálpræði
hans stendur öllum til boða, og það ókeypis. 12
Þetta sýnir að Guð vill að við snúum okkur frá
guðleysi og syndsamlegum nautnum, til góðs
og guðrækilegs lífernis, (aiōn g165) 13 bíðandi
þeirrar stundar er dýrð hans birtist – dýrð hins
mikla Guðs og frelsara okkar Jesú Krists, 14
sem tók á sig dóm Guðs yfir syndum okkar og
dó í okkar stað. Þetta gerði hann til að leysa
okkur frá syndinni og taka okkur að sér sem
sína eigin þjóð – til að hreinsa hjörtu okkar og
vekja hjá okkur löngun til að gera öðrum gott.
15 Þetta skaltu kenna hinum kristnu. Hvettu þá
og leiðbeindu eftir þörfum og með röggsemi,
því að þú hefur rétt til þess. Gættu þess að láta
engan lítilsvirða þig.

3 Minntu hina kristnu á að hlýða yfirvöldum
og embættismönnum, og vinna fúslega öll
heiðarleg störf. **2** Þeir eiga ekki að tala illa
um nokkurn mann, heldur vera friðsamir,
sanngjarnir og hógværir við alla. **3** Eitt sinn
vorum við líka óskynsöm, óhlýðin og létum
leiða okkur í villu og þrældóm margs konar illra
fýsna og girnda. Líf okkar var fullt af vonsku
og öfund, og við hötuðum hvert annað. **4** En
þegar gæska og kærleiki Guðs og frelsara okkar
birtist, **5** þá frelsaði hann okkur, ekki vegna þess
hve góð við vorum, heldur vegna kærleika síns
og miskunnar. Hann þvoði burt syndir okkar
og endurfæddi okkur með heilögum anda. **6**
Hann úthellti anda sínum yfir okkur, og það
ríkulega, vegna Jesú Krists, frelsara okkar. **7**
Þetta gerði hann til að geta úrskurðað okkur
hrein og syndlaus í augum Guðs og gert okkur
að erfingjum eilífs lífs. **(aiōnios g166)** **8** Þetta er
sannleikur og þú skalt leggja áherslu á það allt,
svo að kristnir menn kappkosti að stunda góð
verk, því að það er ekki aðeins rétt, heldur
einnig gagnlegt. **9** Láttu engan leiða þig út í
heimskulegar rökræður um einskisnýta hluti.
Forðastu deilur og þras um lög Gyðinga, slíkt
borgar sig ekki og er aðeins til tjóns. **10** Sá sem
veldur deilum og klofningi á meðal ykkar, skal
áminntur einu sinni eða tvisvar ef þörf er á.
Ef það dugar ekki, skuluð þið slíta sambandi
við hann, **11** því að sá maður metur hlutina
ranglega og syndgar af ásettu ráði. Hann er
sjálfdæmdur. **12** Ég er að hugsa um að senda
til þín Artemas eða Týkíkus, og þegar annar
hvor þeirra kemur, skaltu reyna að hitta mig í
Nikópólis, því að þar ætla ég að vera í vetur. **13**
Gerðu allt sem þú getur til að aðstoða Senas
lögfræðing og Apollós á ferð þeirra, og gættu
þess að þá vanti ekki neitt. **14** Okkar menn
verða að læra að gera öðrum gott, svo að líf
þeirra skili árangri. **15** Allir sem hér eru, biðja að
heilsa. Skilaðu kveðju til allra kristnu vinanna
sem hjá þér eru. Blessun Guðs sé með ykkur
öllum. Páll

Fílemonsbréfið

1 Frá Páli, sem er í fangelsi fyrir að boða
fagnaðarerindið um Jesú Krist, og frá
bróður Tímóteusi. Til Fílemons, okkar kæra
samstarfsmanns, og hinna trúuðu, sem koma
saman á heimili þínu, **2** til Appíu systur okkar
og Arkippusar, sem berst fyrir málstað krossins
eins og ég. **3** Guð, faðirinn, og Drottinn Jesús
Kristur blessi ykkur og gefi ykkur frið. **4** Kæri
Fílemon, ég þakka Guði í hvert sinn sem ég bið
fyrir þér, **5** því að ég hef heyrt um traust þitt til
Drottins Jesú og kærleika þinn til hinna kristnu.
6 Ég bið þess að vitnisburður þinn nái hjörtum
áheyrenda þinna og að þeir sjái hve auðugur þú
ert að góðum verkum, í trúnni á Jesú Krist. **7**
Kærleikur þinn, bróðir kær, hefur bæði glatt
mig og huggað, því að góðvild þín hefur oft
endurnært hjörtu þeirra sem tilheyra Guði. **8**
Nú langar mig að biðja þig að gera mér greiða.
Ég gæti að vísu krafið þig um þetta í nafni Jesú
Krists, því að það er skylda þín. En ég elska þig
og vil heldur fara bónarveginn, því ég er nú
eins og ég er, hann Páll gamli, og sit þar að
auki í fangelsi vegna Jesú Krists. **10** Bón mín
er sú að þú hjálpir honum Onesímusi, barninu
mínu, sem ég leiddi til Krists hér í fangelsinu. **11**
Onesímus (sem merkir „gagnlegur“) hefur ekki
komið þér að miklu gagni upp á síðkastið, en nú
ætlar hann að verða okkur báðum hjálplegur.
12 Ég sendi hann hér með aftur til þín, enda
þótt hann sé mér sem hjartað úr brjósti mínu.
13 Ég hefði svo gjarnan viljað hafa hann hjá
mér á meðan ég sit í fangelsi fyrir að predika
gleðiboðskapinn. Á þann hátt gætir þú létt
undir með mér, **14** en ég vildi ekki gera þetta
án samþykkis þíns. Ég vil ekki þvinga þig til að
hjálpa mér, heldur að þú gerir það af fúsum vilja.
15 Kannski getum við lýst því sem gerst hefur á
þennan hátt: Hann strauk frá þér um stund, til
þess síðan að geta verið hjá þér það sem eftir
er. **(aiōnios g166)** **16** En nú er hann meira en þræll,
hann er annað og miklu betra: Elskaður bróðir
– þannig er hann í mínum augum. Framvegis
verður hann þér miklu meira virði, því að hann
er ekki einungis þjónn, heldur líka bróðir þinn
í Kristi. **17** Fyrst ég er vinur þinn, taktu þá á
móti honum eins og það væri ég sjálfur. **18**
Hafi hann valdið þér tjóni á einhvern hátt eða
haft eitthvað af þér, skrifaðu það þá á minn
reikning, og ég skal endurgreiða þér. Ég, Páll,
ábyrgist þetta persónulega og staðfesti það hér
með eigin hendi, en ég skal ekki minnast á
hve mikið þú skuldar mér. Sannleikurinn er
sá að þú skuldar mér jafnvel fyrir þína eigin
sál! **20** Já, kæri bróðir, gleddu mig með slíku
kærleiksverki og hresstu hjarta mitt í Drottni.
21 Ég hef skrifað þér þetta bréf vegna þess að ég
álít að þú munir gera það, sem ég bið þig um,
og jafnvel enn meira! **22** Viltu hafa herbergi
til reiðu handa mér þegar ég kem? Ég vona
nefnilega að Guð svari bænum ykkar og leyfi
mér að koma til ykkar áður en langt um líður.
23 Epafras, samfangi minn, sem einnig er hér
fyrir að predika Krist Jesú, sendir ykkur kveðju
sína. **24** Markús, Aristarkus, Demas og Lúkas,
samverkamenn mínir, senda einnig kveðjur. **25**
Blessun Drottins Jesú Krists sé með anda þínum.
Páll

Hebreabréfið

1 Fyrr á tímum talaði Guð með ýmsu móti til
forfeðra okkar fyrir milligöngu spámannanna
(til dæmis í sýnum, draumum eða jafnvel augliti
til auglitis) og sagði þeim þannig smátt og
smátt frá fyrirætlunum sínum. **2** Á okkar dögum
hefur hann hins vegar talað til okkar með
tungu sonar síns, sem hann hefur gefið alla
hluti. Sonarins vegna skapaði hann heiminn
og allt sem í honum er. **(aiōn g165)** **3** Sonur Guðs
endurspeglar dýrð Guðs og allt, sem sonurinn
er og gerir, ber þess vitni að hann er Guð. Hann
ríkir yfir alheimi með orðum sínum. Hann er
sá sem dó til að hreinsa okkur og sýkna af
ákæru syndarinnar og settist síðan í hið æðsta
heiðurssæti við hlið Guðs almáttugs á himnum.
4 Þannig varð hann englunum mun æðri og það
sannar líka nafnið sem faðir hans gaf honum:
„Sonur Guðs“, en það nafn er langtum æðra en
nöfn og titlar englanna. **5** Guð hefur aldrei sagt
svo við neinn af englum sínum: „Þú ert sonur
minn og í dag gef ég þér heiður þann og tign
sem fylgir nafni mínu.“Þetta sagði hann hins
vegar við Jesú og öðru sinni sagði hann: „Ég er
faðir hans; hann er sonur minn.“Þegar Guðs
eingetni sonur kom til jarðarinnar sagði hann
enn fremur: „Allir englar Guðs skulu tilbiðja
hann.“ **7** Um engla sína segir Guð, að þeir
séu sendiboðar, skjótir sem vindurinn og líkir
eldslogum, **8** en um son sinn segir hann: „Ríki
þitt, ó Guð, mun standa að eilífu og tilskipanir
þínar eru góðar og réttlátar. **(aiōn g165)** **9** Guð,
þú elskar réttlætið en hatar ranglætið, þess
vegna hefur Guð þinn veitt þér meiri gleði en
nokkrum öðrum.“ **10** Guð kallaði hann einnig
„Drottin“og sagði: „Drottinn, í upphafi skapaðir
þú jörðina og himnarnir eru verk handa þinna.
11 Þeir munu leysast upp og hverfa, en þú verður
áfram. Þeir munu slitna eins og gömul flík, **12**
sem þú dag einn leggur frá þér og færð þér
nýja. Sjálfur munt þú aldrei breytast og ævi
þín engan endi taka.“ **13** Hefur Guð nokkurn
tíma sagt slíkt við engil, sem hann segir við
son sinn: „Sittu hér í heiðurssætinu við hlið
mér, þar til ég hef lagt alla óvini þína að fótum
þér“? **14** Nei, því englarnir eru aðeins andlegir
sendiboðar Guðs, sendir til hjálpar og aðstoðar
þeim, sem erfa eiga hjálpræði hans.

2 Munum þennan sannleika sem við höfum
heyrt, svo að við villumst ekki burt frá
honum. **2** Við vitum að boðskapur englanna
reyndist sannur og við vitum líka að fólk
hefur aldrei komist hjá hegningu, hafi það
óhlýðnast honum. **3** Hvers vegna höldum við
þá að við getum komist upp með kæruleysi,
varðandi þetta mikla hjálpræði, sem sjálfur
Drottinn Jesús flutti fyrst og þeir síðan, sem
heyrðu hann tala? **4** Frá byrjun hefur Guð
sýnt sannleiksgildi boðskaparins með táknum,
undrun og margvíslegum kraftaverkum. Einnig
hefur hann gefið þeim sem trúa sérstakar gjafir
heilags anda, og slíkum gjöfum hefur hann
úthlutað sérhverju okkar. **5** Hinn komandi
heimur, sem við höfum talað um, mun ekki
verða undir stjórn engla. **6** Það sést í Sálmunum.
Þar spyr Davíð Guð: „Hvers virði er maðurinn,
fyrst þú lætur þér svo annt um hann, sem raun
ber vitni? Hver er þessi mannssonur sem þú
metur svo mikils? **7** Þótt þú gerðir hann englum
lægri skamma stund, hefur þú nú krýnt hann
heiðri og dýrð **8** og sett hann yfir allt sem til er,
og þar er ekkert undanskilið.“Enn höfum við
ekki orðið vitni að öllu þessu, **9** en þó sjáum við
Jesú – hann sem um stund var gerður englunum
lægri – krýndan heiðri og dýrð af hendi Guðs,
vegna þess að hann leið þjáningar dauðans
okkar vegna. Vegna hins mikla kærleika Guðs,
gekk Jesús í dauðann fyrir alla menn á þessari
jörð. **10** Það var rétt af Guði, sem skapað hefur
alla hluti sér til dýrðar, að láta Jesú þjást, því að
á þann hátt fékk hann leitt mikinn fjölda af fólki
sínu til himna – þá sem honum treysta. Vegna
þjáninganna varð Jesús fullkominn leiðtogi, fær
um að leiða fólkið til hjálpræðis. **11** Nú eigum
við, sem Jesús hefur helgað, sama föður og
hann og því blygðast Jesús sín ekki heldur fyrir
að kalla okkur bræður og systur. **12** Hann segir
í Sálmunum: „Ég vil tala við systkini mín um
Guð, föður minn, og við munum lofsyngja hann
sameiginlega.“ **13** Í annað sinn sagði hann: „Ég
mun halda áfram að treysta Guði.“Og í enn eitt
skipti sagði hann: „Sjá, hér er ég og börnin,
sem Guð gaf mér.“ **14** Fyrst við, börn Guðs,
erum mannlegar verur holdi klæddar, þá varð
hann einnig hold og blóð er hann fæddist sem
maður, því aðeins á þann hátt gat hann dáið
og með dauða sínum brotið vald djöfulsins,
sem hafði vald dauðans. **15** Þetta var eina leið
hans til að frelsa þá, sem hafa lifað allt sitt líf í

stöðugum ótta við dauðann. 16 Við vitum öll að
hann kom ekki sem engill, heldur sem maður –
sem Gyðingur. 17 Það var nauðsynlegt að Jesús
yrði líkur okkur bræðrum sínum, til þess að
hann gæti orðið okkur trúr og miskunnsamur
æðsti prestur, frammi fyrir Guði, prestur, sem
bæði væri okkur náðugur og Guði trúr í því
að friðþægja fyrir syndir mannanna. 18 Sjálfur
stóðst hann allar þjáningar og freistingar. Hann
þekkir vel líðan okkar þegar við þjáumst og
verðum fyrir freistingum og þess vegna er hann
fær um að hjálpa þeim, sem er freistað.

3 Kæru vinir, þið sem Guð hefur kallað og
helgað sér, horfið á Jesú, sendiboða Guðs og
æðsta prest trúar okkar. 2 Jesús var trúr Guði,
sem hafði skipað hann æðsta prest, á sama hátt
og Móse þjónaði af trúmennsku í húsi Guðs.
3 En Jesús hlaut enn meiri dýrð en Móse, rétt
eins og sá sem byggir fallegt hús hlýtur meiri
heiður en húsið sjálft. 4 Þeir eru margir sem
byggt geta hús, en aðeins einn, sem allt hefur
skapað, og það er Guð. 5 Satt er það að Móse
kom miklu góðu til leiðar, þann tíma sem hann
starfaði í húsi Guðs, en hann var aðeins þjónn.
Starf hans var einkum að gefa hugmynd um og
lýsa því, sem síðar yrði. 6 Kristur, sonur Guðs,
ber hins vegar ábyrgð á öllu húsi Guðs. Við
kristnir menn erum bústaður Guðs og Guð býr í
okkur, ef við varðveitum djörfung okkar, gleði
og trúna á Drottin allt til enda. 7 Fyrst Kristur
er svo miklu æðri, þá hvetur heilagur andi
okkur til að hlusta á hann í dag og taka eftir
því sem hann segir, en ekki loka hjörtum okkar
fyrir honum, eins og Ísraelsþjóðin gerði. Þeir
brynjuðu sig gegn kærleika hans og mögluðu
gegn honum í eyðimörkinni, einmitt þegar
hann var að reyna þá. 9 En þolinmæði Guðs
við þá brást ekki í fjörutíu ár, enda þótt á hana
reyndi til hins ýtrasta, og hann hélt áfram að
vinna hin miklu kraftaverk sín á meðal þeirra.
10 „En, “segir Guð, „ég var þeim reiður, því
þeir voru alltaf með hugann við eitthvað annað
en mig og komu aldrei auga á leiðina sem ég
ætlaði þeim að fara.“ 11 Þegar reiði Guðs gegn
þeim hafði náð hámarki, þá hét hann því að
þeir skyldu aldrei ná að hvílast í landinu, sem
hann hafði ætlað þeim. 12 Gætið þess því, kæru
vinir, að hjörtu ykkar séu ekki líka vond og
vantrúuð, og leiði ykkur burt frá lifandi Guði!
13 Minnið hvert annað daglega á þessa hluti
meðan tími gefst, svo að ekkert ykkar herði sig
gegn Guði og blindist af táli syndarinnar. 14 Ef
við reynumst trú allt til enda og treystum Guði
eins og í byrjun, þegar við tókum á móti Kristi,
munum við eignast hlutdeild í öllu sem Krists
er. 15 Nú er einmitt rétti tíminn til að minna
okkur á þessa aðvörun: „Ef þið heyrið rödd
Guðs tala til ykkar í dag, verið þá ekki þrjósk og
óhlýðin við hann eins og Ísraelsþjóðin, þegar
hún reis gegn honum í eyðimörkinni.“ 16 Hvaða
menn voru þetta, sem heyrðu Guð tala til sín,
en snerust gegn honum? Það voru þeir, sem
yfirgáfu Egyptaland undir forystu Móse. 17 Og
hverjir reittu Guð til reiði í fjörutíu ár? Þetta
sama fólk, sem þannig syndgaði, og því dó það í
eyðimörkinni. 18 En hverjir fengu orð frá Guði
um að þeir skyldu aldrei komast inn í landið,
sem hann hafði heitið þjóð sinni? Það voru allir
þeir sem höfðu óhlýðnast honum. 19 En hvers
vegna komust þeir ekki inn í landið? Vegna
þess að þeir trúðu honum ekki.

4 Loforð Guðs, um að öllum sé heimilt að ganga
inn til hvíldarinnar, stendur enn óhaggað,
en gætum vel að! Því að svo lítur út sem
sumir ykkar muni missa af hvíldinni! 2 Þessar
dásamlegu fréttir – að Guð vilji frelsa okkur –
hafa borist okkur rétt eins og þeim sem lifðu
á dögum Móse. Þær komu þeim samt ekki að
gagni, því að þeir trúðu honum ekki. 3 Við,
sem trúum Guði, getum ein notið hvíldar hans.
Guð hefur sagt: „Ég hef strengt þess heit í reiði
minni að þeir, sem ekki trúa mér, munu aldrei
komast þangað inn.“Þetta segir Guð, hann sem
hafði allt reiðubúið, og sem þar að auki hafði
beðið eftir þeim frá því heimurinn varð til. 4
Við vitum að allt er reiðubúið af hans hálfu
og hann bíður, því að skrifað stendur að Guð
hafi hvílst á sjöunda degi eftir sköpunina, er
hann hafði lokið öllu sem hann hafði ætlað
sér að gera. 5 En þrátt fyrir það komust þeir
ekki inn til hvíldarinnar, því að Guð átti síðasta
orðið og sagði: „Þeir skulu aldrei komast inn
til hvíldar minnar.“ 6 En loforðið stendur enn
óhaggað og sumir munu komast inn – þó ekki
þeir sem fengu fyrsta tækifærið, því að þeir
glötuðu því vegna óhlýðni við Guð. 7 Guð ákvað
að gefa annað tækifæri til inngöngu og nú er
það komið. En Guð gaf það til kynna löngu síðar
með orðum Davíðs konungs. Þessi orð Davíðs
hafa reyndar þegar verið nefnd hér, en þau eru

svona: „Ef þið heyrið rödd Guðs tala til ykkar í
dag, verið þá ekki þrjósk og óhlýðin.“ 8 Þessi
nýi hvíldarstaður, sem hann talar um, er ekki
það sama fyrirheitna land – Ísrael – sem Jósúa
leiddi fólkið inn í. Ef svo væri, hefði Guð þá ekki
sagt seinna að rétti tíminn til að fara þangað
inn, væri „í dag“. 9 Hér er því um að ræða
fullkomna hvíld, sem enn stendur fólki Guðs til
boða. 10 Kristur hefur þegar gengið þangað inn
og nú hvílist hann að loknu verki sínu eins og
Guð gerði eftir sköpunina. 11 Keppum nú að
því að ná þessum hvíldarstað og gætum þess
að óhlýðnast ekki Guði eins og Ísraelsþjóðin
gerði, því að það kom í veg fyrir að hún kæmist
þangað inn. 12 Guðs orð er lifandi og máttugt.
Það er beittara en tvíeggjað sverð og smýgur
á augabragði inn í innstu fylgsni hugans og
sýnir okkur hvernig við erum í raun og veru. 13
Guð veit allt um alla. Í augum hans erum við
sem opin bók – ekkert fær dulist fyrir honum
og dag einn verðum við að gera honum fulla
grein fyrir öllu, sem við höfum aðhafst. 14 Jesús,
sonur Guðs, er æðsti prestur okkar. Hann hefur
sjálfur farið til himna, okkur til hjálpar, og því
skulum við aldrei glata trúnni á hann. 15 Hann
er æðsti prestur, sem skilur vel veikleika okkar,
því að hann varð fyrir sömu freistingum og við,
þótt hann félli aldrei fyrir þeim og syndgaði. 16
Göngum því með djörfung að hásæti Guðs, til
þess að við getum meðtekið miskunn hans og
fengið hjálp þegar við þurfum á að halda.

5 Æðsti prestur Gyðinga er aðeins venjulegur
maður, eins og hver annar, en hann er valinn
til að tala máli þeirra við Guð. Hann ber gjafir
þeirra fram fyrir Guð og einnig blóð dýra, sem
fórnað er til að hylja syndir fólksins og hans
sjálfs. Hann er maður og því getur hann tekið
vægt á öðrum, jafnvel þótt þeir séu heimskir og
fáfróðir, því að hann mætir sömu freistingunum
og þeir og skilur því vandamál þeirra mæta vel.
4 Annað, sem vert er að muna, er að enginn
getur orðið æðsti prestur vegna þess eins að
hann hafi áhuga á því. Hann verður að hafa
fengið köllun frá Guði, engu síður en Aron. 5
Þess vegna tók Kristur sér ekki sjálfur þann
heiður að verða æðsti prestur. Það var Guð,
sem útnefndi hann. Guð sagði við hann: „Sonur
minn, ég er faðir þinn.“ 6 Í annað sinn sagði Guð
við hann: „Þú ert kjörinn til að vera prestur að
eilífu og fá sömu tign og Melkísedek.“ (aiōn g165)
7 Þrátt fyrir þetta, bað Kristur til Guðs meðan
hann var hér á jörðu. Grátandi og angistarfullur
bað hann til Guðs, sem einn gat frelsað sál hans
frá dauða. Bænir hans voru heyrðar, vegna þess
að hann kappkostaði að hlýða Guði í einu og
öllu. 8 En þótt Jesús væri sonur Guðs, varð hann
samt að þola þjáningar, því að þannig lærði
hann hlýðni. 9 Og þegar Jesús hafði staðist próf
hlýðninnar, varð hann öllum þeim, sem honum
hlýða, gjafari eilífs hjálpræðis. (aiōnios g166) 10
Munum að Guð útnefndi hann til æðsta prests
með sömu tign og Melkísedek. 11 Ég gæti sagt
margt fleira um þetta, en það er ekki auðvelt
að útskýra það fyrir ykkur, því að þið eruð svo
skilningssljó. 12 Nú hafið þið verið kristin í
langan tíma og ættuð þar af leiðandi að geta
kennt öðrum. Þess í stað hefur ykkur farið aftur,
svo að nú þurfið þið á kennara að halda, til þess
að rifja upp með ykkur undirstöðuatriði Guðs
orðs. Þið eruð eins og börn, sem aðeins geta
drukkið mjólk en þola ekki venjulegan mat. Sá
sem heldur áfram að lifa á „mjólk“sýnir þar
með að hann er stutt kominn á vegi trúarinnar
og þekkir illa muninn á réttu og röngu. Slíkur
maður er ungbarn í trúnni. 14 Þið munuð aldrei
geta borðað „andlega kjarnafæðu“og skilið
dýptina í orði Guðs, nema þið vaxið í trúnni og
lærið að greina gott frá illu, með því að leggja
stund á hið góða.

6 Sleppum því nú að rifja enn einu sinni upp
undirstöðukenningar kristindómsins. Stígum
heldur feti framar, svo að skilningur okkar
og þroski aukist eins og kristnum mönnum
sæmir. Það ætti að vera óþarfi að ræða frekar
um hvað það er að iðrast og trúa á Guð. 2 Og
frekari fræðslu um skírn, handayfirlagningu,
upprisu dauðra og eilífan dóm þurfið þið ekki.
(aiōnios g166) 3 Sem sagt, snúum okkur að öðru,
ef Drottinn vill, því að ekki er eftir neinu að
bíða. 4 Ef þið hafið snúið baki við Drottni eftir
að hafa öðlast skilning á gleðiboðskapnum,
fengið forsmekkinn af gæðum himnanna, öðlast
hlutdeild í heilögum anda, 5 reynt blessunina af
orði Guðs og fundið mátt hins komandi heims,
þá er þýðingarlaust að reyna að leiða ykkur
aftur til Drottins. (aiōn g165) 6 Þið getið ekki iðrast
á ný, ef þið hafið krossfest son Guðs í annað
sinn með því að hafna honum og hæða hann
í allra áheyrn. 7 Þegar rignt hefur yfir akur
og hann borið mikinn ávöxt, þá hefur hann

fengið að reyna blessun Guðs. 8 En ef þar vex
aðeins illgresi endalaust og ekkert annað þá er
akurinn talinn ónothæfur og bíður þess eins að
eldur verði látinn eyða honum. 9 Kæru vinir,
þótt ég segi þetta, álít ég ekki að þessi orð
mín eigi við ykkur, því að ég hef þá trú að þið
berið hinn góða ávöxt hjálpræðisins. 10 Þetta
segi ég vegna þess að Guð er ekki ósanngjarn.
Hvernig ætti hann að geta gleymt erfiði ykkar
og kærleikanum sem þið sýnduð honum, og
sýnið enn, er þið hjálpið þeim sem á hann
trúa? 11 Okkur er mjög umhugað að þið haldið
áfram að sýna öðrum kærleika, já, meðan ævi
ykkar endist. Þá munuð þið líka hljóta full laun.
12 Nú vitið þið á hverju þið eigið von og því
munuð þið ekki þreytast í trúnni né heldur
verða andlega sljó og rænulaus. Ykkur mun
verða umhugað að fylgja fordæmi þeirra, sem fá
að höndla allt sem Guð hefur heitið þeim, vegna
sterkrar trúar þeirra og þolinmæði. 13 Dæmi
um þetta er loforðið sem Guð gaf Abraham.
Guð sór við sitt eigið nafn, þar eð ekki var
annað æðra, sem hægt var að sverja við, 14 og
loforð hans var að hann skyldi blessa Abraham
ríkulega, gefa honum son og gera hann að
ættföður mikillar þjóðar. 15 Og Abraham beið í
þolinmæði þar til Guð að lokum efndi loforðið
og gaf honum son – Ísak. 16 Þegar maður sver
eið, þá skírskotar hann til einhvers annars, sem
honum er voldugri, svo að sá geti neytt hann
til að standa við orð sín eða þá refsað honum,
rjúfi hann heit sitt. 17 Þannig batt Guð sjálfan
sig með eiði, svo að þeir sem hann hafði lofað
hjálp, þyrftu engu að kvíða né ættu það á hættu
að hann skipti um skoðun. 18 Guð hefur gefið
okkur loforð og þar að auki lagt eið við. Þessu
tvennu getum við áreiðanlega treyst, því að það
er útilokað að Guð segi ósatt. Eftir að hafa nú
heyrt um þessa tryggingu Guðs, geta allir verið
vissir um að öðlast hjálpræðið, sem hann lofaði
þeim. 19 Þessi vissa um að við munum frelsast,
er akkeri fyrir sálir okkar, traust og öruggt,
sem nær inn fyrir heilagt fortjald himnanna
og tengir okkur sjálfum Guði! 20 Þessa leið fór
Kristur á undan okkur, til að biðja fyrir okkur
sem æðsti prestur, líkur Melkísedek að mætti
og dýrð. (aiōn g165)

7 Melkísedek þessi var konungur í borginni
Salem og jafnframt prestur hins hæsta Guðs.
Eitt sinn, er Abraham var á heimleið eftir að hafa
unnið mikla orustu við marga konunga, kom
Melkísedek til móts við hann og blessaði hann. 2
Tók þá Abraham tíund af öllu herfanginu og gaf
Melkísedek. Nafnið Melkísedek þýðir „konungur
réttlætisins“. Hann er einnig friðarkonungur,
því að Salem, nafnið á borg hans, merkir
„friður“. 3 Melkísedek átti hvorki föður né
móður og ættartala hans er ekki til. Ævi hans
er bæði án upphafs og endis, en líf hans er
sem líf Guðs sonar – hann er prestur að eilífu.
4 Virðum nú fyrir okkur tign Melkísedeks:
(a) Tign Melkísedeks sést á því að Abraham,
hinn virðulegi forfaðir Guðs útvöldu þjóðar,
gaf honum tíund af herfanginu, sem hann tók
af konungunum sem hann hafði barist við. 5
Þetta væri skiljanlegt hefði Melkísedek verið
Gyðingaprestur, því að síðar var þess krafist
með lögum af þjóð Guðs að hún legði fram
gjafir til stuðnings prestunum, því að þeir
tilheyrðu þjóðinni. 6 Nú var Melkísedek ekki
Gyðingaættar, en þrátt fyrir það gaf Abraham
honum gjafir. (b) Melkísedek blessaði hinn
volduga Abraham 7 og eins og allir vita, þá
er sá meiri, sem vald hefur til að blessa, en
sá er hlýtur blessunina. 8 (c) Prestar Gyðinga
tóku við tíund, og það þótt dauðlegir væru, en
okkur er sagt að Melkísedek lifi áfram. 9 (d)
Það mætti jafnvel segja að sjálfur Leví (forfaðir
allra Gyðingapresta – allra sem taka við tíund)
hafi greitt Melkísedek tíund með höndum
Abrahams. 10 Því að þótt Leví væri þá ekki
fæddur – þegar Abraham greiddi Melkísedek
tíundina – þá var efnið samt til í Abraham,
sem Leví var síðar myndaður af. 11 (e) Ef
Gyðingaprestarnir og lög þeirra hefðu getað
frelsað okkur, hvers vegna var þá Guð að senda
Krist, sem prest á borð við Melkísedek? Hefði
honum ekki nægt að senda einhvern sem hefði
haft sömu tign og Aron – það er að segja þá
tign, sem allir Gyðingaprestarnir höfðu? 12
Þegar Guð stofnar nýjan prestdóm, verður hann
að breyta lögum sínum til þess að slíkt sé
unnt. Eins og við vitum var Kristur ekki af ætt
Leví, prestaættinni, heldur af ætt Júda, en sú
ætt hafði ekki verið valin til prestþjónustu;
Móse hafði aldrei falið henni slíkt. 15 Af þessu
getum við glögglega séð að Guð breytti til.
Nýi æðsti presturinn, Kristur – prestur á borð
við Melkísedek – 16 varð ekki prestur vegna
þess að hann uppfyllti þau gömlu skilyrði að
vera af ætt Leví, heldur vegna þess að líf og

kraftur streymdu út frá honum. 17 Þetta bendir
sálmaskáldið á er hann segir um Krist: „Þú ert
prestur að eilífu á borð við Melkísedek.“ (aiōn g165)
18 Þessi gamla prestþjónusta, sem grundvölluð
var á ættartengslum, var lögð niður, því að
hún dugði ekki til. Hún var vanmáttug og kom
ekki að gagni við að frelsa fólk. 19 Í raun og
veru gátu lögin og þessi prestþjónusta ekki
réttlætt neinn mann í augum Guðs. Við eigum
hins vegar betri von, því að Kristur gerir okkur
þóknanleg í augum Guðs og opnar okkur leiðina
til hans. 20 Guð sór þess eið að Kristur yrði
prestur um alla framtíð, 21 en það hafði hann
aldrei ætlað hinum prestunum. Þetta sagði hann
við Krist, og aðeins hann: „Drottinn strengir
þess heit og mun aldrei skipta um skoðun: Þú
ert prestur að eilífu, að hætti Melkísedeks.“
(aiōn g165) 22 Á grundvelli þessa heitis, getur
Kristur að eilífu tryggt árangurinn af þessu nýja
og betra fyrirkomulagi. 23 Samkvæmt gamla
fyrirkomulaginu þurfti marga presta, og þegar
þeir dóu einn af öðrum, tóku hinir yngri við. 24
En Jesús lifir að eilífu og heldur áfram að vera
prestur, þar verða engin mannaskipti. (aiōn g165)
25 Þess vegna getur hann fullkomlega frelsað
alla, sem hans vegna ganga fram fyrir Guð, því að
hann lifir ávallt á himni til að biðja fyrir þeim. 26
Hann er einmitt presturinn sem við þörfnumst:
Hann er heilagur, lýtalaus, óflekkaður og situr
ekki á bekk með syndurum, heldur í heiðurssæti
á himnum. 27 Hann þarf ekki daglega að bera
fram blóð úr fórnardýrunum eins og hinir
prestarnir, sem þurftu að fórna fyrir sínar eigin
syndir og syndir alls fólksins, því að hann bar
fram eina fórn, í eitt skipti fyrir öll, er hann
fórnaði sjálfum sér á krossinum. 28 Meðan hinn
gamli siður var í gildi, voru æðstu prestarnir
syndugir menn, veikleika háðir eins og hverjir
aðrir, en seinna skipaði Guð son sinn með eiði
og sonurinn er fullkominn að eilífu. (aiōn g165)

8 Kjarni þess, sem við nú höfum sagt, er þetta:
Kristur – en prestdómi hans vorum við rétt
áðan að lýsa – er okkar æðsti prestur. Hann situr
á himnum í hinu æðsta heiðurssæti við hlið
Guðs. 2 Prestsstörf sín vinnur hann í helgidómi
himnanna, hinum sanna tilbeiðslustað, sem
ekki er verk manna, heldur Drottins sjálfs. 3
Starf æðsta prestsins er fólgið í því að bera
fram gjafir og fórnir, og fyrst svo er, verður
Kristur einnig að bera fram fórn. 4 Fórn hans er
miklu betri en þær sem jarðneskir prestar bera
fram. (Samt fengi hann ekki að vera prestur
hér á jörðu, því að hér fara prestarnir enn eftir
hinum gömlu reglum lögmálsins þegar þeir
bera fram fórnir.) 5 Þeir starfa við helgidóm
sem er ekki annað en eftirlíking hins himneska
helgidóms. Því að þegar Móse bjó sig undir
að gera tjaldbúðina, þá áminnti Guð hann um
að fara nákvæmlega eftir fyrirmynd himneska
helgidómsins, sem honum var sýnd á Sínaífjalli.
6 En Kristur, prestur himnanna, fékk að launum
miklu mikilvægara starf en þeir sem þjóna
samkvæmt gömlu lögunum. Nýi sáttmálinn,
sem hann færði okkur frá Guði, hefur að geyma
miklu stórkostlegri loforð en hinn gamli. 7 Gamli
sáttmálinn reyndist einfaldlega ónothæfur. Ef
hann hefði komið að gagni, hefði ekki þurft að
koma annar nýr í hans stað. 8 Það var sjálfur
Guð sem kom auga á gallana í þeim gamla og
því sagði hann: „Sá dagur mun koma er ég
geri nýjan sáttmála við Ísraelsmenn og við
Júdamenn. 9 Nýi sáttmálinn verður ólíkur þeim
gamla, sem ég gaf feðrum þeirra daginn sem
ég leiddi þá burt úr Egyptalandi. Um gamla
sáttmálann er það að segja, að þeir stóðu ekki
við sinn hlut og því varð ég að nema hann úr
gildi. 10 Nýi sáttmálinn, sem ég mun gera við
Ísraelsmenn, hljóðar svo: Ég mun grópa lög
mín í hugi þeirra, svo að þeir þekki vilja minn
og viti hvað þeir eigi að gera, án þess að ég
þurfi að segja þeim það. Ég mun rita þessi lög í
hjörtu þeirra svo að þá langi til að hlýða þeim.
Ég mun verða Guð þeirra og þeir munu verða
mitt fólk. 11 Þá mun enginn þurfa að segja við
vin sinn, nágranna eða bróður: „Þú ættir að
kynnast Drottni“, því að þá munu allir þekkja
mig, bæði stórir og smáir. 12 Ég mun sýna þeim
miskunn og fyrirgefa þeim syndir þeirra.“ 13
Guð segir um þessi nýju loforð og þennan nýja
sáttmála að þau eigi eftir að taka sæti gamla
sáttmálans, því að sá sé orðinn úreltur og hafi
verið lagður til hliðar fyrir fullt og allt.

9 Í fyrri sáttmálanum milli Guðs og
Ísraelsmanna voru reglur um tilbeiðslu og
þar var einnig rætt um heilagt tjald hér á
jörðu. 2 Í þeim helgidómi – tjaldinu – voru
tvö herbergi. Í fremra herberginu, sem kallað
var hið heilaga, var borð ásamt ljósastjaka
úr gulli. Á borðinu voru sérstök brauð, sem
notuð voru við helgiathafnir. 3 Síðan tók við

fortjald og innan við það var annað herbergi,
sem kallaðist „hið allra helgasta“. 4 Þar inni
var reykelsisaltari úr gulli og einnig kista sem
kölluð var sáttmálsörkin. Var hún lögð skíru
gulli bæði að utan og innan. Í kistunni voru
steinplötur, sem á voru rituð boðorðin tíu,
gullkrukka með dálitlu af manna og stafur
Arons, sem hafði blómgast. 5 A loki kistunnar
voru styttur af englum, svokallaðir kerúbar,
sem standa áttu vörð um dýrð Guðs. Þeir böndu
vængi sína yfir hið gullna lok arkarinnar, sem
kallaðist náðarstóllinn, en nóg um það. 6 Þegar
tjaldið var fullbúið, sinntu prestarnir störfum
sínum í fremra herberginu hvenær sem þeir
þurftu, 7 en aðeins æðsti presturinn fékk að
fara inn í innra herbergið. Þangað fór hann
aðeins einu sinni á ári, aleinn, og þá með blóð
sem hann stökkti á náðarstólinn. Það var fórn
til Guðs, til þess að gjalda fyrir eigin syndir og
mistök og einnig fyrir syndir alls fólksins. 8
Þetta bendir heilagur andi á, til að sýna okkur
að alþýða manna fékk ekki að ganga inn í hið
allra helgasta á dögum gamla sáttmálans, þegar
fremra herbergið og það sem þar fór fram, var í
fullu gildi. 9 Þetta segir okkur, sem nú lifum,
býsna merkilega hluti. Meðan gamla lagakerfið
var í gildi voru gjafir og fórnir bornar fram, en
þær dugðu ekki til að hreinsa hjörtu fólksins.
10 Gamla kerfið snerist allt um vissar reglur. Þar
voru reglur um hvað ætti að borða og hvað ætti
að drekka, reglur um hvernig og hvenær ætti
að þvo sér; já, reglur um þetta og reglur um
hitt. Fólkið var skyldugt að fara eftir þessum
reglum, allt þar til Kristur kom og opnaði nýja
og betri leið til hjálpræðis. 11 Kristur kom
sem æðsti prestur nýs og betri sáttmála og
þann sáttmála höfum við nú. Hann gekk inn í
hina miklu og fullkomnu tjaldbúð himnanna,
sem hvorki er gerð af manna höndum né úr
jarðnesku efni. 12 Hann fór með blóð inn í hið
allra helgasta, í eitt skipti fyrir öll, og stökkti
því á náðarstólinn. Blóð þetta var ekki blóð úr
geitum eða kálfum, heldur hans eigið blóð og
með því tryggði hann okkur eilíft hjálpræði.
(aiōnios g166) 13 Fyrst blóð úr nautum og geitum
og aska af kvígum gat hreinsað manninn af
synd, samkvæmt gamla sáttmálanum, 14 þá
getið þið rétt ímyndað ykkur hvort blóð Krists
muni ekki breyta hjörtum okkar og lífi! Fórn
hans leysir okkur undan þeirri kvöð að þurfa að
hlýða gömlu reglunum og kemur því jafnframt
til leiðar að við þráum að þjóna lifandi Guði.
Kristur lagði líf sitt af frjálsum vilja í hendur
Guðs, með hjálp heilags anda, til að deyja fyrir
syndir okkar. Hann var fullkominn og syndlaus
– algjörlega lýtalaus. (aiōnios g166) 15 Kristur færði
okkur þennan nýja sáttmála til þess að allir
þeir, sem boðnir eru, geti komið og notið um
eilífð þeirrar blessunar sem Guð hefur heitið
þeim. Kristur dó til að forða okkur undan
refsingunni, sem við höfðum kallað yfir okkur,
vegna syndanna sem við drýgðum meðan gamli
sáttmálinn var í gildi. (aiōnios g166) 16 Þegar
maður deyr og skilur eftir sig erfðaskrá, þá
fær enginn neitt af arfinum fyrr en sannast
hefur að sá, er gerði erfðaskrána, sé dáinn. 17
Erfðaskráin gengur ekki í gildi fyrr en sá er
látinn, sem hana gerði, og meðan hann er á lífi,
getur enginn notfært sér hana til að komast
yfir þær eignir sem honum eru ánafnaðar. 18
Þetta skýrir hvers vegna blóði fórnardýranna
var úthellt (en það bendir einmitt fram til
dauða Krists) og það meira að segja áður en
fyrri sáttmálinn tók gildi. 19 Eftir að Móse
hafði afhent fólkinu lögbók Guðs, tók hann blóð
kálfa og geita ásamt vatni og stökkti því með
ísópsgrein og skarlatsrauðri ull yfir sjálfa bókina
og allt fólkið. 20 Síðan sagði hann: „Blóð þetta
er tákn þess að sáttmálinn milli ykkar og Guðs
hefur tekið gildi, en þennan sáttmála bauð Guð
mér að gera milli ykkar og sín.“ 21 Síðan stökkti
hann á sama hátt blóði á hið heilaga tjald og á
öll áhöldin sem notuð voru til helgihaldsins.
22 Það má með sanni segja, að nálega allt sem
tilheyrði gamla sáttmálanum, hafi verið helgað
með því að stökkva á það blóði, því að ekki fæst
fyrirgefning án úthellingar blóðs. 23 Hjá því
varð ekki komist að Móse yrði þannig að hreinsa
þetta heilaga, en jafnframt jarðneska tjald og
allt sem í því var – allt gert eftir himneskri
fyrirmynd – með því að stökkva á það dýrablóði.
Himnesk fyrirmynd þessa tjalds var einnig
hreinsuð og helguð, en þó með miklu dýrlegri
fórn. 24 Kristur gekk inn í sjálfan himininn til
að koma fram fyrir Guð sem talsmaður okkar.
Það gerðist ekki í jarðneska helgidómnum, því
að hann var aðeins eftirmynd hins himneska.
25 Og ekki fórnfærði Kristur sjálfum sér, hvað
eftir annað, eins og jarðneskur æðsti prestur,
sem ber árlega fram dýrablóð að fórn í hinu
allra helgasta. 26 Þá hefði hann orðið að deyja
margsinnis, allt frá því heimurinn varð til. Nei,

það hefði verið óhugsandi! Hann kom í eitt
skipti fyrir öll, á hinum síðustu tímum, til að
brjóta vald syndarinnar á bak aftur að eilífu.
Það gerði hann með því að deyja fyrir okkur.
(aiōn g165) 27 Eins og það liggur fyrir manninum
að deyja einu sinni og koma síðan fyrir dóminn,
28 þannig dó Kristur líka einu sinni sem fórn
fyrir syndir margra. Eftir það mun hann koma
á ný, ekki til að deyja fyrir syndir, heldur til að
flytja þeim hjálpræði sitt, sem hans bíða.

10 Hið gamla lagakerfi Gyðinga gaf aðeins
óljósa hugmynd um allt hið góða, sem
Kristur ætlaði að veita okkur. Fórnirnar, sem
færðar voru samkvæmt þessu gamla lagakerfi,
voru endurteknar sí og æ, ár eftir ár, en samt
sem áður gátu þær ekki frelsað neinn sem lifði
eftir lögunum. 2 Ef svo hefði verið, þá hefði
ein fórn verið nóg, menn hefðu hreinsast í
eitt skipti fyrir öll og sektarkennd þeirra þar
með verið fjarlægð. 3 En það var öðru nær. Í
stað þess að létta á samvisku manna, minnti
þessi árlega fórn þá á óhlýðni þeirra og sekt.
4 Það er útilokað að blóð nauta og geita geti
hreinsað burt syndir nokkurs manns. 5 Þetta
er ástæða þess, sem Kristur sagði þegar hann
kom í heiminn: „Guð, þú lætur þér ekki nægja
blóð nauta og geita, og því hefur þú gefið mér
þennan líkama, til þess að ég leggi hann sem
fórn á altari þitt. 6 Þú gerðir þig ekki ánægðan
með dýrafórnir – að dýrum væri slátrað og þau
síðan brennd frammi fyrir þér sem syndafórn.
7 Sjá, ég er kominn til að hlýða vilja þínum, til
að fórna lífi mínu, eins og spádómar Biblíunnar
sögðu fyrir um.“ 8 Fyrst sagði Kristur að Guð
gerði sér ekki að góðu hinar ýmsu fórnir og
gjafir, sem krafist var samkvæmt lögmálinu. 9
Síðan bætti hann við: „Hér er ég. Ég er kominn
til að fórna lífi mínu.“Þá afnam hann gamla
kerfið og innleiddi þess í stað annað miklu
betra. 10 Samkvæmt þessari nýju hjálpræðisleið
fáum við fyrirgefningu og hreinsun í eitt skipti
fyrir öll, vegna þess að Kristur dó fyrir okkur. 11
Samkvæmt gamla sáttmálanum stóðu prestarnir
frammi fyrir altarinu dag eftir dag og báru
fram fórnir, sem alls ekki gátu tekið burt syndir
okkar. 12 Kristur fórnaði hins vegar sjálfum
sér fyrir syndir okkar frammi fyrir Guði í eitt
skipti fyrir öll. Að því loknu settist hann við
hægri hönd Guðs, í æðsta heiðurssæti sem til
er, 13 og bíður þess þar að óvinir hans verði
lagðir að fótum hans. 14 Með þessari einu fórn
fullkomnaði hann þá sem helga sig Guði. 15
Þetta staðfestir heilagur andi er hann segir: 16
„Þennan sáttmála vil ég gera við Ísraelsmenn,
enda þótt þeir hafi rofið fyrri sáttmálann: „Lög
mín vil ég grópa í hugskot þeirra svo að þeir
þekki vilja minn. Ég mun rita lög mín í hjörtu
þeirra, svo að þeir þrái að hlýða mér“.“ 17 Síðan
bætir hann við: „Aldrei framar mun ég minnast
synda þeirra né afbrota.“ 18 Af því að syndirnar
eru nú fyrirgefnar og gleymdar að eilífu, þá er
fórnanna ekki lengur þörf. 19 Nú er svo komið,
kæru vinir, að við getum gengið með djörfung
inn í hið allra helgasta, þar sem Guð er, og er
það dauða Jesú að þakka. 20 Þetta er hinn nýi og
lifandi vegur, sem Kristur opnaði okkur þegar
hann klauf í sundur fortjaldið – sinn jarðneska
líkama – svo að við gætum gengið fram fyrir
auglit heilags Guðs. 21 Fyrst þessi mikli æðsti
prestur okkar hefur með höndum stjórnina á
húsi Guðs, 22 þá skulum við ganga rakleitt fram
fyrir Guð. Verum einlæg, með hreina samvisku
og treystum því að hann taki á móti okkur,
vegna þess að blóði Krists hefur verið „stökkt á
okkur“og líkamar okkar verið þvegnir hreinu
vatni. 23 Nú getum við með öruggri vissu horft
fram til þess sem Guð hefur heitið okkur. Ekki
er lengur rúm fyrir efann. Nú getum við óhikað
sagt að við eigum hjálpræðið, og það samkvæmt
orði Guðs. 24 Gætum hvert að öðru og hvetjum
hvert annað til að sýna hjálpsemi og að gera
öðrum gott. 25 Vanrækjum ekki söfnuð okkar
eins og sumir gera, heldur hvetjum og áminnum
hvert annað, sérstaklega nú er endurkoma Jesú
nálgast. 26 Ef við syndgum af ásettu ráði, eftir
að hafa kynnst sannleikanum um fyrirgefningu
Guðs, þá gagnar dauði Krists okkur ekki, og ekki
er lengur um neina undankomuleið að ræða
frá syndinni. 27 Þá tekur aðeins við hræðileg
bið eftir dómi, því að reiði Guðs mun þurrka
út alla óvini hans. 28 Hver sá, sem neitaði að
hlýða lögum Móse, var skilyrðislaust tekinn af
lífi, ef tvö eða þrjú vitni voru að synd hans. 29
Hugsið ykkur þá hve miklu þyngri refsingu sá
hlýtur, sem fótum treður son Guðs og lítilsvirðir
blóð hans – metur það vanheilagt – og hryggir
þar með og smánar heilagan anda, sem boðar
mönnunum miskunn Guðs. 30 Við þekkjum þann
sem sagði: „Réttvísin er í mínum höndum og
mitt er að refsa.“Hann sagði einnig: „Drottinn
mun sjálfur dæma í málum þessara manna.“

31 Hræðilegt er að falla í hendur hins lifandi
Guðs. 32 Gleymið ekki þeim dýrlega tíma er þið
fyrst heyrðuð um Krist. Munið hversu fast þið
hélduð ykkur að Drottni, þrátt fyrir erfiðleikana
sem ykkur mættu, 33 og þótt hlegið væri að
ykkur eða þið barin. Þið studduð aðra, sem
urðu fyrir sama aðkasti, 34 og þjáðust með þeim
sem varpað var í fangelsi. Og jafnvel þótt allt,
sem þið ættuð, væri tekið frá ykkur, hélduð
þið samt gleði ykkar, því að þið vissuð að á
himnum ættuð þið í vændum það sem betra
var, nokkuð sem enginn gæti nokkru sinni tekið
frá ykkur. 35 Látið nú ekkert, hvað sem á dynur,
ræna ykkur gleði ykkar og traustinu á Drottni.
Minnist launanna, sem ykkar bíða. 36 Ef þið
ætlist til að Guð standi við loforðin, sem hann
hefur gefið ykkur, þá verðið þið einnig að sýna
úthald og fara eftir hans vilja. 37 Endurkomu
Drottins er ekki langt að bíða. 38 Þeir, sem
öðlast hafa réttlæti Guðs fyrir trú, verða að lifa í
trú og treysta honum í einu og öllu. Ef þeir hins
vegar skjóta sér undan, þá eru þeir ekki Guði að
skapi. 39 En við erum ekki menn sem snúa baki
við Guði og hjálpræði hans. Nei, við erum menn
trúarinnar og munum erfa hjálpræði hans.

11 Hvað er trú? Það er örugg vissa um að
von okkar verði að veruleika. Trúin er
sannfæring um að við fáum það sem við vonum,
enda þótt við sjáum það ekki. 2 Fyrr á tímum
urðu margir frægir fyrir trú sína. 3 Með því
að trúa – treysta orðum Guðs – þá skiljum
við hvernig alheimurinn hefur orðið til úr
engu, eftir skipun Guðs. (aiōn g165) 4 Fyrir trú
hlýddi Abel Guði og bar fram fórn, sem Guði
líkaði betur en fórn Kains. Abel var maður
Guði að skapi og það staðfesti Guð með því
að taka fórn hans gilda. Þótt Abel sé löngu
dáinn, getum við enn lært af honum hvernig
á að treysta Guði. 5 Enok treysti Guði og því
tók Guð hann til sín, án þess að láta hann
deyja fyrst. Skyndilega var hann horfinn, því
að Guð nam hann burt. Áður en þetta gerðist,
hafði Guð látið í ljós velþóknun sína á Enok. 6
Það er ekki hægt að þóknast Guði nema trúa
honum og treysta. Sá sem leitar Guðs, verður
að trúa því að hann sé til og að hann launi þeim
sem til hans leita. 7 Nói var einn þeirra sem
treystu Guði. Þegar hann heyrði viðvörun Guðs
um framtíðina, trúði hann honum, þótt þess
sæjust engin merki að flóð væri í aðsigi. Hann
beið ekki boðanna, heldur byggði örkina og
frelsaði fjölskyldu sína. Traustið, sem Nói bar
til Guðs, var algjör andstæða syndar þeirrar og
vantrúar, sem einkenndi heiminn – þann heim
sem neitaði að hlýða Guði. Guð tók Nóa að sér
vegna trúar hans. 8 Abraham treysti Guði. Þegar
Guð sagði honum að yfirgefa heimili sitt og
fara til fjarlægs lands, sem hann ætlaði að gefa
honum, þá hlýddi Abraham og lagði af stað án
þess einu sinni að vita hvert leiðin lá. 9 Þegar
hann kom á áfangastað – til landsins sem Guð
hafði lofað honum – þá bjó hann þar í tjöldum
eins og hann væri gestkomandi. Hið sama gerðu
Ísak og Jakob, en þeir höfðu einnig fengið sama
loforð hjá Guði. 10 Hvers vegna gerði Abraham
þetta? Vegna þess að hann beið þess í trú að Guð
flytti hann til hinnar voldugu borgar, sem Guð
hefur reist á himnum. 11 Sara trúði einnig og
þess vegna gat hún orðið móðir, þrátt fyrir háan
aldur. Henni var orðið ljóst að Guð hafði gefið
henni loforð, sem hann var fær um að standa
við. 12 Þannig varð Abraham, sem orðinn var of
gamall til að geta eignast barn, forfaðir heillar
þjóðar, sem skipti milljónum eins og stjörnur
himinsins og sandkorn á sjávarströnd. 13 Þetta
fólk trúarinnar, sem ég hef nú nefnt, dó án þess
að fá að reyna allt, sem Guð hafði lofað, en það
vissi hvað það átti í vændum og gladdist, því að
það leit á sig sem útlendinga og gestkomandi
á þessari jörð. 14 Af því má sjá að það hefur
vænst raunverulegs heimilis á himnum. 15 Ef
þau hefðu viljað, þá hefðu þau getað snúið
aftur til þeirra gæða, sem heimurinn hafði
að bjóða, 16 en það vildu þau ekki. Takmark
þeirra var himinninn. Guð blygðast sín því ekki
fyrir að kallast Guð þeirra og nú hefur hann
reist þeim borg á himnum. 17 Guð reyndi trú
Abrahams og hún stóðst. Abraham treysti Guði
og loforðum hans. Guð bauð honum að fórna
Ísak, syni sínum. Hann hlýddi, 18 og var alveg
að því kominn að lífláta Ísak, sem Guð hafði þó
lofað að yrði forfaðir heillar þjóðar. 19 Abraham
trúði því að ef Ísak dæi, þá mundi Guð reisa
hann upp frá dauðum. Það má segja að Ísak hafi
verið dauðans matur frá sjónarmiði Abrahams,
en þó var lífi hans bjargað. 20 Síðar blessaði Ísak
Jakob og Esaú, hann vissi að Guð mundi blessa
framtíð þeirra beggja. 21 Það var í trú sem
Jakob, þá ellihrumur og deyjandi, blessaði báða
syni Jósefs, þar sem hann hallaði sér fram á staf
sinn og bað. 22 Það var einnig í trú að Jósef, þá

kominn að leiðarlokum ævi sinnar, sagði að Guð
mundi leiða Ísraelsmenn burt frá Egyptalandi.
Hann var svo viss að hann tók loforð af fólkinu
um að það hefði bein hans meðferðis þegar það
færi. 23 Foreldrar Móse gengu einnig fram í trú.
Þegar þeim varð ljóst að barnið, sem Guð hafði
gefið þeim, var óvenjulegt, þá voru þau viss um
að Guð mundi forða því frá þeim dauðdaga, sem
Faraó hafði fyrirskipað. Þau voru alls óhrædd
og leyndu drengnum í þrjá mánuði. 24 Síðar,
þegar Móse var orðinn fullorðinn, hafnaði hann
því í trú að vera talinn dóttursonur Faraós
og kaus fremur að þola illt með þjóð Guðs en
að njóta skammvinns syndaunaðar. 26 Hann
áleit betra að þjást fyrir Krist, sem koma átti,
en að eignast öll auðævi Egyptalands, því að
hann hugsaði um launin sem hann mundi fá
hjá Guði. 27 Hann yfirgaf Egyptaland í trausti
á Guð, jafnvel þótt Faraó reiddist og væri því
andsnúinn. Móse hélt sínu striki rétt eins og
hann sæi Guð fara á undan sér. 28 Hann trúði að
Guð mundi frelsa þjóð sína og því fyrirskipaði
hann fólkinu að slátra lambi, eins og Guð hafði
boðið og dreifa blóðinu á dyrastafi húsa sinna,
svo hinn skelfilegi engill dauðans snerti ekki
elsta barnið í hverri fjölskyldu, eins og gerðist
meðal Egypta. 29 Ísraelsþjóðin treysti Guði
og hélt rakleiðis gegnum Rauðahafið, eins og
þurrt land væri. Egyptar veittu þeim eftirför og
reyndu að fara sömu leið, en þeir drukknuðu
allir. 30 Það var trú sem kom því til leiðar
að múrar Jeríkó hrundu, eftir að Ísraelsmenn
höfðu gengið hringinn í kringum þá í sjö daga,
samkvæmt skipun Guðs. 31 Það var einnig
fyrir trú á mátt Guðs að vændiskonan Rahab
hélt lífi, því að hún tók vel á móti njósnurum
Ísraelsmanna. Aðrir íbúar borgarinnar fórust
hins vegar allir vegna þess að þeir óhlýðnuðust
Guði. 32 Finnst ykkur þörf á fleiri dæmum? Það
tæki langan tíma ef ég ætti að rifja upp sögurnar
um trú Gídeons, Baraks, Samsonar, Jefta, Davíðs,
Salómons og allra spámannanna. 33 Menn þessir
treystu Guði og þess vegna unnu þeir orrustur,
sigruðu konungsríki, stjórnuðu þjóð sinni með
sóma og báru úr býtum það sem Guð hafði
lofað þeim. Þeir björguðust úr ljónagryfjum 34
og logandi eldsofnum. Sumir björguðust frá
sverðseggjum vegna trúar sinnar. Aðrir, sem
verið höfðu máttfarnir eða sjúkir, öðluðust nýtt
þrek fyrir trú. Sumir fylltust eldmóði og stökktu
heilum herjum á flótta – í trú, 35 og konur
heimtu ástvini sína úr helju vegna trúar sinnar.
Þeir voru einnig til sem treystu Guði og voru
barðir til dauða, því að þeir vildu heldur deyja
en kaupa sér frelsi með því að afneita Guði.
Þessir menn treystu því að síðar meir mundu
þeir rísa upp til nýs og betra lífs. 36 Sumir
voru hæddir og húðstrýktir, svo að bak þeirra
varð eitt flakandi sár, en aðrir lágu fjötraðir
í dýflissum. 37 Sumir voru grýttir til dauða
og aðrir sagaðir í sundur. Sumum var heitið
frelsi, ef þeir afneituðu trúnni – þeir voru síðan
drepnir með sverði. Sumir reikuðu um fjöll og
firnindi, klæddir gærum og geitaskinnum og
földu sig í sprungum og hellisskútum. Þeir voru
hungraðir, sjúkir og illa haldnir. Slíka menn
átti heimurinn ekki skilið. 39 En þótt menn
þessir, menn trúarinnar, hafi treyst Guði og
verið honum að skapi, þá fékk þó enginn þeirra
að sjá öll fyrirheitin rætast. 40 Því að Guð ætlaði
þeim að bíða og deila með okkur fullkomnum
launum.

12 Virðum nú fyrir okkur þessar trúarhetjur
og látum þær verða okkur til hvatningar.
Losum okkur við allt, sem hindrar okkur og
fjötrar. Þá á ég sérstaklega við syndir, sem vafist
hafa um fætur okkar og hindrað okkur í að
ganga áfram veg trúarinnar. Hlaupum þolgóð
skeiðið, sem Guð hefur ætlað okkur. 2 Horfum
stöðugt á Jesú, höfund og leiðtoga trúar okkar.
Hann var fús að deyja smánardauða á krossi,
vegna gleðinnar, sem hann vissi að biði hans,
og nú situr hann í heiðurssæti við hástól Guðs.
3 Ef þið viljið komast hjá því að missa kjarkinn
og gefast upp, minnist þá þolinmæði hans er
hann þjáðist af völdum syndugra manna. 4
Enn hafið þið ekki þurft að berjast svo gegn
synd og freistingum að sviti ykkar hafi orðið að
blóðdropum. 5 Hafið þið alveg gleymt þessum
hvatningarorðum sem Guð sagði við ykkur,
börnin sín: „Sonur minn, reiðstu ekki þótt
Drottinn refsi þér. Misstu ekki kjarkinn, þótt
hann bendi þér á mistök þín, 6 því að refsing
hans sannar að hann elskar þig. Ef hann hirtir
þig, þá sýnir það aðeins að þú ert í raun og veru
barn hans.“ 7 Leyfðu Guði að aga þig, því að
það gera allir feður sem elska börnin sín. Hafið
þið nokkru sinni heyrt talað um son sem aldrei
hlaut umvöndun? 8 Ef Guð lætur hjá líða að
refsa ykkur, þegar þið eigið það skilið – eins og
feður almennt refsa börnum sínum – þá er það

merki þess að þið séuð alls ekki hans börn og
tilheyrið þar af leiðandi ekki fjölskyldu hans. 9
Við virðum okkar jarðnesku feður, enda þótt
þeir refsi okkur, ættum við þá ekki enn frekar
að taka ögun Guðs, svo við lærum að lifa lífinu
á réttan hátt? 10 Okkar jarðnesku feður öguðu
okkur aðeins í nokkur ár og aðeins í góðum
tilgangi. Ögun Guðs er alltaf rétt og okkur
fyrir bestu, því að hún veitir okkur hlutdeild í
heilagleika hans. 11 Refsing er óþægileg meðan
á henni stendur, og jafnvel sársaukafull! En
hver er árangurinn? Persónuleiki og skilningur
mannsins vex og þroskast. 12 Herðið nú tökin,
þið lúnu hendur, og réttið úr ykkur, magnþrota
hné! 13 Ryðjið öllum hindrunum úr vegi svo
að þeir sem á eftir koma, veikir og vanmegna,
hrasi ekki á göngunni, heldur styrkist í hverju
skrefi. 14 Forðist allar deilur og leitist við að
lifa hreinu og heilögu lífi, því að án helgunar
mun enginn sjá Drottin. 15 Gefið gætur hvert
að öðru, svo að þið missið ekki af blessun Guðs.
Gætið þess að verða ekki beisk hvert við annað,
því að beiskjan er trúnni til mikils tjóns. 16
Hafið gát a að enginn lifi lauslæti eða fjarlægist
Guð, eins og Esaú. Hann mat frumburðarrétt
sinn til jafns við einn málsverð. 17 Síðar, þegar
hann vildi endurheimta réttindi sín, var allt
um seinan og beisk iðrunartár hans fengu engu
breytt. Munið þetta og gætið ykkar vel. 18 Þið
hafið ekki þurft að horfast í augu við ógnir,
æðandi eld, sorta, myrkur og óveður, eins og
Ísraelsmenn á Sínaífjalli, þegar Guð gaf þeim
lögmálið. 19 Þá kvað við skær lúðurhljómur og
rödd sem flutti þvílíkan boðskap að fólkið bað
Guð að hætta að tala. 20 Og þegar Guð sagði að
sérhver skepna sem snerti fjallið myndi deyja,
þá hopaði fólkið á hæl. 21 Sjálfur Móse varð svo
hræddur við þessa sýn að hann skalf af ótta.
22 Nú eruð þið komin að Síonfjalli, til borgar
lifandi Guðs, hinnar himnesku Jerúsalem, til
fundar við óteljandi engla, 23 til kirkju Krists,
sem telur alla sem skráðir eru á himnum, til
Guðs, sem alla dæmir, til hinna endurleystu
anda, sem fullkomnir eru orðnir, 24 til sjálfs
Jesú, sem færði okkur nýjan og dásamlegan
sáttmála sinn, og til blóðsins, sem úthellt var og
veitir náð og fyrirgefningu í stað þess að hrópa á
hefnd, eins og blóð Abels. 25 Gætið þess að hlýða
honum, sem talar til ykkar. Ísraelsmönnum
varð ekki bjargað eftir að þeir neituðu að hlýða
á Móse, sem þó var aðeins maður. Við erum
ekki síður í skelfilegri hættu, ef við óhlýðnumst
Guði, sem talar til okkar frá himnum. 26 Þegar
Guð talaði frá Sínaífjalli var rödd hans svo sterk
að jörðin skalf. „En næst, “segir hann, „mun
ég ekki aðeins hrista jörðina, heldur einnig
himininn!“ 27 Með þessu á hann við að hann
muni fjarlægja allt, sem ekki fær staðist, svo
einungis það sem stenst verði eftir. 28 Fyrst
ríki okkar er ósigrandi, skulum við þóknast
Guði með því að þjóna honum með þakklátum
hjörtum, heilögum ótta og lotningu, 29 því að
Guð er eyðandi eldur.

13 Haldið áfram að elska hvert annað með
fórnfúsum kærleika. 2 Gleymið ekki
gestrisninni því að sumir hafa, óafvitandi, tekið
á móti englum. 3 Gleymið ekki föngunum,
heldur takið þátt í þjáningum þeirra eins og
þið sjálf væruð í þeirra sporum. Samhryggist
þeim sem illt þola, því að sjálf hafið þið líkama.
4 Hjónabandið sé í heiðri haft og öll þau heit
sem því fylgja. Lifið siðferðislega hreinu lífi,
því að Guð mun sannarlega refsa öllum sem
lifa í siðleysi og drýgja hór. 5 Varist alla ágirnd
og látið ykkur nægja það sem þið hafið. Guð
hefur sagt: „Ég mun aldrei, aldrei bregðast þér
né yfirgefa þig.“ 6 Við getum því sagt, óttalaust
og án efasemda: „Drottinn hjálpar mér og því
óttast ég hvorki mennina né verk þeirra.“ 7
Minnist leiðtoga ykkar, sem hafa frætt ykkur
um orð Guðs. Hugsið um allt hið góða, sem þeir
komu til leiðar, og reynið að treysta Drottni
á sama hátt og þeir. 8 Jesús Kristur er hinn
sami í gær og í dag og að eilífu. (aiōn g165) 9 Látið
því engar nýjar og framandi kenningar hafa
áhrif á ykkur. Styrkur ykkar kemur frá Guði,
en ekki vissum reglum um mataræði – sú leið
hefur reynst gagnslaus þeim er hana fóru. 10
Við höfum okkar altari – kross Krists – en það
kemur þeim ekki að gagni, sem reyna að frelsast
með hlýðni við lög Gyðinga. 11 Samkvæmt
lögum Gyðinga, bar æðsti presturinn blóðið úr
fórnardýrunum inn í helgidóminn – hið allra
helgasta – sem syndafórn, og síðan voru hræin
af þeim brennd fyrir utan borgina. 12 Þetta
skýrir hvers vegna Jesús þjáðist og dó fyrir
utan borgina. Þar afmáði hann syndir okkar
með blóði sínu. 13 Göngum því út til hans, út
fyrir borgina (það er að segja snúum baki við
því sem heimurinn hefur mætur á og verum
reiðubúin að þola fyrirlitningu) til að þjást þar

með honum og bera smán hans. **14** Við erum
aðeins gestir á þessari jörð, sem horfa fram á
veginn til himins, því að þar munum við eiga
heima að eilífu. **15** Með hjálp Jesú munum við
enn bera lofgjörðarfórn fram fyrir Guð, með því
að játa nafn hans meðal fólksins. **16** Gleymið
ekki að gera öðrum gott og deila eigum ykkar
með þeim sem þurfandi eru, slíkar fórnir eru
Guði mjög að skapi. **17** Hlýðið ykkar andlegu
leiðtogum með glöðu geði. Hlutverk þeirra er
að vaka yfir sálum ykkar og Guð mun dæma þá
eftir gerðum þeirra. Stuðlið að því að þeir geti
minnst ykkar með gleði frammi fyrir Drottni,
en ekki með hryggð, því að það yrði ykkur til
ógagns. **18** Biðjið fyrir okkur að við höfum góða
samvisku og breytum vel í öllum hlutum. **19**
Ég þarfnast fyrirbæna ykkar á sérstakan hátt,
einmitt nú, til þess að ég geti komist til ykkar
sem fyrst. **20** Guð friðarins, sem vakti Drottin
Jesú upp frá dauðum, annist allar þarfir ykkar,
svo að þið getið gert vilja hans. Ég bið hann,
hinn mikla hirði sauðanna, sem undirritaði
eilífan sáttmála milli ykkar og Guðs með blóði
sínu, **(aiōnios g166)** **21** að hann fullkomni ykkur
í öllu góðu fyrir kraft Krists, svo að þið gerið
hans vilja og séuð honum þóknanleg. Honum
sé dýrðin að eilífu. Amen. **(aiōn g165)** **22** Vinir, ég
bið ykkur að lokum að fara eftir því sem ég hef
sagt í þessu bréfi. Það er ekki langt og ætti því
að vera fljótlesið. **23** Ég vil gjarnan að þið vitið
að bróðir Tímóteus er laus úr fangelsinu. Ef
hann kemur hingað bráðlega, munum við verða
samferða til ykkar. **24** Skilið kveðjum frá mér til
leiðtoga ykkar og annarra trúaðra. Mennirnir
frá Ítalíu, sem hér eru ásamt mér, senda ykkur
kærar kveðjur. **25** Náð Guðs sé með ykkur öllum.
Amen.

Jakobsbréf

1 Frá Jakobi, þjóni Guðs og Drottins Jesú Krists.
Til kristinna Gyðinga, hvar sem þeir eru.
Sæl verið þið! **2** Kæru vinir, hafið þið mætt
miklum freistingum og erfiðleikum? Ef svo er,
gleðjist þá! **3** En hvers vegna? Vegna þess að trú
ykkar og þolinmæði vex ekki nema þið þolið
mótlæti. **4** Leyfið henni að vaxa! Reynið ekki
að flýja vandamálin, því að þegar þolinmæði
ykkar hefur náð fullum þroska, getur ekkert
sett ykkur úr jafnvægi. Þá hafið þið eignast
stöðuga skapgerð. **5** Ef ykkur langar til að vita
hver er vilji Guðs með ykkur, þá spyrjið hann
og hann mun fúslega segja ykkur það. Hann
er reiðubúinn að miðla vísdómi sínum, þeim
sem um það biðja. **6** Þegar þið biðjið, þá verðið
þið að vænta bænheyrslu. Ef þið efist, eruð
þið eins og sjávaralda, sem rís og hrekst fyrir
vindi. **7** Þá verða líka allar ákvarðanir ykkar
óákveðnar og þið vitið varla í hvorn fótinn þið
eigið að stíga. Ef þið biðjið ekki í trú, skuluð þið
ekki heldur vænta svars frá Drottni. **9** Kristnu
vinir, sé einhver ykkar lítils metinn í þessum
heimi, hefur hann ástæðu til að gleðjast, því að
hann er mikils virði í augum Drottins. **10** Og sá
ríki gleðjist af því að Drottinn er ekki háður
auðæfum hans. Innan skamms er hann dáinn,
eins og blómið, sem skrælnar í sólarbreiskjunni
og missir fegurð sína. Þannig fer fyrir hinum
ríku, þeir lifa um stund, en deyja svo frá öllu
sínu amstri. **12** Sæll er sá sem stenst freistingu,
það styrkir hann gegn hinu illa. Að launum
mun hann hljóta kórónu lífsins, sem Guð hefur
lofað þeim sem elska hann. **13** Munið að Guð
freistar aldrei nokkurs manns, enda verður
hann sjálfur aldrei fyrir freistingu hins illa.
14 Freistingarnar spretta af illum ásetningi og
óhreinum hugsunum. **15** Slíkar hvatir leiða til
illverka og refsingin, sem af þeim leiðir, er
dauðinn. **16** Kæru vinir, gætið þess að villast
ekki af leið! **17** Allt, sem gott er og fullkomið,
kemur frá Guði, skapara ljóssins. Ljómi hans
er eilífur og óumbreytanlegur og á hann fellur
ekki skuggi. **18** Með krafti orða sinna kveikti
hann nýtt líf í hjörtum okkar – endurfæddi
okkur og þar með urðum við fyrstu börnin
í hans nýju fjölskyldu. **19** Kæru vinir, hér er
góð regla: Hlustið og takið vel eftir öllu, segið
fátt og reiðist ekki. **20** Guð vill að við séum
góð, en reiðin er aðeins til ills. **21** Leggið nú
af allt illt, hvort sem það er í orði, verki eða
hugsun, en gleðjist heldur yfir þeim mikla
boðskap sem við höfum meðtekið, því að nái
hann tökum á okkur, getur hann frelsað sálir
okkar. **22** Og munið: Ekki nægir aðeins að hlusta
á boðskapinn, honum verður einnig að hlýða,
athugið það! **23** Sá sem lætur sér nægja að
hlusta, en fer ekki eftir því sem hann heyrir, er
líkur manni sem horfir á sjálfan sig í spegli, **24**
en gleymir svo útliti sínu jafnskjótt og hann
er genginn frá speglinum. **25** En sá sem sífellt
rannsakar orð Guðs og hjálpræðisverk hans
og fer eftir því, mun hljóta blessun við allt
sem hann gerir. **26** Sá sem telur sig kristinn,
en hefur ekki taumhald á tungu sinni, blekkir
sjálfan sig og trú hans er einskis virði. **27** Í
augum Guðs birtist sönn trú í því að annast
ekkjur og munaðarlausa, og vera Drottni trúr –
og óhreinka sig ekki af hinu illa.

2 Kæru vinir, hvernig getið þið sagst tilheyra
Jesú Kristi, Drottni dýrðarinnar, ef þið
upphefjið ríka á kostnað fátækra? **2** Segjum svo
að inn í kirkjuna ykkar komi maður, ríkmannlega
klæddur, með dýrmæta gullhringi á fingrum
sér, og um leið kæmi annar fátækur og illa
til fara. **3** Þá dekrið þið við ríka manninn og
látið hann setjast á besta stað, en segið við
þann fátæka: „Þú getur staðið þarna fjær ef
þú vilt eða setið úti í horni.“ **4** Þið farið í
manngreinarálit ef þið vegið og metið menn
eftir eigum þeirra. **5** Takið eftir, kæru vinir:
Guð hefur valið hina fátæku til að auðgast í
trúnni og erfa ríki himnanna. Það er gjöfin,
sem Guð hefur heitið öllum þeim sem elska
hann. **6** En í dæminu um mennina tvo, hafið þið
lítilsvirt fátæka manninn. Vitið þið ekki að það
eru venjulega þeir ríku, sem troða á rétti ykkar
og draga ykkur fyrir dómstóla? **7** Það eru oftast
þeir sem hæðast að Jesú Kristi og hans göfuga
nafni, sem nefnt var yfir ykkur. **8** Vissulega
er gott að þið hlýðið þannig þessari skipun
Drottins: „Elskið og hjálpið meðbræðrum ykkar
eins og þið elskið og annist ykkur sjálfa, “ **9** en
ef þið farið í manngreinarálit, þá brjótið þið
þetta boðorð og syndgið. **10** Þótt einhverjum
tækist að halda allt lögmálið, en hrasaði í einu
atriði, þá yrði hann jafnsekur þeim sem brýtur
þau öll. **11** Sá Guð, sem sagði að þið mættuð
ekki ganga að eiga gifta konu, sagði einnig að

óheimilt væri að fremja morð. Og þótt þú hafir
ekki brotið hjúskaparlögin með því að drýgja
hór, en þess í stað myrt einhvern, þá hefur
þú fótum troðið lög Guðs. 12 Þið verðið dæmd
eftir því hvort þið gerið, eða látið ógert, það
sem Kristur býður ykkur. Gætið því að hvað
þið hugsið og gerið, 13 því að þeim sem er
miskunnarlaus við aðra, verður engin miskunn
sýnd. En ef þið miskunnið, þurfið þið ekki að
óttast dóm Guðs. 14 Kæru vinir, hvað gagnar
það þótt þið segist eiga trú og vera kristnir,
ef það sést ekki í hjálpsemi við aðra? Mun
slík trú geta frelsað nokkurn? 15 Þú segir við
vin þinn, sem skortir bæði fæði og klæði: 16
„Hafðu það gott og borðaðu þig saddan. Vertu
sæll og Guð blessi þig!“Hvaða gagn er í slíku,
ef þú gefur honum hvorki föt né mat? 17 Þið
skiljið af þessu að trúin ein nægir ekki. Þið
verðið einnig að gera öðrum gott til þess að
sanna að þið eigið trúna. Trú, sem ekki birtist
í góðum verkum, er alls engin trú. Slík trú er
dauð og gagnslaus. 18 Þú segir kannski: „Já,
en trúin er eina leiðin til Guðs.“Því svara ég:
„Góð verk eru líka mikilvæg, því að án þeirra
getur þú ekki sýnt að þú trúir. Verkin sanna
trúna.“ 19 Eru fleiri á meðal ykkar, sem segja að
það nægi „bara að trúa“? Trúa hverju? Því að
aðeins sé til einn Guð? Því trúa illu andarnir
líka og skjálfa við tilhugsunina! 20 Fávísi maður!
Hvenær ætlar þú að láta þér skiljast, að trúin er
gagnslaus nema þú gerir Guðs vilja? Trú, sem
ekki birtist í góðum verkum, er dauð trú. 21
Þið munið að Abraham, faðir okkar, var einmitt
úrskurðaður réttlátur vegna þess sem hann
gerði, eftir að hann ákvað að hlýða Guði, jafnvel
þótt það fæli í sér að hann þyrfti að fórna Ísaki
syni sínum. 22 Skiljið þið þetta? Abraham bar
slíkt traust til Guðs að hann var fús að hlýða
honum í einu og öllu. Trú hans fullkomnaðist
í verkum hans. 23 Gamla testamentið orðar
þetta svo: Abraham trúði Guði og það réttlætti
hann í augum Guðs. Abraham var meira að
segja kallaður „vinur Guðs“. 24 Af þessu sjáið
þið að maðurinn frelsast af verkum, sem hann
vinnur í trú. 25 Skækjan Rahab er enn eitt
dæmið um þetta. Hún bjargaðist vegna þess
sem hún gerði. Hún faldi sendiboðana og kom
þeim síðan undan. 26 Eins og líkaminn deyr
þegar andinn yfirgefur hann, þannig er trúin
líka dauð, ef hún birtist ekki í góðum verkum.

3 Kæru vinir, verið ekki of fljótir á ykkur að
setja ofan í við aðra, 2 því að öll gerum við
mistök, og ef við, sem uppfræðum aðra í trúnni,
gerum rangt, þá munum við fá þyngri refsingu
en hinir. Sá sem hefur stjórn á tungu sinni, sýnir
að hann hefur fullkomið vald á sjálfum sér. 3
Með beislinu einu getum við látið sterkan hest
hlýða okkur og fara hvert sem við viljum. 4 Með
litlu stýri getur stýrimaðurinn snúið stóru skipi
hvert sem hann vill, jafnvel í stormi. 5 Tungan
er einnig lítil, en getur valdið miklu tjóni!
Skógareld má kveikja með einum litlum neista.
6 Tungan er logandi eldur. Hún er full illsku og
eitrar allan líkamann. Tungan er tendruð af
sjálfu helvíti og hún getur leitt ógn og eyðingu
yfir líf okkar. (Geenna g1067) 7 Menn geta tamið alls
konar skepnur og fugla, skriðkvikindi og fiska,
8 en tunguna ræður enginn mannlegur máttur
við. Hún er sífellt reiðubúin að spýta banvænu
eitri. 9 Aðra stundina lofar hún Guð á himnum,
en hina formælir hún mönnunum sem skapaðir
eru í hans mynd. 10 Þannig kemur bæði blessun
og bölvun af sömu vörum. Kæru vinir, slíkt er
rangt og á ekki að eiga sér stað! 11 Úr hvaða
lind streymir ferskt vatn, en síðan beiskt? 12
Hver tínir ólífur af fíkjutré eða fíkjur af vínviði?
Enginn, og úr saltri lind fær enginn ferskan
sopa. 13 Sértu hygginn, þá vendu þig á að gera
hið góða, svo að allt sé gott, sem frá þér kemur,
en ef þú stærir þig af því, er auðséð að þú ert
óskynsamur. 14 Ef þú ert bitur, afbrýðisamur og
eigingjarn, stærðu þig þá ekki af því að vera
góður og gáfaður – verri mótsögn er ekki til. 15
Afbrýðisemi og sjálfselska eru ekki hyggindi frá
Guði. Slíkt er jarðneskt, í andstöðu við Guð og
innblásið af djöflinum. 16 Þar sem afbrýðisemi
og eigingirni ræður ríkjum, logar allt í ófriði. 17
Þekking sú, sem Guð gefur okkur, er hins vegar
hrein og ljúf, friðsöm, kærleiksrík og kurteis.
Hún hlustar fúslega á skoðanir annarra og tekur
tillit til þeirra. 18 Hún er sönn og miskunnsöm
og þeir sem hana ástunda; sá friði og uppskera
hið góða.

4 Hvað veldur öllum þessum deilum og rifrildi
á meðal ykkar? Eru það ekki hinar illu hvatir
sem reyna að ná valdi yfir ykkur? 2 Þið heimtið,
en fáið samt ekki, þið drepið og öfundið –
girnist eigur annarra, þið hafið ekki ráð á að
eignast slíkt og beitið síðan ofbeldi til að ná
því. Ástæða þess að þið fáið ekki það sem þið

girnist, er einfaldlega sú að þið biðjið ekki Guð
um það. 3 En jafnvel þótt þið biðjið, þá fáið þið
það ekki, því þið biðjið með röngu hugarfari,
já, viljið njóta þessara hluta af eigingirni. 4
Þið líkist ótrúrri konu, sem elskar óvin manns
síns. Skiljið þið ekki að vinátta við heiminn
– illar nautnir þessa heims – er óvinátta við
Guð. Ég endurtek: Ef markmið ykkar er að fá
notið allra nautna þessa óguðlega heims, þá
getið þið ekki samtímis verið vinir Guðs. 5 Eða
hvað haldið þið að Biblían eigi við þegar hún
segir að heilagur andi, sem Guð hefur sent í
hjörtu okkar, vaki yfir okkur og sé umhugað um
velferð okkar? 6 Heilagur andi styrkir okkur
gegn öllum illum hvötum. Og Biblían segir líka:
„Guð stendur gegn dramblátum, en blessar
og hjálpar hinum auðmjúku.“ 7 Beygið ykkur
því undir vald Guðs. Standið gegn djöflinum
og þá mun hann flýja ykkur. 8 Nálgist Guð
og þá mun hann nálgast ykkur. Þvoið hendur
ykkar, syndarar, og gefið Guði einum rúm í
hjörtum ykkar, svo að þau verði heil og hrein. 9
Grátið yfir syndum ykkar og iðrist af öllu hjarta.
Hláturinn snúist í hryggð og gleðin í dapurleik.
10 Þegar þið auðmýkið ykkur fyrir Drottni, mun
hann upphefja ykkur, hughreysta og hjálpa. 11
Verið ekki aðfinnslusöm og talið ekki illa hvert
um annað, vinir. Ef þið gerið það, brjótið þið
boðorð Guðs að elska hvert annað. Þetta boðorð
var okkur ekki gefið til að vega það og meta,
heldur til að við hlýddum því. 12 Hann sem
gaf þessa skipun, er sá eini, sem getur dæmt
mál okkar mannanna með réttvísi. Hann einn
ákveður hvort við frelsumst eða glötumst, og
hvaða rétt hafið þið þá til að gagnrýna aðra
og dæma? 13 Takið eftir, þið sem segið: „Í dag
eða á morgun förum við til þessa eða hins
bæjarins og þar ætlum við að dveljast í eitt ár og
græða á viðskiptum.“ 14 Vitið þið nokkuð hvað
morgundagurinn ber í skauti sínu? Líf ykkar
er jafn hverfult og morgunþokan, sem sést um
stund, en hverfur síðan. 15 Segið heldur: „Ef
Drottinn vill, þá lifum við og gerum þetta eða
hitt.“ 16 Nú stærið þið ykkur af eigin áformum
og slíkt stærilæti er Guði á móti skapi. 17 Sá
sem hefur vit á að gera hið góða, en gerir það
samt ekki, drýgir synd.

5 Hlustið nú auðmenn! Þið ættuð að gráta
og kveina yfir ógæfunni sem bíður ykkar.
2 Auður ykkar er orðinn fúinn og skartklæði
ykkar verða að mölétnum ræflum. 3 Jafnvel
gullið og silfrið mun falla í verði og valda
ykkur skömm og hugarangri. Þið hafið safnað
auðæfum handa sjálfum ykkur, safnað í varasjóð
á hinum síðustu tímum. 4 Hlustið á kvein
verkamannanna sem þið arðrænduð. Hróp
þeirra hafa náð eyrum Drottins hersveitanna. 5
Þið hafið alið sjálfa ykkur eins og sláturfé – eytt
tíma ykkar við skemmtanir og látið allt eftir
duttlungum ykkar. 6 Með þessu athæfi hafið þið
sakfellt og deytt hinn réttláta og góða, sem ekki
ver hendur sínar. 7 Kæru vinir, verið þolinmóð
meðan þið bíðið endurkomu Drottins, eins og
bóndinn bíður þess þolinmóður að dýrmæt
uppskeran nái fullum þroska. 8 Verið þolinmóð
og hugrökk, því að koma Drottins er í nánd. 9
Vinir mínir, kvartið ekki hvert yfir öðru. Eruð
þið sjálf gallalaus? Sjá! Dómarinn mikli er að
koma. Hann er rétt ókominn. Látið hann um að
dæma. 10 Spámenn Drottins sýndu þolinmæði í
þrengingunum og eru okkur því góð fyrirmynd.
11 Nú njóta þeir gleði, því að þeir voru honum
trúir, þrátt fyrir þrengingarnar sem það kostaði
þá. Job er dæmi um mann, sem treysti Drottni
mitt í þjáningunni. Reynsla hans sýnir hvernig
áform Drottins varð til góðs, því að Drottinn
er ríkur af miskunn og mildi. 12 En umfram
allt, kæru vinir, sverjið hvorki við himininn né
jörðina né nokkuð annað. Látið nægja að segja
já eða nei, svo að þið syndgið ekki og hljótið
dóm. 13 Ef einhver ykkar þjáist, þá biðji hann,
og sá sem glaður er, syngi lofsöng. 14 Sé einhver
ykkar veikur, þá kalli hann til sín presta eða
leiðtoga safnaðarins, og þeir skulu bera á hann
jurtaolíu í nafni Drottins og biðja fyrir honum.
15 Sé bæn þeirra beðin í trú, mun hann læknast,
því að Drottinn mun gefa honum heilsuna á
ný. Hafi synd verið orsök sjúkdómsins, þá mun
Drottinn fyrirgefa hana. 16 Játið syndir ykkar
hvert fyrir öðru og biðjið hvert fyrir öðru,
svo þið verðið heilbrigð. Einlæg og kröftug
bæn réttláts manns megnar mikið. 17 Elía var
venjulegur maður eins og við, en þegar hann
bað þess í einlægni að ekki rigndi, kom ekki
dropi úr lofti í þrjú og hálft ár! 18 Hann bað
öðru sinni, en þá um regn. Og regnið kom,
svo að grasið grænkaði og jörðin bar ávöxt. 19
Kæru vinir, ef einhver villist burt frá Guði og
hættir að treysta Drottni, þá skuluð þið vita
að sá sem leiðir hann aftur til Guðs og hjálpar
honum til að skilja sannleikann að nýju, bjargar

vegvilltri sál frá dauða og verður til þess að
margar syndir fást fyrirgefnar. Jakob

1 Pétursbréf

1 Frá Pétri, sendiboða Jesú Krists. Til ykkar,
kristnu Gyðingar, sem hröktust frá Jerúsalem
og settust að í Pontus, Galatíu, Kappadókíu,
Asíu og Bitýníu. **2** Kæru vinir, Guð valdi ykkur
samkvæmt áætlun sinni til að verða börn sín og
helgaði ykkur með heilögum anda til að fylgja
Jesú Kristi og fá fyrirgefningu syndanna vegna
krossdauða hans. Guð blessi ykkur ævinlega
og gefi ykkur frið sinn í ríkum mæli. **3** Við
skulum þakka Guði, föður Drottins Jesú Krists,
sem af mikilli miskunn sinni endurfæddi okkur
inn í fjölskyldu sína og gaf okkur lifandi von
um nýtt, eilíft líf vegna upprisu Jesú Krists
frá dauðum. **4** Guð hefur ætlað okkur börnum
sínum dýrlega gjöf, sem er eilíft líf. Þessi gjöf er
hrein og flekklaus og hún er geymd ykkur á
himnum, þar sem hún mun hvorki skemmast
né rýrna. **5** Þetta ætlar Guð ykkur, sem treystið
honum. Hann, í mætti sínum, mun gæta þess
að ykkur verði að trú ykkar og að þið öðlist
hjálpræðið. Á efsta degi mun hann kunngera
það öllum. **6** Gleðjist og fagnið, því að okkar
bíður dásamleg gleði, enda þótt við um stund
þurfum að mæta erfiðleikum hér á jörðu. **7**
Erfiðleikar þessir eru aðeins til að reyna trú
ykkar – til að prófa hvort hún sé sterk og hrein
eins og gull, sem hreinsað hefur verið og reynt
í eldi. Trú ykkar er samt miklu dýrmætari en
skíragull í augum Guðs. Ef trú ykkar stenst
slíka eldraun, mun hún verða ykkur til mikils
heiðurs og dýrðar þegar Jesús kemur aftur. **8**
Þið hafið aldrei séð hann en elskið hann þó. Og
þótt þið hafið aldrei séð hann, trúið þið á hann.
Þið munuð fyllast óumræðilegri og himneskri
gleði, **9** þegar þið náið takmarkinu með trú
ykkar: Frelsun sálna ykkar. **10** Spámennirnir
skildu ekki þetta hjálpræði til fulls og þótt
þeir hafi skrifað um það, fengu þeir aldrei
svör við sumum spurningum sínum. **11** Þeir
undruðust það sem heilagur andi, sem í þeim
bjó, sagði, því að hann bauð þeim að skrifa
niður og lýsa atburðum, sem síðar áttu eftir að
gerast í lífi Krists: Þjáningum hans og dýrðinni
er hann hlyti að lokum. Þeir hugleiddu hvenær
þetta yrði og í lífi hvers. **12** Að lokum fengu
þeir að vita að þessir atburðir myndu ekki
gerast meðan þeir lifðu, heldur löngu seinna
– einmitt á ykkar dögum. Nú loks höfum við
fengið að heyra þessi gleðitíðindi flutt á skýran
og einfaldan hátt í krafti heilags anda, þess
sama anda sem talað hafði til spámannanna.
Allt er þetta svo undarlegt og dýrlegt að jafnvel
englarnir á himnum þrá að kynnast því betur.
13 Verið því allsgáð og horfið örugg fram til
endurkomu Jesú Krists. Þá munuð þið fá að
njóta blessunar Guðs í ríkari mæli en nokkru
sinni fyrr. **14** Hlýðið Guði, því að þið eruð börn
hans. Gætið þess að lenda ekki aftur í sama
farinu – ykkar gamla líferni – þegar þið lögðuð
stund á hið illa vegna þess að þið þekktuð
ekkert betra. **15** Verið nú heilög í öllu sem
þið gerið, rétt eins og Drottinn, sem kallaði
ykkur í barnahópinn sinn. **16** Það var hann sem
sagði: „Verið heilög, því að ég er heilagur.“ **17**
Munið einnig að faðirinn himneski, sem þið
biðjið til, fer ekki í manngreinarálit þegar hann
kveður upp dóm sinn. Hann mun dæma allt
sem þið gerið af fullkominni réttvísi. Lifið því
frammi fyrir honum í auðmýkt og ótta, allt
þar til þið farið til himna. **18** Guð hefur greitt
lausnargjaldið, til þess að leiða ykkur af þeirri
vonlausu leið sem feður ykkar reyndu að fara
til himins. Lausnargjald þetta var ekki greitt í
silfri eða gulli, það vitið þið vel. **19** Guð greiddi
fyrir ykkur með dýrmætu lífi guðslambsins,
sem var óflekkað – án syndar. **20** Það var einmitt
til þess verks, sem Guð valdi Krist löngu áður
en veröldin varð til, en það var fyrst nú fyrir
stuttu, á þessum síðustu tímum, sem heimurinn
fékk að sjá hann og það var ykkar vegna. **21** Af
þessari ástæðu getið þið einmitt treyst Guði,
sem reisti Krist frá dauðum og hóf hann í dýrð.
Nú getið þið sett von ykkar og trú á hann einan.
22 Og við það að trúa að Kristur gæti frelsað
ykkur, hafa sálir ykkar hreinsast af eigingirni
og hatri og því getið þið elskað hvert annað
innilega af hjarta. **23** Nú lifið þið nýju lífi! Þetta
nýja líf var ekki gjöf frá foreldrum ykkar, því að
það líf sem þau gáfu ykkur, mun fjara út. Nýja
lífið mun vara að eilífu, því að það er frá Kristi,
honum sem er orð lífsins, boðskapur Guðs til
mannanna. **(aiōn g165)** **24** Hið jarðneska líf okkar
mun visna eins og grasið, sem gulnar og deyr.
Jarðnesk fegurð er eins og blóm, sem visnar og
fellur, **25** en orð Drottins mun vara að eilífu.
Boðskapur Guðs er fagnaðarerindið, sem þið
hafið fengið að heyra. **(aiōn g165)**

2 Burt með allt hatur úr hugum ykkar! Látið
ykkur ekki nægja að aðrir haldi að þið séuð
kærleiksríkt! Látið óheiðarleika og öfundsýki
lönd og leið og hættið að baktala náungann.
2 Ef þið hafið fengið að kynnast góðvild og
kærleika Drottins, biðjið þá um meira af slíku –
rétt eins og ungbarnið sem sækist eftir meiri
mjólk – svo að þið vaxið og styrkist í Drottni. 4
Komið til Krists, hins lifandi kletts, sem Guð
byggir á. Þótt menn hafi hafnað honum er hann
óumræðilega dýrmætur í augum Guðs og Guð
hefur tekið hann fram yfir alla aðra. 5 Nú eruð
þið orðin að lifandi hleðslusteinum, sem Guð
notar í byggingu sína og meira en það, þið
eruð helguð honum til prestsþjónustu. Gangið
því fram fyrir Guð – þið eruð velkomin vegna
þess sem Jesús hefur gert – og fórnið honum
því sem honum fellur vel. 6 Um þetta segir
Biblían: „Sjá ég sendi Krist sem hinn dýrmæta
og útvalda hornstein í kirkju mína. Þennan
stein hef ég valið af mikilli kostgæfni og þeir,
sem honum treysta, munu aldrei verða fyrir
vonbrigðum.“ 7 Ykkur, sem trúið, er hann mjög
dýrmætur, en þeim, sem hafna honum, er hann
einskis virði. Þessu lýsir Biblían svo: „Steinninn,
sem byggingameistararnir höfnuðu, er orðinn
að hornsteini, mikilvægasta steini byggingar
minnar, þeim er mestrar virðingar nýtur.“ 8
Biblían segir enn fremur: „Um þennan stein
munu sumir hrasa. Hann er kletturinn, sem
þeim verður að falli.“Þeir munu hrasa vegna
þess að þeir vilja hvorki hlusta á orð Guðs né
hlýða því og þess vegna hlýtur að fylgja sú
hegning að þeir falli. 9 En þið eruð ekki þannig,
því að sjálfur Guð hefur valið ykkur. Þið eruð
prestar hins æðsta konungs. Þið eruð heilög og
hrein. Þið eruð þjóð Guðs, hans eigið fólk. Þið
eigið að segja öðrum hvernig Guð kallaði ykkur
út úr myrkrinu og inn í undursamlegt ljós sitt.
10 Áður voruð þið einskis nýt, en nú eruð þið
fólk Guðs. Áður voru þið fáfróð um gæsku Guðs,
en nú hefur hún breytt lífi ykkar. 11 Kæru vinir,
þið eruð aðeins gestir á þessari jörð, því að
hið raunverulega heimili ykkar er á himnum.
Þess vegna bið ég ykkur að forðast allar illar
nautnir þessa heims, því að þær spilla hjörtum
ykkar. 12 Gætið þess hvernig þið hegðið ykkur
meðal nágranna ykkar, sem ekki eru frelsaðir,
svo að þeir lofi Guð fyrir góðverk ykkar á
þeirri stund er Guð vitjar þeirra, enda þótt þeir
tortryggi ykkur nú og tali illa um ykkur. 13
Hlýðið Drottins vegna lögunum sem yfirvöldin
setja, bæði þeim sem konungurinn setur sem
æðsti maður ríkisins 14 og einnig þeim sem
embættismenn konungsins setja, því að þeim
ber, sem fulltrúum hans, að refsa öllum sem
lögin brjóta, en jafnframt að heiðra þá sem rétt
gera. 15 Guð vill að líferni ykkar og breytni verði
til þess að þagga niður í þeim, sem í fáfræði
sinni fordæma fagnaðarerindið. Þessir menn
vita ekki að hvaða gagni það gæti komið þeim,
því að þeir hafa aldrei reynt kraft þess. 16 Þið
eruð frjálst fólk, en það táknar ekki að þið eigið
að nota frelsi ykkar til að gera það sem rangt
er, notið það einungis til þess sem er vilji Guðs.
17 Sýnið öllum virðingu og elskið alla kristna
menn. Óttist Guð og hlýðið yfirvöldunum. 18
Þjónar, þið verðið að sýna húsbændum ykkar
virðingu og gera það sem þeir segja ykkur –
ekki aðeins þeim sem eru tillitssamir og góðir,
heldur einnig hinum freku og ruddalegu. 19
Lofið Drottin, ef ykkur er refsað fyrir að gera
það sem rétt er! 20 „Hvers vegna?“spyrjið
þið. Hver haldið þið að hrósi ykkur fyrir að
sýna þolinmæði á stundu refsingar, ef þið eigið
refsinguna skilið? Hafið þið hins vegar gert
rétt, en þó verið barðir og tekið höggunum með
þolinmæði, eruð þið Guði að skapi. 21 Þjáningar
sem þessar, eru hluti þess sem Guð ætlaði ykkur
að þola. Kristur þjáðist fyrir ykkur og hann
er fyrirmynd ykkar; fetið í hans fótspor! 22
Hann syndgaði ekki og aldrei sagði hann ósatt.
23 Væri honum hallmælt, svaraði hann aldrei
í sömu mynt og ekki hótaði hann kvölurum
sínum hefnd heldur lagði mál sitt í hendur
Guðs, sem allt dæmir af réttvísi. 24 Hann bar
syndir okkar á sínum eigin líkama og dó fyrir
þær á krossinum, svo að við gætum frelsast frá
þeim og lifað guðrækilega upp frá því. Sárin
hans læknuðu sárin okkar. 25 Þið voruð eins og
lömb sem höfðu villst burt frá Guði, en nú hafið
þið snúið aftur til þess hirðis, sem leiðir sálir
ykkar og verndar ykkur gegn öllum hættum.

3 Eiginkonur, hlýðið eiginmönnum ykkar. Það
skuluð þið gera, jafnvel þótt þeir láti sér fátt
um finnast þegar þið segið þeim frá Drottni, 2
því að síðar meir kunna þeir að ávinnast vegna
vandaðs lífernis ykkar. 3 Hugsið ekki of mikið
um skartgripi, hárgreiðslu og glæsileg föt. 4
Fegurð ykkar á að vera innri fegurð hjartans,
en hún birtist í hógværri og blíðri lund, sem er

dýrmæt í augum Guðs. 5 Það var slík fegurð
sem einkenndi heilagar konur fyrri alda. Þær
treystu Guði og hlýddu eiginmönnum sínum.
6 Sara er dæmi um slíka konu. Hún hlýddi
eiginmanni sínum Abraham og bar virðingu
fyrir honum sem húsbónda heimilisins. Ef þið
farið eins að, fetið þið í fótspor hennar eins
og þið væruð dætur hennar og gerið það sem
rétt er. Þá eigið þið ekki á hættu að reita menn
ykkar til reiði. 7 Eiginmenn, hugsið vel um
konur ykkar! Sjáið þeim fyrir þörfum þeirra
og berið virðingu fyrir þeim sem hinu veikara
kyni. Munið að þið og konur ykkar meðtakið
sameiginlega blessun Guðs. Ef þið komið fram
við þær öðruvísi en ykkur ber, er hætt við að
bænir ykkar beri engan árangur. 8 Hér eru
svo nokkur orð til ykkar allra: Verið sem ein
stór og hamingjusöm fjölskylda. Sýnið hvert
öðru fyllstu tillitssemi, elskið hvert annað af
öllu hjarta og verið auðmjúk. 9 Gjaldið ekki illt
fyrir illt. Svarið ekki í sömu mynt, ef hreytt er
í ykkur ónotum, biðjið heldur Guð að hjálpa
þeim sem í hlut á, því að við eigum að vera góð
við aðra og þá mun Guð blessa okkur. 10 Gætið
tungu ykkar, ef þið viljið lifa hamingjusömu og
góðu lífi, og forðist öll ósannindi. 11 Forðist hið
illa, en leggið stund á hið góða. Ástundið frið og
kappkostið að varðveita hann, svo að þið missið
ekki af honum! 12 Drottinn verndar börnin sín
og hlustar á bænir þeirra, en hann snýr augliti
sínu frá þeim sem illt gera. 13 Hver mun gera
ykkur illt, ef þið leggið ykkur fram um að gera
gott? 14 Jafnvel þótt ykkur sé gert illt eruð þið
gæfusöm, því að Guð mun launa ykkur. 15 Takið
öllu með ró og stillingu og treystið Drottni,
Jesú Kristi. Ef einhver spyr ykkur hvers vegna
þið gerið það, verið þá reiðubúin að svara með
hógværð og sýnið virðingu þeim sem spyr. 16
Gerið það sem rétt er, en tali menn illa um ykkur
þrátt fyrir það og kalli ykkur illum nöfnum,
þá verða þeir aðeins sjálfum sér til minnkunar
fyrir slíkt, því að þið hafið ekkert rangt aðhafst.
17 Munið að ætli Guð ykkur að þjást, er betra
að líða fyrir að hafa gert rétt, heldur en rangt!
18 Kristur varð einnig að þjást. Hann dó eitt
sinn fyrir syndir okkar allra. Sjálfur var hann
algjörlega saklaus og hafði aldrei drýgt neina
synd, en hann dó eigi að síður fyrir okkur, seka
syndarana, svo að hann gæti leitt okkur heilu
og höldnu heim til Guðs. Líkami Jesú dó, en andi
hans lifði áfram. 19 Þannig fór hann til andanna
sem voru í varðhaldi, og predikaði fyrir þeim.
20 Þetta voru andar þeirra, sem fyrir löngu – á
dögum Nóa – höfðu óhlýðnast Guði, enda þótt
hann biði þeirra með mikilli þolinmæði meðan
Nói var að smíða örkina. Í örkinni björguðust
síðan aðeins átta manns úr flóðinu hræðilega.
21 Þetta er einmitt fyrirmynd skírnarinnar, sem
nú frelsar ykkur. Í skírninni sýnum við fram
á frelsi okkar frá dauða og dómi fyrir upprisu
Krists, ekki vegna þess að við höfum þvegið
af okkur óhreinindi í vatninu, heldur snúum
við okkur í henni til Guðs og biðjum hann um
að hreinsa hjörtu okkar af syndinni. 22 Nú er
Kristur á himnum og situr þar í heiðurssæti
við hlið Guðs föður og allir englar og kraftar
himnanna lúta honum og hlýða.

4 Fyrst Kristur þurfti að líða og þjást, þá
skuluð þið einnig hafa sama hugarfar og
vera reiðubúin að þjást. Þjáningin veldur því
að syndin missir mátt sinn 2 og þá hættið
þið að sækjast eftir hinu illa, en takið að þrá
að hlýða Guðs vilja. 3 Tímann sem liðinn
er notuðuð þið til ills og nú er nóg komið
af slíku. Þið voruð líka heiðingjar og höfðuð
nautn af kynsvalli, drykkjuskap, siðlausum
samkvæmum, skurðgoðadýrkun og öðrum
hræðilegum syndum. 4 Gamla vini ykkar mun
reka í rogastans, þegar þeir sjá að þið hafið misst
áhugann á að taka þátt í þessum syndum þeirra.
Þeir munu senda ykkur tóninn og hæðast að
ykkur. 5 En minnist þess þá að þeir munu verða
að standa reikningsskap gerða sinna augliti til
auglitis við hann sem er dómari allra manna,
lifandi og dauðra. 6 Gleðifréttirnar voru fluttar
þeim sem dauðir voru, til þess að þeir gætu
lifað í andanum í samræmi við vilja Guðs, enda
þótt líkömum þeirra – eins og reyndar líkömum
allra manna – hafi verið refsað með dauða. 7
Endir veraldar er í nánd. Verið því vakandi í öllu
og staðföst í bæninni. 8 En umfram allt berið
brennandi kærleika hvert til annars, því að
kærleikurinn getur breitt yfir margt sem miður
fer. 9 Opnið heimili ykkar með gleði fyrir þeim
sem þarf á matarbita eða næturskjóli að halda.
10 Guð hefur gefið ykkur hverju fyrir sig vissar
gjafir. Gætið þess nú að nota þær hvert öðru til
hjálpar og skila þar með blessun Guðs áfram til
annarra. 11 Hafir þú fengið köllun til að predika,
predikaðu þá eins og það væri sjálfur Guð sem
talaði í gegnum þig. Hafir þú köllun til að hjálpa

öðrum, skaltu gera það af heilum hug og af þeim
krafti sem Guð gefur þér, svo að hann hljóti
heiðurinn vegna Jesú Krists. Hans er mátturinn
og dýrðin að eilífu. Amen. (aiōn g165) 12 Kæru
vinir, látið það hvorki rugla ykkur né hræða,
er þið mætið þeim raunum sem framundan
eru, því að þær eiga ekki að koma ykkur á
óvart. 13 Verið þess í stað gagntekin gleði, því
að með þessum raunum fáið þið að taka þátt í
þjáningum Krists. Gleði ykkar mun verða mikil
er þið, að þeim loknum, eignist hlutdeild í dýrð
hans, sem opinberast á degi endurkomunnar.
14 Gleðjist þegar menn formæla ykkur og smána
fyrir trúna, því að heilagur andi hvílir yfir
ykkur í dýrð sinni. 15 Látið mig ekki þurfa að
fá fréttir um að ykkur líði illa vegna þess að
þið hafið framið morð eða stolið, eða þá að
þið hafið orðið til óþæginda vegna forvitni um
það, sem ykkur kemur ekki við. 16 Það er hins
vegar engin skömm að þurfa að líða fyrir að
vera kristinn. Lofum Guð fyrir þau forréttindi
að fá að tilheyra fjölskyldu Krists og fyrir að
fá að bera hans undursamlega nafn og vera
kölluð kristin! 17 Stund dómsins er runnin upp
og hann hefst á fólki Guðs. Ef við, sem kristin
erum, hljótum dóm, hlýtur eitthvað óttalegt að
bíða þeirra sem aldrei hafa viljað trúa á Drottin.
18 Hvaða möguleika hafa guðleysingjarnir, ef
hinir réttlátu bjargast naumlega? 19 Sem sagt,
ef þið þjáist að vilja Guðs; felið þá málefni ykkar
Guði skapara ykkar og haldið áfram að gera hið
góða. Guð er trúr og hann mun ekki bregðast
ykkur.

5 Prestar og leiðtogar, nú tala ég til ykkar sem
samstarfsmaður. Ég sá Krist með eigin augum
deyja á krossinum og ég mun einnig fá hlutdeild
í dýrð hans og vegsemd þegar hann kemur
aftur. Kæru samstarfsmenn, ég minni ykkur á 2
að annast hjörð Guðs. Gætið hennar af fúsleika,
en ekki með nauðung; ekki launanna vegna,
heldur vegna þess að ykkur er umhugað að
þjóna Drottni. 3 Stjórnið ekki söfnuðinum með
harðri hendi, heldur gangið á undan með góðu
fordæmi 4 og þegar Jesús Kristur – yfirhirðirinn
– kemur, mun hann launa ykkur og launin
verða hlutdeild í hans eilífu dýrð. 5 Ungu menn,
verið leiðtogum ykkar undirgefnir. Þjónið hver
öðrum í auðmýkt, því að Guð er andstæðingur
dramblátra en blessar og hjálpar auðmjúkum.
6 Ef þið auðmýkið ykkur fyrir Guðs voldugu
hönd, mun hann á sínum tíma upphefja ykkur.
7 Varpið öllum áhyggjum ykkar á hann, því
að hann ber umhyggju fyrir ykkur. 8 Verið á
verði – gætið ykkar á árásum Satans, því að
hann er versti óvinur ykkar. Hann æðir um
og öskrar, eins og hungrað ljón sem leitar að
bráð. 9 Verið viðbúin árásum hans. Treystið
Drottni. Munið að kristnir menn um allan heim
þola sömu þjáningar og þið. 10 En eftir að þið
hafið þjáðst skamma hríð, mun Guð, sem birtir
kærleika sinn í Kristi, veita ykkur af sinni eilífu
dýrð. Hann mun koma sjálfur til að sækja ykkur
og leiða ykkur inn í dýrð sína og gera ykkur
sterkari en nokkru sinni fyrr. (aiōnios g166) 11
Hans er mátturinn um alla framtíð, öld eftir
öld. Amen. (aiōn g165) 12 Þetta stutta bréf hef ég
skrifað ykkur með hjálp Silvanusar, en hann
er traustur bróðir að mínu áliti. Ég vona að
bréfið verði ykkur til uppörvunar, því að með
því hef ég reynt að benda ykkur á leiðina að
blessun Guðs og ég vona einnig að það hjálpi
ykkur til að vera staðföst í kærleika hans. 13
Söfnuðurinn hér í Róm sendir ykkur kveðjur
sínar og það gerir einnig sonur minn, hann
Markús. 14 Heilsið hvert öðru á kærleiksríkan
hátt. Friður sé með ykkur öllum, sem Kristi
tilheyrið. Pétur

2 Pétursbréf

1 Frá Símoni Pétri, þjóni og sendiboða Jesú
Krists. Til ykkar allra, sem hafið öðlast sömu
dýrmætu trú og við, trúna sem Jesús Kristur,
Guð okkar og frelsari, gefur. Mikil er miskunn
hans og réttlæti að hann skuli hafa gefið okkur
öllum þessa trú. **2** Langar ykkur til að eignast
enn meira af friði og kærleika Guðs? Sækist þá
eftir að kynnast honum betur. **3** Þegar þið gerið
það mun hann af mætti sínum gefa ykkur allt
sem þið þurfið, til að geta lifað sönnu og góðu
lífi. Og það sem meira er, hann leyfir okkur
að fá hlutdeild í sínum eigin mætti og dýrð. **4**
Fyrir sinn volduga mátt, gat hann gefið okkur
öll dýrlegu loforðin, sem við höfum fengið frá
honum. Þar á meðal er loforðið um að frelsa
okkur frá allri girnd og spillingu, sem alls staðar
er, og gefa okkur hlutdeild í sínu eigin guðlega
eðli. **5** En trúin ein nægir ekki til að fá þessar
gjafir. Þið verðið einnig að kappkosta að lifa
heiðvirðu lífi og það dugir jafnvel ekki til, því
auk þess verðum við að læra að þekkja Guð
betur og fá skilning á því sem hann vill að
við gerum. **6** Því næst þurfið þið að læra að
neita ykkur um ýmislegt, til þess að þið verðið
þolinmóð og guðrækin og leyfið Guði fúslega
að framkvæma vilja sinn í lífi ykkar. **7** Þegar
þessu marki er náð, getið þið tekið næsta skref
og það er að láta ykkur þykja vænt um annað
fólk og gleðjast yfir því, en þá munuð þið að
lokum elska það af öllu hjarta. **8** Eftir því sem
þið farið lengra á þessari braut, því sterkari
verðið þið andlega og munuð bera ávöxt og
verða að gagni fyrir Drottin Jesú Krist. **9** Sá sem
ekki vill taka þessi viðbótarskref trúarinnar, er
áreiðanlega blindur eða þá að minnsta kosti
mjög skammsýnn og hefur gleymt að Guð leysti
hann frá fyrra lífi hans, svo að hann gæti lifað
helguðu lífi í krafti Drottins. **10** Kæru systkini,
leitist nú við að sýna að þið séuð í raun og veru
meðal þeirra sem Guð hefur kallað og valið,
og þá munuð þið aldrei hrasa eða falla. **11** Þá
mun Guð opna hlið himnanna fyrir ykkur upp á
gátt, svo að þið getið gengið inn í hið eilífa ríki
Drottins okkar og frelsara Jesú Krists. **(aiōnios g166)** **12** Ég hef hugsað mér að halda áfram að
minna ykkur á þessi atriði, enda þótt þið þekkið
þau nú þegar og farið eftir þeim. **13** Drottinn
Jesús Kristur hefur sýnt mér að jarðvistardagar
mínir séu brátt á enda og að ég muni deyja
innan skamms. En svo lengi sem ég verð hér, hef
ég hugsað mér að halda áfram að senda ykkur
áminningar sem þessar. **15** Ég vona að þær hafi
svo sterk áhrif á ykkur, að þið munið þær löngu
eftir að ég er horfinn af sjónarsviðinu. **16** Ekki
voru það ævintýri sem við sögðum ykkur, þegar
við skýrðum ykkur frá krafti Drottins Jesú Krists
og endurkomu hans. Ég sá tign hans með eigin
augum. **17** Ég var með honum á fjallinu helga,
þegar hann ummyndaðist í dýrðinni sem Guð,
faðir hans, hafði gefið honum. Ég heyrði hina
dýrlegu og hátignarlegu rödd kalla frá himnum
og segja: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég
hef velþóknun á.“ **19** Við höfum orðið vitni að
því að orð spámannanna hafa ræst. Það er rétt
af ykkur að athuga vel allt sem þeir hafa skrifað,
því að eins og ljós lýsir upp dimmt herbergi,
hjálpa rit þeirra okkur til að skilja ýmislegt,
sem annars væri illskiljanlegt. Þegar þið hafið
kynnt ykkur hin miklu sannindi sem standa
í ritum spámannanna, mun renna upp fyrir
ykkur ljós, og Kristur, morgunstjarnan, mun
skína inn í hjörtu ykkar. **20** Biblíuspádómarnir
eru ekki uppfinning spámannanna, heldur var
það heilagur andi, sem í þeim bjó, sem flutti
þeim sannleiksboðskap frá Guði.

2 Falsspámenn komu einnig fram í þá daga og
hið sama mun gerast hjá ykkur. Þeir munu
beita kænsku við að breiða út lygi um Guð.
Þeir munu jafnvel ganga svo langt að afneita
Drottni sínum, sem frelsaði þá, og þegar svo er
komið eru afdrif þeirra augljós: Bráð glötun. **2**
Margir munu aðhyllast villukenningar þeirra
og þeir munu fá fólk til að hlæja að Kristi og
kenningum hans. **3** Þessir fræðarar munu segja
ykkur allt sem þeim dettur í hug, til þess eins
að græða á ykkur og komast yfir peningana
ykkar. Langt er síðan Guð fordæmdi slíka menn
og nú bíður þeirra ekkert nema glötun. **4** Ekki
hlífði Guð englunum sem syndguðu, heldur
varpaði hann þeim niður til heljar, þar sem
þeir bíða dómsdags, læstir inni í dimmum
og drungalegum hellum. **(Tartaroō g5020)** **5** Ekki
hlífði hann heldur fólkinu sem lifði fyrr á
öldum, á dögum flóðsins, að Nóa undanskildum,
manninum sem játaði trú sína á Guð ásamt
sjö öðrum í fjölskyldu sinni. Í þessu gífurlega
flóði eyddi Guð hinum óguðlega heimi. **6** Síðar
gerði hann borgirnar Sódómu og Gómorru að

rjúkandi rúst. Hann þurrkaði þær út af yfirborði
jarðarinnar og setti þær sem víti til varnaðar,
öllum óguðlegum mönnum framtíðarinnar, svo
að þeir mættu minnast þeirra og skelfast. 7 En á
sama tíma bjargaði Drottinn Lot út úr Sódómu,
vegna þess að hann var góður maður. Öll sú
hræðilega illska, sem Lot varð vitni að dag eftir
dag, olli honum sárri kvöl. 9 Fyrst Drottinn gat
bjargað Lot, þá getur hann einnig bjargað þér
og mér út úr þeim freistingum sem umkringja
okkur, og hann getur einnig refsað hinum
óguðlegu, allt til þess dags er lokadómurinn
verður kveðinn upp. 10 Drottinn mun kveða upp
þungan dóm yfir þeim sem láta leiðast af girnd
sinni og illum hugsunum; einnig þeim sem eru
stoltir og einþykkir og dirfast að hæðast að
dýrð hans. 11 Þetta gera þessir falskennendur
enda þótt englarnir, sem standa frammi fyrir
Drottni á himnum – og eru þeir miklu æðri að
tign og mætti – fari aldrei niðrandi orðum um
þessi illu máttarvöld. 12 Þessir falskennendur
eru heimskir. Þeir eru engu betri en dýrin, sem
aðeins láta stjórnast af hvötum sínum og eru
fædd til þess eins að verða slátrað. Þeir hlæja
að hinum voldugu, sem þeir þekkja ekki hót.
Slíkir menn munu fá það sem þeir eiga skilið
fyrir illverk sín – glötun. 13 Það verða launin
sem þeir munu fá fyrir syndir sínar, því að
þeir eru munaðarseggir sem sækjast stöðugt
eftir því sem illt er. Þeir eru til skammar og
svívirðingar á meðal ykkar. Þeir draga ykkur
á tálar, því að bæði lifa þeir í viðbjóðslegri
synd og svo taka þeir þátt í kærleiksmáltíðum
ykkar eins og allt væri í besta lagi. 14 Engin
kona kemst hjá syndsamlegum augnagotum
þeirra og af hórdómi fá þeir aldrei nóg. Þeir
leika sér að því að tæla óstöðugar konur og æsa
þar með upp í sér girndina – bölvun dómsins
bíður þeirra. 15 Þeir hafa yfirgefið hinn rétta
veg og villst eins og Bíleam, sonur Beórs, sem
elskaði rangfenginn gróða. 16 En Bíleam var
stöðvaður á villubraut sinni, er asninn hans
tók að tala við hann mannamál og ávíta hann.
17 Þessir menn eru eins og lindir sem þornað
hafa upp. Þeir lofuðu góðu, en svo brugðust
þeir. Þeir eru eins og ský sem hrekjast fyrir
vindi. Þeir eru dæmdir til að falla í hin eilífu
hyldýpi myrkursins. (questioned) 18 Þeir hrósa
sér fjálglega af syndum sínum og árangri í
kvennamálum og nota girnd sína sem beitu
til að draga þá, sem nýsloppnir eru úr slíku
spillingarfeni, aftur út í syndina. 19 Þeir segja:
„Fagnaðarerindið gefur þér rétt til að gera hvað
sem þig langar til. Vertu frjáls!“ Fræðarar, sem
bjóða slíkt „frelsi“ frá boðorðunum, eru sjálfir
þrælar syndar og spillingar. Sérhver maður er
þræll þess sem hefur vald yfir honum. 20 Sá
sem hefur sloppið úr greipum hins illa í þessum
heimi, með því að kynnast Drottni okkar og
frelsara Jesú Kristi, en flækist síðan aftur í
neti syndarinnar og verður þræll hennar að
nýju, er verr staddur en áður en hann varð
kristinn. 21 Betra hefði verið fyrir hann að
kynnast aldrei Kristi, en að kynnast honum og
snúa síðan bakinu við hinum heilögu boðorðum,
sem honum voru gefin. 22 Gamall málsháttur
hljóðar svo: „Hundur snýr aftur til spýju sinnar
og þvegið svín veltir sér í saur.“ Þannig fer fyrir
þeim sem snúa sér aftur að syndinni.

3 Kæru vinir, þetta er annað bréfið sem ég
skrifa ykkur, og í þeim báðum hef ég reynt
að minna ykkur – ef ég má – á þann sannleika,
sem þið þekkið nú þegar: 2 Sannleikann sem þið
lærðuð af hinum heilögu spámönnum og okkur
postulunum, sem fluttum ykkur orð Drottins
okkar og frelsara. 3 Í fyrsta lagi vil ég minna
ykkur á að á síðustu tímum munu koma fram
lastmælendur, sem reyna að valda öllu því tjóni
sem þeir geta, og hæðast að sannleikanum.
4 Röksemdir þeirra verða á þessa leið: „Jesús
lofaði að koma aftur, ekki satt? En hvað er
orðið af honum? Ha? Hann mun aldrei koma!
Eins langt og menn muna stendur allt við það
sama, allt frá því að heimurinn varð til.“ 5
Viljandi gleyma þeir því að Guð eyddi jörðinni í
gífurlegu flóði, löngu eftir að hann hafði skapað
heiminn með orði sínu – eftir að hann hafði
notað vatnið til að mynda jörðina og umlykja
hana. 7 Guð hefur sagt að himinn og jörð skuli
bíða eldsins á degi dómsins og þá muni allir
óguðlegir menn farast. 8 En gleymið því nú
ekki, kæru vinir, að í augum Drottins er einn
dagur jafn langur og þúsund ár og þúsund
ár sem einn dagur. 9 Hann er því alls ekki
seinn að efna loforðið um endurkomu sína,
jafnvel þótt sumum virðist svo. Það veldur bið
hans að hann vill ekki að neinir glatist og því
gefur hann syndurunum enn frest til að iðrast.
10 Dagur Drottins mun vissulega koma. Hann
mun koma óvænt, líkt og þjófur, og þá munu
himnarnir líða undir lok með miklum gný og

frumefni alheimsins brenna upp í eldi. Þá mun
jörðin eyðast og allt sem á henni er. 11 Skyldum
við ekki þurfa að lifa heilögu og guðrækilegu
lífi, fyrst allt umhverfis okkur leysist upp á
þennan hátt? 12 Horfið fram til þess dags með
eftirvæntingu og flýtið fyrir honum, deginum er
Guð lætur himnana brenna, frumefnin bráðna
og leysast upp í logum. 13 Samkvæmt loforði
Guðs væntum við nýs himins og nýrrar jarðar,
þar sem allt er í samræmi við vilja Guðs. 14
Kæru vinir, meðan við bíðum þessara hluta og
komu hans, kappkostið þá að vera án syndar.
Haldið frið við alla menn, svo að Drottni líki
við ykkur er hann kemur aftur. 15 Munið hvers
vegna hann bíður. Hann gerir það til þess að
við getum flutt hjálpræðisboðskap hans út til
allra manna. Páll, hinn elskaði og skynsami
bróðir okkar, hefur rætt um þetta í mörgum
bréfa sinna. 16 Sumt af því sem hann segir er
torskilið, og til eru menn, sem af ásettu ráði
hegða sér heimskulega og vilja snúa út úr því
sem hann segir. Þeir hafa mistúlkað bréf hans
svo hrapallega að þau fá allt aðra merkingu en
til var ætlast og þannig fara þeir með margt
annað í Biblíunni. Afleiðingin er sú að þeir leiða
tortímingu yfir sjálfa sig. 17 Kæru vinir, ég vara
ykkur við í tíma, svo að þið fylgist vel með öllu
og látið ekki leiðast afvega af mistökum þessara
vondu manna, því að þá gætuð þið sjálf orðið
eins og þeir. 18 Vaxið heldur andlega og lærið
að þekkja betur Drottin okkar og frelsara, Jesú
Krist. Honum sé heiður og dýrð, bæði nú og um
alla framtíð. Amen. Pétur (aiōn g165)

1 Jóhannesarbréf

1 Kristur hefur verið til frá upphafi. Ég hef séð
hann með eigin augum og heyrt hann tala.
Ég hef líka snert hann með höndum mínum og
ég veit að hann hefur flutt okkur boðskap Guðs
um lífið. **2** Hann er lífið frá Guði og hann hefur
birst okkur. Það er sannleikur að við höfum
séð hann. Ég er að tala um Krist, hann sem er
eilífa lífið. Í upphafi var hann hjá föðurnum,
en síðan fengum við að sjá hann. **(aiōnios g166)**
3 Og það, sem við sáum og heyrðum, segjum
við ykkur, svo að þið getið átt samfélag við
okkur og tekið þátt í þeirri gleði sem við eigum
með föðurnum og syni hans, Jesú Kristi. **4** Ef
þið gerið eins og ég segi ykkur í þessu bréfi,
munuð þið eignast fullkomna gleði eins og við.
5 Þetta er boðskapurinn sem Guð sendi okkur
með til ykkar: Guð er ljós og myrkur er alls ekki
í honum. **6** Ef við segjum að við séum vinir
hans, en höldum samt áfram að lifa í andlegu
myrkri og synd, þá ljúgum við. **7** En ef við lifum
í ljósi Guðs á sama hátt og Kristur, þá getum
við glaðst og átt dásamlegt samfélag hvert við
annað og blóð Jesú, sonar hans, hreinsar okkur
af allri synd. **8** Ef við segjum að við séum ekki
syndarar, þá blekkjum við sjálf okkur og viljum
ekki horfast í augu við sannleikann. **9** En ef við
játum syndir okkar fyrir Guði, getum við treyst
því að hann fyrirgefi þær og hreinsi okkur af
öllu ranglæti. Í þessu gerir Guð rétt, því að
Kristur dó til þess að taka burt syndir okkar.
10 Ef við höldum því fram að við höfum ekki
syndgað, þá ljúgum við og köllum Guð lygara,
því að það er hann sem segir að við höfum
syndgað.

2 Börnin mín, þetta segi ég til þess að þið haldið
ykkur frá syndinni. En ef einhver syndgar, þá
skuluð þið vita að við höfum talsmann hjá Guði
föður, sem biður fyrir okkur. Þessi talsmaður er
Jesús Kristur. Hann er óaðfinnanlegur í öllu og
Guði velþóknanlegur. **2** Það er hann sem tók á
sig reiði Guðs vegna synda okkar og leiddi okkur
til samfélags við Guð. Hann er fyrirgefning
synda okkar, og ekki aðeins okkar synda, heldur
einnig alls heimsins. **3** Hvernig getum við verið
viss um að við tilheyrum Guði? Með því að
rannsaka okkur sjálf og komast að því hvort
við hlýðum hans vilja í raun og veru. **4** Sá sem
segir: „Ég er kristinn. Ég á eilíft líf, “en hlýðir
þó ekki boðum hans og vilja er lygari. **5** Þeir
sem gera hins vegar það sem Kristur býður
þeim, vaxa í kærleika til Guðs og á því er hægt
að sjá hvort þeir eru kristnir eða ekki. **6** Sá
sem segist vera kristinn á að breyta eins og
Kristur breytti. **7** Kæru vinir, það er ekki nýtt
boðorð sem ég ætla að gefa ykkur. Þið kunnið
það. Það er gamalt boðorð og þið hafið þekkt
það frá öndverðu. **8** Samt er það alltaf nýtt og
gildir eins fyrir ykkur og Krist, en það er svona:
Elskið hvert annað. Þegar við hlýðum þessu
boðorði hverfur myrkrið úr lífi okkar og hið
nýja ljós – ljós Krists – skín inn í sál okkar. **9**
Ef einhver segist ganga í ljósi Krists, en ber
illan hug til meðbróður síns, þá er hann enn í
myrkrinu. **10** En sá sem elskar meðbróður sinn
og gengur í ljósi Krists, kemst leiðar sinnar án
þess að hrasa í myrkri og synd. **11** Hafi einhver
óbeit á meðbróður sínum, er hann í andlegu
myrkri og veit ekki hvert hann fer. Þá hefur
myrkrið blindað hann svo að hann sér ekki
veginn. **12** Þetta skrifa ég ykkur öllum, börnin
mín, vegna þess að syndir ykkar eru nú þegar
fyrirgefnar, í nafni Jesú frelsara okkar. **13** Við
ykkur sem eldri eruð segi ég þetta, af því að
þið þekkið Krist, hann, sem hefur verið til frá
upphafi. Og þið ungu menn, ég beini orðum
mínum til ykkar, því að þið hafið unnið sigur á
Satan. Ungu drengir og stúlkur, ykkur skrifa ég
einnig, því að þið þekkið Guð, föðurinn. **14** Nú
ávarpa ég ykkur, feður, sem þekkið hinn eilífa
Guð, og ykkur ungu menn, sem eruð styrkir
vegna orðs Guðs, sem er í hjörtum ykkar, –
þið hafið sigrað Satan. **15** Elskið ekki þennan
vonda heim og það sem í honum er, því að ef
þið gerið það, þá elskið þið ekki Guð af heilum
hug. **16** Heimurinn er fullur af illsku – illum
nautnum, spilltu kynlífi, lífsgæðakapphlaupi og
hroka sem fylgir auðæfum og upphefð – ekkert
af þessu er frá Guði. **17** Þessi heimur mun líða
undir lok og með honum allt það illa sem í
honum er, en sá sem gerir Guðs vilja, mun lifa
að eilífu. **(aiōn g165)** **18** Kæru börn, þessi heimur á
stutt eftir. Þið hafið heyrt að andkristurinn –
sá sem berst gegn Kristi – muni koma. Margir
slíkir eru þegar komnir fram og það styrkir þá
vissu okkar að endir þessa heims er skammt
undan. **19** Þessir menn – andkristarnir – voru
í söfnuðum okkar, en aðeins að nafninu til,
annars hefðu þeir verið kyrrir. Þeir yfirgáfu
okkur og það sannaði best að þeir voru af allt

öðru sauðahúsi. 20 Því er öðruvísi varið með
ykkur. Heilagur andi hefur komið yfir ykkur, þið
þekkið sannleikann, 21 og því skrifa ég ykkur
ekki eins og þeim sem ekki þekkja sannleikann.
Ég veit að þið þekkið muninn á réttu og röngu
og þess vegna skrifa ég ykkur á þennan hátt. 22
Hver er lygari ef ekki sá sem segir að Jesús sé
ekki Kristur? Slíkur maður er andkristur, því
að hann trúir hvorki á Guð föður né son hans.
23 Sá sem ekki trúir á Krist, Guðs son, getur
ekki haft samfélag við Guð föður, en sá sem
hefur samfélag við Krist, Guðs son, hefur einnig
samfélag við Guð föður. 24 Haldið áfram að trúa
því sem ykkur var kennt í upphafi, því að ef
þið gerið það, munuð þið eiga náið samfélag
bæði við Guð föður og son hans. 25 Guð hefur
heitið okkur gjöf og sú gjöf er eilíft líf. (aiōnios
g166) 26 Þessum skrifum mínum um andkrist, er
beint gegn þeim sem reyna að blekkja ykkur og
leiða í villu. 27 Þið hafið tekið á móti heilögum
anda, hann býr í ykkur og því þarf enginn að
segja ykkur hvað sé rétt. Heilagur andi fræðir
ykkur um allt. Hann er sannleikurinn. Hann
lýgur ekki og því verðið þið, eins og hann sagði,
að lifa í Kristi og halda ykkur fast við hann. 28
Börnin mín, rækið samfélagið við Drottin, svo
að þið getið verið viss um að ykkur vegni vel
þegar hann kemur og að þið þurfið þá ekki að
blygðast ykkar eða fara í felur. 29 Við vitum að
Guð er góður og gerir aðeins rétt. Þess vegna
ályktum við réttilega að allir aðrir, sem það
gera, séu hans börn.

3 Sjáið hvílíkan kærleika faðirinn á himnum
hefur sýnt okkur, að við megum kallast
hans börn og það erum við sannarlega! En
fáir þekkja Guð og því skilur fólk ekki að við
erum börnin hans. 2 Kæru vinir, nú erum við
Guðs börn, einmitt núna, og við getum ekki
ímyndað okkur hvað við eigum í vændum. Eitt
vitum við þó: Þegar hann kemur verðum við
eins og hann, því að þá munum við sjá hann
eins og hann raunverulega er. 3 Sá sem þráir
þetta í einlægni reynir að varðveita hreinleika
sinn, því að Kristur er hreinn. 4 En þeir, sem
halda áfram að syndga, standa í gegn Guði, því
að öll synd er andstæð vilja hans. 5 Þið vitið
að hann gerðist maður til að geta tekið burt
syndir okkar og í honum finnst engin synd. 6 Ef
við höldum okkur nálægt honum og hlýðum
honum, munum við forðast að syndga. Þeir sem
halda áfram að syndga, gera það vegna þess að
þeir hafa aldrei kynnst Guði í raun og veru né
orðið börn hans. 7 Börnin mín, látið engan villa
um fyrir ykkur varðandi þetta: Ef þið haldið
áfram að gera það sem rétt er, þá er það vegna
þess að þið eruð réttlát eins og Guð. 8 En ef þið
haldið áfram að syndga er það merki þess að þið
tilheyrið Satani, honum, sem haldið hefur áfram
að syndga allt frá því hann drýgði sína fyrstu
synd. Sonur Guðs kom til að brjóta niður verk
djöfulsins – syndina. 9 Sá sem er fæddur inn í
fjölskyldu Guðs, syndgar ekki af ásettu ráði, því
að Guð lifir í honum. Hann getur ekki haldið
áfram í synd, því að hann hefur öðlast nýtt líf
frá Guði. Guð hefur vakið það innra með honum
og stjórnar honum, hann hefur endurfæðst.
10 Á þessu getum við séð hver er Guðs barn
og hver tilheyrir hinum vonda. Hver sem lifir
syndugu lífi og er illa við meðbróður sinn, sýnir
að hann tilheyrir ekki fjölskyldu Guðs, 11 því
að boðskapurinn sem við fengum í upphafi,
var sá að við ættum að elska hvert annað. 12
Verum ekki eins og Kain, sem tilheyrði Satani
og drap bróður sinn. Hvers vegna myrti Kain
Abel? Vegna þess að Kain hafði vanið sig á að
gera það sem rangt var og vissi að líferni bróður
síns var betra en hans. 13 Kæru vinir, undrist
því ekki þótt heimurinn hati ykkur. 14 Ef við
elskum meðbræður okkar, þá er ljóst að okkur
hefur verið gefið eilíft líf og forðað frá helvíti.
Sá sem ekki ber kærleika til annarra, stefnir í
eilífan dauða. 15 Sá sem hatar meðbróður sinn
er í raun og veru morðingi og sá sem hyggur
á morð, getur ekki átt eilíft líf. (aiōnios g166) 16
Við vitum að sannur kærleikur birtist í því að
Kristur dó fyrir okkur, við ættum því einnig að
fórna lífi okkar fyrir meðbræðurna. 17 Segjum
svo að einhver telji sig kristinn og hafi allt
til alls, en horfi svo á þurfandi bróður sinn
án þess að rétta honum hjálparhönd. Hvernig
getur slíkur maður átt í sér kærleika Guðs?
18 Börnin mín, það dugir ekki lengur að segja
að við elskum fólk. Við verðum að elska það
í raun og veru og sýna það í verki. 19 Ef við
gerum það, þá getum við verið viss um að við
tilheyrum Guði – vegna verka okkar – og þá
höfum við hreina samvisku gagnvart Drottni.
20 En ef við höfum slæma samvisku og finnum
að við höfum gert rangt, þá veit Drottinn enn
betur, því að hann þekkir öll okkar verk. 21
Elskulegu vinir, sé samviska okkar hrein, getum

við komið til Drottins í djörfung 22 og fengið
allt, sem við biðjum hann um, vegna þess að
við hlýðum honum og gerum það sem honum
er þóknanlegt. 23 Þetta vill Guð að við gerum:
Trúum á nafn sonar hans, Jesú Krists, og elskum
hvert annað. 24 Þeir, sem hlýða Guði, lifa með
Guði og hann með þeim. Við vitum að þetta er
satt, því að heilagur andi, sem hann hefur gefið
okkur, hefur sagt okkur það.

4 Elsku vinir, trúið ekki öllu sem þið
heyrið, enda þótt menn segi að það sé
boðskapur frá Guði. Sannprófið það fyrst. Margir
falskennendur eru nú á ferð um heiminn.
2 Til að vita hvort boðskapur þeirra sé frá
heilögum anda, skulum við spyrja hvort Jesús
Kristur, sonur Guðs, hafi orðið maður og komið
í mannslíkama. Ef þeir viðurkenna það, þá er
boðskapur þeirra frá Guði, 3 ef ekki, þá er
hann frá andstæðingi Krists – andkristinum –
sem þið hafið heyrt að koma muni, og áhrifa
hans gætir nú þegar í heiminum. 4 Kæru ungu
vinir, þið tilheyrið Guði og hafið þegar unnið
sigur á andstæðingum Krists, því að sá sem er í
ykkur, er máttugri en allir falskennendur þessa
óguðlega heims. 5 Þeir eru af þessum heimi
og hafa þess vegna allan hugann við það sem
heimsins er, og heimurinn hefur áhuga á þeim.
6 En við erum Guðs börn og þess vegna vilja þeir
einir hlusta á okkur, sem hafa samfélag við Guð.
Aðrir hafa ekki áhuga. Við höfum einnig aðra
leið til að sannprófa hvort einhver boðskapur
sé frá Guði: Ef hann er frá Guði, vill heimurinn
ekki hlusta. 7 Kæru vinir, elskum hvert annað,
því kærleikurinn er frá Guði. Þeir sem iðka
kærleika og umhyggju, sýna að þeir eru börn
Guðs og þekking þeirra á honum fer vaxandi. 8
Sá sem ekki sýnir kærleika, þekkir ekki Guð, því
að Guð er kærleikur. 9 Guð hefur sýnt kærleika
sinn með því að senda einkason sinn, í þennan
hrjáða heim, til að deyja fyrir okkur og gefa
okkur eilíft líf. 10 Kærleikurinn birtist ekki í
því að við elskuðum Guð, heldur í því að hann
elskaði okkur og sendi son sinn til að afplána
refsingu fyrir syndir okkar. 11 Kæru vinir, fyrst
Guð hefur elskað okkur svo heitt, ber okkur
einnig að elska hvert annað, 12 Enginn hefur
nokkru sinni séð Guð eins og hann er í raun
og veru, en samt lifir hann í okkur, það er að
segja, þegar við elskum hvert annað og leyfum
kærleika hans að vaxa í okkur. 13 Guð hefur
einnig gefið okkur heilagan anda og það sýnir
að við lifum í samfélagi við hann. 14 Við höfum
séð með eigin augum og vitnum fyrir öllum
heiminum, að Guð sendi son sinn til að verða
frelsara allra manna. 15 Hver sá sem trúir og
játar að Jesús sé sonur Guðs, á Guð í hjarta sínu
og lifir í samfélagi við hann. 16 Við vitum að
Guð elskar okkur – við höfum fundið kærleika
hans! Við vitum það einnig vegna þess að við
trúum orðum hans, að hann elski okkur. Guð
er kærleikur og sá sem sýnir kærleika í verki,
lifir í Guði og Guð í honum. 17 Ef við lifum í
Kristi, vex kærleikur okkar og nær fullkomnun
og þá verðum við okkur ekki til skammar eða
háðungar á degi dómsins. Þá getum við glöð og
hugrökk horfst í augu við hann, því að hann
elskar okkur og við elskum hann. 18 Okkur er
óþarft að óttast þann, sem elskar okkur, því að
hans fullkomni kærleikur rekur burt allan ótta.
Ef við erum hrædd, þá er það vegna þess að við
höldum að Guð muni refsa okkur – við erum
ekki fyllilega sannfærð um að hann elski okkur.
19 Af þessu má sjá að kærleikur okkar til hans
er afleiðing af kærleika hans til okkar. 20 Ef
einhver segir: „Ég elska Guð, “og heldur áfram
að hata bróður sinn, sem hann umgengst og sér,
hvernig getur hann þá elskað Guð, sem hann
hefur aldrei séð? 21 Boðorð Guðs er svona: „Sá,
sem elskar Guð, á einnig að elska bróður sinn.“

5 Þið eruð Guðs börn, ef þið trúið því að Jesús
sé Kristur – að hann sé sonur Guðs og frelsari
ykkar. Þeir sem elska föðurinn, eiga einnig
að elska börnin hans. 2 Hversu heill ert þú í
kærleika þínum og hlýðni við Guð? Það getur
þú séð á því hversu þú elskar börn Guðs. 3 Að
elska Guð er að hlýða honum og það er létt.
4 Hvert einasta Guðs barn getur hlýtt Guði,
sigrað syndina og allar illar girndir, með því
að treysta hjálp Krists. 5 Enginn getur barist
til sigurs í þessu stríði, nema hann trúi því að
Jesús sé í sannleika sonur Guðs. 6 Við vitum að
Jesús er sonur Guðs, því að svo sagði rödd Guðs,
sem hljómaði frá himnum, þegar hann var
skírður og er hann stóð andspænis dauðanum.
Sama segir heilagur andi, andi sannleikans. Þar
með höfum við þrjú vitni: Rödd heilags anda í
hjörtum okkar, röddina af himni þegar Jesús
var skírður og röddina sem hljómaði er hann
gekk í dauðann. Vitnin þrjú – andinn, vatnið og
blóðið – eru öll sammála. „Jesús Kristur er sonur

Guðs.“ 9 Fyrst við trúum vitnisburði manna
fyrir dómstólum getum við óhikað trúað öllu
sem Guð segir. Guð segir að Jesús sé sonur sinn
10 og allir sem því trúa, finna innra með sér að
það er satt. Sá sem vill ekki trúa þessu, segir þar
með að Guð sé lygari, þar sem hann ekki trúir
því sem Guð hefur sagt um son sinn. 11 Hvað
hefur Guð sagt? Að hann hafi gefið okkur eilíft
líf og að þetta líf sé í syni hans. (aiōnios g166) 12
Sá, sem trúir á son Guðs, á lífið, en sá, sem ekki
trúir, á ekki lífið. 13 Þetta hef ég skrifað ykkur,
sem trúið á son Guðs, til þess að þið vitið að þið
eigið eilíft líf. (aiōnios g166) 14 Við vitum einnig
með vissu að hann hlustar á okkur hvenær sem
við biðjum hann eftir hans vilja. 15 Og fyrst við
erum viss um að hann hlusti þegar við tölum
við hann og biðjum, megum við einnig treysta
því að hann svari okkur. 16 Ef þið sjáið kristinn
mann drýgja synd, sem ekki leiðir til dauða, þá
biðjið Guð að fyrirgefa honum og Guð mun gefa
honum líf, nema því aðeins að hann hafi drýgt
þá synd sem veldur dauða. Til er dauðasynd og
hafi hann drýgt hana er tilgangslaust að biðja
fyrir honum. 17 Allt ranglæti er synd, en hér á
ég ekki við þessar venjulegu syndir, ég er að tala
um þá synd sem endar með dauða. 18 Enginn,
sem tilheyrir fjölskyldu Guðs, heldur áfram að
syndga af ásettu ráði, heldur gætir hann sín og
djöfullinn nær engu taki á honum. 19 Við vitum
að við erum Guðs börn og við vitum einnig
að heimurinn er á valdi Satans og undir hans
stjórn. 20 Við vitum að Kristur, sonur Guðs, kom
til að hjálpa okkur til þess að skilja og finna
hinn eina sanna Guð. Nú tilheyrum við honum
vegna þess að við erum í Jesú Kristi, syni hans.
Hann er hinn eini sanni Guð – hann er eilífa
lífið. (aiōnios g166) 21 Börnin mín, forðist allt sem
getur leitt hjörtu ykkar burt frá Guði. Jóhannes

2 Jóhannesarbréf

1 Frá Jóhannesi, öldungi kirkjunnar. Til hennar,
sem Guð útvaldi, og barna hennar, sem
ég og allir aðrir í kirkjunni elska af hjarta.
2 Við höldum fast við sannleikann **(aiōn g165)**
3 og því mun Guð, faðirinn, og sonur hans,
Jesús Kristur, blessa okkur með miskunn sinni
og friði, sannleika og elsku. **4** Það var mjög
ánægjulegt að hitta nokkur barna þinna hér og
sjá að þau lifa lífinu eins og ætlast er til, í fylgd
með sannleikanum og hlýðni við boð Guðs. **5**
Kæru vinir, ég minni ykkur alvarlega á gamla
boðorðið sem Guð gaf okkur þegar í öndverðu:
Kristnir menn eiga að elska hver annan. **6** Ef
við elskum Guð gerum við það sem hann býður
okkur – í upphafi sagði hann okkur að elska
hvert annað. **7** Gætið ykkar á falsleiðtogum
– og nóg er af þeim – sem trúa því ekki að
Jesús Kristur hafi komið til jarðarinnar sem
maður í líkama, eins og þeim, sem við höfum.
Slíkir menn eru í andstöðu við sannleikann og
einnig við Krist. **8** Gætið þess að verða ekki
eins og þeir, því að þá glatið þið því, sem þið
hafið þegar öðlast í samfélaginu við Guð. Látið
ekkert koma í veg fyrir að þið fáið full laun
frá Drottni. **9** Ef þið farið út fyrir kenningu
hans, snúið þið baki við Guði, en ef þið hlýðið
orðum Krists, eigið þið samfélag við Guð, já,
bæði föðurinn og soninn. **10** Ef einhver, sem ekki
trúir orðum Krists, kemur til þess að uppfræða
ykkur, þá bjóðið honum hvorki inn á heimili
ykkar né hvetjið hann á nokkurn hátt, **11** því að
ef þið gerið það, þá verðið þið þátttakendur í
illverkum hans. **12** Ég hefði gjarnan viljað segja
ýmislegt fleira, en ég ætla ekki að gera það í
þessu bréfi. Ég vona að ég geti fljótlega komið
til ykkar og þá getum við rætt saman og átt
góðar stundir. **13** Börn systur þinnar – en hún er
líka Guðs barn – biðja að heilsa þér. Jóhannes

3 Jóhannesarbréf

1 Frá Jóhannesi – öldungnum. Til míns kæra
Gajusar, sem ég elska í sannleika. **2** Kæri
vinur, það er bæn mín að þér líði vel, að þú sért
jafn hraustur líkamlega og þú ert andlega. **3**
Sumir bræðranna, sem komu hér við, glöddu
mig stórlega þegar þeir sögðu mér að þú lifðir
hreinu og góðu lífi eftir orði Guðs. **4** Það er
ekkert sem gleður mig jafnmikið og slíkar fréttir
af börnum mínum. **5** Kæri vinur, þú vinnur
Guði gott verk með því að sjá fyrir kennurum
þeim og kristniboðum, sem leið eiga um hjá
þér. **6** Þeir hafa sagt söfnuðinum frá hlýhug
þínum og kærleiksverkum. Það gleður mig að
þú skulir leysa þá út með gjöfum, **7** því að
Drottins vegna ferðast þeir um og þiggja hvorki
mat, föt, húsaskjól né peninga af heiðingjunum,
enda þótt þeir hafi flutt þeim Guðs orð. **8** Af
þessari ástæðu ber okkur að annast þá og með
því verðum við samstarfsmenn þeirra í verki
Drottins. **9** Ég sendi söfnuðinum stutt bréf
um þessa hluti, en hinn stolti Díótrefes, sem
sækist eftir að verða leiðtogi kristinna manna
þar, viðurkennir ekki vald mitt og neitar að
hlusta á mig. **10** Þegar ég kem mun ég segja þér
hvað hann hefur gert, hvernig hann rægir mig
og einnig hvers konar orðbragð hann notar.
Það er ekki aðeins að hann neiti sjálfur að
taka á móti kristniboðunum, sem þar fara um,
heldur bannar hann líka öðrum að gera það
og hlýði þeir ekki, reynir hann að reka þá
úr söfnuðinum. **11** Kæri vinur, láttu þetta illa
fordæmi ekki hafa áhrif á þig, heldur fylgdu því
einu sem gott er. Mundu að þeir, sem gera rétt,
sanna með því að þeir séu Guðs börn, en hinir,
sem leggja stund á hið illa, sýna að þeir þekkja
ekki Guð. **12** Demetríus fær hins vegar gott orð
hjá öllum og einnig hjá sjálfum sannleikanum.
Sama segi ég, og þú veist að ég fer með rétt
mál. **13** Það er margt sem ég þyrfti að segja þér,
en um þá hluti vil ég ekki skrifa, **14** því að ég
vona að ég muni sjá þig fljótlega og þá getum
við rætt saman. Ég kveð þig hér með í þetta
sinn. Vinirnir, sem hér eru, biðja kærlega að
heilsa þér. Skilaðu sérstakri kveðju frá mér til
allra vinanna, hvers um sig. Jóhannes

Júdasarbréf

1 Frá Júdasi, þjóni Jesú Krists og bróður Jakobs.
Til kristinna manna, hvar sem þeir eru,
þeirra, sem Guð faðir hefur kallað og varðveitast
í Jesú Kristi. **2** Ég bið þess að náð Guðs og friður,
ásamt kærleika hans veitist ykkur í æ ríkari
mæli. **3** Elsku vinir, ég hafði hugsað mér að
skrifa ykkur nokkrar línur um hjálpræðið, sem
Guð hefur gefið okkur, en finn nú að ég á að
skrifa um annað. Ég á að hvetja ykkur til að
berjast af alefli fyrir sannleikanum, sem Guð
hefur gefið okkur, börnum sínum. **4** Þetta segi
ég vegna þess að nokkrir menn, sem ekki þekkja
Guð, hafa smeygt sér inn í ykkar hóp. Þeir segja
að þegar við séum orðin kristin, getum við
gert það sem okkur sýnist, án þess að þurfa að
óttast dóm Guðs. Örlög slíkra manna voru ráðin
þegar í byrjun, því að þeir snerust gegn leiðtoga
okkar og konungi, Jesú Kristi. **5** Ég vil segja
við þessa menn: Gleymið ekki þeirri staðreynd
– og hana þekkið þið – að Drottinn bjargaði
heilli þjóð frá Egyptalandi, en síðan tortímdi
hann hverjum þeim einstaklingi, meðal hennar,
sem ekki treysti honum og hlýddi. **6** Ég minni
ykkur einnig á englana sem áður voru heilagir
og hreinir, en steyptu sér síðan sjálfviljugir út
í syndina. Nú geymir Guð þá í myrkrinu og
þar bíða þeir dómsdags. **(aïdios g126)** **7** Gleymið
ekki heldur borgunum Sódómu og Gómorru
og nágrannabæjum þeirra. Þar ríkti siðleysi og
mikil kynvilla. Þessar borgir eyðilögðust í eldi
og þær munu vera okkur stöðug viðvörun um
refsinguna sem bíður syndaranna. **(aiōnios g166)**
8 Þrátt fyrir það halda þessir falskennendur
áfram. Þeir lítilsvirða líkama sína og spotta
öll yfirvöld, jafnvel þau sem eru á himnum. **9**
Mikael, einn voldugasti engillinn, vogaði sér
ekki einu sinni að ákæra Satan né hæða hann,
þegar þeir deildu um líkama Móse, hann sagði
aðeins: „Drottinn refsi þér!“ **10** En þessir menn
hæðast að öllu og bölva því sem þeir skilja ekki.
Þeir eru eins og skepnurnar. Þeir gera allt sem
þá langar til, og spilla þar með sjálfum sér. **11**
Vei þessum mönnum! Þeir fylgja dæmi Kains,
sem drap bróður sinn, og eins og Bíleam gera
þeir allt fyrir peninga. Þeir hafa óhlýðnast Guði
og fetað í fótspor Kóra, en fyrir það munu þeir
deyja undir sömu bölvun og hann. **12** Þessir
menn eru til skammar við kærleiksmáltíðir
kirkjunnar. Hlæjandi ryðjast þeir áfram og troða
í sig án þess að taka tillit til annarra. Þeir eru
eins og regnský sem fara yfir skrælnað land, án
þess að gefa frá sér svo mikið sem eina einustu
skúr. Þeir lofa öllu fögru, en standa ekki við
neitt. Þeir líkjast ávaxtatré sem engan ávöxt ber.
Þeir eru visnaðir, dauðir, því að þeir hafa verið
rifnir upp með rótum og nú bíður þeirra ekkert
nema eldurinn. **13** Allt, sem þeir skilja eftir, er
skömm og svívirðing – eins og óhrein froða,
sem öldur bera á land. Þeir reika um líkt og
stjörnur á myrkum brautum himinsins. **(aiōn g165)**
14 Enok – en hann var uppi eftir daga Adams –
sá fyrir sér þessa menn og sagði: „Sjá, Drottinn
kemur, ásamt þúsundum sinna heilögu. **15** Hann
mun stefna til sín þjóðum heimsins og dæma
þær með réttvísi. Allt hið illa, sem þær hafa gert
í uppreisn sinni gegn Guði, mun hann draga
fram í dagsljósið og opinbera allt sem þær hafa
sagt gegn honum.“ **16** Menn þessir finna að öllu,
þeir eru aldrei ánægðir og þeir gera allt illt,
sem þeim kemur í hug. Þeir eru hávaðasamir
gortarar, sem sýna þeim einum virðingu, sem
þeir geta hagnast á. **17** Kæru vinir, minnist þess
að postular Drottins Jesú Krists sögðu ykkur,
18 að á síðustu tímum mundu þessir spottarar
koma fram og eina markmið þeirra í lífinu
væri að fara leið illskunnar, til að svala eigin
nautnum. **19** Þeir vekja deilur, elska hið illa og
heilagan anda eiga þeir ekki. **20** En þið, kæru
vinir, uppbyggið sjálfa ykkur í hinni heilögu
trú og lærið að biðja í krafti heilags anda. **21**
Forðist allt sem hindrar líf ykkar í kærleika
Guðs og bíðið með þolinmæði eilífa lífsins, sem
Drottinn Jesús Kristur ætlar að gefa ykkur af
miskunn sinni. **(aiōnios g166)** **22** Verið mild við þá
sem efagjarnir eru. **23** Bjargið öðrum eins og þið
væruð að hrífa þá úr eldi. Hjálpið enn öðrum til
að finna Drottin, með því að sýna þeim vináttu,
en gætið þess að þið dragist ekki sjálf með þeim
út í syndina. Hatið syndir þeirra og forðist allt
sem óhreint er. **24** Dýrð sé Guði, því að hann
einn er Guð og hann frelsar okkur með hjálp
Jesú Krists, Drottins okkar. **25** Honum tilheyrir
dýrð, hátign, máttur og vald frá upphafi, í dag
og um ókomna tíma. Hann er þess megnugur
að varðveita ykkur frá hrösun og leiða ykkur
fagnandi, lýtalaus og heilög inn í dýrð sína.
Amen. Júdas. **(aiōn g165)**

Opinberun Jóhannesar

1 Þetta rit er opinberun frá Jesú Kristi og
bregður ljósi á nokkra atburði sem í vændum
eru. Guð leyfði Kristi að birta Jóhannesi, þjóni
sínum, þetta í sýn og eftir það var engill sendur
frá himnum til að útskýra sýnina. **2** Allt, sem
Jóhannes sá og heyrði, skrifaði hann niður og
það eru orð frá Guði og Jesú Kristi. **3** Lesir þú
þennan spádóm upphátt fyrir söfnuðinn, munt
þú hljóta blessun Drottins og sömuleiðis þeir
sem hlusta og fara eftir því, sem lesið er, því
að atburðir þessir eru í nánd. **4** Frá Jóhannesi.
Til safnaðanna sjö í Litlu-Asíu. Kæru vinir!
Náð sé með ykkur og friður frá Guði, sem er
og var og kemur og frá hinum sjöfalda anda,
sem er frammi fyrir hásæti hans, **5** og frá Jesú
Kristi, hinum trúa votti sannleikans. Hann var
sá fyrsti sem reis upp frá dauðum, og hann
mun aldrei deyja í annað sinn. Hann er æðri
öllum konungum jarðarinnar. Dýrð sé honum!
Hann elskar okkur og úthellti blóði sínu til að
frelsa okkur frá syndinni. **6** Hann hefur safnað
okkur saman inn í ríki sitt og gert okkur að
prestum Guðs, föður síns. Lofið hann og gefið
honum dýrðina – alla dýrðina! Hann mun ríkja
að eilífu! Amen. **(aiōn g165)** **7** Sjá! Hann kemur í
skýjunum og hvert auga mun sjá hann – jafnvel
þeir, sem stungu hann. Þegar hann kemur munu
þjóðirnar gráta af hryggð og skelfingu. Amen.
Þannig mun það verða. **8** „Ég er Alfa og Ómega,
upphaf og endir alls, “segir Drottinn Guð, hinn
alvaldi, sem er og var og kemur. **9** Það er ég,
Jóhannes bróðir ykkar, sem skrifa ykkur þetta
bréf. Ég hef þurft að þjást eins og þið vegna
málefnis Drottins. Jesús hefur einnig gefið mér
þolinmæði, eins og ykkur, og saman eigum
við konungsríki hans. Ég var fangi á eyjunni
Patmos. Þar var ég í útlegð fyrir að predika
orð Guðs og bera vitni um Jesú Krist. **10** Einn
Drottins dag – sunnudag – var ég á bæn. Allt í
einu heyrði ég sterka rödd, líka lúðurhljómi að
baki mér: **11** „Ég er hinn fyrsti og hinn síðasti!
Skrifaðu niður allt, sem þú sérð, og sendu bréfið
til safnaðanna sjö í Litlu-Asíu: Safnaðarins í
Efesus, Smýrnu, Pergamos, Þýatíru, Sardes,
Filadelfíu og Laódíkeu.“ **12** Þegar ég sneri mér
við til að sjá þann sem talaði, sá ég sjö lampa úr
gulli. **13** Á milli þeirra stóð einhver sem var eins
og Jesús, mannssonurinn. Hann var klæddur
síðum kyrtli og bar gullkeðju á brjóstinu. **14** Hár
hans var hvítt sem snjór og augun brunnu eins
og eldur. **15** Fæturnir glóðu eins og fægður eir
og röddin var líkust brimgný. **16** Í hægri hendi
hélt hann á sjö stjörnum og út af munni hans
gekk tvíeggjað sverð. Andlit hans var sem sólin,
þegar hún skín í allri sinni dýrð. **17** Við þessa
sýn féll ég að fótum hans sem dauður væri, en
þá lagði hann hægri hönd sína á mig og sagði:
„Vertu ekki hræddur. Ég er hinn fyrsti og hinn
síðasti! **18** Ég var lifandi, síðan dó ég, en nú lifi
ég að eilífu. Óttastu ekki, ég hef lykla dauðans
og heljar! **(aiōn g165, Hadēs g86)** **19** Skrifaðu niður
það sem þú sást, og það sem þér verður sýnt
innan skamms. **20** Stjörnurnar sjö, sem þú sást í
hægri hendi minni, og gulllamparnir sjö tákna
þetta: Stjörnurnar sjö eru leiðtogar safnaðanna
sjö og lamparnir sjö eru sjálfir söfnuðirnir.“

2 Skrifaðu bréf til leiðtoga safnaðarins í
Efesus og segðu honum þetta: Ég skrifa þér
orðsendingu frá honum sem gengur á milli
safnaðanna sjö og heldur leiðtogum þeirra
uppi með hægri hendi sinni. Hann segir við
þig: **2** Ég þekki allt hið góða sem þú hefur
gert. Ég hef fylgst með erfiði þínu og þekki
þolinmæði þína. Ég veit að þú sættir þig ekki við
vonda menn í söfnuðinum og hefur rannsakað
fullyrðingar þeirra sem telja sig vera postula,
en eru það ekki. Þú hefur komist að því að
þeir eru lygarar. **3** Þú hefur þolað illt mín
vegna, en þó ekki gefist upp. **4** En eitt er að:
Kærleikur þinn til mín er ekki sá sami og áður.
5 Manstu hvernig þú elskaðir mig í upphafi?
Sérðu breytinguna? Snúðu þér aftur til mín
og farðu eins að og í byrjun, annars kem ég
og fjarlægi lampann þinn. **6** En þú hatar verk
þessara ósvífnu Nikólaíta, rétt eins og ég, og
það fellur mér vel. **7** Taktu eftir því sem andinn
segir nú við söfnuðina: „Þeim sem sigrar, mun
ég gefa ávöxt af lífsins tré, sem vex í paradís
Guðs.“ **8** Leiðtoga safnaðarins í Smýrnu skaltu
skrifa þetta: Þetta er boðskapur frá honum sem
er hinn fyrsti og hinn síðasti, honum, sem var
dauður, en lifnaði við. **9** Ég veit hversu mjög þú
þarft að líða vegna Drottins og ég þekki fátækt
þína en mundu að þú átt himnesk auðæfi! Ég
veit að þeir, sem segjast vera Gyðingar og Guðs
börn, tala illa um þig, en þeir eru ekki Guðs

börn, heldur fulltrúar Satans. 10 Innan skamms
mun djöfullinn varpa sumum ykkar í fangelsi til
þess að reyna ykkur, en vertu þó ekki hræddur
vegna þjáninganna sem bíða þín. Þið munuð
verða ofsótt í tíu daga. En gefist ekki upp,
jafnvel þótt þið þurfið að horfast í augu við
dauðann. Vertu trúr allt til dauða og þá mun
ég gefa þér kórónu lífsins – dýrlega framtíð,
sem aldrei tekur enda. 11 Takið eftir því sem
andinn segir nú við söfnuðina: „Þeim sem sigrar
mun hinn annar dauði ekki granda.“ 12 Þetta
skaltu skrifa leiðtoga safnaðarins í Pergamos:
Þetta bréf er frá honum, sem berst með hinu
beitta og tvíeggjaða sverði. 13 Ég veit vel að
í borginni þar sem þú býrð, er hásæti Satans
og að hann er tilbeðinn þar af miklu kappi. En
samt hefur þú verið mér trúr og ekki viljað
afneita mér, jafnvel þótt áhangendur Satans
tækju Antípas, minn trúa vott, af lífi mitt á
meðal ykkar. 14 Samt finn ég eitt athugavert
hjá þér. Þú umberð menn í ykkar hópi, sem
feta í fótspor Bíleams, sem sagði Balak hvernig
ætti að tæla Ísraelsmenn – fá þá til að drýgja
hór – og hvetja þá til að taka þátt í heiðnum
hátíðum til heiðurs skurðgoðunum. 15 Slíkir
menn, fylgjendur Bíleams, finnast á meðal
ykkar! 16 Afstaða þín til þessara manna verður
að breytast, annars kem ég fyrirvaralaust og
berst við þá með sverði munns míns. 17 Allir,
sem heyrn hafa, taki eftir því sem andinn segir
söfnuðunum: „Þeir sem sigra, fá að eta hið
hulda manna – hina leyndu fæðu himnanna.
Ég mun gefa hverjum um sig hvítan stein, sem
á verður grafið nýtt nafn, sem viðtakandinn
einn þekkir.“ 18 Þetta skaltu skrifa leiðtoga
safnaðarins í Þýatíru: Þessi boðskapur er frá
syni Guðs. Augu hans loga sem eldur og fætur
hans eru eins og fægður eir. 19 Ég þekki þín
góðu verk: Umhyggju þína fyrir fátæklingum
– allar gjafirnar og þjónustuna, sem þú hefur
veitt þeim. Ég veit líka um kærleika þinn, trú
þína og þolinmæði og ég sé að þér fer stöðugt
fram. 20 Eitt finnst mér samt aðfinnsluvert hjá
þér: Þú leyfir Jessabel, konunni sem telur sig
hafa spádómsgáfu, að segja þjónum mínum að
siðleysi sé ekki alvarlegt mál. Hún hvetur þá til
að drýgja hór og borða kjöt sem fórnað hefur
verið skurðgoðunum. 21 Ég gaf henni frest til að
skipta um skoðun og taka nýja stefnu, en hún
vildi það ekki. 22 Taktu nú eftir því sem ég segi:
Ef hún og þeir, sem fylgt hafa siðleysi hennar,
iðrast ekki synda sinna, mun ég láta þau öll
leggjast á sóttarsæng 23 og börn hennar mun
ég deyða. Með þessu munu söfnuðirnir skilja,
að ég er sá sem rannsaka leyndustu hugsanir
mannsins og geld hverjum um sig eins og hann
á skilið. 24 Þið í Þýatíru, sem ekki hafið fylgt
þessari fölsku kenningu (sem þau kalla „Hinn
djúpa sannleika“– og sem í raun og veru er
runnin undan rifjum Satans), ég krefst einskis
frekar af ykkur. Haldið aðeins fast við það sem
þið hafið, þangað til ég kem. 26 Þeim sem sigra –
þeim sem gera minn vilja allt til enda – mun ég
gefa vald yfir þjóðunum. 27 Þið munuð stjórna
þeim með járnsprota á sama hátt og ég – slíkt
vald gaf faðir minn mér – og þær munu brotna
eins og leirkrukka, sem fer í þúsund mola. 28
En ykkur færi ég morgunstjörnuna að gjöf! 29
Þið sem heyrið, hlustið á það sem Guðs andi
segir söfnuðunum.

3 Þetta skaltu skrifa leiðtoga safnaðarins í
Sardes: Þetta segir sá sem hefur hinn sjöfalda
anda Guðs og stjörnurnar sjö. Ég veit að fólk
segir að þú sért lifandi og starfandi söfnuður,
en þú ert dauður! 2 Vaknaðu! Hleyptu lífi í
það litla sem eftir er – því að jafnvel það er að
deyja. Verk þín eru lítils virði í augum Guðs. 3
Komdu til mín og snúðu þér aftur að því sem þú
heyrðir og trúðir í upphafi og haltu fast við það.
Ef þú gerir það ekki, mun ég koma til þín áður
en þú veist af – óvænt – eins og þjófurinn og
refsa þér. 4 Þarna í Sardes eru samt fáeinir sem
ekki hafa óhreinkað sig á heiminum, og þeir
munu ganga við hlið mér í hvítum klæðum, því
að það eiga þeir sannarlega skilið. 5 Sá er sigrar,
mun fá hvít klæði og nafnið hans mun ég ekki
fjarlægja úr lífsbókinni. Ég mun viðurkenna
hann frammi fyrir föður mínum og englum
hans. 6 Þið sem heyrið, hlustið á það sem andi
Guðs segir söfnuðunum. 7 Eftirfarandi bréf
skaltu senda leiðtoga safnaðarins í Fíladelfíu:
Þennan boðskap færð þú frá honum sem er
heilagur og sannur. Ég hef lykil Davíðs og get
opnað, svo að enginn fái læst og læst get ég,
svo enginn opni. 8 Ég þekki þig – að þú hefur
lítinn mátt, en hefur þó reynt að hlýðnast og
ekki afneitað nafni mínu. Þess vegna hef ég
opnað fyrir þér dyr sem enginn getur lokað.
9 Taktu nú eftir: Ég mun láta þá, sem vinna
fyrir. Satan – þeir segjast reyndar tilheyra mér,
en það er lygi því það gera þeir ekki – falla

að fótum þér og viðurkenna að þú ert sá sem
ég elska. 10 Þið hafið hlýtt mér, þrátt fyrir
ofsóknir, og því mun ég hlífa ykkur við þeirri
miklu þrengingu sem koma mun yfir heiminn
– en þá munu mennirnir verða reyndir. 11
Taktu eftir! Ég kem skjótt! Haltu fast því sem
þú hefur, svo að enginn taki kórónu þína. 12
Þann sem sigrar mun ég gera að máttarstólpa
í musteri Guðs míns. Þar mun hann standa
að eilífu og ekki haggast og á hann mun ég
rita nafn Guðs míns. Hann mun tilheyra borg
Guðs, hinni nýju Jerúsalem, sem kemur niður af
himni frá Guði, og á hann mun verða skráð mitt
nýja nafn. 13 Þið sem heyrið, hlustið á það sem
andi Guðs segir söfnuðunum. 14 Þetta skaltu
skrifa leiðtoga safnaðarins í Laódíkeu: Þetta
segir sá sem stöðugur stendur, votturinn trúi
og sanni, upphafið að sköpun Guðs: 15 Ég þekki
þig – þú ert hvorki heitur né kaldur. Heldur
vildi ég að þú værir annað hvort, 16 en fyrst
þú ert aðeins volgur, þá mun ég skyrpa þér
út úr munni mínum! 17 Þú segir: „Ég er ríkur.
Ég á allt sem ég þarf, mig skortir ekkert.“Þú
veist ekki að þú hefur liðið andlegt skipbrot og
að þú ert fátækur vesalingur, bæði blindur og
nakinn. 18 En ég ráðlegg þér að kaupa hreint
gull af mér, gull sem er hreinsað í eldi. Það er
eina leiðin fyrir þig til að eignast sönn auðæfi.
Ég ráðlegg þér einnig að kaupa hjá mér hvít
klæði, hrein og flekklaus, svo að þú verðir þér
ekki til skammar með nekt þinni. Þú ættir líka
að fá hjá mér smyrsl til að lækna í þér augun,
svo að þú fáir aftur sjónina. 19 Ég aga þá sem
ég elska og refsa þeim – einnig þér. Vertu því
skynsamur og gjörðu iðrun. 20 Taktu eftir! Ég
stend fyrir utan og ber að dyrum. Ef einhver
heyrir til mín og opnar, mun ég fara inn til
hans og setjast til borðs með honum og hann
með mér. 21 Þann sem sigrar, mun ég láta sitja
mér við hlið í hásæti mínu, á sama hátt og ég
sigraði og settist við hlið föður míns í hásæti
hans. 22 Þeir sem heyra, hlusti á það sem andi
Guðs segir söfnuðunum.

4 Síðan leit ég upp og sá opnar dyr á himninum.
Rödd sem ég hafði heyrt áður, sú sem líktist
voldugum lúðurhljómi, talaði til mín og sagði:
„Komdu hingað upp og ég mun sýna þér hvað
framtíðin ber í skauti sér!“ 2 Á sömu stundu var
ég staddur í andanum á himnum – hvílík dýrð!
Ég sá hásæti og einhvern, sem sat í hásætinu. 3
Mikilli geisladýrð stafaði frá honum, eins og
frá glitrandi demanti eða skínandi rúbín, og
regnbogi, sem glóði eins og smaragður, var
yfir hásæti hans. 4 Umhverfis hásætið voru
önnur tuttugu og fjögur minni hásæti og í
þeim sátu tuttugu og fjórir öldungar, sem allir
voru hvítklæddir og með gullkórónur á höfði.
5 Þrumur og eldingar gengu stöðugt út frá
hásætinu og í þrumunum heyrðust raddir. Beint
fyrir framan hásætið voru sjö logandi lampar
og táknuðu þeir hinn sjöfalda anda Guðs. 6 Þar
fyrir framan var glerhaf, kristaltært. Hásætið
hafði fjórar hliðar og við hverja hlið stóð lifandi
vera, alsett augum. 7 Fyrsta veran var eins
og ljón, önnur líktist nauti, sú þriðja hafði
mannsandlit og fjórða var eins og örn. 8 Hver
vera um sig hafði sex vængi og var miðhluti
vængjanna þakinn augum. Verunar endurtóku
þessi orð hvíldarlaust, dag og nótt: „Heilagur,
heilagur, heilagur er Drottinn Guð hinn alvaldi
– sá sem var og er og kemur.“ 9 Verunar gjalda
honum, sem í hásætinu situr, dýrð, heiður og
þökk, honum, sem lifir um aldir alda, (aiōn g165)
10 og þá falla öldungarnir tuttugu og fjórir fram
fyrir auglit hans og tilbiðja hann. Þeir varpa
kórónum sínum fram fyrir hásætið og syngja:
(aiōn g165) 11 „Drottinn, þú ert verður þess að
hljóta dýrð, heiður og mátt, því samkvæmt vilja
þínum hefur þú skapað allt sem er.“

5 Sá sem í hásætinu sat, hélt á uppvafinni bók
í hægri hendi og var hún skrifuð bæði að
utan og innan, auk þess var hún lokuð með
sjö innsiglum. 2 Sterklegur engill hrópaði nú
hárri röddu og sagði: „Hver er þess verður að
brjóta innsigli bókarinnar og opna hana?“ 3 En
enginn slíkur fannst, hvorki á himni né jörðu
né heldur meðal hinna dauðu, sem leyft var að
opna hana og lesa. 4 Þá grét ég af vonbrigðum,
vegna þess að hvergi nokkurs staðar fannst
neinn, sem var verður þess að opna hana og
segja okkur hvað í henni stæði. 5 Þá sagði einn
af öldungunum tuttugu og fjórum við mig:
„Hættu að gráta og taktu eftir! Ljónið af Júda
ætt, afkomandi Davíðs, hefur sigrað og sannað
að hann er verðugur þess að brjóta þessi sjö
innsigli og opna bókina.“ 6 Þá leit ég upp og
sá lamb sem stóð frammi fyrir öldungunum
tuttugu og fjórum, frammi fyrir hásætinu og
verunum fjórum og ég sá að á lambinu voru
sár, sem eitt sinn höfðu leitt það til dauða.

Það hafði sjö horn og sjö augu, táknuðu þau
hinn sjöfalda anda Guðs, sem sendur er út
um allan heiminn. 7 Lambið gekk nú fram og
tók við bókinni úr hægri hendi þess sem sat í
hásætinu, 8 og þá krupu öldungarnir tuttugu
og fjórir frammi fyrir því. Hver öldungur um
sig hafði hörpu og gullskál fulla af reykelsi –
en það eru bænir þeirra sem trúa á Guð. 9 Og
þeir sungu nýjan söng með þessum orðum:
„Þú ert verðugt að taka við bókinni, brjóta
innsigli hennar og opna hana, því að þér var
slátrað og með blóði þínu keyptir þú fólk af
öllum þjóðum, Guði til eignar. 10 Allt þetta
fólk hefur þú leitt inn í ríki Guðs og gert það
að prestum hans og þeir munu ráða ríkjum á
jörðinni.“ 11 Þá heyrði ég í milljónum engla,
sem voru umhverfis hásætið, verurnar fjórar og
öldungana, 12 og þeir sungu af miklum þrótti:
„Lambið er verðugt! Lambið, sem slátrað var,
er verðugt að fá máttinn, ríkdóminn, viskuna,
kraftinn, heiðurinn, dýrðina og lofgjörðina.“ 13
Þá heyrði ég alla, sem eru á himni og jörðu og
einnig hina dauðu sem eru í jörðinni og hafinu,
hrópa og segja: „Blessunin, heiðurinn, dýrðin
og mátturinn tilheyra honum, sem í hásætinu
situr, og lambinu um alla eilífð.“ (aiōn g165) 14
Verurnar fjórar sögðu: „Amen!“Og öldungarnir
tuttugu og fjórir féllu fram og tilbáðu.

6 Nú sá ég að lambið rauf fyrsta innsiglið
af bókinni og opnaði hana. Þá sagði ein
af verunum fjórum, og rödd hennar líktist
þrumugný: „Kom þú!“ 2 Ég sá hvítan hest og
sá sem á honum sat hafði boga og honum var
fengin kóróna. Síðan reið hann út til að vinna
mikla sigra. 3 Þegar lambið rauf annað innsiglið
sagði önnur veran: „Kom þú!“ 4 Í þetta skipti
kom rauður hestur í ljós. Þeim sem hann sat
var fengið langt sverð, og auk þess gefið vald til
að spilla friði og leiða ógnaröld yfir jörðina. Þá
blossuðu upp styrjaldir og menn voru teknir af
lífi. 5 Þegar lambið hafði rofið þriðja innsiglið,
heyrði ég þriðju veruna segja: „Kom þú!“Þá sá
ég svartan hest og hélt knapi hans á vog í hendi
sér. 6 Þá heyrðist rödd mitt á milli veranna
fjögurra, sem sagði: „Brauðið kostar daglaun og
þrjú pund af byggi kosta daglaun, en láttu olíuna
og vínið standa í stað.“ 7 Þegar fjórða innsiglið
rofnaði heyrði ég fjórðu veruna segja: „Kom
þú!“ 8 Þá sá ég fölbleikan hest og sá sem hann
sat hét Dauði. Á hæla hans kom annar hestur
og hét knapi hans Hel. Þeim var gefið vald yfir
fjórðungi jarðarinnar, svo að þeir gætu eytt lífi
með styrjöldum, hungursneyðum, drepsóttum
og villidýrum. (Hadēs g86) 9 Þegar lambið hafði
rofið fimmta innsiglið, sá ég altari og fyrir neðan
það voru sálir þeirra, sem deyddir höfðu verið
fyrir að predika orð Guðs og fyrir vitnisburð
sinn. 10 Þessir hrópuðu hárri röddu til Drottins
og sögðu: „Konungur konunganna, þú sem ert
sannur og heilagur, hvað mun líða langur tími
þar til þú dæmir íbúa jarðarinnar fyrir það sem
þeir hafa gert okkur? Hvenær ætlar þú að hefna
blóðs okkar á þeim sem lifa á jörðinni?“ 11 Hver
þeirra um sig fékk nú hvíta skikkju og var þeim
sagt að hvílast enn um stund eða þar til bræður
þeirra, sem einnig þjóna Jesú, væru dánir fyrir
trú sína og hefðu slegist í hóp þeirra. 12 Nú
sá ég lambið brjóta sjötta innsiglið. Þá varð
mikill jarðskjálfti, sólin myrkvaðist og varð lík
svörtu klæði og tunglið varð blóðrautt. 13 Þá
virtust stjörnur himinsins hrapa til jarðar –
eins og þegar grænar fíkjur falla af fíkjutré,
sem hristist í vindi. 14 Himinhvolfið sviptist
burt líkt og þegar blöð eru vafin saman, og fjöll
og eyjar færast úr stað. 15 Þá földu konungar
jarðarinnar sig í hellum og klettum fjallanna,
ásamt leiðtogum heimsins, auðmönnum hans,
herforingjum og öllum öðrum, háum og lágum,
frjálsum og ánauðugum. 16 Og þeir hrópuðu
til fjallanna og grátbændu þau: „Hrynjið yfir
okkur og felið okkur fyrir ásjónu hans sem situr
í hásætinu, og fyrir reiði lambsins, 17 því að nú
er dagur reiðinnar runninn upp, og hver fær þá
staðist?“

7 Eftir þetta sá ég fjóra engla sem stóðu
á fjórum skautum jarðarinnar og héldu
vindunum fjórum í skefjum, svo að þeir gátu
ekki blásið. Lauf trjánna bærðust ekki og hafið
varð spegilslétt. 2 Þá sá ég annan engil, hann
kom úr austurátt og hélt á innsigli hins lifandi
Guðs. Hann kallaði til englanna fjögurra sem
fengið höfðu vald til að granda jörðinni og
hafinu, og sagði: 3 „Bíðið! Skaðið hvorki jörðina,
hafið né heldur trén. Gerið ekkert að svo stöddu,
ekki fyrr en við höfum sett innsigli Guðs á
enni þeirra sem honum þjóna.“ 4 Hve margir
fengu þetta innsigli? Það fékk ég að vita, þeir
voru 144.000. Hinir innsigluðu voru af öllum
tólf ættkvíslum Ísraels eins og hér segir: Júda
12.000, Rúben 12.000, Gað 12.000, Asser 12.000,

Naftalí 12.000, Manasse 12.000, Símeon 12.000,
Leví 12.000, Íssakar 12.000, Sebúlon 12.000, Jósef
12.000 og Benjamín 12.000. 9 Eftir þetta sá ég
mikinn mannfjölda, sem enginn gat talið. Þetta
fólk var af öllum þjóðum og tungum og stóð fyrir
framan hásætið, frammi fyrir lambinu. Það var
í hvítum skikkjum og hélt á pálmagreinum. 10
Og það hrópaði hárri röddu: „Hjálpræðið kemur
frá Guði, sem situr í hásætinu, og lambinu!“ 11
Þá söfnuðust allir englarnir umhverfis hásætið,
öldungana og verurnar fjórar og féllu fram á
ásjónur sínar, frammi fyrir hásætinu og tilbáðu
Guð. 12 „Amen!“sögðu þeir. „Lofgjörðin, dýrðin,
viskan, þakkargjörðin, heiðurinn, krafturinn og
mátturinn sé Guði okkar um alla eilífð. Amen!“
(aiōn g165) 13 Þá spurði mig einn af öldungunum
tuttugu og fjórum: „Veistu hverjir þetta eru,
þessir hvítklæddu, og hvaðan þeir koma?“ 14
„Nei, herra, “svaraði ég, „segðu mér það.“„Þetta
eru þeir sem komnir eru úr þrengingunni
miklu, “sagði hann. „Þeir þvoðu skikkjur sínar
skjannahvítar í blóði lambsins og 15 þess vegna
eru þeir hér frammi fyrir hásæti Guðs og þjóna
honum dag og nótt í musterinu. Sá sem situr í
hásætinu mun gæta þeirra. 16 Þá mun aldrei
framar hungra né heldur þyrsta og sólarhitinn
mun ekki brenna þá, 17 því að lambið, sem
stendur frammi fyrir hásætinu, mun fæða þá
og vera hirðir þeirra. Það mun leiða þá að lind
lífsvatnsins og Guð mun þerra tárin af augum
þeirra.“

8 Þegar lambið hafði rofið sjöunda innsiglið,
varð þögn á himni um það bil hálfa stund. 2
Eftir það sá ég að englunum sjö, sem standa
frammi fyrir Guði, voru fengnir sjö lúðrar. 3
Þá kom enn einn engill, hélt sá á glóðarkeri
úr gulli, og tók hann sér stöðu við altarið.
Honum var fengið mikið af reykelsi, sem hann
blandaði við bænir Guðs barna, til að fórna á
gullaltarinu frammi fyrir hásætinu. 4 Ilmurinn
af reykelsinu blandaðist bænunum og steig
upp til Guðs úr hendi engilsins sem stóð við
altarið. 5 Engillinn fyllti nú glóðarkerið af eldi
frá altarinu og fleygði því niður á jörðina. Þá
komu þrumur og eldingar og jörðin nötraði. 6
Englarnir sjö bjuggu sig síðan undir að blása
í lúðrana. 7 Fyrsti engillinn blés og kom þá
hagl og eldur, blóði blandað, og var því varpað
niður á jörðina. Eldurinn læsti sig um þriðjung
jarðarinnar og þriðjungur trjánna brann, og
grasið eyddist. 8 Næsti engill þeytti lúðurinn og
þá var einhverju, sem líktist stóru brennandi
fjalli, varpað í hafið og eyddi það þriðjungi allra
skipa. Þriðjungur hafsins varð rauður sem blóð
og þriðjungur fiskanna drapst. 10 Nú blés þriðji
engillinn í sinn lúður og þá féll stór brennandi
stjarna af himni. Kom hún yfir þriðjung allra
fljóta og yfir uppsprettur vatnanna. 11 Stjarnan
var kölluð „Remma, “því að hún mengaði
þriðjung alls vatns á jörðinni og margir dóu. 12
Fjórði engillinn blés og jafnskjótt myrkvaðist
þriðjungur sólarinnar, sömuleiðis þriðjungur
tunglsins og stjarnanna. Við þetta minnkaði
dagsbirtan um þriðjung og nóttin varð enn
dimmari en áður. 13 Meðan ég var að virða þetta
fyrir mér, sá ég örn sem flaug um himininn, og
sagði hann hárri röddu: „Vei! Vei! Vei, íbúum
jarðarinnar, því að þegar englarnir, sem eftir
eru, hafa blásið í lúðra sína munu hryllilegir
atburðir gerast og þeir eru skammt undan.“

9 Nú blés fimmti engillinn. Þá sá ég einhvern,
sem hafði fallið frá himnum og niður til
jarðarinnar, og var honum fenginn lykillinn
að hinum botnlausu undirdjúpum. (Abyssos g12)
2 Þegar hann opnaði þau gaus upp reykur,
eins og úr stórum ofni, svo að sólin og loftið
myrkvuðust. (Abyssos g12) 3 Allt í einu flugu
engisprettur út úr reyknum og settust á jörðina.
Þeim var gefið vald til að stinga á sama hátt
og sporðdrekar. 4 Þeim var sagt að hlífa grasi,
plöntum og trjám, en ráðast hins vegar á fólk
sem ekki hafði innsigli Guðs á enni sér. 5 Þeim
var bannað að drepa, en þær máttu kvelja
fólkið í fimm mánuði og líkjast kvalir þess,
sviða eftir sporðdrekabit. 6 Þá munu menn
reyna að fremja sjálfsmorð, en án árangurs –
dauðinn mun forðast þá! Menn munu óska þess
að deyja, en dauðann verður hvergi að finna.
7 Engisprettur þessar líktust hestum búnum
til bardaga. Á höfðinu báru þær eitthvað sem
líktist gullkórónum og andlit þeirra voru eins og
mannsandlit. 8 Þær höfðu sítt hár eins og konur,
en tennur þeirra voru líkastar ljónstönnum. 9
Þær voru klæddar brynjum, sem virtust vera úr
járni, og vængjaþytur þeirra var eins og gnýr
frá vögnum sem bruna fram til orrustu. 10 Þær
höfðu hala sem gat stungið eins og broddar á
sporðdrekum. Þar bjó valdið sem þeim hafði
verið gefið til að kvelja mennina í fimm mánuði.
11 Foringi þeirra er konungur undirdjúpanna.

Nafn hans er Abaddón á hebresku. Á grísku
heitir hann Apollýón – eyðandinn. **(Abyssos g12)**
12 Hér endar fyrsti þáttur hörmunganna, en
tveim er enn ólokið! **13** Þegar sjötti engillinn
þeytti lúðurinn, heyrði ég rödd sem kom frá
fjórum hornum gullaltarisins, sem stendur
fyrir framan hásæti Guðs. **14** Röddin sagði við
sjötta engilinn: „Slepptu hinum fjórum illu
og voldugu öndum sem eru í haldi við fljótið
mikla Evfrat.“ **15** Þar höfðu þeir beðið þessarar
stundar og talið mánuðina og dagana, en nú var
þeim sleppt svo að þeir gætu drepið þriðjung
alls mannkynsins. **16** Þeir stjórnuðu her sem
í voru 200 milljónir manna – mér var sögð
talan. **17** Það næsta sem ég sá í sýninni, var að
hestar þeirra geystust fram. Flestir riddaranna
voru í eldrauðum brynjum, en þó voru sumir í
bláum og aðrir í gulum. Höfuð hestanna líktust
mest ljónshöfðum og reykur, eldur og glóandi
brennisteinn vall út úr skoltum þeirra, svo að
þriðjungur mannkynsins lét lífið. **19** Þeir notuðu
ekki aðeins kjaftinn til þess að drepa, heldur
einnig töglin og þau líktust helst eitruðum
höggormum, sem valda banvænum sárum. **20**
En þrátt fyrir þessar plágur vildu þeir, sem lifðu
þær af, ekki enn snúa sér til Guðs. Þeir vildu
ekki hætta að tilbiðja illu andana né skurðgoð
úr gulli, silfri, eir, steini og tré – sem hvorki
geta séð, heyrt né gengið. **21** Þeir vildu ekki
iðrast og hætta manndrápum, kuldi, göldrum,
lauslæti og þjófnaði.

10 Þá sá ég annan voldugan engil stíga niður
af himnum. Hann var umlukinn skýi og
regnbogi var yfir höfði hans. Andlit hans skein
sem sólin og fætur hans voru líkastir eldsúlum.
2 Hann hélt á lítilli bók í annarri hendi og var
hún opin. Hann steig hægri fæti á hafið og þeim
vinstri á jörðina, **3** og hrópaði hárri röddu –
það var eins og ljónsöskur – og sjö þrumur
svöruðu honum. **4** Ég ætlaði að fara að skrifa
niður það sem þrumurnar sögðu, en þá var
kallað til mín frá himni: „Gerðu þetta ekki. Orð
þeirra mega ekki berast út.“ **5** Þá lyfti engillinn
voldugi, sem stóð á hafinu og jörðinni, hægri
hendi til himins, **6** og sór við þann sem lifir um
alla eilífð, hann sem skapaði himin og allt sem
þar er, jörðina og allt sem á henni er, hafið og
allt sem í því er, og sagði: „Nú er fresturinn á
enda! **(aiōn g165)** **7** Þegar sjöundi engillinn blæs í
lúður sinn, mun leyndardómur Guðs birtast og
verða að veruleika, eins og hann boðaði þjónum
sínum, spámönnunum, forðum daga.“ **8** Röddin
frá himni talaði aftur til mín og sagði: „Farðu og
taktu opnu bókina úr hendi volduga engilsins,
sem stendur á hafinu og jörðinni.“ **9** Ég gekk
til hans og bað hann að afhenda mér bókina.
„Já, taktu hana og borðaðu hana, “sagði hann.
„Fyrst mun hún bragðast eins og hunang, en
þegar þú hefur rennt henni niður finnst þér
hún beisk.“ **10** Þá tók ég við bókinni úr hendi
hans og át hana. Það fór eins og hann hafði
sagt, fyrst var hún sæt, en þegar ég hafði rennt
henni niður fann ég sáran sviða. **11** Þá sagði
hann við mig: „Þú átt eftir að bera fram marga
aðra spádóma um fólk, þjóðir, ættkvíslir og
konunga.“

11 Nú var mér fengin mælistika og mér sagt
að fara og mæla musteri Guðs, þar með
talið svæðið umhverfis altarið. Auk þess átti
ég að telja þá sem þar biðjast fyrir. **2** „Þú skalt
ekki mæla forgarðinn fyrir utan musterið, “var
sagt við mig, „því að hann er fyrir heiðingjana
og þeir munu fótum troða borgina heilögu í
fjörutíu og tvo mánuði. **3** Vottana mína tvo
mun ég láta spá, tötrum klædda, í 1.260 daga.“
4 Þessir tveir spámenn eru ólífutrén tvö og
lamparnir tveir, sem standa frammi fyrir Guði
allrar jarðarinnar. **5** Eldtungurnar, sem ganga
út af munni þeirra, munu deyða hvern þann
sem reynir að valda þeim tjóni. **6** Þeir hafa
vald til að loka himninum, svo að ekki rigni
þau þrjú og hálft ár sem þeir eru að spá. Þeir
mega líka breyta ám og höfum í blóð og leiða
alls konar plágur yfir jörðina, eins oft og þeir
vilja. **7** Þegar þeir hafa borið vitni í þrjú og
hálft ár, mun harðstjórinn, sem stígur upp
úr undirdjúpunum, lýsa yfir stríði gegn þeim,
sigra þá og drepa. **(Abyssos g12)** **8** Líkamar þeirra
munu verða til sýnis í Jerúsalem í þrjá og hálfan
dag – borginni þar sem Drottinn þeirra var
krossfestur (en henni má líkja við Sódómu eða
Egyptaland). Enginn mun fá að jarða þá og
fólk frá mörgum þjóðum mun þyrpast að til að
skoða líkin. **10** Fagnaðarlæti munu brjótast út
um allan heim. Fólk mun gleðjast hvarvetna,
gefa hvert öðru gjafir og halda hátíð vegna
dauða spámannanna tveggja, sem svo mikið
höfðu kvalið það. **11** En þegar þessir þrír og hálfi
dagur eru liðnir, mun lífsandi frá Guði koma
í þá og þeir munu rísa á fætur. Þá mun mikil

skelfing grípa um sig meðal allra. 12 Þá mun
kallað frá himni sterkri röddu: „Komið hingað
upp!“Mennirnir tveir munu þá stíga upp til
himna í skýi og óvinir þeirra horfa á eftir þeim.
13 Á sömu stundu mun gífurlegur jarðskjálfti
verða og tíundi hluti borgarinnar jafnast við
jörðu. Sjö þúsund manns munu láta lífið. Mikil
skelfing grípur um sig meðal þeirra sem komast
af og þeir munu gefa Guði himnanna dýrðina.
14 Önnur hörmungin er liðin hjá, en sú þriðja
er skammt undan. 15 Rétt í því blés engillinn
í lúðurinn. Þá heyrðist hrópað hárri röddu
frá himnum: „Nú er allur heimurinn á valdi
Drottins og í hendi Krists og hann mun ríkja um
aldir alda.“ (aiōn g165) 16 Öldungarnir tuttugu og
fjórir, sem sitja í hásætum sínum frammi fyrir
Guði, fleygðu sér nú fram í tilbeiðslu og sögðu:
17 „Við þökkum þér, Drottinn Guð, þú hinn
almáttki, sem ert og varst, því að nú hefur þú
tekið völdin í þínar hendur og gjörst konungur
að eilífu. 18 Þjóðirnar reiddust þér, en nú er
röðin komin að þér að reiðast! Nú er kominn
tími til að dæma þá dauðu og gefa þjónum
þínum launin – spámönnunum og þeim sem
þú hefur helgað þér, stórum og smáum, öllum
sem hlýða þér – og eyða þeim sem spillt hafa
jörðinni.“ 19 Nú var musteri Guðs á himnum
opnað og þar gat að líta sáttmálsörk hans!
Og þrumur og eldingar komu og mikið hagl
dundi yfir. Heimurinn nötraði í hrikalegum
jarðskjálfta.

12 Nú sá ég mikla sýn á himnum og var hún
tákn hins ókomna. Ég sá konu sem klæddist
ljóma sólarinnar og hafði tunglið undir fótum.
Hún bar kórónu með tólf stjörnum á höfðinu. 2
Hún var þunguð og hljóðaði af sársauka, því
að komið var að fæðingu. 3 Allt í einu birtist
rauður dreki. Hann hafði sjö höfuð, tíu horn
og kórónu á hverju höfði. 4 Hann dró á eftir
sér þriðjung stjarnanna á halanum og fleygði
þeim niður á jörðina. Síðan nam hann staðar
frammi fyrir konunni sem var að því komin að
fæða. Hann var reiðubúinn að gleypa barnið
jafnskjótt og það sæi dagsins ljós. 5 Og konan
fæddi dreng. Þessum dreng var ætlað að stjórna
öllum þjóðum með voldugri hendi og því var
hann hrifinn upp til Guðs – að hásæti hans. 6 En
konan flýði út í eyðimörkina, þar sem Guð hafði
búið henni stað, og þar yrði hennar gætt í 1.260
daga. 7 Þá hófst stríð á himni: Mikael stjórnaði
englum Guðs og barðist við drekann og alla þá
hirð fallinna engla sem honum fylgdi. 8 Drekinn
beið ósigur og var rekinn burt af himnum. 9
Honum var síðan fleygt niður til jarðar, ásamt
öllum her sínum. Þessi voldugi dreki er gamli
höggormurinn, sem kallast djöfull eða Satan, og
það er hann sem leiðir allan heiminn afvega. 10
Þá heyrði ég hrópað hárri röddu um himininn:
„Loksins! Loksins er hjálpræði Guðs komið, svo
og máttur, ríki og vald Krists. Þeim sem ákærði
okkur, dag og nótt frammi fyrir Guði, hefur
nú verið varpað af himnum og niður til jarðar.
11 Þeir sigruðu hann með blóði lambsins og
vitnisburði sínum. Þeir elskuðu ekki eigið líf,
heldur gáfu það lambinu. 12 Gleðjist, himnar,
og þið sem í þeim búið! Fagnið og verið glaðir!
En þið, íbúar jarðarinnar, vei ykkur: Djöfullinn
er stiginn niður til ykkar í miklum móði, því
að hann veit að hann hefur nauman tíma.“ 13
Þegar drekinn sá að honum hafði verið varpað
niður á jörðina, ofsótti hann konuna sem fætt
hafði barnið. 14 En konunni voru gefnir tveir
vængir, eins stórir og arnarvængir, svo að hún
gæti flogið út í auðnina, til þess staðar sem
henni var búinn, og þar var hennar gætt fyrir
höggorminum – drekanum – í þrjú og hálft
ár. 15 Drekinn spýtti miklu vatnsflóði á eftir
konunni og átti það að hrífa hana með sér. 16 En
jörðin kom henni til hjálpar með því að opna
munn sinn og svelgja flóðið. 17 Þá varð drekinn
óður og hélt brott til þess að ráðast á önnur
börn hennar – öll þau sem halda boðorð Guðs
og játa trú á Jesú.

13 Og drekinn nam staðar á ströndinni. Í sýn
minni sá ég nú einkennilegt dýr, sem reis
upp úr hafinu. Það hafði sjö höfuð og tíu horn
og á hornunum voru tíu kórónur. Á hvert höfuð
um sig voru skráð guðlöstunar nöfn. Nöfn þessi
áttu að ögra Guði og smána hann. 2 Dýrið líktist
hlébarða, en samt hafði það bjarnarfætur og
ljónsgin. Drekinn gaf dýrinu mátt sinn, hásæti
og mikið vald. 3 Ég sá að eitt höfuð dýrsins
virtist helsært – en svo varð það alheilt! Allur
heimurinn varð gagntekinn undrun og fylgdi
dýrinu með óttablandinni lotningu. 4 Fólkið
tilbað drekann fyrir að gefa dýrinu slíkt vald
og það tilbað einnig þetta einkennilega dýr.
„Hver getur jafnast á við það eða barist við
það?“hrópuðu menn. 5 Þá hvatti drekinn dýrið
til að lastmæla Drottni, og hann gaf því vald

til starfa á jörðinni í fjörutíu og tvo mánuði.
6 Allan þann tíma formælti það nafni Guðs,
musteri hans og öllum þeim sem á himni búa.
7 Drekinn gaf dýrinu vald til að berjast gegn
mönnum Guðs og sigra þá, og til að stjórna
öllum þjóðum og þjóðarbrotum, hvar sem er á
jörðinni. 8 Og allir menn tilbáðu dýrið, allir þeir
sem ekki höfðu verið skráðir í lífsbók lambsins
frá upphafi heimsins – þess lambs sem slátrað
var. 9 Sá sem hefur eyra, hann heyri! 10 Sá, sem
ætlað er að fara í útlegð, mun fara í útlegð og sá,
sem ætlað er að falla fyrir sverði, verður felldur
með sverði. Í þessu reynir á trú og þolgæði
hinna kristnu. 11 Nú sá ég annað undarlegt dýr,
það kom upp úr jörðinni. Á höfði þess voru tvö
lítil horn, eins og lambshorn, en rödd þess var
ógnþrungin líkt og rödd drekans. 12 Dýr þetta
fer með allt vald fyrra dýrsins, sem læknaðist,
og fær allan heiminn til að tilbiðja það. 13 Það
vinnur ótrúleg kraftaverk. Það lætur til dæmis
eld falla til jarðar af himni í augsýn allra. 14 Með
þessum kraftaverkum leiðir það íbúa heimsins í
villu. Þegar fyrra dýrið er nálægt til að fylgjast
með, getur hitt gert öll þessi furðuverk. Nú
skipaði dýrið íbúum heimsins að búa til stóra
styttu af fyrra dýrinu – því sem verið hafði
sært, en læknast. 15 Þegar því verki var lokið
var dýrinu leyft að blása lífi í styttuna og láta
hana tala. Styttan skipaði svo fyrir að hver sá,
sem neitaði að tilbiðja hana, skyldi deyja! 16
Styttan krafðist þess að allir, bæði stórir og
smáir, ríkir og fátækir, ánauðugir og frjálsir,
skyldu auðkenndir sérstöku merki á hægri hönd
eða enni. 17 Sá sem ekki hafði þetta merki –
sem var einkennisstafur eða nafn dýrsins – fékk
enga vinnu og jafnvel ekki að versla í neinni
búð. 18 Þetta er erfitt að skilja, en þeir sem geta,
reikni einkennisstafi dýrsins: Tala þess er 666.

14 Eftir þetta sá ég lamb sem stóð á Síonfjalli
í Jerúsalem og með því voru 144 þúsundir,
sem höfðu nafn þess og föður þess skrifuð
á enni sér. 2 Ég heyrði hljóð frá himnum,
líkast miklum fossdrunum eða þrumum – þetta
var kór sem söng við undirleik á hörpu. 3
Þessi stórkostlegi kór – en hann var 144.000
raddir – söng nýjan og dásamlegan söng frammi
fyrir hásæti Guðs og frammi fyrir öldungunum
tuttugu og fjórum. Enginn gat sungið þennan
söng nema þessar 144 þúsundir, sem keyptar
höfðu verið burt af jörðinni. 4 Fólk þetta er
endurleyst úr hópi mannanna og það er án
syndar, sem hreinar meyjar. Það fylgir lambinu
hvert sem það fer. Það er sem fórn, helguð Guði
og lambinu, 5 og hjá því er enga lygi að finna,
það er gallalaust. 6 Þá sá ég engil sem flaug um
himininn. Hann var með eilífan gleðiboðskap til
þeirra sem búa á jörðinni. Boðskapur þessi var
ætlaður öllum þjóðum og þjóðarbrotum, öllum
mönnum, hvaða tungumál sem þeir töluðu.
(aiōnios g166) 7 „Óttist Guð!“kallaði engillinn,
„tignið nafn hans! Nú er stund dómsins runnin
upp og hann er dómarinn! Tilbiðjið hann, því
að hann skapaði himin, jörð og haf og allt sem í
því er.“ 8 Á eftir þessum engli kom annar engill,
sem flaug um himininn og sagði: „Babýlon –
borgin mikla – er fallin, hún sem tældi þjóðir
heimsins til að drekka vín sem mengað var
óhreinleika og synd.“ 9 Þá kom þriðji engillinn
og hann kallaði: „Hver sá, sem tilbiður dýrið,
sem reis upp úr hafinu, og líkneski þess og
lætur setja merki þess á enni sitt eða hönd sína,
10 verður látinn drekka reiðivín Guðs – þetta
vín er í reiðibikar Guðs og það er óblandað.
Þeir sem það drekka, munu kvaldir í eldi og
logandi brennisteini í augsýn heilagra engla
og lambsins. 11 Reykurinn af kvölum þeirra
mun stíga upp um alla eilífð. Þeir fá enga
hvíld, hvorki dag né nótt, vegna þess að þeir
tilbáðu dýrið og líkneski þess og eru merktir
einkennisstöfum þess. (aiōn g165) 12 Þetta ætti að
hvetja börn Guðs til að gefast ekki upp, þótt
þau mæti ofsóknum og erfiðleikum. Börn Guðs
– hinir heilögu – eru þeir sem varðveita trúna á
Jesú allt til enda og hlýða orðum hans.“ 13 Nú
heyrði ég rödd uppi yfir mér á himnum sem
sagði: „Skrifaðu niður þessar setningar: Nú geta
píslarvottarnir loksins gengið inn og tekið við
launum sínum. Já, segir andi Guðs, blessun Guðs
er yfir þeim, því að nú fá þeir að hvílast frá
öllum sínum raunum og striti. Góðverk þeirra
fylgja þeim til himins!“ 14 Þessi sýn hvarf, en
nú sá ég hvítt ský og á því sat einhver sem
líktist Jesú, mannssyninum. Á höfði bar hann
kórónu úr skíra gulli og í hendinni hafði hann
beitta sigð. 15 Þá kom engill út úr musterinu
og kallaði til hans: „Nú skaltu bregða sigðinni,
því að uppskerutíminn er kominn og uppskera
jarðarinnar er fullþroskuð.“ 16 Sá sem sat á
skýinu brá þá sigðinni á jörðina og uppskerunni
var safnað saman. 17 Að þessu loknu kom annar
engill út úr musterinu á himnum, hann hélt

einnig á beittri sigð. 18 Þá hrópaði engillinn,
sem hefur vald til að eyða jörðinni í eldi, til
engilsins með beittu sigðina og sagði: „Notaðu
nú sigðina og skerðu vínþrúgurnar af vínviði
jarðarinnar, því að þær eru fullþroska og hæfar
til dóms.“ 19 Engillinn brá þá sigðinni á jörðina
og safnaði vínþrúgunum saman í hina miklu
reiðivínpressu Guðs. 20 Í vínpressu þessari, sem
er fyrir utan borgina, voru vínþrúgurnar síðan
kramdar. Blóðflaumurinn frá vínpressunni varð
um 300 kílómetra langur og svo djúpur að hann
náði upp undir beisli hestanna.

15 Nú sá ég aðra mikilfenglega sýn á himnum
og átti hún að sýna ókomna atburði. Sjö
englum var falið að leiða síðustu sjö plágurnar
yfir jörðina og þá loks yrði reiði Guðs fullnægt. 2
Framundan mér var eitthvað sem líktist glerhafi
og var eins og eldur léki um það. Á hafinu stóðu
allir þeir, sem unnið höfðu sigur á dýrinu, á
líkneski þess og merki þess. Allt þetta fólk hélt
á hörpum Guðs 3 og það söng ljóð Móse, þjóns
Guðs, og söng lambsins: Mikil og stórkostleg
eru verk þín, Drottinn Guð hinn alvaldi. Vegir
þínir eru réttlátir og sannir, þú ert konungur
aldanna! Drottinn! Hver er sá sem ekki tignar
og óttast nafn þitt? Þú einn ert heilagur! Allar
þjóðir munu koma og tilbiðja þig því öllum eru
augljós réttlætisverk þín. 5 Þá leit ég upp og
sá að herbergið, sem kallast hið allra helgasta
í musterinu, var opið! 6 Englarnir sjö, sem
falið hafði verið að leiða fram plágurnar sjö,
komu nú út úr musterinu. Þeir voru klæddir
skjannahvítum fötum og höfðu gullbelti um
brjóst sér. 7 Verurnar fjórar réttu þeim hverjum
um sig eina gullskál. Skálarnar voru fullar af
reiði Guðs, hans sem lifir um aldir alda. (aiōn
g165) 8 Reykurinn af dýrð Guðs og mætti hans
fyllti musterið, en þangað inn fékk enginn að
fara, fyrr en englarnir sjö höfðu lokið við að
hella úr reiðiskálunum sjö.

16 Næst heyrði ég volduga rödd hrópa frá
musterinu til englanna sjö: „Farið og hellið
úr þessum sjö reiðiskálum Guðs yfir jörðina.“
2 Þá yfirgaf fyrsti engillinn musterið og hellti
úr sinni skál yfir jörðina. Þá brutust út ljót og
illkynja sár á þeim sem báru merki dýrsins og
tilbáðu líkneski þess. 3 Annar engillinn hellti
úr sinni skál yfir höfin. Þau urðu eins og blóð
úr dauðum manni og lífvana. 4 Þriðji engillinn
tæmdi sína skál í fljótin og uppspretturnar og
þá breyttist vatnið í þeim í blóð. 5 Þá heyrði
ég engil vatnanna segja: „Þú hinn heilagi, þú
sem ert og sem varst, það er rétt af þér að
senda þennan dóm, 6 því að blóði heilagra og
spámannanna hefur verið úthellt á jörðinni.
En nú hefur þú svarað með því að gefa þeim,
sem myrtu þá, blóð að drekka og það eiga
þeir sannarlega skilið.“ 7 Þá heyrði ég engilinn
við altarið segja: „Já, Drottinn Guð, þú hinn
almáttki, þínir dómar eru réttlátir og sannir.“ 8
Fjórði engillinn hellti úr sinni skál yfir sólina
og olli því að hún brenndi mennina með eldi. 9
Þessi hræðilegi hiti brenndi þá, en þeir formæltu
Guði sem hafði sent þessar plágur. Mennirnir
sáu ekki að sér og gáfu ekki heldur Guði dýrðina.
10 Fimmti engillinn tæmdi úr sinni skál yfir
hásæti dýrsins, sem reis upp úr hafinu og ríki
þess myrkvaðist. Þeir sem fylgdu dýrinu, bitu þá
í tungur sínar af kvöl. 11 Og þeir formæltu Guði
himnanna sem hafði leitt þessar plágur yfir þá.
En ekki vildu þeir láta af illverkum sínum. 12
Sjötti engillinn hellti úr sinni skál yfir fljótið
mikla Evfrat, svo að það þornaði upp. Eftir þetta
gátu konungar austursins farið með heri sína
vesturyfir, án nokkurrar hindrunar. 13 Þá sá ég
þrjá illa anda, sem líktust froskum, stökkva út
úr gini drekans, dýrsins og falsspámannsins
sem þjónaði því. 14 Þessir illu andar, sem höfðu
vald til að gera kraftaverk, ráðguðust nú við
leiðtoga heimsins um að safna liði til að berjast
við Drottin á hinum mikla degi, er Guð, hinn
alvaldi, mun dæma heiminn. 15 „Taktu eftir: Ég
kem öllum að óvörum eins og þjófur! Þeir sem
bíða mín, hljóta blessun, þeir sem eru klæddir
og viðbúnir. Þeir þurfa ekki að ganga um naktir
sér til blygðunar.“ 16 Og þeir söfnuðu öllum
herjum heimsins saman á stað, sem kallast á
hebresku Harmageddón – eða Meggiddófjallið.
17 Sjöundi engillinn hellti úr sinni skál yfir loftið
og heyrðist þá hrópað hárri röddu frá hásæti
musterisins á himnum: „Það er fullkomnað!“
18 Þá komu þrumur og eldingar og svo miklir
jarðskjálftar að aldrei hefur annað eins orðið í
sögu mannkyns. 19 Stórborgin Babýlon klofnaði
í þrjá hluta og borgir um víða veröld jöfnuðust
við jörðu. Þá minntist Guð allra synda Babýlonar
og refsaði henni. Hann lét hana drekka bikar
heiftarreiði sinnar í botn, já, til hins síðasta
dropa. 20 Þá hurfu eyjar og fjöllin jöfnuðust
út. Síðan kom gífurlegt hagl frá himni – hvert

korn vóg fimmtíu kíló – og féll á fólkið sem þá
formælti Guði.

17 Þá kom til mín einn af englunum sjö,
sem leitt hafði plágurnar yfir jörðina, og
sagði: „Komdu með mér, ég ætla að sýna þér
afdrif skækjunnar miklu sem situr uppi yfir
vötnum heimsins – þjóðunum. **2** Konungar
jarðarinnar hafa drýgt hór með henni og þjóðir
heimsins hafa orðið drukknar af ólifnaðarvíni
hennar.“ **3** Engillinn fór nú með mig í anda út í
eyðimörkina. Þar sá ég konu sitja á skarlatsrauðu
dýri. Dýrið hafði sjö höfuð og tíu horn og voru
hornin alskrifuð formælingum um Guð. **4** Föt
konunnar voru purpuri og skarlat og hún bar
skartgripi úr gulli, gimsteinum og perlum. Í
hendinni hafði hún gullbikar, fullan af viðbjóði.
5 Þessi einkennilega setning var skrifuð á enni
hennar: „Babýlon, hin mikla, móðir hórkvenna
og skurðgoðadýrkenda um allan heim.“ **6** Ég
sá að hún var ölvuð. Hún var drukkin af blóði
þeirra sem dáið höfðu vegna nafns Jesú – þeirra
sem hún hafði drepið. Ég starði á hana með
hryllingi. **7** „Af hverju ertu undrandi?“spurði
engillinn, „ég skal segja þér hver hún er og
hvaða dýr þetta er sem hún situr á. **8** Það var
lifandi, en er það ekki lengur, og bráðlega mun
það koma upp úr undirdjúpunum og fara til
eilífrar glötunar. Þeir íbúar heimsins, sem ekki
hafa fengið nöfnin sín skráð í bók lífsins frá því
heimurinn varð til, munu undrast að dýrið skuli
lifna við eftir dauðann. **(Abyssos g12)** **9** Nú reynir
á skilninginn: Höfuðin sjö tákna ákveðna borg,
sem byggð er á sjö hæðum, og þar er aðsetur
konunnar. **10** Höfuðin tákna líka sjö konunga.
Fimm eru þegar fallnir, sá sjötti er nú við völd,
en sá sjöundi er enn ekki kominn fram. Hann
mun aðeins ríkja stuttan tíma. **11** Skarlatsrauða
dýrið, sem dó, er áttundi konungurinn, en hann
var áður við völd – einn af þessum sjö. Þegar
hann hefur ríkt í seinna skiptið, mun hann fá
sinn dóm eins og hinir. **12** Hornin tíu eru tíu
konungar sem hafa ekki enn komist til valda.
Þeir munu aðeins ríkja skamma hríð og þá með
dýrinu. **13** Þeir munu lýsa því sameiginlega
yfir að dýrið sé leiðtogi þeirra. **14** Síðan munu
þeir sameinast og heyja stríð gegn lambinu, en
lambið mun sigra þá, því að það er konungur
konunganna og þeir sem því fylgja, eru hinir
kölluðu, útvöldu og trúföstu. **15** Höfin, vötnin og
fljótin, sem skækjan situr á, tákna þjóðir og fólk
af öllum tungum jarðarinnar. **16** Skarlatsrauða
dýrið og hornin tíu sem á því eru – en þau tákna
tíu konunga, sem ríkja munu ásamt dýrinu
– sameinast í hatri til konunnar. Þeir munu
ráðast á hana, hrekja hana í einsemd, svipta
hana klæðum og brenna á báli. **17** Guð mun
vekja með þeim ákveðnar hugsanir, til þess að
koma áformum sínum í framkvæmd. Þeir munu
verða sammála um að afhenda skarlatsrauða
dýrinu öll sín völd og það mun leiða til þess
að orð Guðs rætist. **18** Konan, sem þú sást í
sýninni, táknar borgina miklu sem ríkir yfir
konungum jarðarinnar.“

18 Eftir þetta sá ég annan engil koma niður af
himni. Hann hafði mikið vald og dýrð hans
varpaði ljóma á jörðina. **2** Hann kallaði hárri
röddu: „Babýlon hin mikla er fallin, hún er
fallin! Hún er orðin bæli illra anda, samastaður
djöfla og alls þess sem illt er. **3** Ástæðan er sú að
hún gaf öllum þjóðum að drekka sitt hræðilega
saurlifnaðarvín. Konungar jarðarinnar nutu
blíðu hennar og kaupsýslumenn um allan heim
græddu á eyðslusemi hennar.“ **4** Nú heyrði
ég aðra rödd kalla frá himni: „Gangið út úr
henni, fólk mitt, og takið ekki þátt í syndum
hennar, annars mun ykkur verða refsað ásamt
henni. **5** Syndir hennar hafa hlaðist upp allt til
himins og Guð er reiðubúinn að dæma hana
fyrir glæpi hennar. **6** Gjaldið henni í sömu
mynt og hún galt ykkur, jafnvel enn ríkulegar
– gjaldið henni tvöfalt fyrir öll ódæðisverk
hennar. Hún leiddi bölvun yfir marga, gefið
henni því tvöfaldan skammt. **7** Hún var hrokafull
og lifði í munaði, mælið henni nú sem því
nemur af kvölum og sorg. Hún sagði í hroka
sínum: „Ég er drottningin. Ég sit í hásætinu.
Ég er ekki vesæl ekkja – nei, ógæfan forðast
mig!“ **8** Vegna þessara orða munu sorg og
dauði koma yfir hana á sama degi og hún
mun eyðast í eldi. Vald Drottins er mikið og
hann er dómari hennar.“ **9** Leiðtogar heimsins,
sem þátt tóku í siðleysi hennar og nutu blíðu
hennar, munu fyllast angist þegar þeir sjá hana
brenna og reykinn stíga upp af ösku hennar.
10 Þeir munu standa langt frá, skjálfandi af
ótta og hrópa: „Æ, þú Babýlon, borgin mikla!
Dómur þinn kom eins og þruma úr heiðskíru
lofti.“ **11** Kaupmenn jarðarinnar gráta og kveina
yfir henni, því nú finnst enginn til að kaupa
vörur þeirra framar. **12** Hún var þeirra besti

viðskiptavinur. Hún keypti af þeim gull, silfur,
gimsteina, perlur, dýran vefnað, purpura, silki
og skarlat og alls konar ilmvið, fílabein og
dýrmætan útskorinn við, eir, járn og marmara.
13 Þeir seldu henni einnig krydd, ilmefni og
reykelsi, smyrsl, vín, olífuolíu, fínmalað korn,
hveiti, nautgripi, sauðfé, hesta, vagna og þræla
– jafnvel mannssálir. 14 „Nú er allt þetta góss,
sem þú sóttist eftir, orðið að engu!“hrópa þeir.
„Framvegis munt þú ekki augum líta allan
þennan dýrindismunað og allt þetta skraut sem
þú sóttist eftir, því að það er farið veg allrar
veraldar.“ 15 Kaupmennirnir, sem auðguðust
af viðskiptum sínum við hana, munu standa
langt frá, skelfingu lostnir, því að þeir óttast
afkomu sína í framtíðinni. Þeir munu gráta og
kveina og segja: 16 „Æ, æ, borgin mikla. Þú
varst eins og fögur kona sem klæddist dýrum
purpura og skarlatslitu líni, hlaðin skartgripum
úr gulli, gimsteinum og dýrum perlum. 17 Á
einni svipstundu urðu öll þín miklu auðæfi að
engu!“Eigendur kaupskipa, skipstjórar þeirra
og áhafnir, munu horfa úr fjarlægð á reykinn
stíga til himins 18 og segja með grátstafinn
í kverkunum: „Engin borg í öllum heiminum
jafnaðist á við þessa!“ 19 Þeir munu kveina
hátt, viti sínu fjær af sorg og segja: „Hvílík
ógæfa kom yfir þessa miklu borg! Það voru
auðæfi hennar sem gerðu okkur ríka, en nú er
allt orðið að engu á einu augabragði.“ 20 En
þú, himinn, þú skalt fagna örlögum hennar og
sömuleiðis þið, börn Guðs, spámenn og postular.
Guð hefur leitað réttar ykkar gegn henni. 21
Þá tók voldugur engill upp stóran stein, líkan
kvarnarsteini, fleygði honum í hafið og hrópaði:
„Babýlon, borgin mikla, henni mun verða fleygt
burt eins og ég fleygði þessum steini. Hún mun
hverfa svo að hvorki sjáist tangur né tetur af
henni upp frá því. 22 Framvegis mun engin
tónlist heyrast í henni, hvorki hörpusláttur
né lúðurhljómur. Enginn iðnaður mun þrífast
þar framar og ekkert korn verður malað. 23
Nætur hennar verða dimmar, niðdimmar, og þar
mun aldrei framar sjást ljós í glugga. Þar verða
engar klingjandi brúðkaupsbjöllur né glaðværar
raddir brúðar og brúðguma. Kaupmenn hennar
voru heimskunnir og hún leiddi þjóðirnar
afvega með kukli sínu og göldrum. 24 Hún bar
ábyrgð á dauða spámanna og margra helgra
manna.“

19 Eftir þetta heyrði ég mikinn fjölda á
himnum hrópa og segja: „Hallelúja! Dýrð sé
Guði! Hjálpin kemur frá Guði. Hans er mátturinn
og dýrðin, 2 því að dómar hans eru réttlátir
og sannir. Hann refsaði skækjunni miklu, sem
spillti jörðinni með syndum sínum, og hann
hefur hefnt fyrir morðin á þjónum sínum.“ 3
Aftur og aftur var endurtekið: „Dýrð sé Guði!
Reykurinn frá rústum hennar mun stíga upp
um alla eilífð!“ (aiōn g165) 4 Öldungarnir tuttugu
og fjórir og verurnar fjórar féllu fram og tilbáðu
Guð, sem sat í hásætinu, og sögðu: „Amen!
Hallelúja! Dýrð sé Guði!“ 5 Þá sagði rödd, sem
kom frá hásætinu: „Lofið Guð allir þjónar hans,
stórir og smáir, allir þið, sem óttist hann.“ 6
Síðan heyrði ég undursamlegan hljóm, eins og
söng frá miklum mannfjölda, líkastan brimgný
við klettótta strönd eða þrumugný: „Lofið
Drottin! Nú hefur Drottinn Guð hinn almáttki
tekið völdin. 7 Gleðjumst, fögnum og tignum
hann, því að nú er brúðkaupsveisla lambsins að
hefjast og brúðurin hefur búið sig. 8 Hún á rétt
á að klæðast því hreinasta, hvítasta og dýrasta
líni sem til er.“Dýra línið táknar góðverkin sem
börn Guðs hafa unnið. 9 Engillinn bað mig nú að
skrifa eftirfarandi setningu: „Sælir eru þeir, sem
boðnir eru í brúðkaupsveislu lambsins.“Síðan
sagði hann: „Þetta eru orð Guðs sjálfs.“ 10 Þá
féll ég til fóta honum til þess að tilbiðja hann,
en hann sagði: „Nei! Gerðu þetta ekki! Ég er
þjónn Guðs, rétt eins og þú og hinir kristnu
meðbræður þínir sem vitna um trú sína á Krist.
Tilbið Guð einan, því að tilgangur spádómanna
og alls þess, sem ég hef sýnt þér, er sá að
benda á Jesú.“ 11 Síðan sá ég himininn opinn og
hvítan hest standa þar. Sá sem á hestinum sat
heitir „trúr og sannur“og hann berst og refsar
með réttvísi. 12 Augu hans eru sem eldslogar
og á höfðinu ber hann margar kórónur. Nafn
er á enni hans, en hann einn veit merkingu
þess. 13 Föt hans eru blóði drifin og hann er
nefndur „orð Guðs“. 14 Hersveitir himnanna
fylgdu honum á hvítum hestum, en þær voru
klæddar dýru líni, hvítu og hreinu. 15 Í munni
sínum hefur hann beitt sverð til þess að höggva
þjóðirnar með og hann stjórnar þeim með
járnaga. Hann treður og pressar vínþrúgurnar
í þró, sem kallast „heiftarreiði Guðs hins
útvalda“. 16 Á skikkju hans og mitti er skrifað
nafn: KONUNGUR KONUNGA OG DROTTINN
DROTTNA. 17 Þá sá ég engil sem stóð á sólinni.

Hann kallaði hárri röddu til fuglanna: „Komið!
Komið hingað til kvöldmáltíðar hins mikla
Guðs! 18 Komið og etið hold konunga, kappa og
háttsettra hershöfðingja, hesta og knapa þeirra
og allra manna, bæði hárra og lágra, frjálsra
og ánauðugra.“ 19 Eftir það sá ég að dýrið,
hið illa, safnaði saman valdamönnum heimsins
og herjum þeirra til stríðs gegn honum, sem
á hestinum sat, og hersveitum hans. 20 Og
dýrið var handtekið ásamt falsspámanninum,
þeim sem gat gert mikil kraftaverk, ef dýrið var
viðstatt – kraftaverk sem blekktu þá sem höfðu
látið setja á sig merki dýrsins og tilbáðu líkneski
þess. Þeim báðum – dýrinu og falsspámanninum
– var fleygt lifandi í eldsdíkið, sem kraumar
af logandi brennisteini. (Limnē Pyr g3041 g4442) 21
Herir þeirra voru stráfelldir með beitta sverðinu
sem gekk út af munni þess, sem sat á hvíta
hestinum, og fuglar himinsins átu sig sadda af
hræjum þeirra.

20 Eftir þetta sá ég engil koma frá himni
og hélt hann á lykli sem gekk að
undirdjúpunum. Auk þess hafði hann meðferðis
þunga hlekki. (Abyssos g12) 2 Hann greip
drekann, gamla höggorminn, djöfulinn, – Satan
– hlekkjaði hann 3 og fleygði honum í botnlausa
hyldýpið. Síðan lokaði hann því og læsti og
þar varð Satan að dúsa í þúsund ár. Þetta
gerði engillinn til þess að Satan gæti ekki leitt
þjóðirnar afvega fyrr en að þessum þúsund
árum liðnum, en þá átti að láta hann lausan
í stuttan tíma. (Abyssos g12) 4 Eftir þetta sá ég
hásæti, sem í sátu einhverjir er fengið höfðu
vald til að dæma. Ég sá sálir þeirra sem líflátnir
höfðu verið fyrir að vitna um Jesú og predika
Guðs orð. Þeir höfðu hvorki tilbeðið dýrið
né líkneski þess né heldur fengið merki þess
á enni sín eða hendur. Þessir höfðu vaknað
aftur til lífsins og nú ríktu þeir með Kristi
í þúsund ár. 5 Þetta er fyrri upprisan. Aðrir
dauðir lifnuðu ekki fyrr en þúsund árin voru á
enda. 6 Blessaðir og heilagir eru þeir, sem hlut
eiga í fyrri upprisunni, því hinn annar dauði
hefur ekkert vald yfir þeim. Þeir munu verða
prestar Guðs og Krists og ríkja með honum
í þúsund ár. 7 Að þúsund árum liðnum mun
Satan verða leystur úr haldi. 8 Þá mun hann
fara af stað til að leiða þjóðirnar afvega um
alla jörðina og stefna þeim saman, ásamt Gog
og Magog, til stríðs. 9 Mikill grúi mun safnast
saman á sléttunni miklu og umkringja fólk Guðs
og Jerúsalem, borgina elskuðu. En Guð mun
láta eld falla af himni yfir árásarliðið og eyða
því. 10 Þá mun djöflinum, honum sem leiddi
þjóðirnar afvega, aftur verða fleygt í díkið, sem
logar af eldi og brennisteini, þar sem bæði
dýrið er og falsspámaðurinn og þessir munu
kveljast dag og nótt um alla eilífð. (aiōn g165,
Limnē Pyr g3041 g4442) 11 Eftir þetta sá ég stórt,
hvítt hásæti og þann sem í því sat. Jörðin og
himinhvolfið hurfu fyrir augliti hans, svo að
þau sáust ekki. 12 Síðan sá ég hina dauðu, bæði
stóra og smáa, þar sem þeir stóðu frammi fyrir
Guði. Bækurnar voru opnaðar, þar á meðal bók
lífsins, og hinir dauðu voru dæmdir eftir því
sem skráð var í bókunum, hver og einn eftir
verkum sínum. 13 Höfin skiluðu aftur þeim sem
þar voru geymdir og jörðin og undirheimarnir
þeim sem þar voru. Hver og einn var dæmdur
samkvæmt verkum sínum. (Hadēs g86) 14 Síðan
var dauðanum og hel varpað í eldsdíkið. Þetta
er hinn annar dauði: Eldsdíkið. (Hadēs g86, Limnē Pyr
g3041 g4442) 15 Sérhverjum þeim, sem ekki fannst
skráður í lífsins bók, var fleygt í eldsdíkið. (Limnē
Pyr g3041 g4442)

21 Eftir þetta sá ég nýjan himin og nýja jörð.
Hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð voru
horfin og höfin voru ekki lengur til. 2 Þá sá ég,
Jóhannes, borgina helgu, hina nýju Jerúsalem!
Hún kom niður af himninum frá Guði. Þetta var
dýrleg sjón! Borgin var fögur eins og brúður
á brúðkaupsdegi. 3 Þá heyrði ég kallað hárri
röddu frá hásætinu: „Sjá! Bústaður Guðs er
meðal mannanna. Hann mun búa hjá þeim og
þeir munu verða fólk hans – Guð mun sjálfur
vera hjá þeim. 4 Hann mun strjúka hvert tár
af augum þeirra og dauðinn mun ekki framar
verða til. Þar verður engin sorg, enginn grátur
og engin kvöl, allt slíkt er horfið og kemur
aldrei aftur.“ 5 Þá sagði sá sem í hásætinu
sat: „Sjá, ég geri alla hluti nýja!“Síðan sagði
hann við mig: „Nú skaltu skrifa, því að þessi
orð eru sönn: 6 Það er fullkomnað! Ég er Alfa
og Ómega, upphafið og endirinn. Ég gef þeim
ókeypis, sem þyrstur er, lífsins vatn. 7 Þeir sem
sigra, munu erfa blessunina og ég mun vera
Guð þeirra og þeir munu vera börnin mín. 8
Eldsdíkið sem logar af brennisteini, er staðurinn
fyrir bleyður sem snúa við mér bakinu, þá
sem eru mér ótrúir, hrakmenni, morðingja,

saurlífismenn, þá sem hafa samskipti við illu
andana, skurðgoðadýrkendur og alla þá sem
iðka lygi – þar er hinn annar dauði.“ (Limnē
Pyr g3041 g4442) 9 Þá kom einn af englunum
sjö, sem tæmt höfðu skálarnar með síðustu
sjö plágunum, og sagði við mig: „Komdu með
mér og ég skal sýna þér brúðina, eiginkonu
lambsins.“ 10 Ég sá í sýninni að hann fór með
mig upp á hátt fjall og þaðan sá ég borgina
dýrlegu, hina heilögu Jerúsalem, koma niður af
himni frá Guði. 11 Hún var full af dýrð Guðs og
glóði eins og gimsteinn. Það glampaði á hana
eins og slípaðan jaspis. 12 Múrarnir voru háir
og breiðir og tólf englar gættu hliðanna tólf,
sem á þeim voru. Nöfn hinna tólf ættkvísla
Ísraels voru rituð á hliðin. 13 Borgin hafði fjórar
hliðar og voru þrír inngangar á hverri hlið,
en hliðarnar sneru í norður, suður, austur og
vestur. 14 Múrarnir höfðu tólf undirstöðusteina
og á þá voru rituð nöfn hinna tólf postula
lambsins. 15 Engillinn hélt á mælistiku í annarri
hendinni og ætlaði að mæla hlið og veggi
borgarinnar. 16 Þegar hann hafði lokið því sá
hann að borgin var ferhyrnd, hliðarnar voru
allar jafnlangar, reyndar var hún líkust teningi
því að hæðin sem var 2.400 kílómetrar, var
jöfn lengdinni og breiddinni. 17 Síðan mældi
hann þykkt veggjanna og komst þá að því að
þeir voru 65 metrar í þvermál (engillinn kallaði
til mín þessi mál og notaði mælieiningar sem
allir þekkja). 18 Sjálf var borgin úr skíru og
gegnsæju gulli, líkustu gleri. Múrinn var úr
jaspis og byggður á tólf lögum undirstöðusteina
og var hvert þeirra um sig skreytt þessum
gimsteinum: Hið fyrsta jaspis, annað safír, þriðja
kalsedón, fjórða smaragð, fimmta sardónix,
sjötta sardis, sjöunda krýsólít, áttunda beryl,
níunda tópas, tíunda krýsópras, ellefta hýasint
og tólfta ametýst. 21 Hliðin tólf voru úr perlum
– hvert um sig úr einni perlu. Aðalgatan var úr
skíru gegnsæju gulli sem líktist gleri. 22 Musteri
sá ég ekkert í borginni, því að Drottinn Guð hinn
almáttki og lambið eru tilbeðin um alla borgina.
23 Borgin þarf hvorki á sólarljósi né tunglskini
að halda, því að dýrð Guðs og lambsins lýsa
hana upp. 24 Ljós hennar mun lýsa þjóðum
jarðarinnar og konungar jarðarinnar munu
koma og færa henni dýrð sína. 25 Hliðunum
er aldrei lokað, þau standa opin allan daginn,
því að nótt þekkist þar ekki. 26 Menn munu
færa borginni dýrð og vegsemd þjóðanna 27
og ekkert illt mun komast inn í hana – engin
illmenni eða lygarar. Þar munu þeir einir verða,
sem eiga nöfnin sín innrituð í lífsbók lambsins.

22 Síðan benti hann mér á fljót lífsvatnsins.
Það rann silfurtært frá hásæti Guðs og
lambsins 2 og niður aðalgötuna. Sitt hvoru
megin við fljótið óx lífsins tré og ber það ávöxt
tólf sinnum á ári, eina uppskeru í mánuði
hverjum, og blöðin eru notuð til lækninga fyrir
þjóðirnar. 3 Í borginni finnst ekkert illt, því að
þar er hásæti Guðs og lambsins og þjónar hans
munu tilbiðja hann. 4 Þeir munu sjá auglit hans
og nafn hans mun vera skrifað á enni þeirra. 5
Þar verður aldrei nótt og því engin þörf fyrir
lampa eða sól, því að Drottinn Guð mun lýsa
þeim og þeir munu ríkja um alla eilífð. (aiōn g165)
6 Þá sagði engillinn við mig: „Það sem ég segi nú
er áreiðanlegt og satt: „Ég kem skjótt!“Guð, sem
segir spámönnum sínum hvað framtíðin ber í
skauti, hefur sent engil sinn til að segja ykkur
að þetta muni verða innan skamms. Blessaður
er sá, sem trúir því, og öllu öðru, sem skráð er
í þessa bók.“ 8 Ég, Jóhannes, sá þetta allt og
heyrði og ég féll að fótum engilsins til þess að
tilbiðja hann, því að hann hafði opinberað mér
þetta. 9 En hann sagði aftur: „Nei, gerðu þetta
ekki. Ég er líka þjónn Jesú eins og þú og bræður
þínir, spámennirnir, og allir þeir sem varðveita
sannleikann, sem skráður er í þessa bók. Þú
skalt tilbiðja Guð, hann einan.“ 10 Síðan gaf
hann mér þessi fyrirmæli: „Innsiglaðu ekki það,
sem þú hefur skrifað, því að það mun rætast
innan skamms. 11 Þegar sá tími kemur, munu
illgjörðamenn verða önnum kafnir í illsku sinni.
Vondir menn munu versna, en góðir batna og
hinir heilögu munu helgast enn meira. 12 Sjá,
ég kem skjótt og launin hef ég með mér til að
gjalda hverjum og einum eftir verkum hans. Ég
er upphafið og endirinn, hinn fyrsti og hinn
síðasti. 13 Blessaðir eru þeir að eilífu sem þvo
skikkjur sínar. 14 Þeir komast um hliðin inn í
borgina og borða ávextina, sem vaxa á lífsins
tré. 15 Úti fyrir borginni eru þeir sem snúið
hafa baki við Guði, töframenn, saurlífismenn,
morðingjar, skurðgoðadýrkendur og allir þeir
sem elska og iðka lygi. 16 Ég, Jesús, hef sent
engil minn til ykkar, til þess að segja kirkjunni
– söfnuði trúaðra – frá öllu þessu. Ég er hvort
tveggja: Forfaðir Davíðs og afkomandi hans.
Ég er stjarnan skínandi, morgunstjarnan.“ 17

Andi Guðs og brúðurin segja: „Kom þú!“Komi
sá, sem þyrstur er! Hver sem vill, komi og
drekki lífsvatnið endurgjaldslaust. **18** Ég segi
í fyllstu alvöru við hvern þann sem les þessa
bók: Ef einhver bætir einhverju við það, sem
hér er skráð, þá mun Guð bæta við líf hans
þeim plágum sem þar er lýst. **19** Ef einhver
tekur burt einhvern af þessum spádómum, þá
mun Guð taka frá honum hlut hans í lífsins
tré og borginni helgu sem áður var lýst. **20**
Sá, sem þetta hefur sagt, segir: „Já, ég kem
skjótt!“Amen! Kom þú Drottinn Jesús! **21** Náð
Drottins Jesú Krists sé með öllum þeim sem
hann hefur helgað. Amen.



Þá sá ég, Jóhannes, borgina helgu, hina nýju Jerúsalem! Hún kom niður af himninum frá Guði. Þetta var dýrleg sjón! Borgin var fögur eins og brúður á brúðkaupsdegi. Þá heyrði ég kallað hárri röddu frá hásætinu: „Sjá! Bústaður Guðs er meðal mannanna. Hann mun búa hjá þeim og þeir munu verða fólk hans – Guð mun sjálfur vera hjá þeim.

Opinberun Jóhannesar 21:2-3

Reader's Guide

Íslenska at AionianBible.org/Readers-Guide

The Aionian Bible republishes public domain and Creative Common Bible texts that are 100% free to copy and print. The original translation is unaltered and notes are added to help your study. The notes show the location of eleven special Greek and Hebrew Aionian Glossary words to help us better understand God's love for individuals and for all mankind, and the nature of afterlife destinies.

Who has the authority to interpret the Bible and examine the underlying Hebrew and Greek words? That is a good question! We read in 1 John 2:27, *"As for you, the anointing which you received from him remains in you, and you do not need for anyone to teach you. But as his anointing teaches you concerning all things, and is true, and is no lie, and even as it taught you, you remain in him."* Every Christian is qualified to interpret the Bible! Now that does not mean we will all agree. Each of us is still growing in our understanding of the truth. However, it does mean that there is no infallible human or tradition to answer all our questions. Instead the Holy Spirit helps each of us to know the truth and grow closer to God and each other.

The Bible is a library with 66 books in the Protestant Canon. The best way to learn God's word is to read entire books. Read the book of Genesis. Read the book of John. Read the entire Bible library. Topical studies and cross-referencing can be good. However, the safest way to understand context and meaning is to read whole Bible books. Chapter and verse numbers were added for convenience in the 16th century, but unfortunately they can cause the Bible to seem like an encyclopedia. The Aionian Bible is formatted with simple verse numbering, minimal notes, and no cross-referencing in order to encourage the reading of Bible books.

Bible reading must also begin with prayer. Any Christian is qualified to interpret the Bible with God's help. However, this freedom is also a responsibility because without the Holy Spirit we cannot interpret accurately. We read in 1 Corinthians 2:13-14, *"And we speak of these things, not with words taught by human wisdom, but with those taught by the Spirit, comparing spiritual things with spiritual things. Now the natural person does not receive the things of the Spirit of God, for they are foolishness to him, and he cannot understand them, because they are spiritually discerned."* So we cannot understand in our natural self, but we can with God's help through prayer.

The Holy Spirit is the best writer and he uses literary devices such as introductions, conclusions, paragraphs, and metaphors. He also writes various genres including historical narrative, prose, and poetry. So Bible study must spiritually discern and understand literature. Pray, read, observe, interpret, and apply. Finally, *"Do your best to present yourself approved by God, a worker who does not need to be ashamed, properly handling the word of truth."* 2 Timothy 2:15. *"God has granted to us his precious and exceedingly great promises; that through these you may become partakers of the divine nature, having escaped from the corruption that is in the world by lust. Yes, and for this very cause adding on your part all diligence, in your faith supply moral excellence; and in moral excellence, knowledge; and in knowledge, self-control; and in self-control patience; and in patience godliness; and in godliness brotherly affection; and in brotherly affection, love. For if these things are yours and abound, they make you to be not idle nor unfruitful to the knowledge of our Lord Jesus Christ,"* 2 Peter 1:4-8.

Glossary

Íslenska at AionianBible.org/Glossary

The Aionian Bible un-translates and instead transliterates eleven special words to help us better understand the extent of God's love for individuals and all mankind, and the nature of afterlife destinies. The original translation is unaltered and a note is added to 64 Old Testament and 200 New Testament verses. Compare the meanings below to the Strong's Concordance and Glossary definitions.

Abyssos g12
Greek: proper noun, place
Usage: 9 times in 3 books, 6 chapters, and 9 verses
Meaning:
Temporary prison for special fallen angels such as Apollyon, the Beast, and Satan.

aïdios g126
Greek: adjective
Usage: 2 times in Romans 1:20 and Jude 6
Meaning:
Lasting, enduring forever, eternal.

aiōn g165
Greek: noun
Usage: 127 times in 22 books, 75 chapters, and 102 verses
Meaning:
A lifetime or time period with a beginning and end, an era, an age, the completion of which is beyond human perception, but known only to God the creator of the aiōns, Hebrews 1:2. Never meaning simple endless or infinite chronological time in Greek usage. Read Dr. Heleen Keizer and Ramelli and Konstan for proofs.

aiōnios g166
Greek: adjective
Usage: 71 times in 19 books, 44 chapters, and 69 verses
Meaning:
From start to finish, pertaining to the age, lifetime, entirety, complete, or even consummate. Never meaning simple endless or infinite chronological time in Koine Greek usage. Read Dr. Heleen Keizer and Ramelli and Konstan for proofs.

eleēsē g1653
Greek: verb, aorist tense, active voice, subjunctive mood, 3rd person singular
Usage: 1 time in this conjugation, Romans 11:32
Meaning:
To have pity on, to show mercy. Typically, the subjunctive mood indicates possiblity, not certainty. However, a subjunctive in a purpose clause is a resulting action as certain as the causal action. The subjunctive in a purpose clause functions as an indicative, not an optative. Thus, the grand conclusion of grace theology in Romans 11:32 must be clarified. God's mercy on all is not a possibility, but a certainty. See ntgreek.org.

Geenna g1067
Greek: proper noun, place
Usage: 12 times in 4 books, 7 chapters, and 12 verses
Meaning:
Valley of Hinnom, Jerusalem's trash dump, a place of ruin, destruction, and judgment in this life, or the next, though not eternal to Jesus' audience.

Hadēs g86
Greek: proper noun, place
Usage: 11 times in 5 books, 9 chapters, and 11 verses
Meaning:
Synonomous with Sheol, though in New Testament usage Hades is the temporal place of punishment for deceased unbelieving mankind, distinct from Paradise for deceased believers.

Limnē Pyr g3041 g4442
Greek: proper noun, place
Usage: Phrase 5 times in the New Testament
Meaning:
Lake of Fire, final punishment for those not named in the Book of Life, prepared for the Devil and his angels, Matthew 25:41.

Sheol h7585
Hebrew: proper noun, place
Usage: 66 times in 17 books, 50 chapters, and 64 verses
Meaning:
The grave or temporal afterlife world of both the righteous and unrighteous, believing and unbelieving, until the general resurrection.

Tartaroō g5020
Greek: proper noun, place
Usage: 1 time in 2 Peter 2:4
Meaning:
Temporary prison for particular fallen angels awaiting final judgment.

Glossary +

AionianBible.org/Bibles/Icelandic---Open-Living-Word/Noted

Glossary references are below. Strong's Hebrew and Greek number notes are added to 64 Old Testament and 200 New Testament verses. Questioned verse translations do not contain Aionian Glossary words and may wrongly imply *eternal* or *Hell*. * The note placement is skipped or adjusted for verses with non-standard numbering.

Abyssos

Lúkas 8:31
Rómverjabréfið 10:7
Opinberun Jóhannesar 9:1
Opinberun Jóhannesar 9:2
Opinberun Jóhannesar 9:11
Opinberun Jóhannesar 11:7
Opinberun Jóhannesar 17:8
Opinberun Jóhannesar 20:1
Opinberun Jóhannesar 20:3

aïdios

Rómverjabréfið 1:20
Júdasarbréf 1:6

aiōn

Matteus 12:32
Matteus 13:22
Matteus 13:39
Matteus 13:40
Matteus 13:49
Matteus 21:19
Matteus 24:3
Matteus 28:20
Markús 3:29
Markús 4:19
Markús 10:30
Markús 11:14
Lúkas 1:33
Lúkas 1:55
Lúkas 1:70
Lúkas 16:8
Lúkas 18:30
Lúkas 20:34
Lúkas 20:35
Jóhannes 4:14
Jóhannes 6:51
Jóhannes 6:58
Jóhannes 8:35
Jóhannes 8:51
Jóhannes 8:52
Jóhannes 9:32
Jóhannes 10:28
Jóhannes 11:26
Jóhannes 12:34
Jóhannes 13:8
Jóhannes 14:16
Postulasagan 3:21
Postulasagan 15:18
Rómverjabréfið 1:25
Rómverjabréfið 9:5
Rómverjabréfið 11:36
Rómverjabréfið 12:2
Rómverjabréfið 16:27
1 Korintubréf 1:20
1 Korintubréf 2:6
1 Korintubréf 2:7
1 Korintubréf 2:8
1 Korintubréf 3:18
1 Korintubréf 8:13
1 Korintubréf 10:11
2 Korintubréf 4:4
2 Korintubréf 9:9
2 Korintubréf 11:31
Galatabréfið 1:4
Galatabréfið 1:5
Efesusbréfið 1:21
Efesusbréfið 2:2
Efesusbréfið 2:7
Efesusbréfið 3:9
Efesusbréfið 3:11
Efesusbréfið 3:21
Efesusbréfið 6:12
Filippíbréfið 4:20
Kólossubréfið 1:26
1 Tímóteusarbréf 1:17
1 Tímóteusarbréf 6:17
2 Tímóteusarbréf 4:10
2 Tímóteusarbréf 4:18
Títusarbréfið 2:12
Hebreabréfið 1:2
Hebreabréfið 1:8
Hebreabréfið 5:6
Hebreabréfið 6:5
Hebreabréfið 6:20
Hebreabréfið 7:17
Hebreabréfið 7:21
Hebreabréfið 7:24
Hebreabréfið 7:28
Hebreabréfið 9:26
Hebreabréfið 11:3
Hebreabréfið 13:8
Hebreabréfið 13:21
1 Pétursbréf 1:23
1 Pétursbréf 1:25
1 Pétursbréf 4:11
1 Pétursbréf 5:11
2 Pétursbréf 3:18
1 Jóhannesarbréf 2:17
2 Jóhannesarbréf 1:2
Júdasarbréf 1:13
Júdasarbréf 1:25
Opinberun Jóhannesar 1:6
Opinberun Jóhannesar 1:18
Opinberun Jóhannesar 4:9
Opinberun Jóhannesar 4:10
Opinberun Jóhannesar 5:13
Opinberun Jóhannesar 7:12
Opinberun Jóhannesar 10:6
Opinberun Jóhannesar 11:15
Opinberun Jóhannesar 14:11
Opinberun Jóhannesar 15:7
Opinberun Jóhannesar 19:3
Opinberun Jóhannesar 20:10
Opinberun Jóhannesar 22:5

aiōnios

Matteus 18:8
Matteus 19:16
Matteus 19:29
Matteus 25:41
Matteus 25:46
Markús 3:29
Markús 10:17
Markús 10:30
Lúkas 10:25
Lúkas 16:9
Lúkas 18:18
Lúkas 18:30
Jóhannes 3:15
Jóhannes 3:16
Jóhannes 3:36
Jóhannes 4:14
Jóhannes 4:36
Jóhannes 5:24
Jóhannes 5:39
Jóhannes 6:27
Jóhannes 6:40
Jóhannes 6:47
Jóhannes 6:54
Jóhannes 6:68

Jóhannes 10:28
Jóhannes 12:25
Jóhannes 12:50
Jóhannes 17:2
Jóhannes 17:3
Postulasagan 13:46
Postulasagan 13:48
Rómverjabréfið 2:7
Rómverjabréfið 5:21
Rómverjabréfið 6:22
Rómverjabréfið 6:23
Rómverjabréfið 16:25
Rómverjabréfið 16:26
2 Korintubréf 4:17
2 Korintubréf 4:18
2 Korintubréf 5:1
Galatabréfið 6:8
2 Þessaloníkubréf 1:9
2 Þessaloníkubréf 2:16
1 Tímóteusarbréf 1:16
1 Tímóteusarbréf 6:12
1 Tímóteusarbréf 6:16
2 Tímóteusarbréf 1:9
2 Tímóteusarbréf 2:10
Títusarbréfið 1:2
Títusarbréfið 3:7
Fílemonsbréfið 1:15
Hebreabréfið 5:9
Hebreabréfið 6:2
Hebreabréfið 9:12
Hebreabréfið 9:14
Hebreabréfið 9:15
Hebreabréfið 13:20
1 Pétursbréf 5:10
2 Pétursbréf 1:11
1 Jóhannesarbréf 1:2
1 Jóhannesarbréf 2:25
1 Jóhannesarbréf 3:15
1 Jóhannesarbréf 5:11
1 Jóhannesarbréf 5:13
1 Jóhannesarbréf 5:20
Júdasarbréf 1:7
Júdasarbréf 1:21
Opinberun Jóhannesar 14:6

eleēsē

Rómverjabréfið 11:32

Geenna

Matteus 5:22
Matteus 5:29
Matteus 5:30
Matteus 10:28
Matteus 18:9
Matteus 23:15
Matteus 23:33
Markús 9:43
Markús 9:45
Markús 9:47
Lúkas 12:5
Jakobsbréf 3:6

Hadēs

Matteus 11:23
Matteus 16:18
Lúkas 10:15
Lúkas 16:23
Postulasagan 2:27
Postulasagan 2:31
1 Korintubréf 15:55
Opinberun Jóhannesar 1:18
Opinberun Jóhannesar 6:8
Opinberun Jóhannesar 20:13
Opinberun Jóhannesar 20:14

Limnē Pyr

Opinberun Jóhannesar 19:20
Opinberun Jóhannesar 20:10
Opinberun Jóhannesar 20:14
Opinberun Jóhannesar 20:15
Opinberun Jóhannesar 21:8

Sheol

Genesis 37:35
Genesis 42:38
Genesis 44:29
Genesis 44:31
Numbers 16:30
Numbers 16:33
Deuteronomy 32:22
1 Samuel 2:6
2 Samuel 22:6
1 Kings 2:6
1 Kings 2:9
Job 7:9
Job 11:8
Job 14:13
Job 17:13
Job 17:16
Job 21:13
Job 24:19
Job 26:6
Sálmarnir 6:5
Sálmarnir 9:17
Sálmarnir 16:10
Sálmarnir 18:5
Sálmarnir 30:3
Sálmarnir 31:17
Sálmarnir 49:14
Sálmarnir 49:15
Sálmarnir 55:15
Sálmarnir 86:13
Sálmarnir 88:3
Sálmarnir 89:48
Sálmarnir 116:3
Sálmarnir 139:8
Sálmarnir 141:7
Proverbs 1:12
Proverbs 5:5
Proverbs 7:27
Proverbs 9:18
Proverbs 15:11
Proverbs 15:24
Proverbs 23:14
Proverbs 27:20
Proverbs 30:16
Ecclesiastes 9:10
Song of Solomon 8:6
Isaiah 5:14
Isaiah 7:11
Isaiah 14:9
Isaiah 14:11
Isaiah 14:15
Isaiah 28:15
Isaiah 28:18
Isaiah 38:10
Isaiah 38:18
Isaiah 57:9
Ezekiel 31:15
Ezekiel 31:16
Ezekiel 31:17
Ezekiel 32:21
Ezekiel 32:27
Hosea 13:14
Amos 9:2
Jonah 2:2
Habakkuk 2:5

Tartaroō

2 Pétursbréf 2:4

Questioned

Sálmarnir 55:23
Sálmarnir 63:9
2 Pétursbréf 2:17



Abraham treysti Guði. Þegar Guð sagði honum að yfirgefa heimili sitt og fara til fjarlægs lands, sem hann ætlaði að gefa honum, þá hlýddi Abraham og lagði af stað án þess einu sinni að vita hvert leiðin lá. - Hebreabréfið 11:8



"When Pharaoh had let the people go, God didn't lead them by the way of the land of the Philistines, although that was near; for God said, 'Lest perhaps the people change their minds when they see war, and they return to Egypt'" Exodus 13:17



Ég, Kristur, kom ekki hingað til að láta þjóna mér, heldur til að þjóna öðrum, og gefa líf mitt sem lausnargjald fyrir marga. - Markús 10:45

Kæru vinir í Róm. Þetta bréf er frá mér, Páli, þjóni Jesú Krists. Guð hefur kallað mig til að boða trú og sent mig til að flytja gleðiboðskap Guðs. - Rómverjabréfið 1:1

Creation 4004 B.C.

Adam and Eve created	4004
Tubal-cain forges metal	3300
Enoch walks with God	3017
Methuselah dies at age 969	2349
God floods the Earth	2349
Tower of Babel thwarted	2247
Abraham sojourns to Canaan	1922
Jacob moves to Egypt	1706
Moses leads Exodus from Egypt	1491
Gideon judges Israel	1245
Ruth embraces the God of Israel	1168
David installed as King	1055
King Solomon builds the Temple	1018
Elijah defeats Baal's prophets	896
Jonah preaches to Nineveh	800
Assyrians conquer Israelites	721
King Josiah reforms Judah	630
Babylonians capture Judah	605
Persians conquer Babylonians	539
Cyrus frees Jews, rebuilds Temple	537
Nehemiah rebuilds the wall	454
Malachi prophecies the Messiah	416
Greeks conquer Persians	331
Seleucids conquer Greeks	312
Hebrew Bible translated to Greek	250
Maccabees defeat Seleucids	165
Romans subject Judea	63
Herod the Great rules Judea	37

(The Annals of the World, James Uusher)

Jesus Christ born 4 B.C.

New Heavens and Earth

	Christ returns for his people
1956	Jim Elliot martyrd in Ecuador
1830	John Williams reaches Polynesia
1731	Zinzendorf leads Moravian mission
1614	Japanese kill 40,000 Christians
1572	Jesuits reach Mexico
1517	Martin Luther leads Reformation
1455	Gutenberg prints first Bible
1323	Franciscans reach Sumatra
1276	Ramon Llull trains missionaries
1100	Crusades tarnish the church
1054	The Great Schism
997	Adalbert marytyrd in Prussia
864	Bulgarian Prince Boris converts
716	Boniface reaches Germany
635	Alopen reaches China
569	Longinus reaches Alodia / Sudan
432	Saint Patrick reaches Ireland
397	Carthage ratifies Bible Canon
341	Ulfilas reaches Goth / Romania
325	Niceae proclaims God is Trinity
250	Denis reaches Paris, France
197	Tertullian writes Christian literature
70	Titus destroys the Jewish Temple
61	Paul imprisoned in Rome, Italy
52	Thomas reaches Malabar, India
39	Peter reaches Gentile Cornelius
33	Holy Spirit empowers the Church

(Wikipedia, Timeline of Christian missions)

Resurrected 33 A.D.

What are we?			Genesis 1:26 - 2:3	
How are we sinful?			Romans 5:12-19	
Where are we?			Innocence	
			Eternity Past	Creation 4004 B.C.
Who are we?	God	Father	John 10:30 God's perfect fellowship	Genesis 1:31 God's perfect fellowship with Adam in The Garden of Eden
		Son		
		Holy Spirit		
	Mankind	Living	Genesis 1:1 No Creation No people	
		Deceased believing		
		Deceased unbelieving		
	Angels	Holy		Genesis 1:31 No Fall No unholy Angels
		Imprisoned		
		Fugitive		
		First Beast		
		False Prophet		
		Satan		
Why are we?			Romans 11:25-36, Ephesian 2:7	

Mankind is created in God's image, male and female He created us

Sin entered the world through Adam and then death through sin

When are we?

<table>
<tr><td colspan="4">Fallen</td><td>Glory</td></tr>
<tr><td>Fall to sin
No Law</td><td>Moses' Law
1500 B.C.</td><td>Christ
33 A.D.</td><td>Church Age
Kingdom Age</td><td>New Heavens
and Earth</td></tr>
<tr><td colspan="4">1 Timothy 6:16
Living in unapproachable light</td><td rowspan="7">Acts 3:21
Philippians 2:11
Revelation 20:3

God's perfectly restored fellowship with all Mankind praising Christ as Lord in the Holy City</td></tr>
<tr><td colspan="2">John 8:58
Pre-incarnate</td><td>John 1:14
Incarnate</td><td>Luke 23:43
Paradise</td></tr>
<tr><td colspan="2">Psalm 139:7
Everywhere</td><td colspan="2">John 14:17
Living in believers</td></tr>
<tr><td colspan="4">Ephesians 2:1-5
Serving the Savior or Satan on Earth</td></tr>
<tr><td colspan="4">Luke 16:22
Blessed in Paradise</td></tr>
<tr><td colspan="4">Luke 16:23, Revelation 20:5,13
Punished in Hades until the final judgment</td></tr>
<tr><td colspan="4">Hebrews 1:14
Serving mankind at God's command</td></tr>
<tr><td colspan="4">2 Peter 2:4, Jude 6
Imprisoned in Tartarus</td><td rowspan="4">Matthew 25:41
Revelation 20:10

Lake of Fire prepared for the Devil and his Angels</td></tr>
<tr><td rowspan="3" colspan="3">1 Peter 5:8, Revelation 12:10

Rebelling against Christ
Accusing mankind</td><td>Revelation 20:13
Thalaasa</td></tr>
<tr><td>Revelation 19:20
Lake of Fire</td></tr>
<tr><td>Revelation 20:2
Abyss</td></tr>
</table>

For God has bound all over to disobedience in order to show mercy to all

Destiny

Íslenska at AionianBible.org/Destiny

The Aionian Bible shows the location of eleven special Greek and Hebrew Aionian Glossary words to help us better understand God's love for individuals and for all mankind, and the nature of after-life destinies. The underlying Hebrew and Greek words typically translated as *Hell* show us that there are not just two after-life destinies, Heaven or Hell. Instead, there are a number of different locations, each with different purposes, different durations, and different inhabitants. Locations include 1) Old Testament *Sheol* and New Testament *Hadēs*, 2) *Geenna*, 3) *Tartaroō*, 4) *Abyssos*, 5) *Limnē Pyr*, 6) *Paradise*, 7) *The New Heaven*, and 8) *The New Earth*. So there is reason to review our conclusions about the destinies of redeemed mankind and fallen angels.

The key observation is that fallen angels will be present at the final judgment, 2 Peter 2:4 and Jude 6. Traditionally, we understand the separation of the Sheep and the Goats at the final judgment to divide believing from unbelieving mankind, Matthew 25:31-46 and Revelation 20:11-15. However, the presence of fallen angels alternatively suggests that Jesus is separating redeemed mankind from the fallen angels. We do know that Jesus is the helper of mankind and not the helper of the Devil, Hebrews 2. We also know that Jesus has atoned for the sins of all mankind, both believer and unbeliever alike, 1 John 2:1-2. Deceased believers are rewarded in Paradise, Luke 23:43, while unbelievers are punished in Hades as the story of Lazarus makes plain, Luke 16:19-31. Yet less commonly known, the punishment of this selfish man and all unbelievers is before the final judgment, is temporal, and is punctuated when Hades is evacuated, Revelation 20:13. So is there hope beyond Hades for unbelieving mankind? Jesus promised, *"the gates of Hades will not prevail,"* Matthew 16:18. Paul asks, *"Hades where is your victory?"* 1 Corinthians 15:55. John wrote, *"Hades gives up,"* Revelation 20:13.

Jesus comforts us saying, *"Do not be afraid,"* because he holds the keys to *unlock* death and Hades, Revelation 1:18. Yet too often our *Good News* sounds like a warning to *"be afraid"* because Jesus holds the keys to *lock* Hades! Wow, we have it backwards! Hades will be evacuated! And to guarrantee hope, once emptied, Hades is thrown into the Lake of Fire, never needed again, Revelation 20:14.

Finally, we read that anyone whose name is not written in the Book of Life is thrown into the Lake of Fire, the second death, with no exit ever mentioned or promised, Revelation 21:1-8. So are those evacuated from Hades then, *"out of the frying pan, into the fire?"* Certainly, the Lake of Fire is the destiny of the Goats. But, do not be afraid. Instead, read the Bible's explicit mention of the purpose of the Lake of Fire and the identity of the Goats, *"Then he will say also to those on the left hand, 'Depart from me, you cursed, into the consummate fire which is prepared for... the devil and his angels,'"* Matthew 25:41. Bad news for the Devil. Good news for all mankind!

Faith is not a pen to write your own name in the Book of Life. Instead, faith is the glasses to see that the love of Christ for all mankind has already written our names in Heaven. *"If the first fruit is holy, so is the lump,"* Romans 11:16. Though unbelievers will suffer regrettable punishment in Hades, redeemed mankind will never enter the Lake of Fire, prepared for the devil and his angels. And as God promised, all mankind will worship Christ together forever, Philippians 2:9-11.



Farið því og gerið allar þjóðir að mínum lærisveinum. - Matteus 28:19